

# Kynning

## á heildarkröfum

vegna þjóðlendumála á svæði 11:

*Austfirðir*

**KYNNING 15. NÓVEMBER 2022 – 15. DESEMBER 2022**

FRESTUR TIL ATHUGASEMDA ER TIL

22. DESEMBER 2022



## Þjóðlendumál á svæði 11 – kynning á heildarkröfum

Hér eru kynntar kröfur og athugasemdir sem óbyggðanefnd hafa borist vegna þjóðlendumála á Austfjörðum en þeir eru við málsmeðferð nefndarinnar auðkenndar sem svæði 11. Kynningin fer fram skv. 12. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, en samkvæmt henni ber óbyggðanefnd að gera yfirlit yfir lýstar kröfur á því svæði sem til meðferðar er og kynna þær í a.m.k. einn mánuð. Frestur til athugasemda er síðan sjö dagar frá lokum kynningartímabilsins.

**Kynning þessi á heildarkröfum stendur yfir 15. nóvember 2022 – 15. desember 2022. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, í síðasta lagi 22. desember 2022. Netfang nefndarinnar er [postur@obyggdaneftnd.is](mailto:postur@obyggdaneftnd.is).**

Forsaga málsins er sú að með bréfi dags. 20. apríl 2021 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt að svæði 11 hefði verið tekið til meðferðar og veittur frestur til 8. október 2021 til að lýsa kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendum þar. Fresturinn var síðan framlengdur nokkrum sinnum, síðast til 25. janúar 2022. Þann dag bárust svo kröfur ríkisins sem ná til 25 skilgreindra svæða. Kröfulýsingin og kröfulínukort voru birt á vefsíðu óbyggðanefndar 26. janúar 2022. Í kjölfarið voru kröfur íslenska ríkisins kynntar með lögformlegum hætti, þ.e. bæði í Lögbirtinga- blaði og með auglýsingum í fjölmiðlum. Einnig var sýslumanninum á Austurlandi og sveitarfélögum á svæði 11, Múlaþingi og Fjarðabyggð, tilkynnt um þjóðlendumkröfur ríkisins og kröfulýsingarfrest gagnaðila. Kynningargögn voru aðgengileg á öllum skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi, auk skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar. Að auki voru gögnin send sveitarfélögum á svæðinu með beiðni um að gera þau aðgengileg. Enn fremur var fréttatilkynning send út um þjóðlendumkröfur ríkisins, kröfulýsingarfrest annarra og hvar kynningargögn væru tiltæk. Samhliða kynningunni var öðrum mögulegum hagsmunaaðilum veittur frestur til að skila kröfulýsingum, fyrst til 6. maí 2022 en fresturinn var tvisvar framlengdur, síðast til 20. júní 2022. Innan þess frests bárust síðan 32 kröfulýsingar, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis, og eitt erindi í viðbót.

Rannsókn óbyggðanefndar á málunum stendur yfir en hún felur m.a. í sér ítarlega og kerfisbundna gagnaöflun um svæðin í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands en skv. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 ber óbyggðanefnd að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem til meðferðar eru og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Einnig eru vettvangsferð og svonefnd aðalmeðferð mikilvægir liðir í málsmeðferðinni. Það felur í sér að farið er á vettvang undir leiðsögn heimamanna, aðilar og vitni gefa skýrslur og málin eru flutt munnlega. Leiði rannsókn óbyggðanefndar í ljós að einhver kunnir að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu verður viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðisins mun óbyggðanefnd síðan úrskurða um fram komnar kröfur. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu óbyggðanefndar og á vefsíðu hennar: [obyggdaneftnd.is](http://obyggdaneftnd.is).

## EFNISYFIRLIT

### 1) Útmannasveit, Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður

Njarðvík .....	3
Hrafnabjörg í Útmannasveit .....	11
Bórsnes í Útmannasveit .....	19
Sandbrekka í Útmannasveit .....	27
Hólaland og Hólalandshjáleiga í Borgarfirði .....	35
Hvannstóð í Borgarfirði .....	41
Gilsárvellir og Grund í Borgarfirði .....	45
Desjarmýri í Borgarfirði .....	49
Brúnavík og Hvalvík .....	57
Húsavíkurtorfa v. Herjólfsvíkur .....	65
Ytri-Álftavík .....	71
Nes og Neshjáleiga í Loðmundarfirði .....	77

### 2) Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals

Hátúnatorfa á Völlum (Tunhagi, Arnkelsgerði, Ásgarður, Grófargerði) .....	87
Gíslastaðir og Gíslastaðagerði á Völlum .....	93
Áreyjar í Reyðarfirði .....	101
Fjörður í Mjóafirði .....	105
Fannardalur í Norðfirði .....	111
Tandrastaðir í Norðfirði .....	119
Skorrastaður í Norðfirði .....	125

### 3) Gilsárdalsafrétt og sunnanverður Skriðdalshreppur

Geitdalsafrétt .....	135
Ódáðavötn .....	143
Vatnsskógar í Skriðdal .....	147
Berufjörður .....	161
Eyjólfsstaðir og Víðines í Berufirði .....	169
Eiríksstaðir í Berufirði .....	177

### 4) Ljósárland

Höskuldsstaðasel í Breiðdal .....	187
-----------------------------------	-----

### 5) Landsvæði inn af Hamarsfirði og Álftafirði

Hamar í Hamarsfirði .....	197
Bragðavellir í Hamarsfirði .....	203
Geithellnar, Virkishólasel og Kambssel og Blábjörg v. Geithellnadal .....	211
Múli í Álftafirði .....	219
Hof í Álftafirði .....	227
Markúsarsel og Tunguhlíð í Álftafirði .....	237
Flugustaðir í Álftafirði .....	245

### 6) Kröfúlýsing fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins ásamt skjalaskrá .....

253

*Fylgiskjöl með kröfúlýsingum fást hjá skrifstofu óbyggðanefndar*

**Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins ásamt skjalaskrá:**

- [https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11\\_riki-krofulysing.pdf](https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11_riki-krofulysing.pdf)

**Fjögur kort með kröfulínum allra málsaðila ásamt yfirlitskorti**

- Kort 1: [https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11\\_kort1\\_krofulinur.pdf](https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11_kort1_krofulinur.pdf)
- Kort 2: [https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11\\_kort2\\_krofulinur.pdf](https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11_kort2_krofulinur.pdf)
- Kort 3: [https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11\\_kort3\\_krofulinur.pdf](https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11_kort3_krofulinur.pdf)
- Kort 4: [https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11\\_kort4\\_krofulinur.pdf](https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11_kort4_krofulinur.pdf)
- Yfirlitskort: [https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11\\_yfirlitskort\\_heildarkrofur](https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/11_yfirlitskort_heildarkrofur)

— 1 —

*Útmanasveit, Borgarfjörður,  
Víkur og Loðmundarfjörður*



## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar

### vegna Njarðvíkur

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

#### I. Aðild og fyrirsvar

Aðild tekur mið af því að óskipt land Njarðvíkur tilheyrir þremur jörðum:

Njarðvík I, landnr. L157262, þinglýstur eigandi er Fuglaverndarfélag Íslands, kt. 500770-0159.

Borg (Njarðvík II), landnr. L157228, þinglýstir eigendur eru Jakob Sigurðsson, kt. 020859-4749, og Margrét I Benediksdóttir, kt. 011163-2119.

Njarðvík III, landnr. L220999, þinglýstur eigandi er Múlaþing, kt. 660220-1350.

Fyrirsvar fyrir Óbyggðanefnd í málinu hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 1. , 9. og 22. mars 2022.

#### II. Kröfugerð

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda hnitpunkta.

Milli Njarðvíkur og Snotruness: Úr Bölmóðshlein (1) beint upp á fjall (2) og inn eftir vörpum.

Milli Njarðvíkur og Geitavíkur: Eftir vörpum þaðan sem Nesland þrýtur (3).

Milli Njarðvíkur og Bakka: Þaðan sem Geitavíkurland þrýtur (4) inn eftir vörpum og eggjum inn undir Dyrfjöll (5) og inn á Mjóadalssvarp (6). Af Mjóadalssvarpi út eggjar norðan megin víkurinnar (7) þangað til Óssland tekur við.

Milli Óss og Njarðvíkur: Þaðan sem Hrafnabjargalandi sleppir (8) út vörp og eggjar út á Gönguskarðssvarp (9), þaðan út Smátindafjall (10), á Grasdalssvarp (11), þaðan út eggjar norðanmegin dalsins (12) og fram á tanga (13) þann sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan.

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign, komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

#### III. Málavextir og helstu málsástæður

##### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á gildandi landamerkjalyýsingu Njarðvíkur dags. 8. janúar 1922, sem þinglesin var á Borgarfjarðarmantalsþingi 17. júlí 1923.

Landamerkjalyýsingin er nær samhljóða landamerkjalyýsingu Njarðvíkur, dags. 1. júlí 1885, sem þinglýst var á Desjamýrarmantalsþingi 14. ágúst 1885.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## **2. Þættir úr sögu jarðarinnar**

### **2.1. Landnám**

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Þorkell fullspakur nam Njarðvík og þjó þar. Virðist landnámið skýrt miðað við landfræðilegar aðstæður og það tekið til allrar vökurinnar.

### **2.2. Heimildir fram til 1700**

Kirkju í Njarðvík er getið í kirknatali frá því um 1200 og líklegt að hún hafi verið byggð á 11. öld eins og margar sóknarkirkjur.<sup>1</sup> Kirkjan var bændakirkja og átti hvorki mikið af hlunnindum né jörðum. Samkvæmt Vilchinsmáldaga, 1397, átti kirkjan hlut í heimalandi.

Máldagar fyrir kirkjuna eru m.a. til frá 1491-1518, 1560 og 1590 og þá gerð grein fyrir að kirkjan eigi hlut í heimalandi. Í máldaga 1560 er m.a. gerð grein fyrir að kirkjan eigi fjórðung í hvalreka í Gripdeild. Með vísan til landamerkja við Unaós er Gripdeild rekasandur nærri núverandi landamerkjum Njarðvíkur og Unaóss. Kirkjan hafi fengið ítak í landi Unaóss, en Unaós var kirkjufjörð Vallaneskirkju, sem einnig átti fjórðung í hvalreka á Gripdeild.

Vitnisburður frá 1. apríl 1530, er til um Njarðvík, þar sem sérstaklega er fjallað um mörk jarðarinnar. Þar er vísað til lands jarðarinnar milli fjalls og fjöru og jafnframt marka norðan frá Gripdeild suður að Bölmóð og að landeign sé svo „við sem vatnsföll deilast að Njarðvík“. Nefnd merki við sjó hafa beinan samhljóð við landamerkjabréf jarðarinnar, sem og lýsing annars lands jarðarinnar.

Þá er getið fleiri bréfa um Njarðvík í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld.

### **2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.**

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, er Njarðvík tilgreind að helmingshluta í eigu kirkju og að hluta bændaegn.

Í jarðamati 1804 er Njarðvík sögð 40 hundruð. Helmingur er kirkjueign.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 er Njarðvík tilgreind 40 hundruð, hálf Njarðvíkurkirkjueign og hálf bændaegn. Desjamýrarprestur hafði tekjur af Njarðvíkurkirkjueign, sbr. Brauðamat Desjamýrar frá 1854.

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1861, var Njarðvík tilgreind 40 hundruð og 88,9 ný hundruð.

### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalag 1882**

Lögfesta, dags. 26. september 1793, fyrir Njarðvík hefur verið lesin upp á Desjamýrarmantalsþingi 17. maí 1794, sbr. 7. lið mantalsþingbókar N-Múl frá þeim tíma.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. 1998. Bls. 22-23.

<sup>2</sup> Lögfestunnar er ekki getið í minnisblaði Þjóðskjalasafns, dags. 19. janúar 2022.



Lögfesta fyrir Njarðvík hefur verið lesin upp á Desjarmýrarmantalsþingi 7. júní 1833, sbr. 4. lið mantalsþingbókar N-Múl frá þeim tíma.<sup>3</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar til Guttorms Þorsteinssonar prófast frá 24. nóvember 1840 er fjallað um ágreining milli Njarðvíkur og Unaóss um hvorri jörðinni Grasdalur tilheyrir. Í vitnisburði Björns Ólafssonar frá 8. maí 1841 segir að Grasdalur hafi verið afrétt Njarðvíkinga en um síðustu 30 ár hafi ábúendur á Ósi nýtt dalinn.<sup>4</sup>

Í vitnisburði dags. 10. júlí 1841, segir: *Jeg undirskrifaður gef bönadnum Mr. Sigurði Jónssyni svolátandi vitnisburð að ég hef aldrei heyrt annað enn Grasdalur tilheyrir Njarðvík hvör að hefur verið gömul nautaafrétt Njarðvíkinga frá tíð Sigurðar Magnússonar og bróður hans Hávarðsar alt til Gísla Halldórssonar hvör einnig hafði nefndan dal fyrir nautaafrétt í mínu minni og dyrfðist einginn téðan dal að brúka utan Njarðvíkur fegnaður svo jeg hafi heyrt um getið en rekamörk Njarðvíkur heyðir jeg föður minn sæla seigja að þau væri frá Gripdeild og suður í Bölmóð og þar til merkis vissi ég aldrei í 9iu ár sem ég var á Nesi að tekin væri ein spíta fyrir norðan Aðgerðarhvam, hvöriu til merkiðs er mín undirskrifað nafn að Ketilsstöðum þann 10. júlí 1841 Björn Sigurðsson.<sup>5</sup>*

Umræddur Grasdalur liggur út á nesinu milli Héraðsflóa og Njarðvíkur. Vatnsfallið úr honum nefnist Afréttará og fellur í sjó þó nokkuð fyrir innan landamerki Njarðvíkur við Unaóss. Grasdalsheitið á við um svæðið ofan klettabelta.

Lögfesta var lesin fyrir Njarðvíkurlandi, sem var gagnstæð lögfestu fyrir Óslandi, á mantalsþingi á Desjarmýri 23. júní 1843.<sup>6</sup>

Við mantalsþing að Hjaltastað 11. júní 1846 og Desjarmýri 20. júlí 1846, var þinglesin lögfesta fyrir Njarðvík, dags. 21. apríl 1846. Í lögfestunni kemur m.a. fram lýsing lands:

*Land og reka, norðan frá Gripdeild og suður að Bölmóð beint upp á Varp á Neshálsi, þaðan inneptir Suður vörpum, inná Mjóadalsvarp, og svo þaðan eptri Vörpum á adalfjallgarðindum, að innluktum til Njarðvíkur þeim öxlum og hnúkum, sem frá adalfjallgarðinum liggja innad Njarðvík, með svo beinni línu, sem fjallgarðurinn gefur tilefni til, bak við alla dali, allt út á svonefndan fjallaenda, sem er yfir Olafssandi og nyrsta takmark er Njarðvíkurreka. Einnig lögfestum við Gripdeildarreka sem skjállega er okkar eign, líka Hafnarhólma í Borgarfirði, með öllum gögnum og gæðum....*

Hinn 11. mars 1884 fór fram sáttafundur á Desjarmýri hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis vegna ágreinings um landamerki milli Njarðvíkur annars vegar og Unaóss hins vegar. Sjónarmið Vallanesprests var að merkin lægju „eptir öllum vörpum út á svokallað Skjaldárþjall ytra enda fyrir austan Grasdal, að þau megi haldast eins og verið hefur“. Njarðvíkingar töldu merkin hins vegar vera „eptir vörpum fyrir norðan allan Grasdal og þaðan til sjáfar á milli Ólafssands að sunnan og Gripdeildar að norðan“. Lögð voru fram skilríki og vitnisburðir sem eignuðu Njarðvík allan Grasdalinn.

<sup>3</sup> Lögfestunnar er ekki getið í minnisblaði Þjóðskjalasafns, dags. 19. janúar 2022.

<sup>4</sup> Minnisblað Þjóðskjalasafns, 19. janúar 2022, bls. 7-8.

<sup>5</sup> Sjá skjal af héraðsskjalasafni sem er að rekja til varðveislu á Höfn í Borgarfirði.

<sup>6</sup> N-Múl. GA/4-1 (1842-1854) Bls. 20.

Ef litið er til heimilda um landamerki jarðanna við sjó þar sem vísað er til Gripdeildar (og heimildir frá því aftur til a.m.k. 1530) virðast niðurstaðan og eldri heimildir rökréttar, um að Grasdalur væri hluti Njarðvíkur.

Í sóknarlýsingu Desjamýrarsóknar 1839 er fjallað um takmörk Desjamýrarprestakalls. Þar er stutt lýsing og vísað til þess að fjallgarðurinn sem skipti nefnist Ósfjöll að norðan en Njarðvíkurfjöll að sunnan.

Í lýsingu á fjöllum og heiðum eru taldir upp hálfdalir þeir sem upp af Njarðvík liggja og Grasdalur nefndur þ. á m. Í umfjöllun um dali er Grasdalur nefndur sem þrætuland milli Njarðvíkur og Óss. Nefnt er að Njarðvíkurkirkja hafi gert tilkall til dalsins í 300 ár eða lengur.

### **2.5. Landamerkjabréf**

Landamerkjabréf var gert fyrir Njarðvík kjölfar setningar landamerkjalaga á árinu 1882. Bréfið er dags. 17. júlí 1885, þinglýst á Desjamýrarmannatalsþingi 14. ágúst 1885.

Annað landamerkjabréf var gert í kjölfar gildistöku landamerkjalaga nr. 41/1919. Bréfið er dags. 10. desember 1921, sem þinglesið var á Borgarfjarðarmannatalsþingi 16. júlí 1923. Landmerkjalýsingarnar eru samsvarandi eldri lýsingum.

### **2.6. Landskipti**

Í Njarðvík hefur verið margbýlt um aldir. Ábúð hefur byggt á eignarhlutum í Njarðvík, sem hefur verið nokkuð margskipt. Í upphafi 20. aldar voru 5 býli í Njarðvík og gerð grein fyrir eignarhaldi og ábúð hvers í fasteignamatsgögnum frá 1916. Á 20. öld urðu breytingar á eignhaldi á þessum jarðarhlutum sem leiddu til þeirra eignarhlutfalla sem nú eru á milli Njarðvíkurjarðanna.

Formleg landskipti milli jarða í Njarðvík voru gerð um miðja 20. öld og hafa einkum varðað ræktunarland. Hnitsett afmörkun séreignarlands var gerð á árinu 2012. Á árinu 2020 voru gerð landskipti milli Njarðvíkur I og Borgar, sem fólu í sér að skipt var á ræktarlandi í Njarðvík (sem var hluti séreignarlands Njarðvíkur I) og eignarhlutar Borgar (Njarðvíkur II) í Hafnarhólma. Áður hafði gilt í áratugi leigusamningur um sömu eignir milli aðilanna. Þá hefur verið stofnuð sérstök fasteign úr 22 ha hluta af séreignarlandi Njarðvíkur I, sem ber heitið Hvanngilsmóar, landnr. L226859, og liggur á skógræktarsvæði fyrir utan Innra Hvanngil.

## **3. Lagasjónarmið**

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru ætlað þjóðlendusvæði innan landamerkja Njarðvíkur. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendu, í kafla 5.2 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og í kafla 6 er fjallað um dóma í málum vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Í kröfulýsingu er umþrætt svæði nefnt Ósafréttur og Grasdalur. Land í innri hluta Njarðvíkur og þar upp af hefur enga tengingu við örnefnið Ósafrétt. Örnefnið vísar einungis til hluta lands Unaóss. Þá er Grasdalur í raun aðeins lítið svæði, sem ljóst er að landamerkjapræta stóð um milli Vallaneskirkjuprests (sem eiganda Unaóss) og eigenda Njarðvíkur, á 19. öld.

Samkvæmt kafla 7.1 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé land Njarðvíkur,

- annars vegar svæðið Grasdalur og landið upp af ströndinni frá Brimnesi að tanganum sem skilur að Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan,
- hins vegar allur innri hluti Njarðvíkur, þ.e. land fyrir innan Innri Hvannagilsá og Seldalsá,

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi Njarðvík sé sérstaklega skýr. Landnám Njarðvíkur felur í sér afdráttarlausa afmörkun á landnámi innan fjallahrings sem er svo til allur bersýnilegur af láglandi.

Lýsingar allra skjala sem fyrir liggja ber að sama bruni að um eignarland Njarðvíkur sé að ræða. Í þeim endurspeglast í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi, þar sem merki miðast jafnan við vatnaskil. Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarrand sem þær hafa þurft og engar heimildir um samnotaafrétti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttar hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Njarðvíkur hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>7</sup> að afréttur sé beitarréttur en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitarrand að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.

Svæði sem nefnist Grasdalur liggur ofan bratrar hlíðar, en svonefnd Afréttará fellur úr dalnum. Lýsir það þeirri stöðu að Njarðvíkingar ráku geldfé með ströndinni, t.d. fráfærulömb, í land Njarðvíkur fyrir utan ána, þannig að aðheldi fékkst og búpeningur gat ekki runnið til baka. Grasdalurinn ofan hlíðar varð tilefni landamerkjadeilna, en virðist það geta skýrst af því að svæðið er að hluta aðgengilegra frá Unaósi en Njarðvík, þótt það liggja upp af landi Njarðvíkur meðfram ströndinni. Þetta endurspeglast í þeim framburði Björns Ólafssonar, frá 8. maí 1841 um að Grasdalur hafi verið afrétt Njarðvíkinga en að ábúendur á Unaósi hafi nýtt dalinn á síðustu 30 árum. Grasdalur er mjög grasgefinn og þar var jafnvel stundaður heyskapur.<sup>8</sup>

Ekki eru til sérstök örnefni sem vísa til innri hluta Njarðvíkur sem Njarðvíkurafréttar. Svæðið hefur verið notað sem beitiland en jafnframt til hvers kyns annarra mögulegra nota, enda liggur þjóðlendulínan um botn dalsins í um 40-50 m.y.s.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlenduakrafa á annað borð.

<sup>7</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>8</sup> Sveitir og jarðir í Múlapingi II. bls. 368.

Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður Óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>9</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>10</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt<sup>11</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Njarðvíkur falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki Njarðvíkur.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem eru og hafa alla tíð verið greinileg af láglandi Njarðvíkur.

Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir eru um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið sé innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga.

<sup>9</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>10</sup> Bls. 114-120.

<sup>11</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalög nr. 41/1919, auk eldri laga um landamerki

Lög um hefð nr 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986.

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeigenda

Jón Jónsson hrl.  
kt. 090976-5249  
Jón Jónsson hrl.

#### Fylgiskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda.
2. Fasteignavottorð.
3. Umboð frá landeigendum.
4. Kort sem sýnir landskipti milli Njarðvíkurjarða frá 2021.
5. Vitnisburður um Grasdal, dags. 10. júlí 1841.



**Kröfulýsing til Óbyggðanefndar**  
**vegna Hrafnabjarga**

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

**I. Aðild og fyrirvar**

Jörðin Hrafnabjörg, landnr. L157195, er þinglýst eign Stóruðar ehf., kt. 450508-1790.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 14. febrúar 2022.

**II. Kröfugerð**

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Milli Óss og Hrafnabjarga ræður Knarrará (1a-1d) alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð (2), þaðan inn eggjar (3-5) til upptaka Urðardalsár, ræður þá nefnd á landamerkjum af egg (6) ofan Urðardal.

Þar er aðliggjandi Sandbrekkuland og rennur Urðardalsá (7) í svo nefnda Jökulsá (8), sem ræður landamerkjum ofan fjallið þar til ofan á sléttlendi; þá ræður sá forni farvegur Jökulsár (9) þaðan eins og hann liggur norðvestur í Selfljót (10) – sá áður nefndi forni farvegur Jökulsár er nefndur Bolur. – Selfljót að norðan aðskilur Hrafnabjargaland frá landi Eyjabæja (1).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

**III. Málavextir og helstu málsástæður****1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu**

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjalyýsingu Hrafnabjarga, dags. 7. maí 1884, sem þinglesin var á Hjaltastaðamantalsþingi 2. júlí 1884. Í kröfugerðinni er undir merkjapunktum 3-5 vísað til eggja á landamerkjum frá Geldingaskörðum að eggjum á fremra Dyrfjalli. Þá eru hnitpunktar Knarrarár

merktir til áréttingar 1a-1d, en kort hafa lengi sýnt örnefnið Knarrará miðað við vatnsfall neðar sem kemur ekki úr Geldingaskörðum.<sup>1</sup>

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Uni danski, sonur Garðars Svavarssonar, tók land í Selfjótsósi, sem nefndur var Unaós. Hann nam sér land til eignar fyrir sunnan Lagarfljót, allt hérað til Unalækjar. Uni hafði farið til Íslands að ráði Haralds konungs hárfagra og ætlaði að leggja undir sig landið. Landsmenn tóku að ýfast við Una. Varð hann af þeim ástæðum að hrökklast burt með skyldulið sitt frá hinu víðlenda og glæsilega landnámi. Landnám Una er talið hafa átt sér stað snemma, e.t.v. um 890. Líklegt er talið að þær ýfingar sem hann varð fyrir hafi verið af þeim sem numið höfðu landið á austurhönd, Njarðvíkingum og Borgfirðingum.<sup>2</sup>

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Heimildir um jörðina Hrafnabjörg er fyrst að finna í fornbréfum árið 1564. Það er þó ekki ástæða til þess að ætla að það hvenær jarðar er fyrst getið gefi vísbendingu um það hvenær þær voru fyrst byggðar og hníga ekki rök til annars en hin fornu lögbýli í Hjaltastaðapinghá hafi flest byggst þegar á 10. öld.<sup>3</sup>

Í bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar er að finna heimildir um Hrafnabjörg, nr. 49-50 í bindi VIII (1654), nánar tiltekið umfjöllun um landamerki Hrafnabjarga skv. bréfi dags. í Hólmum, Reyðarfirði, 22. ágúst 1602. Þá virðist til umfjöllunar mál sem tengist ítaki um selstöðu í landi Heyskála.

Í bindi XI, (1558-1660) er kaupbréf um Hrafnabjörg, dags. í Sandbrekku, Útmannasveit, 29. janúar 1659.

Í bindi XII, eru bréf nr. 30, Jarðakaupabréf frá 1649. Í bréfinu seldi Oddur Teitsson Brynjólfi biskup alla jörðina Hrafnabjörg í Útmannasveit, sex hundruð að dýrleika. Á móti seldi Brynjólfur biskup Oddi Teitssyni 3 hundruða hlut í jörðinni Sandvík. Þá er þar bréf nr. 72, sem efni er lýst svo: Brynjólfur biskup veitir Bjarna Ögmundssyni ábýli á jörðinni Hrafnabjörgum á Útmannasveit en Bjarni hafði áður selt biskupi þessa jörð. Í bréfinu er einnig lýst landamerkjum jarðarinnar Hrafnabjarga. Dags. á Hjaltastöðum á Útmannasveit 2. september 1660

### 2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.

Í jarðabók, sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, eru Hrafnabjörg tilgreind eign Guðrúnar Jónsdóttur í Skaftafellssýslu. Jörðin er tilgreind 6 hundruð.

<sup>1</sup> Sjá Sveitir og jarðir í Múlaþingi. Hrafnabjörg. Bls. 352, þar sem fram kemur: *Knarrará er á sú, sem sýnd er á korti ónafngreind koma úr skarðinu (Geldingaskarði), en ekki sú, sem nafngreind er sem slík litlu neðar í fjallinu.*

<sup>2</sup> Austurland. Safn austfirskra fræða, II. bindi 1948. Bls. 46-48.

<sup>3</sup> Fornleifaskráning í Hjaltastaðapinghá. 1998. Bls. 13.



Í jarðamati 1804 er jörðin tilgreind 6 hundruð, sem og í jarðamati Johnsen frá 1847. Þar er ritað neðanmáls að sýslumaður tilgreini jörðina ekki í sýslunni, en prestur á Hjaltastað telur hana í þeirri sókn, eins og hún líka jafnan áður sýnist hafa verið byggð.

Í jarðamati 1849 segir um Hrafnabjörg að kolskógur sé eyddur. Þá segir að í afréttartollum gjaldist til bóndans um 2 ríkisbankadalir á hverju ári. Jörðin er þá virt á 300 ríkisbankadali (rbd).

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfest 1861, voru Hrafnabjörg tilgreind 6 hundruð og 9,8 ný hundruð.

#### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882**

Í sóknarlýsingu Hjaltastaðasóknar 1842 er umfjöllun um afrétti í sókninni. Þar er því lýst að afréttirnir liggja upp frá bæjunum fram með háfjöllunum, en dalirnir sem einnig eru afréttir liggja frá suðaustri til norðvesturs og aðskilji tinda- eður háfjöllin. Allsstaðar ráða eggjar á fjöllum en vörp dölum löndum milli Hjaltastaðasóknar og þeirrar sem hinumegin liggja við fjallgarðinn. Um Hrafnabjargaafrétt, sem virðist vísað til að kallist almennt Hrafnabjargafjall, er lýsing um að það sé áfast Ósfjalli og gangi beint inn frá því og inn að Dyrfjalli. Urðardalur liggja milli Súlna og Dyrfjalla. Tekið er fram að undir Hrafnabjörgum liggur Hrafnabjargaafrétt.<sup>4</sup>

Við manntalsþing 4. júlí 1878 var þinglesin lögfesta fyrir Hrafnabjörgum, dags. 16. júní 1878.

#### **2.5. Landamerkjabréf**

Landamerkjabréf var gert fyrir Hrafnabjörg í kjölfar setningar landamerkjalaga á árinu 1882, dags. 7. maí 1884, sem þinglesið var á Hjaltastaðamanntalsþingi 2. júlí 1884.

### **3. Lagasjónarmið**

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Hrafnabjarga. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendu, í kafla 5.3 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Samkvæmt kafla 7.2 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé land Hrafnabjarga fyrir ofan staði sem nefndir eru „mið Knarrará“ og „mið Jökulsá“. Engar sérstakar forsendur liggja til grundvallar þeirri kröfulínu.

Í upphaflegri kröfulýsingu ríkisins, dags. 25. janúar 2022, miðaðist öll umfjöllun um jörðina Hrafnabjörg við landamerkjabréf jarðarinnar Hrafnabjarga í Jökulsárhlíð. Eðli máls samkvæmt gat óljós staða lands jarðarinnar verið óskýr. Með tölvubréfi dags. 3. febrúar 2022, komu landeigendur því á framfæri að villa væri í kröfulýsingunni því þar var lagt út frá landamerkjabréfi annarrar jarðar. Viðbrögð ríkisins voru að breyta kröfulýsingu og koma að „viðauka I, leiðréttingar á kröfulýsingu“, dags. 4. febrúar 2022. Telja verður að íslenska ríkið hafi fremur átt að falla frá kröfugerð um þjóðlendu á svæðinu og er skorað á ríkið að gera það hið fyrsta.

<sup>4</sup> Sýslu- og Sóknarlýsingar Múlasýslna. Hjaltastaðasókn 1842. Bls. 189-191.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing Landnámu á landnámi á svæðinu feli í sér að svæðið hafi verið numið, enda var það í raun í alfaraleið, bæði vegna umferðar um Eiríksdal og Sandaskörð til Borgarfjarðar.

Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarnland sem þær hafa þurft og fáar heimildir eru um samnotaafrétti. Eðli máls samkvæmt gátu jarðir á láglandissvæðum sóst eftir afréttarnýtingu til fjalla og sýnt er að eigendur Hrafnabjarga hafa veitt hagagöngu í landi sínu gegn greiðslu og/eða annarri umbun eða velvilja, sbr. t.d. upplýsingar um tekjur af hagatollum í jarðamati.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttar hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Hrafnabjarga hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Voggi, gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>5</sup> að afréttur sé beitarréttur en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.

EKKI verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>6</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>7</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafreitt<sup>8</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlið.

Landamerkjabréf Hrafnabjarga fellur í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, þótt fáar séu, en bera þess merki að svæði nefnt Hrafnabjargaafreittur tilheyrir Hrafnabjörgum eins og annað land jarðarinnar, en beitarnotin hafa mótað örnefnið um efri hluta jarðarinnar, án þess að nokkur skýr afmörkun eigi við um upphaf þess.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem eru og hafa alla tíð verið greinileg.

Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfars verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir eru um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu.

<sup>5</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>6</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>7</sup> Bls. 114-120

<sup>8</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### *Sérstök afstaða íslenska ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu landsins.*

Landeigandi telur þjóðlendukröfu ríkisins ósamræmanlega þeim samskiptum og ákvörðunum sem átt hafa sér stað af hálfu íslenska ríkisins eftir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998. Sérstaklega er vísað til samskipta við stjórnvöld og ákvörðun ráðherra um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruvík, sbr. auglýsingu nr. 850/2021.

Við undirbúning friðlýsingarinnar leitaði Umhverfisstofnun til landeigenda á þeirri forsendu að þeir væru landeigendur Stóruðar, sbr. bréf dags. 22. maí 2019. Landeigendur voru samþykkir vinnu við friðlýsinguna og markaðist allur undirbúningur málsins af því. Með ákvörðun sinni, sbr. einkum 4. gr., 12. gr. og 16. gr. auglýsingarinnar, felst staðfesting ráðherra á stöðu landeigenda sem handhafa beins eignarréttar lands á svæðinu. Sú afstaða er fyrirvaralaus.

Krafa um þjóðlendu á svæðinu er ósamræmanleg því forræði sem íslenska ríkið hefur á þjóðlendum, sbr. einkum 1. gr., 2. gr. og aðrar reglur um forræði ríkisins á þjóðlendum og málsforræði fyrir Óbyggðanefnd í lögum nr. 58/1998. Vísað er til Hæstaréttardóms í máli nr. 617/2012, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999 sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig er vísað til Hæstaréttardóms í máli nr. 94/2017 þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talin liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

#### **IV. Helstu lagarök**

Þjóðlendulög nr. 58/1998,

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalog nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986,

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### **V. Áskilnaður og gagnaframlagning**

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

#### **VI. Sérstök áskorun**

Með vísan til umfjöllunar hér framar virðist kröfulýsing íslenska ríkisins hafa verið gerð á grundvelli athugunar á landamerkjabréfi Hrafnabjarga í Jökulsárhlíð, en ekki Hrafnabjarga í Hjaltastaðapínghá. Sú staða lýsir því að kröfulýsing í land innan landamerkja Hrafnabjarga hefur hvílt á röngum forsendum. Á

grunni þess er sett fram sérstök áskorun um að ríkið leggi til sættir í málinu um að fallið verði frá kröfulýsingu í land jarðarinnar Hrafnabjarga. Kallað er eftir því að Óbyggðanefnd leiti sérstaklega eftir afstöðu ríkisins til þessa.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda

  
Jón Jónsson hrl.  
kt. 090936-5249

**Fylgiskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeiganda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeiganda
4. Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 22. maí 2019
5. Ákvörðun ráðherra um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stórurð, sbr. auglýsingu nr. 850/2021.



**Kröfulýsing**

til

**óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 1. febrúar 2022, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

**JÖRÐ: Þórsnes, Inr. 157224 , Múlaþing**

**EIGENDUR:** Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Stefán Scheving Einarsson	kt. 190560-4579
<b>Vilborg Magnúsdóttir</b>	<b>kt. 250242-3959</b>
Vilborg Magnúsdóttir	kt. 020533-4399
Ingiberg Magnússon	kt. 301144-4159
Emil Thoroddsen	kt. 261256-3049
Magnús Már Vilhjálmsson	kt. 111158-7119
Snæbjörn Ó. Vilhjálmsson	kt. 010361-3469
Sesselía Birgisdóttir	kt. 091076-3659
Jónatan Logi Birgisson	kt. 100681-3159
Sigurbjörn Þór Birgisson	kt. 141083-5469
Heiðrún Brynja Birgisdóttir	kt. 061286-2419
Vilhjálmur Rúnar Vilhjálmsson	kt. 221087-2329
Sigurður Klausen	kt. 241150-4539
Emil Dan Vilhjálmsson	kt. 081194-2979

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá Vilborgu Magnúsdóttur, kt. 250242-3959.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Þórsnes**, Múlaþingi og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjabréfi fyrir jörðina Sandbrekku, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlsasýslu, dags. 20. júní 1884, þar sem landamerkjum jarðanna Sandbrekku og Þórsnes er lýst saman, en jörðin Þórsnes tilheyrði áður Sandbrekku sem hjáleiga og hét þá Hlaupandagerði allt til ársis 1890. Í landamerkjabréfinu segir m.a. um landamerki Sandbrekku:

*Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökul, er liggur undir Dyrffalli; þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.*

Einnig samkvæmt landamerkjalyðingu dagsettri að Þórsnesi 5. maí 1916, þar sem segir:

1. Að framan ræður Sellækur frá Bjarglandsá uppá Háubrun, þaðan bein lína í Álfasteina ytri.
2. Að vestan og norðan ræður Bjarglandsá.



### 3. Að utan ræður gaddavirsgirðin frá Selfjóti í Jökulsá uppað árósum Eiríksdals og Urðardalsáa.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands Þórsnes, Múlaþingi, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

#### MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 1. febrúar 2022 var skorað á eigendur jarða í Múlasýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

#### SAGA JARÐAR:

Hlaupandastaða er getið í Fljótsdæla sögu og er þar sagt að Ásbjörn vegghamar hafi leigt land af Kóreksstaðamönnum „þat er nú heitir á Hlaupandastöðum, en þá at Sauðalæk.“<sup>1</sup>

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að jörðin Sandbrekka sé beneficium, metin 24 hdr. að dýrleika, þá er Hlaupandagerðis getið sem hjáleigu.<sup>2</sup>

Í sýslu- og sóknarlýsingum Múlasýslu um Hjaltastaðasókn frá 1842 segir m.a. eftirfarandi:<sup>3</sup>

[...]

Þessu næst er að skoða afréttirnar og dalina millum fjallanna. Afréttir Hjaltastaðapinghár liggja upp frá bæjunum fram með háfjöllum en dalirnir, sem einnig eru afréttir, liggja frá suðaustri til norðvesturs og aðskilja tinda- eður háfjöllin; en allstaðar á fjallgarði þessum ráða eggjar á fjöllum [5 Neðanmáls í handriti segir: („Eggjar kalla menn hér hæstu fjallaraðir, en vörp (varp) það hæst er á fjallhryggjum eður þar sem dalir snúa stöfnum saman og verður sagt...“)] en vörp í dölum löndum milli Hjaltastaðasóknar og þirra sem hinumegin liggja við fjallgarðinn, nl. Borgarfjarðar- og Loðmundarfjarðarsókn.

Afréttirnar og dalirnir heita þetta:

[...]

3. Sandbrekkuafrétt gengur inn frá Hafnarbjargafjalli fram fyrir neðanDyrfjall, Sandadalsfjall [8 Tindfell gog Sandfell] og Beinageitarfjall. Hún er mest grashlíðar og fláar hið neðra. Upp úr afrétt þessari milli Dyrfjalls og Sandadalsfjalls gengur dalur sá er heitir Eiríksdalur [...]. Milli Sandadalsfjalls og Beinageitarfjalls liggur dalur. Hann heitir Sandadalur. [...] Milli Beinageitarfjalls og Botndalsfjalls liggur enn dalur sá er Hraundalur heitir. [...] Þessir þrír dalir ganga allir upp frá Sandbrekkuafréttinni og er hún langstærs allra afréttanna. Henni tilheyrir hálfur Hraundalur, Beinageitarfjalls megin upp á varp en syðri hluti dalsins með Botnfjalli er almenningur. Beint niður úr suðvesturriðinu á Botndalsfjalli liggja landamerki milli Eiði- og Hjaltastöðarsóknar og það all niður í Núpsá og Gilsá [...].

[...]

Þessir eru bæir í Hjaltastöðarsókn.

[...]

<sup>1</sup> ÍF XI, 259

<sup>2</sup> Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 359.

<sup>3</sup> Múlasýslur, sýslur- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 188-192





3. Hlaupandagerði [Kallast nú Þórsnes, líklega síðan um síðustu aldamót.], hjáleiga frá Sandbrekku, 4 hndr. að dýrleika fyrir austan Bjarglandsá, Heyskaparlítið en gott sauðkot.

4. Sandbrekka, fyrir vestan Bjarglandsá, 16 hndr. að dýrl. ein með vænstu jörðum í sókninni [...] Henni tilheyrir öll Sandbrekkuafrétt. [...].

Í Jarðarmati 1849-50 fyrir Norður Múlasýslu er getið um Sandbrekku ásamt hjáleigunni Hlaupandagerði.<sup>4</sup>

Landamerkjabréf Sandbrekku er dags. 20. júní 1884, þar sem segir um merki jarðarinnar og rekamörk.<sup>5</sup>

Landamerkjaskrá: Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm; þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kóreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn; þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan; í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. –

Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökul, er liggur undir Dyrfjalli; þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Sandbrekku, 20. júní 1884.

Halldór Magnússon, eigandi Sandbrekku

Stefán Árnason eig. Gagnstaða og Hrafnabjarga

Jón Einarsson eigandi Dala.

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum

Þorkell Bjarnarson bóndi á Klúku.

Rekamörk Sandbrekkusands:

1. Milli Sandbrekkusands að norðan og Gagnstaðarsands að austan, þegar maður stendur í meðal flóðgöngu, á há kollur á Svertlingum að bera mitt á milli tveggja grárra ráka í Ósbjargi fyrir innan Selvogsnes og kallaður hefur verið stigi. –
2. Milli Sandbrekkusands að austan og Kliptasands að norðan, þar sem yzta Kliptin í Hrafnabjargafjalli gefur sig frá Valsungaendanum, svo aðeins sjáist í lopt á milli; þar byrjar Kliptasandur.
3. Milli Kliptasands að austan og Eyrareka að norðan, þá er Stórásendi upp af Hlaupandagerði hverfur undir Hrafnabjargið, svo ekki verður að deilt hvort frá öðru; þar byrjar Eyrarreki, en Selfljótsós ræður að austan. –

Halldór Magnússon eig. Sandbrekku.

Stefán Árnason eigandi Gagnstaðarreka og umsjónarmaður Klyptasands.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 46-47.

Einar Thorlacius.

[...]

<sup>4</sup> Jarðarmat 1849 – 1850 Norður Múlasýslu, bls.5

<sup>5</sup> N-Múlasýsla Landamerkjabók (1883-1951), bls. 46-47



Hlaupandagerði var hjáleiga frá Sandbrekku og nytjað þaðan 1870-95. Þá var jörðin keypt, nafninu breytt í Þórsnes og hefur verið sjálfstæð bújörð síðan.

Í fasteignamati Norður múlásýslu frá árinu 1916-1918 segir m.a. um Þórsnes:<sup>6</sup>

59. Þórsnes.

Eigandi Björn Geirmundsson Hóli Hjarðarst.þ.hús.

Ábúandi Snorri Þórólfsson

Dýrleiki eftir jarðarmati 1861, 9 hndr.

[...]

I. Lýsing jarðarinnar:

A. Jarðnytjar:

[...]

4. Beitoland:

Sumarhagar lélegir fyrir nautgripi og hross. Veitrarbeit fyrir sauðfé góð þegar til nær en þrönlent og snjóþungt. Fremur skjólgott. Fjárgeymsla fremur erfið.

[...]

B. Önnur jarðargæði:

[...]

6. Jörðinni fylgir upprekstarland fyrir afréttarfé ábúanda

C. Sérstakir ókostir:

[...]

3. Ágangur af afréttarfé og búfé náganna.

[...]

III. Landamerki eru ekki innfærð í Landam.bók n.m.s. en samkvæmt landamerkjálýsingu dagsettri að Þórsnesi 5. maí 1916, undirritaðri af Jóni Halldórssyni fyrrverandi eiganda að Þórsnesi og 2 vottum: Snorra Þórólfssyni og H. Stefánssyni, eru landamerki jarðarinnar þessi: 1. Að framan ræður Sellækur frá Bjarglandsá uppá Háubrún, þaðan bein lína í Álfasteina ytri. 2. Að vestan og norðan ræður Bjarglandsá. 3. Að utan ræður gaddavírgirðin frá Selfjóti í Jökulsá uppá árósum Eiríksdals og Urðardalsáa.

[...].

Þórsnes fór í eyði 1980

Í örnefnaskrá fyrir Þórsnes, áður Hlaupandagerði til 1890, skráð af Stefáni Einarssyni prófessor 17. mars 1967. Heimildarmaður var Þorsteinn Sigufússon f. 1898 á Sandbrekku, segir m.a.:<sup>7</sup>

Landamerki milli Sandbrekku og Þórsness. Sellækur upp á Háubrún og þaðan sjónhvending í Álfasteina og Jökulsá undir Dyrfjöllum. Að öðru leyti skiptir Bjarglandsá/jörðunum. Milli Hrafnabjarga og Þórsness ræður Jökulsá frá Álfasteinum, þó ræður gamli farvegur Jökulsár, sem heitir Bolur. Bolurinn skilur Hrafnabjarganesið frá Þórsnesslandi þarna.

[...].

<sup>6</sup> Fasteignamat Suður-Múlásýslu 1916-1918, Undirmat I, bls. 120-121

<sup>7</sup> Örnefnastofnun Norður-múlásýslu, Hjaltastaðahreppur. Skráð af Stefáni Einarssyni prófessor.



Í örnefmaskrá fyrir Þórsnes skráð af Eiríki Eiríkssyni árið 1971, er fjallað um að jörðin Þórsnes hét áður Hlaupandagerði til ársins 1890. Í framhaldi af því er landamerkjum Þórsnesslands lýst nánar:<sup>8</sup>

Þorsteinn Sigfússon, bóndi á Sandbrekku (næsta bæ) var heimildarmaður Stefáns Einarssonar. Þessi jörð hét áður Hlaupandagerði, kennd við Ásbjörn vegghamar. Í Fljótsdælu er nafnið skráð Hlaupandastaðir, og þegar sagan er rituð, lík[ega] á síðari hluta 15. aldar, heitir hún Sauðalækur ( í sumum hand[ritum] Sandlækur). Það örnefni þekkist ekki nú, en smálækur rennur ofan í nesið innan við bæ í Þórsnesi, sem er nú kallaður Myllulækur; hann gæti hafa heitið Sauðalækur áður; svo heitir Sellækur á landamörkum Sandbrekku og Þórsness. Jón Halldórsson, sem lengi bjó í Þórsnesi, breytti nafninu á bænum 1890, og síðan hefur jörðin heitið Þórsnes. Meðfram Þórsneslandi að neðan rennur Bjarglandsá og skiptir löndum milli Þórsness og Sandbrekku inn og upp, þar sem Sellækur fellur í hana; eftir það eru landam[erki] nefndra jarða við Sellæk, upp á Háubrun. Þaðan er bein lína í Álfasteina og Jökulsá undir Dyrfjöllum. Jökulsá skiptir löndum milli Hrafnabjarga og Þórsness, en neðan við fjall eru landamerkin við gamlan farveg Jökulsár, sem heitir Bolur.

[...].

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stj.skr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróðið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Þórsnes**, Múlaþingi sem vísað er hér til. Sérstaklega er vísað tilþinglýsts landamerkjabréfs fyrir jörðina Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, en jörðin Þórsnes tilheyrði þá Sandbrekku sem hjáleigan Hlaupandagerði. Einnig er vísað til landamerkjalyýsingar dagsettri að Þórsnesi 5. maí 1916, undirritaðri af Jóni Halldórssyni fyrrverandi eiganda að Þórsnesi og 2 vottum: Snorra Þórólfsyni og H. Stefánsyni, þar sem landamerkjum jarðarinnar Þórsnes er lýst.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlið) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrett, (Hólaafrett).

Um Þórsnes segir í fasteignamatinu 1916-1918 að eignadi sé Björn Geirmundsson og jörðin sé metin 9 hndr. að dýrleika skv. jarðamati 1861. Enn fremur segir svo að jörðinni fylgi upprekstrarland fyrir afréttarfé og þá er jafnframt landamerkja hennar getið, skv. landamerkjalyýsingu dagsettri að Þórsnesi 5. maí 1916.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Þórsnes**, Múlaþingi

<sup>8</sup> Örnefmasfnun Norður-múlasýsla, Hjaltastaðahreppur. Skráð af Eiríki Eiríkssyni árið 1971



Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir og sameigendur þeirra óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Þórsnes**, Múlaþingi, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna og sameigenda þeirra verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkominn eign umbjóðenda minna og sameigenda þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalyfingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfrarsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 25. janúar 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Þórsnes**, **Múlaþingi** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Sandbrekkuafrétt**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Múlasýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Þórsnes** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum.

Með kröfugerð ríkisins virðist farið inn á landsvæði jarðarinnar suð-austast á jörðinni við upptök Sellækjar í Jökulsá (punktar 4 og 5 á kröfulínukorti íslenska ríkisins). Við afmörkun horfði íslenska ríkið fyrst og fremst til landamerkjabréfs Sandbrekku, en einnig lýsinar á Sandbrekkuafrétt í sýslu- og sóknarlýsingum Múlasýslu og afmörunar á Sandbrekkuafrétt gagnvart Þórsnesi í Árbók Ferðafélags Íslands 2008 þar sem segir:

Austan Bjarlandsár er Sandbrekkuafrétt. Af Háubrun sem ber við loft austur af bæ kemur niður Sellækur og eru um hann mörk við Þórsnes og liggja þau upp í Álfasteina út af Háls múla gegnt Urðardal.<sup>9</sup>

Jafnframt kemur fram að litið hafi verið til afmörkunar á Hrafnabjörgum til norðurs og norðausturs sem er gagnvart Þórsnesi.

Landeigendur telja rétt að benda á eftirfarandi hvað þetta varðar:

Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, sem Þórsnes tilheyrði þá sem hjáleigan Hlaupandagerði, er hin svonefnda Sandbrekkuafrétt tilgreind innan landamerkja jarðarinnar með eftirfarandi hætti:

<sup>9</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 2008, bls. 196.



Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökul, er liggur undir Dyrfjalli; þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Landeigendur telja ljóst að „Sandbrekkuafrétt“ tilheyrir jörðinni Sandbrekku, líkt og annað eignarland þeirrar jarðar. Svæðið er ekki almenningur eða þjóðlenda líkt og íslenska ríkið virðist byggja kröfugerð sína á. Þetta sækir m.a. stoð í sýslu- og sóknarlýsingum Múlasýslu þar sem segir um Sandbrekku að „Henni tilheyrir öll Sandbrekkuafrétt.“ Það eitt að svæðisins sé getið sem afrétt getur ekki leitt til þess að svæðið sé þjóðlenda. Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur bendir umbjóðandi minn á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geta allt eins verið eignarlönd, eins og marg dæmt hefur verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 (Stórhöfði) og Hrd. 536/2006 (Hvítmaga).

Ljóst er að innan ofangreindrar merkjalýsingar í landamerkjabréfi Sandbrekku, rúmast landamerki Þórsnes, eins og þeim er lýst skv. landamerkjálýsingu dagsettri að Þórsnesi 5. maí 1916, undirritaðri af Jóni Halldórssyni fyrrverandi eiganda að Þórsnesi og 2 vottum. Þar segir að landamerki Þórsnes séu þess:

1. Að framan ræður Sellækur frá Bjarlandsá uppá Háubrun, þaðan bein lína í Álfasteina ytri. 2. Að vestan og norðan ræður Bjarglandsá. 3. Að utan ræður gaddavirgírðin frá Selfjóti í Jökulsá uppá árósum Eiríksdals og Urðardalsáa.

Samkvæmt þessari lýsingu telja landeigendur ljóst að Þórsnes eigi land inn í svokallaða „Álfasteina ytri“ sem eru staðsettir töluvert fyrir innan þjóðlendukröfu ríkisins. Einnig ræður Jökulsá upp á árósum Eiríksdals og Urðardalsáa sem er töluvert fyrir innan kröfusvæðið. Af þessu sögðu telja landeigendur ljóst að íslenska ríkið hafi metið landamerki jarðarinnar ranglega. Þá skortir rökstuðnings fyrir því að lína sé dregin á milli punkt 4 og 5 í kröfugerð ríkisins. Engar heimildir finnast fyrir þeirri landamerkjálínu, og telja landeigndur hana bersýnilega ranga og er henni mótmælt sem slíkri.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Þórsnes** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Umboð



4. Veðbandayfirlit
5. Fasteignayfirlit
6. Útskrift úr fógetabók Norður-Múlasýslu og Syðisfjarðarkaupstaðar frá 6. mars. 1937.
7. Fornleifaskráning í Hjaltastaðapinghá II, frá 1998, bls. 108, 116-122.
8. Örnefnaskrár fyrir Þórsnes

**ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:**

Umbjóðendur mínir áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 20. Júní 2022

Ólafur Björnsson hrl.

**Kröfulýsing til Óbyggðanefndar****vegna Sandbrekku**

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

**I. Aðild og fyrirvar**

Aðild tekur mið af því að Sandbrekka, landnr. L157216, er þinglýst eign Sigurðar Thoroddsen, kt. 090558-5959.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 2. mars 2022.

**II. Kröfugerð**

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta, samkvæmt landamerkjabréfi Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, að teknu tilliti til þess að hjáleigan Hlaupandagerði (síðar nefnd Þórsnes) hefur verið skilin frá landi jarðarinnar.

Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós (1), rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm (2); þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann er liggur í Kóreksstaðakíl (3), á hverjum stendur varða við Kíllinn; þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma (4) að sunnan og vestan allt í Selfljót (5), sem ræður að norðan og utan (6); í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi.

Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol (7), eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa (8) og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökul, er liggur undir Dyrfjalli (9); þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða (10-14) allt inn á Hraundalsvarp (15) og ofan aptur Hraundalinn (16) eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir (1).

Land Þórsnes, fellur utan kröfugerðar, en það afmarkast frá Bjarglandsá (6) upp að Sellækjarósi (1) upp á Háubrunn (A) og beina stefnu austur í Álfasteina ytri (B) og úr þeim í Jökulsá (8). Þaðan í Bol (7) og í Selfljót(6).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

**III. Málavextir og helstu málsástæður**

## 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu

Afmörkun lands í kröfulýsingu byggir á landamerkjalyýsingu Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, sem þinglýst var 2. júlí 1884. Lýsingin tekur til alls lands jarðarinnar, þ.m.t. Hlaupandagerðis sem hafði verið hjáleiga frá jörðinni í líklega 1000 ár.<sup>1</sup> Í kröfugerðinni er undir merkjapunktum 10-14 vísað til eggja á landamerkjum frá Dyrfjöllum að Hraundalsvarpi.

Hlaupandagerði var selt sem sérstök jörð um 1895. Nafni Hlaupandagerðis var breytt í Þórsnes árið 1914.<sup>2</sup> Gert var sérstakt landamerkjabréf fyrir Þórsnes, dags. 10. nóvember 1921, þinglesið á Kóreksstaðamanntalsþingi 19. júlí 1922. Merkjalyýsing Þórsnes er eftirfarandi:

Að sunnan ræður Sellækur þaðan sem hann fellur í Bjarglandsá og upp á Háubrun. Síðan beina stefnu úr Sellæk, þar sem hann fellur af Háubrun og austur í Álfasteina ytri og úr þeim í Jökulsá. Að austan ræður Jökulsá allt þar til hennar gamli farvegur, er Bolur nefnist, liggur úr henni norður í Bjarglandsá. Í honum eru mörkin. Að norðan og vestan ærður Bjarglandsá.

Landamerkjabréf Sandbrekku frá 1884 vísar augljóslega til þess að vísað sé til Urðardalasar, sem upptaka Jökulsár á landamerkjum, enda leiðir vatnfallið allt í Jökul undir Dyrfjalli. Það er eðli máls samkvæmt rökrétt nafngift árinna. Af landamerkjabréfi Unaóss má ráða að Eiríksdalsáin hafi einnig getað hafa verið nefnd Jökulsá. Samkvæmt örnefnalyýsingu fyrir Sandbrekku frá 1967 eru nefnd örnefnin, Urðardalasar og Eiríksdalasar í samnefndum dölum. Sagt er að eftir að þær koma saman nefnist vatnsfallið Jökulsá.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðháttu hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

### 2.1 Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Uni danski, sonur Garðars Svavarssonar, tók land í Selfljótsósi, sem nefndur var Unaós. Hann nam sér land til eignar fyrir sunnan Lagarfljót, allt hérað til Unalækjar. Uni hafði fór til Íslands að ráði Haralds konungs hárfagra og ætlaði að leggja undir sig landið. Landsmenn tóku að ýfast við Una. Varð hann af þeim ástæðum að hrökklast burt með skyldulið sitt frá hinu víðlenda og glæsilega landnámi. Landnám Una er talið hafa átt sér stað snemma, e.t.v. um 890. Líklegt er talið að þær ýfingar sem hann varð fyrir hafi verið af þeim sem numið höfðu landið á austurhönd, Njarðvíkingum og Borgfirðingum.<sup>3</sup>

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Ljóst er að Sandbrekka er mjög gömul jörð. Jarðarinnar er getið í fornbréfum, t.d. heimildir um að búið hafi verið á jörðinni 1365 auk jarðanna Hreimsstaða, Kóreksstaða, Óss, Hóls og Ketilsstaða.<sup>4</sup> Líklegt er að

<sup>1</sup> Sbr. umfjöllun í Droplaugarsonasögu.

<sup>2</sup> Þinglýst var leyfisbréfi um nafnabreytinguna, dags. frá 19. september 1914, á Hjaltastaðamanntalsþingi 15. júlí 1915.

<sup>3</sup> Austurland. Safn austfirskra fræða, II. bindi 1948. Bls. 46-48.

<sup>4</sup> DI III.239.



Sandbrekka hafi byggst upp á svipuðum tíma og önnur forn lögbýli í Hjaltastaðáþinghá, þ.e. þegar á 10. öld.<sup>5</sup>

### **2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.**

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. Aldar, er Sandbrekka tilgreind eign Valgerðar Guðmundsdóttur og hennar barna. Jörðin er tilgreind 24 hundruð.

Í jarðamati 1804 er jörðin tilgreind 24 hundruð. Eigandi jarðarinnar er þá A. Thorstson, sem er Sr. Árni Þorsteinsson prófastur á Kirkjubæ. Heimild er um að hann hafi gert lögfestu fyrir jörðina, sbr. síðar.

Jörðin tilgreind 24 hundruð í jarðamati Johnsen frá 1847.

Í jarðamati 1849 segir að jörðinni fylgi afrétt á milli Bjarglandsár og Jökulsár, sem gefi af sér í afréttartollum 4 ríkisbankadali á ári. Jörðin er þá virt á 1025 ríkisbankadali (rba).

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfest 1861, var Sandbrekka, með hjáleigunni Hlaupandagerði tilgreind 24 hundruð og 33,7 ný hundruð.

### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882**

Lögfesta virðist hafa verið gerð fyrir Sandbrekku í eigandatíð Sr. Árna Þorsteinssonar prófests á Kirkjubæ<sup>6</sup>, sbr. umfjöllun um lögfestu nokkurra bænda á manntalsþingi á Hjaltastað 26. maí 1845. Þar er vísað til þess að Árni hafi gert lögfestu. Lögfesta Árna kann að hafa komið fram snemma á 19. öld, en hann lést 1829.

Prófasturinn sr. Guttormur Þorsteinsson á Hofi<sup>7</sup> virðist hafa skrifað undir lögfestu sem varðaði Hraundal, fyrir árið 1845. Efni hennar liggur ekki fyrir, svo sem hvort það hafi varðað stöðu Kirkjutungna vegna Hjaltastaðar eða aðra hluta Hraundals. Líklega er umrædd lögfesta sú sem getið er á manntalsþingi á Hjaltastað, 1. júní 1844 og lýst svo: Lögfesta frá 31. maí 1844 þar sem presturinn J. Guðmundsson lögfesti prestakallsins Hjaltastaðarland. Mögulega afhenti presturinn á Hjaltastað lögfestuna sem prófasturinn á Hofi hafði ritað undir.

Við manntalsþing 26. maí 1845 kemur fram lögfesta 4 bænda<sup>8</sup> sem felur í sér mótmæli við lögfestu sr. Guttorms. Samkvæmt uppskrift þjóðskjalasafns varða mótmælin lögfestu Guttorms að því er áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur. Vísað er til þess að Sr. Árni Þorsteinsson hafi lögfest nefndan Hraundal undir Sandbrekku og hafi leiguliðar haldið því síðan. Umræddir bændur lýsa þeirri stöðu að þurfa að kaupa geldfjárgöngu og þeir gera tilkall til landstykkis af Hraundalsvarpi allt út í Ytristangará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til héraðs.

<sup>5</sup> Fornleifaskráning í Hjaltastaðáþinghá. 1998. Bls. 13.

<sup>6</sup> F. 24. janúar 1754 D. 15. október 1829. Stúdent frá Hólaskóla 1775 og talinn afbragðs námsmaður. Vígðist 5. ágúst 1781 aðstoðarprestur sr. Skafta Árnasonar að Hofi í Vopnafirði og fékk það prestakall eftir lát hans 17. júní 1782. Prófastur í Norður-Múlasýslu 1789. Sagði því embætti lausu 1810. Fékk Kirkjubæ í Tungu 12. mars 1791 og var þar til dauðadags. [www.ismus.is](http://www.ismus.is)

<sup>7</sup> F 16. ágúst 1774. D. 22. nóvember 1848. Vígðist 13. ágúst 1797 aðstoðarprestur sr. Einars Stefánssonar að Hofi í Vopnafirði. Fékk prestakallið 1. október 1805 og hélt til æviloka. Var prófastur í Norður-Múlasýslu 1810-1841.

<sup>8</sup> Lögfestan var frá Skúla Björnssyni, Árna Bjarnasyni, Birni Ólafssyni og Jóni Jónssyni, sem voru bændur á Bóndastöðum, Ketilsstöðum, Dölum og Ketilsstöðum.

Erfitt er að greina inntak og þýðingu þessara mótmæla þegar upphafleg lögfesta Guttorms Prófasts liggur ekki fyrir. Sýnt er þó að hún virðist spröttin af óánægju vegna greiðslu hagatolla.

Lögfesta fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði var þinglýst á manntalsþingi 26. maí 1852.

Heimildir eru um klögumál frá 1842 varðandi Pétur Þorláksson bónda á Ánastöðum þar sem hann hafi ekki rekið fé til lögréttar á Sandbrekku, heldur tekið geldfé sitt úr fénu. Hagmunir að baki því máli virðast geta varðað það að komast hjá hagatollum, með því að fé hafi ekki verið rekið til lögréttar þar sem upplýst var um fjárfjölda.

Í sóknarlýsingu Hjaltastaðasóknar 1842 er umfjöllun um afrétti í sókninni. Þar er því lýst að afréttirnir liggja upp frá bæjunum fram með háfjöllunum, en dalirnir sem einnig eru afréttir liggja frá suðaustri til norðvesturs og aðskilji tinda- eður háfjöllin. Alls staðar ráða eggjar á fjöllum en vörp dölum löndum milli Hjaltastaðasóknar og þeirrar sem hinu megin liggja við fjallgarðinn.

Um Sandbrekkuafrétt segir að hann gangi inn frá Hrafnabjargarfjalli fram fyrir neðan Dyrfjall, Sandadalsfjall og Beinageitarfjall. Hún er mest grashlíðar og fláar hið neðra. Upp úr afrétt þessari milli Dyrfjalls og Sandadalsfjalls gengur dalur sá er heitir Eiríksdalur, ysti vegur úr Hjaltastaðapinghá til Borgarfjarðar. Milli Sandadalsfjalls og Beinageitarfjalls liggur Sandadalur. Yfir hann liggur vegur til Borgarfjarðar. Milli Beinageitarfjalls og Botndalsfjalls liggur enn dalur sá er Hraundalur heitir. Yfir hann liggur vegur til Loðmundarfjarðar. Þessir þrír dalir ganga allir upp frá Sandbrekkuafréttinni og er hún langstærst allra afréttanna. Henni tilheyrir hálfur Hraundalur, Beinageitarfjallsmegin upp á varp, en syðri hluti dalsins með Botndalsfjalli er almenningur.<sup>9</sup>

Því er hér velt upp hvað prestur eigi við þegar hann vísar til Kirkjutungna sem almennings. Ef til vill á hann við að þangað megi allir reka fé á afrétt án greiðslu, enda kemur fram síðar í sóknarlýsingunni umfjöllun um eignhald Hjaltastaðar. Þar segir að Kirkjan eigi selstöðu á Hraundal utanverðum og tungu þá niður frá Botnadalsfjalli norðanverðu sem verður milli Bjarglandsár og Hölknár.

Um jörðina Sandbrekku segir að henni tilheyrir öll Sandbrekkuafrétt.

Þinglýst var lögfesta fyrir Sandbrekku á manntalsþingi á Hjaltastað 1. júlí 1872, dags. 6. júní 1872<sup>10</sup> Efni hennar felur m.a. í sér lýsingu á því að allt svæðið austan Bjarglandsár og inn eftir norðanverðum Hraundal tilheyrir Sandbrekku.<sup>11</sup>

### **2.5. Landamerkjabréf og landskipti**

Landamerkjabréf var gert fyrir Sandbrekku í kjölfar setningar landamerkjalaga á árinu 1882, dags. 20. júní 1884, sem þinglýst var 2. júlí 1884.

Hjáleigan Hlaupandagerði var seld frá jörðinni um 1895. Gert var sérstakt landamerkjabréf fyrir jörðina, dags. 10. nóvember 1921, þinglesið á Kóreksstaðamanntalsþingi 19. júlí 1922.

### **3. Lagasjónarmið**

<sup>9</sup> Sýslu- og Sóknarlýsingar Múlasýslna. Hjaltastaðasókn 1842. Bls. 189-191

<sup>10</sup> Lögfestan fyrir Sandbrekku nr. 16/1872. Innfærð í afsals- og veðmálabók N-Múlasýslu 1872.

<sup>11</sup> Vísa má til hliðsjónar í greinina Búsetuminjar á Hraundal í Útmannasveit, Múlaþing 24. Hefti 2007. Höf. Hjörleifur Guttormsson.

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Sandbrekku. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendir, í kafla 5.4 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem ekki hafa líkindi við kröfusvæðið.

Samkvæmt kafla 7.3 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé land Sandbrekkur fyrir ofan Sellæk sem fellur í Bjarglandsá og frá upptökum lækjarins í Jökulsá. Engar sérstakar forsendur liggja til grundvallar þeirri kröfulínu. Ós Sellækjar þessa er nefndur fyrst í landamerkjalyýsingu Sandbrekku frá 1884 og hefur þá þýðingu að afmarka línu hinu megin Bjarglandsár við Dali.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing Landnámu á landnámi á svæðinu feli í sér að svæðið hafi verið numið, enda var það í raun í alfaraleið, bæði vegna umferðar um Eiríksdal og Sandaskörð til Borgarfjarðar og Hraundals til Loðmundarfjarðar.

Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarland sem þær hafa þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti. Eðli máls samkvæmt gátu jarðir á láglandissvæðum sóst eftir afréttarnýtingu til fjalla og sýnt að eigendur Sandbrekku hafa veitt hagagöngu í landi sínu gegn greiðslu og/eða annarri umbun eða velvilja, sbr. t.d. upplýsingar um tekjur af hagatollum í jarðamati.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttar hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Sandbrekku hafi haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur, þótt fyrirkomulag fjallskila og refaveiða hafi verið skipulagt á félagslegum grundvelli. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Voggi, gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>12</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>13</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>14</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt<sup>15</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlið. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar

<sup>12</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>13</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>14</sup> Bls. 114-120

<sup>15</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Sandbrekku fellur í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, bera þess merki að svæði nefnt Sandbrekkuafréttur tilheyri Sandbrekku eins og annað land jarðarinnar, en beitarnotin hafa mótað örnefnið um þann hluta jarðarinnar, án þess að nokkur skýr afmörkun eigi við um upphaf þess svæðis.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem eru og hafa alla tíð verið greinileg. Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hefði verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnáms svæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að

mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

*Sérstök afstaða íslenska ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu landsins.*

Landeigandi telur þjóðlendukröfu ríkisins ósamræmanlega þeim samskiptum sem átt hafa sér stað af hálfu íslenska ríkisins eftir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998. Sérstaklega er vísað til samskipta við stjórnvöld og ákvörðun ráðherra um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð, sbr. auglýsingu nr. 850/2021.

Við undirbúning friðlýsingarinnar leitaði Umhverfisstofnun til landeiganda á þeirri forsendu að þeir væru landeigendur við Stóruðar að hluta og Urðardals. Landeigandi var samþykkir vinnu við friðlýsinguna og markaðist allur undirbúningur málsins af því. Með ákvörðun sinni, sbr. einkum 4. gr., 12. gr. og 16. gr. auglýsingarinnar, felst staðfesting ráðherra á stöðu landeigenda sem handhafa beins eignarréttar lands á svæðinu. Sú afstaða er fyrirvaralaus.

Krafa um þjóðlendu á svæðinu er ósamræmanleg því forræði sem íslenska ríkið hefur á þjóðlendum, sbr. einkum 1. gr., 2. gr. og aðrar reglur um forræði ríkisins á þjóðlendum og málsforræði fyrir Óbyggðanefnd í lögum nr. 58/1998. Vísað er Hæstaréttardóms í máli nr. 617/2012, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999 sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig er vísað til Hæstaréttardóms í máli nr. 94/2017 þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dómnum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

#### **IV. Helstu lagarök**

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalog nr. 41/1919, auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarrglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986.

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### **V. Áskilnaður og gagnaframlagning**

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllt, f.h. landeiganda

Jón Jónsson hrl.

kt. 090976-5249  
Jón Jónsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeiganda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeiganda
4. Ákvörðun ráðherra um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruorð, sbr. auglýsingu nr. 850/2021.

**Kröfulýsing til Óbyggðanefndar**  
**vegna Hólalands**

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

**I. Aðild og fyrirsvar**

Aðild tekur mið af því að óskipt land Hólalands tilheyrir Hólalandi og Hólalandshjáleigu

Hólaland, landnr. L157249, þinglýstir eigendur eru Sigurður Hannes Magnússon, kt. 200272-5609, Marta Guðríður Georgsdóttir, kt. 201058-4819, Jökull Magnússon, kt. 220365-5659, Jón Már Halldórsson, kt. 241252-3539 og Árnís Birgitta Georgsdóttir, kt. 290654-7699.

Hólalandshjáleiga, landnr. L157250, þinglýstur eigandi er Jón Sveinsson, kt. 020749-3429.

Fyrirsvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. tvö umboð dags. 9. mars 2022. Það athugast að undirritaður hefur ekki fyrirsvar vegna Mörtu Guðríðar Georgsdóttur, sbr. umboð.

**II. Kröfugerð**

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Milli Hólalands annars vegar og Grundar og Gilsárvalla hins vegar ræður bein lína úr Merkivörðu niður við Fjarðará (1) í Krókinn á Merkilæknum (2), þar sem hann fellur úr Hlíðinni. Eftir það ræður lækurinn upp í Mjóadal (3) og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl (4). Þá ráða hæstu fjallaraðir (5-8) inn í Mýnesskörð (9). Þaðan ræður merkjum milli Hólalands og Hvannstöðs Fjarðaráin, sem fellur úr Mýnesskörðum sunnanvert við aðal Klifið (10) og alla leið út á móts við áðurnefnda vörðu á Aurnum (1).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

**III. Málavextir og helstu málsástæður****1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu**

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á gildandi landamerkjalyýsingu Hólalands dags. 27. desember 1921, sem þinglesin var á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1923. Í kröfugerðinni er undir merkjapunktum 5-8 vísað til helstu fjalla á vatnaskilum; Tindfells, Grjótfjalls og Beinageitarfjalls.

Landamerkjalyýsingin lýsir sömu merkjum og landamerkjalyýsing Hólalands, dags. 4. júlí 1884, sem þinglýst var á Desjamýrarmanttalsþingi 4. júlí 1884, en eldri lýsing greinir merkin réttisælis. Bera má lýsingarnar saman með þeim merkjapunktum sem í kröfugerð greinir, sbr. eftirfarandi:

Að neðan ræður Fjarðará inn í Mýrnesskörð (10), síðan fjallgarðurinn alla leið þar sem vötn að draga (8-5) út á ytri Tindfellsöxl (4); frá Tindfellsöxl ytri beint ofan í Mjóadal (3) framan við háa Hrók; þaðan ræður lækur merkjum ofan að Aur, þangað sem hann fellur í Krók út eptir (2); síðan úr þeim krók beina stefnu í vörðu, sem stendur við Fjarðará (1).

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Veturliði Aðalbjarnarson (eða Ásbjarnarson) bróðir Þorsteins torfa og Lýtings í Krossavík, nam Borgarfjörð; það er um 13 býla land. Landnámi er ekki afmarkað frekar en landfræðilega er Borgarfjörður skýrlega afmarkaður af fjöllum.

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Talið er að Hólaland hafi byggst snemma og þá e.t.v. á 10. öld. Býlin Hólaland og Hvannstóð hafi byggst eftir að Gilsárvellir byggðust.<sup>1</sup> Kann þetta að skýra það skipulag jarða að jörðinni Gilsárvelli tilheyrir land sem er ekki samliggjandi.

Kaupbréf um Hólaland o.fl. jarðir, dags. 2. júlí 1618, tilgreinir Hólaland 10 hundruð.<sup>2</sup>

### 2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, er Hólaland tilgreint í eigu sýslumannsins í Árneshöfði ásamt 4 öðrum jörðum í Borgarfirði.

Í jarðamati 1804 og jarðamati Johnsen frá 1847 er Hólaland tilgreint 10 hundruð. Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1861, var Hólaland tilgreint 10 hundruð og 16,4 ný hundruð.

### 2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882

Í sóknarlýsingu Desjamýrar 1839-1840 er sagt um Hólaland; *inn við fjöll, góð tún og slægjur, afréttarstykki en snjósælt land, er því lítil útbeit*. Í lýsingunni um dali segir að inn úr Borgarfirði liggur til vesturs dalur kallaður Hólalandsdalur að norðanverðu en Hvannstóðsdalur sunnan megin. Um afrétti segir: *Inn af*

<sup>1</sup> Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. Svæðisskráning 1998. Fornleifastofnun Íslands. Bls. 23-24.

<sup>2</sup> Jarðabréf frá 16. og 17. öld. 1993. Bls 272. Þá er Hólaland, Hvannstóð, Hvoll og Breiðavík minni í eigu sama aðila.



*Borgarfirði, Hólalands- og Hvannstóðsdalur, þeirra afréttur.* Með því er vísað til þess að afrétturinn tilheyrir hvorri jörð. Um vegi eru Sandaskörð nefnd, frá Hólalandi til Ánastaða, 2 ½ míla.

### **2.5. Landamerkjabréf**

Landamerkjabréf var gert fyrir Hólaland kjölfar setningar landamerkjalaga á árinu 1882, dags. 4. júlí 1884, sem þinglýst var á Desjamýrarmantalsþingi 4. júlí 1884.

Annað landamerkjabréf var gert í kjölfar gildistöku landamerkjalaga nr. 41/1919. Bréfið er dags. 27. desember 1921, sem þinglesið var á Borgarfjarðarmantalsþingi 17. júlí 1923. Landmerkjalýsingarnar samræmast eldri heimildum um jarðirnar.

### **2.6. Landskipti**

Hólalandshjáleigu er ekki getið í jarðamötum á 19. öld. Undir landamerkjabréf Hólalands, dags. 27. desember 1921 er ritað undir af hálfu eiganda Hólalands annars vegar og Hólalandshjáleigu hins vegar. Milli jarðanna gilda skipti á túni og engjum.

Í gögnum vegna fasteignamats 1916 er fjallað um Hólalandshjáleigu. Í matinu er Hólaland metin á 2200 en Hólalandshjáleiga á 1200. Engjaskipti voru milli jarðanna og hafði Hólalandshjáleiga m.a. til afnota engi innan við Selá.

## **3. Lagasjónarmið**

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Hólalands. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendur, í kafla 5.8 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Í kröfulýsingu er umþrætt svæði nefnt afréttarland Hólalands. Þess skal getið að ekki er sérstakt örnefni sem vísar til afréttar í landi Hólalands, þótt landið hafi verið nýtt sem slíkt, enda þörf á að skilja geldfé frá öðru fé við búskap á jörðinni.

Samkvæmt kafla 7.7 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé land Hólalands innan við Selá og í línu á Tindfell.

Ljóst er að innan kröfusvæðisins eru svæði sem nýtt voru af eignum Hólalands eins og jarðareiganda var heimilt, t.a.m. hafa engjar verið slegnar víða innan Selár. Þar er jafnframt víða að finna fornar kolagrafir og merki um svarðartekju. Einnig var Hólalandssel innan Selár, sem skýrir nafngift árinna.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi Borgarfjarðar sé sérstaklega skýr. Landnám Borgarfjarðar felur í sér afdráttarlausu afmörkun á landnámi innan fjallahrings sem er svo til allur bersýnilegur af láglandi. Land Hólalands er nánast allt sýnilegt af bæjarhólum og fjarstæðukennt að telja það hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarland sem þær hafa þurft og fáar heimildir eru um samnotaafrétti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttar hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Hólalands hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Voggi gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>3</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>4</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>5</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafreitt<sup>6</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Hólalands falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, þótt fáar séu, en bera þess merki að Hólalandsdalur tilheyrir Hólalandi eins og annað land jarðarinnar.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem eru og hafa alla tíð verið greinileg af láglandi Borgarfjarðar.

Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir eru um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið sé innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

<sup>3</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>4</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>5</sup> Bls. 114-120

<sup>6</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekk nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalög nr. 41/1919, auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnarsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fátíðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeigenda

  
**Jón Jónsson hrl.**  
Jón Jónsson hrl.  
Kt. 990976-5249

**Fylgiskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeigendum

Óbyggðanefnd,  
Skuggasundi,  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. júní 2022.

## KRÖFULÝSING TIL ÓBYGGÐANEFNDAR

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar 1. febrúar 2022 í Lögbirtingablaði og 10. gr. laga um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, er hér með lýst neðangreindri kröfu.

### I. JÖRÐ

Kröfulýsing þessi tekur til eftirfarandi jarðar:

Hvannstóð, Múlaping, L157253.

### II. LANDEIGENDUR SEM KRÖFUNNI LÝSA

Ágústa Sveinsdóttir, kt. 311243-4709,

Bjarni Sveinsson, kt. 120745-3799,

Bóthildur Sveinsdóttir, kt. 210158-4569,

Geirlaug Sveinsdóttir, kt. 111042-4469,

Guðrún Hvönn Sveinsdóttir, kt. 151059-7919,

Ingibjörg Sveinsdóttir, kt. 020554-5689,

Jón Sveinsson, kt. 020749-3429,

Karl Sveinsson, kt. 090456-5479.

### III. FYRIRSVAR

Undirritaður lögmaður Sigmar Páll Jónsson fer með mál þetta fyrir hönd landeigenda.

### IV. KRÖFUGERÐ

Landeigendur hafna með öllu kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis þess sem nefnt er *Afréttarlönd Hólalands og Hvannstóðar* og er af hálfu ríkisins afmarkað með eftirfarandi hætti:

„Upphafspunktur er þar sem Selá rennur í Fjarðará (1) og er Selá fylgt að upptökum (2) og upp í Tindfell (3). Þaðan vestur á Grjótfjall (4), síðan í Upsahorn (5) og hátind Beinageitarfjalls (6). Frá Beinageitarfjalli suður um Mýnesskörð og upp í Hvannstóðseggjar (7). Þaðan í upptök

Lambadalsár og er ánni fylgt norður þar til hún sveigir til austurs í átt að Þverá (8) og þaðan sjónhending í læk þann, er rennur úr Hlaupbotni (9) og eftir honum í upphafspunkt.“

Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan framangreindra merkja er mótmælt þar sem þau ná að mati umbj. minna til einkalands Hvannstóðs. Stangist hnitsettir punktar eða uppdraettir samkvæmt kröfum ríkisins á við þinglýst landamerkjabréf, ráða landamerkjabréf eða önnur heimildarskjöl. Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan framangreindra merkja er því mótmælt. Umbj. mínir telja landamerkjabréf, önnur heimildarskjöl og vatnaskil eiga að ráða afmörkun eignarlands á þessu landsvæði.

Í þinglýstu landamerkjabréfi Hvannstóðs frá 26. apríl 1938 segir m.a.:

„Að norðan ræður forn landamerkjagarður er nær á milli Fjarðará og Þverá, að austan ræður Þverá og síðan Lambadalsá uppá fjallseggjjar, að vestan ræður Fjarðará frá áður umgetnum merkjagarði og uppi svonefnd Mýrnesskörð, síðan ráða að sunnan fjallseggjjar milli Fjarðará og Lambadalsár.“

Með vísan til framangreinds er þess krafist af hálfu landeigenda aðallega að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við þinglýst landamerkjabréf frá 26. apríl 1938 auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan hnitsettra merkja á meðfylgjandi uppdraetti.

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á.m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum og ám.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

## V. MÁLAVEXTIR

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 20. apríl 2021, var fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 11 til meðferðar, Austurland. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 8. október 2021 og var sá frestur síðar framlengdur í nokkur skipti, loks til 25. janúar 2022.

Kröfusvæði 11 afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar, dags. 20. apríl 2021:

„Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlaþings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornafjarðar en mörkum þess og Múlaþings er síðan fylgt í suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.“

Þann 25. janúar 2022 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á framangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignaréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd. Frestur var upphaflega veittur til 6. maí 2022 en hefur síðan verið framlengdur.

Umbj. mínir telja til eignaréttinda á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar Hvannstóð teljist þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er landeigendum því nauðugur sá eini kostur að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

## VI. MÁLSÁSTÆÐUR

Umbj. mínir byggja á að umrætt land sem íslenska ríkið hefur lýst þjóðlendukröfum í hafi verið numið í öndverðu og sé því fullkomið eignarland. Allt land jarðarinnar Hvannstóð sé innan landnáms Veturliða sem nam land í Borgarfirði og bjó þar. Land það sem ríkið hefur lýst þjóðlendukröfum í er því að mati

umbj. minna undirorpið eignarétti þeirra og verði ekki af þeim tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskráinnar þar um.

Umbj. mínir byggja á því að sögulegar heimildir staðfesti að landamerki jarðarinnar Hvannstóð sé ekki minna en það sem lýst sé í landamerkjabréfi frá 26. apríl 1938, sbr. fylgiskjal nr. 3. Þá sýna aðrar sögulegar heimildir og gögn, ótvírætt fram á að umrætt land hafi ávallt verið háð einkaeignarétti og að sá eignaréttur hafi flust á milli manna með venjubundnum hætti. Hafi land innan framangreinds landamerkjabréfs þannig aldrei verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

Á því er byggt af hálfu umbj. minna að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt renni stoðum undir stöðu þess sem eignarlands. Þannig er stór hluti þess landsvæðis sem íslenska ríkið hefur lýst þjóðlendukröfu í sjáanlegt er staðið er við bæinn á jörðinni og liggur nærri að mörk þjóðlendu samkvæmt kröfum íslenska ríkisins taki til heimatúna svo nærri bænum liggja mörkin. Samkvæmt framangreindu er því öllum kröfum íslenska ríkisins mótmælt enda sé enga þjóðlendu að finna innan landamerkja jarðarinnar Hvannstóð að mati umbj. minna. Er þess því krafist að kröfum ríkisins verði hafnað og einkaeignaréttur umbj. minna að landinu viðurkenndur.

Málsástæður og röksemdir landeigenda verða frekar skýrðar í greinargerð sem lögð verður fram undir rekstri málsins.

## VII. LAGARÖK


Til stuðnings kröfum sínum byggja umbj. mínir á ákvæðum stjórnarskrár íslenska lýðveldisins nr. 33/1944, þá einkum 72. gr. hennar. Jafnframt er vísa til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið sem lög nr. 62/1994. Þá er vísað til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 46/1905 og til vatnalaga nr. 15/1923. Enn fremur er byggt á ákvæðum laga um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Landeigendur vísa þá einnig til landamerkjalaga nr. 41/1919, sbr. einnig eldri laga um sama efni. Vegna kröfu um málskostnað er vísað til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. einnig 17. gr. áðurgreindra laga nr. 58/1998.

## VIII. ÁSKILNAÐUR

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð íslenska ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,

f.h. landeigenda



Sigmar Páll Jónsson, lögmaður.

**Fylgiskjöl með kröfulýsingu þessari:**

1. Umboð lögmanns.
2. Kröfulínur landeigenda.
3. Landamerkjabréf, dags. 26. apríl 1938.
4. Veðbandayfirlit Hvannstóð, útprent Creditinfo.



# NORDIK

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

Óbyggðanefnd,  
Skuggasundi,  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. júní 2022.

## KRÖFULÝSING TIL ÓBYGGÐANEFNDAR

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar 1. febrúar 2022 í Lögbirtingablaði og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, er hér með lýst neðangreindri kröfu.

### I. JARÐIR

Kröfulýsing þessi tekur til eftirfarandi jarða:

Gilsárvellir 1, Múlaping, L157239,

Gilsárvellir 2, Múlaping, L157240,

Gilsárvellir 3, Múlaping, L157242,

Grund 1, Múlaping, L157245,

Grund 2, Múlaping, L157246

### II. LANDEIGENDUR SEM KRÖFUNNI LÝSA

Andrés Björnsson, kt. 100262-2589, landeigandi Gilsárvalla 1-3 (hér eftir eru jarðirnar sameiginlega nefndar „Gilsárvellir“).

Jón Sveinsson, kt. 020749-3429, landeigandi Grundar 1-2 (hér eftir eru jarðirnar sameiginlega nefndar „Grund“).

### III. FYRIRSVAR

Undirritaður lögmaður Sigmar Páll Jónsson fer með mál þetta fyrir hönd landeigenda.

### IV. KRÖFUGERÐ

Landeigendur hafna með öllu kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis þess sem nefnt er *Afréttarland Gilsárvalla* og er af hálfu ríkisins afmarkað með eftirfarandi hætti:

„Upphafspunktur er þar sem Lambadalsá rennur í Þverá (1) og er Lambadalsá fylgt alla leið inn í Lambadal og upp á fjallsbrún á Kerlingardalsfjalli (2). Þaðan eftir vatnaskilum til austurs á Skúmhattaraðir (3). Síðan í upptök Skúmhattardalsár (4) og er ánni fylgt aftur í upphafspunkt.“

Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan framangreindra merkja er mótmælt þar sem þau ná að mati umbj. minna til einkalands Gilsárvalla og Grundar en jarðirnar eiga í óskiptri sameign það land sem að krafa

ríkisins tekur til. Stangist hnitsettir punktar eða uppdrættir samkvæmt kröfum ríkisins á við þinglýst landamerkjabréf, ráða landamerkjabréf eða önnur heimildarskjöl. Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan framangreindra merkja er því mótmælt. Umbj. mínir telja landamerkjabréf, önnur heimildarskjöl og vatnaskil eiga að ráða afmörkun eignarlands á þessu landsvæði.

Í þinglýstri landamerkjalyýsingu Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu, er þinglýst var á manntalsþingi að Desjarmýri 4. júlí 1884, segir:

„Landamerki jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu: Milli Hvals og Gilsárvalla ræður lækur frá Fjarðará upp í Mæliskarð, upp Mælihygg upp austan í Dyrfjall. Milli Hólalands og Gilsárvalla eru landamerki úr vörðu á Aurnum upp í Krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr hlíðinni, eptir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl. Tunguna milli Fjarðarás og Þverár á Gilsárvöllur einn að Merkigardi. Afréttarland á Gilsárvöllur milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörpu.“

Með vísan til framangreinds er þess krafist af hálfu landeigenda aðallega að óbyggðanefnd viðurkenni beinan óskiptan eignarrétt þeirra á landi jarðanna í samræmi við þinglýsta landamerkjalyýsingu frá 4. júlí 1884 auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan hnitsettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti.

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á.m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum og ám.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

## V. MÁLAVEXTIR

Með bréfi óbyggðanefndar, dags 20. apríl 2021, var fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 11 til meðferðar, Austurland. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 8. október 2021 og var sá frestur síðar framlengdur í nokkur skipti, loks til 25. janúar 2022.

Kröfusvæði 11 afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar, dags. 20. apríl 2021:

„Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlaþings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornafjarðar en mörkum þess og Múlaþings er síðan fylgt í suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.“

Þann 25. janúar 2022 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á framangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignaréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd. Frestur var upphaflega veittur til 6. maí 2022 en hefur síðan verið framlengdur.

Umbj. mínir telja til eignaréttinda á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar Hvannstóð teljist þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er landeigendum því nauðugur sá eini kostur að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

## VI. MÁLSÁSTÆÐUR

Umbj. mínir byggja á að umrætt land sem íslenska ríkið hefur lýst þjóðlendukröfum í hafi verið numið í öndverðu og sé því fullkomið eignarland. Allt land jarðanna Gilsárvalla og Grundar sé innan landnáms Veturlíða sem nam land í Borgarfirði og bjó þar. Land það sem ríkið hefur lýst þjóðlendukröfum í er

Því að mati umbj. minna undirorpið eignarétti þeirra og verði ekki af þeim tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskráinnar þar um.

Umbj. mínir byggja á því að sögulegar heimildir staðfesti að landamerki jarðanna sé ekki minna en það sem lýst sé í landamerkjalyýsingu frá 4. júlí 1884. Þá sýna aðrar sögulegar heimildir og gögn, ótvírætt fram á að umrætt land hafi ávallt verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust á milli manna með venjubundnum hætti. Hafi land innan framangreindrar landamerkjalyýsingar þannig aldrei verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

Á því er byggt af hálfu umbj. minna að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt renni stoðum undir stöðu þess sem eignarlands. Landsvæði það er íslenska ríkið hefur lýst þjóðlendukröfu er ekki aðliggjandi öðrum hluta jarða umbj. minna heldur stendur sér innar í firðinum. Þetta á sér sögulegar ástæður sem betur verður gert grein fyrir í greinargerð umbj. minna undir rekstri málsins. Samkvæmt framangreindu er því öllum kröfum íslenska ríkisins mótmælt enda sé enga þjóðlendu að finna innan landamerkja jarðanna Gilsárvala og Grundar að mati umbj. minna. Er þess því krafist að kröfum ríkisins verði hafnað og einkaeignarréttur umbj. minna að landinu viðurkenndur.

Málsástæður og röksemdir landeigenda verða frekar skýrðar í greinargerð sem lögð verður fram í málinu undir rekstri málsins.

## VII. LAGARÖK


Til stuðnings kröfum sínum byggja umbj. mínir á ákvæðum stjórnarskrár íslenska lýðveldisins nr. 33/1944, þá einkum 72. gr. hennar. Jafnframt er vísa til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið sem lög nr. 62/1994. Þá er vísað til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 46/1905 og til vatnalaga nr. 15/1923. Enn fremur er byggt á ákvæðum laga um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Landeigendur vísa þá einnig til landamerkjalaga nr. 41/1919, sbr. einnig eldri laga um sama efni. Vegna kröfu um málskostnað er vísað til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. einnig 17. gr. áðurgreindra laga nr. 58/1998.

## VIII. ÁSKILNAÐUR

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð íslenska ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllt,

f.h. landeigenda



Sigmar Páll Jónsson, lögmaður.

**Fylgiskjöl með kröfulýsingu þessari:**

1. Umboð lögmanns frá landeiganda Gilsárvalla.
2. Umboð lögmanns frá landeiganda Grundar.
3. Kröfulínur landeigenda.

## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Desjarmýrar

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birt 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. Janúar 2022.

### I. Aðild og fyrirsvar.

Jörðin Desjarmýri landnr. L157234 er þinglýst eign Þjóðkirkjunnar, kt. 460169-6909. Hér eftir vísað til hennar sem landeiganda.

Fyrirsvar fyrir Óbyggðanefnda hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 11. febrúar 2022.

### II. Kröfugerð.

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka er eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Að sunnanverðu á Desjarmýri land til móts við Húsavík af Skúmhattardalsvarpi (1) yfir Skúmhöttinn (2) og eftir hæstu fjallaröðum út í fjall það er Náttmálafjall (3) heitir og úr Náttmálafjalli eftir Húsavíkurheiðarvarpi (4) upp á Hvítserkshnúk (5).

Landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur eru bein lína ofan úr Hvítserkshnúk á mitt fremra eða stærra Gæsavatn (6).

Landamerki milli Desjarmýrar og Breiðuvíkur eru bein lína úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnjúka (7) í Gatfjall (8) og þaðan út að Bálkaskarði (9) sem er hlut hæstu fjallaraðir út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru og Litlu Breiðuvíkur og Borgarfjarðar.

Þaðan beint í Hrafnásá (10) og eftir henni niður í Fjarðará.(11)

Að norðanverðu ræður Fjarðaráin – milli Desjarmýrar að sunnan og Jökulsár, Hvals og Gilsárvalla að norðan, alt þangað til Þverá fellur í hana (12), en úr því ræður Þverá milli Desjarmýrar að austan og sunnan og Gilsárvalla, Grundar og Hvannstóðs að norðan og vestan, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana (13), en þaðan ræðu Skúmhattardalsá milli Desjarmýrar að sunnan og Gilsárvalla að norðan – alla leið inn og suður í Skúmhattardalsbotn (14) og beina línu þaðan upp á Skúmhattardalsvarp (1).

Til vara er krafist viðurkenningu á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður.

#### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu.

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á gildandi landamerkjalyýsingu Desjarmýrar dags. 10. desember 1921, sem þinglesið var á Borgarfjarðarmanntalsþingi 16. júlí 1923. Landamerkjalyýsingin tók til jarðarinnar Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi.

Við afmörkun kröfugerðar hefur sérstaklega verið tekið tillit til þess að land fyrrum hjáleigunnar Þrándarstaða hefur verið skilið frá Desjarmýri og jörðin nú sjálfstæð fasteign. Það gerðist með því að nýbýlið Sólbakki var reist árið 1938 og náði yfir landið sem jafnan fylgdi hjáleigunni Þrándarstöðum, þ.e. ysta hluta fyrrum lands Desjarmýrar sem lá að Hofströnd, Brúnavík og Breiðuvík að nokkru marki. Svæðið liggur utan þjóðlendukröfu ríkisins.

Setberg var hjáleiga frá Desjarmýri og land sem hjáleigunni fylgdi hluti lands Desjarmýrar.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

#### 2. Þættir úr sögu jarðarinnar.

Jörðin Desjarmýri er í eldri heimildum einnig nefnd Dysjarmýri eða Mýrastaður.

##### 2.1. Landnám.

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norræna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Veturliði Aðalbjarnarson (eða Ásbjarnarson) bróðir Þorsteins torfa og Lýtings í Krossavík, nam Borgarfjörð; það er um 13 býla land. Landnámi er ekki afmarkað frekar en landfræðilega er Borgarfjörður skýrlega afmarkaður af fjöllum. Landnámið má jafnframt greina með tilliti til þess að sérstök landnám voru í Njarðvík að norðan, og Breiðuvík og Húsavík að Sunnan. Landnámsmaður Breiðuvíkur var Þórir lína, en synir hans voru þeir Sveinungi og Gunnsteinn. Sveinungi bjó síðar á Bakka í Borgarfirði en Gunnsteinn á Desjarmýri.<sup>1</sup>

##### 2.2. Heimildir fram til 1700.

Desjarmýrarkirkja er nefnd í kirknaskrá Páls frá um 1200. Árið 1354 áttu sókn til hennar allir bæir í Borgarfirði auk bæja í víkum suður að Breiðuvík. Desjarmýrarkirkja var staður og átti allt heimalandið sem var allur austurhluti Borgarfjarðar, frá Hofströnd og suður að mörkum við Húsavík.<sup>2</sup>

Samkvæmt Prestatali og prófasta er getið um prestinn Einar á Desjarmýri, skv. Vilchinsmáldaga, sem hafði verið prestur 16 ár eða lengur fyrir 1397.

Máldagar Desjarmýrarkirkju tilgreindir frá árunum 1554, 1574 og 1599 eru varðveittir, sbr. handritið AM 2594to., sjá Íslenskt fornbréfasafn. Hvað landmerki snertir kemur þar m.a. fram:

<sup>1</sup> Austurland. 1948. Landnám í Austfirðingafjórðungi. Bls. 58-61.

<sup>2</sup> Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. 1998. Bls. 22-23.

*Kirkjan á land allt á Desjarmyre til móts við Húsvíkings svo sem að fornu hefur staðið og allan Hrafnaldal og út á móts við Hofstrandar land.*

Í þessari sköpunarlýsingu er glögglega vísað til innri hluta landsins á móts við land Húsvíkur, og ytri hluti landsins sem er Hrafnaldalur, sbr. Hrafná sem nú skilur að mörk Desjarmýrar og Sólbakka, og tók til lands hjáleigunnar Þrándarstaða. Afmörkun landsins þarna á milli skýrist að öðru leyti af nokkuð glöggum landfræðilegum aðstæðum.

### **2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.**

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, er Desjarmýri beneficium, presti til uppheldis, ásamt Þrándarstöðum og Setbergi, sem tilgreind er sem Kyrkjujörð.

Í jarðamati 1804 er Desjarmýri talin 20 hundruð, með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 er Desjarmýri talin, Þrándarstaðir sem hjáleiga og Setberg sem kirkjueign, með neðanmálgrein þar sem fram kemur m.a.: *Jörð þessi hefir áður fyrri optast nær verið í eyði, og er hún 1804 talin sem eyðihjáleiga með Desjarmýri, en 1696 er hún talin jörð sér, 8 h. að dýrleika með 40 al. lsk. (40 álna landskuld).*

Í brauðamati fyrir Desjarmýri, frá 1854 er Þrándarstaðir talin hjáleiga en Setberg kirkujörð.

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfest 1861, var Desjarmýri tilgreind ásamt hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi sem þá eru taldar 4 forn hundruð hvor. Jarðamat fyrir Desjarmýri í heild var ákveðið 34,6 ný hundruð.

### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882**

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplestin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi og mótmælti Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum nefndri lögfestu vegna Húsvíkurkirkju. Lögfestan var frá 31. maí 1772 og er efni hennar rakið í heild í minnisblaði ÞÍ, dags. 19.1.2022, bls. 42. Þar kemur fram að lögfest sé land;

*Desjarmýrarkirkju Eign, með öllu Setbergs Landi, hálfan Skúmhattardal og svo Sudr. Á Húsvíkurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Gæsavötn, allan Mosdal, og allan Hrafnaldal*

Vegna mótmæla sem komu fram vegna Húsvíkurkirkju, má ætla að það hafi verið vegna lands Litlu Breiðuvíkur, sem hafði verið kirkujörð Húsvíkur (sbr. jarðabók frá lokum 17. aldar og jarðamat 1804). Lönd Litlu Breiðuvíkur og Desjarmýrar liggja saman við Gæsavötn.

Hinn 2. október 1840 var hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir landamerkjamáli milli jarðanna Desjarmýrar og Húsvíkur. Enginn sátt náðist, en málið var tekið fyrir að nýju hjá nefndinni hinn 23. Júlí 1842, en einkum var deilt um landstykkið Efri Fitjar, sbr. örnefnalýsingu fyrir Desjarmýri. Umrætt svæði liggur nærri Gæsavötnum, sem er nærri vatnaskilum. Virðist komast á sátt um að landamerki skuli vera *hædsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvadan Lína talist yfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn (fremra Gæsavatn) og og þar sem hún vill Lenda á gagnstandandi Fjalli. Síðari landamerkjabréf byggja á þessari niðurstöðu að landamerkin liggja á mitt fremra Gæsavatn.*

Á manntalsþingi á Desjarmýri 10. júlí 1844, var jafnframt lesinn upp lögfesta. Þar kemur fram að þinglýst hafi verið, lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjueign frá 23.05.1772 frá Halldóri Gíslasyni með öllu Setbergslandi og tilheyrandi afskrift af Borgarfjarðarhrepps forlíkunar protocoll frá 23.07.1842.

### 2.5. Sérstaklega um hjáleiguna Setberg.

Hjáleiga Desjarmýrar, Setberg, virðist hafa verið í stopulli byggð. Setbergs er ekki sérstaklega getið í máldaga á 16. öld. Í jarðabók frá lokum 17. aldar er Setbergs getið. Í jarðamati 1804 er Setberg tilgreind eyðihjáleiga.

Í manntali frá 1703 er enginn talinn til heimils að Setbergi, en 18 manns að Desjarmýri, þar með er þó einn „hjáleigumaður“. Enginn er talinn að Setbergi í manntali 1816, en 11 manns í manntali 1835. Í manntali 1860 eru 6 manns taldir til heimilis að Setbergi, en enginn í manntali 1870. Samkvæmt ritinu Sveitir og jarðir í Múlaþingi var síðasti ábúandi á Setbergi Stefán Gunnlaugsson frá 1895-1908.

Í lýsingu Desjarmýrarsóknar frá 1839-1840 er Setberg tilgreint sem eitt fjögurra nýbýla í sókninni sem voru á síðust 16 árum uppbyggð.

Þá liggur fyrir byggingarbréf frá 2. apríl 1855 um Setberg, sbr. minnisblað ÞÍ, bls. 43. Merki hjáleigunnar Setbergs eru þar tilgreind *Myrká að utan, Þverá að neðan og innan og svo Krossá, en að ofan úr Hvítahnúk í Urðarhólavatn og þaðan í fossinn í efri Selhúsalæk*. Þá er tekið fram að ábúandi hafa afrétt saman við Desjarmýri. Land sem byggingarbréf Setbergs tók til er afmarkað á korti til hliðsjónar;

### 2.6. Landamerkjabréf

Landamerkjabréf var gert fyrir Desjarmýri í kjölfar setningar landamerkjalaga á árinu 1882. Bréfið hefur yfirskriftina Landamerki jarðarinnar Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, dags. 17. maí 1890, þinglýst á Desjarmýrarmanntalsþingi 29. júní 1891.

Annað landamerkjabréf var gert í kjölfar gildistöku landamerkjalaga nr. 41/1919. Bréfið er dags. 10. desember 1921, sem þinglesið var á Borgarfjarðarmanntalsþingi 16. júlí 1923. Landmerkjalýsingin er samsvarandi eldri lýsingum.

### 3. Lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til er eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Desjarmýrar. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendir, í kafla 5.7 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og í kafla 6 er fjallað um dóma sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Samkvæmt kafla 7.6 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé land Desjarmýrar fyrir innan þau merki sem lýst var fyrir hjáleiguna Setberg í byggingarbréfi á árinu 1855. Sérstök athygli er vakin á ósamræmi í afmörkun svæðisins samkvæmt textanum og kröfulínukorti ríkisins, sbr. til hliðsjónar kort af byggingarbréfsmerkjum Setbergs.

Landeigandi hafnar hvers kyns lagasjónarmiðum um að merki Setbergs samkvæmt byggingarbréfi frá 1855 og/eða öðrum heimildum um önnur merki Setbergs, sem gerð eru í krafti eignarhalds á jörðinni



Desjarmýri, hafi nokkra þýðingu varðandi þjóðlendusvæði. Staða Setbergs sem hjáleigu og/eða e.t.v. kirkjujarðar, á grundvelli eignarréttarlegra heimilda eiganda Desjarmýrar til að byggja jörðina eða afmarka land úr Desjarmýri, hefur með engu mót rýrt eða takmarkað eignarréttarlega stöðu heildarlands Desjarmýrar. Sjóarmið ríkisins eru ekki samræmi við stöðu og eðli hjáleigna að íslenskum rétti.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður í Borgarfirði leiði til þess að lýsing landnámu á upphaflegu landnámi í Borgarfirði sé sérstaklega skýr. Landnám á Borgarfirði öllum felur í sér afdráttarlausa afmörkun á landnámi innan fjallahrings sem er bersýnilegur af láglandi.

Lýsingar allra skjala sem fyrir liggja ber að sama brunnni að um eignarland Desjarmýrar sé að ræða. Heimildirnar eru til þar sem um kirkjujörð er að ræða, en í þeim endurspeglast í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi, þar sem merki miðast jafnan við vatnaskil. Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarland sem þær hafa þurft og engar heimildir um samnotaafrétti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem hefur verið nefnt Desjarmýrarafréttur, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að svæðið hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>3</sup> að afréttur sé beitararéttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Heitið Desjarmýrarafréttur vísar til slíkra nota og aðstæðna. Þá er ljóst að Borgarfjörður var í raun þéttbýl sveit á austfirskan mælikvarða og jarðir utar í firðinum landminni en þær sem framar liggja. Því hafa eigendur Desjarmýrar getað heimilað afréttarnýtingu.

Heimildir eru um víðtækari not á svæðinu en venjuleg beitarnot, til dæmis um heyskap. ,

EKKI verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávalt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður Óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>4</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>5</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt<sup>6</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

<sup>3</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>4</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>5</sup> Bls. 114-120

<sup>6</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið véfengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

Landamerkjabréf Desjarmýrar falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildarskjöl.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda er mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem eru og hafa alla tíð verið greinileg af láglendi Borgarfjarðar.

Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir eru um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnáms svæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjállegum sönnunargögnum. Eins og að framan var

rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendlög nr. 58/1998

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar

Jafnræðisregla stjórnarskrár

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum 91/1991 um meðferð einkamála

Landamerkjalog nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 15. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda

Jón Jónsson hrl.

Kt. 090976-5249

Jón Jónsson hrl.

#### Fylgiskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Þinglýsingarvottorð
3. Umboð frá landeiganda
4. Kort af hjáleigumerkjum Setbergs 1855 m.v. þjóðlendukröfu.



## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Brúnavíkur

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

### I. Aðild og fyrirvar

Aðild er hjá þinglýstum eigendum Brúnavíkur, landnr. L157230, sem eru Múlaþing, kt. 660220-1350 og db. Jóns Sigurðssonar, kt. 110632-2239.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 1. mars og 17. mars 2022.

### Kröfugerð

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Að sunnan úr næsta vog sunnan Gusugilsfjöru (1), í Glettingsbrún, utan við Glettingsgjót (2). Þaðan eftir röðum á Glettingskoll (3). Svo eftir hæstu fjallaröðum á Súlutind (4). Og svo eftir fjallsröð á Gagnheiði (5), þaðan norður Þrándarhrygg (6) í Miðstrýp á Grenishæðum (7). Þaðan út fjallsraðir eftir því sem vötn falla til víkurinnar á Stekkhvammsfell (8), þaðan austur Almenningsröð (9) og í mitt Almenningsflesjarsund (10).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### II. Málavextir og helstu málsástæður

#### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á gildandi landamerkjalyýsingu Brúnavíkur og Hvalvíkur, dags. 25. janúar 1922, sem þinglesin var á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922. Yfirskrift landamerkjalyýsingarinnar er *Landmerki Brúnavíkur og Hvalvíkur sem er sameign*.

Landamerkjalyýsing, dags. 3. júlí 1884, sem þinglýst var á Desjamýrarmantalsþingi 4. júlí 1884, lýsir merkjum Brúnavíkur og Hvalvíkur sérstaklega. Heildarmerki jarðanna eru þau sömu þótt að hluta sé vísað til annarra kennileita eða örnefna á merkjaleiðinni. Þar segir:

Landamerki Brúnavíkur að innan, eru af Gagnheiði ofan Þrándarhrygg, þaðan út á Svartafell og svo út allar fjallaraðir eptir því sem vötn falla til Víkurinnar og svo út Almenningsröð í mitt Flesjarsund. Og svo að

sunnan af Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker. Hvalvík á allt sitt land ítakalaust fjallstinda á milli austur í Glettingsgjá. Reka norður í Æðarsker, en að austan í vog niður undan Glettingsbrún.

Afmörkun landamerka í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Af vikunum 6 milli Borgarfjarðar og og Loðmundarfjarðar er getið landnáms í einungis tveimur, Breiðuvík og Húsavík. Tvær hinna, Brúnavík og Herjólfsvík, bera þó fornmannanöfn. Einhver eyða getur verið í landnámsfrásögninni um landnám eða umfang landnáma.<sup>1</sup>

Þórir lína nam Breiðuvík en synir hans voru Sveinungi og Gunnsteinn. Sveinungi bjó síðar á Bakka og Gunnsteinn á Desjarmýri í Borgarfirði, þ.e. í landnámi Veturliða Ásbjarnarsonar, sem nam Borgarfjörð. Þessi búskapur bræðra verður talinn benda til skyldleika, vináttu eða vensla.

Hvað sem landnámslýsingum líður, túlkun þeirra eða gloppum, er ekkert tilefni til að ætla annað en víkurnar hafi verið numdar, þ. á m. Brúnavík og Hvalvík.

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Talið er að Brúnavík hafi byggst snemma og þá e.t.v. á 10. öld, en þá eftir að stærri jarðir byggðust.<sup>2</sup> Ekki liggja fyrir ályktanir um byggð í Hvalvík, en jörðin er þó talin hafa verið fornbylí.<sup>3</sup>

Í manntali 1703 eru þar tilgreindir 6 íbúar. Jörðin Hvalvík virðist hafa farið í eyði um nokkurn tíma eftir það. Enginn íbúi er þar 1816, 5 íbúar 1835 og jörðin þá nýbyggð aftur. 9 íbúar 1840, en enginn 1845 og eftir það.<sup>4</sup>

Ljóst er að Brúnavík og Hvalvík voru sjálfstæðar jarðir. Hvalvíkur er getið í bréfabók Brynjólfs Biskups og kemur þar fram lýsing merkja jarðarinnar, sbr. uppskrift Finns Magnússonar Etatsráðs úr 20. Bréfabók Brynjólfs árin 1672 og 1673.<sup>5</sup> Bréfið er uppskrift Jóns Austfjörð, gerð á *Klippstað* í Loðmundarfirði 5. maí 1846. Þar kemur fram:

*Hvalvík á allt sitt land ítölulaust fjallatinda á milli, austur í Glettingsgjá, reka norður í æðarsker, að austan í vog niður undir Glettingsbrún.*

<sup>1</sup> Landnám í Austfirðingafjórðungi Austurland – Safn austfirskra fræða 1948.

<sup>2</sup> Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystri. Svæðisskráning 1998. Fornleifastofnun Íslands. Bls. 23-24.

<sup>3</sup> T.d. Sóknarlýsing Desjamýrarsóknar 1839-40, t.d. bls. 203, þar sem vísað er til Hvalvíkur sem nýbyggðs fornbylís.

<sup>4</sup> Heimild [www.manntal.is](http://www.manntal.is).

<sup>5</sup> Gögn fundin á Héraðsskjalasafni Austurlands.

Þessi forna lýsing virðist hafa skilað sér í gerð landamerkjabréfa fyrir Brúnavík eftir að Hvalvík var farin að fylgja jörðinni.

### **2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.**

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, er bæði Brúnavíkur og Hvalvíkur getið. Jarðirnar eru tilgreindar í eigu Vígfúsar Hannessonar sýslumanns í Árnesþingi<sup>6</sup> á grundvelli heimildarskjals, dags. 27. maí 1682. Jarðirnar eru taldar upp í röðinni, Brúnavík, Hólaland, Hvalvík, Kjólsvík og Breiðavík. Það ber þess merki að Hvalvík og Brúnavík hafi verið sjálfstæðar jarðir en að eignarhald þeirra hafi verið á sömu hendi. Brúnavík er talin 16 hundruð og Hvalvík 4 hundruð.

Þessi skráning er í samræmi við færslu í jarðaskrá 1686 og 1696.<sup>7</sup>

Í jarðamati 1804 er einungis Brúnavík tilgreind og eigandi þá Árni Þorsteinsson prófastur.<sup>8</sup> Jörðin er þá setin af Bjarna Einarssyni. Jörðin er tilgreind 16 hundruð.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 er Brúnavík talin og tilgreind 16 hundruð. Sögð bænda eign.

Í jarðamati 1849 er Brúnavík talin ásamt eyðibýlinu Hvalvík. Virðingarverð er 700.

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1861, er Brúnavík talin og hún tilgreind 16 hundruð og 23,0 ný hundruð.

Í brauðamati 1854 kemur fram að Vallaneskirkja eigi reka í Brúnavík og Hvalvík. Áttung úr hval í Brúnavík, og í Kjólsvík og hvalreka í Hvalvík. Rekarétturinn í Brúnavík er því ekki jafn sem bendir til þess að ítök kirkjunnar hafi stofnast þegar jarðirnar voru ótengdar. Ítökin eru eðli máls samkvæmt mun eldri en brauðamatið.

Í fasteignamati 1916 er Brúnavík talin. Þar segir m.a.: Jörðin hefur gott upprekstrarland og ágæta hrossagöngu á svokallaðri „Hvalvík“.

### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882**

Lögfesta hefur komið fram um Brúnavík, dags. 24 október 1811, undirrituð af áðurnefndum Árna Þorsteinssyni prófasti.<sup>9</sup> Lögfestan hefst svo:

*Hjer með lögfesti ég undirskrifaður landeign og reka eignarjarðar minnar Brúnavíkur við Borgarfjörð sem er xx hundruð að dýrleika, ásamt þar meðfylgjandi Hvalvíkur 4 hundruð.....*

Landamerkjum eru svo jafnframt lýst. Þarna kemur fram heimild um að Hvalvík falli undir Brúnavík og að jörðin sé persónuleg eign séra Árna, sem var prestur og prófastur á Kirkjubæ Hróarstungu.

<sup>6</sup> Vígfús f. 1653 – d. 2. desember 1714. Sýslumaður Árnassýslu frá 1702 en hafði áður fengið vonarbréf fyrir sýslunni 1694. Var áður ráðsmaður Skálholtstóls 1684-1681.

<sup>7</sup> Sjá bls. 318.

<sup>8</sup> Stúdent frá Hólaskóla 1775 og talinn afbragðs námsmaður. Vígðist 5. ágúst 1781 aðstoðarprestur sr. Skafta Árnasonar að Hofi í Vopnafirði og fékk það prestakall eftir lát hans 17. júní 1782. Prófastur í Norður-Múlasýslu 1789. Sagði því embætti lausu 1810. Fékk Kirkjubæ í Tungu 12. mars 1791 og var þar til dauðadags. [www.ismus.is](http://www.ismus.is)

<sup>9</sup> Lögfesta þessi og fleiri gögn komu fram á Héraðsskjalasafni Austurlands úr skjalasafni Vilhjálms Hjálmarssonar Brekku, en afi hans og alnafni hafði átt Brúnavík og þá líklega fengið (eða safnað) eldri skjöl sem jörðinni tilheyrðu.

Önnur lögfesta er til um Brúnavík, dags. 26. mars 1842, undirrituð á Valþjófsstað af S Árnasyni, sem er Stefán Árnason prestur og sonur Árna Þorsteinssonar. Lögfestan hefst á því að hann vísar til sín sem umboðsmanns jarðarinnar Brúnavíkur, ásamt meðfylgjandi afbýli Hvalvíkur. Lögfesta þessi er væntanlega sú er þinglesin var á Desjarmýrarmantalsþingi 24. júní 1842.<sup>10</sup>

Í sóknarlýsingu fyrir Desjarmýrarsókn frá 1839-1840, segir m.a. að Hvalvík sé hjáleiga frá Brúnavík, nýuppbyggð úr eyði. Jafnframt er Hvalvík talin upp með nýbýlum.<sup>11</sup>

Þess ber að geta að á þessum tíma var ábúð í Hvalvík, sbr. umfjöllun um manntalsgögn. Brúnavík var einnig byggð, en þar var tvíbýlt, a.m.k. þegar leið á 19. öldina. Vísað er til byggingarbréfs, dags. 9. júní 1874, um hálfá jörðina, sem Páll Ólafsson skrifar undir<sup>12</sup>. Þannig er vísað til úttekta, dags. 11. maí 1878, sem varðar jarðarhúsin á hálfri Brúnavík. Undir þau er ritað af Stefáni Péturssyni f.h. landsdrottins. Viðtakandi er Steinn Sigurðsson.

Með kaupsamningi dags. 6. janúar 1880, seldi Stefán Halldórsson, prestur á Dvergastein í Seyðisfirði, Vilhjálmi Hjálmarssyni, óðalsbónda á Brekku í Mjóafirði, Brúnavík. Til er byggingarbréf dags. 16. ágúst 1881, þar sem Vilhjálmur byggir Steini Sigurðssyni hálfá Brúnavík.

Steinn Sigurðsson hefur síðar eignast jörðina, en hann skrifar undir landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 3. júlí 1884.

### **2.5. Landamerkjabréf**

Landamerkjalyýsingu, dags. 3. júlí 1884, var þinglýst á Desjarmýrarmantalsþingi 4. júlí 1884, lýsir merkjum Brúnavíkur og Hvalvíkur sérstaklega.

Önnur landamerkjalyýsing Brúnavíkur og Hvalvíkur var gerð eftir gildistöku landamerkjalaga 1919, dags. 25. janúar 1922. Hún var þinglesin á Borgarfjarðarmantalsþingi 17. júlí 1922. Yfirskrift landamerkjalyýsingarinnar er Landmerki Brúnavíkur og Hvalvíkur sem er sameign. Heildarmerki jarðanna eru þau sömu og samkvæmt eldra bréfi þótt að hluta sé vísað til annarra kennileita eða örnefna á merkjaleiðinni.

### **3. Lagasjónarmið**

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Brúnavíkur. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendir, í kafla 5.10 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Samkvæmt kafla 7.9 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé land Hvalvíkur.

<sup>10</sup> Sjá N-Múl. GA/4-1 (1842-1854) Bls. 6r. (Ekki getið í minnisblaði þí eða bæjarheiti skráð sem lykilorð í gagnagrunni)

<sup>11</sup> Sjá bls. 209-210.

<sup>12</sup> Páll Ólafsson skáld, bjó lengi á Hallfreðstöðum en síðar í Loðmundarfirði. Hann var lengi umboðsmaður konungsjarða. Ekki er alveg ljóst hvort hann eigi þarna jörðina sjálfur eða hvort hann skrifar undir í umboði einhvers, en þess er þó ekki sérstaklega getið.



Lagasjónarmið að baki þjóðlendukröfunni eru óskýr og mögulega telur íslenska ríkið að um Hvalvík gildi að eignarréttur yfir landi jarðarinnar hafi glatast, fremur en að telja að eignarréttur hafi aldrei stofnast. Ekkert bendir til annars að þessi hluti austast hluta Íslands hafi verið numin, enda komu landnámsmenn þar að landi í fyrstu og Hvalvík var talið fornbyli. E.t.v. er ríkið að horfa til sjónarmiða sambærilegra og á reyndi í Hæstaréttardómi í máli nr. 496/2005 varðandi jörðina Breiðármörk. Um Hvalvík gildir að jörðin var í eigu sama aðila og jörðin Brúnavík árið 1682 og gögn bera með sér að hún hafi síðar orðið hluti jarðarinnar Brúnavíkur. Afsöl um Brúnavík ber að skoða í ljósi þessarar stöðu.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttar hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Brúnavíkur, eða Hvalvíkur, hafi nokkru sinni haft lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>13</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit á nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Sýnt er að Hvalvík hentað vel til þessa brúks eftir að hún varð hluti lands Brúnavíkur.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði og tengjast stöðu þess sem afréttar. Sambærileg svæði hafa verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>14</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>15</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt<sup>16</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni, og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Brúnavíkur fellur í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar þegar tekið hefur verið tillit til lands sem Hvalvík tilheyrði. Með vísan til stöðu landsins, gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið. Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hefði verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir eru um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu.

<sup>13</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>14</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>15</sup> Bls. 114-120

<sup>16</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið sé innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnáms svæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

### III. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalög nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar. Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur. Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986. Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### IV. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.<sup>17</sup>

Þykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeigenda

Jón Jónsson hrl.

kt. 090976-5249

Jón Jónsson hrl.

#### Fygliskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeigendum

<sup>17</sup> Þó nokkuð af gögnum um Brúnavík og Hvalvík liggja fyrir hjá Héraðsskjalasafni Austurlands. Gert er ráð fyrir að þeim verði komið til Þjóðskjalasafns, þau skrifuð upp og lögð fram ásamt öðrum gögnum sem eru hluti af heildstæðri framsetningu á gögnum vegna jarðarinnar.



**Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík**

Reykjavík, 20. júní 2022

### KRÖFULÝSING

f.h. eigenda Húsavíkurtorfu í Múlaþingi (Húsavík, L157252, Dalland, L157232, Dallandspartur, L157233, Hólshús, L157251)

#### **Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 1. febrúar s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða á Austfjörðum, svæði 11, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 6. maí 2022, en fresturinn var síðar framlengdur til 7. júní s.l., og enn síðar til dagsins í dag.

#### **Aðild og fyrirsvar:**

Eigendur Húsavíkurtorfu eru:

Örn Hrafnsson, kt. 020392-3049, Margeir Hrafnsson, kt. 071194-2139, Elfar Þór Tryggvason, kt. 170260-2529 og Þorsteinn Ragnarsson, kt. 251263-5829 (eigendur Húsavíkur), Ingibjörn Kristinsson, kt. 050142-2219 og Skúli Kristinsson, kt. 120143-2639 (eigendur Dallands), db. Guðrúnar H Hallgrímsdóttur, kt. 120424-3359 (eigandi Hólshúsa). Elfar Þór Tryggvason er einn eigandi Dallandsparts.

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

#### **Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeigenda er, að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi Húsavíkurtorfu að Herjólfsvík meðtalinni í samræmi við merkjalýsingar landamerkjabréfa jarðarinnar, dómsátt frá 23. júlí 1842 og landamerkjadóm frá 29. ágúst 1890, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti:

*Frá sjó af Örvasandi syðst (1) beina línu upp í Álftavíkurtind (2) og þaðan eftir hæstu fjallaröðum inn Álftavíkureggjar í Miðmundaþúfu (3) Þaðan í Miðdegisfjall (4) og þaðan eftir Fossdalsvarpi yfir Nónfjall (5) eftir vatnaskilum á Neshálsi og upp á fjallið Skæling (6) þar næst fram og norður eftir fjallgördum á fjallið Skúmhött (7) þaðan eftir hæstu fjallaröðum út á Náttmálafell (8) og þaðan eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnjúk (9) þaðan út fjallsraðir á Leirufjall (10) og þaðan í Sólfjall (11) og þaðan beina stefnu í Griðarnestá (12) þar sem hún skagar lengst út í sjó og þaðan í punkt 1.*

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

**Málavextir og helstu málsástæður:**

Húsavík er forn jörð og getið í Landnámu, sem landámsjarðar Þorsteins kleggja.

Kirkja reis snemma í Húsavík og er hennar getið í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups,

Íslenska ríkið gerir þá kröfu, að Herjólfsvík, sem alla tíð hefur verið hluti af landi jarðarinnar, verði úrskurðuð þjóðlenda, eins og vötn falla til víkurinnar. Að því er virðist eru einu röksemdir íslenska ríkisins fyrir kröfugerð sinni lýst á bls. 197 í kröfulýsingu en þar segir orðrétt:

*Við afmörkun á þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til staðarháttar þar sem nær engar heimildir hafa fundist um kröfusvæðið, svo og til lýsingar á landsvæðinu í Árbók Ferðafélags Íslands 2008.*

Að mati landeigenda eru það ekki rök til stuðnings þjóðlendukröfu, að lítið sé fjallað í skriflegum heimildum um einstaka hluta jarðar og enn síður telja landeigendur, að umfjöllun í ritum almenns eðlis geti kollvarpað þinglýstum landamerkjabréfum jarðar eða leitt til þess að landamerkjalyásingar þeirra verði dregnar í efa.

Fyrri landamerkjabréf torfunnar er undirritað af eigendum hennar á tímabilinu 17. maí – 21. júní 1887 og samanstóð hún þá af Húsavík, Hólshúsum, Dallandi, Dallandsparti, Álftavík og Litlu-Breiðavík. Bréfið er áritað af eigendum eða umráðamönnum allra aðliggjandi jarða í Loðmundar- og Borgarfjarðahreppi utan umráðamanns Ness (með Neshjáleigu) í Loðmundarfirði. Nes var á þessum tíma í eigu Skriðuklausturs.

Ástæðan fyrir því hvers vegna umráðamaður eða umboðsmaður Skriðuklaustursjarða ritar ekki á landamerkjabréfið er væntanlega sú að lengi hafði verið deilt um landamerki milli jarðanna og er deilunnar m.a. getið í Nýrri jarðabók fyrir Ísland á bls. 139. Deilan var loks sett niður með dómi sem féll þann 29. ágúst 1890, sbr. bls. 197 í kröfulýsingu ríkisins.

Þá benda landeigendur á, að fyrir liggur dómsátt milli umráðamanns Húsavíkurtorfu og umráðamanns Desjamýrar um landamerki jarðanna, sem gerð var 23. júlí 1842, sbr. bls. 83-84 í greinargerð Þjóðskjalasafns.

Það liggja því fyrir dómar um norður og suðurmerki Húsavíkurtorfu sem samræmast ágætlega landamerkjalyásingu landamerkjabréfsins frá 1887, sem fyrr var getið og lýsir norðurmerkjum torfunnar svo:

*...þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunnan við ána, og því næst beint til sjóar...*

Herjólfsvík liggur sunnan tilvitnaðrar merkjalýsingar bréfsins og er víkin ekki sérgreind á nokkurn hátt frá öðru landi jarðarinnar og landeigendum hulin ráðgáta hvers vegna önnur eignarréttarleg staða ætti að gilda um vikina, en annað land jarðarinnar.

Nýtt landamerkjabréf torfunnar var gert 26. desember 1921, enda höfðu þá Álfavík og Litla-Breiðavík öðlast stöðu sjálfstæðra jarða. Sérstakt landamerkjabréf Litlu-Breiðuvíkur var undirritað 15. desember 1921 og sérstakt landamerkjabréf Álfavíkur var undirritað, þann 30. desember s.á.

Norðurmerkjum torfunnar er lýst svo í hinu nýja landamerkjabréfi:

*...þaðan eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk. Því næst út fjallsraðir á Leirufjall og þaðan í Sólfjall og úr Sólfjallstindi beina stefnu í Gríðarnestá, er skagar lengst í sjó fram.*

Það sama gildir hér og í tilfalli hins eldra landamerkjabréfs torfunnar að Herjólfsvík liggur sunnan tilvitnaðrar merkjalýsingar og vikin ekki sérgreind á nokkurn hátt frá öðru landi jarðarinnar.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Landeigendur leggja áherslu á að þegar óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarrétta innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámsgæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar segir:

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*

Í 3. kapítula landsbrigðabáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...*

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagöngu, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjálaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjálaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn varðandi umfang eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu auk þess sem tveimur landamerkjabréfum torfunnar hefur verið þinglýst og við þau miðað í lögskiptum t.a.m. við framsal eignarréttar.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjälögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjälýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinns bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt þá í þeirri trú.

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

### **Helstu lagarök:**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar

Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjálaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978



Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.


Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

#### Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,  
fh. landeigenda



Friðbjörn Garðarsson hrl.

#### Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð



Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. júní 2022

## KRÖFULÝSING

### I. Inngangur

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða á svæði 11, Austfjörðum, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 6. maí 2022, en fresturinn var síðar framlengdur til 20. júní 2022.

### II. Jörð

Kröfulýsing þessi varðar jörðin Ytri-Álftavík í Norður-Múlasýslu. Jörðin er skv. fasteignaskrá Þjóðskrár með fasteignanúmerið F2174196 og landnúmerið L157226 og ber þar í dag heitið Glaumbær. Í eldri heimildum er oftast vísað til jarðarinnar sem Álftavíkur eða Álptavíkur.

### III. Kröfuna gerir

Dánarbú Guðrúnar H. Hallgrímsdóttur, kt. 120424-3359 sem er landeigandi.

Guðrún lést þann 23. febrúar 2007 og er skiptum dánarbúsins ólokið. Erfingjar eru börn hennar Seán Mac Eoin, f. 10. september 1958, Gearóid Mac Eoin f. 2. júlí 1960, Máire Mac Eoin f. 15. desember 1961 og Caitlín Mac Eoin fædd 2. ágúst 1963.

### IV. Fyrirsvar:

Bjarki Már Baxter, lögmaður hjá Málþingi Lögmannsstofu, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík. Netfang: [bjarki@malthing.is](mailto:bjarki@malthing.is) og sími: 861-6496.

### V. Kröfugerð:

Af hálfu landeigenda er sú krafa gerð *aðallega* að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi jarðarinnar Ytri-Álftavík samkvæmt eftirfarandi afmörkun:

Upphafspunktur eru í sjó við Mávabrák **(1)** og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundar (Miðdegis) fjallstopp **(2)**. Þaðan eru landamerki út Miðmundarfjallsraðir í Miðmundarpúfu **(3)**, þaðan í norðari Álftavíkurtind **(4)** og þaðan beint í sjó við Örvasand syðst **(5)** og aftur í upphafspunkt.

Til vara krefjast landeigendur þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan framangreindra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

### **Skýringar á afmörkun kröfugerðar:**

Kröfugerð um afmörkun jarðarinnar Ytri-Álftavík byggir á landamerkjabréfi, dags. 30. desember 1921, fyrir jörðina Álftavík. Landamerkjabréfið er undirrituðu af Elís Guðjónssyni f.h. Álftavíkur og bónda á Hólshúsum, Halldóri Pálssyni eiganda Innri Álftavíkur og Sveini Pálssyni eiganda Dallands eftir umboði. Kröfugerðin byggir einnig á dómi í landamerkjaágreiningu milli eiganda Álftavíkur og eiganda Ness í Loðmundarfirði frá 29. ágúst 1890, sbr. mál nr. 11/1891 í dómsmálabók Norður-Múlasýslu. Þá er stuðst við landamerkjabréf kirkjujarðarinnar Húsavíkur, dags. 26. desember 1921.

Upphafspunktur **(1)** er í sjó Mávabrick og liggur þaðan beint upp í fjallsröð upp á Miðmundarfjallstopp **(2)**. Í sumum heimildum er örnefnið Miðdegisfjall notað. Umræddir punktar eru í samræmi landamerkjabréf fyrir Álftavík frá 30. desember 1921 sem var gert milli Innri-Álftavíkur og Ytri-Álftavíkur. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins er upphafspunktur **(1)** við Höfðasand en kröfulýsandi telur rétt að leggja framangreind landamerkjabréf milli jarðanna til grundvallar um landamerki þeirra á milli. Upphafspunktur í kröfugerð íslenska ríkisins er þar fyrir utan ekki rökstuddur með vísan til heimilda. Punktur **(2)** er sá sami og notast er við í kröfugerð íslenska ríkisins um landamerki milli Innri-Álftavíkur og Ytri-Álftavíkur.

Punktar **(3)**, **(4)** og **(5)** eru í samræmi við landamerkjabréf fyrir Álftavík frá 30. desember 1921 þar sem segir: „Milli Álftavíkur og Húsavíkur eru landamerki út Miðmundarfjallsraðir í norðari Álftavíkurtind og þaðan beint í sjó við Örvasand.“

Í kröfugerð íslenska ríkisins segir að úr Miðmundarfjallskolli **(2)** sé afmörkunin eftir „fjallshryggnum norðaustur yfir Hádegishnjúk **(3)**“. Í kröfulýsingu þessari er notast við orðalagið að afmörkunin sé út „Miðmundarfjallsraðir“ í samræmi við landamerkjabréfið frá 1921. Þá er settur punktur **(3)** í Miðmundarþúfu í samræmi við landamerkjabréf kirkjujarðarinnar Húsavíkur frá 26. desember 1921.

Punktur **(3)** vísar til afmörkunar landsvæðisins yfir Hádegishnjúk í punkt **(4)** sem er norðari Álftavíkurtindur. Hádegishnjúkur **(3)** liggur milli þess svæðis þar sem Miðmundarfjallsraðirnar enda og norðari Álftavíkurtinds **(4)**. Í kröfugerð íslenska ríkisins er einnig notast við punkt í Hádegishnjúkum, sbr. punkt (3) í kröfugerð íslenska ríkisins. Í kröfugerð íslenska ríkisins er hins vegar ekki notast við afmörkun í norðari Álftavíkurtindi (4) eins og gert er í kröfulýsingu þessari og landamerkjabréfinu frá 1921. Punktur **(4)** vísar í norðari Álftavíkurtind til samræmis við landamerkjabréfið og þekkta örnefnaskráningu á svæðinu.

Þá er að lokum vísað til lokapunkts beint í sjó við Örvasand syðst (5) (og þaðan aftur í upphafspunkt) í samræmi við landamerkjabréfið frá 1921. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins er miðað við lokapunkt „niður á Hafranes“ en ekki er vísað til neinna heimilda um þá afmörkun. Þykir rétt að notast við sama punkt og gert er í landamerkjabréfinu að þessu leyti.

*Kröfulínukort er unnið í samstarfi við Friðbjörn Garðarsson og Jón Jónsson lögmenn sem gæta hagsmuna landeigenda á svæðinu. Kröfulínukorti verður skilað sameiginlega.*

## VI. Málavextir og helstu málsástæður

Jörðin Húsavík er forn jörð sem var numin af Þorsteini Klegga landnámsmanni samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu Landið og landnáma. Á þeim tíma var Ytri-Álftavík óútskipt land úr landi jarðarinnar Húsavík. Þorsteinn Kleggi bjó á jörðinni. Húsavík varð kirkjustaður um árið 1200.

Jörðin Ytri-Álftavík var lengst af hluti jarðarinnar Húsavík. Ytri-Álftavík varð síðar hjáleiga frá Húsavík, sbr. t.d. Jarðabók frá 1861, en var síðar skipt út úr landi Húsavíkur. Útskiptin urðu á tímabilinu 1887-1914 og áskilur landeigandi sér sérstakan rétt til þess að afla frekari heimilda og gagna um nákvæmt ártal útskiptanna. Eins og áður greinir var Ytri-Álftavík hjáleiga frá Húsavíki auk fleiri jarða eins og Hólshúsa sem einnig er í eigu landeiganda, dánarbús Guðrúnar, en Hólshús eru óútskipt land. Má þess finna stað að jarðarinnar hafi verið hjáleigur frá Húsavík í Nýrri Jarðabók fyrir Ísland. Þar er hundraðstala jarðarinnar Álptavík 4 af samtals 60. Sama á við um Jarðamat fyrir Ísland 1849-1850. Í Jarðatali á Íslandi, gefið út af J. Johnsen 1847, er Álptavíkur einnig getið sem hjáleigu frá Húsavík ásamt Hólshúsum og Dallandi. Í athugasemd er skrifað að „Álptavíkur geta sýslumaður og prestur einir“.

Það var Húsavík, og síðar Hólshús, sem nytjuðu Ytri-Álftavík, bæði til upprekstrar og til þess að sækja sjó auk þess sem rekafjara var við Örvasand. Samkvæmt ýmsum heimildum var bær í Ytri-Álftavík og má á loftmyndum og ljósmyndum greinilega sjá rústir bæjarins. Í ýmsum heimildum um byggð í Víkum við Borgarfjörður eystra er þess getið að byggð hafi verið í Ytri-Álftavík til ársins 1903 eða 1904 en þá hafi jörðin lagst í eyði eða á sama tíma og kotbúskapur lagðist almennt af hér á landi. Við bæinn var tún, þótt það hafi ekki verið landmikið. Þar voru einnig frábærar aðstæður til að stunda fiskveiðar og væntanlega einn besta náttúrulega höfn landsins í Lotnu sem er vík sem tilheyrir jörðinni. Í Lotnu hafa farið allt að 60 tonna bátar á síðari árum. Ytri-Álftavík var því fyrir á öldum útgerðarbýli út frá Húsavík, enda skammt að róa á fiskimið frá útnesjum Ytri-Álftavíkur. Samkvæmt heimildum var gert út frá Ytri-Álftavík fram á nítjándu öld. Þá var skráður búfénaður og heimilismenn í bænum að Ytri-Álftavík í kirkjubókum og ýmsum öðrum heimildum fyrir á öldum.

Ólafur Olavíus var á ferðinni um svæðið um eða uppúr 1775. Hann getur þess í Ferðabók sinni að öll býlin á jörðinni séu stórskemmd af skriðum eða sjógangi. Framangreind gefur skýra vísbendingu um byggð í Ytri-Álftavík fyrir 1775, allavega til útgerðar, sem virðist þó hafa lagst af á tímabili en síðan hafi verið þar óslitin byggð frá 1829 til um 1904.

**Eignarheimild landeiganda**

Eignarheimild landeiganda til jarðarinnar er reist á erfðaskiptayfirlýsingu, dags. 5. október 1967, þar sem Guðrún H. Hallgrímsson fékk jarðirnar Hólshús og Álftavík (óumdeilt er að átt er við Ytri-Álftavík) í arf eftir foreldra sína, þau Hallgrím Óla Jónasson, sem lést 17. september 1967 og Maríu Guðbjörgu Sigurðardóttur Bachman sem lést þann 29. ágúst 1952. Guðrún var einkaerfingi foreldra sinna.

Jarðirnar hafði faðir Guðrúnar, Hallgrímur Óli Jónasson, fengið í arf eftir foreldra sína, séra Jónas Pétur Hallgrímsson, prófast að Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði, og Guðrúnu Sigríði Jónsdóttur Arnesen samkvæmt skiptayfirlýsingu um skipti á dánar- og félagsbúi þeirra, dags. 29. desember 1943, ásamt bróður sínum Þorgeiri Jónassyni og fóstursystur Krístrúnu Jónsdóttur óskipt í jöfnun hlutföllum. Þorgeir Jónasson lést þann 13. janúar 1963. Hann kvæntist ekki og átti engin börn. Hallgrímur tók því arf eftir bróður sinn og eignaðist þannig hlut hans í jörðinni Ytri-Álftavík. Krístrún Jónsdóttir lést þann 5. júní 1953 og eignaðist Hallgrímur hlut hennar í jörðinni. Var jörðin Ytri-Álftavík því í fullri eigu Hallgríms við andlát hans.

Framangreind Guðrún Sigríður Arnesen, amma Guðrúnar Hallgrímsdóttur, fékk jörðina Álftavík í arf eftir Hallgrím Ólafsson sem bjó á Húsavík. Um það er getið í skiptabók Norður-Múlasýslu og vísast til bókana frá 15. febrúar 1863 og 11. mars sama ár. Hallgrímur Ólafsson hafði erfð hlut í Húsavík eftir föður sinn 1832, en eignaðist alla jörðina aftur frá systkinum sínum og átti hana alla við andlát sitt árið 1861. Um eignarheimildir fyrir þann tíma leyfir undirritaður sér að vísa til kröfulýsingar Friðbjörn Garðarssonar lögmanns f.h. eigenda Húsavíkur auk þess sem allur réttur er áskilinn til að gera nánari grein því á síðar stigum málsins.

Með vísan til framangreinds er Guðrún því réttur og löglegur eigandi Ytri-Álftavíkur samkvæmt erfðaskiptayfirlýsingu frá 1967 og þar með dánarbú hennar í máli þessu. Guðrún hefur frá 1967 verið skráð eigandi jarðarinnar fasteignamatsskrá og lögbýlaskrá. Guðrún hefur hlotið hreindýraarð af jörðinni í samræmi við eignarheimild sína sem Umhverfisstofnun hefur úthlutað undanfarin ár á grundvelli laga.

Með vísan til alls framangreinds telur landeigandi eignarheimild sína ótvíræða. Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttinasáttmála Evrópu. Telur landeigandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

**VII. Helstu lagarök:**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar

Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

# málþing

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

## VIII. Áskilnaður

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Bjarki Már Baxter, lögmaður

## Fylgiskjöl

1. Umboð
2. Skiptayfirlýsing 1967
3. Skiptayfirlýsing 1943
4. Landamerkjabréf fyrir Álftavík 1921
5. Landamerkjabréf fyrir Húsavík 1921
6. Umboð landeiganda vegna Hólshúsa og Álftavíkur 1912
7. Umboð landeiganda vegna Hólshúsa og Álftavíkur 1914
8. Blaðsíður úr skiptabók Norður-Múlasýslu 1863





## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Ness og Neshjáleigu

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

### I. Aðild og fyrirvar

Aðild tekur mið af eignarhaldi á óskiptu landi jarðanna Ness og Neshjáleigu.

Þinglýstir eigendur Ness, landnr. L157409, eru Gunnhildur Gunnarsdóttir, kt. 020246-2359, og Einar Baldursson, kt. 250849-2499.

Þinglýstur eigandi Neshjáleigu, landnr. L157410, er Þórhallur Eyjólfsson, kt. 060341-2659.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 14. febrúar 2022 og 10. apríl 2022.

### II. Kröfugerð

Vegna téðra jarða er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Frá Merkilækjarútfalli (1) og upp eftir Merkilæk (2) upp í Hrafnagil (3) til fjalls, þar er vötnum hallar (4), síðan eftir fjallseggjum, um Skæling (5) og út Nesháls, á svokallað Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls (6), yfir Nónfjall (7) á Miðmundarfjallskoll (8), þaðan niður Miðmundarfjallsraðir (9) og framan og vestan við svokallaðan Höfðasand, í Mávabrick (10) sem stendur fast við sjó utan við Innri Álftavík.

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður

#### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á gildandi landamerkjalyýsingum varðandi land Ness og Neshjáleigu, en heildstæðu landamerkjabréfi hefur ekki verið þinglýst vegna jarðarinnar.

Innsti hluti Ness liggur á móti Seljamýri í Loðmundarfirði, sbr. landamerkjabréf, dags. 4. mars 1890, samþykkt af Páli Ólafssyni sem umboðsmanni Ness, dags. 5. mars 1890, þinglýstu á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 17. júní 1890.

Á fjallseggjum og vörpum liggur land Ness á móti landi Húsavíkur og hvílir lýsingin á landamerkjabréfi Húsavíkur, dags. 26. desember 1921, samþykktu af Halldóri Pálssyni eiganda Ness þann 15. janúar 1922, þinglýstu á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Loks landamerkjabréf Álftavíkur, dags. 30. desember 1921, samþykktu af Halldóri Pálssyni eiganda Ness, og tilgreindur sem eigandi Innri Álftavíkur, þinglýstu á Borgarfjarðarmanntalsþingi, dags. 17. júlí 1922.

Jafnframt er í lýsingunni notað til nánari fyllingar dómsorð í landamerkjamáli milli Ness og Álftavíkur, dags. 29. ágúst 1890, þinglýstu á Seyðisfjarðarmanntalsþingi. Sú lýsing er að hluta fyllri en síðari lýsing, en þar er vísað til Stallklettis, sem ætla verður að sé sami klettur og svokölluð Mávabrík.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

Land það sem nefnt er Innri Álftavík í kröfulýsingu er í raun hluti Ness og Neshjáleigu. Vegna málsins er mikilvægt að halda því til haga að á mörgum kortum er Innri Álftavík skráð nærri litlu víkinni suður af Ytri Álftavík. Það er röng staðsetning. Sú smávík heitir í raun Höfðasandur, en Höfðinn er í syðri hluta lands Ytri Álftavíkur. Örnefnið Innri Álftavík vísar með réttu til landsvæðis sem eru grastorfur og óverulegt láglandi í hlíðinni Loðmundarfjarðarmegin við bergflug og skriður sem aðskilja Álftavíkurnar. Stallklettur er þar niður af.

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norræna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Loðmundur gamli nam Loðmundarfjörð. Hann hafði skotið öndvegissúlum sínum fyrir borð og bjó einn vetur í Loðmundarfirði en hóf þá leit að öndvegissúlum sínum. Þegar hann var kominn á skip féll skriða á bæinn þar sem hann hafði búið. Hann fann súlurnar nokkru vestan Hjörleifshöfða, og nam land milli Hafursár og Fúlalækjar. Þar bjó hann að Loðmundarhvammi og kallaði þar Sólheima. Ekki er getið annars landnáms í Loðmundarfirði.

Af víkunum 6 milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar er getið landnáms í einungis tveimur, Breiðuvík og Húsavík. Tvær hinna, Brúnavík og Herjólfsvík, bera þó fornmannanöfn. Einhver eyða getur verið í landnámsfrásögninni um landnám eða umfang landnáma.<sup>1</sup>

Hvað sem landnámslýsingum líður, túlkun þeirra eða gloppum, er ekkert tilefni til að ætla annað en að allt land milli Húsavíkur og Loðmundarfjarðar hafi verið numið.

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Talið er sennilegt að Nes og Klyppsstaður séu elstu jarðirnar í Loðmundarfirði<sup>2</sup>. Í máldaga Klyppsstaðakirkju frá 1367 er sagt að tvö bænahús séu í sókninni en aðeins eitt í máldaga 1397, og það þá á Nesi.

<sup>1</sup> Landnám í Austfirðingafjórðungi Austurland – Safn austfirska fræða 1948

<sup>2</sup> Menningarminjar á Fljótaldalshéraði og Borgarfirði eystra. 1998. Bls. 24.

Jörðin Nes varð eign Skriðuklausturs, um 1506-1507, þegar Skriðuklaustur seldi Eyvindará og Mýnes í Eiðapinghá, dags. 30. ágúst 1506, en eignaðist Meðalnes og Birnufell í Fellahreppi, Skeggjastaði í Jökuldal og Nes og Úlfsstaði í Loðmundarfirði. Salan var undirrituð og staðfest af biskupi 19. mars 1507.<sup>3</sup>

Nes varð því eign konungs við siðaskipti og hluti af svokölluðum Skriðuklaustursjörðum, sem ráðstafað var með Skriðuklaustursumboði. Jörðin varð síðar þjóðjörð og seld sem slík snemma á 20. öld.

### **2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.**

Í jarðabók, sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, er Nes með hjáleigu tilgreint sem eign Konungs, 16 hundruð. Í jarðabókinni er Álftavík þá tilgreind með eignum Húsavíkurkirkju.

Í jarðamati 1804 er Nes að því er virðist talin 6 hundruð og tilgreind Skriðuklaustursjörð. Þar er Neshjáleiga talin sérstaklega og vísað til Ness um eignarhald.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 er Nes talin 16 hundruð og Neshjáleiga talin með undir jörðinni án sérstaks mats. Neðanmáls er bent á að í mati 1804 hafi jörðin verið talin 6 hundruð, en líklega sé þar um ritvillu að ræða.

Í jarðamati 1849 er Nes talin ásamt Neshjáleigu. Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfest 1861, er Nes talið ásamt Neshjáleigu. Heildarmat 16 hundruð, 12 hundruð Nes og 4 hundruð Neshjáleiga. Undir Borgarfirði er þrætuland milli jarðanna Húsavíkur og Ness tilgreint og það metið 0,5 ný hundruð.

Í fasteignamati 1916 er Nes talið. Eigendur og ábúendur, þá Stefán Þorsteinsson og Halldór Pálsson. Tekið er fram að beitiland og sjávarbeit sé óskipt með Neshjáleigu. Neshjáleiga er þá eign Kristjáns Guðmundssonar á Nesi í Norðfirði. Ábúandi Árni Einarsson. Beitiland sagt sameiginlegt með Nesi.

### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaða 1882**

Sóknarlýsing Klyppstaðarprests 1842<sup>4</sup> er tvískipt, með tilliti til þess að bæir í Loðmundarfirði féllu undir Klyppstaðasókn, en bæir í Húsavík og Breiðuvík áttu undir Húsavíkurkirkju sem prestur þjónaði. Nes og Húsavík voru því á sóknarmörkum og að því vikið í lýsingunni. Í lýsingu Húsavíkurannexíu er mörkum lýst á Neshálsi, þar sem vötnum hallar, þaðan í Stigaklett svokallaðan fyrir innan Innri Álftavík.<sup>5</sup>

Á manntalsþingi á Desjarmýri 24. júní 1842, var þinglýst frá administrator S. Guðmundssyni um að nota frá Húsavík svokallaða Syðri Álftavík.

Á manntalsþingi 24. maí 1845 var þinglesin lögfesta fyrir jörðinni Nesi í Loðmundarfirði frá 19.05.1845 af administrator S. Guðmundssyni og mótmælti bóndinn Hallgrímur Ólafsson á Húsavík vegna ábúðar- og eignarjarðar sinnar. Sama lögfesta virðist einnig hafa verið þinglesin á manntalsþingi á Ketilsstöðum, 22. maí 1845.

Samhengi þessara þinglýsinga verður að skoða í því ljósi að téður S. Guðmundsson var umboðsmaður Skriðuklaustursjarða og hafði því forræði á því að heimila að Syðri Álftavík væri notuð frá Húsavík. Hann kemur svo að lögfestu 1845 sem verður til þess að ábúandi í Húsavík mótmælir.

<sup>3</sup> Íslenskt fornbréfasafn. DI bls. 119-120

<sup>4</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar. Bls. 235 o.fl.

<sup>5</sup> Neðanmáls, er ritað af þeim er komu að útgáfu sóknarlýsinganna, að nú sé sagt að Stiginn aðgreini Álftavíkur.

Í jarðamati 1849 er sagt frá þrætusvæðinu, en dómsmál um úrlausn þess var ekki rekið fyrr en 40 árum síðar.

Á manntalsþingi á Desjarmýri 4. júní 1855 er lesin upp lögfesta fyrir jörðina Húsavík, sem umboðsmaður Skriðuklausturs mótmælti, hvað Innri Álftavík snerti. Undir lýsingu á helstu fjalla-, tanga- og annesjanöfnum og landslagi er fjallað nánar um Álftavíkur. Þar segir að hátt hamrabelti aðskilji víkurnar.

Í landamerkjamáli milli eiganda Álftavíkur, Jónasar P. Hallgrímssonar (sem þá var einnig eigandi Húsavíkur) og Ness, sem Páll Ólafsson kom fram fyrir sem umboðsmaður Skriðuklaustursjarða, var gerð eftirfarandi krafa af hálfu eiganda Álftavíkur:<sup>6</sup> Landamerki jarðanna séu rétt úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur fyrir innan svokallaða Innri Álftavík beint á fjall upp, síðan eftir á Sandskeið (á Neshálsi við vatnaskil). Páll Ólafsson gerði þá kröfu vegna Ness að landamerki verði beint úr Stallkletti og nokkru norðar á fjallið (illlæsilegt örnefni) en síðan eftir því sem vötnum hallar. Deilan virðist í raun ekki hafa varðað umfangsmikla hagsmuni á nútíma mælikvarða og líklega ekki heldur þess tíma. Af dóminum, sbr. dómsorð skráð í landamerkjabók, má ráða að frekar hafi verið fallist á sjónarmið eiganda Álftavíkur, en málskostnaði var þó deilt. Í niðurstöðunni kom fram að dómur hafi m.a. ráðist af landslagi.

### 2.5. Landamerkjabréf

Ekki er til heildstæð landamerkjalyfing fyrir Nes. Ef til vill virðist það að rekja til þess að landamerkjaágreiningur var til staðar við Álftavík (sem nú ber heitið Glaumbær) og virðist hafa orðið sjálfstæð jörð seint á 19. öld en var ein hjáleigna Húsavíkur. Þinglýst var niðurstöðu landamerkjadómsins frá 1890, en jafnframt kom Páll Ólafsson, umboðsmaður Skriðuklaustursjarða, að því að samþykkja merkjalýsingar gagnvart Seljamýri og síðar gagnvart Húsavík.

Að öðru leyti er vísað til fyrri umfjöllunar um kröfulýsingarsvæði.

### 2.6. Landskipti

Ekki eru til þinglýst landskipti milli Ness og Neshjáleigu en ljóst er að engjaskipti hafa verið milli jarðanna. Í gögnum sem liggja með örnefnalýsingum jarðanna er að finna 3 vitnisburði um þau skipti. Í skýrslu Helgu Rustikusdóttur, dags. 13. febrúar 1928, segir að engjum hafi verið skipt milli Ness og Neshjáleigu þannig að Nes á engjar, allt sem slægt er fyrir framan Hjáleigulæk upp í Sniðabrekkur fram að Merkilæk milli Ness og Seljamýrar. Neshjáleiga á engjar frá Hjáleigulæk út að Dalsá og upp að Dalsmelum. Landsendinn og Dalurinn eru taldir bithagi beggja jarðanna. Sama er að segja um annað graslendi, hvar sem er í landinu. Allt beutiland er óskipt milli jarðanna. Svarðartekja fer eftir engjamerkjum. Hún segir að Neshjáleiga hafi átt reka fyrir utan Hjáleigulæk. Jón Bergsveinsson segir lýsinguna rétta og bætir við að það sem í Innri Álftavík rak átti Neshjáleiga að  $\frac{1}{4}$  og en Nes  $\frac{3}{4}$ , sbr. skýrslu dags. 12. júlí 1929. Sveinn Jóhannsson vottar þessar skýrslur réttar, sbr. skýrslu, dags. 26. ágúst 1929.

Lýsing þessi samræmist vel jarðamati 1861.

## 3. Lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

<sup>6</sup> Sjó Dóma og þingbók N-Múl 1888-1896.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkjna Ness. Í kafla 5.1 er vísan í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendur, í kafla 5.14 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og í kafla 6 er fjallað um dóma um svæði sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Samkvæmt kafla 7.12 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé í óskiptu landi Ness og Neshjáleigu.

Lagasjónarmið að baki þjóðlendukröfunni eru óskýr og mögulega telur íslenska ríkið að eignarréttur yfir landi jarðarinnar hafi glatast, fremur en að telja að eignarréttur hafi aldrei stofnast. Ekkert bendir til annars að þessi hluti austasta hluta Íslands hafi verið numinn, enda komu landnámsmenn þar að landi í fyrstu og svæðið bersýnilegt af hafi og þýðingarmikið fyrir búskap. E.t.v. er ríkið að horfa til sjónarmiða sambærilegra og á reyndi í Hæstaréttardómi í máli nr. 496/2005 varðandi jörðina Breiðármörk. Um svæðið sem ber örnefnið Innri Álftavík, er ekkert tilefni til að ætla að það hafi nokkru sinni fallið undan eignarráðum Ness.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttar, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Brúnavíkur, eða Hvalvíkur, hafi nokkru sinni haft lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>7</sup> að afréttur sé beitarréttur en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Efalaust hefur fé verið rekið á Innri Álftavík um aldir, en mikilvægi þess svæðis kemur m.a. fram í örnefnalýsingum einstaklinga sem fæddir voru fyrir aldamótin 1900.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði og tengjast stöðu þess sem afréttar. Sambærileg svæði hafa verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>8</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>9</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt<sup>10</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Póreyjartungur.

Landamerkjalyfing Ness fellur í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir. Með vísan til stöðu landsins, gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið. Staðhættir og

<sup>7</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>8</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>9</sup> Bls. 114-120.

<sup>10</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið véfengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hefði verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnáms svæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Landamerkjälög nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986.

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeigenda

Jón Jónsson hrl.  
kt. 090976-5249

Jón Jónsson hrl.

#### Fylgiskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeigendum
4. Umfjöllun um eignaskipti Ness og Neshjáleigu, gögn meðfylgjandi örnefnalýsingum.





— 2 —

*Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals*



**Kröfulýsing til Óbyggðanefndar****vegna Hátúnatorfu, þ.e. jarðanna Tunghaga, Arnkelsgerðis, Ásgarðs og Grófargerðis**

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

**I. Aðild og fyrirsvar**

Aðild tekur mið af því að svæðið er óskipt land 4 jarða, en vísað er til eigenda þeirra sem landeigenda:

Jörðin Tunghagi, landnr. L157553, er þinglýst eign eftirtaldrá; Ármann Ingimagn Halldórsson, kt. 260457-2099, Þuríður Jónbjörg Halldórsdóttir, kt. 250458-3399, Halldór Jón Halldórsson, kt. 311266-4039, Sigurður Halldórsson, kt. 040565-5909, Sigbór Arnar Halldórsson, kt. 150863-3689, Margrét Sólveig Halldórsdóttir, kt. 221160-2079, og Þóra Katrín Halldórsdóttir, kt. 120959-2989.

Jörðin Arnkelsgerði, landnr. L157461, þinglýstir eigendur Guðni Nikulásson, kt. 250942-2819, Ásdís Nikulásdóttir, kt. 110444-5839, og Edda Nikulásdóttir, kt. 181147-3509.

Jörðin Ásgarður, lanndr. L157462, þinglýstur eigandi Viðar Eiríksson, kt. 100567-5639.

Jörðin Grófargerði, landnr. L 157485, þinglýstur eigandi Guðni Nikulásson, kt. 250942-2819

Fyrirsvar fyrir Óbyggðanefnda hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 26. febrúar 2022, 18. febrúar 2022, 25.maí 2022 og ódags. frá maí 2022.

**II. Kröfugerð**

Krafist er höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Að utan ræður Stórilækur (1) þar til hann fellur í Tunthagalæk (2), þá Tunthagalækur uns hann fellur í Grímsá (3). Að norðan og vestan Grímsá (4). Að framan Gilsá, að Hjálpleysuvatni, (5) og síðan Lambavallaá (6) inn á Hjálpleysuvarp (7). Að austan og sunnan: fjallsbrún (8) suður á Hjálpleysuvarp.

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

**III. Málavextir og helstu málsástæður****1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu**

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á gildandi landamerkjalyýsingu Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði, dags. 14. júní 1884, sem þinglesin var á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Eftir gerð landamerkjálýsingarinnar fóru fram landskipti á hluta lands jarðanna, þar sem eigandi Grófargerðis fór fram á landskipti. Þau fóru fram 1. júlí 1922 og voru þinglesin á manntalsþingi á Ketilsstöðum 2. júlí 1923. Grófargerði var þar útskipt sem séreignarlandi en tilgreint að jörðin eigi tiltölulegan hlut af afréttarlandi jarðanna, þ.e. Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis.

Þá var nýbýlið Ásgarður stofnað árið 1937 á grunni 5/8 eignarhluta jarðarinnar Tunghaga.

## **2. Þættir úr sögu jarðarinnar**

Upprunalega jörðin er talin hafa verið svokölluð Hátún, en bæjarhús Hátúna stóðu ofar í landinu en núverandi byggð. Eftir jörðinni nefnist fjallið Hátúna-Höttur, nú oftast nefndur Höttur, en felur m.a. í sér aðgreiningu frá Skúmhetti í Skriðdalsfjallgarðinum. Talið er að bærinn í Hátúnum hafi verið færður á 14. öld, og þá verið byggður upp nærri Grímsá og jörðin fengið nafnið Tunghagi.<sup>1</sup>

### **2.1. Landnám**

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Landnáma greinir frá Una danska sem nam land fyrir sunnan Lagarfljót, allt hérað og að Unalæk, en þurfti síðar að víkja frá hinu umfangsmikla landnámi.

Brynjólfur gamli Þorgeirsson kom skipi sínu í Eskifjörð og nam land fyrir ofan fjall, Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá og Gilsá (í Fljótsdal), Skriðudal allan og svo Völlum út til Eyvindarár og tók mikið af landnámi Una og byggði það frændum og mágum sínum.

Ásröður fékk Ásvarar Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs gamla og stjúpdóttur. Henni lét Brynjólfur fylgja í kvánarmund öll lönd milli Gilsár og Eyvindarár. Þau bjuggu á Ketilsstöðum.<sup>2</sup>

Gilsá þessi er áin sem rennur eftir Hjálpleysudalnum og liggur því meðfram öllu því svæði sem þjóðlendukrafa er gerð til. Áin hefur á síðari tímum einnig verið nefnd Lambavallá þegar kemur ofan Hjálpleysuvatns, sbr. landamerkjabréf Tunghaga. Landamerkjabréf Stóra Sandfells vísar hins vegar til Gilsár.

### **2.2. Heimildir fram til 1700**

Tunghaga, eða býlið Hátún þar á undan, verður að telja með elstu býlum í Vallahreppi, þótt jarðarinnar sé ekki getið fyrr en á 17. öld í rituðum heimildum.<sup>3</sup> Þar stóð bænahús.

### **2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.**

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, er Tunghagi nefndur og talin 20 hundruð. Jörðin er þá eign tveggja dætra sr. Stefáns Ólafssonar sálugs, samkvæmt eignarheimild frá 1692, skráðri í Vallanesi<sup>4</sup>.

<sup>1</sup> Sveitir og jarðir í Múlþingi II. 1975. Bls. 161.

<sup>2</sup> Austurland, safn austfirskra fræða. II. 1958. Bls. 50-53.

<sup>3</sup> Menningarminjar á Fljótsdalshéraði, Svæðisskráning 1998. Bls. 28-29.

<sup>4</sup> Stefán Ólafsson f. 1619–d.1688, var prestur og prófastur í Vallanesi.

Í jarðamati 1804 er Tunghagi metinn og hann sagður 20 hundruð. Jafnframt er Arnkelsgerðis getið og um eignarrétt vísað til Tunghaga.

Í jarðamati 1849 er Tunghaga, getið, Arnkelsgerði er sagt hjáleiga og Grófargerði afbýli Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfest 1861, er Tunghagi með 10 forn hundruð, Grófargerði 4 og Arnkelsgerði 6.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 er Tunghagi bænda eign og hjáleigunar Arnkelsgerði og Grófargerði tilgreindar. Neðanmáls kemur fram að árið 1760 hafi dýrleik Tunghaga verið 20 hundur sem er þarna skipt á hjáleigurnar. Nefnt er að Grófargerði finnast aðeins í upptalningu sýslumanns og prests.

#### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjaglag 1882**

Ekki liggja fyrir margar heimildir sem varða sérstaklega afmörkun og eignarrétt lands Tunghaga á Hjálpleysu fyrir gildistöku eldri landamerkjaglag. Það er þó að geta lögfestu um land Gíslastaða á ytri hlið jarðarinnar. Land Tunghaga á Hjálpeysudal er skýrlega afmarkað af Gílsánni og fjallsbrún dalsins og því rökrétt að ekki hafi skapast tilefni til þess að fjalla sérstaklega um landamerki jarðarinnar á Hjálpeysudal.

Í sóknarlýsingu sr. Guttorms Pálssonar fyrir Vallanessókn frá 1840 er lýsing á staðháttum, m.a. Fagradal og Ketilsstaðahálsi og þar lýst að hluti bænda yst á Völlum reki fé undir Skagafell. Þá segir í framhaldinu:

*En Ketilsstaða-, Eyjólfstaða- og Gíslastaða- og þeirra jarða hjáleigumenn á Fagradal hvört heimalönd þeirra ná, þvert yfir hálseinn; en Tunghaga og undirliggjandi hjáleigna ábúendur reka geldfé sitt í áðurnefndan Hjálpeysudal so sem áfastan þeirra heimalöndum.*

Hjálpeysudalurinn er hluti af Tunghagajörðinni.

#### **2.5. Landamerkjabréf og landskipti**

Landamerkjalyking Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði er dags. 14. júní 1884, sem þinglesin var á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884.

Eftir gerð landamerkjalykingarinnar fóru fram landskipti á hluta lands jarðanna, þar sem eigandi Grófargerðis fór fram á landskipti og fóru fram 1. júlí 1922 og þinglesin voru á manntalsþingi á Ketilsstöðum 2. júlí 1923. Grófargerði var þar útskipt séreignarlandi en tilgreint að jörðin eigi tiltölulegan hlut af afréttarlandi jarðanna, þ.e. Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis. Einnig var nýbýlið Ásgarður byggt upp á árinu 1937, á grundvelli eignarhluta úr jörðinni Tunghaga.

### **3. Lagasjónarmið**

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Tunghaga með fyrrum hjáleigum. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendu, í kafla 5.15 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu. Í kröfulýsingunni er texti landamerkjabréfs ekki tekinn rétt upp, en misritað er að landamerki liggja um Lambavallaá inn á „Hjálpeysuvatn“. Þar á að standa Hjálpeysuvarp. Í kaflanum er nefnt að samkvæmt landskiptum vegna Grófargerðis 1923, sé vísað til hluta lands jarðar sem afréttar. Slík ábending felur ekki í sér málsástæðu eða skýringu af hálfu ríkisins á því af hverju landið sem liggur innan landamerkja jarðarinnar eigi ekki teljast eignarland.

Í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Samkvæmt kafla 7.14 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé land Tunghagajarðanna fyrir innan svokallaða Kálfsvallará.

Landeigendur hafna hvers kyns lagasjónarmiðum um að landskipti á Grófargerði 1923, sem gerð voru á grundvelli eignarréttarlegra heimilda eiganda Tunghagajarðanna, til að skipta út séreignarlandi úr óskiptu, hafi rýrt eða takmarkað eignarréttarlega stöðu heildarlands Tunghaga.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður á Völlum og Hjálpleysudal leiði til þess að lýsing landnámu á upphaflegu landnámi á svæðinu sé sérstaklega skýr. Landnám upp með Gilsá felur í sér afdráttarlausu afmörkun á landi meðfram Gilsánni inn á svokallað Hjálpleysuvarp, þar sem hún upptök sín. Ekki er vafi um þessa stöðu þótt Gilsáin innan Hjálpleysuvatns sé einnig nefnd Lambavallaá. Í landamerkjabréfi Stóra Sandfells sem á land á móti Tunghagajörðunum á Hjálpleysudal, er vísað til Gilsár sem landamerkja á Hjálpleysuvarp.

Lýsingum allra skjala sem fyrir liggja ber að sama bruni að um að eignarland Tunghagajarðanna sé að ræða. Í þeim endurspeglast í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi, þar sem merki miðast jafnan við vatnaskil sem á Hjálpleysudal fylgir greinilegri fjallsbrún, séð úr dalnum. Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarrand sem þær hafa þurft og engar heimildir um samnotafrétti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem hefur verið nefnt Desjarmýrarafréttur, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að svæðið hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>5</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Vísun til afréttar á Hjálpleysudal er til slíkra nota og aðstæðna.

Gera má ráð fyrir að víðtækari not hafi verið á svæðinu en venjuleg beitarnot, til dæmis skógarhögg.

Í raun verða ekki fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur einhver líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður Óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>6</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>7</sup>, mál 1/2009 Þorvaldsdalafrétt<sup>8</sup>. Til hliðsjónar og

<sup>5</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>6</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>7</sup> Bls. 114-120.

<sup>8</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jókulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Tunthagajarðanna falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildarskjöl.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem eru og hafa alla tíð verið greinileg af láglandi. Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hefði verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var

rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendlög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalog nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986.

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeigenda

Jón Jónsson hrl.  
KT-090976-5249

Jón Jónsson hrl.

#### Fylgiskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeigendum



**Kröfulýsing til Óbyggðanefndar**  
**vegna Gíslastaða og Gíslastaðagerði**

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

**I. Aðild og fyrirvar**

Jörðin Gíslastaðir landnr. L157484 er þinglýst eign Sæmundar Guðmundssonar, kt. 271260-5989.

Jörðin Gíslastaðagerði landnr. L157483 er þinglýst eign Jónínu Fjólu Þórhallsdóttur, kt. 260448-4209.

Hér eftir er vísað til þeirra sem landeigenda.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnda hefur Jón Jónsson hrl., sbr. meðfylgjandi umboð.

**II. Kröfugerð**

Krafist er höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Að utanverðu úr merkikeldu sem rennur í Tunguhagalæk (1) upp um torfuhnaus (2) sem hlaðinn er í flóanum, í Grástein (3) ofan við flóann, þaðan beint upp eftir í Sniðlæk (4) og með honum upp fjallið í svokallaðan Klofastein (5) á aurbrúninni, svo austur aurana að Efri Launá (6) sem rennur norðan af aurunum og með honum í Fagradalsá (7), sem skiptir landi að austan.

Að framan Stórilækur (12) úr Tunguhagalæk (13) og upp um svokallaða Grjótárbotna (11) og suður um aurinn rétt fyrir utan Hött (10), inn og suður í Hrutárdrög og niður Hrutá (9) að sunnan sem fellur ofan um svokallaða Hrutárbotna ofan í Fagradalsá (8) en á Fagradal aðskilur Fagradalsá.

Innan svæðisins er landi skipt milli Gíslastaða og Gíslastaðagerðis, að hluta.

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign, komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

**III. Málavextir og helstu málsástæður****1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu**

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjalyýsingu Gíslastaðagerðis, dags. 12. maí 1884, sem þinglesin var á Egilsstaðamanntalsþingi 5. júlí 1886, og landamerkjalyýsingu Gíslastaða, dags. 4. júní

1884, sem þinglesin var á Egilsstaðamanntalsþingi 5. júlí 1886. Þá er gerð grein fyrir skiptingu lands milli jarðanna og óskiptu landi.

Í landamerkjabréfi Gíslastaðagerðis Beint frá Tunguhagalæk (I) í garður sem hlaðinn er yfir þvert Kirkjusund (II) beint upp í svokallaða Grænulág (III), sem er norðan í Berjaás, þaðan beint upp fjallið í vörðubrot sem er í aurbrúninni (IV).

Í Gíslastaðabréfinu er skipting miðuð við vörðu við Tunguhagalæk (I) og beina stefna um Kirkjusund í klett framan og neðan Gerðistúns (II) og í vörðu fyrir framan Gerðisás (III) og svo beint upp í vörðu á Aurabrún (IV) og um þveran Aurinn ofan um Hlaupahjalla í Fagradalsá.

Kröfulýsing varðar eignarréttarlega stöðu lands og tekið er tillit til þess. Umfjöllun um stöðu landskipta er ekki þýðingarmikil vegna sakarefnis í þjóðlendumáli.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Landnáma greinir frá Una danska sem nam land fyrir sunnan Lagarfljót, allt hérað og að Unalæk, en þurfti síðar að víkja frá hinu umfangsmikla landnámi.

Brynjólfur gamli Þorgeirsson kom skipi sínu í Eskifjörð og nam land fyrir ofan fjall, Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá og Gilsá (í Fljótsdal), Skriðudal allan og svo Völluna út til Eyvindarár og tók mikið af landnámi Una og byggði það frændum og mágum sínum.

Ásröður fékk Ásvarar Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs gamla og stjúpdóttur. Henni lét Brynjólfur fylgja í kvánarmund öll lönd milli Gilsár (á mörkum Skriðdals og Valla) og Eyvindarár. Þau bjuggu á Ketilsstöðum.<sup>1</sup>

Landnámssvæði þetta er stærstur hluti lands Vallahrepps og hefur í raun skýra afmörkun þegar litið er til þeirra vatnsfalla sem afmarka það.

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Gíslastaðir hafa verið taldir með elstu býla í Vallahreppi, þótt þeirra sé ekki getið fyrr en á 17. öld í rituðum heimildum.<sup>2</sup>

### 2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.

<sup>1</sup> Austurland, safn austfirskra fræða. II. 1958. Bls. 50-53.

<sup>2</sup> Menningarminjar á Fljótsdalshéraði, Svæðisskráning 1998. Bls. 28-29.

Í jarðabók, sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, eru Gíslastaðir taldir og Gíslastaðagerði með þeim. Þá eign Vilborgar Bjarnadóttur.<sup>3</sup> Dýrleiki 8 hundruð.

Í jarðamati 1804 eru Gíslastaðir taldir og þá 8 hundruð. Gíslastaðagerði er talið sérstaklega en eignarréttur tengdur Gíslastöðum.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 eru Gíslastaðir taldir og Gíslastaðagerði hjáleiga. Mat Gíslastaða er 8 hundruð. Neðanmáls kemur fram sú athugasemd að sýslumaður telji að Gíslastaðir séu 8 hundruð og Gíslastaðastaðagerði 4 hundruð.

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1861, eru Gíslastaðir taldir 8 forn hundruð og Gíslastaðagerði 4.

#### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882**

Við manntalsþing 2. júlí 1816 var upplestin lögfesta Eyjólfssonar, dags. 16. maí 1816, fyrir Gíslastaðalandi.

Við manntals og skattþing 22. apríl 1826 var upplestin lögfesta fyrir jörðinni Gíslastöðum, dags. 16. ágúst 1817.

Við manntalsþing 22. maí 1845 og 15. maí 1851 var þinglýst lögfestu, dags. 22. maí 1845, þar sem Þórður Eyjólfsson lögfestir land Gíslastaðagerðis. Lögfestunni var mótmælt af ábúendum Úlfstaða í hvort skipti. Í lögfestunni segir m.a.:

*Ég Þórður Eyjólfsson bóndi Gíslastaðagerði lögfesti hér í dag þessa eignar og ábýlisjörð mína til eptirnefndra ummerkja á þá síðuna er veit til Úlfstaða lands.*

*Hérna megin hálsins eður Auranna nefnil. Að ofan úr Klofasteinum á Fjallsbrúninni uppyfir ytri Sandhaugum beina stefnu í vörðu á (miðjum) Lánga mel, þaðan sjónhendning niður utanverdt við Miðás allt í Grástein, úr Grásteini í Merkikeldu og þaðan í Grímsá. Fyrirbið ég hvörjum manni að irkja beita edur brúka land það er liggur medframm takmörkum þessum að innanverdu,...*

Af lögfestunni má ráða að hún hefur verið gerð sérstaklega vegna ágreinings um þann hluta merkja Gíslastaðagerðis sem liggur Vallamegin á landi jarðarinnar og virðist hafa tengst Úlfsstöðum sérstaklega, sem var hjáleiga frá Eyjólfsstöðum. Úlfstaðir eiga ekki land upp fyrir brúnir og því ekki upp á Aura og yfir á Fagradal. Einungis eru því tilgreind merki neðan Klofasteina á Fjallsbrúninni, en vísað til eignarhalds á Aurum, þ.e. upp á Hálsinum. Með því að tilgreint er að lögfestan varði land Vallamegin vísar hún í raun til þess að Gíslastaðagerði eigi land beggja vegna Hálsins, þ.e. Fagradalsmegin, auk lands á Aurum, þ.e. á hálsinum milli Valla og Fagradals.

Við manntals- og skattþing 8. júlí 1844 var þinglesin lögfesta, dags. 8. júlí 1844 vegna Eyjólfstaða, en Úlfstaðir voru á þeim tíma hjáleiga Eyjólfstaða. Þar kemur fram í kjölfar landamerkjalýsingar jarðarinnar að utan og yfir á Fagradal, lýsing á merkjum að innan;

<sup>3</sup> Hennar maður var Eiríkur Stóri Bjarnason. Lögréttumaður, getið 1688-1714. Bóndi á Búlandi en bjó á Gíslastöðum, Vallahreppi, Múl. 1703.

*Yfir Aura í Græfur þar adurkölluð Launá nú Fagradalsá ofanfellur að innan líka eins og verið hefir að landamerkjum Jardarinnar Gíslastaða nl. úr Tunguhagalæk á Merkikeldu framan undir svokolluðu Merkiholti, þaðan beina Sjónhendingu á Kolfasteina á Fjalli upp og þaðan beina Stefnu ofaná Fagradal;*

Lögfestan tilgreinir beinlínis að land Gíslastaða liggir yfir á Fagradal, rétt eins og á við um aðrar jarðir á Völlum. Það er einnig athygliverður fróðleikur að Fagradalsá, sem fellur til Héraðs, hafi verið nefnd Launá, en af staðháttum má sjá að stærstur hluti rennslis árinna er vatn sem fellur niður af Aurum niður á Fagradal, en sú er nú nefnd Efri Launá. Miðað við þetta getur verið að það hafi einungis verið áin sem fellur til Reyðarfjarðar af Fagradal, sem borið hefur Fagradalsárnafníð upphaflega.

Í sóknarlýsingu sr. Guttorms Pálssonar fyrir Vallanessókn frá 1840 er lýsing á staðháttum, m.a. Fagradal og Ketilsstaðahálsi og því lýst að hluti bænda yst á Völlum reki fé undir Skagafell. Þá segir í framhaldinu:

*En Ketilsstaða-, Eyjólfstaða- og Gíslastaða- og þeirra jarða hjáleigumenn á Fagradal hvört heimalönd þeirra ná, þvert yfir háseinn; en Tunghaga og undirliggjandi hjáleigna ábúendur reka geldfé sitt í áðurnefndan Hjálpleysudal so sem áfastan þeirra heimalöndum.*

Land Gíslastaða nær yfir á Fagradal, rétt eins og land hinna jarðanna sem byggðar eru við Ketilsstaðaháls.

## 2.5. Landamerkjabréf

Landamerkjabréf var gert fyrir Gíslastaði og Gíslastaðagerði í kjölfar setningar landamerkjalaga á árinu 1882. Landamerkjalýsing Gíslastaðagerðis er dags. 12. maí 1884, og þinglesin á Egilsstaðamanntalsþingi 5. júlí 1886. Landamerkjalýsing Gíslastaða, dags. 4. júní 1884, var þinglesin á Egilsstaðamanntalsþingi 5. júlí 1886. Í bréfunum er gerð grein fyrir skiptingu lands milli jarðanna og óskiptu landi, en í Gíslastaðabréfinu er skiptu landi lýst lengra til Fagradals. Þá hafa á 20. öld verið gerðar breytingar á landi milli jarðanna á láglandi Vallamegin.

Landamerkjabréf Gíslastaða lýsir merkjum á Fagradal milli efri Launár og efri Hrutár. Efri Hrutá fellur í Fagradalsá þar sem Fagradalsá fellur til Reyðarfjarðar. Staðhættir á varpi Fagradals eru sérstakir, enda er þar sléttlendi og óskýrt hvar vötnum fer að halla til Héraðs eða Reyðarfjarðar. Breytingar mýrlendis og framburður hliðaráa rétt við varpið kann að hafa breytt þeim skilum að einhverju marki í aldanna rás. Undir landamerkjabréf Gíslastaða er skrifað samþykki B. Jónssonar (umboðsmanns Vallaneseigna). Skýrist sú staðfesting af því að Vallanes hefur átt afréttarítak í landi Áreyja utan við Hrutá og út að svokallaðri Afréttará. Hvaða á er þar átt við í dag er óljóst, en þar getur verið um að ræða vatnsfall sem rennur í Fagradalsá, við neðri Hrutá, eða nokkuð nær botni Reyðarfjarðar.

Landamerkjabréf Áreyja er dags. 5. september 1885. Jörðin var kirkjujörð Hallormsstaðakirkju, og heyrði þá undir Þingmúlaprest. Bréfið var þinglesið á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1886. Merkjum jarðarinnar við jarðir á Héraði er lýst svo:

*Að vestan milli Arnhólsstaða, Eirarteigs, Litla Sandfells og Stóra Sandfells liggja mörkin úr miðju Kotfelli á Kvalvörðu þaðan á Hallsteinsdalvarp þaðan á Hjálpleysuvarp eptir því sem vötnum hallar. Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá.*

Þá kemur fram sú lýsing að innan landamerkja liggja ítök er bréfið greinir.

1. Vallaneskirkja á afrétt í Fagradal frá Hrutá til Afréttará.
2. Gíslastaðir á Völlum eiga afrétt á Fagradal milli Hrutár á Launuár.

Páll Pálsson prestur Þingmúla skrifar undir lýsinguna. Af uppskrift bréfsins í landamerkjabók má ráða að hluti af undirritunum á bréfið virðist hafa verið gerð á frumrit bréfsins en aðrar undirritanir virðast koma fram á öðrum skjölum. M.a. kemur fram þessi texti í uppskrift í landamerkjabók:

*Við undirskrifaði samþykkingum ofangreind landamerki, hvað Fagradal snertir með svo felldu móti; að vér notum afréttarlandið á sama hátt frjálst og átölulaust, eins og hingað til hefur verið.*

*Bergur Jónsson (fyrir hönd Vallaneshrepps)*

*Jón Vilhjálmsson, Vilhjálmur Jónsson (eigendur Gíslastaða)*

Við samanburð á landamerkjabréfi Gíslastaða og Áreyja er ljóst að landið milli Hrútár og neðri Launár, er talið innan merkja Gíslastaða enn einnig innan lands Áreyja, m.v. umfjöllun um afréttarítök. Miðað við Áreyjalýsinguna, eiga Gíslastaðir því einungis land að Fagradalsá milli Efri Launár og Neðri Launár, en það nokkurn vegin við Neðri Launá sem vatnaskil á Fagradal eru í dag.

Þetta misræmi í landamerkjabréfum staðfestir öðru fremur að um eignarland sé að ræða, þ.m.t. sú staða að ítök hafi stofnast á svæðinu. Það getur talist rökrétt að Vallaneskirkja hafi eignast afréttarítak úr kirkjujörð Hallormsstaðakirkju, Áreyjum. Hins vegar er slík ítakastofnun óvenjuleg vegna jarðarinnar Gíslastaða sem á land á Fagradal, þ.e. að jörð í einkaeign hafi fengið afréttarítak úr kirkjujörðinni Áreyjum, til viðbótar því landi sem Gíslastaðir áttu þegar á Fagradal.

Umbjóðendur mínir telja að véfengja megi gildi landamerkjabréfs Áreyja hvað varðar staðfestingu á því að eigendur Gíslastaða hafi samþykkt að Hrútá réði ekki merkjum á Fagradal.

### 3. Lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja jarðanna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendur, í kafla 5.16 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og virðist þar skipta máli að land Gíslastaða og fyrrum hjáleigunnar Gíslastaðagerðis sé óskipt að nokkrum hluta. Í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Samkvæmt kafla 7.15 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé frá Fagradalsá og upptökum Efri Launár fylgt og þaðan er vatnaskilum fylgt til suðurs að upptökum Efri Hrútár og þaðan niður í Fagradalsá. Á korti sem fylgir þjóðlendukröfu er svæðið hins vegar afmarkað frá upptökum Efri Launár, yfir vatnasvæði Köldukvíslar og fram á fjallsbrún Vallamegin Ketilsstaðaháls. Brúninni við Hjalpleysudal er svo fylgt að upptökum Efri Hrútár. Þarna er augljóst ósamræmi og kröfusvæðið sýnt 2-3 falt stærra en texti kröfulýsingar segir til um.

Landeigandi hafnar hvers kyns lagasjónarmiðum um að staða Gíslastaðagerðis sem hjáleigu úr landi Gíslastaða og að land jarðanna sé að nokkru leyti óskipt, rýri eignarréttarlegt tilkall jarðanna til landsins.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður í Völlum leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi í á svæðinu sé sérstaklega skýr. Landnám á Völlum var skýrlega afmarkað upp með Gílsá og upp með Eyvindará og umrætt svæði sé bersýnilega innan þeirrar afmörkunar.

Lýsingar allra skjala sem fyrir liggja ber að sama brunni að um eignarland sé að ræða. Heimildirnar endurspeglar í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi. Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarrand sem þær hafa þurft og engar heimildir um samnotaafrétti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að land Gíslastaðajarðanna á Fagradal hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að svæðið hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>4</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitarrand að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Afréttarörnefni á Austurlandi vísa til slíkra nota og aðstæðna.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlenduakrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður Óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni, mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafreitt og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlið. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Desjarmýrar falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildarskjöl.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda er mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem eru og hafa alla tíð verið greinileg af láglandi. Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfars verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapitula landsbrigðapáttar Grágásar og 6. kapitula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá

<sup>4</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrættari kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalög nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnarsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986.

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeigenda

Jón Jónsson hrl.  
kt. 090976-5249

Jón Jónsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatvottorð
3. Umboð
4. Kort af afmörkun landnáms Ásraðar og Ásvarar Herjólfsdóttur



## KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

### Jörð/landsvæði:

Áreyjar, Fjarðabyggð, fastanúmer F2176939, landnúmer L158192.

### Kröfuna gerir/gera:

Svavar Valtýr Valtýsson, kt. 120452-2749, Áreyjum, 731 Reyðarfirði.

### Fyrirsvar:

Magnús Óskarsson hrl., Lögmáli ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík. Tölvupóstfang, mo@logmal.is.

### Kröfugerð:

Gerð er krafa um að landamerki Áreyja afmarkist í samræmi við landamerkjalyýsingu frá 1885 og dómsorð Hæstaréttar í málinu nr. 611/2006 og innan þeirra sé um að ræða beinan eignarrétt Svavars Valtýs Valtýssonar sem gerir þessa kröfu:

Gerð er krafa um að landamerkin séu að sunnan úr (1) Flóalækjarósi (720 918 austur og 511 338 norður) í (2) Sandskörð (720 117 austur og 510 660 norður) og þaðan á (3) Merkimel (719 693 austur og 510 302 norður) þaðan á (4) mitt Kotfell (einnig kallað Kollfell) (hábungu Kotfells 719 192.496 austur og 509 797.840 norður). Að vestan liggja mörkin úr miðju Kotfelli á (5) Hvalvörðu (Kvalvörðu) þaðan á (6) Hallsteinsdalsvarp þaðan á (7) Hjálpleysuvarp eftir því sem vötnum hallar. Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi (8) þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. (9) Að austan og utan skilur Fagradalsá alla leið út í (1) Flóalækjarós.

Til vara er gerð krafa um fullan afnotarétt af því landi sem ríkið gerir kröfu um og skarast við framangreint, þ.m.t. upprekstrar og beitarrétt.

Gerð er krafa um málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram síðar eða eftir mati nefndarinnar.

### Heimildir:

Kröfugerð byggir á landamerkjalyýsingu jarðarinnar Áreyja undirritaðri í Þingmúla 5. september 1885 af Páli Pálssyni þáverandi eiganda jarðarinnar. Einnig er kröfugerð byggð á niðurstöðu í hæstaréttardómi í máli nr. 611/2006 og eru þeir hintapunktur sem settir eru fram fengnir þaðan.

## Annað:

Á því svæði þar sem jörð umbjóðanda míns skarast eða mætir kröfugerð ríkisins telur umbjóðandi minn að landamerki jarðarinnar liggi nokkurn veginn eins og sveitarfélagamörkin eru dregin á korti sem fylgdi kröfugerð ríkisins, þ.e.a.s. af Hjálpleysuvarpi og í punkt sem er þar sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá, þ.e.a.s. þar sem Fagradalsá á upptök sín og rennur til suðurs en einnig rennur önnur Fagradalsá (eða sama áin sem rennur í sitthvora áttina) frá sama upphafsstað í Fagradal og rennur til norðurs. Sveitafélagamörkin voru dregin eftir landamerkjalyýsingu Áreyja. Umbjóðandi minn mótmælir því þannig að kröfugerð ríkisins skuli ná allt suður að Efri-Hrúta.

Landamerkjalyýsing Áreyja er undirrituð af öllum hlutaðeigandi, líka fyrir hönd Gíslastaða. Í henni er talað um að Vallakirkja og Gíslastaðir hafi átt upprekstrarrétt í landi Áreyja. Allir hlutaðeigandi kvitta uppá að um hafi verið að ræða beitarrétt (upprekstrarrétt). Sá réttur er fallinn niður, sbr. lög nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum.

## Um landamerki

Fyrstu fjögur landamerkin í kröfugerð eru fengin úr Hæstaréttardómi í máli nr. 611/2006 en eru einnig í samræmi við landamerkjalyýsingu. Þau eru:

- (1) Flóalækjarós (720 918 austur og 511 338 norður).
- (2) Sandskörð (720 117 austur og 510 660 norður)
- (3) Merkimelur (719 693 austur og 510 302 norður)
- (4) mitt Kotfell (einnig kallað Kollfell) (þ.e. hábunga Kotfells 719 192.496 austur og 509 797.840 norður).

Aðrir punktar hafa ekki verið hnitsettir. Þeir eru:

- (5) Hvalvarða (ritað Kvalvarða í landamerkjalyýsingu).

Milli (4) Kotfells og (5) Hvalvörðu er lýsing í landamerkjalyýsingu svohljóðandi:

„Að vestan milli Arnhólsstaða, Eirarteigs Litlasandfells og Stórasandfells liggja mörkin úr miðju kotfelli á Kvalvörðu þaðan á Hallsteinsdalsvarp eftir því sem vötnum hallar.“

- (6) Hallsteinsdalsvarp er bunga uppi á Brúðardalsfjalli þar sem vötnum hallar. Línan liggur þaðan eins og vötnum hallar á Hjálpleysuvarp.

- (7) Hjálpleysuvarp. Þar sem Hjálpleysuvarp hefst syðst rennur vatn af því til austurs (í Fagradalsá) og til vesturs og er þeim vatnaskilum fylgt til norðurs allt þar til vatnið fer að renna til norðurs í Kölduhvísl en við þann stað er tekin bein stefna í næsta punkt nr. (8) þ.e. í upptök Fagradalsár.

- (8) Sá staður þar sem vötnum hallar í Fagradal í Fagradalsá er við upptök Fagradalsár þeirrar sem rennur til suðurs. Í Fagradal er einnig önnur Fagradalsá sem rennur til norðurs með upptök á sama stað. Einnig er talað um þetta sem sömu ána sem rennur í báðar áttir, norður og suður.

(9) Að austan og utan skilur Fagradalsá alla leið út í Flóalækjarós sem gerð er grein fyrir að framan og er hnitsettur, sbr. hæstaréttardóm.

**Fylgiskjöl:**

Hæstaréttardómur í máli nr. 611/2006.


Veðbandayfirlit.

Kort með kröfulínum frá Landformi.

Umboð.

Kort frá 1938

Reykjavík, 15. júní 2022.



Magnús Óskarsson hrl.



Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

## KRÖFULÝSING

### FYRIR ÓBYGGÐANEFND

#### SVÆÐI 11

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar 1. febrúar 2022 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, er hér með lýst neðangreindri kröfu.

**Kröfuna gera:** Valpór Þorgeirsson, kt. 170857-6079  
Ólafur Hólm Þorgeirsson, kt. 010162-2899

**Vegna:** Jarðarinnar Fjarðar í Mjóafirði, innan staðarmarka Fjarðabyggðar

**Fyrirsvar:** Guðjón Ármannsson lögmaður, LEX, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd landeigenda

#### I. Aðild:

Land jarðarinnar Fjarðar er í óskiptri sameign eigenda nokkurra býla á jörðinni, svonefndra Fjarðarbýla. Þau eru Fjörður (L158124), Friðheimur 1 (L158125), Friðheimur 2 (L158126), Leiti (L215377) og Kot eða Fjarðarkot (L158123). Þeir sem að þessari kröfulýsingu standa eru eigendur að hluta í Friðheimi 1, Friðheimi 2, Koti og Leiti og eru þannig meðal sameigenda í því óskipta landi jarðarinnar Fjarðar sem þjóðlendukrafa ríkisins tekur til.

#### II. Kröfugerð:

Landeigendur Fjarðar gera kröfu til hluta þess kröfusvæðis ríkisins sem nefnist suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. Nánar tiltekið gera þeir kröfu til þess hluta Slenjudals sem fellur innan

kröfusvæðis ríkisins, þ.e. svæðis sem afmarkast að norðanverðu af kröfulínu ríkisins milli punkta nr. 1, 2 og 3 og að sunnanverðu af fjallseggjum og vatnaskilum á Slenjufjalli. Landeigendur Fjarðar telja þannig til beins eignarréttar yfir öllu landi jarðarinnar eins og því er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar og eldri lögfestum. Í landamerkjabréfi Fjarðar, sem dagsett er 8. júlí 1884 og var þinglýst 14. júlí 1884, er merkjum jarðarinnar lýst svo:

*Að austan eru þau þessi, norðanfjarðar: „Borgará“ að ofan að „Borgarárfossi“, þar fyrir neðan ræður gil það, er liggur ofan fyrir utan ána ofan á „Borgareyjarodda“, eptir læknum í gilinu og eptir laut þeirri á eyrinni, er liggur ofan fyrir utan frá borgartóptinni ofan á oddann og sem varða er hlaðin í.*

*Sunnanfjarðar og eru þau „Arnabólaklettur“, þar sem merkt er stofunum F.A. (Fjörður, Asknes) og beint þaðan til fjalls á „Grjótbrún“, þar sem merkjavörður eru hlaðnar og þaðan beint í fjallaeggjar. Að vestan eru landamerkin á „Slenjudalshálsi“ sunnan árinna „Slengju“ eins og landamerkjavörður sýna og þaðan bein stefna eptir „Merkjavörðum“ út í Grjótá hina innri. Á aðrar hliðar ráða fjallaeggjar, og er allt það land<sup>er</sup> innan tjeðra takmarka liggur, eign jarðarinnar Fjarðar.*

Kröfu ríkisins um þjóðlendu er mótmælt að því marki sem hún skarast við landamerki jarðarinnar eins og þeim er lýst í framangreindum heimildum. Þess er krafist að umrætt svæði verði úrskurðað eignarland og að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins á sama svæði verði hafnað. Vísað er til uppdráttar sem unninn er samhliða kröfulýsingu þessari og færður inn á sameiginlegt kröfulínukort. Stangist uppdráttur á við texta þinglýsts landamerkjabréfs og annarra landamerkjalysinga, ræður texti þeirra.

### III. Málavextir

Með bréfi óbyggðanefndar 20. apríl 2021 var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svæði 11, Austurland, til meðferðar og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 8. október 2021. Fresturinn var framlengdur nokkrum sinnum og síðast til 25. janúar 2022.

Svæðið afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 20. apríl 2021:

*Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlaþings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornafjarðar en mörkum þess og Múlaþings er síðan fylgt suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.*

Þann 25. janúar 2022 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á ofangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd.

Umbj. mínir telja til eignarréttar á hluta af því landsvæði sem fellur innan þjóðlendukröfu ríkisins á svæði sem nefnt er suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. Er umbj. mínum því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

#### IV. Málsástæður

Umbj. minn byggir á því að land Fjarðar hafi allt verið innan upphaflegs landnáms í öndverðu, í samræmi við landnámslýsingar í Landnámu. Land jarðarinnar hefur þannig verið undirorpið beinum eignarrétti alla tíð og nýtur sem slíkt verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Umbj. minn byggir þannig á því að Fjörður hafi frá landnámi verið jörð og sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem umbj. minn telur til eignarréttinda yfir í dag. Í samræmi við það hefur jörðin gengið kaupum og sölum með hefðbundnum hætti í gegnum tíðina og aldrei verið litið öðruvísi á en að allt land jarðarinnar væri undirorpið einkaeignarrétti, en ekki talið til almennings eða afréttar, svo sem þinglýst heimildarskjöl bera vitni um. Jörðin hefur verið metin jarða- og fasteignamati allar götur frá því að gerð slíkra mata hófst.

Af kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna svæðisins Eyvindarárdals o.fl. má ráða að sá hluti þess sem skarast við kröfulýsingu umbj. minna byggist á túlkun íslenska ríkisins á landamerkjabréfi Fjarðar. Þannig virðist ljóst að óumdeilt sé að land Fjarðar sé eignarland og að leggja beri landamerkjabréfið til grundvallar að þessu leyti. Túlkun ríkisins á landamerkjabréfinu er hins vegar röng, sem veldur því að norðurmörk kröfusvæðis ríkisins eru dregin inn á land Fjarðar.

Líkt og áður segir er landamerkjum jarðarinnar lýst svo í landamerkjabréfi hennar:

*Að austan eru þau þessi, norðanfjarðar: „Borgará“ að ofan að „Borgarárfossi“, þar fyrir neðan ræður gil það, er liggur ofan fyrir utan ána ofan á „Borgareyrarodda“, eptir læknum í gílinu og eptir laut þeirri á eyrinni, er liggur ofan fyrir utan frá borgartóptinni ofan á oddann og sem varða er hlaðin í.*

*Sunnanfjarðar og eru þau „Arnabólaklettur“, þar sem merkt er stofunum F.A. (Fjörður, Asknes) og beint þaðan til fjalls á „Grjótbrún“, þar sem merkjavörður eru hlaðnar og þaðan beint í fjallaeggjar. Að vestan eru landamerkin á „Slenjudalshálsi“ sunnan árinna „Slengju“ eins og landamerkjavörður sýna og þaðan bein stefna eptir „Merkjavörðum“ út í Grjótá hina innri. Á aðrar hliðar ráða fjallaeggjar, og er allt það land<sup>er</sup> innan tjeðra takmarka liggur, eign jarðarinnar Fjarðar.*

Kröfulínu ríkisins á þessu svæði er lýst svo:

*Upphafspunktur er þar sem Slenjudalsá rennur í Eyvindará (1) og ræður Slenjudalsá merkjum austur að lendamerkjavörðu Fjarðar í Mjóafirði á Slenjudalshálsi, sunnan árinna (2). Þaðan beina stefnu suður á fjallaeggjar (3) ...*

Umbj. mínir byggja á því að punktur nr. 2 á kröfulínu ríkisins sé rangt staðsettur. Svo virðist sem hann byggist á á þeim hluta landamerkjalyýsingar fyrir Fjörð þar sem segir að vesturmerki jarðarinnar séu á Slenjudalshálsi sunnan Slenju eins og landamerkjavörður sýni. Punktur nr. 2 á kröfulínu ríkisins er hins vegar ekki staðsettur á Slenjudalshálsi heldur í botni Slenjudals, við rætur Mjóafjarðarheiði að vestanverðu. Slenjudalsháls er í reynd staðsettur mun vestar, skammt norðaustan við punkt nr. 1 á kröfulínu ríkisins sem er á þeim stað þar sem Slenja og Eyvindará mætast. Slenjudalsháls er þar sem Mjóafjarðarvegur hækkar nokkuð skarpt upp frá Eyvindará í mynni Slenjudals. Í landamerkjabréfinu segir svo að á aðrar hliðar ráði fjallaeggjar sem þýðir að frá austurmerkjum jarðarinnar við sunnanverðan Mjóafjörð ráða fjallseggjar á vatnaskilum, vestur eftir Slenjufjalli og að umræddum punkti á Slenjudalshálsi.

Punktur nr. 2 á kröfulínu ríkisins er auk þess staðsettur í botni Slenjudals sem landfræðilega getur ekki talist *háls*, sem samkvæmt íslenskri orðabók merkir hryggur eða hæð í landslagi í þessu sambandi. Auk þess má benda á að kröfulína ríkisins fylgir ánni Slenju eftir Slenjudal en í landamerkjalyýsingum fyrir Fjörð er þess hvergi getið að merkin fylgi ánni. Ef merkin ættu að fylgja ánni hefði hennar vafalaust verið getið í merkjalýsingum, enda myndi hún mynda skýr landfræðileg mörk. Það að hennar sé ekki getið í lýsingum bendir eindregið til þess að merkin fylgi ekki ánni. Þvert á móti er þess getið að fylgja skuli fjallseggjum milli þeirra punkta sem lýst er í landamerkjalyýsingunni, og þar með talið fjallseggjum á Slenjufjalli. Staðhættir á svæðinu styðja þannig ótvírætt við skýringu umbj. minna á landamerkjalyýsingum Fjarðar og mæla gegn túlkun íslenska ríkisins á þeim.

Skýring umbj. minna á örnefninu Slenjudalsháls fær einnig stoð í eldri landamerkjalyýsingum jarðarinnar og ítarlegri örnefnaskrá sem um hana var samin.

Í lögfestu Hermanns Jónssonar og Halldórs Pálssonar frá 1. mars 1784 segir:

*Lögfestum við greint staðarland í þessi takmörk, nefnilega frá Kirkjubúfu til fjalls og fjöru og á Slenjudalsháls fyrir austan, en í Ytri-Grjótá fyrir norðan samt Slenjudal allan innan téðra takmarka og í Borgará hið efra en í sinn farveg ysta hið neðra.*

Í lögfestu Einars Halldórssonar fyrir Fjörð í Mjóafirði frá 20. maí 1845 segir:

*Lögfesti eg greindt Stadarland í þessi takmörk nefnilega frá Kirkjubúfu til Fjalls og Fjöru á Slenjudals háls fyrir austan; en í ytri Grjótá fyrir nordan samt Slenjudal allan innan tedra takmarka; og í Borgara hid efra en í hinn Farveg ytsta hid nedra. [áherslubr. LEX]*

Í lögfestunum er þess sérstaklega getið að Slenjudalur allur sé innan merkja jarðarinnar. Það styður við að merkin fari eftir fjallseggjum á Slenjufjalli þannig að allur Slenjudalur sé innan merkja jarðarinnar.

Í ítarlegri örnefnaskrá fyrir Fjörð í Mjóafirði, sem samin var af Vilhjálmi Hjálmarssyni 17. maí 1981 eftir samráð við heimamenn og ítarlega rannsóknarvinnu, segir um merki jarðarinnar:



*Inn til á suðurströnd Mjóafjarðar, um það bil 1 km fyrir innan Asknes, heita Arnarból, hamrar, sem liggja niðri við sjó. [...] Landamerki Askness og Fjarðar eru um Arnarból og þaðan beint til fjalls á vatnaskil milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar. Þá fylgja landamerkin vatnaskilum inn hjá varpi Mjóafjarðarheiðar og áfram út Slenjufjall.*

*Á landakorti eru mörkin talin liggja niður fjallsröðina og niður með Slenju og Eyvindará og út að Innri-Grjótá og þar til fjalls. Aðrar heimildir herma, að landamerkin liggja þvert yfir mynni Slenjudals um Slenjudalsbrúnina þvert á Ytri-Grjótá. Bréf Hermanns Jónssonar í Firði og Halldórs Pálssonar 1784 og 1794: „Mörkin liggja á Slenjudalsháls fyrir austan en í Ytri-Grjótá fyrir norðan.“ Fellur því Slenjudalur allur innan marka Fjarðarlands, en ekki lengra niður. Svo mun vera í landamerkjabréfum, sjá einnig Þuríðarstaði og Sveitir og jarðir í Múlaþingi. [áherslubl. LEX]*

Það er niðurstaða Vilhjálms samkvæmt þessu að heimildir um jörðina lýsi merkjum hennar út Slenjufjall og þvert yfir mynni Slenjudals um Slenjudalsbrúnina, sem einnig er nefnd Slenjudalsháls. Þessi túlkun samræmist túlkun landeigenda á landamerkjabréfi jarðarinnar og öðrum merkjalýsingum og mælir að sama skapi gegn túlkun íslenska ríkisins á sömu heimildum.

Að öllu framangreindu virtu er ljóst að kröfusvæði íslenska ríkisins teygir sig inn á eignarland jarðarinnar Fjarðar, að því er virðist vegna rangtúlkunar íslenska ríkisins á landamerkjalyfingum fyrir jörðina. Þess er því krafist, leiðrétti íslenska ríkið ekki kröfulínu sína þessu til samræmis, að óbyggðanefnd úrskurði umrætt landsvæði innan Fjarðar eignarland og hafni kröfu ríkisins um þjóðlendu á sama svæði.

Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður byggja umbj. mínir til viðbótar á því að allt land Fjarðar, svo sem það er afmarkað hér að framan, sé eignarland á grundvelli hefðar. Umbj. mínir og þeir landeigendur Fjarðar sem þeir leiða rétt sinn frá hafa allt frá landnámi farið með jörðina, og umrætt svæði þar með talið, sem eignarland og haft af því öll hefðbundin not og því ljóst að öll skilyrði eignarhefðar eru uppfyllt.

## V. Heimildir og gögn

Kröfu sína byggja umbj. mínir á þinglýstu landamerkjabréfum fyrir Fjörð og aðliggjandi jarðir. Þá byggja þeir jafnframt á Landnámu, lögfestum, máldögum, landamerkjalyfingum, afsalsgerningum, lögum, dómum, heimildarskjölum og bæði fornum og nýjum vitnisburðum, sem og öðrum gögnum og fræðiritum. Umbj. mínir leggur samhliða kröfulýsingu þessari fram skjöl máli sínu til stuðnings og áskilur sér rétt til frekari gagnaframlagningar eftir því sem þörf krefur.

## VI. Lagarök


Til stuðnings kröfu sinni vísa umbj. mínir til ákvæða stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr., og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá vísa umbj. mínir til meginreglna íslensks eignaréttar, laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973. Umbj. mínir

vísa enn fremur til laga um hefð nr. 46/1905, vatnalaga nr. 15/1923, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, landamerkjalaga nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni nr. 5/1882, girðingarlaga nr. 135/2001 og eldri laga um sama efni nr. 10/1965.

## VII. Áskilnaður

Umbj. mínir áskilja sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð til óbyggðanefndar. Þá er áskilinn réttur til að auka við kröfur, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Loks er áskilinn réttur til að gera kröfu um allan þann kostnað sem umbj. mínir hafa orðið fyrir og kunna að verða fyrir við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst,



f.h. Guðjóns Ármannssonar lögmanns  
Sigmar Aron Ómarsson lögmaður

Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

## KRÖFULÝSING

### FYRIR ÓBYGGÐANEFND

#### SVÆÐI 11

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar 1. febrúar 2022 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, er hér með lýst neðangreindri kröfu.

**Kröfuna gerir:** Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479

**Vegna:** Jarðarinnar Fannardals, L158152, innan staðarmarka Fjarðabyggðar

**Fyrirsvar:** Eyvindur Sólnes hrl., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd landeiganda

#### I. Kröfugerð:

Landeigandi Fannardals telur til beins eignarréttar yfir öllu landi innan þess kröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnt er *Fannardalur* og er af hálfu ríkisins afmarkað með eftirfarandi hætti:

*Upphafspunktur er á vatnaskilum við upptök Fannardalsár (1). Er ánni fylgt niður í Norðfjarðará (2) og úr Norðfjarðará suður í Svartaskot (3) og upp á fjallsbrún. Þaðan er fjallseggjum fylgt aftur í upphafspunkt.*

Kröfu ríkisins um þjóðlendu innan téðra merkja er mótmælt þar sem svæðið allt er innan merkja jarðarinnar Fannardals. Lýsing í landamerkjabréfi Fannardals og Tandрастаða, auk fjallseggja og vatnaskila umhverfis Fannardal, ráða afmörkun eignarlands jarðarinnar. Í landamerkjabréfi

Fannardals og Tandрастаða, sem dagsett er 20. júní 1884 og var þinglýst 14. júlí 1884, er merkjum milli jarðanna lýst svo:

*Fyrir norðan Norðfjarðará ræður „Fannardalsá“, sem kemur ofan úr svo nefndum „Gæsadal“ og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará. Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr „Svartaskoti“ og beint niður í Norðfjarðará.“*

Að öðru leyti ráða fjallseggjar og vatnaskil umhverfis Fannardal. Vísað er til uppdráttar sem unninn er samhliða kröfulýsingu þessari og færður inn á sameiginlegt kröfulínukort. Stangist hnitsettir punktar eða uppdrættir samkvæmt honum á við texta þinglýsts landamerkjabréfs, ræður landamerkjabréf.

## II. Málavextir

Með bréfi óbyggðanefndar 20. apríl 2021 var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svæði 11, Austurland, til meðferðar og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 8. október 2021. Fresturinn var framlengdur nokkrum sinnum og síðast til 25. janúar 2022.

Svæðið afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 20. apríl 2021:

*Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlapings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornafjarðar en mörkum þess og Múlapings er síðan fylgt suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.*

Þann 25. janúar 2022 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á ofangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd.

Umbj. minn telur til eignarréttar á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins í Fannardal, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að jörðin teljist þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er umbj. mínum því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

## III. Málsástæður

Umbj. minn byggir á því að Norðfjörður allur hafi verið numinn í öndverðu og Fannardalur í botni fjarðarins hafi þar ekki verið undanskilinn, enda segir í Landnámu að Egill hinn rauði hafi numið Norðfjörð allan. Jörðin Fannardalur var þannig innan upphaflegs landnáms og rekja má eignarhald

óslitið frá þeim tíma til vorra daga. Land jarðarinnar hefur þannig verið undirorpið beinum eignarrétti alla tíð og nýtur sem slíkt verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jarðarinnar er getið í Droplaugarsona sögu, sem segir af bræðrunum Helga og Grími Droplaugarsonum frá Arneiðarstöðum í Fljótsdal. Sagan sú hefur verið talin með eldri Íslendingasögum, hugsanlega frá því fyrir eða um miðja 13. öld, sem styður jafnframt við að jörðin eigi sér langa og ríka sögu.

Umbj. minn byggir þannig á því að Fannardalur hafi frá landnámi verið jörð og sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem umbj. minn telur til eignarréttinda yfir í dag. Í samræmi við það hefur jörðin gengið kaupum og solum með hefðbundnum hætti í gegnum tíðina og aldrei verið litið öðruvísi á en að allt land jarðarinnar væri undirorpið einkaeignarrétti, en ekki talið til almennings eða afréttar, svo sem þinglýst heimildarskjöl bera vitni um. Jörðin hefur verið metin jarða- og fasteignamati allar götur frá því að gerð slíkra mata hófst. Þess má geta að jörðin hefur alla tíð verið bændaeign en aldrei verið í eigu konungs, ríkis eða kirkju.

Af kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna Fannardals verður helst ráðið að hún byggist fyrst og fremst á tvennu. Í fyrsta lagi túlkun ríkisins á landamerkjabréfi Fannardals og Tandрастаða frá 1884, og í öðru lagi að þess sé getið í heimildum um Skorrastaðakirkju að meðal ítaka kirkjunnar sé lambarekstur í Fannardal. Því er rétt að taka þessi atriði til nánari skoðunar hér.

### **III.1. Landamerki Fannardals**

Landamerkjabréf Fannardals og Tandрастаða er dagsett 20. júní 1884 og því var þinglýst 14. júlí 1884, í samræmi við ákvæði þágildandi landamerkjalaga. Í landamerkjabréfinu er merkjum milli jarðanna lýst svo:

*Fyrir norðan Norðfjarðará ræður „Fannardalsá“, sem kemur ofan úr svo nefndum „Gæsadal“ og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará. Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr „Svartaskoti“ og beint niður í Norðfjarðará.“*

Landamerkjabréfið lýsir þannig austurmerkjum jarðarinnar Fannardals, gagnvart vesturmerkjum Tandрастаða, sem er næsta jörð austan Fannardals. Jörðin Fannardalur er innsta jörðin í Norðfirði, austurmörk jarðarinnar liggja samkvæmt landamerkjabréfinu frá upptökum Fannardalsár að norðanverðu, suður í Norðfjarðará, og þaðan suður í Svartaskot sem er í fjallgarðinum sunnan dalsins. Landamerkjabréfið lýsir þannig einungis hluta af merkjum jarðarinnar en hefur ekki að geyma heildarlýsingu þeirra, enda er fulljóst að Fannardalur er jörð og að heildarmerki jarðar geta ekki verið strik, heldur tiltekið afmarkað svæði.

Skýringin á því að landamerkjabréf Fannardals hefur ekki að geyma lýsingu á heildarmerkjum jarðarinnar liggur í augum uppi þegar staðhættir eru skoðaðir nánar. Fannardalur er innsti bærinn í Norðfirði og afmarkast að norðan, vestan og sunnan af fjallgarðinum sem umlykur dalinn.

Tandrastaðir eru eina jörðin sem liggur að Fannardal í Norðfirði og því hefur væntanlega ekki þótt ástæða til að lýsa öðrum merkjum jarðarinnar en þeim hluta sem sneri að einu aðliggjandi jörðinni í firðinum. Fjallgarðurinn umhverfis dalinn myndar svo skýr landfræðileg mörk að ekki hefur þótt ástæða til þess, við gerð landamerkjabréfsins árið 1884, að taka sérstaklega fram að merki jarðarinnar réðust að öðru leyti af fjallseggjum og vatnaskilum umhverfis Fannardal. Það var einfaldlega engum vafa undirorpið. Í þessu sambandi má til hliðsjónar benda á að skylda landeigenda til að setja merki milli jarða hefur ávallt aðeins átt við í þeim tilvikum þegar ekki eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, bæði samkvæmt eldri landamerkjalögum nr. 5/1882 og núgildandi lögum nr. 41/1919.

Við aðstæður sem þessar, þ.e. þegar ljóst er að landamerkjabréf hefur ekki að geyma lýsingu á heildarkerkjum jarðar, hefur óbyggðanefnd slegið því föstu að nauðsynlegt sé að líta til annarra atriða við mat á afmörkun viðkomandi jarðar, svo sem annarra skjala sem geyma lýsingar á merkjum jarðarinnar, upplýsinga um staðhætti og gróðurfar, heimilda um merki aðliggjandi jarða, örnefnaskráa og eftir atvikum annarra atriða sem haft geta þýðingu, sbr. *úrskurð óbyggðanefndar 22. desember 2020 í máli nr. 3/2020 (Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar)*. Í tilviki Fannardals styðja öll slík atriði að miða beri merki jarðarinnar við fjallseggjar og vatnaskil umhverfis Fannardal, þannig að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja jarðarinnar.

Í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlþingi*, III. bindi, sem gefið var út af Búnaðarsambandi Austurlands árið 1976 er að finna ítarlegar lýsingar á jörðum í Múlþingi, þ.m.t. landamerkjum. Um Fannardal segir á bls. 47 í þessu riti:

*F[annardalur] er um 10 km inn frá Norðfjarðarbotni (kort) og á land utan frá gilinu Svartaskoti (Tröllagil á korti) sunnan ár og frá Fannardalsá (þverá) að norðan. Að öðru leyti ráða vatnaskil mörkum við Miðafjörð, Eiðahrepp (Tungudalsland) og Eskifjarðarhrepp. [áherslubr. LEX]*

Þar er merkjum jarðarinnar þannig lýst að vatnaskil allt umhverfis Fannardal ráði merkjum, frá línu sem dregin er milli upptaka Fannardalsár í norðri að Svartaskoti í suðri. Í örnefnaskrá fyrir Fannardal, sem Þorbergur Guðmundsson ritaði, segir m.a. um merki jarðarinnar:

*Landamerki jarðarinnar takmarkast við svonefnt Svartaskot (4) sunnanmegin Norðfjarðarár (5) og um Gljúfur (6) Fannardalsárgil (7) um Goðaborgarröð (8) upp á fjallsegg.*

Þar er merkjum jarðarinnar lýst um þessa sömu línu á austurmerkjum jarðarinnar, sem landamerkjabréfið frá 1884 lýsir, og áfram um Goðaborgarröð upp á fjallsegg. Goðaborgarröð er fjallaröðin norðan Fannardals og því ljóst að í örnefnaskránni er merkjum lýst upp á fjallseggjar umhverfis dalinn. Þar er örnefnum um allan dalinn einnig lýst, allt vestur að Fönn á vesturmerkjum, og um fjöllin allt í kring, og því ljóst að skrásetjari örnefnaskrárinnar hefur litið svo á að um væri að ræða örnefni á landi jarðarinnar.

Þegar litið er til staðháttu og gróðurfars í Fannardal sést einnig glögg að engin önnur náttúruleg merki koma til greina til afmörkunar lands jarðarinnar en fjallseggjar og vatnaskil umhverfis dalinn. Frá austurmörkum jarðarinnar gagnvart Tandrastöðum hækkar landið aflíðandi inn dalinn, upp með Norðfjarðará, í grónum hlíðum allt vestur að Fönn, sem markar vesturmörk jarðarinnar. Á þessu svæði eru engin skýr skil í landslagi eða gróðurfari sem hugsanlegt er að litið hafi verið á að afmarkaði land jarðarinnar fyrr en komið er að vatnaskilum á fjallseggjum umhverfis dalinn. Staðhættir og gróðurfar styðja þannig ótvírætt við afmörkun umbj. míns á jörðinni. Við það bætist að jörðin heitir Fannardalur eftir Fönn sem er vestast á jörðinni og þar með einnig kröfusvæði ríkisins. Dalurinn sem jörðin tekur til heitir sama nafni. Nafnið bendir þannig til þess að jörðin nái yfir allan dalinn vestur að Fönn.

Þegar litið er til landamerkjabréfa nærliggjandi jarða sést jafnframt greinilega að merki jarða á svæðinu til fjalla miðast almennt við vatnaskil og fjallseggjar. Í landamerkjabréfi Fjarðar í Mjóafirði, dags. 8. júlí 1884, sem er næsta jörð norðan við Fannardal, er merkjum sunnan fjarðar lýst svo:

„Sunnanfjarðar eru þau „Arnabólaklettur“, þar sem merkt er stofunum F.A. (Fjörður, Asknes) og beint þaðan til fjalls á „Grjótbrún“, þar sem merkjavörður eru hlaðnar og þaðan beint í fjallaeggjar. Að vestan eru landamerkin á „Slenjudalshálsi“ sunnan árinna „Slenju“ eins og landamerkjavörður sýna og þaðan bein stefna eptir „Merkjavörðum“ út í Grjótá hina innri. Á aðrar hliðar ráða fjallaeggjar, og er alt það land er innan tjeðra marka liggur, eign jarðarinnar Fjarðar.“ [áherslubl. LEX]

Að suðaustanverðu liggur land Fannardals saman við land Seldals. Í landamerkjabréfi fyrir kirkjuna á Skorrastað, þinglýstu 13. júlí 1891, er m.a. lýst merkjum Seldals, sem var eign kirkjunnar. Þar er merkjum Seldals lýst svo:

„Frá mótum Hengifossár og Selár ræður Hengifossa upp að Hengifossi, þaðan bein lína í veginn á Bröttubrekkubrún, svo kring allan Seldalinn upp á fjallaþrýr og út að Gvendarfossi og þaðan bein lína upp á hálsinn og þaðan bein sjónhending á Hólafellseyrar.“ [áherslubl. LEX]

Að sunnanverðu liggur land Fannardals saman við land Eskifjarðar en merkjum Eskifjarðar að norðanverðu er lýst svo í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 24. maí 1886:

„Lækur þessi ræður yfir um nesið í Laugarbarðslækjarmynni og svo sjónhending yfir aurana í Eskifjarðará sem ræður landamerkjum upp á há tind; þaðan út fjallaeggjar að Bleiksá.“ [áherslubl. LEX]

Landamerkjalyýsingar aðliggjandi jarða sýna þannig að fjallseggjar ráða almennt merkjum milli jarða á svæðinu, sem styður enn frekar við þá fullyrðingu að suður-, vestur- og norðurmörk Fannardals fylgi fjallseggjum og vatnaskilum. Aðliggjandi jarðir afmarka Fannardal með þeim hætti á alla vegu.

Allt framangreint styður við þá niðurstöðu að landamerki Fannardals afmarkist að austanverðu af þeirri línu sem lýst er í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884 og að öðru leyti af fjallseggjum og

vatnaskilum umhverfis dalinn. Af því leiðir að kröfusvæði ríkisins í Fannardal er allt innan merkja eignarlands jarðarinnar og þar með ekki þjóðlenda. Því ber að hafna þjóðlendukröfu ríkisins.

### **III.II. Ítak Skorrastaðakirkju í landi Fannardals**

Líkt og áður segir virðist þjóðlendukrafa ríkisins í Fannardal í öðru lagi byggjast á því að þess sé getið í heimildum um Skorrastaðakirkju að meðal ítaka kirkjunnar sé lambarekstur í Fannardal, fyrir framan Ljósá. Ljósá á upptök sín í Ljósártindi sem er í fjallgarðinum sunnan Fannardals miðjum, og rennur þaðan í Norðfjarðará í dalsbotninum. Ítakið hefur þannig verið á því landi jarðarinnar sunnan Norðfjarðarár sem er austan Ljósár. Jafnframt er þess getið að Skorrastaðakirkja hafi átt skógarítak norðan Norðfjarðarár. Samkvæmt því átti kirkjan ítök í meirihluta jarðarinnar, beggja megin Norðfjarðarár. Í þessu sambandi er hins vegar áréttað að tilvist ítaka hefur í fræðilegri umfjöllun, og í framkvæmd, verið talin skýr vísbending um eignarland en ekki þjóðlendu.

Ítök eða ítaksréttindi hafa verið skilgreind sem réttindi sem veiti réttihafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* segir enda:

*Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland. Þannig hafi réttur fyrir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.*

Samkvæmt þessu er tilvist ítaks í landi Fannardals ekki vísbending um að það hafi ekki verið undirorpið einkaeignarrétti, heldur styður það þvert á móti við að land jarðarinnar hafi ávallt verið eignarland. Til ítaksins hafi þannig stofnast í eignarlandi Fannardals.

### **III.III. Fyrri athafnir handhafa ríkisvalds og réttmætar væntingar**

Við framangreint bætist að allt ræktað land jarðarinnar sem er talsvert, svo og mannvirki, eru innan kröfusvæðis ríkisins, þ.e. vestan við þá línu sem landamerkjabréfið frá 1884 lýsir. Hið ræktaða land jarðarinnar teygir sig talsvert langt til vesturs inn dalinn frá bæjarstæðinu sem er skammt vestan Fannardalsár, við mörkin gagnvart Tandrastöðum.

Þá hafa handhafar opinbers valds alla tíð fyrirvaralaust lagt til grundvallar að land jarðarinnar Fannardals sé eignarland. Í þessu sambandi má nefna landskiptagerð vegna stofnunar lóðanna Fönn 1, Fönn 2, Fönn 3 og Fönn 4 úr landi jarðarinnar, sem staðfest var af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með bréfi dags. 16. apríl 2018. Umræddar lóðir eru allar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Þá má nefna skógræktarsamning um skógrækt á hluta jarðarinnar frá 2010 við Héraðs- og Austurlandsskóga, en sá samningur tekur u.þ.b. til sama landsvæðis og upprekstrarítak Skorrastaðakirkju tók áður til. Héraðs- og Austurlandsskógar heyra undir Skógræktina sem er ein undirstofnana matvælaráðuneytisins. Einnig má nefna að við gerð



Norðfjarðarganga gekk Vegagerðin, sem er ein undirstofnana innviðaráðuneytisins, ótvírætt út frá því að Fannardalur væri eignarland og tiltók það sérstaklega í skýrslum sínum vegna framkvæmdarinnar.

Allar þessar athafnir opinberra aðila voru a.m.k. til þess fallnar að skapa landeigendum Fannardals á hverjum tíma réttmætar væntingar um að um væri að ræða eignarland þeirra og styrkti þann skilning þeirra. Þjóðlendukrafa ríkisins nú er alls ósamrýmanleg þeirri fyrri afstöðu ríkisins. Ósamræmi af þessu tagi og réttmætar væntingar hafa í úrskurða- og dómaframkvæmd leitt til niðurstöðu um eignarland, sbr. t.d. *dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaffafell II)*, *10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar)*, *28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur)* og *jafnframt úrskurði óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár)* og *15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla)*.

### **III.IV. Hefð**

Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður byggir umbj. minn til viðbótar á því að allt land Fannardals, svo sem það er afmarkað hér að framan, sé eignarland á grundvelli hefðar. Umbj. minn og þeir landeigendur Fannardals sem hann leiðir rétt sinn frá hafa, allt frá landnámi, farið með jörðina sem eignarland og því ljóst að öll skilyrði eignarhefðar eru uppfyllt.

### **III.V. Samantekt**

Líkt og hér hefur ítarlega verið reifað byggir umbj. minn á því að þjóðlendukröfusvæði ríkisins í Fannardal sé allt innan merkja jarðarinnar, sem var innan upphaflegs landnáms og hefur gengið kaupum og sölum með hefðbundnum hætti fram til þessa dags. Upplýsingar um staðhætti og gróðurfar, ritaðar heimildir um svæðið, merki aðliggjandi jarða og önnur gögn styðja öll eindregið þá niðurstöðu. Þá bendir tilvist ítaks í landi jarðarinnar jafnframt til þess að um eignarland hafi ávallt verið að ræða, auk þess sem handhafar opinbers valds hafa alla tíð fyrirvaralaust lagt það til grundvallar að um eignarland sé að ræða og komið þannig fram við landeigendur á hverjum tíma, m.a. í landskiptum, skógrækt og vegagerð.

Af öllu framangreindu er ljóst að allt þjóðlendukröfusvæði ríkisins í Fannardal er eignarland og því ber að hafna kröfu ríkisins um þjóðlendu innan svæðisins.

## **IV. Heimildir og gögn**

Kröfu sína byggir umbj. minn á þinglýstum landamerkjabréfum fyrir Fannardal og aðliggjandi jarðir. Þá byggir hann jafnframt á Landnámu, lögfestum, máldögum, landamerkjalyðingum, afsalsgerningum, lögum, dómum, heimildarskjölum og bæði fornum og nýjum vitnisburðum, sem og öðrum gögnum og fræðiritum. Umbj. minn leggur samhliða kröfulýsingu þessari fram nokkurn fjölda skjala og áskilur sér rétt til frekari gagnaframlagningar eftir því sem þörf krefur.

## V. Lagarök

Til stuðnings kröfu sinni vísar umbj. minn til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr., og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá vísar umbj. minn til meginreglna íslensks eignaréttar, laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973. Umbj. minn vísar enn fremur til laga um hefð nr. 46/1905, vatnalaga nr. 15/1923, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, landamerkjalaga nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni nr. 5/1882, girðingarlaga nr. 135/2001 og eldri laga um sama efni nr. 10/1965.

## VI. Áskilnaður

Umbj. minn áskilur sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð til óbyggðanefndar. Þá er áskilinn réttur til að auka við kröfur, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Loks er áskilinn réttur til að gera kröfu um allan þann kostnað sem umbj. minn hefur orðið fyrir og kann að verða fyrir við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst

  
f.h. Eyvindar Sólnes lögmanns  
Sigmar Aron Ómarsson lögmaður



**Kröfulýsing**  
**til**  
**óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 1. febrúar 2022, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

**JÖRÐ: Tandрастаðir, Inr. 158179, S-Múlasýslu**

**EIGENDUR:** Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Ingimar Jóhannsson	kt. 030547-4979
Lilly Valgerður Oddsdóttir	kt. 270652-4849
Ungmennafélagið Egill Rauði	kt. 670387-2409

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði Ingimar Jóhannssonar og Lilly Valgerði Oddsdóttur.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Tandrastaðir, Fjarðabyggð**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Fannardal og Tandрастаði, Norðfjarðarhreppi, S-Múlasýslu frá 20. júní 1884, fyrir jörðina **Tandrastaði** þar sem vísað er til gamals farvegs. Þar sem jörðin **Tandrastaðir** og Fannardalur koma saman skiptir Fannardalsá landamerkjum. Jón Johnsen ritar bréfið og hljómar það svo:

*Fyrir norðan Norðfjarðará ræður „Fannardalsá“, sem kemur ofan úr svo nefndum „Gæsardal“ og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará. –*

*Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr „Svartaskoti“ og beint niður í Norðfjarðará.*

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Tandrastaða**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

**MÁLAVEXTIR:**

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 1. febrúar 2022 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

**SAGA JARÐAR:**

Tandrastaða er getið í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804, en þar segir að eigandi sé Jón Jónsson.<sup>1</sup>

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Tandрастаðir sé hjáleiga frá Hólum, enn fremur segir að „Sýslumaðurinn nefnir jörð með þessu nafni, sem hann telur 3 h., líklega úr dýrleika Hóla, sem hann

<sup>1</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 81.



*hleypur yfir, [...] og eru ábúendur þeir, sem prestur telur á jörðum þessum báðum, hér taldir sem leiguliðar.*<sup>2</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Tandrastaði að hún sé gömul hjáleiga frá Hólum, nú jörð metin að dýrleika.<sup>3</sup>

Landamerkjabréfi Fannardals og **Tandrastaða** er dags. 20. júní 1884 og þinglýst á Skorradalesmannntalsþingi 14. júlí 1884, þar er landamerkjum er lýst:

Við undirskrifaðir eigendur jarðanna Fannardals og Tandrastaða lýsum hjer með yfir að hafa gjört þessi landamerki millum nefndra jarða: Fyrir norðan Norðfjarðará ræður Fannardalsá, sem kemur úr svo nefndum „Gæsardal“ og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará.-

Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr „Svartaskoti“ og beint niður í Norðfjarðará. Þessu til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn. –

Ormsstöðum og Fannardal 20. júní 1884

Guðmundur Magnússon, B. Stefánsson

Þinglýst á Skorradalesmannntalsþingi 14. júlí 1884.

Jón Johnsen<sup>4</sup>

Í sóknarlýsingu Múlasýslu lýsing á Skorradalesarsókn frá 1841, segir:

[...]

Í norðursókninni eru bæir í þessari eftir röð: [...] Eftir það er nokkuð strjálbyggðara og meira fjallendi svo sem á Hólum, undir Hólaskarðinu, 12. Hndr. að dýleika með afbýlinu Tandrastöðum, bóndaeign, hvar nógur heyskapur er um allt landið með melhæðum á milli, sumstaðar lyngi vöxnum, og litlum skógviðarhríslum, einkum þetta síðastnefnda á afbýlinu, en aftur þar þess minni heyskapur. Fannardalur er innsti bær í sókninni og liggur slétt en votlent engi inn frá bænum eftir dalnum, en skriðuhlaupnar brekkur fyrir ofan. Fyrir sunnan ána frá Fönn allt að fjallsenda Hólafjalls móts við Kirkjuból er ekki annað en brattar brekkur skriðuhlaupnar og vísast hvar graslitlar nema niður við ána út undir Seldalshálsinum litlar grasi og lyngi vaxnar eyrar. Þessar nefndu brekkur kallast með einu nafni Hólaströnd og tilheyrir hún þessum þremur bæjum: Hólum, Tandrastöðum og Fannardal og brúkast fyrir afrétt frá þeim bæjum samt til beitar á sumrum fyrir hesta og kýr.<sup>5</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 segir um Tandrastaði:<sup>6</sup>

25. Tandrastaðir

1. Eigandi Erlendur Guðmundsson í Ameríku. Ábúandi Haraldur Árnason

2. Landamerki þinglesin 14. júní 1884

[...]

Árið 2015 var framkvæmt mat af dómkvöddum matsmanni, dr. Stefáni Arnórnssyni jarðfræðingur, vegna deilna eigenda Tandrastaða og Fannardals um eignarrétt á vatnsréttindum á jörðinni Tandrastöðum, vegna vatnstöku Vatnsveitu Norðfjarðar í landi Tandrastaða. Í greinargerð dr. Stefáns, dags. 9. ágúst 2015, kemur m.a. eftirfarandi fram um landamerki milli jarðanna og þá um vatnafar Fanndalsár:

<sup>2</sup> Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 373.

<sup>3</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849-50, bls 12.

<sup>4</sup> S-Múlasýsla Landamerkjabók (1883-1998), bls. 37v

<sup>5</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 357-358..

<sup>6</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916-1918, Undirmat I, bls. 110.



## 1. Inngangur

Matsmaður, Stefán Arnórsson, kannaði jarðfræðilegar og vatnafarslegar aðstæður í landi Fannarsdals og Tandrastaða 22. júní, 2015. [...]

Tilgangur vettvangsathugunarinnar var tvíþættur. Annars vegar að reyna að bæta skilning á lýsingu á landamerkjum milli nefndra jarða eins og þau koma fram þinglýstu skjali á Skorrastaðarmantalsþingi, 14. júlí, 1884 (sbr. endurrit úr landamerkjaskrá, bls. 38) og undirrituðu af Jóni Johnsen, en þar segir orðrétt:

“Við undirskrifaðir eigendur jarðanna Fannarsdals og Tandrastaða lýsum hjer með yfir að hafa gjört þessi landamerki millum nefndra jarða: Fyrir norðan Norðfjarðará ræður “Fannardalsá”, sem kemur ofan úr svonefndum Gæsardal” og beint eftir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará.

Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr “Svartskoti” og beint niður í Norðarfjarðará.

Þessu til staðfestu okkar undirskriftuð nöfn.

Ormsstöðum og Fannardal 20. júní 1884

Guðmundur Magnússon. B. Stefánsson.”

Út frá ofangreindri lýsingu er ekki unnt að skilgreina landamerkin nákvæmlega.

## 2. Mat á landamerkjum með athugun á jarðfræði og vatnafari

Mikil aurkeila hefur myndast neðan við gil það sem Fannardalsá rennur úr. [...]. Á tveimur stöðum eru árfarvegir vel sjáanlegir. Sá vestari er á aurkeilunni en sá eystri við austurjaðar hennar. [...]. Næst enda gilsins sem Fannardalsá kemur úr renna þessir tveir farvegir saman og þar er nokkuð stórt svæði sem er að mestu gróðurlaust.

[...].

Vegna þess að aurkeila Fannardalsár er að mestu gróin er ljóst að hún hefur ekki flæmst aurkeiluna alla í langan tíma heldur verið bundin að langmestu við tvo farvegi, þann sem hún rennur í nú og annan sem liggur vestar. [...].

Ofangreind lýsing sýnir að ekki er unnt að draga nákvæmlega upp landamerki milli jarðanna Fannardals og Tandrastaða á grundvelli samkomulagsins um þessi landamerki frá 1884. Þó verður að ætla að vestari fagvegur Fannardalsár sem nú er þurr sé sá farvegur sem átt er við í nefndu samkomulagi en ekki núverandi fagvegur árinna. Við veg niður við Norðfjarðará er breidd vestari farvegsins um 15 metrar. Ofar er hann sumstaðar breiðari.

Vonast er til þess að ofangreindar niðurstöður matsmanns séu gagnlegar til að eigendur jarðanna Fannardals og Tandrastaða geti náð samkomulagi um hvar landamerkin skuli liggja nákvæmlega frá minni gils þess sem Fannardalsá kemur úr og niður í Norðfjarðará og þaðan suður yfir ána upp í Svartskot. Spildan milli vestari farvegs árinna og núverandi fagvegs mun vera nálægt 6 hektarar og samkomulag um hvar mörkin landamerkin skuli vera nákvæmlega snýst að mestu um skiptingu þessa 6 hektara milli jarðanna. Sunnan Norðfjarðarár mætti miða landmerkin við fossinn í Svartskoti því hann er best skilgreinda kennileitið þar. Ein leið væri að draga beina línu úr minni gilsins sem Fannardalsá kemur úr norðan Norðfjarðarár og yfir í fossinn í Svartskoti. Önnur leið væri sú að hafa línuna brotna þar sem hún fer yfir Norðfjarðará en þó samfellda.

[...].



Í örnefnaskrá fyrir Tandрастаði sem Sigfús Þorsteinsson safnaði, heimildarmaður var Mekkín Magnúsdóttir og Eyþór Þórðarson skráði árið 1931, segir um landamerki Tandрастаða:

Tandrastaðir eiga land sunnan áar, frá Sörlagili inn í Svartaskot, en norðan áar frá Naumamel að Fannardalsárgljúfri.

[...]

Í örnefnaskrá fyrir Tandрастаði sem Eyþór Þórðarson safnaði, heimildarmaður var Mekkín Magnúsdóttir og Magnús Haraldsson, segir um landamerki Tandрастаða:

Tandrastaðir eiga land sunnan áar, frá Sörlagili inn í Svartaskot, en norðan áar frá Naumamel að Fannardalsárgljúfri.

[...]

Merkin milli Tandрастаða og Fannardals (innri merkin) eru úr Svartaskoti í Árgljúfur og úr Gljúfri í Tungukant og úr Tungukant og úr Tungukanti í Mosahjallagjá

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróíð, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Tandrastaði** sem vísað er hér til. Sérstaklega er vísað til þinglýsts landamerkjabréfs fyrir jarðimar Fannardal og **Tandrastaði**, dags. 20. júní 1884 og þinglýst á Skorradalsmanntalsþingi 14. júlí 1884.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Tandrastöðum**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir og sameigendur þeirra óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Tandrastaða**, þá sé ljóst að hún sé löngu



niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna og sameigenda þeirra verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkominn eign umbjóðenda minna og sameigenda þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalyýsingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnásluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

### MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 25. janúar 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Tandrastaðir, S-Múlasýslu**, er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Fannardalur**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Múlasýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Tandrastaða** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Tandrastaða** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Með kröfugerð ríkisins virðist farið inn á landsvæði jarðarinnar á vesturmörkum hennar gagnvart jörðinni Fannardal. Svo virðist sem íslenska ríkið hafi metið landamerkjabréf jarðanna ranglega, en skv. því eru merkin milli téðra jarða, Fannardals og Tandрастаða; „*Fannardalsá, sem kemur úr svo nefndum „Gæsardal“ og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará.*“

Hvað þetta varðar vilja eigendur Tandрастаða benda á eftirfarandi:

Samkvæmt landamerkjabréfinu skal miða við gamla fraveg Fannardalsár. Gamli farvegur Fannardalsár er mjög greinilegur í landinu. Ljóst er að áin rennur nú um annan farveg, sem kröfulýsing íslenska ríkisins virðist miða við. Gamli farvegurinn er töluvert vestar en sjá nýji. Svæðið milli nýja og gamla farvegsins er talið vera um 6 hektarar.

Sérstaklega er vísað til matsmáls nr. M-3/2014 sem Hildur Briem, dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands heimilaði. Var það matsmál heimilað vegna beiðni Guðröðar Hákonarsonar, þáverandi eiganda Fannardals, en Guðröður taldi sig eiga hlutdeild í vatni sem tekið er af Vatnsveitu Norðfjarðar í landi Tandрастаða. Matsmaður var skipaður af Héraðsdómi Austurlands og var dr. Stefán Arnórsson, jarðfræðingur, skipaður matsmaður. Meðfylgjandi kröfulýsingu þessari er stutt greinargerð dr. Stefáns Arnórssonar, dags. 9. ágúst 2015, þar sem hann tjáir sig m.a. um gamla farveg Fannardalsár.



Samkvæmt landamerkjabréfinu skal miða við Fannardalsá sem kemur úr Gæsardal eða Geysárdal. Fannardalsá er mynduð af tveimur kvíslum, þ.e.a.s. vestari kvísl og austari kvísl. Tungan milli vestari og austari kvíslanna er rúmlega 165 ha að stærð. Gerð er krafa um að landamerkin miðist við vestari kvíslina sem ótvírætt kemur ofan úr Gæsardal, þ.e. úr dalbotninum. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins virðist hins vegar miðað við austari kvíslina, en svo er línan jafnframt dregin bein upp fjallið, við minni dalsins. Er þessari túlkun íslenska ríkisins á landamerkjabréfi jarðanna sérstaklega mótmælt sem rangri. Ljóst er að miða ber við Fannardalsá frá upptökum hennar og þaðan á vatnaskil.

Í landamerkjabréfinu er svo vísað til þess að sunnan Norðfjarðarár séu landamerkin beint úr Svartaskoti niður í Norðfjarðará. Ljóst er að sú tilvitnun rýmar ekki við núverandi farveg Fannardalsár. Matsmaður matmáls M-3/2014, vísar til þess í sinni umsögn að dregin sé lína úr Svartaskoti beint í gilið sem Fannardalsá kemur úr. Að öðru leyti vísa eigendur Tandрастаða til vestari kvíslar Fannardalsár sem sannarlega kemur ofan úr Gæsardal.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Umboð
4. Fasteignayfirlit
5. Veðbandayfirlit
6. Greinargerð dr. Stefáns Arnórssonar jarðfræðings, dags. 9. ágúst 2015 vegna deilna eigenda Tandрастаða og Fannardals um eignarrétt á vatnsréttindum á jörðinni Tandrastöðum, vegna vatnstöku Vatnsveitu Norðfjarðar í landi Tandрастаða.
7. Uppdráttur af vatnasviði.
8. Mynd af Svartaskoti og gamla farvegi Fannardalsár
9. Mynd af svæði milli gamla og nýja farvegjar Fannardalsár
10. Þrívíddarmynd af Tandrastöðum
11. Örnefnaskrár fyrir Tandрастаði

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur mínir áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 20. júní 2022

Ólafur Björnsson hrl.



## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Skorrastaðar

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

### I. Aðild og fyrirvar

Aðild er hjá þinglýstum eigendum Skorrastaða I, II og III.

Skorrastaður I, landnr. L158171, Björn Reynir Jónsson, kt. 071255-3289, og Guðmundur Birkir Jónsson, kt. 310760-2509

Skorrastaður III, landnr. L158174, Þórður Júlíusson, kt. 160950-4479.

Skorrastaður II, landnr. L158173, Jóhanna Ármann Guðjónsdóttir, kt. 140530-4259.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. þrjú umboð dags. 13. mars 2022, 21. apríl 2022 og 27. apríl 2022.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl.

### II. Kröfugerð

Vegna téðra jarða er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Milli Skorrastaðar og Skálateigs, bein lína af fjalli (1), um Þrígjár (2) og um gilið utan undir Skálateigstúni efra þar sem túnhóllinn gengur lengst út að læknum, er um gilið rennur (3), þá bein lína frá læknum þar sem hann rennur við hólshornið niður að Grænuþúfu (4). Þaðan inn að Merkilæk (5), þannig að stefnan úr þúfunni verði réttstýnis á Melshorn, sem er ysti endi Seldalsháls, í Norðfjarðará (6). Þaðan að merkjum við Skuggahlíð við Norðfjarðará (7) í Munnlagarstein (8) til fjalls (9) og út fjallið að merkjum við Grænanes (10). Þaðan bein lína í Bugalækjarós við Norðfjarðará (11). Þaðan út með Norðafjarðará (12) og upp í Illukeldu (13), þaðan í Kjálkalæk utan undir Kirkjumel (14), í miðja Staðargjá (15) og fjall (16). Þaðan inn eftir eggjum (1).

Einnig:

Grænanesbakkar; sem afmarkast af Norðfjarðará (17), þangað sem Merkikelda fellur í hana við Grænhyl (18) þá Merkikelda í Merkivörðu (19) og í Norðfjarðará (17).

Staðarháls/Skorrastaðaháls; Frá Gvendarfossi (20), þaðan bein lína upp á Hálsinn (21) upp á Hólafellseyra (22). Þaðan niður Rauðuskriður í Markstein, móts við Slekkvallarárós (23). Út Norðfjarðará að ármótum (24). Þaðan í Gvendarfoss (20).

Oddsdalur; Geithúsárós (25) þar sem hún fellur í Hengifossá. Þaðan bein lína í mitt Grænafell (26). Eftir fjallseggjum um Oddsdalinn (27-30), niður að vegi við Bröttubrekkubrún (31), og beina línu í Hengifoss (32). Þaðan upp að Geithúsárós (25).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður

#### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjalyýsingu Skorrastaðar, dags. 14. júlí 1890, sem þinglýst var þann 16. desember 1891 og landamerkjalyýsingu þinglýstri 1938. Jafnframt er litið til annarra eldri heimilda, s.s. landamerkja aðliggjandi jarða og lýsinga á Skorrastaðakirkjueign. Þá miðast afmörkunin við það land sem nú tilheyrir Skorrastöðum 1-3, en er þó að verulegu leyti skipt á grundvelli landskipagerða milli jarðanna sem gerðar voru á 20. öld.

Þinglýst landamerkjalyýsing Skorrastaðar frá 1890 er ekki hefðbundin heildstæð landamerkjalyýsing en skýrist þegar saga jarðarinnar og afstaða prests til kirkjujarða og hjáleigna Skorrastaðar er skoðuð. Lýsingin birtir í raun ystu merki Skorrastaðar, en sérstök svæði innan þessara útmerkja eru tilgreind.

Land Skorrastaðar með kirkjújörðunum Ormsstöðum, Miðbæ, Grænanesi og Skugghlíð um 1700 er sýnt á sérstöku korti, sem er fylgiskjal. Skorrastaðakirkju fylgdi þá allt land sunnan Norðfjarðarár og til fjalls frá Hellisfjarðarmúla, á móts við Sveinsstaði í Hellisfirði inn til Seldals og Skorrastaðaháls (Staðarháls), þ.e. Búlandsborgir (Borgir) hjáleiga, Grænanes kirkjújörð, Skuggahlíð og land sunnan ár á móti Skorrastaðabænum, Oddsdalur, Seldalur og Staðarháls. Norðan ár átti Skorrastaðakirkja kirkjujarðirnar Ormsstaði og Miðbæ og landræmu norðan ár neðan Hofs, Miðbæjar og Skálateigs, auk lands Skorrastaðar til fjalls.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu. Þá raskar afmörkun samkvæmt kröfulýsingu, með engu móti þeim landskiptum sem gerð hafa verið milli Skorrastaðar 1,2 og 3.

#### 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

##### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norræna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Egill Rauði hét maður er nam Norðfjörð og bjó á Nesi út.<sup>1</sup>

### **2.2. Heimildir fram til 1700**

Skorrastaðir eru forn kirkjufjörð og nefnd í kirknatali Páls biskups Jónssonar frá því um 1200. Kirkjan hefur verið alkirkja og í Vilchins-máldaga, frá 1397 er tilgreint að kirkjan eigi heimaland allt með gögnum og gæðum, Búland og Grænanes.<sup>2</sup>

Máldagar frá 1491-1518, vísa jafnframt til þess að kirkjan eigi heimaland allt.

### **2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.**

Í jarðabók, sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, eru Skorrastaðir taldir og kirkjujarðirnar Ormsstaðir, Grænanes, Skuggahlíð og Miðbær.

Í jarðamati 1804 eru Skorrastaðir taldir með hjáleigunni Stóragerði. Dýrleiki 12 hundruð. Kirkjujarðirnar eru taldar upp, og eru m.a. Miðbær efri, Miðbær neðri, Skuggahlíð og Grænanes.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 eru Skorrastaðir tilgreindir 12 hundruð. Neðanmáls kemur fram að sýslumaður telji 3 hundruð með hjáleigunni, sem sýslumaður og prestur einir nefna, en 1804 segir þó frá eyðijörð staðarins, Seli, sem þá var brúkuð til afréttar; 1760 aptur á móti eru Borgir og Stóragerði taldar hjáleigur með staðnum en eigi nefnast þær seinna. Til skýringar þá var Stóragerði liggjandi nærri Skorrastaða, en Borgir nefnast einnig Búlandsborgir eða Búland, og liggja sunnan Norðafjarðarar og ná út á Hellisfjarðarmúla. Í matinu er Seldalur talinn sérstaklega sem hjáleiga án mats. Þá eru kirkjujarðir Skorrastaðar taldar.

Í jarðamati Johnsen er jafnframt brauðamat. Um Skorrastaði er m.a. umfjöllun um ónógan heyskap, hann tilgreindur og hvað framfæra megi af bústofni, *þar eð annaðeins má eyja inn á Seldal og Oddsdal, afréttarplázum staðarins.*

Í jarðamati 1849 er Skorrastaður talinn með eyðihjáleigunum Stóragerði og Borgum. Jörðin metin á 1248 rbd. Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1861, eru Skorrastaðir taldir og Seldalur sem hjáleiga.

Í brauðamati 1854 er fjallað um Skorrastað. Segir þar að jörðin hafi mikið og gott land, en hið besta liggur langt í burtu frá heimalandi, sem er lítið og kostalétt og undirorpið átroðningi af annarra gripum.

Í fasteignamati 1916 er fjallað um Oddsdal. Þar kemur fram að Afréttarland á Oddsdal, gott land, tekjulaust að öðru.

### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882**

Í sóknarlýsingu Skorrastaðarsóknar frá 1841, segir að *Sel- og Oddsdalurinn eru yfir höfuð mikið grösugir bæði á sléttlendi og upp eftir hlíðum, lík ekki alllitið lyng á þeim fyrirtalda en næstum er gjöreyddur skógur sem fyrrum var á Seldalshálsi. Báðir þessir dalir eru Skorastaðakirkju heimaland en brúkaðir alltaf fyrir afrétt af flestum Norðfirðingum samt til slægna af prestinum og öðrum sem þess þurfa, samt er nýlega*

<sup>1</sup> Austurland. Safn Austfirskra fræða II. 1948. Landnám í Austfirðingafjórðungi. Bls. 66.

<sup>2</sup> Máldagi frá 1397 í DI., bls. 225-226.

*byggður Seldalurinn fyrir norðan Seldalsána þar sem fyrrum var höfð selför frá Skorrastað en nú ekki brúkuð.*<sup>3</sup>

Jafnframt segir um Skuggahlíð að þar sé lítill heyskapur og jörðin þurfi því oftast að fá hann af Oddsdalnum. Sú staða er eðlileg enda Skuggahlíð kirkjujörð Skorrastaðar.

### **2.5. Landamerkjabréf**

Vísað er til fyrri umfjöllunar um að fyrsta heildstæða landamerkjabréf Skorrastaðar var í raun gert árið 1938. Landamerkjalyking Skorrastaðarprestis 1891 er með því óvenjulega sniði að lýsa útmerkjum jarðarinnar og kirkjujörðum sem ekki eru hluti Skorrastaðarlands, sem prestur hafði forræði yfir.

Vegna landamerkjabréfs er einnig vísað til landamerkjalykinga jarða í fyrrum Helgustaðahrepp (Eskifjarðar/Reyðarfjarðarmegin fjalls), sem eiga land á eggjar gagnvart Norðfirði og eins Hellisfjarðarsels innst í Hellisfirði.

### **2.6. Landskipti**

Skorradalur var seldur samkvæmt lögum nr. 50/1907 um kirkjujarðasölu, með afsali útgefnu af ráðherra þann 5. nóvember 1921. Undanfari sölunnar hefur verið að matsgerð sem var unnin og borin undir sýslunefnd, en þann 5. júní 1912 voru dómkvaddir matsmenn til að meta Skorrastað vegna óska ábúenda um kaup.

Jón Bjarnason, er keypti Skorrastað 1921, seldi síðar helming jarðarinnar með afsali á árinu 1925 og var þá stofnað til Skorrastaðar II. Landi jarðarinnar mun hafa verið skipt 1945 en sú skiptagerð mun hafa glatast.<sup>4</sup>

Á árinu 1957 var gerð skiptagerð þegar Skorrastað II var skipt í tvö býli, og stofnaðist þá til Skorrastaðar III. Eignarhlutfjöll jarðanna þriggja í óskiptu eru því Skorrastaður I, 50%, Skorrastaður II, 25% og Skorrastaður III, 25%.

Landskiptagerðir voru gerðar 2. júní 1963, 31. júlí 1978 og 8. júní 1981. Efni þessara landskipta verður ekki rakið nema að því er varðar Oddsdal. Í skiptagerð 31. júlí 1978, var stefnt að því að skipta öllu ræktanlegu landi jarðanna, þ.m.t. var fjallað um landskipti á hluta af landi Oddsdals. Þar fékk Skorrastaður I spildu neðan þjóðveggar en Skorrastaður II og III spildu ofan þjóðveggar. Önnur spildan var 7,33 ha en hin 6,92. Að öðru leyti er land á Oddsdal óskipt milli jarðanna.

## **3. Lagasjónarmið**

Landeigendur telja einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Skorrastaðar. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendir, í kafla 5.24 er fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu, með vísun til landamerkja Seldals og Skuggahlíðar. Vegna þessa er ítrekað vísað til þeirrar aðferðar Skorrastaðarprestis við gerð

<sup>3</sup> Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar, 1839-1874. Útg. 2000. bls. 358.

<sup>4</sup> Fjallað var um landskiptin í Hrd. nr. 312/2002. Landskiptabók sem notuð var í Norðfjarðahreppi og e.t.v. víðar í Suðurmúlasýslu virðist hafa glatast.

landamerkjaskráningar 1891, að hann hafði afmarkað útmerki jarðarinnar, en með afmörkun merkja Seldals og Skuggahlíðar voru merki við Skorrastað í raun afmörkuð.

Í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Í kröfulýsingu er umþrætt svæði nefnt Ljósárland. Samkvæmt kafla 7.23 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé Oddsdalur.

Ljóst er að innan kröfusvæðisins eru svæði sem nýtt voru af eigendum Skorrastaðar eins og jarðareiganda var heimilt, t.a.m. hafa þar verið slegin engi og eiganda kirkjujarðarinnar Skuggahlíðar heimilaður þar heyskapur.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi Norðafjarðar sé skýr. Landnám Norðfjarðar felur í sér afdráttarlausa afmörkun á landnámi innan fjallahings sem er svo til allur bersýnilegur af láglandi.

Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarrand sem þær hafa þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti. Yfirráð Skorrastaðar markast af þessu.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttar hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Skorrastaðar hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveiri eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>5</sup> að afréttur sé beitarréttur en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitarrand að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>6</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>7</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt<sup>8</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

<sup>5</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>6</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>7</sup> Bls. 114-120

<sup>8</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefngi úrskurð Óbyggðanefndar.

Landamerkjalyýsingar Skorrastaðar falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, þótt fáar séu, en bera þess merki að Skorrastaður eigi landið á Oddsdal. Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem eru og hafa alla tíð verið greinileg af láglendi Norðfjarðar. Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hefði verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalyýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendlög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalog nr. 41/1919, auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986.

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeigenda

Jón Jónsson hrl.

kt. 090976-5249

Jón Jónsson hrl.

#### Fylgiskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeigendum
4. Kort af landi Skorrastaðar, hjáleigum og Kirkjujörðum um miðja 19. öld.
5. Landamerkjalyking Skorrastaðar þinglýst 1938
6. Landskiptagerð, dags. 31. júlí 1978, m.a. um skiptingu ræktanlegs lands á Oddsdal.





*Gilsárdalsafrétt og sunnanverður Skriðdalshreppur*



**Kröfulýsing til Óbyggðanefndar**  
**vegna Geitdalsafreittar**

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

**I. Aðild og fyrirvar**

Aðild tekur mið af því að Múlaping, kt. 660220-1350, er þinglýstur eigandi Geitdalsafreittar, landnr. L157423.

Fyrirvar málsins fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 1. mars 2022.

**II. Kröfugerð**

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Frá Geitdalsá þar sem Fossá rennur í hana (1) upp með Fossá (2) og í Hraungarð (3). Að ofan ræður Hraungarður, allt inn að Innri Sauðá, sem hefur upptök sín úr Hraungarðsslakka (4) og fellur ofan í Geitdalsá (5). Þaðan út Geitdalsá (1).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

**III. Málavextir og helstu málsástæður****1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu**

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjalyýsingu jarðarinnar Geitdals, dags. 14. júní 1884, þinglýstri á Þingmúlamannntalsþingi 20. júní 1884, og afsali Skriðdalshrepps á hluta jarðarinnar Geitdals, dags. 4. apríl 1943, þar sem afréttarlandinu innan við Fossá var haldið eftir við söluna.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi. Fyrir voru almennt numin lönd næst sjónum en síðar lengra frá landi.

Til að setja landnám Skriðdals gagnvart öðrum landnánum í samhengi er fyrst nefnt landnám Atla Þórissonar og bróður hans Ketils Þryms. Þeir skiptu með sér landnámi meðfram efsta hluta Lagarfljóts á báðar hendur. Atli nam austurströndina frá Grímsárósum, Vallanesið og Skógana upp til Giljár, þ.e. Gilsár.

Brynjólfur gamli Þorgeirsson, Vestarsson, kom skipi sínu í Eskifjörð og nam land fyrir ofan fjall, Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá og Gilsá, Skriðudal allan og svo Völluna út til Eyvindarár. Hann tók mikið af landnámi Una Garðassonar og byggði frændum sínum og mágum.

Ævar hinn gamli, bróðir Brynjólfs, kom út í Reyðarfirði og fór upp um fjall. Honum gaf Brynjólfur Skriðudal allan fyrir ofan Gilsá. Hann bjó á Arnaldsstöðum.

Í Landnámu er sagt frá komu Hrafnkels Hrafnssonar til Breiðdals, seint á landnámstíð. Þar er hann sagður hafa dvalið í einn vetur en farið svo upp um fjall. Hann áði í Skriðudal og fékk draumvitrun um yfirvofandi skriðu. Hrafnkell nam svo Hrafnkelsdal og er það talið hafa verið um 920. Í Hrafnkelssögu er sagt öðru vísi frá faðerni og landnámi Hrafnkels. Þar segir að hann hafi komið út í Breiðdal, 15 ára með Hallfreði föður sínum. Hallfreður hafi búið eitt ár í Breiðdal á bæ nefndum Arnþrúðarstöðum, (e.t.v. Ánastaðir nú). Eftir það flutti Hallfreður upp um fjall og staðfestist í Geitdal. Þar fékk Hallfreður samskonar draumvitrun og Landnáma segir um Hrafnkel. Eftir það flutti Hallfreður í landnám Þórðar hálma og bjó á Hallfreðarstöðum í Hróarstungu, en Hrafnkell leitaði Hrafnkelsdals.<sup>1</sup>

Landnám Skriðdals, þ.m.t. Suðurdals og Norðurdals (Geitdals), verður að skoða í því samhengi að það var upphaflega hluti af landnámi Brynjólfs gamla, sem m.a. náði yfir Fljótsdal upp að Gilsá, en áður hafði Graut Atli numið land utan Gilsár. Skil landnáms Skriðdals eftir Hallormsstaðahálsi og Hraungarði í framhaldinu hafa verið skýr og í raun ferðaleið landnámsmanna.

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Í umfjöllun um menningarminjar í Skriðdal er talið að Hallfreður hafi gert bú í Geitdal.<sup>2</sup> Bæjar undir Þingmúla er ekki getið í fornritum en í Droplaugarsonasögu er talað um Múlaþing. Sóknarkirkju í Skriðdal á Þingmúla er getið um 1200. Eignhald Geitdals hefur ekki tengst Þingmúlakirkju. Geitdalur er talinn hafa byggst snemma sem og byggð á flestum lögbýlum Skriðdals, þegar á 10. öld.

<sup>1</sup> Austurland. Safn Austfirskra fræða. II. bindi 1948. Landnám í Austfirðingafjórðungi. Bls. 50-56.

<sup>2</sup> Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. Svæðisskráning 1998. Fornleifastofnun Íslands. Bls. 29-30.

Árið 1541 samþykkir Gissur biskup kaup á Geitdal.<sup>3</sup> Þá er þekkt jarðakaupabréf frá árinu 1649, afritað í Skálholti, um kaup Brynjólfs Biskups á hálfu níunda hundruði í Geitdal.<sup>4</sup>

Í Visitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar, dags. 12. ágúst 1641, segir um eign Þingmúla: *Allann hállffann geitdal og Búdartungur effre og ytri*. Með þessu er vísað til lands austan Geitdalsár, auk Búðatunga, sem liggja innan við land Geitdals, samkvæmt landamerkjabréfi Geitdals, þ.e. fyrir innan Innri Sauðá. Sambærileg lýsing kemur fram í lögfestu sr. Eiríks um eign Ólafskirkju að Þingmúla frá 4. júní 1703.

### 2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, er Geitdalur tilgreindur bænda eign og eigandinn er Sigríður Jónsdóttir.

Í jarðamati 1804 er jörðin tilgreind 10 forn hundruð. Eigandi þá Vigfús Ormsson Valþjófsstað.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 er Geitdalur tilgreindur 10 hundruð.

Í jarðamati 1849 er m.a. sagt um Geitdal að landrymi sé mikið og afrétt stór. Jörðin metin 550 rbd.

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfest 1861, var jörðin Geitdalur tilgreind 10 hundruð og 18 ný hundruð.

### 2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882

Í sýslulýsingu Suður Múlasýslu 1842 er fjallað um Skriðdalshrepp og mörk hans.<sup>5</sup> Mörkin eru; mod S (suðri) Loonsheden og Geithllna Rep; mod V (vestri) Hallormsstadahalsen og Bjergen sem adskille Reppen fra Geithellna Rep; mod N (norðri) Vallnahrepp; Mod Ö (austri) de Fjelde som skille Reppen fra Breddalen og Fjordene.

Fyrir í lýsingunni er vísað til þess að Loonsheden sé á mörkum sýslunnar í framhaldi af mörkum eftir Lagarfljóti og Gilsá. Með þessu er vísað til hálendisins inn af Hamarsdal og Álftafirði sem Lónsheiðar í heild. Skriðdalurinn er sagður deilast í tvo dali, Syðridal og Geitdal.

Sóknarlýsing Þingmúlasóknar frá 1843 er fremur stutt, en þar segir m.a.: *Vestan megin Grímsár liggur sóknin áföst Hallormsstaðasókn án þess nokkurt vatn skilji þær. Innar af byggðinni liggur vestan megin Geitdalsár Geitdalsafreitt en fyrir austan ána kallast dalurinn Hátúnadalur er endar á svokölluðum Múlaöræfum.*<sup>6</sup>

Í sóknarlýsingu Hallormsstaða- og Þingmúlasóknar frá 1874 er mörkum sóknarinnar lýst um aura þá er vötnum hallar frá til Fossadals og Geitdalsafreittar, svo há-Öxi til Breiðdalsheiðar.<sup>7</sup> Lýsing er á svæðinu undir svörum við spurningum um fjöll og heiðar og dali. Undir svörum við spursmáli um ár kemur fram að Geitdalsá verður til inn á Geitdalsafreitt, einkum af tveimur ám, Leirdalsá og Líká. Smáþverár sem falla úr Hraungarði eru nefndar, s.s. í óbyggð Sauðá, Illá og Fossá og Marká í byggð.

<sup>3</sup> DI XII, 90.

<sup>4</sup> Bréfabækur Brynjólfsbiskups. Bindi XII.

<sup>5</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar Múlasýslna, bls. 260 og íslenskað á bls. 272.

<sup>6</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar Múlasýslna, bls. 322

<sup>7</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar Múlasýslna, bls. 327

Um Geitdal segir í sóknarlýsingunni að Marká marki landið að utan, Hraungarðurinn að ofan, en að suðvestan nái landið á öræfi þar sem vötnum hallar til Geitdals og suðaustur að Líká. Geitdalsafréttur, er nefndur og honum lýst inn af Geitdal, allt að Bratthálsi og Líkárvötnum. Sagt er að á afréttir reki Skriðdælingar geldfé sitt og lömb og ýmsir úr Skógum og af Völlum. Réttir eru heima hjá afréttarbændum.

Í sóknarlýsingunni er sagt frá fornbylínu Bjarnastöðum sem liggja Þingmúlamegin í Geitdal, langt inn í Vesturdal (Geitdal). Þar heitir Bjarnastaðaskógur þótt þar vaxi einungis víðir á þeim tíma.

Mikilvæg heimild fyrir jörðina Geitdal er að finna í heimildum um Þingmúlakirkju. Í lögfestu sr. Eiríks Sölvasonar 4. júní 1703, var lýsing á landi Þingmúla. Þar kemur m.a. fram að Þingmúli eigi hálfan Geitdal og Búðartungur efri og ytri. Með þessu er vísað til landsvæðis Þingmúla upp með Geitdalsá austanverðri og jafnframt Búðatungna sem liggja fyrir innan Geitdalsjörðina í dag.

Á manntalsþingi í Þingmúla í Skriðdal þann 1. maí 1846, var lesin lögfesta frá Guðmundi Sigmundssyni á Geitdal fyrir nefndri jörð. Enginn mótmælti lögfestunni.<sup>8</sup>

### 2.5. Landamerkjabréf

Í landamerkjabréfi Geitdals, dags. 14. júní 1884, er mörkum jarðarinnar lýst að innan við Sauðá og tekið fram að hún eigi upptök úr Hraungarðsslakka og falli ofan í Geitdalsá utan við svokallaðar Búðatungur, sem sr. Páll Pálsson á Þingmúla hafði uppglökkað að Þingmúlakirkja eigi. Fyrir þessu eru skýrar heimildir, en sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Búðartungur, dags. 28. maí 1884. Þar kemur fram að það byggi á máldögum og biskupa visitascium á Þingmúlakirkju. Þá ber þess að geta að landamerkjabréf Hallormsstaðar, dags. 8. maí 1884, er m.a. bæði undirritað af eigendum Geitdals og vegna Þingmúlakirkju vegna Búðatungna, en lönd Hallormsstaðar og Búðatunga liggja saman á Hraungarði innan við land Geitdals.

### 2.6. Landskipti

Skriðdalshreppur fékk jörðina Geitdal afsalaða til sín, dags. 17. júlí 1911.

Í sveitarbók Skriðdalshrepps 1907-1922 er að finna byggingarbréf til ábúandans Jóns Runólfssonar, dags. 9. apríl 1912. Þar er jörðin Geitdalur byggð honum, en tekið fram að afréttarland jarðarinnar sé ekki byggt með jörðinni, en ábúandi skuli hafa þar frýjan upprekstur fyrir fé sitt.<sup>9</sup>

Með afsali dags. 4. apríl 1943, seldi Skriðdalshreppur Snæbirni Jónssyni, bónda að Geitdal, eignarjörð hreppsins Geitdal, að „undanskyldu afréttarlandinu innan við Fossánni svokölluðu Geitdalsafrétt, er verður eftir sem áður eign Skriðdalshrepps“. Landamerkjum jarðarinnar þar fyrir utan var lýst. Með þessu varð hluti jarðarinnar Geitdals sem helst hafði verið nýttur til afréttar sérstök eign.

## 3. Lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

<sup>8</sup> Dómabók S-Múl 1843-148, bls. 201-202.

<sup>9</sup> Ljósmyndasafn Héraust. Sveitarbók Skriðdalshrepps 1907-1922. Bls. 52.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Geitdals. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendur, í kafla 5.17 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu í ljósi þess að jörðinni Geitdal var skipt á árinu 1943 með afsali, og í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Samkvæmt kafla 7.16 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé land fyrrum jarðarinnar Geitdals innan við Fossá, sem gert var að sérstakri eign 1943.

Ljóst er að innan kröfusvæðisins eru svæði sem nýtt voru af eigendum Geitdals eins og jarðareiganda var heimilt, t.a.m. hafa engjar verið slegnar innan við Fossá.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi Skriðdals sé skýr. Landnám Skriðdals felur í sér afdráttarlausu afmörkun á landnámi þar sem vötnum hallar að Skriðdal, þ.m.t. Geitdal sem einnig hefur verið nefndur Norðurdalur.

Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarland sem þær hafa þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttar hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Geitdals hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu, gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>10</sup> að afréttur sé beitararéttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.

EKKI verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni, mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Geitdals fellur í öllum meginatriðum saman við eldri heimildarskjöl.

<sup>10</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við háfjöll sem eru og hafa alla tíð verið greinileg við umferð um landið.

Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir eru um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnáms svæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.



*Sérstök afstaða íslenska ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu landsins.*

Landeigandi telur þjóðlendukröfu ríkisins ósamræmanlega þeim samskiptum og ákvörðunum sem átt hafa sér stað af hálfu íslenska ríkisins eftir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998. Sérstaklega er vísað til málefna tengdum samningum um mögulega virkjun Geitdalsár. Bæði íslenska ríkið og Múlaþing hafa gert samninga við virkjunaraðilann, sem jafnframt hefur rannsóknarleyfi útgefið af Orkustofnun, dags. 3. ágúst 2016. Samningarnir fjalla m.a. um greiðslur fyrir afnot af landi og vatnsréttindi, sem fyrirhugað er að nýta með inntakslóni nærri þeim stað þar sem Innri Sauðá rennur í Geitdalsá, efst í landi Geitdalsafréttar, og að útfalli nokkuð innan við Fossá. Öll vatnsréttindi og fall vegna virkjunarinnar eru því í landi Geitdalsafréttar öðru megin Geitdalsár og landi ríkisins hinu megin ár.

Með samkomulagi, dags. 23. nóvember 2021, um skiptingu á endurgjaldi fyrir vatnsréttindi og afnot af landi í tengslum við fyrirhugaða Geitdalsárvirkjun, er kveðið á um skiptingu á greiðslum vegna eignarréttarlegra hagsmuna vegna virkjunarinnar milli ríkisins og sveitarfélagsins í hlutföllunum 50/50. Grundvöllur samkomulagsins er þeir samningar sem báðir aðilar hafa gert við virkjunaraðilana og eignarréttur Múlaþings á Geitdalsafrétt og ríkisins og á landi Þingmúla og Búðatungum. Samkomulagið er gert f.h. Ríkissjóðs Íslands og undirritað af dómismálaráðherra.

Í samkomulaginu felst staðfesting ráðherra á stöðu Múlaþings sem handhafa beins eignarréttar lands og vatnsréttinda á Geitdalsafrétt. Sú afstaða er fyrirvaralaus.

Krafa um þjóðlendu á svæðinu er ósamræmanleg því forræði sem íslenska ríkið hefur á þjóðlendum, sbr. einkum 1. gr., 2. gr. og aðrar reglur um forræði ríkisins á þjóðlendum og málsforræði fyrir Óbyggðanefnd í lögum nr. 58/1998. Vísað er Hæstaréttardóms í máli nr. 617/2012, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999 sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig er vísað til Hæstaréttardóms í máli nr. 94/2017 þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talin liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

**IV. Helstu lagarök**

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjölög nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.


**V. Áskilnaður og gagnaframlagning**

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda

  
Jón Jónsson hrl.  
kt. 090976-5249

Jón Jónsson hrl.

**Fygliskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeiganda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeiganda
4. Afsal Skriðdalshrepps á hluta jarðarinnar Geitdals, dags. 4. apríl 1943
5. Samkomulag, dags. 23. nóvember 2021, um skiptingu á endurgjaldi fyrir vatnsréttindi og afnot af landi í tengslum fyrirhugaða Geitdalsárvirkjun

Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. júní 2022

### Efni: Svæði 11 – Ódádavötn

Vísað er til kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar sl., en óbyggðanefnd hefur kallað eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta, sem skal lýst í síðasta lagi 20. júní 2022. Af þessu tilefni vill Orkusalan ehf. („Orkusalan“ eða „félagið“) koma eftirfarandi á framfæri við óbyggðanefnd, vegna miðlunar félagsins í Ódádavötnum.

Af kröfulýsingu íslenska ríkisins má ráða að Ódádavötn eru innan þess landsvæðis sem nefnt er *Múlaafrétt* og krafist er að sé þjóðlenda, nánar tiltekið innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

*Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauða rennur í Geitdalsá (1). Þaðan er Geitdalsá fylgt þar til hún rennur í Leirdalsá (2) og þaðan í Brattháls (3). Frá Bratthálsi suðvestur á Bratthálsvötn (4), síðan í Líkárvatn (5), þaðan í Ódádavötn (6) og þaðan á Smjörkolla. [...]*<sup>1</sup>

Ódádavötn liggja ofan Berufjarðar og eru staðsett á háfjallagarðinum milli Norðurdals og Suðurdals inn af Skriðdal. Hæð vatnanna er í um 617 m.y.s. og eru þau í grunnri lægð með skörðum út úr til Suðurdals, Geitadals og Fossárdals.

Með lögum nr. 12/1952 var Rafmagnsveitum ríkisins m.a. heimilað að virkja Grímsá á Völlum með allt að 2000 hestafla orkuveri. Frá því átti að leggja aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðar, sbr. nánar lög nr. 22/1952 og 65/1956. Eftir nokkrar rannsóknir var á vormánuðum 1954 ákveðin 2,8 MW virkjun í Grímsá við Grímsárfoss sem var um 18 m há.

Grímsá fær nafn eftir að Geitdalsá og Múlaá hafa fallið saman í einn farveg í Skriðdalnum. Múlaá á upptök í Ódádavatni og nefnist þá Axará/Öxará. Þaðan fellur áin niður heiði er nefnist Öxi, niður Suðurdal, inn af Skriðdal, og þaðan í Skriðuvatn, en nefnist eftir það Múlaá þar til hún sameinast Geitdalsá, en heitir eftir það Grímsá, líkt og áður segir, sem Grímsárvirkjun heitir eftir. Vatnasvið Grímsár er 500 km<sup>2</sup> við virkjunina.

<sup>1</sup> Sjá bls. 201 í kröfulýsingu. Leturbr. undirr.

Árið 1963 voru reist miðlunarvirki við Ódádavötn með áætlaðri nýtanlegri vatnsmiðlun þar um 4 Gl. Miðlunin hefur verið nýtt í gegnum tíðina sem miðlunarlon fyrir Grímsárvirkjun, en þar er unnt að miðla um 5Gl á vetri. Þessi miðlun hefur verið notuð þannig að vatni hefur verið safnað í Ódádavötn þegar ekki skortir vatn í Grímsá og það síðan notað þegar minna vatn er í Grímsá, nokkrum sinnum á ári. Hleypt hefur verið úr henni svo að hún tæmist á u.þ.b. hálfum mánuði. Þetta er venjulega gert á kaldasta tíma vetrar í janúar eða febrúar. Hafa mannvirkin því verið á staðnum og nýtt í rúm 50 ár. Rafmagnsveitur ríkisins, nú RARIK ohf., sem stofnað var 1. ágúst 2006, önnuðust gerð miðlunarvirkisins á sínum tíma.

Mannvirki Orkusölnunnar í Ódádavötnum tengd miðluninni samanstanda af jarðvegsstíflum. Aðalstíflan er um 165 m löng grjótstífla með þéttikjarna úr timbri og er um 4 m há þar sem hún er hæst. Í henni er botnrás og hús ofan hennar þar sem stjórnþæki lokunnar eru. Við norðurenda aðalstíflunnar eru tvö yfirföll, bæði um 15 m löng. Norðar eru tvær lægri jarðvegsstíflur, um 60 og 50 m langar. Steypt flóðgátt / útfall er í stíflunni og þar í eru lokur, sem eru lokaðar á meðan verið er að safna vatni. Ofan á flóðgáttinni er óeinangraður kofi, ca. 2m x 4 m (8 m<sup>2</sup>).

Með 5. gr. laga nr. 58/2008 var sú breyting gerð á 14. gr. raforkulaga nr. 65/2003 að dreifiveitu var gert óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni væri nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt sérleyfum og lögum þar að lútandi. Í því fólst m.a. að dreifiveitum var gert skylt að aðskilja á milli sérleyfisstarfsemi sinnar og samkeppnisstarfsemi. Í framhaldi af stofnun Orkusölnunnar, dótturfélagi RARIK ohf., var öll samkeppnisstarfsemi RARIK færð yfir til dótturfélagsins, þ.á m. öll framleiðsla og sölustarfsemi félagsins, svo og eignarhald á virkjunum, miðlunum o.fl. sem snéru að þeirri starfsemi, þ. á m. afnotaréttur af vatnsréttindum þeim tengdum, sbr. t.d. fskj. 7, 8 og 9. Stíflurnar, sem eru að mestu til jarðvegsstíflur, voru gerðar af RARIK og tilheyra því þar með Orkusölnunni í dag. Orkusalan fer ekki fram á viðurkenningu á eignarrétti á umræddu landsvæði, enda er Orkusalan ekki landeigandi þar og gerir því ekki athugasemdir við að landsvæðið verði talið þjóðlenda í samræmi við kröfulýsingu íslenska ríkisins. Með vísan til 5. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, telur Orkusalan þó mikilvægt að upplýsa óbyggðanefnd um þau réttindi sem Orkusalan hefur á svæðinu, fyrirliggjandi mannvirki í eigu Orkusölnunnar, og þá athugasemdalaus nýtingu sem þarna hefur átt sér stað sl. 50 ár. Nauðsynlegt er að Orkusalan geti þannig viðhaldið stíflum, lokunarbúnaði og nýtingu vatns úr vötnunum eins og þörf krefur. Orkusalan þarf því að geta safnað vatni af vatnasvæði Ódádavatna, líkt og gert hefur verið um áratuga skeið, og hleypt því niður þegar hentar í tengslum við starfsemi Grímsárvirkjunar, enda umrætt svæði hluti af vatnasvæði hennar.

Þá er rétt að geta þess að Orkusalan er handhafi rannsóknarleyfis sem rennur út í september 2022, þar sem virkjun fallvatns frá Ódádavötnum niður í Suðurdal Skriðdals er til skoðunar. Þaðan rennur vatnið svo niður í Grímsá, eins og það gerir í dag. Einnig er í

skoðun að fjarstýra lokumannvirkjum Ódádavatna og auka þar með notagildi miðlunarinnar.

Til frekari upplýsinga vísast einnig til meðfylgjandi fylgiskjala, sem bæði eru teikningar, ljósmyndir og eldri skjöl, svo sem útboðslýsing frá 1967. Ef að frekari upplýsinga er þörf mun undirrituð jafnframt óhikað veita þær.

Virðingarfyllst,  
f.h. Orkusölnunnar ehf.

*Hólmfríður B. Sigurðardóttir*

Hólmfríður B. Sigurðardóttir lögm.

v/ Lárusar L. Blöndal lögm.

Fylgiskjöl:

1. Yfirlitskort yfir mannvirki Orkusölnunnar við Ódádavötn.
2. Ljósmyndir af svæðinu (a-d)
3. Skjáskot af Ódádavötnum.
4. Skjáskot af Ódádavötnum og Skriðdal.
5. Útboðslýsing (útdráttur); Miðlun í Ódádavötnum, 1963.
6. Athugun á vatnsmiðlunarmöguleikum við Grímsárvirkjun, Ódádavötn, 1967.
7. Samningur RARIK ohf. og Orkusölnunnar ehf., um vatnsréttindi, dags. 17. september 2009.
8. Afsal RARIK ohf. til Orkusölnunnar ehf., dags. 30. nóvember 2009.
9. Afsal RARIK ohf. til Orkusölnunnar ehf., dags. 30. nóvember 2009.





**Kröfulýsing**  
**til**  
**óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar Óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 1. febrúar 2022, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

**JÖRÐ: Vatnsskógar, lnr. 157444, Múlaþing**

**EIGENDUR:** Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Sólmundur Már Jónsson	kt. 130665-4549
Ágúst Már Jónsson	kt. 170860-2769
Magnús Björn Jónsson	kt. 200653-4759
Björn Már Jónsson	kt. 240766-3619
Guðrún Rós Jónsdóttir	kt. 280568-5389
Ívar Björgvinsson	kt. 300141-2509
Ellert Már Jónsson	kt. 300856-5789

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði allra þinglýstra eigenda jarðarinnar.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Vatnsskóga, lnr. 157444, Múlaþing**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar taki mið af byggingarbréfi dags. 5. desember 1859, fyrir jörðina Vatnsskógar eða Víðigrófar eins og hún nefndist á þeim tíma, en þar segir um jörðina:

*Med brefi þessu biggi eg Bjarni Sveinsson prestur að Þingmúla Arna Magnussyni kirkjulandid Vydigróf eda land allt frá Vatnisdalsá og inná Öxi þarsem vötnum hallar suðuraf, austanmegin Oxarár á fjall upp fra Fardögum 1860 til fardaga 1861 og so leingi sidann sem hann vill þar vera [...].*

Einnig skv. landamerkjabréfi jarðarinnar Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum, dags. 7. júní 1883, og þinglýst 20. júní 1884, en þar segir:

*að sunnan til Breiðdalsheiða~~r~~ uppá Breiðdalsheiði svonefndur „Tjarnarás“, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur „Þrívarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af „Þrívarðnahálsi“ uppá hraunið allt að „Beinvörðu“ eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnisdalsá, sem ræður svo á fjall upp.*

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands **Vatnsskóga**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

**MÁLAVEXTIR:**



Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 1. febrúar 2022 var skorað á eigendur jarða á Austfjörðum, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

#### SAGA JARÐAR:

Í Vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar, dags. 12. ágúst 1641, segir um Þingmúla í Skriðdal:

Olaffs kuirka J múla J Skriðdal ä Heimaland allt med þeim vmmerkium er Sera Gissur Gýslason tilseiger Sig hallded og hafft hafdi. Halffann Jorunnardal framm ä stafnz Heyde til þess votnum Hallar **eirnenn allar Oxarárdal framm ä øxe til þess votnum hallar** / ad frateknu haugalande, Allann hallffann geitdal og Búdartungur effre og ytre. Skryduland med Somu vmmerkium sem ädur eru sogd ad fylgie stadarlandenu og flogu. 6. Hundrud med þessum landamerkjum, framm J marklæk og rettsyness offan J Geitdalz Ä og suo ä fiáll vpp. enn vtfrä vt J þüfu og offan J lækinn sem rennur fyrer framan flógu eyre offan J äna. tuo hlute J hualnese Reka a Olaffssande. þriü hundrud týræd. Backaland. HallBiarnastade vndersomu landamerkjum er ädur voru greind. Skögar teyg J merkeär kuysl-vmm Sextyu timburz J Hallormstada Skögum huert är. Heffur Sera Gysur Gyslason stadinn Hallded med þessum landamerkjum atolulausum ä siounda og tuttugasta är [...].<sup>1</sup>

Hinn 4. júní 1703 lögfesti sr. Eiríkur Sölvason eign Ólafskirkju að Þingmúla í Skriðdal. Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Erikur Saulvason lögfeste hier J dag Eign Olafs Kyrkiu, ad Þýngmúla J Skriðdal lögfeste eg Heimaland allt, Greindrar Kyrkiu: Hálfann Jorunar dal allann framm ä Stafsheide til þess Vótum Hallar: **Eirnenn allann Oxarárdal framm ä Óxj til þess Vótum hallar**, ad frateknu Haugalande allann Halfann Geitdal og búdartungur Efre og ytre: Reka ä Olafs Sande þriu hundrud týræd, Skögarteig i Merke är kuýslum: lx timburz i Hallorms Stada Skoogum hvort är: Skoog J Sandfells Land: Logfeste eg tódur og Eingiar hús og haga, Reka og Skooga Vótn og Veide Stade og allt það Sem til gagn[s] ma hafa Jnnann greindra takmarka, med öllum landsnýtjum Sem þui lande eiga ad filg'ia ad fornu og nýu: Fyrerbýd Eg hiedan af Huorium manne Sier ad nytia Brúka edur beita Jrkia edur J ad Vinna nema mitt Sie lof edur leife til, ad Vitne þýnu Henrik Biarnason og þýnu Einar Sueinsson og allra þeirra er Ord mýn Heyra.<sup>2</sup>

Samskonar lögfesta var upplestin af sr. Eiríki að Þingmúla árið 1718, en viðbót við efni hennar sem ekki er í eldri lögfestunni er að þá lögfesti sr. Eiríkur hálfan reka á Kliftarsandi, sjö hundruð faðma langan, og landamerki Hallbjarnarstaða í Skriðdal og Flögu í Skriðdal. Landamerkjum þeirra jarða er ekki lýst í lögfestunni.<sup>3</sup>

Í jarðatali Johnsens frá 1842 er Vatnsskóga getið undir jörðinni Flaga, sem er Þingmúlakirkjueign, en þar segir „Í jarðabókunum getur eyðijarðar Þingmúla kirkju, Vatnaskóga (1696: 4 h. að dýrleika, 40 al. lsk. 1 kúg.), en eyðiból þetta er 1804 og eptir brauðskýrslu prestsins 1839 leigt til beitarlands.“<sup>4</sup>

Með byggingarbréfi, dags. 5. desember 1859, byggði Bjarni Sveinsson prestur að Þingmúla, Árna Magnússyni kirkjulandið Víðigróf, sem nú er jörðin Vatnsskógar. Þar er landamerkjum jarðarinnar lýst með eftirfarandi hætti:<sup>5</sup>

*[...] eda land allt frá Vatnsdalsá og inná Öxi þarsem vötum hallar suðuraf, austanmegin Oxarár á fjall upp fra Fardögum 1860 til fardaga 1861 og so leingi sidann sem hann vill þar vera og uppfyllir eptifylgjandi skilmála:*

<sup>1</sup> Bps. A.II.8. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641–1672, bls. 88–89.

<sup>2</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaping, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>3</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaping, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>4</sup> Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 372.

<sup>5</sup> Byggingarbréf Vatnsskóga 1859





[...].

Í sóknarlýsingu Múlasýslu frá 1839-1874 segir í lýsingu á Hallormsstaða- og Þingmúlasókn frá 1874:<sup>6</sup>

1. [Takmörk]

[...]

B. Þingmúlasókn er í Skriðdal. Eru takmörk að norðvestan Hallormsstaðarháls og –sókn, að suðvestan Brattháls og aurar þeir er vötnum hallar frá til Fossadals og Geitdalsafréttar, svo há-Öxi til Breiðdalsheiðar, að suðaustan Breiðdalsheiði og fjöll sem skilja Breiðdal og innsveit í Reyðarfirðir frá Skriðdal, að utan eða norðvestan Vallanes- og Hallormsstaðasóknir.

[...]

30. [Bæir]

[...]

30. B. Í Þingmúlasókn eru þessar jarðir:

[...]

IV. Þingmúli, kirkjustaðurinn með fjórum hjáleigum, metinn 60,7 hndr. Staðurinn stendur austan undir Múlakollinum hjá Skriðdals- eða Múlaá, nærri yst á tungunni milli hennar og Geitdalsár, og á staðurinn **alla tunguna milli ána inn á öræfi svo langt sem vötnum hallar til Skriðdals og þar að auki afréttarlandið inn frá, sem nefnist Víðirgróf, sunnan við Öxará eða Skriðdalsá, suður á há-Breiðdalsheiði og á fjöllin suðvestur af henni og eins norðaustur allt til Vatnsdalsár.**

Hjáleigurnar eru:

[...]

4. Vatnsskógar, austur af ytra enda Skriðuvatns, undir Vatnsdalsfjalli (þar var tekin upp byggð fyrir 16 til 20 árum).

[...]

31. [Selstöður]

[...]

B. Í Þingmúlasókn hafa hvergi verið selfarir því land hveirrar jarðar þar nær til fjalls þar sem betra er málnytuland en skammt að reka, nema frá Þingmúla hefir stundum, og er enn, haft í seli inn í Geitdal, skammt út frá Bjarnastöðum, því þar er land betra en heima og fjarri staðnum.

32. [Afréttir]

[...]

B. Inn af Þingmúlasókn eru miklar og góðar afréttir [31 Svo í hndr.; annars staðar, afréttar], s.s. Geitdalsafrétt inn af Geitdal, allt að Brattahálsi og Líkársvötnum, og Múlaafrétt inn af Múlanum og suðurdal inn á Háöxi. Svo er góð afrétt inn í Þórudal og fleiri smádölum upp af suðurbyggð sveitarinnar. Á þessar afréttar reka Skriðdælingar geldfé sitt og lömb og ýmsir úr Skógum og af Völlum. [...].

[...]

39. [Nýbýli]

B. Í Þingmúlasókn má telja nýbýli hjáleigur frá Þingmúla:

<sup>6</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 321.



[...]

c. Vatnsskógar, byggðir 1860.

Landamerkjabréf Þingmúla er dags. 7. júní 1883 og þinglýst 20. júní 1884.<sup>7</sup> Þar er landamerkjum Þingmúla lýst með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum, en það hljóðar svo:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdalsheiðar uppá Breiðdalsheiði svonefndur „Tjarnarás“, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur „Þrivarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af „Þrivarðnahálsi“ uppá hraunið allt að „Beinvörðu“ eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu Þorgrímsstaða, Berufjarðar, Arnhólsstaða, Þjóðjarðarinnar Hauga, kirkjujarðarinnar Flögu, Þorvaldsstaða, Geitdals og Tóarsels.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er Vatnsskóga getið, en þar segir m.a.:

9. Vatnsskógar (eyðijörð).

1. Eigandi Þingmúlakirkja. Ábúandi Halldór Halldórsson Haugum, hefur öll leigulóðaaftot af jörðinni.
2. Landamerki: Að neðan Axará og Skriðuvatn, að utan Vatnsdalsá, að ofan og fram þar sem vötnum hallar.
3. [...].

c. Beitolandið er gott fyrir allan búpening. Víðlent, skjólgott en snjóþungt í hörðum vetrum. [...]

[...]

7. Afgjald: Jörðin var leigð fyrir 4 árum fyrir 20 krónur á ári.

[...].<sup>8</sup>

Vatnsskógar voru eign Þingmúlakirkju til ársins 1918, en voru þá seldir þann 7. nóvember og sölunni þinglýst 7. júlí árið 1919.<sup>9</sup>

Með Afsali, dags. 21. mars 1932, seldi og afsalaði Halldór Halldórsson bóndi á Haugum í Skriðdal til dóttur sinnar Margrétar Halldórsdóttur, eignarjörðina sína, eyðijörðina Vatnsskóga

Með erfðaafsali, dags. 12. ágúst 1975, fengu Laufey Sólmundsdóttir og Ívar Björgvinsson jörðina Vatnsskóga í arf frá Margrétu Halldórsdóttur, ásamt öllu því sem henni fylgir og fylgja ber. Þar er svo landamerkjum jarðarinnar lýst, en þar segir:

Landamerkjum jarðarinnar Vatnsskóga er þinglýst 20. júní 1884 og samkvæmt heimildarskjöllum Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. bréf Þjóðskjalasafnins útgefið 29. júlí 1975, sem með erfðaafsali þessu fylgir til þinglesturs – þá eru landamerki jarðarinnar Vatnsskógar, sem hér segir:

- „Að neðan Axará og Skriðuvatn að utan Vatnsdalsá að ofan og framan þar sem vötnum hallar“ -.

Árfarvegur Vatnsdalsár hinn eldri – nú þurr – skiptir löndum milli Vatnsskóga og Hauga, sbr. loftmynd frá 1946 af vettvangi, [...].

<sup>7</sup> Sýsl. S-Múli., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 180v

<sup>8</sup> Fasteignamat 1916-1918 - Undirmat; Múlasýsla – suður I, bls. 17-18

<sup>9</sup> S-Múli, V24, bls. 333-334



[...].

Hinn náttúrulegi árfarvegur Vatnisdalsár sbr. loftmyndin frá 1946, helzt að sjálfsögðu áfram sem landamerki Vatnsskóga – „að utan“, þrátt fyrir jarðrask Vegagerðarinnar.

Landamerki Vatnsskóga – „að ofan og framan“-, það er upp á heiðar og fram og inn á afrétt nær um – „allt afréttarlandið Öxi“ -, svo sem Margrét Halldórsdóttir nefnir í notarialerfðaskránni rá 25. júní 1975.

Nánar tiltekið eru landamerki Vatnsskóga – „að ofan og framan“ – afréttarlandið inn á Öxi þar með Ódáðavötn þ.e. allt það land – „þar sem vötnum hallar“ - það er til Skriðdals austan Axarár.

[...].

Á erfðaafsalinu er svo rituð eftirfarandi athugasemd sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um landamerkin:

Það athugast við þinglýsingu þessa, að upp gefin landamerki á skjali þessu er ekki þinglesin svo sjáanlegt sé hér í sýslu, né til landamerkjaskrá yfir þau skv. landamerkjabók embættisins. Þess skal þó getið, að landamerkjaskrá er til yfir Þingmúla, en Vatnsskógar voru hjáleiga frá þeirri jörð.

Í bréfi hreppsnefndar Skriðdalshrepps, dags. 26. apríl 1979 segir um afrétti í Skriðdalshrepp:

Frá fornu hafa verið taldar þrjár sjálfstæðar afréttir í Skriðdal og skiptist þó ein þeirra í tvo hluta í daglegu tali manna, það er austur og norðurmúla.

Afréttinar eru þessar.

Öxi og Víðigróf. Landamerki. Forviðará að norðan, Axará að vestan og vatnaskil við Breiðdal og Berufjörð að austan og sunnan. Eigendur nú eru trúlega Ívar Björgvinsson og Laufey Sólmundsdóttir.

Múlaafrétt. Milli Axarár að austan og Geitdalsár og síðar Brattháls að vestan, um vatnaskil sunnan Ódáðavatna að sunnan og að norðan um Þverá á austurmúla og um Grjótgarð innan við Hátún á norðurmúla.

Eigendur nú er Kirkjujarðarsjóður, en Stefánsstaðaland á austurmúla, milli Þverár og Djúpagilsár eiga Bjarni Bergþórsson og Bjarni Björnsson til helminga.

Geitdalsafrétt. Milli Geitdalsár og Brattháls að austan og vatnaskil á Hraungerði og Hornbrynju að vestan, um vatnaskil við Hamarsdal að sunnan og Fossá að norðan.

Eigandi Skriðdalshreppur.

Auk þess eru til sagnir um það að um skeið hafi innsti hluti Þórudals og Djúpidalur verið afrétt, en það er nú löngu aflagt.

Sá skilningur hefur gjarnan verið lagður hér í orðið afrétt, að það sé land, sem sé til sameiginlegra nota fyrir sveitarfélagið og ekki sé hægt að neita hreppsúum um afnot af því. Enda beri hreppurinn sameiginlega af því skyldur og hafi með yfirstjórn þess að gera.

Heimalönd einstakra jarða hafa aldrei fallið hér undir hugtakið afrétt.

Með yfirlýsingu, dags. október 1983, lýstu Sigurður Þorleifsson, oddviti Beruneshrepps, því yfir að Vatnsskógar ættu land það „sem er austan Skriðuvatns og Axarár að hreppsmörkum Beruneshrepps alveg óvæfengjanlega. Hreppamörk Skriðdalshrepps og Beruneshrepps eru um Kjalell (Kistufell á korti) þaðan suðvestur yfir Axarveg við Merkjalæk (Merkjahrygg) á háheiðinni og áfram suðvestur yfir Smjörkolla“ Yfirlýsingunni var þinglýst 17. desember 1984.

Með yfirlýsingu, dags. 28. júlí 1990, lýsti Bragi Björnsson bóndi á Víðilæk, því yfir að landsvæðið Öxi væri eign jarðarinnar Vatnsskóga í Skriðdal. Yfirlýsingunni var þinglýst 15. júní 1999.



Með yfirlýsingu, dags. desember 1990, lýstu Ragnar Bjarnason og eiginkona hans Oddný Kristjánsdóttir, frá Borg í Skriðdal, að Vatnsskógar ættu landsvæðið Öxi í Skriðdalshreppi, yfirlýsingunni var þinglýst 9. júní 1993.

Í yfirlýsingu Gunnars Erlingssonar bónda og eiganda Þorgrímsstaða, dags. 21. mars 1991, segir að landamerki Vatnsskóga og Þorgrímsstaða liggja saman á Breiðsdalsheiði „að ofan [...] þar sem vötnum hallar“. Yfirlýsingunni var þinglýst 9. júní 1993.

Í yfirlýsingu eigenda jarðatorfunnar Berufjörður, dags. 7. júlí 1991, segir að „liggur land jarðarinnar Vatnsskógar í Skriðdalshreppi að landi jarðanna Berufjörður I og Berufjörður II og Melshorni í Beruneshreppi, frá Kistufelli og síðan eins og vötnum hallar milli Skriðdals og Berufjarðardals niður svonefndan Merkjahrygg þangað sem hann liggur lægst. Þessi landamerki eru einnig á hreppsmörkum Beruneshrepps og Skriðdalshrepps.“ Yfirlýsingunni var þinglýst 9. júní 1993.

Eigendur Vatnsskóga og Hauga í Skriðdal, gerðu með sé yfirlýsingu um landamerki milli jarðann. Þar segir:

- I. Vatnsskóga ofan þjóvegarinn skipir löndum milli Vatnsskóga og Hauga framað vatnaskilum milli Skriðdals og Breiðdals
- II. Landamerki jarðanna neðan þjóðvegarsins skal vera bein lína dregin frá miðju brúarinnar yfir Vatnsskóga að Múla í stefnu á miðjan hrygg handan Múlár, sem tveir gilskornaringar marka. [...].

Með umboði, dags. 20. júní 1999, fólu eigendur jarðarinnar Jóni Magnússyni hrl. fullt umboð til þess að fara þess á leit við sýslumanninn á Seyðisfirði að hann láti skrá í landamerkiabók embættis síns á lögformlega hátt landamerki jarðarinnar Vatnsskóga í Skriðdal og fá fellda úr gildi athugasemd sýslumannsins á erfðaafsalið frá 1975. Jón sendi í kjölfarið erindi á Þjóðskjalavörð þann 1. júní 1999, og óskaði eftir álitum hans á þeim skjölum sem fyrir lágu um landamerki jarðarinnar Vatnsskóga (Víðigrófar) í Skriðdal. Þjóðskjalavörður sendi svarbréf sitt, þann 7. júní 1999, þar sem fram kemur að „af þeim heimildum sem fyrir liggja [verði ekki annað séð] en landamerki [jarðarinnar] séu skýr og glögg og um þau hafi ekki verið ágreiningur. Landamerki kirkjujarða sem tilgreind eru í máldögum þeirra voru í raun þinglesin í hvert sinn er biskup visiterar og máldagi er endurnýjaður. Þá er matsgerð dómkvaddra jarðamatsmanna [...] afar traust og vönduð heimild.“

Með bréfi, dags. 15. mars 2018, sendi Vegagerðin bréf til eigenda Vatnsskóga vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Skriðdals- og Breiðdalsveg (áður Hringveg) Skriðuvatn – Axarvegur um land Vatnsskóga (157444) á Fljótdalshéraði.

Þann 26. nóvember 2021 var svo sent kynningarbréf til eigenda Vatnsskóga á fyrirhuguðum framkvæmdum við nýjan Axarveg um land Vatnsskóga í Skriðdal, þar kemur m.a. fram:

Kynningarbréf þetta er sent eigendum og forsvarsmönnum þeirra jarða sem liggja að fyrirhuguðum Axarvegi. Fulltrúar Vegagerðarinnar hafa verið í sambandi við eigendur jarðanna og upplýst um fyrirhugaðan Axarveg. Vegagerðin fyrirhugar nýbyggingu Axarvegar frá nýjum vegamótum Skriðdals- og Breiðdalsvegar (95) í Skriðdal að vegamótum Hringvegar (1) í Berufjarðarbotni. Axarvegur liggur innan sveitarfélagsins Múlaþings innan jarða Vatnsskóga og Berufjarðar. [...]

[...] Hæst liggur veglínan efst á Öxi í 521 m y.s. á vatnaskilum við Merkjahrygg (st. 15400), þar sem einnig er eru mörk jarðanna Vatnsskóga og Berufjarðar.“ [...]

Í bréfi frá Umhverfisstofnun til landeiganda Vatnsskóga, dags. 18. janúar 2022, fengu landeigendur Vatnsskóga greiddan hreindýraarð af veiðileyfasölu fyrir árið 2021 skv. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. reglugerð nr. 487/2003 um



skiptingu arðs af hreindýraveiðum. Landeigendur Vatnsskóga hafa fengið greiddan hreindýraarð í áratugi vegna veiða á Öxi.

Með bréfi 8. júní 2022 frá Pacta lögmannsstofu fyrir hönd Vegagerðarinnar eru eigendum Vatnsskóga send samningsdrög vegna landbóta vegna fyrirhugaðra vegabóta um Öxi. Í bréfinu kemur m.a. fram að Vegagerðin gerir athugasemd við kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra:

[...]

Nauðsynlegt er að upplýsa hér og gera þann fyrirvara að skv. kröfulýsingu Fjármál- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 11, Austfirðir, dags. 25. janúar 2022, var kröfulínunni á Öxi lýst þannig m.a. að línan lægi; „(7) Frá Smjörkollum í Þrívörðuháls (8) og er Axará fylgt þar til Djúpagilsá rennur í hana.“ Á korti af svæðinu á fskj. nr. 6 er fylgir kröfulýsingunni, sést aðpunktur (8) á Þrívörðuhálsi liggur upp í hlíðinni austan vegarins um Öxi. Frá þeim punkti liggur bein lína norður í svokallaða Buga í Axará, um 4 km. leið, en línan fylgir síðan Axará að Djúpagilsá. Vegagerðin hefur gert athugasemd við það að þjóðlendulínan liggir yfir Axarveg og síðan til norðurs austan vegarins, og telur að vatnaskil á Öxi ráði legu línunnar og síðan Axará til norðurs. [...].

Í örnefnaskrá fyrir Vatnsskóga sem Stefán Einarsson prófessor ritaði eftir heimildum Margrétar Halldórsdóttur segir:

**Landamerki:** Að utan um Vatnsdalsá. Fúluvíkurlækur rennur yzt í Skriðuvatn. Líksteinn heitir við mitt vatn neðan við veg, þar fellur Líksteinslækur í vatnið. Bæjarlækur rennur fyrir utan Vatnsskóga. Höfðalækir ytri og innri eru sinn hvou megin við Höfða eða Forviðarhöfða. Þá er Forviðará, landamerki heimalands að innan. Forviðará rennur í Forviðargjúfri, í henni er mikill foss. [...] Háls heitir út og upp af Vatnsskógum eða Vatnsdalsháls. Í honum yzt er Háí melur og gömul fjárrétt utan undir honum í Vatnsdalsgili. [...] Vatnsdalsvörp eru þar á landamerkjum. Víðisgrófar. Upp á Vatnsskógafjalli eru Austur-Aurar.

Fyrir innan Forviðará og Skriðuvatn heitir Víðisgróf. Næst fyrir innan Forviðará er Þrepalækur milli Víðra, þar sem skógurinn fer að ná ofan að á, og Þrepa, eða utan við Þrepin. [...] Þar fyrir innan eru Yxnagilsár ytri og innri. Í Ytri-Yxnagilsá fellur Moldarlækur úr Moldargili ofan af heiði þá er skammt á Tjarnaás. Skriðuvatnshólmi heitir rétt innan við vatnið; hann var fyrst allur skógi vaxinn, en Margrét móðir Halldórs elda, í Haugum, lét rífa skóginn og breyta í engi. Hann tilheyrði Haugum í tíð langömmu Margrétar. Þegar Stefánsstaðir byggðust, var hann nytjaður þaðan. Síðast keypti Bjarni á Borg hann. [...] Skáberg heitir upp í Forviðarfjall utan til, en Forviðarfjallið heitir réttu nafni Forviðar- eða Forvaðahnúkur. [...] Kjalfjall heitir fjallið austan við Öxi og Þrívörðuhálsar, þar sem skiptir löndum milli Skriðdals og Berufjarðar.

[...]

Öxi: Fyrir innan Innri-Yxnagilsá er Glóafloí, nokkuð innan við hann er Tjaldlækur og meðfram honum Tjaldbotnar. [...] Axará heitir út í Skriðuvatn. Grasadæld er þar fyrir innan, góð til gras; inn og upp af henni er Háabjarg, upp af því eru Grenisurðir. Axarnes er beggja megin við Axará, þar sem hún kemur úr Ódáðavötnum. Þá eru Þrívörðuhálar, þar sem vötnum skiptir til Berufjarðar.

Suður af Tjarnarás á Breiðdalsheiði milli Yxnagilsáa heita Hreindýrahraun, en fyrir innan Innri-Yxnagilsá heita Hreindýrahlíðar. Fjallið þar fyrir innan heitir Kjalfjall. Berfirðingar og Skriðdælingar kalla Kjalfjall Kistu, austur úr því. Þaðan mun Kistufell dregið á korti Björns Gunnlaugssonar.

Í örnefnaskrá fyrir Vatnsskóg sem Stefán Einarsson prófessor ritaði eftir heimildum Margrétar Halldórsdóttur með viðbættum frá Eiríki Eiríkssyni sem bárust Örnefnastofnun 1972 segir:



**Landamerki:** Að utan um Vatnsdalsá; Vatnsdalsá kemur úr Vatnsdal. Fúlúvíkurlækur rennur yzt í Skriðuvatn. Líksteinn heitir við mitt vatn neðan við veg, þar fellur Líksteinslækur í vatnið. Bæjarlækur rennur fyrir utan Vatnsskóga. Höfðalækir Ytri og Innri eru sinn hvou megin við Höfða eða Forviðarhöfða. Forviðará rennur í Forviðargljúfri, í henni er mikill foss, Forvaðaárfoss.

[...]

Klettur upp í Vatnsskógafjalli heitir Votaberg, þar eru fleiri klettar nafnlausir. Svo er kölluð Mýri uppi í Forviðardal framan í Vatnsskógafjalli, breiðgresismýri, þar sló Halldór í Haugum einu sinni. Háls heitir út og upp af Vatnsskógum eða Vatnsdalsháls. Á honum yzt er Háimelur og gömul fjárrétt utan undir honum í Vatnsdalgili. Stórubjörg heita Vatnsskógamegin nokkuð inn í dalnum. Fjárgötur liggja um dalinn til Breiðdals. Vatnsdalsvörp eru þar á landamerkjum. Uppi á Vatnsskógafjalli eru Austuraurar.

Fyrir innan Forviðará og Skriðuvatn heitir Víðigróf. Næst fyrir innan Forviðará er Þrepalækur milli Víðra, þar sem skógurinn fer að ná ofan að á, og Þrepa eða utan við Þrepin. Þrepin eru melhólar skógi vaxnir, þar sem fer að hækka landið. [...] Þar fyrir innan eru Yxnagilsár, Ytri- og Innri-. Í Ytri-Yxnagilsá fellur Moldarlækur úr Moldargili ofan af heiði. Þá er skammt á Tjarnarás. Skriðuvatnshólmi heitir rétt innan við vatnið; hann var fyrst allur skógi vaxinn, en Margrét, móðir Halldórs eldra í Haugum, lét rífa skógin og breyta í engi. Hann tilheyrði Haugum í tíð langömmu Margrétar. Þegar Stefánsstaðir byggðust, var hann nytjaður þaðan. Síðast keypti Bjarni á Borg hann. Hallormsstaðakirkja átti hólmann (sbr. örnefnaskrá þaðan).

[..] Glóaflói heitir inn á Öxi fyrir innan Yxnagilsá. **Kjalfjall heitir fjallið austan við Öxi og Þrívörðuhálsar, þar sem skiptir löndum Skriðdals og Berufjarðar.[...]**

[...] Öxi eða Öxarheiði, fjallvegur milli Skriðdals og Berufjarðar. Nú notað sem nafn á stóru heiðarsvæði og þar talin örnefni. [...] Axará heitir út í Skriðuvatn. [...] **Þá eru Þrívörðuhálsar, þar sem vötnum skiptir til Berufjarðar.**

Suður af Tjarnarás á Breiðdalsheiði, milli Yxnagilsáa, heita Hreindýrahraun, en fyrir innan Innri-Yxnagilsá heita Hreindýrahlíðar. Fjallið þar fyrir innan heitir Kjalfjall. Berfirðingar og Skriðdælingar kalla Kjalfjall, Breiðdælir Kistu autur úr því. Þaðan mun Kistufell dregið á korti Björns Gunnlaugssonar. **Axará og Skriðvatn skipta löndum milli Vatnsskóga og Stefánsstaða. Axará skiptir einnig löndum milli Múlafréttar og Breiðdalsheiðar.**

Forviðarhöfði, Forviðará, Forviðarhnúkur o.s.frv. heita Forvaðahöfði, Forvaðaá, Forvaðahnúkur o.s.frv., hin myndin er afbökun. [...] Forvaðaá er ekki landamerki heimalands og afréttar á Breiðdalsheiði og Öxarheiði, heldur er það Innri-Yxnagilsá. Skammt út og upp af Forvaðahöfða eru fornar rúsir, nafnlausar. Þær eru sléttri grund. Gætu verið sel eða eyðibýli.

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða Vatnsskóga og Þingmúla sem vísað er hér til. Sérstaklega er vísað til þinglýsts landamerkjabréfs fyrir Þingmúla, dags. 7. júní 1883, þar sem landamerkjum Þingmúla er lýst með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum.



Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Þann 5. desember 1859 byggði Bjarni Sveinsson prestur að Þingmúla, Árna Magnússyni kirkjulandið Víðigróf, sem nú er jörðin Vatnsskógar, með byggingarbréfi. Þar er landamerkjum Vatnsskóga lýst. Vatnsskóga er einnig getið í fasteignamatinu 1916-1918, og þar er jafnframt landamerkjum hennar lýst. Vatnsskógar voru eign Þingmúlakirkju til ársins 1918, en voru þá seldir þann 7. nóvember og sölunni þinglýst 7. júlí árið 1919.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Vatnsskógum**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Landeigendur hafa fengið hreindýraarð af svæðinu og Vegagerðin samið við þá um bætur vegna efnistöku og veglagningar. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Vatnsskógum**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna og sameigenda þeirra verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild er talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkominn eign umbjóðenda minna og sameigenda þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, hjá Landform, Selfossi, í samræmi við landamerkjalyýsingu jarðarinnar, þar sem hornpunktur hafa verið merktir inn, sbr. meðfylgjandi hornpunktaskrá.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 25. janúar 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Vatnsskógar, Inr. 157444**, er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Múlaafrétt**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land Múlasýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki Vatnsskóga eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum, þá hluti af stórrjörðinni Þingmúla. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrir ákveðnum jörðum.



Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Vatnsskóga** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið, enda jörðin Vatnsskógar seld frá kirkjújörðinni Þingmúla með ofangreindum merkjum árið 1918.

Enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti. Einnig hafa landeigendur fengið greitt fyrir felld hreindýr á jörðinni frá Umhverfisstofnun í áratugi, m.a. sem felld hafa verið innan kröfusvæðisins á Öxi.

Kröfulýsing ríkisins felur í sér að umtalsverður hluti jarðarinnar Vatnsskóga, eins og hún er skilgreind samkvæmt byggingarbréfi fyrir Þingmúla frá 5. desember 1859 og fasteignamat 1916 – 1918, sé innan kröfusvæðisins. Í kröfulýsingunni er þó aldrei minnst á umræddar heimildir sem lýsa landamerkjum Vatnsskóga.

Svo virðist sem kröfugerð íslenska ríkisins byggist eingöngu á landamerkjabréfi Þingmúla, sem ríkið segir að lýsi suðurmerkjum Múlaafréttar. Landeigendur Vatnsskóga telja þá túlkun ríkisins ekki standast skoðun. Umrætt landamerkjabréf lýsi hins vegar landamerkjum Þingmúla, og hjáleigum hennar þ.m.t. Vatnsskógum. Vatnsskógar voru seldir frá Þingmúla 7. nóvember 1918, en við þá sölu kom ekki annað fram en að merki jarðarinnar væru skv. byggingarbréfi fyrir jörðin frá 1859 og fasteignamati 1916-1918, þar sem landamerkjum Vatnsskóga er lýst, m.a. innan kröfusvæðisins.

Landeigendur jarðarinnar Vatnsskóga hafna því að fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins hafi með kröfu sinni sýnt fram á að Múlaafrétt nái inn á landsvæði jarðarinnar Vatnsskóga, skv. umræddu landamerkjabréfi Þingmúla. Eigendur jarðarinnar Vatnsskóga telja það ótvírætt að landamerki jarðarinnar eru samkvæmt byggingarbréfi frá 1859 og fasteignamati 1916-1918 og innan þeirra landamerkja fari þeir með öll venjuleg eignarráð.

Þá er í kröfugerð ríkisins reynt að sýna fram á að Múlaafrétt nái yfir allt það landsvæði sem tilkall er gert til í kröfulýsingunni, er meðal annars stuðst við lýsingar úr bókinni *Göngur og réttir*, V. bindi. Í þá bók er meðal annars vísað á blaðsíðu 22 í kröfulýsingunni og þar segir orðrétt úr bókinni.

*Múlaafrétt nefnist svæði það, sem er fyrir innan byggð á milli Geitdalsár og 2 Axarár [...]. Nokkur hluti afréttarlandsins liggur sunnan Ódáðavatna, eða þangað er vötnum hallar til Fossárdals, sem er afdalur suður frá Berufirði.*

Í texta bókarinnar er ekki vísað í heimildir þar sem fjallað er um Múlaafrétt. Í efnisyfirliti aftast í bókinni kemur þó fram að Friðrik Jónsson sé heimildarmaður um afréttarlönd Skriðdæla. Engar frekari upplýsingar eru gefnar um þann einstakling, t.d. aldur, tengsl við svæðið, þekkingu á því og mögulega hagsmuni. Ekki er því unnt að sjá hvernig umrædd lýsing gangi lengra heldur en þinglýstar heimildir jarðarinnar. Hins vegar er athyglisvert að í fyrstu setningu ofangreindrar málsgreinar kemur fram að Múlaafrétt sé fyrir innan byggð á milli Geitdalsár og Axarár. En í kröfugerð ríkisins er farið austur yfir Axará. Kröfugerðin er því ekki í samræmi við þessa heimild sem ríkið notar.





Á blaðsíðu 202 í kröfulýsingunni er stuttlega minnst á „...lýsingar á Múlaafrétt í lýsingu á Stefánsstöðum í Örnefnaskrá, sem var hjáleiga Þingmúla og liggur norðan við Múlaafrétt.“ Þær lýsingar, sem byggðar eru á frásögn einstaklings sem góð grein er gerð fyrir í Örnefnaskrá, er ekki að finna í kröfulýsingunni. Þar segir um Múlaafrétt:

*Austurhluti Múlaafréttar liggur að Stefánsstaðalandi, Djúpagilsá skiptir löndum milli heimalands og afréttar. Inn af Múlaafrétt eru viðáttumikil urðasvæði, kölluð Hraun (fi). Þar eru landamerki milli Skriðdals og Berufjarðar við vatnaskil. Axará skiptir löndum milli Múlaafréttar og Breiðdalsheiðar og Öxarheiðar og einnig milli Stefánsstaða og Vatnsskóga. Nokkur hluti af Múlaafrétt er talinn með Hátúnum, landamerki þar á milli eru á Háups (frb. Háus), þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axarár. Á Háups eru líka landamerki milli Stefánsstaða og Hátúna.*

Samkvæmt þessari lýsingu nær Múlaafrétt ekki suður fyrir Ódáðavötn þar sem Hraun liggja fyrir sunnan þau vötn og það svæði er samkvæmt lýsinguinni inn af Múlaafrétt, þ.e. fyrir sunnan Múlaafrétt. Við Hraun eru landamerki milli Skriðdals og Berufjarðar og því ljóst að þessi lýsing styður ekki kröfuna um að Múlaafrétt nái inn í land jarðarinnar Vatnsskóga.

Báðar þessar heimildir eiga það sameiginlegt taka það fram að Múlaafrétt nær ekki yfir Axará eins og kröfulýsingin gerir ráð fyrir. Í V. bindi Göngur og réttir segir: „Múlaafrétt nefnist svæði það, sem er fyrir innan byggð á milli Geitdalsár og Axarár...“ og í lýsinguinni á Múlaafrétt í lýsinguinni á Stefánsstöðum í Örnefnaskrá segir: „Axará skiptir löndum milli Múlaafréttar og Breiðdalsheiðar og Öxarheiðar...“

Að þessu skoðuðu er ljóst að kröfulýsing íslenska ríkisins sem gerir ráð fyrir að Axará sé að hluta innan Múlaafréttar á ekki við rök að styðjast út frá þessum heimildum. Einnig er rétt að hafa í huga að samkvæmt byggingarbréfinu frá 5. desember 1859 og Fasteignamatinu 1916 – 1918, er Axará innan landamerkja Vatnsskóga. Það er óumdeilt að Axará á upptök sín í Ódáðavötnum og rennur í Skriðuvatn. Það að kröfulýsingin geri ráð fyrir að Múlaafrétt nái yfir Axará (um 6,5 km frá Ódáðavötnum, af um 14,5 km heildarlengd árinna) stenst því ekki skoðun.

Þá er í kröfulýsingunni reynt að sýna fram á að samkvæmt fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916-1918 eigi Þingmúli ekki lengur Múlaafrétt. Um þetta atriði segir meðal annars á blaðsíðu 173 í kröfulýsingunni: „Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916-1918 segir um Vallanes að jörðin eigi upprekstrarland á Múlaafrétt.“ Einnig á blaðsíðu 123 í kröfulýsingunni: „Um upprekstrarland segir að jörðin [Þingmúli] eigi ekkert og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni.“ Með þessu telja landeigendur ljóst að íslenska ríkið telji að kröfufusvæðið, þ.e. Múlaafréttur, hafi tilheyrt jörðinni Vallanes en ekki Þingmúla, þegar Vatnsskógar voru seldir frá Þingmúla árið 1918. Þar af leiðandi hafi það landsvæði jarðarinnar Vatnsskóga, sem í kröfulýsingin er sagt tilheyra Múlaafrétt, aldrei tilheyrt jörðinni.

Varðandi þetta atriði er mikilvægt að hafa í huga að í kröfulýsingunni er ekki sýnt fram á með traustum rökum að Múlaafrétt nái inn á umrætt landsvæði jarðarinnar Vatnsskóga, eins og því er lýst samkvæmt byggingarbréfinu frá 1859 og fasteignamatinu 1916 - 1918. Reyndar er það svo að ekkert er minnst á þær tvær heimildir fyrir landamerkjum Vatnsskóga í kröfulýsingunni, líkt og bent hefur verið á. Að auki er í kröfulýsingunni ekki vísað í þinglýst skjöl þess efnis að Vallanes eigi í raun Múlaafrétt. Af því sem kemur fram í kröfulýsingunni verður ekki annað ráðið en að sú þinglýsing sé ekki til.

Eins og kemur fram hér að framan segir í kröfulýsingunni á blaðsíðu 173 að Vallanes „...eigi upprekstrarland á Múlaafrétt.“ Þessa túlkun sína byggir íslenska ríkið á athugasemd sem kemur fram í fasteignamatinu 1916-1918 fyrir Suður-Múlasýslu en vísað er orðrétt í þá athugasemd á blaðsíðu 124 í kröfulýsingunni. Í athugasemdinni segir meðal annars:



*Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00.*

Um þetta telja landeigendur rétt að benda á, sem kemur jafnframt fram í fasteignamatinu 1916-1918,<sup>10</sup> að þar er vísað til þess að presturinn á Vallanesi sé **umráðamaður** en ekki eigandi. Þá er einnig er talað um ítök en ekki eign og um þau ítök segir nánar tiltekið í yfirmatinu „...að margt bendi til þess að skoða beri ítök þessi sem tilheyrandi prestakallinu, þó það komi hvergi svo skýrt fram að ótvírætt sé...“. Einnig kemur það fram í yfirmatinu að presturinn að Vallanesi líti á ítökin sem sjálfstæðar eignir Vallanesprestakalls eða eins og þar segir „Í þessum ástæðum umráðamanns [prestsins að Vallanesi] er það aðalatriðið, að þessi umræddu ítök séu ekki tilheyrandi prestsetrinu Vallanesi, heldur beri að skoða þau sem sjálfstæðar eignir Vallanesprestakalls.“

Hér skal einnig vísað í það sem yfirfasteignamatsnefnd Suður-Múlasýslu segir um ónákvæmni undir liðnum „um ymis atriði er máli skiftir“ í Fasteignamat 1916 - 1918;

*8. Óviðfeldið virðist oss að sjá í lýsingum fasteignamatsnefndar ágiskanir um ymis atriði er máli skiftir fasteignunum viðkomandi. Það virðist skylda fasteignamatsnefndar að útvega sér ábyggilega upplýsingar um allt það er þýðingu hefir fyrir verðmæti eignanna, en geti þess ella í lýsingum, ef slíkar upplýsingar ekki fást, í stað þess að vera að geta í eyðurnar.*

*9. Þá vantar mat á lóðum undir 5 húsum í Brekkuborpi, ítökum staðarins í Vallanesi, Múlaafrétt í Skriðdal og 4 óbygðum lóðum í Eskifjarðarlandi [...].“<sup>11</sup>*

Að lokum er bent á að samkvæmt kröfugerð íslenska ríkisins er jörðin Vatnsskógar klofin í tvennt eins og sjá má á því landakorti sem fylgir kröfulýsingu ríkisins, kort 3, og gerir kröfulýsingin með því ekki tilkall til þess að Múlaafrétt nái yfir allt landsvæði jarðarinnar Vatnsskóga sem liggur sunnan Ódáðavatna. Það er ekki augljóst á hvaða forsendum jörðin er klofin í kröfulýsingunni. Ljóst er að sá hluti sem kröfulýsingin klýfur frá meginsvæði jarðarinnar Vatnsskóga tilheyrir ekki jörðinni Eyjólfsstöðum sem á land upp að þeim hluta sem klofinn er frá. Í kröfulýsingunni á blaðsíðu 131 er meðal annars þessa lýsingu á landamerkjum Eyjólfsstaða að finna:

*Landamerki jarðarinnar – það er Fossárdals norðan ár – eru þessu: Fossá frá ósum að upptökum í svo nefndum „Bratthálsi“ og eptir Bratthálsinum til norður eins og vötnum hallar til hinna svokölluðu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir...*

Þessi lýsing á landamerkjum Eyjólfsstaða styður við lýsingu á landamerkjum jarðarinnar Vatnsskóga eins og þau landamerki eru skilgreind samkvæmt byggingarbréfi frá 1859 og fasteignamati 1916 – 1918, sem og landamerkjabréfi jarðarinnar Þingmúla í Skriðdal, ásamt hjáleigum, þ.m.t. Vatnsskógum. Af þessu telja landeigendur ljóst að skv. kröfulýsingu séu landamerki Múlaafréttar dregin af óljósum heimildum, enda er engin skynsemi fólgin í því að landamerkjum hafi verið háttað eins og kröfulýsingin gerir ráð fyrir. Í öðru lagi að horft sé framhjá landamerkjum jarðarinnar Vatnsskóga samkvæmt fyrrnefndum heimildum.

Þegar allt ofanritað er skoðað er ljóst að hafna ber framkominni þjóðlendukröfu ríkisins inná land jarðarinnar Vatnsskóga.

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Umboð
4. Fasteignayfirlit

<sup>10</sup> Fasteignamat 1916-1918 - Yfirmat; Múlasýsla – suður, bls. 106-108

<sup>11</sup> Fasteignamat 1916-1918 - Undirmat; Múlasýsla – suður I, bls. 253-154



5. Veðbandayfirlit
6. Byggingarbréf fyrir Vydigróf, dags. 5. desember 1859
7. Afsal, dags. 18. mars 1932.
8. Erfðaafsal, dags. 12. ágúst 1975
9. Bréf hreppsnefndar Skriðdalshrepps, dags. 26. apríl 1979
10. Yfirlýsing, dags. október 1983
11. Yfirlýsing, dags. 28. júlí 1990
12. Yfirlýsing, dags. desember 1990
13. Yfirlýsing, dags. 21. mars 1991
14. Yfirlýsing, dags. 7. júlí 1991
15. Landamerkjayfirlýsing milli Vatnsskóga og Hauga, dags. 20. júlí 1993
16. Umboð til Jóns Magnússonar hrl., dags. dags. 20. júní 1999
17. Bréf Þjóðskjalavörðs til Jón Magnússonar hrl. vegna landamerkja jarðarinnar Vatnsskóga, dags. 7. júní 1999
18. Bréf frá Vegagerðinni til eigenda Vatnsskóga vegna Axarvegur – kynning á drögum að tillögu að matsáætlun, dags. 7. janúar 2008.
19. Bréf frá Vegagerðinni til eigenda Vatnsskóga vegna Axarvegur og Hringvegur um Skriðdal og Berufjarðarbotn- kynning á drögum að tillögum að matsáætlun, dags. 18. júní 2008.
20. Bréf frá Vegagerðinni til eigenda Vatnsskóga vegna Axarvegur, Hringvegur í Skriðdal og Hringvegur um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum, frummatsskýrsla, dags. 12. nóvember 2010.
21. Bréf Vegagerðarinnar til eigenda Vatnsskóga vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Skriðdals- og Breiðdalsveg (áður Hringveg) Skriðuvatn – Axarvegur um land Vatnsskóga (157444) á Fljótdalshéraði, dags. 15. mars 2018.
22. Fylgibréf með rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun fallsvatns frá Ódáðavötnum niður í Suðurdal Skriðdals á Fljótdalshéraði, dags. 18. september 2018
23. Kynningarbréf til eigenda Vatnsskóga á fyrirhuguðum framkvæmdum við nýjan Axarveg um land Vatnsskóga í Skriðdal frá Vegagerðinni, dags. 26. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.
24. Bréf Umhverfisstofnunar til landeiganda Vatnsskóga, dags. 18. janúar 2022, vegna hreindýraarðs.
25. Bréf frá Bjarna G. Björgvinssyni lögmanni f.h. Vegagerðarinnar til eigenda jarðarinnar Vatnsskóga, dags. 8. júní 2022.
26. Örnefnaskrár fyrir jörðina Vatnsskóga

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur mínir áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir Óbyggðanefnd.

Selfossi 20. júní 2022

Ólafur Björnsson hrl.





## Kröfulýsing

til

### óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 1. febrúar 2022, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

#### JÖRÐ: Berufjörður, Múlaþing

**EIGENDUR:** Jörðin er í óskiptri sameign jarðanna Berufjörður 1, lnr. 159089 og Berufjörður 2, lnr. 159097, en eigendur þeirra jarða eru neðangreindir aðilar:

Baldur Gunnlaugsson	kt. 030247-3299
Vilborg Gunnlaugsdóttir	kt. 041249-7499
Björn Gunnlaugsson	kt. 191252-5789
Óskar Gunnlaugsson	kt. 270538-4529
Guðríður Gunnlaugsdóttir	kt. 290939-7719
Haukur Gunnlaugsson	kt. 300155-2869
Gunnlaugur Ingólfsson	kt. 031173-4859
Ásta Birna Ingólfisdóttir	kt. 040169-4079
Sigrún Stefanía Ingólfisdóttir	kt. 040864-4669
Svandís Ósk Ingólfisdóttir	kt. 110759-4609
Svavar Ingólfsson	kt. 200556-4459
Guðlaug Helga Ingólfisdóttir	kt. 201061-5129
Örn Ingólfsson	kt. 240553-4149

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá Óskari Gunnlaugssyni og Baldri Gunnlaugssyni.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Berufjarðar, Múlaþingi**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjabréfi fyrir jörðina Berufjörð, dags. 10. maí 1884, þar sem segir:

[...]: á milli Berufjarðar og kirkjujarðarinnar Kelduskóga lækur sá, sem fellur fyrir heiman eða innan borg þá, sem stendur í „Kelduskógamerki“ og heitir ytra „Borgará“, ræður hún landamerkjum allt frá sjó og uppá fjallsbrún og þaðan beina stefnu uppá hina efstu fjallsbrún og þaðan inneptir fjallgarðinum eða inn eptir eggjum milli Berufjarðardals og Breiðdals eptir því, sem vötnum hallar suður og austur af inná hið svokallaða „Kistufell“ í „Ánastaðafjallgarði“ og frá Kistufelli eptir melröðli vestur á hinn svokallaða „Þrivarðnaháls“ á Öxi og eptir honum í vestur upp melröðul uppá hraunið allt að hinni svonefndu „Bein-eða Smjörvörðu“, eptir því sem vötnum hallar norður af út til Skriðdals og suður af út til Berufjarðar og Fossárdals, og svo frá „Beinsvörðu“ út eptir hinu svonefnda Berufjarðar eða Fossárfelli milli Berufjarðar og Fossárdals eptir því sem vötnum hallar norður og suður af, og af fellinu yzt niður sunnanverðan fellsröðulinn ofan í stóran stein, sem kallast „Marksteinn“, sem stendur hjá lynd þeirri, er skammt er fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartættur“ á „Selneskjalla“ og frá þessum „Marksteini“ beina stefnu í litla tjörn og þar varða hjá fyrir neðan „Selneskjalla“ og frá þeirri tjörn og vörðu beina stefnu í svokallað



„Tómasarsund“ eða Merkivörðu“ á kletti hjá því og frá henni beina stefnu í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selnesbólma“.

Einnig skv. landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Berufjörð og Kelduskóga, dags. 12. júlí 1919, þar sem segir:

Skálahálslækur frá upptökum innan (vestan) við Villingahóla að útfalli, utan (austan) við Skálhól. Að öðru leyti eru landamerki jarðanna samkvæmt landamerkjabók Suður-Múlasýslu

Einnig skv. yfirlýsingu um landamerki milli jarðanna Lindarbrekku og Berufjarðar, dags. 28. maí 2008, þar sem segir:

Landamerki milli Lindarbrekku og Berufjarðar liggja í sjó fram og tilfjalls eftir línu sem liggur úr klett, með hnitð X 715707,72 og Y 482831,78 (nr. 1), sem er næst utan við svokallað Nafasund og þaðan þvert í fjall upp í gjótu, er sker sig inn í hæsta berglagið við svokallaða Rákarenda, með hnitinu X 715040,85 og Y 482415,86 (nr. 2).

Einnig skv. dómi hérðaðs dóms Austurlands í máli nr. E-62/2016, sem kveðinn var upp 14. febrúar 2018, um landamerki milli Berufjarðar og Hvannabrekku. Samkvæmt dómnum eru landamerki milli jarðanna

[...] um línu frá sjó um hnit A, 715032,815 – 484175,664, utanvert á Staðareyri, og um hnit G, 715588,958-487113,765, efst í Svartagili, þar til línan nær að fjallseggjum milli Berufjarðar og Breiðdals.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Berufjarðar**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

#### MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 1. febrúar 2022 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

#### SAGA JARÐAR:

Hinn 30. maí 1791 var upplesin lögfesta fyrir Berufirði, dagsett 25. maí sama ár. Efni lögfestunnar er þannig:

Eg underskrifadur Løgfeste hermed Beneficium Berufiörd á Berufiardar Strönd, og Berufiardar kirkuland allt med Gögnum og Giædum, Hollt og Haga, Vötn og Veide stade, og allar Landsnytiar til fialls og fiöru sem Berufiardar Stad og kirku effter Eldre og Yngre Mældógum, Kaups og Giafa – edur Makaskiffa Brefum filgia, filgt hafa og filgia eigu ätölulaust. Eru Ummmerke þesse, efter Mældaga af 21ta Maii 1592. Sudur frá Berufyrde, allt Selnes, Fossaarvík, Eyvindarnes, og öll Urdarteigsströnd, sudur ad Nauststofft þeirri er stendur fyrer hedann [svo] Backa, fyrir hedann [svo] Bulandsaa; þaðann rædur Siónehending, af utannverdre Vallvallar Skridu, uppi efsta Skarded, i fiallenu, sem er gegnt Nauststofftenne. Á Berufiördur i festu Takmarke, allann Reka, og hvad sem á Land ber, og femætt er; Ad Vestann og Nordann rædur Fossaardalur – Fossárdals Øræfe- og Øxe, allt ad Beinsvördu; Á Berufiördur Land so Lángt sudurog uppá Øræfenn; þartil Vötnum hallar, sud[ur] af ofann i Búlandsdal, og eins Nordur a [?435] uti Skriddal, allt ut ad Tunglaa. En ut frá Berufyrdi rædur Lækur sá, 433 Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 17. 434 Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 18. 435 Skemmd í handriti þannig að orð vantar. 129 er fellur fyrir Heimann Borg þá er stendur i Kelduskógarmerke, og nú heiter Ytre Borgaraa, effter Utskýringu Visitatiunnar af 22m aug. 1752.



1° Fyrirbyð eg öllum og serhvörum, fyrrtied Berufiardar kyrku Land, ad bruka, beita edur, under hvöriu Skyne vera kann ad nytia, án mins leifes; ad undanteknum þeim kyrkunnar Jarda ábuendum; sem ur greindu kirku Lande hefur áður verid – Edur enn er – Löglega biggt allt under Averka- Landnáms- og adrar Bætur effter Málavöxtum.

2° So fyrirbyð eg eirnig þeim er á kyrkunnar Jörðum bua, Berufiardar heima Land, og tilliggande hiáleigna, frammar ad bruka, beita, edur i ad yrkia enn Landslögen leifa, edur mitt serdeiles Leife er til; Edur Biggingar bref þeirra, áður utgefinn og af mer samþickt, edur hereffter utgefande og stadfestande, áqveda; vilie þeir ey sömu Sektum mæta, er fyrrsagdar voru, og þeim frammar ad lögum á hendur seigiast, er her a móte brióta. Frá þessarar Lögfestu dato, sem Validerar umm næstu tölf mánuðe.

3° Hafa vil eg fulla Laga fulgu edur Undergift under alla þá gripe annara Manna, enn Nágranna minna er iu Kvigylde svara, edur fleyre Virdast ad ganga á Minu Lande, hvört sem er Dilk- edur geld-fie og hestar; sem er i hid ringasta 16 fr [fjórðungar] á Sumar, enn 20 á Vetur fyrir hvört kvigylde.

4° Þeim hiáleigu Mönnum Minum sem biggt er úr heima Lande, Leifest sina Itölu ad fylla ad Lögun, og meiga hafa i kvigylde ummfram í Landenu; Enn hvad þeir fleyra i setia, svari fyrir sem Fulgufie serhvört kvigylde er fleyra er enn fyrr var sagt i filge landsl.B. 4 cap. coll. s. B. 51 Cap.

5° Þad er þessvegna i Anleidning heraf, sovel sem margra annara vigtugra orsaka vegna, streingelega fyrirboded, þeim er ey eiga Sameingt vid mig edur granna mína; Effter Landsl.B. 47 cap. ad ganga Land mitt effter Fie sinu, og reka þad burt þadann, án Minnar edur Nágranna Minna Vitundar Vor edur haust, sem hingadtil hefur Vane verid; heldur á med slikar Fiallgöngur og fiárheimtur, soddann Regla ad haldast, sem Landsl.B. 46-49 og 50 Capitular fyrirkilia, og Lands vane er gamall til. Enn hvör sem ad þvj mætte verda kunnur, ad reka Fie Leifes Laust i Land mitt, láta þad sýdann ganga þar ordalaust ár effter ár, og reka þad Loksins burt mer óadspurt hann má vænta ad þvj ej tiltalslaust slept verde herefter, þar eg vejt ey betur, enn hinn same mætte áltast, effter Nil. 6. B. 14. Cap. 19 art.

6° Serilage og med sama hætte Lögfeste eg kyrkunnar Landspart Skálahóla ut frá Berufyrde, ad utann og jnnannverdu, frá ytre Borgaraa, og innad Steckalæk, ofann ur Fialle, so langt og vidt sem sagder Læker ráða, og ofann i Sió: hvöria Skálhólar, eg lýse, einsvel sem annad Berufiardar heimaland, kirkunne samastadar tilheyra, og hafa allatýd verid hennar Óakiærd Eign sem siá er af Visitatiu Berufiardar kyrkiu af 22m augt 1752. 130 Fyrirbyð eg því öllum og serhvörum uti frá, ad undanteknum minum hiáleigu Mönnum, fyrrtied Skálhóla land, ad bruka beita, edur i ad yrkia án mins Leifes, og þad under Landnáms, áverka edur Ránsbætur effter Málavexte i Kraffte Nil. 1 B. 22. Cap. 17 art. og 2 B. 21. Cap. 22 art. samt Nil. 6 B. 15 Cap. 15 art. nema þvj ad eins nockr jnnann árs og dags gete framm výsad Lögmætumm Skiölum edr Skilríkum, er kyrkunnar Máld[ög]lumm i Berufyrde liggande og Visitatiunni af 2[2m] augt 1752, sem eldre edur gyltare hrind[a] kynne.

7° Lögfeste eg 18 Eyar Berufiardar kyrku, liggande fyrir Bulandsnesslande, og fyrirbyð öllum og serhvörum þær ad bruka, beita edur ganga; fugl edur Sel ad styggia edur Drepa, edur nockurn Skada ad giöra, under þær Sekter, sem þar vid serilage i henseende til fuglvarpsens, liggia effter Forordning. af 13 Jun. 1787. 3 Cap. 7. art. og Nil. 5. B. 12. Cap: 15 art. hvad áhrærir Selveidena.

Þetta mitt Lögfestu bref styrke eg frammar med underskrifudu nafne og hiápricktu

Signeti.

Berufyrde d. 25ta Maii 1791.

Salomon Björnsson<sup>1</sup>

Berufjarðar er getið í jarðamatinu 1804.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II Berufjörður i Berufirði 1397/1856

<sup>2</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 218



Við manntalsþing 30. apríl 1839 var birt auglýsing hvar sr. Pétur Jónsson á Berufirði og Tómas Skúlason á Búlandsnesi friðlýstu nefndum jörðum og landi.<sup>3</sup> Berufjarðareyjum og öllu Berufjarðarprestakalli var einni friðlýst við manntalsþing 30. júlí 1840<sup>4</sup>

Í Sýslu- og sóknalýsingu Múlasýslna segir eftirfarandi um Berufjörð og afréttarmál í Berufjarðar- og Berunessókn frá 1840:

ad 30am [Bærir] [...] svo Berufjörður með tveimur hjáleigum, 18 hndr. (prestsetur), stendur við fjarðarbotn. [...]

ad 31am [Selstöður. Ósvarað.]

ad. 32am Afréttarland er í Berufirði og Fossárdal og Krossdal en engar réttir.<sup>5</sup>

Í Jarðatali Johnsen segir um Berufjörð að hún sé beneficium, ábúandi sé prestur, ekkert segir um dýrleika jarðarinnar. Enn fremur segir síðan „1696 og 1804 er jörð þessi talin 30 h. að dýrleika, 1804 með Fremri og Ytri Berufjarðarhjáleigum, en þannig eru hjáleignar eigi nefndar áður (smbr. 212 og 213), né heldur nú. 1760 er hér að auki nefnd Kambshjáleiga og Stöðull, í eyði. Sýslumaður og prestur telja hjáleiguna báðar 4 h. að dýrleika, en prestur einn staðinn 12 h., samkvæmt gjafabréfi frá Guðrúnar Einarsdóttur, 4. Marts 1743.“<sup>6</sup>

Í Landamerkjabréfi fyrir Berufjörð í Beruneshreppi, dags. 10. maí 1884, segir um landamerki jarðarinnar:<sup>7</sup>

Landamerki Berufjarðar í Beruneshrepp innan Suðurmúlasýslu eru ákveðin og samþykkt að mestu leyti samhljóða máldögum kirkjunnar, og skulu þau vera þannig: á milli Berufjarðar og kirkjujarðarinnar Kelduskóga lækur sá, sem fellur fyrir heiman eða innan borg þá, sem stendur í „Kelduskógamerki“ og heitir ytra „Borgará“, ræður hún landamerkjum allt frá sjó og uppá fjallsbrún og þaðan beina stefnu uppá hina efstu fjallsbrún og þaðan inneptir fjallgarðinum eða inn eptir eggjum milli Berufjarðardals og Breiðdals eptir því, sem vötnum hallar suður og austur af inná hið svokallaða „Kistufell“ í „Ánastaðafjallgarði“ og frá Kistufelli eptir melröðli vestur á hinn svokallaða „Þrívarðnaháls“ á Öxi og eptir honum í vestur upp melröðul uppá hraunið allt að hinni svonefndu „Bein- eða Smjörvörðu“, eptir því sem vötnum hallar norður af út til Skriðdals og suður af út til Berufjarðar og Fossárdals, og svo frá „Beinsvörðu“ út eptir hinu svonefnda Berufjarðar eða Fossárfelli milli Berufjarðar og Fossárdals eptir því sem vötnum hallar norður og suður af, og af fellinu yzt niður sunnanverðan fellsröðulinn ofan í stóran stein, sem kallast „Marksteinn“, sem stendur hjá lynd þeirri, er skammt er fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartættur“ á „Selneskjalla“ og frá þessum „Marksteini“ beina stefnu í litla tjörn og þar varða hjá fyrir neðan „Selneskjalla“ og frá þeirri tjörn og vörðu beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða Merkivörðu“ á kletti hjá því og frá henni beina stefnu í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Við manntalsþing 23. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Berufjarðar.<sup>8</sup>

Við aukarétt 15. september 1916 voru útnefndir tveir menn til að meta þjóðjarðir og kirkjujarðir sem ábúendur höfðu beiðst kaupa á. Meðal þeirra var jörðin Berufjörður.<sup>9</sup>

Við aukarétt 2. júlí 1917 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Berufirði staðfest.<sup>10</sup>

<sup>3</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832-1841, bls. 286-287

<sup>4</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832-1841, bls. 334

<sup>5</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 506-507

<sup>6</sup> Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 378-379.

<sup>7</sup> S-Múlasýsla Landamerkjabók (1883-1998), bls 28v-29r

<sup>8</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887 bls. 186r

<sup>9</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915-1919, bls. 117-118

<sup>10</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915-1919 bls. 196-197





Í landamerkjabók fyrir jörðina Berufjörð og Kelduskóga, Beruneshrepp, dags. 12. júlí 1919, segir um landamerki milli jarðanna:<sup>11</sup>

Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna Berufjarðar og Kelduskóga í Beruneshreppi, höfum komið okkur saman um, að landamerki nefndra jarða skuli hérefthir vera þannig:

Skálahálslækur frá upptökum innan (vestan) við Villingahóla að útfalli, utan (austan) við Skálhól. Að öðru leyti eru landamerki jarðanna samkvæmt landamerkjabók Suður-Múlasýslu.

Við manntalsþing 12. júlí 1919 var þinglesið samkomulag um landamerki jarðanna Berufjarðar og Kelduskóga, dags. sama dag.<sup>12</sup>

Þann 19. ágúst 1979 eignaðist Óskar Gunnlaugsson eignarhlut sinn í landi jarðarinnar Berufjarðar, þar segir enn fremur að Berufjarðarland sé óskipt.

Í yfirlýsingu eigenda jarðatorfunnar Berufjörður, dags. 7. júlí 1991, segir að „land jarðarinnar Vatnsskógar í Skriðdalshreppi [liggur] að landi jarðanna Berufjörður I og Berufjörður II og Melshorni í Beruneshreppi, frá Kistufelli og síðan eins og vötnum hallar milli Skriðdals og Berufjarðardals niður svonefndan Merkjahrygg þangað sem hann liggur lægst. Þessi landamerki eru einnig á hreppsmörkum Beruneshrepps og Skriðdalshrepps.“ Yfirlýsingunni var þinglýst 9. júní 1993.

Með yfirlýsingu um landamerki milli jarðanna Lindarbrekku og Berufjarðar, dags. 28. maí 2008, voru landamerki milli jarðarinnar hnitsett og þinglýst. Þar segir:

Um landamerki milli jarðanna Berufjarðar og Lindarbrekku í fyrrum Beruneshreppi, nú Djúpavogshreppi, er kveðið í samningi, dags. 30. maí 1946. Landamerki milli Lindarbrekku og Berufjarðar eru þar ákveðin úr kletti, sem er næst utan við svokallað Nafasund og þaðan þvert í fjall upp í gjótu, er sker sig inn í hæsta berglagið við svokallaða Rákarenda.

Með yfirlýsingu þessari er byggt á landamerkjalyýsingu þessari en hún gerð nákvæmari með hnitsetningu. Fylgiskjal með yfirlýsingu þessari er meðfylgjandi loftmynd unnin af Verkfræðistofu Austurlands, þar sem fram koma númeraðir hnitpunktir.

Landamerki milli Lindarbrekku og Berufjarðar liggja í sjó fram og tilfjalls eftir línu sem liggur úr klett, með hnitíð X 715707,72 og Y 482831,78 (nr. 1), sem er næst utan við svokallað Nafasund og þaðan þvert í fjall upp í gjótu, er sker sig inn í hæsta berglagið við svokallaða Rákarenda, með hnitinu X 715040,85 og Y 482415,86 (nr. 2).

[...].

Þann 14. febrúar 2018, gekk dómur í héraðsdóm Austurlands, mál nr. E-62/2016, um landamerkjadeilu milli jarðanna Berufjarðar og Hvannabrekku. Þar segir í dómsorði:

Viðurkennt er að landamerki óskipts lands Berufjarða, landnr. 159098, og Berufjarðar 2, landnr. 159097, gagnvart lndi jarðarinnar Hvannabrekku, landnr. 159109, liggur um línu frá sjó um hnit A, 715032,815 – 484175,664, utanvert á Staðareyri, og um hnit G, 715588,958 – 487113,765, efst í Svartagili, þar til línan nær að fjallseggjum milli Berufjarðar og Breiðdals.

[...].

Í bókinni Göngur og réttir í Þingeyjarsýslur – Múlasýslur segir um Berufjörð:<sup>13</sup>

<sup>11</sup> S-Múlasýsla Landamerkjabók (1883-1998), bls. 78r-78v

<sup>12</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915-1919 bls. 340

<sup>13</sup> Göngur og réttir, Þingeyjarsýslur – Múlasýslur bls. 446 - 466



[...] Nokkur hluti afréttarlandsins liggur sunnan Ódáðavatna, eða þangað er vötnum hallar til Fossárdals, sem er afdalur suður frá Berufirði.[...]

[...]Beruneshreppur er beggja megin Berufjarðar og þegar firðinum sleppir teygir hann sig um Fossárdal og Berufjarðardal og áfram inn undir Brattháls. Að hreppnum liggja fjórir hreppar: Búlandshreppur, Geithellnahreppur, Skriðdalshreppur og Breiðdalshreppur. Háir og brattir fjallgarðar liggja að Beruneshreppi að austan og sunnan en þegar inn á hálendið kemur rýmkar um, en ekki tengist hann þó meginhálandi landsins, því að inn við Brattháls taka Geithellnahreppur og Skriðdalshreppur höndum saman og króa hann af. [...]

[...] Berufjörður er næsta jörð við Fossárdal og eru landamerki jarðanna sameiginleg inn að hreppamörkum nálægt Smjörkollum. Eftir það falla landamerki Berufjarðar saman við hreppamörk Beruneshrepps annars vegar og Breiðdalshrepps og Skriðdalshrepps hins vegar. Síðan nær jörðin lítið eitt út með firðinum austanverðum. [...]

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Berufjörð, Beruneshrepp, Suður- Múlasýslu skráð af Nönnu Guðmundsdótti 1971, segir um jörðina:

Jörð við botn Berufjarðar (1) og tekur yfir Berufjarðardal (2) og nokkuð út með firðinum beggja vegna. I. Merki jarðarinnar eru þannig: Að austan Svarthamarslækur (3), sem að-skilur milli Kelduskóga og Berufjarðar. Síðan inn eftir fjallseggjum milli Breidals og Berufjarðardals, eftir það sem vötnum hallar milli Skriðudals og Berufjarðardals, þ.e. þvert fyrir dalbotninn, og síðan út eftir fjallseggjum milli Fossárdals og Berufjarðardals og beina stefnu í sjó. (sjá nánar í landamerkjabréfi).

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umbrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjkskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Berufjörð** sem vísað er hér til. Sérstaklega er vísað til þinglýsts landamerkjabréfs fyrir Berufjörð, dags. 10. maí 1884, sem var þinglýst á Djúpavogarmanntalsþingi 23. júní 1884 og einnig landamerkjabréfs fyrir jarðirnar Berufjörð og Kelduskóga, dags. 12. júlí 1919, sem var þinglesið á manntalsþingi fyrir Beruneshrepp og þ. 12/4'19 innfært í landamerkjabók Suður-Múlasýslu.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Berufjörð, Múlaþingi**

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir og sameigendur þeirra óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir



hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Berufjörð, Múlaþingi**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna og sameigenda þeirra verið þinglýst athugasemdalest.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarende rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkominn eign umbjóðenda minna og sameigenda þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalyýsingu jarðarinnar.

Málkostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 25. janúar 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Berufjörður** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Múlaafrétt**, land jarðarinnar er einnig aðliggjandi kröfusvæði ríkisins sem nefnist **Ljósárland**, ekki virðist þó farið inn á land jarðarinnar við hið svonefnda Ljósárland. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðunum, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Með kröfugerð ríkisins virðist farið inn á landsvæði jarðarinnar á vestur mörkum hennar gagnvart jörðinni Vatnsskógum á svokallaðri Múlaafrétt. Þess er krafist að kröfulínur verði samræmdar að þessu leyti, en fyrirbyggjandi landamerkjalyýsingar lýsa skýrlega merkjum með þeim hætti sem kröfulínur landeigenda miða við. Um þetta er vísað sérstaklega til eftirfarandi lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar; „á milli *Berufjarðar* og *kirkjujarðarinnar Kelduskóga* [...] *ræður hún landamerkjum allt frá sjó og uppá fjallsbrún og þaðan beina stefnu upp hina efstu fjallsbrún og þaðan inn eptir fjallgarðinum eða inn eptir eggjum milli Berufjarðardals og Breiðdals eptir því, sem vötnum hallar suður og austur af inná hið svokallaða „Kistufell“ í Árnastaðafjallgarði“ og frá Kistufelli eptir melaröðli vestur á hinn svokallaða „Þrívarnaháls“ á Öxi og eptir honum í vestur upp melröðul uppá hraunið allt að hinni svonefndu „Bein- eða Smjörvörðu“, eptir því sem vötnum hallar norður af út til Skriðudals og suður af út til Berufjarðar og Fossárdals, og svo frá „Beinsvörðu“ út eptir hinu svonefnda Berufjarðar eða Fossárfelli milli Berufjarðar og Fossárdal eptir því sem vötnum hallar norður og suður af, [...]“*

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Múlasýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Berufjarðar** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Berufjarðar** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti



gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Umboð
4. Veðbandayfirlit
5. Fasteignayfirlit
6. Kaupsamningur og afsal, dags. 19. ágúst 1979
7. Yfirlýsing, dags. 7. júlí 1991
8. Yfirlýsing um landamerki milli jarðann Lindarbrekku og Berufjarðar, dags. 28. maí 2008
9. Dómur héraðsdóms Austurlands, mál nr. E-62/2016, dags. 14. febrúar 2018
10. Örnefnaskrár fyrir Berufjörð

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur mínir áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 20. júní 2022

  
Ólafur Björnsson hrl.



## Kröfulýsing

til

### óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 1. febrúar 2022, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

**JÖRÐ: Eyjólfsstaðir Inr. 159104 og Víðines Inr. 159125, Múlaþing,**

**EIGENDUR:** Jarðirnar eiga óskipt land í svokölluðum Fossárdal sem er því í óskiptri sameign eigenda jarðanna, en eigendur þeirra jarða eru neðangreindir aðilar:

Alda Jónsdóttir	kt. 070743-2139	Eyjólfsstaðir
Félagsbúið Lindarbrekka ehf.	kt. 500614-1960	Víðines

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeiganda, með umboði frá Aldísi Jónsdóttur og Félagsbúinu Lindarbrekku ehf.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Eyjólfsstaða og Víðiness, Múlaþingi**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Fossárdal, Eiríksstaði, Víðines og Eyjólfsstaði, Beruneshrepp, dags. 2. maí 1884, þar sem segir:

*[...] að utan milli suður Fossardals eða Eiríksstaða hinn svokallaði „Skeggjasteinn“, sem stendur í fjörumáli við ytri enda brúarinnar sunnanvert í Fossárvíkinni og úr honum bein stefna í gjót, er liggur upp „Desjarkletta“ uppá fjallsbrún skamt fyrir utan „Bálkagil“ og svo úr gjótinni beina stefnu uppá hina svokölluðu „Desjarhyrnu“ og svo þaðan inn eptir hinum efstu fjalleggjum og tindum eins og lækjum hallar inni hinn svonefnda „Brattháls“ og eptir „Bratthálsinum“ til norðurs eins og vötnum hallar til hinna svonefndu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svokallaða „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan af sunnanverðum Fellsröðlinum ofan að stórum steini hjá lynd þeirri, sem er skamt fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartæptur“ á „Selneshjalla“ sunnanverðum og frá Merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá fyrir neðan „Selneshjalla“ og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasatsund“ eða „Merkivörðu“ í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.*

Einnig samkvæmt landskiptagerð, dags. 19. október 1974, þar sem ríkisjörðunum Eiríksstöðum og Víðinesi og einkajörðinni Eyjólfsstöðum var skipt, með eftirfarandi hætti:

*3. Meðan búið var á Eiríksstöðum og jafnan síðan, hefur verið litið svo á að Fossá skipti löndum Eiríksstaða og hinna jarðanna svo langt sem hú nær. [...]. Það þætti einsýnt að gömlu merkin héldust áfram, en ákveðið var, að hugsuð lína dregin úr upptökum Fossár við Likárvatn beint til vesturs skipti löndum þar fyrir öfan.*

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðanna **Eyjólfsstaða og Víðiness, Múlaþingi**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.



## MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 1. febrúar 2022 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

## SAGA JARÐAR:

Árið 1703 var aðeins eitt býli í Fossárdal og hét það Fossárdalur.<sup>1</sup>

Árið 1773 flutti Eyjólfur Jónsson frá Lambleiksstöðum í Mýrum í dalinn og hóf búskap en ekkert er getið um hvort hann hafi endurbyggt gömlu húsin sem farin voru í eyði eða byggt á öðrum stað. Nafnið Eyjólfstaðir festist þó ekki við býlið fyrr en árið 1866 en þá voru býlin í dalnum orðin þrjú, Eyjólfstaðir, Eiríksstaðir og Víðines, og hefur þurft að aðgreina þau með mismunandi nöfnum.<sup>2</sup>

Fossárdals er getið í jarðamatinu 1804, og að landeigandi sé John Johnson og að hún sé kirkjujörð rá Berufirði.<sup>3</sup>

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Fossárdalur sé Berufjarðarkirkjueign. Enn fremur segri að „*sýslumaður og prestur [telja] þessa jörð báðir 4 h. að dýrleika.*“<sup>4</sup>

Fossárdals er getið í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849-1850.<sup>5</sup>

Í Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna segir eftirfarandi um Berufjörð og afréttarmál í Berufjarðar- og Berunessókn frá 1840:

ad 30 [Bæir] [...] Fossárdalur, 4 hndr., stendur sunnan undir Fellinu, svo Eiríksstaðir (Suðurbær), 3 hndr. nýlenda upptekin 1820, stendur fyrir sunnan Fossárdalsána, [...].

ad 31am [Selstöður. Ósvarað.]

ad. 32am Afréttarland er í Berufirði og Fossárdal og Krossdal en engar réttir.<sup>6</sup>

Landamerkjabréf Fossárdalur, Eiríksstaðir, Víðines og Eyjólfstaðir, Beruneshreppur, S-Múlasýsla, er dags. 2. maí 1884 og þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi þann 23. júní 1884,<sup>7</sup> þar sem merkjum er lýst:

Ár 1884, dag 2. maim. vorum við undirskrifaðir saman komnir til að setja uppýngja landamerki kirkjujarðarinnar Fossárdals, (sem eru kotin Eiríksstaðir Víðines og Eyjólfstaðir) í Beruneshrepp í Suðurmúlasýslu og urðum við ásáttir og samþykkir eptirfylgjandi landamerkjum, sem eru hjer um bil samhljóða gömlum máldögum og biskupavísitatum Berufjarðar kirkju: að utan milli suður Fossardals eða Eiríksstaða hinn svokallaði „Skeggjasteinn“, sem stendur í fjörumáli við ytri enda brúarinnar sunnanvert í Fossárvíkinni og úr honum bein stefna í gjót, er liggur upp „Desjarkletta“ uppá fjallsbrún skamt fyrir utan „Bálkagil“ og svo úr gjótinni beina stefnu uppá hina svokölluðu „Desjarhyrnu“ og svo þaðan inn eptir hinum efstu fjalleggjum og tindum eins og lækjum hallar inní hinn svonefnda „Brattháls“ og eptir „Bratthálsinum“ til norðurs eins og vötnum hallar til hinna svonefndu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svokallaða „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan af sunnanverðum Fellsröðlinum ofan að stórum steini hjá lynd þeirri, sem er skamt fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartæptur“ á „Selnesjhalla“ sunnanverðum og frá Merkisteini þessum í litla tjörn og

<sup>1</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín XIII, bls. 402.

<sup>2</sup> Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 407.

<sup>3</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 217

<sup>4</sup> Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 378.

<sup>5</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 33v.

<sup>6</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 506-507

<sup>7</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 186r.



þar merki hjá fyrir neðan „Selneskjalla“ og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasatsund“ eða „Merkivörðu“ í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneskjalla“.<sup>8</sup>

Í fasteignamati 1916–1918 segir um Víðines og Eyjólfsstaði:

3. Víðines (3,28 hndr.)

1. Eigandi: Landsjóður. Kirkjujörð Beruneshrepps. Ábúandi Jón Jónsson

2. Landamerki: Þinglesin 23. júní 1884, sjá nr. 2 [Eiríksstaðir]

[...].

4. Eyjólfsstaðir (3,21 hndr.)

1. Eigandi: Landsjóður. Kirkjujörð Beruneshrepps. Ábúandi Magnús Jónsson

2. Landamerki: Þinglesin 23. júní 1884, sjá nr. 2 og 3 [Eiríksstaðir og Víðines]

[...].<sup>9</sup>

Hinn 29. apríl 1916 fór fram matsgjörð á Eyjólfsstöðum. Í matsgjörðinni segir eftirfarandi:

Land jarðarinnar nær að sjó, þó án nokkurs verulegs undirlendis, en liggur aðallega í afdal sem gengur í norðvestur uppfrá svonefndri Fossárvík innarlega í Berufirði. Í minni dalsins er klif bratt og ílt yfirferðar. Bærinn er utarlega í dalnum.

Landamerki jarðarinnar – það er Fossárdals norðan ár – eru þessu: Fossá frá ósum að upptökum í svo nefndum „Bratthálsi“ og eptir Bratthálsinum til norður eins og vötnum hallar til hinna svokölluðu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svo nefnda „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan sunnanverðann Fellsröðulinn, ofan að stórum steini hjá lynd þeirri sem er skamt fyrir sunnan hinar svo kölluðu „Höskuldartæptur“ á selneskjalla sunnanverðum, og frá merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá, fyrir neðan selneskjalla og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða merkivörðu í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneskjalla“.

Land þetta – sem áður var aðeins ein jörð – er nú tvær jarðir jafndýrar Eyjólfsstaðir og Víðines. Engjum er skipt en beitarnandi ekki, en vegna landlags og venju skilur „Vindás“ beit, þó hefir Víðines vetrararbeit óátalið Eyjólfsstaða megin, þegar nauðsyn krefur, en engjar beggja jarðanna liggja lengra inn í dalnum.

[...]

Skóglendi nokkuð er í dalnum – það er nú kjarr eitt og virðist ekki standa til bóta. Þar á Bernunesskirkja ítak – skógarteig afmældann.

[..]

600. Eyjólfsstaðir

Eigandi: Landssjóður<sup>10</sup>

Við aukarétt 2. júlí 1917 var matsgjörð fyrir Eyjólfsstöðum staðfest.<sup>11</sup>

Víðines fór í eyði 1944.

Þann 19. október 1974 voru úttektarmenn fengnir til að skipta löndum jarðanna í Fossárdal, ríkisjarðanna Eiríksstaða og Víðiness og Eyjólfsstaða sem eru í einkaeign, skv. bréfi sýslumanns í Suður-Múlasýslu, dags. 18.09.1974. Í landskiptagjörðinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

<sup>8</sup> S-múlasýsla landamerkjabók (1883-1998), bls. 29r-29v

<sup>9</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 360-162.

<sup>10</sup> Stj. Ísl. I., B/365–6, Kirkjujarðasala í Suður-Múlasýslu, Db. 9, nr. 138.

<sup>11</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 196–197.



1. Rætt var við ábúendur jarðanna og leitað allra fáanlegra upplýsinga um nýtingu þeirra og matsverð að fornu og nýju, landamerki o.fl.
2. Fram kom að útländamerki allra jarðanna sameiginlega eru skrásett, þinglesin og óumdeild.
3. Meðan búið var á Eiríksstöðum og jafnan síðan, hefur verið litið svo á að Fossá skipti löndum Eiríksstaða og hinna jarðanna svo langt sem hún nær. Mörk þar fyrir innan lágu ekki fyrir. Það þætti einsýnt að gömlu mörkin héldust áfram, en ákveðið var, að hugsuð lína dregin úr upptökum Fossár við Líkárvatn beint til vesturs skipti löndum þar fyrir ofan.
4. Í jarðamatsbók 1921 sem er elsta jarðamat sem tiltækt var, eftir að skipi Eyjólfstaða og Víðiness voru gerð, er landsverð beggja jarðanna tilgreint jafnt 9 hundr.  
Af því dró landskiptanefnd þá ályktun að skipta bæri þannig að í hlut hvernjar jarðar kæmu jafnir landkostir þegar ekk er tekið tillit til neinna mannvirkja.
5. Að þessari athugun lokinni var gengið um heimalönd og þau skoðuð. Eftir það voru landskipti ákeið þannig:  
6. að heimalönd austan ár takmarkast að vestan (þ.e. innan) af línu sem hugsast dregin frá Fossá um Fálkaás að vörðu á melholti við læk í Fálkaáskrók, þaðan af beinni línu út með norðuhlíð dalsins um Háklettasenda í Nauthálshjallakletta og með þeim að Öxlum á mörkum Berufjarðar og Fossárdals.  
7. Skiptin milli jarðanna voru ákveðin þannig að Víðines á landið inna nvið beina línu sem hugsast dregin frá Fossá upp hæsta hrygg Vindáss í norðurmörk skiptalandsins (sbr. lið 6) en Eyjólfstaðir eiga land utan þeirrar línu.
8. Allt land norðan og vestan útskiptalandsins er óskipt og notast sameiginlega.

[...]

10. Við ákvörðun landstærðar Eyjólfstaða var gengið út frá því að austurmörk jarðarinnar væru hin skráðu mörk Fossárdals og Berufjarðar, þótt jörðin Lindarbrekka eigi nú hluta af þessu landi. En skipti á því landi voru ekki í verkefnahring nefndarinnar.

11. Eftir ósk væntanlegs ábúanda Eiríksstaða og með samþykki allra málsaðila var skipt úr landi Eyjólfstaða spildu (80 x 100 m) lóð undir íbúðarhús Eiríksstaða.

Lóð þessi er framan í Hrafnagilsmelum.

[...].<sup>12</sup>

Í örnefnaskrá fyrir Fossárdalsjarðirna m.a. Eiríksstaða sem Hermann Guðmundsson skráði 1. desember 1986 segir:

[...] Í dalnum hafa a.m.k. frá miðri 19. öld talist þrjár jarðir en þær eru Eiríksstaðir, Eyjólfstaðir og Víðines. 1703 var aðeins eitt býli í dalnum, Fossárdalur, hjáleiga frá Berufirði. [...] Eftir að byggðist á Eiríksstöðum 1819, en þeir nefndust þá ýmist Eiríksstaðir eða Suður-Fossárdalur lengi fram eftir 19. öldinni.[...]

[...] Býlið Víðines var byggt upp úr beitarhúsum frá Eyjólfstöðum um 1845 og er talin þriggja stundarfjórðunga gangur á milli. Árið 1910 fara Eiríksstaðir í Eyði og Víðines 1944 og eru þá Eyjólfstaðir einir eftir í dalnum. [...]

[...] Eins og meðfylgjandi landamerkjalyýsing frá 1884 ber með sér voru aldrei til línur sem skiptu Fossárdalsjörðum hverri frá annarri, en fljótlega mun hefði eða e.t.v. eitthvert óformlegt samkomulag snemma hafa skipt engjablettum á milli jarðanna þriggja. Almennt mun þó hafa verið talið að Fossá skipti milli Eiríksstaða annarsvegar og Eyjólfstaða og Víðiness hins vegar, nema hvað Eiríksstaðir áttu slægju

<sup>12</sup> Landskiptagjörð dags. 19.10.74





í nokkrum mýrarflóum langt inn í dal austan ár. Sameiginleg merki jarðanna er skv. lýsingunni úr Skeggjasteini, en hann er stakur, stór steinn í flæðamáli rétt neðan við þjóðveginn. Ofan við veginn er þar fyrsti kletturinn sem komið er að sunnan Fossár og hefur verið sprengt framan úr honum fyrir veginum. [...]

[...] Eyjólfsstaðir áttu alla slæguþetti utar í dalnum, austur með hlíðum og niðri á Selnesi, einnig Gvendarmýri og Neðra [...]<sup>13</sup>

Í bókinni Göngur og réttir, Þingeyjar-Múlasýslur er fjallað um Fossárdal, segir m.a.:

Fossárdalur liggur milli Fossárfells og Suðurfjalla. Fossá fellur um dalinn endilangan úr Líkárvatni í Fossárvík. Hamrakraflif eru upp af víkinni og þvert fyrir dalinn og ókunnuga grunar ekki að bak við þau leynist langur dalur. Fjöllin syðra megin dalsins, sem einu nafni eru kölluð Suðurfjöll, eru sundurskorin ef meingiljum og það svo rækilegal að ganga verður hvert stykki fyrir sig. Innsta gilið nefnist Tröllagil og fyrir innan það er Axlarfjall og er talið ná inn undir Brattháls. Um það bil miðja vega milli Tröllagils og Brattháls tekur Fossá á sig stóra beygju til austurs og í þeim bug eru Víðidalshæðir. Lengst að utan virðist dalurinn enda þarna, en þar er þó aðeins rúmlega hálfnuð leiðin frá sjó og inn í Brattháls. Eystra megin dalsins er Fossárfellið með reglulegum hjöllum og klettabeltum. Þar eru engin ófærugil og allur er svipur þess annar en Suðurfjallanna. [...]

[...]Utarlega í dalnum eystra megin ár er eini bærinn í dalnum og heitir Fossárdalur [Í neðanmálgrein merkt við Fossárdal stendur „Á korti Eyjólfsstaðir. Br. S.] Fram á þessa öld voru bæirnir þrír, sá síðasti Víðines, fór í eyði árið 1944. [...]<sup>14</sup>

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Eyjólfsstaði og Víðines**, sem vísað er hér til. Sérstaklega er vísað til þinglýsts Fossárdals, Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfsstaða, Beruneshreppi, S-Múlasýsla, dags. 2. maí 1884, þinglýst á Djúpavogarmanntalsþingi þann 23. júní 1884 sem ofangreind kröfulýsing byggir á. Einnig landskiptagerðar fyrir ríkisjarðirnar Eiríksstaða og Víðiness og Eyjólfsstaða sem eru í einkaeign, dags. 19. október 1974 og þinglýst 22. maí 1997.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðunum **Eyjólfsstöðum og Víðinesi**.

<sup>13</sup> Örnefnskrá dags. 1. des 1986 Eiríksstaðir, Eyjólfsstaðir og Víðines, Hermann Guðmundsson (merkt)

<sup>14</sup> Göngur og réttir, Þingeyjar-Múlasýslur, bls. 464-465



Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir og sameigendur þeirra óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Eyjólfsstaða og Víðiness**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna og sameigenda þeirra verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkominn eign umbjóðenda minna og sameigenda þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 25. janúar 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jarðirnar **Eyjólfsstaðir og Víðines, Múlapingi**, eru á meðal þeirra jarða sem eiga land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Múlaafrétt**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðunum, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Með kröfugerð ríkisins virðist farið inn á landsvæði jarðanna á vestur mörkum þeirra gagnvart **Múlaafrétt/Þingmúla** við Brattháls og Líkárvatn. Þess er krafist að kröfulínur verði samræmdar að þessu leyti, en fyrirbyggjandi landamerkjalyýsingar lýsa skýrlega merkjum með þeim hætti sem kröfulínur landeigenda miða við. Um þetta er vísað sérstaklega til eftirfarandi lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar; „og svo þaðan inn eptir hinum efstu fjalleggjum og tindum eins og lækjum hallar inni hinn svonefnda „Brattháls“ og eptir „Bratthálsinum“ til norðurs eins og vötnum hallar til hinna svonefndu „Ódádavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svokallaða „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Beruffjarðardals. Þá liggur fyrir að landamerki milli Eiríksstaða annars vegar og Eyjólfsstaða og Víðisness hins vegar séu frá Líkárvatni beint til vesturs, sbr. landskiptagjörð, dags. 19. október 1974. Af þessu telja landeigendur ljóst að landamerki jarðararinnar skulu miðast við vatnaskil á svæðinu, en ekki skuli miða við Líkárvatn (p. 5 á kröfulínukorti ríkisins) líkt og íslenska ríkið virðist byggja í kröfulýsingu sinni.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Múlasýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Eyjólfsstaða og Víðiness (Fossárdals)** eru mjög gömul, en jarðanna er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrir ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðanna **Eyjólfsstaða og Víðiness** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er



hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Umboð
4. Fasteignayfirlit
5. Veðbandayfirlit
6. Landskiptagerð Fossárdalsjarða frá 19. október 1974
7. Yfirlýsing um landamerki Lindarbrekku, dags. 1. febrúar 1992
8. Örnefnaskrár fyrir Fossárdal
9. Örnefnaskrá fyrir Eiríksstaði, Eyjólfsstaði og Víðines (Lindarbrekku og Fossárdal)

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur mínir áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 20. júní 2022

Ólafur Björnsson hrl.





**Kröfulýsing**  
**til**  
**óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 1. febrúar 2022 er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

**JÖRÐ:** Eiríksstaðir, Múlaþing lnr. 159103, fnr. 2179055

**EIGENDUR:** Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Guðný Gréta Eypórsdóttir	kt. 260269-4379
Hafliði Sævarsson	kt. 300566-4649

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá Öllum þinglýstum landeigendum.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Eiríkstaða, Múlaþingi** og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Fossárdal, Eiríksstaði, Víðines og Eyjófsstaði, Beruneshrepp, dags. 2. maí 1884, þar sem segir:

*[...] að utan milli suður Fossardals eða Eiríksstaða hinn svokallaði „Skeggjasteinn“, sem stendur í fjörumáli við ytri enda brúarinnar sunnanvert í Fossárvíkinni og úr honum bein stefna í gjót, er liggur upp „Desjarkletta“ uppá fjallsbrún skamt fyrir utan „Bálkagil“ og svo úr gjótinni beina stefnu uppá hina svokölluðu „Desjarhyrnu“ og svo þaðan inn eptir hinum efstu fjalleggjum og tindum eins og lækjum hallar inni hinn svonefnda „Brattháls“ og eptir „Bratthálsinum“ til norðurs eins og vötnum hallar til hinna svonefndu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svokallaða „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan af sunnanverðum Fellsröðlinum ofan að stórum steini hjá lynd þeirri, sem er skamt fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartæptur“ á „Selneskjalla“ sunnanverðum og frá Merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá fyrir neðan „Selneskjalla“ og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasatsund“ eða „Merkivörðu“ í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma.*

Einnig samkvæmt landskiptagerð, dags. 19. október 1974, þar sem ríkisjörðunum Eiríksstöðum og Víðinesi og einkajörðinni Eyjófsstöðum var skipt, með eftirfarandi hætti:

*3. Meðan blúið var á Eiríksstöðum og jafnan síðan, hefur verið litið svo á að Fossá skipti löndum Eiríksstaða og hinna jarðanna svo langt sem hú nær. [...]. Það þætti einsýnt að gömlu merkin héldust áfram, en ákveðið var, að hugsuð lína dregin úr upptölum Fossár við Líkárvatn beint til vesturs skipti löndum þar fyrir ofan.*

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til **Eiríkstaða, Múlaþingi**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

**MÁLAVEXTIR:**



Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 1. febrúar 2022 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

#### SAGA JARÐAR:

Árið 1703 var aðeins eitt býli í Fossárdal og hét það Fossárdalur.<sup>1</sup>

Árið 1773 flutti Eyjólfur Jónsson frá Lambleksstöðum í Mýrum í dalinn og hóf búskap en ekkert er getið um hvort hann hafi endurbyggt gömlu húsin sem farin voru í eyði eða byggt á öðrum stað. Nafnið Eyjólfstaðir festist þó ekki við býlið fyrr en árið 1866 en þá voru býlin í dalnum orðin þrjú, Eyjólfstaðir, Eiríksstaðir og Víðines, og hefur þurft að aðgreina þau með mismunandi nöfnum.<sup>2</sup>

Fossárdals er getið í jarðamatinu 1804, og að landeigandi sé John Johnson og að hún sé kirkjujörð rá Berufirði.<sup>3</sup>

Eiríksstaðir byggðust fyrst upp árið 1819 þegar Eiríkur Eiríksson fluttist þangað og ræktaði túnblett á sendnum harðbala þar sunnan Fossár. Bærinn var oft einnig kallaður Suður-Fossárdalur og Suðurbær fram undir 1840. Hjáleigur frá Eiríksstöðum voru Bakki, Hali og tvo nafnlaus býli.

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Eiríksstaðir sé Berufjarðarkirkjueign. Enn fremur segri að „þessa jörð nefna sýslumaður – sem telur hna 3 h. - og prestur – sem í brauðskýrslu sinni telur hana 2 h. – einir.“<sup>4</sup>

Í Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna segir eftirfarandi um Berufjörð og afréttarmál í Berufjarðar- og Berunessókn frá 1840:

ad 30 [Bæir] [...] Fossárdalur, 4 hndr., stendur sunnan undir Fellinu, svo Eiríksstaðir (Suðurbær), 3 hndr. nýlenda upptekin 1820, stendur fyrir sunnan Fossárdalsána, [...].

ad 31am [Selstöður. Ósvarað.]

ad. 32am Afréttarland er í Berufirði og Fossárdal og Krossdal en engar réttir.

ad 38am [Eyðjarðir.] Eiríksstaðir er nýenda upptekin 1820 [svarði á við 39. spurningu [Nýbýli]]<sup>5</sup>

Fossárdals er getið í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849-1850. Þá er Eiríksstaða einnig getið.<sup>6</sup>

Landamerkjabréf Fossárdalur, Eiríksstaðir, Víðines og Eyjólfstaðir, Beruneshreppur, S-Múlasýsla, er dags. 2. maí 1884 og þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi þann 23. júní 1884,<sup>7</sup> þar sem merkjum er lýst:

Ár 1884, dag 2. maim. vorum við undirskrifaðir saman komnir til að setja uppýngja landamerki kirkjujarðarinnar Fossárdals, (sem eru kotin Eiríksstaðir Víðirnes og Eyjólfstaðir) í Beruneshrepp í Suðurmúlasýslu og urðum við ásáttir og samþykkir eptirfylgjandi landamerkjum, sem eru hjer um bil samhljóða gömlum máldögum og biskupavísitatum Berufjarðar kirkju: að utan milli suður Fossardals eða Eiríksstaða hinn svokallaði „Skeggjasteinn“, sem stendur í fjörumáli við ytri enda brúarinnar sunnanvert í Fossárvíkinni og úr honum bein stefna í gjót, er liggur upp „Desjarkletta“ uppá fjallsbrún skamt fyrir utan „Bálgagil“ og svo úr gjótinni beina stefnu uppá hina svokölluðu „Desjarhyrnu“ og svo þaðan inn eptir hinum efstu fjalleggjum og tindum eins og lækjum hallar inni hinn svonefnda „Brattháls“ og eptir „Bratthálsinum“ til norðurs eins og vötnum hallar til hinna svonefndu „Ódáðavatna“ og frá þeim

<sup>1</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín XIII, bls. 402.

<sup>2</sup> Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 407.

<sup>3</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 217

<sup>4</sup> Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 378.

<sup>5</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 506-508

<sup>6</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849-1850, bls. 33v.

<sup>7</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 186r.



eins og vötnum hallar úteptir hinu svokallaða „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan af sunnanverðum Fellsröðlinum ofan að stórum steini hjá lynd þeirri, sem er skamt fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartæptur“ á „Selneshjalla“ sunnanverðum og frá Merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá fyrir neðan „Selneshjalla“ og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasatsund“ eða „Merkivörðu“ í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selnesbólma“.<sup>8</sup>

Eiríksstaðir fóru í eyði árið 1910 en jörðin er þó nýtt til beitarráð og túnin slegin.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916-1918 segir að landamerki Eiríksstaða séu þinglesin með Víðinessi og Eyjólfsstöðum 23. júní 1884. „Fossárdalur allur í einu lagi“, eins og segir í fasteignamatinu. Þá segir að ekki hafi verið búið á jörðinni í sjö ár en upprekstrarland sé nægilegt.<sup>9</sup>

Hinn 29. apríl 1916 fór fram matsgjörð á Eyjólfsstöðum. Í matsgjörðinni segir eftirfarandi:

Land jarðarinnar nær að sjó, þó án nokkurs verulegs undirlendis, en liggur aðallega í afdal sem gengur í norðvestur uppfrá svonefndri Fossárvík innarlega í Berufirði. Í minni dalsins er klif bratt og ílt yfirferðar. Bærinn er utarlega í dalnum.

Landamerki jarðarinnar – það er Fossárdals norðan ár – eru þessu: Fossá frá ósum að upptökum í svo nefndum „Bratthálsi“ og eptir Bratthálsinum til norður eins og vötnum hallar til hinna svokölluðu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svo nefnda „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan sunnanverðann Fellsröðulinn, ofan að stórum steini hjá lynd þeirri sem er skamt fyrir sunnan hinar svo kölluðu „Höskuldartæptur“ á selneshjalla sunnanverðum, og frá merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá, fyrir neðan selnes hjalla og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða merkivörðu í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selnesbólma“.

Land þetta – sem áður var aðeins ein jörð – er nú tvær jarðir jafndýrar Eyjólfsstaðir og Víðimes. Engjum er skipt en beitarráði ekki, en vegna landlags og venju skilur „Vindás“ beit, þó hefir Víðimes vetrararbeit óátalið Eyjólfsstaða megin, þegar nauðsyn krefur, en engjar beggja jarðanna liggja lengra inn í dalnum. [...]

Skóglendi nokkuð er í dalnum – það er nú kjarr eitt og virðist ekki standa til bóta. Þar á Bernunesskirkja ítak – skógarteig afmældann.<sup>10</sup>

Við aukarétt 2. maí 1931 voru dómkvaddir tveir menn til að meta kirkjujörðina Eiríksstaði.<sup>11</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1931 var matsgjörð á kirkjujörðinni Eiríksstöðum staðfest.<sup>12</sup>

Þann 19. október 1974 voru úttektarmenn fengnir til að skipta löndum jarðanna í Fossárdal, ríkisjarðanna Eiríksstaða og Víðiness og Eyjólfsstaða sem eru í einkaeign, skv. bréfi sýslumanns í Suður-Múlasýslu, dags. 18.09.1974. Í landskiptagjörðinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

1. Rætt var við ábúendur jarðanna og leitað allra fánlegra upplýsinga um nýtingu þeirra og matsverð að fornu og nýju, landamerki o.fl.
2. Fram kom að útländamerki allra jarðanna sameiginlega eru skrásett, þinglesin og óumdeild.
3. Meðan búið var á Eiríksstöðum og jafnan síðan, hefur verið litið svo á að Fossá skipti löndum Eiríksstaða og hinna jarðanna svo langt sem hún nær. Mörk þar fyrir innan lágu ekki fyrir. Það þætti

<sup>8</sup> S-múlasýsla landamerkjabók (1883-1998), bls. 29r-29v

<sup>9</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916-1918, Undirmat I, bls. 360.

<sup>10</sup> Stj. Ísl. I., B/365-6, Kirkjujarðasala í Suður-Múlasýslu, Db. 9, nr. 138).

<sup>11</sup> Sýsl. S-Músl., GA/13-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1930-1934, bls. 159.

<sup>12</sup> Sýsl. S-Músl., GA/13-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1930-1934, bls. 191.



einsýnt að gömlu mörkin héldust áfram, en ákveðið var, að hugsuð lína dregin úr upptökum Fossár við Líkárvatn beint til vesturs skipti löndum þar fyrir ofan.

4. Í jarðamatsbók 1921 sem er elsta jarðamat sem tiltækt var, eftir að skipi Eyjólfstaða og Víðiness voru gerð, er landsverð beggja jarðanna tilgreint jafnt 9 hundr.

Af því dró landskiptanefnd þá ályktun að skipta bæri þannig að í hlut hverrar jarðar kæmu jafnir landkostir þegar ekk er tekið tillit til neinna mannvirkja.

5. Að þessari athugun lokinni var gengið um heimalönd og þau skoðuð. Eftir það voru landskipti ákein þannig:

6. að heimalönd austan ár takmarkast að vestan (þ.e. innan) af línu sem hugsast dregin frá Fossá um Fálkaás að vörðu á melholti við læk í Fálkaáskrók, þaðan af beinni línu út með norðuhlið dalsins um Háklettasenda í Nauthálshjallakletta og með þeim að Öxlum á mörkum Berufjarðar og Fossárdals.

7. Skiptin milli jarðanna voru ákveðin þannig að Víðines á landið inna nvið beina línu sem hugsast dregin frá Fossá upp hæsta hrygg Vindáss í norðurmörk skiptalandsins (sbr. lið 6) en Eyjólfstaðir eiga land utan þeirrar línu.

8. Allt land norðan og vestan útskiptalandsins er óskipt og notast sameiginlega.

[...]

10. Við ákvörðun landstærðar Eyjólfstaða var gengið út frá því að austurmörk jarðarinnar væru hin skráðu mörk Fossárdals og Berufjarðar, þótt jörðin Lindarbrekka eigi nú hluta af þessu landi. En skipti á því landi voru ekki í verkefnahring nefndarinnar.

11. Eftir ósk væntanlegs ábúanda Eiríksstaða og með samþykki allra málsaðila var skipt úr landi Eyjólfstaða spildu (80 x 100 m) lóð undir íbúðarhús Eiríksstaða.

Lóð þessi er framan í Hrafnagilsmelum.

[...].<sup>13</sup>

Í örnefnaskrá fyrir Fossárdalsjarðirna m.a. Eiríksstaða sem Hermann Guðmundsson skráði 1. desember 1986 segir:

[...] Í dalnum hafa a.m.k. frá miðri 19. öld talist þrjár jarðir en þær eru Eiríksstaðir, Eyjólfstaðir og Víðines. 1703 var aðeins eitt býli í dalnum, Fossárdalur, hjáleiga frá Berufirði. [...] Eftir að byggðist á Eiríksstöðum 1819, en þeir nefndust þá ýmist Eiríksstaðir eða Suður-Fossárdalur lengi fram eftir 19. öldinni.[...]

[...] Eins og meðfylgjandi landamerkjalyýsing frá 1884 ber með sér voru aldrei til línur sem skiptu Fossárdalsjörðum hverri frá annarri, en fljótlega mun hefði eða e.t.v. eitthvert óformlegt samkomulag snemma hafa skipt engjablettum á milli jarðanna þriggja. Almennt mun þó hafa verið talið að Fossá skipti milli Eiríksstaða annarsvegar og Eyjólfstaða og Víðiness hins vegar, nema hvað Eiríksstaðir áttu slægju í nokkrum mýrarflóum langt inn í dal austan ár. Sameiginleg merki jarðanna er skv. lýsingunni úr Skeggjasteini, en hann er stakur, stór steinn í flæðamáli rétt neðan við þjóðveginn. Ofan við veginn er þar fyrsti kletturinn sem komið er að sunnan Fossár og hefur verið sprengt framan úr honum fyrir veginum. [...].<sup>14</sup>

Í bókinni Göngur og réttir, Þingeyjar-Múlasýslur er fjallað um Fossárdal, segir m.a.:

<sup>13</sup> Landskiptagjörð dags. 19.10.74

<sup>14</sup> Örnefnaskrá dags. 1. des 1986 Eiríksstaðir, Eyjólfstaðir og Víðines, Hermann Guðmundsson (merkt)





Fossárdalur liggur milli Fossárfells og Suðurfjalla. Fossá fellur um dalinn endilangan úr Líkárvatni í Fossárvík. Hamraklif eru upp af vikinni og þvert fyrir dalinn og ókunnuga grunar ekki að bak við þau leynist langur dalur. Fjöllin syðra megin dalsins, sem einu nafni eru kölluð Suðurfjöll, eru sundurskorin ef meingiljum og það svo rækilegal að ganga verður hvert stykki fyrir sig. Innsta gilið nefnist Tröllagil og fyrir innan það er Axlarfjall og er talið ná inn undir Bratháls. Um það bil miðja vega milli Tröllagils og Bratháls tekur Fossá á sig stóra beygju til austurs og í piem bug eru Víðidals hæðir. Lengst að utan virðist dalurinn enda þarna, en þar er þó aðeins rúmlega hálfnuð leiðin frá sjó og inn í Bratháls. Eystra megin dalsins er Fossárfellið með reglulegum hjöllum og klettabeltum. Þar eru engin ófærugil og allur er svipur þess annar en Suðurfjallanna. [...]

[...]Utarlega í dalnum eystra megin ár er eini bærinn í dalnum og heitir Fossárdalur [Í neðanmálgrein merkt við Fossárdal stendur „Á korti Eyjófsstaðir. Br. S.] Fram á þessa öld voru bæirnir þrír, sá síðasti Víðines, fór í eyði árið 1944. [...].<sup>15</sup>

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stj.skr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Eiríksstaði** sem vísað er hér til. Sérstaklega er vísað til þinglýsts landamerkjabréfs Fossárdals, Eiríksstaða, Víðiness og Eyjófsstaða, Beruneshreppi, S-Múlasýsla, dags. 2. maí 1884, þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi þann 23. júní 1884 sem ofangreind kröfulýsing byggir á. Einnig landskiptagerðar fyrir ríkisjarðirnar Eiríksstaða og Víðiness og Eyjófsstaða sem eru í einkaeign, dags. 19. október 1974 og þinglýst 22. maí 1997.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlið) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Eiríksstöðum**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir og sameigendur þeirra óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Eiríksstaða**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður

<sup>15</sup> Göngur og réttir, Þingeyjar-Múlasýslur, bls. 464-465



fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna og sameigenda þeirra verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkominn eign umbjóðenda minna og sameigenda þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

### MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 25. janúar 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Eiríksstaðir, Múlaþingi**, er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Múlaafrétt**. Land jarðarinnar einnig aðliggjandi körfusvæði ríkisins sem nefnist **Hamarsbætur**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Með kröfugerð ríkisins virðist farið inn á landsvæði jarðarinnar á vestur mörkum hennar gagnvart Múlaafrétt/Þingmúla við Brattháls og Líkárvatn. Þess er krafist að kröfulínur verði samræmdar að þessu leyti, en fyrirliggjandi landamerkjalyýsingar lýsa skýrlega merkjum með þeim hætti sem kröfulínur landeigenda miða við. Um þetta er vísað sérstaklega til eftirfarandi lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar; „og svo þaðan inn eptir hinum efstu fjalleggjum og tindum eins og lækjum hallar inni hinn svonefnda „Brattháls“ og eptir „Bratthálsinum“ til norðurs eins og vötnum hallar til hinna svonefndu „Ódáðavatna“. Þá liggur fyrir að landamerki milli Eiríksstaða annars vegar og Eyjólfstaða og Víðisness hins vegar séu frá Líkárvatni beint til vesturs, sbr. landskiptagjörð, dags. 19. október 1974. Af þessu telja landeigendur ljóst að landamerki jarðarinnar skulu miðast við vatnaskil á svæðinu, en ekki skuli miða við Líkárvatn (p. 5 á kröfulínukorti ríkisins) líkt og íslenska ríkið virðist byggja í kröfulýsingu sinni.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Múlasýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Eiríksstaða** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Eiríksstaða** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.



Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

#### FRAMLÖGB GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Umboð
4. Fasteignayfirlit
5. Veðbandayfirlit
6. Landskiptagerð Fossárdalsjarða frá 19. október 1974
7. Yfirlýsing um landamerki Lindarbrekku, dags. 1. febrúar 1992
8. Örnefnaskrár fyrir Fossárdal
9. Örnefnaskrá fyrir Eiríksstaði, Eyjólfstaði og Víðines (Lindarbrekku og Fossárdal)

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur mínir áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 20. júní 2022

Ólafur Björnsson hrl.



— 4 —

*Ljósárland*



## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Höskuldsstaðasels

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

### I. Aðild og fyrirsvar

Aðild er hjá þinglýstum eigendum Höskuldsstaða, landnr. L158967, Birni Björgvinsyni, kt. 240950-2869, Unni Björgvinsdóttur, kt. 170756-3719, Baldri Björgvinsyni, kt. 291251-2349, og Ingibjörgu Björgvinsdóttur, kt. 280249-4329.

Fyrirsvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 28. maí 2022.

### II. Kröfugerð

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Að utanverðu austan Breiðdalsár (1) um Fífilskriðulæk frá upptökum (2) þar til hann fellur í Breiðdalsá. Að norðanverðu ráða fjallseggjar (3-5) landamerkjum. Að innanverðu eru merki Merkidalur (6) og Merkigil (7), sem liggur niður úr Merkidalnum, niður í Merkilág (8) við Breiðdalsá (9). Þaðan sér í fossinn í Ánastaðagili. Að sunnanverðu milli Ánastaðalands og Höskuldsstaðaselslands ræður Breiðdalsá merkjum (10). Að innanverðu sunnan Breiðdalsár eru landamerki um Járnhrygg (11-13) og til fjalls (14). Að utanverðu sunnan Breiðdalsár eru landamerki um innri Ljósá (15-18).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign, komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður

#### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á gildandi landamerkjalyýsingu Höskuldsstaðasels, dags. 27. ágúst 1990, sem færð var til þinglýsingar sama ár. Í kröfugerðinni eru tilgreindir fleiri merkjapunktar til skýringar um staðsetningu kennileita.

Ástæður fyrir landamerkjalyýsingu sem gerð var 1990 er árétting á réttum merkjum jarðarinnar á grundvelli samninga sem gerðir hafa verið eigendur Höskuldsstaða frá því landamerkjabréf jarðanna voru gerð árið 1885. Eigandi Höskuldsstaðasels keypti á árinu 1903 spildu úr landi Höskuldsstaða að

Fífilskriðulæk, en áður miðuðust merkin við Selá og niður í Langagrafning/Mógrafning og í Breiðdalsá. Þá var land fyrir innan Innri Ljósá, norðan Breiðdalsár gert að séreignarlandi Höskuldsstaðasels, en Höskuldsstaðir eiga land utan Innri Ljósár á móti Flögu, þ.e. hluta svokallaðs Ljósárlands.

Jafnframt er sérstaklega litið til landamerkjabréfs Ánastaða, dags. 20. júní 1946, sem þinglýst var sama ár, en jafnframt landamerkjabréfs Ánastaða, dags. 29. maí 1883, þinglýstu á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1883.

Landamerkjabréf Höskuldsstaðasels, dags. 25. júní 1885, sem þinglesið var á Eydalamanntalþingi, 29. júní 1885, lýsti eftirfarandi merkjum:

*Að utanverðu ræður „Selá“ landamerkjum eptir því sem hún fellur frá „Seldalsdrögum“ allt ofaní gljúfur og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og „Einbúa“, og út og ofan melhrygginn fyrir ofan Höskuldsstaðaselstúnið og allt í „Langagrafning“ – nú „Mógrafning“ fyrir neðan reiðgötu, og þaðan beina sjónhending ofan í merkjaskurð, sem er á bakkanum við Breiðdalsá.*

*Beitarlandsstykkið fyrir sunnan Breiðdalsá, milli innri „Ljósár“ og „Járnhryggs“ er Höskuldsstaðasel á í sameiningu við Höskuldsstaði, nota báðar jarðirnar sameiginlega eptir dýrleika og tiltölulega eptir jarðardýrleika.*

*Að innanverðu eru merki: „Merkidalur“ og „Merkigil“, sem liggur niður úr „Merkidalnum“ niður í „Merkilág“ við Breiðdalsá; þaðan sjer maður í fossinn í Ánastaðagili.*

*Að sunnanverðu milli Ánastaðalands og Höskuldsstaðasels ræður Breiðdalsá merkjum.*

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

Höskuldsstaðasel er fyrrum hjáleiga Höskuldsstaða en algjör skipti hafa átt sér stað vegna lands jarðanna. Höskuldsstaðasel á m.a. land sunnan Breiðdalsár fyrir innan Innri Ljósá að Járnhrygg á móti Ánastöðum, en Höskuldsstaðir eiga land fyrir utan Innri Ljósá og hluta svonefnds Ljósárlands. Kröfulýsing ríkisins nær til lands innan Innri Ljósá, en hins vegar er vísað til svæðisins sem Ljósárlands, sem er heiti landsvæðis milli Innri og Ytri Ljósár og er hluti jarðanna Höskuldsstaða og Flögu.

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Hjalti er nefndur landnámsmaður er nam Kleifarlönd og allan Breiðdal þar upp frá. Landnámslýsingin vísar bæði til Suðurdals og Norðurdals fyrir innan Kleif, þ.e. þar sem Breiðdalur skiptist í tvo dali. Innsti bær í Suðurdal, er liggur fyrir innan land Höskuldsstaða, sunnan Breiðdalsár, heitir Ánastaðir, en talið er að vísað sé til Ánastaða, sem þess bæjar er Hallfreður, eða sonur hans Hrafnkell síðar Freysgoði, dvaldi á áður en hann hélt upp um fjall. Í Landnámu er bærinn nefndur Arnþrúðarstaðir.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Austurland. Safn Austfirskra fræða II. 1948. Landnám í Austfirðingafjórðungi.



## 2.2. Heimildir fram til 1700

Höskuldsstaðir eru gamalt býli og jarðarinnar getið í kaupbréfi frá 20. ágúst 1457, þar sem skipt var á jörðinni og Tungu í Fáskrúðsfirði.<sup>2</sup> Í bréfinu er getið landamerkjja og ítaka jarðarinnar. Jón prestur Pálsson segir þar jörðina eiga skógarteig fyrir sunnan Vatnsfótin, og þrætutungur fyrir sunnan ána í Breiðdal, en hálf(!) fyrir norðan Tungurnar og land allt í Rauðatinds gyl.

## 2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, eru Höskuldsstaðir taldir 10 hundruð og þeir í bænda eign.

Í jarðamati 1804 eru Höskuldsstaðir tilgreindir eign Gísla Halldórssonar í Njarðvík og 9 hundruð. Selið er tilgreint sérstaklega og sagt hjáleiga frá Höskuldsstöðum.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 eru Höskuldsstaðir tilgreindir 9 hundruð. Höskuldsstaðasel er tilgreint sem hjáleiga án mats. Tekið er fram neðanmáls að Höskuldsstaðir hafi verið taldir 10 hundruð 1696 og að sýslumaður telji 4 hundruð á hjáleigunni.

Í jarðamati 1849 eru Höskuldsstaðir taldir ásamt afbýlinu Höskuldsstaðaseli. Jörðin metin á 600 rba. Undir umfjöllun um Flögu er fjallað um þrætustykkið Ljósárland og það metið á 50 rba.

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1861, er Höskuldsstaðasel nefnt hjáleiga Höskuldsstaða og hún tilgreind sem 4 forn hundruð af 10 hundraða heildarmati. Í matinu er gerð grein fyrir þrætulandi milli Höskuldsstaða og Flögu, svokölluðu Ljósárlandi.

## 2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882

Í lögfestu fyrir Ljósárlandi frá 1790, sem gert er af Heydalapresti vegna Flögu, er vísað til svæðisins sem lands milli Ljósáanna. Vísað er til svæðisins sem eignar Flögu. Öllum er þar bannað að brúka og beita landi, en þó að undanteknum Birni Jónssyni á Höskuldsstöðum, sem á þar nokkra ískyldu til hagabeitar og grasatekju. Birni eru þó bannað skógarhögg og aðrar landsnytjar og hann varaður við að ofsetja ekki landið til beitar. Vísað er til skjala Berufjarðarkirkju fyrir Ljósárlandi.<sup>3</sup>

## 2.5. Landamerkjabréf

Í landamerkjabréfi Höskuldsstaða, dags. 23. júní 1885 og landamerkjabréfi Flögu dags. 12. júní 1885, er vísað til samnings sem gerður var milli eiganda Höskuldsstaða og umráðamanni Flögu, f.h. Berufjarðarkirkju, og staðfestur af stiptsyfirvöldum 4. mars 1885 um landamerki, eða skiptingu svokallaðs Ljósárlands. Virðist þar með hafa lokið a.m.k. 4 alda þrætu, sbr. nefndar þrætutungur í kaupbréfi Höskuldsstaða frá 1457.

Landamerki Höskuldsstaða er gerð grein fyrir landamerkjum gagnvart Höskuldsstaðaseli norðan Breiðdalsár, en tilgreint að jarðirnar eigi óskipt land milli Járnhriggs, sem er skammt fyrir utan Ánastaði og Innri Ljósár. Þar á eftir er vísað til samningsins við Flögu um Ljósárlandið.

<sup>2</sup> Íslenskt fornbréfasafn. V. bindi. Bls. 154-155.

<sup>3</sup> Sbr. minnisblað Þjóðskjalasafns Íslands jan 2022. Í máldaga Berufjarðarkirkju 1491-1518 er þess getið að Berufjarðarkirkja eigi Jórvík, en ekki er fjallað um Ljósárland. Berufjarðarkirkja átti Flögu.

Um landamerki Höskuldsstaðasels er vísað til fyrri umfjöllunar.

### 2.6. Landskipti

Með kaupum á landi úr Höskuldsstöðum snemma á 20. Öld (1903) varð land Höskuldsstaðasels stærra norðan Breiðdalsár. Sú breyting var staðfest með landamerkjabréfi Höskuldsstaðasels frá 1990. Jafnframt var þar gerð grein fyrir því að Höskuldsstaðasel ætti landið fyrir innan Innri Ljósá að Járnhrygg, fyrir sunnan á. Sú ráðstöfun virðist skýrast af því að Ljósálandið, sem samið var um við Flögu 1883-84 fyrir gerð landamerkjabréfa Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels í júní 1885, þ.e. þegar Höskuldsstaðasel hafði stöðu hjáleigu, gat haft stöðu sem óskipt land jarðanna þegar samið var um að hluti þess væri eign Höskuldsstaða. Með landamerkjabréfi Höskuldsstaðasels 1990 var staðfest að landið fyrir innan Innri Ljósá væri séreignarland Höskuldsstaðasels.

Þótt staða Ljósárlands virðist ekki hafa þýðingu fyrir það svæði sem kröfulýsing þessi og kröfulýsing ríkisins tilgreinir og liggur innan Innri Ljósár, þá verður með engu móti ályktað að Ljósálandið hafi haft aðra eignarréttarlega stöðu en annað land í fjallinu sunnan Breiðdalsár. Þvert á móti ber ágreiningur um svæðið þess merki að deilt hafi verið um eignarland, en ástæður þess ágreinings geta verið vegna breytinga á farvegi Ljósáanna, framburðar, skriðufalla eða annarra atvika.

### 3. Lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Höskuldsstaðasels. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendur, í kafla 5.26 er fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og vísað til ætlaðrar umfjöllunar í landamerkjabréfi Höskuldsstaða um afmörkun Ljósárlands. Lýsingin sem þar er tekin upp varðar alls ekki Ljósálandið, sem samið var um milli Flögu og Höskuldsstaða. Lýsingin varðar landið fyrir innan Innri Ljósá sem hefur aldrei verið nefnt og er ekki Ljósáland. Svæðið fyrir innan Innri Ljósá virðist aldrei hafa verið umdeild eign Höskuldsstaða eða Höskuldsstaðasels, en var í sameign jarðanna.

Í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Í kröfulýsingu er umþrætt svæði nefnt Ljósáland. Samkvæmt kafla 7.25 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé óskipt land Höskuldsstaða og Höskuldsstaða fyrir innan Innri Ljósá. Það svæði er alls ekki Ljósáland. Þá er umrætt svæði nú eign Höskuldsstaðasels.

Ljóst er að innan kröfusvæðisins eru svæði sem nýtt voru af eigendum Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels eins og jarðareiganda var heimilt, t.a.m. hafa þar verið staðsettir stekkir og skógarhögg farið þar fram.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi Breiðdals sé sérstaklega skýr. Landnám Breiðdals felur í sér afdráttarlausa afmörkun á landnámi innan fjallahings sem er svo til allur bersýnilegur af láglandi. Land Höskuldsstaðasels, og áður Höskuldsstaða, er nánast allt sýnilegt af bæjarhlaðinu og fjarstæðukennt að telja það hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarland sem þær hafa þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði, sem vísað er til sem afréttar, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Höskuldsstaðasels hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Voggi gerir í ritgerðinni *Almenningar og afréttir*,<sup>4</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.

EKKI verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>5</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>6</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafreitt<sup>7</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Höskuldsstaðasels falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, þótt fáar séu, en bera þess merki að Höskuldsstaðasel eigi landið milli Járnhryggs og Innri Ljósár allt á fjallseggjar.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem eru og hafa alla tíð verið greinileg af láglandi Breiðdals.

Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð og ýmsar heimildir eru um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnáms svæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

<sup>4</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>5</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>6</sup> Bls. 114-120.

<sup>7</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið véfengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkjja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjialaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjialaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjialögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalyfingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjialög nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnarsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986.

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

**V. Áskilnaður og gagnaframlagning**

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

**VI. Sérstök áskorun um sættir málsins**

Sýnt er að kröfulýsing íslenska ríkisins byggir á misskilningi á lýstum merkjum og heimildum sem vísað er til. Skorað er á íslenska ríkið að leggja fram sáttaboð um að fella niður kröfulýsingu vegna svæðisins, sbr. 15. gr. Þjóðlendlaga, og að Óbyggðanefnd leiti slíkra satta með aðilum.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 15. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeigenda

  
Jón Jónsson hrl.  
Jón Jónsson hrl.  
Kt. 096978-5249

**Fylgiskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeiganda
4. Landamerkjalyking Höskuldsstaðasels, dags. 27. ágúst 1990



— 5 —

*Landsvæði inn af Hamarsfirði og Álftafirði*





## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Hamars

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

### I. Aðild og fyrirvar.

Aðild er hjá þinglýstum eiganda Hamars, landnr. L159333, Eignarhaldsfélaginu Hamri ehf. kt. 601289-1809.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. 5 umboð frá mars 2022.

### II. Kröfugerð.

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Frá sjó (1) og upp Vigðarlæk (2) og upp í fjallseggjar (3). Inn fjallseggjar upp af Tóugili (4), í Tóugil (5) í vörðu neðst í Refsstaðatanga (6) þaðan í aðra vörðu neðar (7) og úr henni í Hamarsá (8) í línu frá Einstigsfossi á Klettshyl (9) og þaðan beint í stein sunnantil á Hamarsleirum (10)

Einnig:

Land frá Hamarsá upp með Steiná (11) og á eggjar (12) og út með eggjum (13) ofan Skollabotnagils (14) og í Hamarsá (15).

Hamarsbætur frá Hamarsá upp með Hraungili (16) á sker inn og upp (17-21) og á vatnaskilum að upptökum Hamarsár (22-23) og út með Hamarsá (16).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign, komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður

#### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjalyýsingu Hamars og hjáleigunnar Hamarssels, dags. 9. apríl 1884, sem þinglýst var þann 23. júní 1884 á Djúpavogsmantalsþingi og landamerkjalyýsingu Hamarssels, dags. 22. maí 1918, þinglýstri á mantalsþingi Geithellnahrepps, 5. júlí 1920.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

Hamar var lengst af kirkjufjörð, tilheyrandi Hálskirkju, sem síðar var lögð undir Hof í Álftafirði.

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Björn sviðinhorni hét maður er nam Álftafjörð nyrðri inn frá Rauðuskriðum og Sviðinhornadal. Álftafjörður nyrðri er nú nefndur Hamarsfjörður og Sviðinhornadalur Hamarsdalur. Talið er að Björn Sviðinhorni hafi átt landnámsbæ að Hamri.

Um landnám Brandöndar segir að hann hafi numið land fyrir norðan Múlakambsdal og Melrakknes inn til Hamarsár.<sup>1</sup>

Litið hefur verið svo á að landnám Björns sviðinhorna hafi náð til alls Hamarsdals, beggja megin ár. Landnám Brandönundar hafi þá náð að fjarðarbotni Hamarsfjarðar. Þetta er þó umdeilanlegt og hefur því verið haldið fram að landnám Brandönundar hafi í raun náð inn með allri Hamarsá.<sup>2</sup> Þá er talið að Brandöndur hafi búið á Melrakknesi.

Ljóst er að land Hamars og jarða norðan Hamarsár liggur innan landnáms Björns Sviðinhorna.

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Í máldaga Hálskirkju frá 1397 kemur fram að kirkjan eigi Hamarsland allt<sup>3</sup>. Þar var jafnframt bænhús.

Í máldögum Hálskirkju 1491-1518 er eignarhaldi á Hamarslandi ekki getið sérstaklega.

### 2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.

Í jarðabók, sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, er Hamar talinn og jörðin sögð fylgja Hálsprestakalli. Dýleiki 14 hundruð. Þá er jörðin Veturhús einnig talin sérstaklega og þá tilgreind sýslufjörð í umsjá sýslumanns með heimild landfógeta. Veturhús hafa verið talin hjáleiga frá Hamri en hvernig jörðin varð sjálfstæð eign og sýslufjörð liggur ekki fyrir.

Í jarðamati 1804 er Hamar talinn og sögð 12 hundruð. Kirkjufjörð Háls. Hamarssel er einnig talið í jarðamatinu og um eignarhald vísað til Hamars.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 er Hamar tilgreindur 12 hundruð og Hálskirkjueign. Hamarssel er sagt hjáleiga án mats en neðanmáls kemur fram að sýslumaður telji 3 hundruð hjá hjáleigunni.

Í jarðamati 1849 er Hamar talin upp og metin á 300 rbd. Hamarssel sagt afbýli og metið á 150 rbd.

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1861, er Hamar tilgreind 9 forn hundruð og Hamarssel hjáleiga, 3 forn hundruð.

### 2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaða 1882

<sup>1</sup> Austurland. 1948. Landnám í Austfirðingafjórðungi. Bls. 79-80.

<sup>2</sup> Sjá t.d. Múlaþing, 25. hefti 1998. Ferðir Þangbrands um Álftafjörð.

<sup>3</sup> DI 4. Bindi, bls. 230-231.

Í sóknarlýsingu fyrir Háls og Hofssókn 1840 er fjallað um Hamar og Hamarsdal.<sup>4</sup> Hamar tilheyrði Hálssókn. Í sóknarlýsingunni er ítarleg lýsing á staðháttum í Hamarsdal og m.a. fjallað um Hraungil og svæðið þar inn af og upp á móts við Fossárdal, Skriðdal og Fljótsdal. Í lýsingunni er fjallað um selstöður, m.a. að frá Hamri og Hamarsseli hafi verið haft í seli á þar liggjandi Selhjalla en þó ekki nema aðeins eitt ár. Einnig er nefnt að Veturhús hafi haft sel. Afrétt á Hamarsdal er nefnd Hálsaafrétt. Um afréttina segir að á þá sé ekki rekið heldur tíðkist að bændur láti féð fara frá sér sjálfst um fjöllin eftir sem vera vill hvör á sínum stað. Lömb sín reka menn frá sér á einhvörn stað eftir sem hugur býður það og það ár. Þá er lýst fyrirkomulagi fjallskila með þeim orðum að *ganga þá hvörjir þau sér tilheyrandi fjöll og dali til leita fjárins og hvar fleiri hafa rekið lömb sín í eitt pláss sameinast þeir til að uppleita þau og rétta þeim hvar sem vera vill, draga þau svo í sundur og tekur hvör sitt.*

Sóknarlýsingin fjallar minna um eignarhald en aðrar sóknarlýsingar en er hins vegar löng og glögg staðháttalýsing. Þegar kemur að fjallskilum er vísað til þess að *fjöll og dalir* tilheyrir jörðunum en einnig að smalað sé sameiginlega af þeim sem reka á landið. Þegar litið er til Hamarsdals er sú staða rökrétt þegar hjáleigur höfðu eðli máls samkvæmt rétt til nýtingar upprekstrarlands höfuðjarðanna og einnig gerð grein fyrir eignarhlutföllum í landinu innst á Hamarsdal, beggja megin ár.

### 2.5. Landamerkjabréf og landskipti

Landamerkjalyking Hamars og hjáleigunnar Hamarssels, dags. 9. apríl 1884, sem þinglýst var þann 23. júní 1884 á Djúpavogsmannspingi náði yfir land Hamars og Hamarssels. Með gerð landamerkjalykingar fyrir Hamarssel, dags. 22. maí 1918, þinglýstri á manntalsþingi Geithellnahrepps, 5. júlí 1920, var Hamarsseli skipt frá jörðinni Hamri. Eftir það var land Hamars í raun í þremur hlutum.

Í landamerkjaskrá Hamars frá 9. apríl 1884, er fjallað um að jörðin Hamar eigi sem afréttarland  $\frac{3}{4}$  úr svokölluðum Hamarsbótum, sem eru innst í Hamarsdal frá Vesturhúsalandi og á Sker inn og upp. Í landamerkjaskrá fyrir Veturhús, sem gerð er 29. júní 1883, og staðfest f.h. umboðsmanns sýslujarða Páli Ólafssyni, kemur fram að Hamar eigi allt land fyrir innan Veturhúsaland.

Hverju þetta misræmi sætir verður ekki fullyrt um en hvoru tveggja staðfestir stöðu landsins sem eignarlands, enda styður það slíka stöðu að eignarhlutföll í landinu hafi verið til umfjöllunar. Líklegast er að sá fjórðipartur sem hægt er að halda fram að óskýrt sé um eignarhald á hafi upphaflega átt að tilheyra jörðinni Veturhúsum. Sú jörð er talin byggð sem hjáleiga frá Hamri.

### 3. Lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Hamars. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendu, í kafla 5.20 er fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og að miðað sé við innri mörk Veturhúsa. Þá birtist í kröfulýsingunni sá misskilningur að fjórðaparts eignarhluti Bragðavalla í landi sunnan Hamarsár sé á móti  $\frac{3}{4}$  eignarhluta Hamars í landi norðan Hamarsár. Bragðavellir eigi á móti Melrakkanesi í landinu sunnan Hamarsár, en Hamar norðan megin ár.

<sup>4</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar í Múlasýslum. 2000. 514-579.

Í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfuvæðinu. Samkvæmt kafla 7.19 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði séu svokallaðar Hamarsbætur, en þar undir fellur eignarland Hamars norðan megin Hamarsár.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi Hamarsdals, sem nefndur var Sviðinhornadalur, sé skýr. Landnám Hamarsfjarðar felur í sér afdráttarlausa afmörkun á landnámi innan fjallahrings. Ekki verða dregnar aðrar ályktanir af afmörkun á landnáminu en það hafi tekið til Hamarsdals, eins og vötnum hallar til Hamarsár. Gæta ber að því að inn af Hamarsdal lá mikilvæg þjóðleið til Héraðs um svokallað Sviðinhornahraun.

Heimildirnar um byggð og nýtingu Hamarsdals endurspeglar í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi, þar sem merki miðast jafnan við vatnaskil. Frá jörðinni Hamri, norðan Hamarsár, hefur nýting lands farið fram, t.a.m. með uppbyggingu sela og afbýla, eins tilefni var til. Veturhús hafa verið stofnuð frá jörðinni, en dýrleiki jarðarinnar ber um að um fyrrum afbýli/sel hafi verið að ræða. Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarrand sem þær hafa þurft og engar heimildir um samnotaafrétti. Sannarlega er afmörkun lands norðan Hamarsár ekki dæmi um slíkt, heldur ber með sér að um landskipti hafi verið að ræða þar sem Hamar hafi haldið eignarrétti á landi innan Veturhúsa.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði, sem vísað er til sem afréttar, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Hamars hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>5</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>6</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>7</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt<sup>8</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

<sup>5</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>6</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>7</sup> Bls. 114-120

<sup>8</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

Landamerkjabréf Hamars falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, þótt fáar séu, en bera þess merki að Hamar eigi landið innan Veturhúsa.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við sker sem eru að hluta greinileg úr botni Hamarsdals og glögg öllum þeim kynslóðum sem hafa nýtt landið frá landnámi. Ekki standa rök til annars en að eignarréttarleg staða Hamarsdals inn og upp á sker, þ.e. með vísan til vatnaskila, sé hin sama og Fossárdals, sem er næsti dalur fyrir norðan.

Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfur verða talin styðja að stofnað hefði verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu, enda það ekki fjarri byggð.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að takmarkaðar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú, í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar

daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendlög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár,

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalog nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning.

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þrykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda

  
Jón Jónsson hrl.  
kt. 090976-5249

Jón Jónsson hrl.

#### Fylgiskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeigendum

## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar

### vegna Bragðavalla

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

#### I. Aðild og fyrirvar

Jarðirnar Bragðavellir I og II, landnr. L159328 og L159329 eru þinglýstar eignir Þórunnborgar Jónsdóttur, kt. 090251-3099, og Steinunnar Jónsdóttur, kt. 210655-4179. Hér eftir er vísað til þeirra sem landeigenda.

Aðild að málinu er einnig hjá íslenska ríkinu vegna eignarhalds á ríkisjörðinni Melrakkanesi, landnr. L159344.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd vegna eigenda Bragðavalla I og II, hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 1. mars 2022.

#### II. Kröfugerð

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Bragðavellir eiga allt land út að Knarhúsá, þar sem hún fellur í sjóinn (1), þaðan beina línu upp í skarð efst í fjallinu þar sem hún fellur fram af og sjest neðan af alfarvegi (2), úr skarðinu beint upp í fjallseggjar (3) og svo inn fjallseggjar (4-6) að Kálfauragili (Gufugili) (7), þaðan beint ofan í Hamarsá (8), svo er Hamarsá landamerkjalinna út á Einstígsfoss (9), af fossinum beina línu út á Klettahyl (10), af hylnum beint í stein sem stendur sunnan til á Hamarsleirum (11). Þá á jörðin Bragðavellir í sameiningu við Melrakkanes afréttarland frá Gufugili (8-6) og inn og upp á sker sunnanmegin (12-16) Hamarsáar (17-18, 8.).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

#### III. Málavextir og helstu málsástæður

##### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á gildandi landamerkjalyýsingu Bragðavalla, dags. 11. apríl 1883, sem þinglesin var á Djúpavogsmanntalsþingi 30. júní 1883. Í landamerkjalyýsingunni er tiltekið að Bragðavellir eigi fjórða part afréttarlandsins fyrir innan Gufugil. Í kröfulýsingu þessari er gerð krafa um að landið teljist eignarland og er með því í engu raskað þeirri stöðu að landið er óskipt sameign jarðanna Bragðavalla og Melrakkaness.

Í landamerkjabréfi Melrakkaness, dags. 18. apríl 1883, þinglýstu á Djúpavogsmanntalsþingi 30. júní 1883, er samsvarandi lýsing á landinu innan Gufugils. Þar segir; *Ennfremur ber þess að geta að jörðin Melrakknes á afréttarland á Hamarsdal sunnan Hamarsáar frá Kálfauragili (Gufugil) að utan og á sker upp og inn, nema hvað Bragðavellir eiga í sameining við Melrakknes fjórðapart afréttarlandsins*

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

Jörðin Bragðavellir er í eldri heimildum einnig nefnd Bragðavallasel, t.d. í manntali 1703. Bragðavellir hafa því byggst upp af seli Melrakkaness og hafði stöðu hjáleigu/afbýlis fram á 19. öld.

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norræna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Björn sviðinhorni hét maður, er nam Álftafjörð nyrðri, inn frá Rauðuskriðum, og Sviðinhornadal. Álftafjörður nyrðri er nú nefndur Hamarsfjörður og Sviðinhornadalur Hamarsdalur.

Um landnám Brandöndar segir að hann hafi numið land fyrir norðan Múlakambsdal og Melrakknes inn til Hamarsár.<sup>1</sup>

Litið hefur verið svo á að landnám Björns sviðinhorna hafi náð til alls Hamarsdals, beggja megin ár. Landnám Brandönundar hafi þá náð að fjarðarbotni Hamarsfjarðar. Þetta er þó umdeilanlegt og hefur því verið haldið fram að landnám Brandönundar hafi í raun náð inn með allri Hamarsá.<sup>2</sup> Þá er talið að Brandöndur hafi búið á Melrakknesi.

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Heimildir um jörðina Melrakknes tengjast meðal annars komu Þangbrands prests til Austfjarða árið 997 og sagt er frá í Kristnisögu og Njálu. Eflaust er byggð á Bragðavöllum forn, en þar hafa í rústum fundist elstu myntpeningar Íslandi.

Í fornbréfasafni er að finna máldaga Melrakkaness, dags. 12. ágúst 1521, sem sagður er lesinn upp á Geithellna þingi 7. júní 1590. Í fornbréfasafni er skjalið sagt falsbréf og uppruni þess rakinn.<sup>3</sup> Um það segir m.a.: „Bréf þetta hefir öll einkenni þess, að það sé falsbréf“. Þá eru taldar upp 5 ástæður þess og kynnt að það hafi líklega verið samansett nálægt miðbiki 18. aldar, á meðan menn mundu enn til þess að Jón

<sup>1</sup> Austurland. 1948. Landnám í Austfirðingafjórðungi. Bls. 79-80.

<sup>2</sup> Sjá t.d. Múlaþing, 25. hefti 1998. Ferðir Þangbrands um Álftafjörð.

<sup>3</sup> DI VIII, bls. 819-821.



Þorláksson, dáinn 1712, hefði einhvern tímann verið sýslumaður á Austfjörðum, en þó verið búinir að gleyma hvenær það var.

Ekki er hægt að átta sig á tilgangi þessa falsbréfs en þó er ekki ólíklegt að það hafi tengst reka- eða ítakaþrætum. Nefna má að í fornbréfasafni er einnig að finna vitnisburð frá 1554 þar sem Einar Eyjólfsson vitnar um að Jón Árnason á Geithellum hafði á banastundu lýst því að hann hefði *rangleg dregið Hrómundarey og hálfan reka frá Melrakknesi og innskriða í máldaginn Geithellakirkju*.<sup>4</sup>

### **2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.**

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar er Melrakknes sagt bændaeygn og 16 hundruð. Bragðavellir eru taldir og eignarhald tengt við Melrakknes. Dýrleiki jarðar 4 hundruð.

Í jarðamati 1804 er Melrakknes tilgreint 16 forn hundruð en Bragðavellir sagðir tengjast Melrakknesi, án tilgreiningar á fornu hundruðatali.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 er Melrakknes tilgreint 16 hundruð og Bragðavellir talin sem hjáleiga. Í athugasemd er skráð að sýslumaður telur 4 hundruð af dýrleikanum á hjáleigunni og að 1760 hafi að auki hjáleigan verið talin eyðihjáleigan Kálfeyri.

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfest 1861, var Melrakknes tilgreint 12 hundruð og hjáleigan Bragðavellir 4 hundruð.

### **2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjálaga 1882**

Við manntalsþing að Djúpavogi 8. Júlí 1812 var þinglýst lögfestu fyrir jörðinni Melrakknesi. Halldór Björnsson þinglýsir en mótmælt er af Jóni Árnasyni. Þess skal getið að 11. Maí 1811, hafði verið þinglýst veðbréfi með veði í jörðinni Melrakknesi fyrir Jón Árnason, dags. 3. maí 1810.<sup>5</sup>

Við manntalsþing 22. júní 1830 var upplesinn máldagi fyrir jörðinni Melrakknesi.

### **2.5. Landamerkjabréf**

Landamerkjabréf var gert fyrir Bragðavelli, dags. 11. apríl 1883, sem þinglesið var á Djúpavogsmanntalsþingi 30. júní 1883. Í landamerkjálýsingunni er tiltekið að Bragðavellir eigi fjórða part afréttarlandsins fyrir innan Gufugil.

Í landamerkjabréfi Melrakkness, dags. 18. apríl 1883, þinglýstu á Djúpavogsmanntalsþingi 30. júní 1883, er samsvarandi lýsing á landinu innan Gufugils. Þar segir; *Ennfremur ber þess að geta að jörðin Melrakknes á afrjettarland á Hamarsdal sunnan Hamarsáar frá Kálfauragili (Gufugil) að utan og á sker upp og inn, nema hvað Bragðavellir eiga í sameining við Melrakknes fjórðapart afrjettarlandsins.*

Í þessu felst að Melrakknes á  $\frac{3}{4}$  og Bragðavellir  $\frac{1}{4}$  og eru sú hlutföll í algjöru samræmi við þau eignarhlutföll að Melrakknes var upphaflega 16 hundruð, en skiptingin milli Melrakkness og Bragðavalla verður 12 hundruð Melrakknes og 4 hundruð Bragðavellir.

## **3. Lagasjónarmið**

<sup>4</sup> DI XII, bls. 759.

<sup>5</sup> Líklega er um að ræða Jón Árnason í Papey.

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til er eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Bragðavalla. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendu, í kafla 5.20 er einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og nefnt að Melrakknes og Bragðavellir eigi afréttarland innan við Gufugil. Ekki er skýrt af hverju draga eigi eignarréttarlega stöðu landsins í efa. Þá birtist í kröfulýsingunni sá misskilningur að fjórðaparts eignarhluti Bragðavalla í landi sunnan Hamarsár sé á móti  $\frac{1}{4}$  eignarhluta Hamars í landi norðan Hamarsár. Í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Samkvæmt kafla 7.19 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði séu svokallaðar Hamarsbætur, en óskipt land Melrakkness og Bragðavella sunnan Hamarsár og á sker inn og upp fellur þar undir.

Landeigandi hafnar hvers kyns lagasjónarmiðum um að innri merki Bragðavalla við Gufugil raski eignarréttarlegri stöðu lands þar fyrir innan. Bragðavellir voru hjáleiga Melrakkness og afmörkun landamerkja hjáleigunnar hvíldi á því að hún er stofnuð úr eignarlandi Melrakkness. Ekkert tilefni er til að telja að það land hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, en með landamerkjabréfum jarðanna var ákveðið að landið innan við Gufugil yrði óskipt eign jarðanna, í hlutföllunum  $\frac{1}{4}$  og  $\frac{3}{4}$  og vísað til nota þess sem afréttar.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður í Hamarsfirði leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi í Hamarsfirði sé skýr, hvað varðar þann þátt að allur Hamarsdalur hafi verið numinn. Ekki verða dregnar aðrar ályktanir af afmörkun á landnáminu en það hafi tekið til Hamarsdals, eins og vötnum hallar til Hamarsár. Gæta ber að því að inn af Hamarsdal lá mikilvæg þjóðleið til Héraðs um svokallað Sviðinhornahraun.

Heimildirnar um byggð og nýtingu Hamarsdals endurspegla í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi, þar sem merki miðast jafnan við vatnaskil. Frá jörðinni Melrakknesi hefur öll nýting Hamarsdals, sunnan Hamarsár, farið fram, t.a.m. með uppbyggingu sela og afbýla eins tilefni var til, þ.m.t. fyrir innan land Bragðavalla, sbr. t.d. Kálfeyri.<sup>6</sup> Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarland sem þær hafa þurft og engar heimildir um samnotaafrétti. Sannarlega er afmörkun lands hjáleigunnar Bragðavalla ekki dæmi um slíkt, heldur ber með sér að um landskipti hafi verið að ræða þar sem hvor jörð fengi hlutfallslegan eignarrétt í óskiptu landi, sem áður tilheyrði Melrakknesi.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

<sup>6</sup> Kálfeyrar örnefni eru innan þjóðlendukröfu. Í fornleifaskráningu f. Hamarsfjörð frá 2020, þótt nákvæm staðsetning sé þekkt. Í skýrslunni segir m.a.: Einnig eru heimildir um 10 fornbyli (Eiðishólshjáleiga, Einarsgil, Fossbrekkur, Helgusel, Jónssel, Karlstættur, Kálfeyri, Krosshóll, Refsstaðir og Selhússtaðir) í dalnum. Staðsetning fæstra þeirra er þekkt í dag og segja heimildir að sum þeirra hafi eyðst af landbroti Hamarsár. Eina býlið sem fannst við skráningu voru Fossbrekkur [2366-60] í landi Bragðavalla en Refsstaðir [2366-14] í landi Hamarssels hurfu undir skriðu árið 2017.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttarlands, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land Melrakkaness og Bragðavalla. Þá liggur ekki fyrir að svæðið hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Voggi gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>7</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Vísun til afrétta sunnan Hamarsár er til slíkra nota og aðstæðna.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>8</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>9</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt<sup>10</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Bragðavalla og Melrakkaness falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir, ef frá er talinn svokallaður máldagi frá 1521. Það skjal hefur verið talið falsbréf og verður ekki á því byggt. Ekki verður byggt á fölsuðu skjali um ályktanir um eignarréttarlega stöðu lands. Óbyggðanefnd getur ekki tekið slíka sönnunarfærslu til greina. Ekki standa rök til annars en að eignarréttarleg staða Hamarsdals inn og upp á sker, þ.e. með vísan til vatnaskila, sé hin sama og Fossárdals, sem er næsti dalur fyrir norðan.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda er mörkin miðuð við sker sem eru að hluta skýr frá botni Hamarsdals og glögg öllum þeim kynslóðum sem hafa nýtt landið frá landnámi. Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að takmarkaðar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

<sup>7</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>8</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>9</sup> Bls. 114-120.

<sup>10</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið véfengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalög nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeigenda

  
Jón Jónsson hrl.  
~~kt. 090976-5249~~  
Jón Jónsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeigendum





Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. júní 2022

## KRÖFULÝSING FYRIR ÓBYGGÐANEFND SVÆÐI 11

Með vísan til tilkynningar frá óbyggðanefnd og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, er hér með lýst neðangreindri kröfu.

### Kröfuna gera:

Heiðarlax ehf., kt. 571204-2580, fyrirsvarsmaður Rudolf Walter Lamprecht, kt. 020955-2449, vegna **Geithellna 1**, landeignanúmer L159331, fasteignanúmer F2179593 og **Geithellna 2**, landeignanúmer L159332, fasteignanúmer F2179605, **Virkishólasels**, landeignanúmer L159355, fasteignanúmer F2179763 og **Kambssels**, landeignanúmer L159342, fasteignanúmer F2109667, og

Stefán Gunnarsson, kt. 040762-3539 og Hrafnhildur Kristjánsdóttir, kt. 121156-5989, vegna **Blábjarga**, fasteignanúmer F2179557.

Ofangreindir landeigendur (saman „landeigendur“ eða „umbjóðendur mínir“) eiga hluta Geithellnadals í óskiptri sameign og standa því saman að kröfugerð vegna þess landsvæðis (fskj. 1).

Löndin eru öll innan staðarmarka Geithellnadals, Austfjörðum (svæði 11).

**Fyrirvar:** Sigurður Örn Hilmarsson hrl. Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd jarðeigenda.

### I Kröfugerð

1. Aðalkrafa landeigenda er, að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra yfir allt það land innan kröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnt er afréttarland Geithellnadals, þ.e. landsvæðinu Geithellnadal. Tekið skal fram að á kröfulínukorti íslenska ríkisins er landsvæðið nefnt Geithellnadalur.
2. Kröfusvæði ríkisins sem nefnt er afréttarland Geithellnadals er lýst með eftirfarandi hætti í kröfugerð ríkisins:

*„Upphafspunktur er í Þrándará (1) og er ánni fylgt upp á fjallseggjar, allt upp á Lambatungusker (2). Þaðan er fjallseggjum yfir á Þrándarjökul og Jökulhæð vestur að svæðismörkum (3). Frá svæðismörkum aftur austur að stöðuvatni því sem ræður upptökum Geithellaár (4) og þaðan eftir Geithellaá niður í upphafspunkt.“*

3. Kröfum ríkisins innan téðra merkja er mótmælt. Landsvæðið sem kröfugerð þessi nær til nær frá sjó við Álftafjörð og inn að sýslumörkum, á milli landamarka Geithellnadals við Múladal annars vegar og Snædals og Hamarsbóta hins vegar. Innan landsvæðisins er meðal annars allt það land sem fellur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er Afréttarland Geithellnadals. Kröfum sínum til stuðnings vísa landeigendur m.a. til framlagðra landamerkjabréfa, auk annarra heimilda um landamerki og inntak eignarréttar á hinu umþrætta svæði.
4. Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda í heild eða hluta. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. veiðiréttindi í Geithellnaá, sem og öðrum ám, vötnum og við sjó, á landinu.
5. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.
6. Vísað er til uppdráttar sem unninn verður samhliða kröfulýsingar þessari. Umbjóðendur mínir gera þann fyrirvara að enn á eftir að ljúka við að rita kröfur inn á kröfulínukort. Verður þeirri vinnu lokið hið fyrsta og upplýsingum komið áleiðis til óbyggðanefndar þar um. Umbjóðendur mínir bíða aðstoðar Landforms sem sér um kortagerðina skv. upplýsingum frá óbyggðanefnd, og hefur fengist staðfest að skila megi inn kröfulínukorti síðar (fskj. 2).

## II Málavextir

7. Með bréfi óbyggðanefndar 20. apríl 2021, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 11 til meðferðar og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendum á svæðinu til 8. október 2021. Var fresturinn framlengdur nokkrum sinnum og síðast til 25. janúar 2022.
8. Svæðið afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar 20. apríl 2021.

*„Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfjólts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlapings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til*



*komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornarfjarðar en mörkum þess og Múlapings er síðan fylgt suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.“*

9. Þann 25. janúar 2022 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á ofangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá sem teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd.

10. Kröfusvæðið er afmarkað með eftirfarandi hætti í kröfulýsingu ríkisins:

*„Upphafspunktur er í Þrándará (1) og er ánni fylgt upp á fjallseggjar, allt upp á Lambatungusker (2). Þaðan er fjallseggjum yfir á Þrándarjökul og Jökulhæð vestur að svæðismörkum (3). Frá svæðismörkum aftur austur að stöðuvatni því sem ræður upptökum Geithellaár (4) og þaðan eftir Geithellaá niður í upphafspunkt.“*

11. Við afmörkun þjóðlendukröfulínu ríkisins segir í kröfulýsingu ríkisins að litið hafi verið til lýsingar í landamerkjabréfi Geithellna, en tekið er fram í kröfulýsingu ríkisins að spássíur bréfsins hafi rifnað þó nokkuð í tímanna rás og því vanti hluta inn í lýsinguna. Merkjum afréttarlandsins er þar lýst með eftirfarandi hætti:

*„Geithellar eiga allt land í Geithellradal austan Geithellaár, utan frá sjó og inná Öraefi þangað til vötnum hallar til austurs.*

*[...] tilkall til afréttarlands Geithellnadals [vantar] frá Þrándará og allt á sker upp ef til þeim takmörkunum [vantar] eru greind.“*

12. Umbjóðendur mínir telja til eignarréttinda á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar teljist til þjóðlendna í skilningi laga nr. 58/1998. Er jarðeigendum því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

### III Málsástæður

13. Kröfum ríkisins innan téðra merkja er mótmælt. Byggja umbjóðendur mínir á því að stangist hnitsettir punktar eða uppdrættir samkvæmt þeim á við þinglýst landamerkjabréf, önnur heimildarskjöl eða vatnaskil, skulu þau gilda við afmörkun eignarlands á þessum slóðum, en ekki hnitsettir punktar eða uppdrættir ríkisins.
14. Landamerkjabréf þau er ríkið byggir kröfu sína á og er að finna í þegar öfluðum gögnum hjá óbyggðanefnd eru töluvert afmáð og vantar mörg orð í þau. Meðfylgjandi kröfu þessari er að finna sömu landamerkjaskrá, sem er talsvert skýrari.
15. Jörðinni Geithellum, er í landamerkjabók frá 1883 m.a. lýst með eftirfarandi hætti (fskj. 3) (áherslumerkingar undirritaðs lögmanns):

„Geithellrar eiga allt land í Geithellradal austan Geithellaár, utan frá sjó og inná Öræfi þangað sem vötnum hallar til austurs og er Geithellraáin takmarkalína að sunnan frá uppsprettu þeirri, er hún rennur úr, út í svo kallaðan Gribbalda yst og austast á Múlahrygg, þar eru hlaðnar 2 vörður og hin þriðja yst út við leirur austanvið Múlahólma, þegar þessar 3 vörður standast á eftir beinni sjónhending af sjó á Gribbalda þá er hin rétta landamerkjalinna milli Múladals og Geithellnadals séð, hvernig sem áin fellur eftir hólmunum. Milli Melrakkaness og Geithellra eru þessi landamerki að norðan fjallseggjar innan af Skerjum og útá Melrakknesfjall og að austan: Stekkáin beina sjónhending frá því hún fellur fram af efsta klettabelti í fjallinu sem sést að neðan og í ós árinna við sjóinn, þegar þessi lína er dregin beint af sjó liggur hún rétt utanvið austasta horn Stekkhólmanna og í áarósinn og svo vörður er hlaðnar eru utan við Stekkána í beinni línu þarsem hún fellur ofan af fjallsbrún.“

16. Síðar í sömu heimild segir um hluta landsins er þá var kallaður „fátækrapartur Geithellnahrepps“ (áherslumerkingar undirritaðs lögmanns):

„Nú er þessum parti úr skipt og hefur hann sín landamörk fyrir sig, svo hvert sem eykst eða eyðist er það hreppsins tap eða ávinnings, land það er þessum parti er skipt er sérstakt kot, svo kallað Kambssel. Það á nú allt land milli Kambsfellsgils og Þrándarár, allmikið land og gott, töluvert skógi vaxið, auk þess á það eftir jarðarmagni og jarðardýrleika tilkall til afréttarlands Geithelladals, sem telst frá Þrándará allt á Sker upp eftir þeim takmörkunum, sem áður eru greind.“

17. Í sömu heimild segir einnig:

„Geithellrar eiga selveiði alla fyrir sínu landi og reka, ef nokkur bæri að landi, selveiði í firðinum, lúru og silungsveiði eins og eggvershólma svokallaðan Skeljateigur.“

18. Í athugasemdum og viðbótum í Örnefnaskrá frá 1988, skráð af Helgu Björgu Jónsdóttur, er að finna ýmsar skýringar á örnefnum í Geithellnadal, þ.á m. Sunnu, Sunnutind og Skeri (fskj. 4). Eru athugasemdir og viðbætur þessar meðfylgjandi til frekari skýringa á ofangreindu landi í eigu umbjóðenda minna. Skýringar þessa sýna fram á það að landeign umbjóðenda minna nær a.m.k. upp að Þrándará, sem rennur úr Þrándarjökli. Sker er þar enn ofar.

19. Geithellum er lýst í ritinu „Sveitir og jarðir í Múlaþingi“ sem gefið var út árið 1976 (fskj. 5) með eftirfarandi hætti (áherslubreytingar undirritaðs lögmanns):

„Landamörk við Melrakknes eru við Stekká, og síðan ráða vatnaskil alla leið norðvestur að hreppa- og sýslumörkum við Fljótsdal á Hrauni. Vegalengd milli marka er samkvæmt korti um 33 km og á þeirri leið

*Þrándarjökull (1248 m) og innan við hann Jökulhæð á Hrauni (967 m). Að suðvestan deilir Geithellnaá mörkum út á móts við Múlahrygg og þaðan með austurlandinu til sjávar. Innan þessara marka eru Virkishólasel og Kambsel, a.m.k. hið fyrrnefnda án lögformlegra marka, og ennfremur land nýbýlisins Blábjargá. Árið 1927 var jörðinni skipt, nema afréttarlandinu, í G I (útpartur) og G II (frampartur). Skiptin eru um Magnúsargil og niður í Hól við ána. Aftur var G I skipt 1968 og stofnað nýbýlið Blábjörg. Jörðin var og er bændaeygn, nema hvað 2 hundruð voru fátækraeygn hreppsins (J '47). Árið 1918 eru eigendur fjórir og ekki gerið fátækrahundraðanna (F '18). Nú eru bæði býlin í sjálfsábúð.*

20. Af ofangreindu er ljóst að landeygn umbjóðenda minna nær að sýslumörkum við Fljótsdal á Hrauni.
21. Í ritinu „Sveitir og jarðir í Múlabingi“ er einnig að finna umfjöllun um Kambsel (fskj. 5), þar segir m.a. (áherslumerkingar undirritaðs lögmanns):

*„Mörk við Geithella eru við Kambgil og frá gílinu þvert niður í Geithellnaá yst á svonefndri Svæluskríðu. Innmörk eru við Þrándará, en þar inn af afrétt K og Geithella óskipt.“*

22. Landeygn Kambsels nær samkvæmt ofangreindu að Þrándará, sem rennur úr Þrándarjökli. Inn af landi Kambsels er óskipt sameignarland Geithella og Kambsels líkt og þarna kemur fram og annars staðar. Umtalað afréttarland Geithellnadals er því sameiginlegt eignarland landeigenda í dalnum.
23. Geithellum er einnig lýst í „Menningarminjum í Djúpavogshreppi“, svæðisskráningu fornleifafræðingsins Sædísar Gunnarsdóttur, frá 2004 sem fylgir kröfu þessari (fskj. 6).
24. Hluti ofangreinds landsvæðis var áður í eigu íslenska ríkisins, en hefur verið selt. Þessu til stuðnings fylgja kaupsamningar og afsöl (fskj. 7), m.a. kaupsamningur/afsal frá árinu 2020 um jörðina Blábjörgu en þar segir m.a.:

*„Jörðinni skulu fylgja þau réttindi sem tilheyra jörðinni Blábjörgu, svo sem í Geithellnadal.“*

25. Samkvæmt ofangreindu telja umbjóðendur mínir til beins eignarréttar yfir öllu því landi sem lýst er innan kröfusvæðir íslenska ríkisins í Geithellnadal, samkvæmt ofangreindum lýsingum í landamerkjaskrá og öðrum heimildum. Jafnframt telja umbjóðendur mínir til óbeins eignarréttar yfir ofangreindu landi öllu, í samræmi við eignarhluta, svo sem til upprekstrar og veiði í Geithellnaá og öðrum ám, vötnum og við sjó í Álftafirði. Landeigendur eiga einnig þann hluta Þrándarjökuls sem liggur innan landsvæðis í eigu umbjóðenda minna. Vísað er til uppdráttar á kröfulínukorti landeigenda.

#### IV Heimildir og gögn

26. Kröfur sínar byggja umbjóðendur mínir á þinglýstum skjölum og landamerkjabréfum fyrir umrædd landsvæði, þ. á m. veðbókarvottorðum sem segja til um eignarhald, kaupsamningum og afsölum. Þá byggja þeir kröfur sínar á kafla um Geithella, Virkishólasel, Kambssel og Blábjörgu, úr ritinu „Sveitir og jarðir í Múlapingi“ frá 1976, örnefnaskrá frá 1988 og „Menningarminjum í Djúpavogshreppi“ frá 2004.

#### V Lagarök

27. Til stuðnings kröfum sínum vísa umbjóðendur mínir til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkun 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísa landeigendur til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973. Landeigendur vísa enn fremur til ákvæða laga um hefð nr. 46/1905 og til vatnalaga nr. 15/1923. Þá vísa landeigendur til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998. Landeigendur vísa og til landamerkjalaga nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni nr. 5/1882, sem og til girðingarlaga nr. 135/2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10/1965. Umbjóðendur mínir vísa loks til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

#### VI Áskilnaður

28. Umbjóðendur mínir áskilja sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð landeigenda til óbyggðanefndar. Þá áskilja landeigendur sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Loks áskilja landeigendur sér allan rétt til þess að gera kröfu um allan þann kostnað sem þeir hafa og kunna að verða fyrir, við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllt,

Linda Í. Emilsd.

Linda Íris Emilsdóttir, fulltrúi

f.h. Sigurðar Arnar Hilmarssonar, lögmanns

Réttur lögmannsstofa

### Skrá yfir fylgiskjöl

1. Þinglýstir kaupsamningar og afsöl sem sýna að umrætt land sem kröfugerð ríkisins nær til, er í óskiptri sameign milli landanna.
2. Staðfesting frá óbyggðanefnd í tölvupósti á því að kortagerð megi klára síðar.
3. Landamerkjaskrá frá 1883.
4. Örnefnaskrá, athugasemdir og viðbætur Helgi Bjargar Jónsdóttur frá 1988.
5. Sveitir og jarðir í Múlaþingi, útgefið 1976.
6. Menningarminjar í Djúpavogshreppi, útgefið 2004.
7. Kaupsamningar og afsöl við íslenska ríkið.



Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. júní 2022

**KRÖFULÝSING  
FYRIR ÓBYGGÐANEFND  
SVÆÐI 11**

Með vísan til tilkynningar frá óbyggðanefnd og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, er hér með lýst neðangreindri kröfu.

**Kröfuna gera:**

Þeba Björt Karlsdóttir, kt. 261272-4749 og Ragnildur B. Traustadóttir, kt. 031262-4429, vegna **Múla 1**, landeignanúmer L159345, fasteignanúmer F2179682,

Þeba Björt Karlsdóttir, kt. 261272-4749, vegna **Múla 1A**, landeignanúmer 225072, fasteignanúmer F2217341,

Dagný Rögnvaldsdóttir, kt. 310157-5389, og Heiðarlax ehf., kt. 571204-2580, fyrirvarsmaður Rudolf Walter Lamprecht, kt. 020955-2449, vegna **Múla 2**, fasteignanúmer F2179690,

Heiðarlax ehf., kt. 571204-2580, fyrirvarsmaður Rudolf Walter Lamprecht, kt. 020955-2449, vegna **Múla 3**, landeignanúmer L159348, fasteignanúmer F2179701.

Löndin eru öll innan staðarmarka sem nefnd eru „Hofsjökull og Staðarafrétt“ í lýsingu óbyggðanefndar og kröfulýsingu ríkisins, og eru á Austfjörðum (svæði 11).

Bænum Múla hefur verið skipt undir nokkra bæi en ofangreindir landeigendur (saman „landeigendur“ eða „umbjóðendur mínir“) eiga landsvæðið inn Múladal saman og standa því saman að kröfugerð vegna þess landsvæðis (fskj. 1).

**Fyrirvar:** Sigurður Örn Hilmarsson hrl., Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd landeigenda.

## I Kröfugerð

1. Aðalkrafa landeigenda er, að óbyggðanefnd viðurkenni óskiptan beinan eignarrétt þeirra yfir hluta þess lands innan kröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnt er Hofsjökull og Staðarafrétt, þ.e. landsvæðinu Múladal.
2. Kröfusvæði ríkisins sem nefnt er Hofsjökull og Staðarafrétt er lýst með eftirfarandi hætti í kröfugerð ríkisins:

*„Upphafspunktur er á svæðismörkum í miðjum Hofsjökli (1). Þaðan er svæðismörkum fylgt til norðurs og vesturs á vatnaskil vestan við upptök Geithellnaár (2), síðan í upptök árinna og eftir Geithellnaá þar til Marklækur rennur í ána (3). Þaðan er Marklæk fylgt að upptökum á Öxlum (4) og þaðan suður í Hofsdal eftir Bótarlæk (4) niður í Hofsa (5). Úr Hofsa upp Hvannstóðshjalla (6) og á Stakk (7) og þaðan niður með Kolbrekkugili í Suðurá (8). Er Suðurá fylgt til austurs þar til Partsgil rennur í hana, en þaðan er Partsgili fylgt upp að upptökum á Partstind (9) á svæðismörkum. Er svæðismörkum fylgt aftur á upphafspunkt.“*

3. Kröfugerð ríkisins innan téðra marka er mótmælt. Landsvæðið sem kröfugerð þessi nær til nær frá sjó við Álftafjörð og inn að sýslumörkum, á milli landamarka Múladals við Hofsdal annars vegar og Geithellnadal hins vegar. Sá hluti landsins sem er innan kröfugerðar ríkisins á upphafspunkt á milli punkta 1 og 2 í kröfugerð ríkisins, við Sker við sýslumörk, og nær alveg yfir punkta 2, 3 og 4. Rétt norðan við punkt 5, við Kleifarmúla, er lína dregin yfir Hrossatinda aftur að sýslumörkum í upphafspunkt. Kröfum sínum til stuðnings vísa landeigendur m.a. til framlagðra landamerkjabréfa, auk annarra heimilda um landamerki og inntak eignarréttar á hinu umþrætta svæði.
4. Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda í heild eða hluta. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. veiðiréttindi í Geithellnaá, sem og öðrum ám, vötnum og við sjó, á landinu.
5. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.
6. Vísað er til uppdráttar sem unninn verður samhliða kröfulýsingu þessari. Umbjóðendur mínir gera þann fyrirvara að enn á eftir að ljúka við að rita kröfur inn á kröfulínukort. Verður þeirri vinnu lokið hið fyrsta og upplýsingum komið áleiðis til óbyggðanefndar þar um. Umbjóðendur mínir bíða aðstoðar Landforms sem sér um kortagerðina skv. upplýsingum frá óbyggðanefnd, og hefur fengist staðfest að skila megi inn kröfulínukorti síðar (fskj. 2).



## II Málavextir

7. Með bréfi óbyggðanefndar 20. apríl 2021, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 11 til meðferðar og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 8. október 2021. Var fresturinn framlengdur nokkrum sinnum og síðast til 25. janúar 2022.
8. Svæðið afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar 20. apríl 2021:
- „Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlaþings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornarfjarðar en mörkum þess og Múlaþings er síðan fylgt suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.“*
9. Þann 25. janúar 2022 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á ofangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá sem teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd.
10. Kröfusvæðið er afmarkað með eftirfarandi hætti í kröfulýsingu ríkisins:
- „Upphafspunktur er á svæðismörkum í miðjum Hofsjökli (1). Þaðan er svæðismörkum fylgt til norðurs og vesturs á vatnaskil vestan við upptök Geithellnaár (2), síðan í upptök árinna og eftir Geithellnaá þar til Marklækur rennur í ána (3). Þaðan er Marklæk fylgt að upptökum á Öxlum (4) og þaðan suður í Hofsdal eftir Bótarlæk (4) niður í Hofsa (5). Úr Hofsa upp Hvannstóðshjalla (6) og á Stakk (7) og þaðan niður með Kolbrekkugili í Suðurá (8). Er Suðurá fylgt til austurs þar til Partsgil rennur í hana, en þaðan er Partsgili fylgt upp að upptökum á Partstind (9) á svæðismörkum. Er svæðismörkum fylgt aftur á upphafspunkt.“*
11. Við afmörkun þjóðlendukröfulínu ríkisins segir í kröfulýsingu ríkisins að litið hafi verið til lýsingar í landamerkjabréfum Geithellna, Múla, Hofsa og Flugustaða. Jafnframt segir að litið hafi verið til staðarháttar og afmörkunar á landsvæði norðan og austan Jökulsár á Lóni sem úrskurðað var þjóðlenda samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 5/2001, en svæðið er aðliggjandi kröfusvæðinu til austurs og suðurs.
12. Umbjóðendur mínir telja til eignarréttinda yfir hluta þess landsvæðis sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðar umbjóðenda minna teljist til þjóðlendna í skilningi laga nr. 58/1998. Er landeigendum því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

### III Málsástæður

13. Kröfum ríkisins innan téðra merkja er mótmælt. Byggja umbjóðendur mínir á því að stangist hnitsettir punktar eða uppdrættir samkvæmt þeim á við þinglýst landamerkjabréf, önnur heimildarskjöl eða vatnaskil, skulu þau gilda við afmörkun eignarlands á þessum slóðum, en ekki hnitsettir punktar eða uppdrættir ríkisins.
14. Í kröfulýsingu sinni vísar íslenska ríkið til landamerkjabréfa Múla, en krefjast þó lands sem er í þeim landamerkjum lýst innan Múladals og í eigu Múla. Jörðinni Múla í Hofssókn í Geithellnahreppi innan Suður-Múlasýslu er lýst með eftirfarandi hætti í Landamerkjaskrá frá 27. júní 1885 (fskj. 3) (áherslumerkingar undirritaðs lögmanns):

*„Jörðin Múli á allt það land, sem hjer greinir landamörk að austan milli Geithellna og Múla er svo nefnd „Geithellna-á“ frá upptökum hennar og allt út að „Gribbalda“ eða útundur „Múlahólma“, þaðan ræður merkjalína eptir hlöðnum vörðum, þannig að það er hlaðin varða á háum ás eða hrauni og svo önnur varða á miðjum áraurnum og hin þriðja við sjó út, þetta eru föst landamörk hvernig sem áin kann að kasta sjer eptir hólmunum.*

*Landamörk að sunnan milli Múla og Hofa eru þessi röðlar á fjallgarði þeim er aðskilur Hofsdal og Múladal allt af innskerjum eptir því sem vötnum hallar og allt út á ystu hæð á „Hádegisfjalli“ sem er yst á fjallgarði þessum, utan í fjalli því heita „Arnarhamrar“ og í þeim er dökkur klettur, sem kallaður er „Votaberg“ og frá miðju „Votabergi“ er dregin bein lína landamerkjálína yfir háls þann og hraun, sem liggur utanvert við fjallið allt að sjó, og eru hlaðnar vörður til glöggvunar mörkum þessum vörðurnar eru tvær, sú varða, sem næst stendur fjallinu er hlaðin á hrauni því sem næst er svonefndu „Stekkatúnshrauni“ norðaustan við það, önnur varða er hlaðin á einstöku hrauni við sjó út norðaustanvert við kotbæin „Hærukollsnes“. Engjamörk á Króksmýri og Kolskógsmýri milli Múla og Hofshjáeigu Hærukollsnes skulu vera hin sömu, sem verið hafa.“*

15. Múla er nánar lýst í ritinu „Sveitir og jarðir í Múlaþingi“, sem útgefið var árið 1976, (fskj. 4) með eftirfarandi hætti (áherslumerkingar undirritaðs lögmanns):

*„Land M er í Múladal, eins og dalurinn heitir sunnan ár, nær utan frá Álftafirði, inn milli Geithellnaár og Hrossatinda og allt vestur á Hraun að hreppa- og sýslumörkum við Fljótsdal og Lón (Bæjarhrepp) um 29 km. vegalengd.“*

16. Land Múla nær samkvæmt ofangreindu meðfram Hrossatindum, allt vestur á Hraun og að sýslumörkum við Fljótsdal og Lón. Landamerki milli Múladals og Hofsdals liggur á ofanverðum Hrossatindum að Hrauni, yfir Hraun og að sýslumörkum við

Sker, meðfram sýslumörkum til norðurs og vesturs og þar að landamörkum við Geithellnadal.

17. Síðar í sömu heimild segir (áherslumerkingar undirritaðs lögmanns):

*„Bærinn mun draga nafn sitt af fjallsmúlanum milli Múladals og Hofsdals. Fjallgarðurinn er heldur lægri en fjalllendið norðan Geithellnadals, yst er Hádegisfjall (245 m) suður og upp af Múlabæjunum, skammt fyrir innan Goðatindur (823 m), síðan tindaröð inn á Flötufjöll (911 m), þar sem lægð er í fjallgarðinn utan við Axlir (829 m) og Hrossatinda (1037 m). Háls (796 m) er norðar en merktur er á korti, hann gengur fram milli Ytri- og Innri-bóta, sem eru graslendi við dalstafn suðvestur af Þrándarjökli. Hraun heitir þar sem Háás er merktur á korti, segir heimildamaður. Fjallgarðurinn er með grunnum skörðum milli tinda, hlíðar giljóttar utan til, klettóttar og skriðrunnar, en betri umferðar innar.“*

18. Samkvæmt ofangreindri lýsingu er Hraun þar sem Háás er merktur á korti. Háás er innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, en er samkvæmt ofangreindu hluti af Múladal sem er í eigu Múla.
19. Múla er lýst í „Menningarminjum í Djúpavogshreppi“, svæðisskráningu fornleifafræðingsins Sæðisar Gunnarsdóttur, frá 2004 (fskj. 5) með eftirfarandi hætti:

*„Múli á allan Múladal (Sunnan Geithellnaár) frá Álftafirði og að sýslumörkum á Hrauni.“*

20. Hér skal tekið fram að í Múladal er engar afréttir, einungis eignarlönd. Á eignarlöndunum hefur hver smalað fyrir sig, sinn dal og fjöll og eru göngur ekki á sama tíma. Landsvæðið er nefnt í kröfugerð ríkisins „Hofsjökull og Staðarafrétt“, en engar afréttir eru í landi Múladals.
21. Í örnefnaskrá frá 1968, skráð af Guðmundi Björnssyni, er Múla lýst sem landmikilli jörð. Er jörðinni m.a. lýst með eftirfarandi hætti (fskj. 6):

*„Múli á land frá sjó í Álftafirði, eftir landamerkjaskrá, inn Múladal, þangað sem dalinn þrýtur við Innri-Bót á Hrauni, og liggur dalurinn frá suðaustri til norðvesturs, eins og aðrir dalir í Álftafirði. Austurmörk jarðarinnar eru Geithellnaá milli Múla og Geithella, sem á upptök sín í Vatni á Hrauni, og ræður áin mörkum út á Gripalda. Þaðan ræður merkjalína eftir hlöðnum vörðum, þannig, að það er hlaðin varða á háum ás eða hrauni á Gripalda, rétt norðaustur við ána, og er kölluð Alda, og svo önnur varða á miðjum rananum og hin þriðja við sjó út. Þetta eru föst landamerki, hvernig sem áin kann að kasta sér eftir hólmunum.“*

*Landamörk að sunnan (vestan) milli Múla og Hofa eru þessi: Röðlar á fjallgarði þeim, er aðskilur Hofsdal og Múladal allt af innskerjum eftir því sem vötnum hallar allt út á Hádegisfjall, sem er yzt á fjallgarði þessum. Utan í fjalli því heita Arnarhamrar og í þeim er dökkur klettur, sem kallaður er Votaberg, og frá miðju Votabergi er dregin bein lína, landamerkjalinna, yfir háls þann og hraun, sem liggur utanvert við fjallið, allt að sjó, og eru hlaðnar vörður til glöggvunar mörkum þessum. Vörðurnar eru tvær, sú varða sem næst stendur fjallinu, er hlaðin á hrauni því, sem næst er svonefndu „Stekkjatúnshrauni“ norðaustan við það; önnur varða er hlaðin á einstöku hrauni við sjó út norðaustanvert við kotbæinn Hærukollsnes.“*

22. Samkvæmt ofangreindu telja umbjóðendur mínir til beins eignarréttar yfir því landi sem lýst er frá punktum 2-4, hluta þess lands sem liggur á milli punkta 4 og 5, norðan við Kleifarmúla yfir Hrossatinda þvert yfir að sýslumörkum, þ.e. á milli punkta 1 og 2, við Sker, samkvæmt lýsingum úr landamerkjaskrá frá 1885, ritinu „Sveitir og jarðir í Múlabingi“ frá 1976, svæðisskráningunni „Menningarminjum í Djúpavogshreppi“ frá 2004 sem og örnefnaskrá frá 1968. Jafnframt telja umbjóðendur mínir til óbeins eignarréttar yfir ofangreindu landi öllu, svo sem til upprekstrar og veiði í Geithellnaá og öðrum ám, vötnum og við sjó í Álftafirði. Vísað er til uppráttar á kröfulínukorti landeigenda.

#### IV Heimildir og gögn

23. Kröfur sínar byggja umbjóðendur mínir á þinglýstum skjölum og landamerkjabréfum fyrir umrædd landsvæði, þ. á m. veðbókarvottorðum sem segja til um eignarhald. Þá byggja þeir kröfur sínar á kafla um Múla úr ritinu „Sveitir og jarðir í Múlabingi“ frá 1976, örnefnaskrá frá 1968 og „Menningarminjum í Djúpavogshreppi“ frá 2004.

#### V Lagarök

24. Til stuðnings kröfum sínum vísa umbjóðendur mínir til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkun 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísa landeigendur til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973. Landeigendur vísa enn fremur til ákvæða laga um hefð nr. 46/1905 og til vatnalaga nr. 15/1923. Þá vísa landeigendur til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998. Landeigendur vísa og til landamerkjalaga nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni nr. 5/1882, sem og til girðingarlaga nr. 135/2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10/1965. Umbjóðendur mínir vísa loks til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

## VI Áskilnaður

25. Umbjóðendur mínir áskilja sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð landeigenda til óbyggðanefndar. Þá áskilja landeigendur sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Loks áskilja landeigendur sér allan rétt til þess að gera kröfu um allan þann kostnað sem þeir hafa og kunna að verða fyrir, við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst,

Linda Í. Emilsd.

Linda Íris Emilsdóttir, fulltrúi

f.h. Sigurðar Arnar Hilmarssonar, lögmanns

Réttur lögmannsstofa

### Skrá yfir fylgiskjöl

1. Landskiptagjörð dags. 11. september 1968.
2. Staðfesting frá óbyggðanefnd í tölvupósti á því að kortagerð megi klára síðar.
3. Landamerkjaskrá frá 27. júní 1885.
4. Sveitir og jarðir í Múlaþingi, útgefið 1976.
5. Menningarminjar í Djúpavogshreppi, útgefið 2004.
6. Örnefnaskrá, 1968, heimildarmenn Guðmundur Björnsson, Rögnvaldur Karlsson og Jón Karlsson.



## Kröfulýsing

til

### óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 1. febrúar 2022, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

**JÖRÐ:** Hof í Álftafirði, fnr. 2179647, Lnr. 159337, Múlaþingi

**EIGENDUR:** Jörðin er í eigu Þiðrandi ehf., kt. 620200-3870.

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá Þiðrandi ehf.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Hofs í Álftafirði, Múlaþingi**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjaskrá prestsetursins Hofs í Álftafirði með hjáleigum Hærukolsnes, Rannveigarstaðir, Tunguhlíð og Markúsarsel, dags. 13. maí 1885 og þinglýst á Djúpvogargarmanntalsþingi 2. júlí 1885, þar sem segir um jörðina:

*Úr sjó ræður milli Hofs og kirkjujarðar Hofs-Flugustaða, kýll sá er liggur milli „Breiðengis“ og „Flóðhólma“ að ytra hrófi, frá „Ytrahrófi“ suðurkvísl Hofsár fyrir sunnan „Breiðengi“, „Breiðeingishólma“ og Odda. – Frá Oddum ræður „Hofsá“ inn dalinn allt til „Jökulfells“.* –

*Frá Jökulfelli er dregin lína í norðurbrún Hofsjökuls, þaðan ráða eggjar og röðlar á fjallgarðinum allt að „Votabergi“ í miðjum Múlahálsi.* –

*Sem landamerkjalinna milli Hofskirkjulands og bændaeygnarinnar Múla er frá nefndu „Votabergi“ bein lína dregin í vörðu, sem stendur á hrauni, sem er næsta hraun fyrir austan „Stekkatúnshraun“, þaðan bein lína í vörðu, sem stendur í einstöku hrauni við vik mjótt, sem aðskilur landið frá hraunbelti eða hrauntanga hálandum, er skagar út í sjó í suður og austur frá Hærukollsnesbæ, og nefnist „Hærukollsnesbjörg“, sem er Hofskirkjuland. Engjamörkin eru hin sömu á „Kolaskógsmýri“ eða „Króksmýri“ milli Múla og Hærukollsness; (Hofskirkjulands) sem verið hafa.* –

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Hof í Álftafirði**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

### MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 1. febrúar 2022 var skorað á eigendur jarða í Múlaþingi og Fjarðarbyggð, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

### SAGA JARÐAR:

Hinn 17. júní 1694 lögfesti sr. Guðmundur Högnson jörðina **Hof** með Flugustöðum. Lögfestan er til í afriti frá 1839 og er efni hennar svohljóðandi:



Logfesta

Prestsins Sr. Gudmunda Högnasonar af 17da junii 1694

Jeg Gudmundur Hognason, tiltruadr Prestr Hofskyrkiu í Alptafyrði, Lögfesti hér í Dag, undir Dánumanna heyrn þá Konungsins og Krónunnar Eign, Stadin Hof og alt hans heimaland, með Kyrkjujordinni Flugustöðum til þessara Ummerkja: a Nyrðri Sidu í Votabergid í midjum Múla Hálsi, og rettsínis ofani grástein, sem stendr fyrir ofan Hærukollsnes; á syðri Sidu alt ad Landamerkjum milli Starmýrar og Flugustada, hvar Vördum rædur klifbrúninn uppí háfjallsöxl, og réttsynis ofaná Lá, svosem hún tilvisar, Lögfesti jeg allann Reka utannfiardar, millum Markskérs og Melrackaness ítem Fiordúng í ollum Reka við Starmýringa, ítem Selveidi alla hálfu innannfiardar við Þvottá, utan þá, er Geithellar éga, og fiordung í Útseladrápum, í einni Summa: Lögfesti jeg Stadarins Landeign réttsynis til fjalls og fíoru í öllum Hofskyrkju Eignum og Itokum, eptir frekasta Laganna Leifi, og Yfirvaldsin streingilegri befallingu, einkum Akra og Tödu, Eingjar og Skóga, Holt og haga, Votn og Veidistadi, og allar adrar Landsnýtjar, sem greindum Hofsk stard éga ad fylgia og fylgt hafa ad fornu, ad éngu undanteknu, sem ej er með Logum, og fullum Rétti frákomid, enn annara Kyrkna Itolur, liggjandi innann ádurnefndra Hofsk Landamerkia, eptir Kyrkna Máldögum, hvörju Nafni sem heita, þá eru þær Itölur frátekna minni Lögfestu. Alt annad Kyrkjunnar tilheyrandi til ystu Ummerkja þeirra sem adrir menn egu í móte við Kyrkjuna, Lögfesti jeg bæði ad ordfullu, og Lögmáli réttu, Legg eg hérvid Lögdóm og Rétt minn, og mins Naduga Herra, Kónsins og Kyrkjunnar.<sup>1</sup>

Við manntalsþing að Djúpavogi 2. júní 1835 var upplesinn vitnisburður nokkurra manna um landamerki og engi jarðarinnar Starmýrar. Þessum vitnisburðum var mótmælt af sr. Jóni Bergssyni vegna Hofsk- og Þvottáarkirkna. Dagana 25. og 31. maí, 7. júní og 16. júlí 1836 var tekið fyrir rekaprætumál sr. Jóns Bergssonar á Hofi gegn Stefáni Hjörleifssyni á Starfnyri. Dæmt var að helmur reka á Starmýrarfjörum tilheyrði Hofskirkju.<sup>2</sup>

Í jarðamati 1804 segir um Hof að hún sé beneficium.<sup>3</sup>

Í sóknarlýsingu Múlasýslu, lýsingu á Hofsk- og Hálsasókn frá 1840, segir m.a. um Hof:

30. [bær] [...] Hartnær í sömu línu sem næsttaldir bær liggur bærinn Hof þótt hann standi undir öðrum fjallgaðri, nefnilega sunnan undir fjallgarði þeim sem næstur er hinum austasta í Hofssókn og undir þarnefndu Staðarfjalli, hér um 1/3 mílu vegar frá Flugustöðum. Millum þessara bæja liggja þeir fram af Hofstungu umgegnu aurar um hvörja Hofsa fellur fram til fjarðarins. Hof liggur altsvo innan fram fjarðarins sunnanvert. Hvað jörð þessi er dýr verður ei sagt þar það hvörgi finnst í kirkjunnar skjölum tilgreint. Tún er hér stórt og útengi víðlent en sendið, grjóttugt og snögg, því er hér heyskapur í minna lagi nema í bestu árum. Land jarðarinnar er mikið og kjarngott en mjög hrjóstrugt. Útígangur fyrir sauðfénað er oft brigðull, þar hér er snjósam og áferðasamt. Hrosspeningur getur ei notið hér útígangs á vetrum fyri ísalögnum á sléttum. Víða liggur landið undir áföllum, svo sem af vatnafirgangi, grjótfoki, skriðuhlaupum og landbroti af vötnum. Einkum er láglendið hér við af sér gengið hvar nú liggja einlægir aurar millum fjalla allt frá Hofstungu og út til Hofshólma; þar segja menn áður verið hafa harðvellisbakka og nógar slægjur og Hofsa fallið hafa millum bakka út úr þessu landi.

Út með næstnefndum fjallgarði undir Breiðafjallir utanvert stendur hinn næsti bær við Hof sem nefnis Rannvegarstaðir og er hjáleiga undan Hofi, millum bæja þessara er hér um 1/4 míla. Þessi hjáleiga er 6 hndr. að dýrleika, hefur minna lagi tún og engi fremur lítið en þó heyskap nokkurn. Útígangur er þar hinn besti en þröngt um hagagöngu á sumardag.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Hof í Álftafirði og Þvottá 1694-1883

<sup>2</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832-1841, bls. 146-148, 150-154, 169-173.

<sup>3</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 198.

<sup>4</sup> Sýslu og Sóknarlýsingar, Múlasýslur 1839-1874 bls 553-554





31. Þeir af framantöldum bæjum, sem selstöður eiga, eru einkum þvottá, Starmýri, Flugustaðir, Hof, Múli, Geithellar og Melrakkanes. [...] Selstaða frá Hofi er á Hofsdal og nefnist Staðarsel, árelega notuð. [...].<sup>5</sup>

32. Hvar afréttir liggja er áður ávikið, það er nefnil. einasta á Flugustaðadal, Hofstungu, Geithella- og Hamarsdölum, sú fyrsta nefnd Sultarafrétt, sú næsta Staðarafrétt, hin þriðja Afrétt, sú fjórða Hálsafrétt. Það sýnist sem þessi pláss fyrr meir hafi öðrum plássum femur verið höfð til uppreksturs, en nú, og það fyrir löngu, er það aflagt, heldur láta menn nú féð fara frá sér sjálf um fjöllin eftir sem vera vill hvör á sínum stað. [...].<sup>6</sup>

[...]

41. Kirkjujarðirnar hér eru Hof og Háls. Hof er nú prestsetrið en Háls annexían [...].<sup>7</sup>

[...]

43. [Kirkjujarðir] Til Kirkju á Hofi liggja, auk hjáleiganna Ranveigarstaða, Hærुकollsness og nýbýlanna Tunguhlíðar og Marcúsarsels, jarðirnar Þvottá með Hnaukum og Flugustaðir; [...]

Hvað fasteign og ítök kirkna þessara snertir þá hefur Hofskirkju jafnan eignaður verið fjörupartur milli Markskers og Melrakkaness sem liggur frá Úseyjum og austur fyrir Skipmannahólma; samt síðan Þvottáreignir lögðust til Hofs ½ Óseyjar, Skarfakambur, Vigur, Iglsker og ½ reki á Starmýrarfjörur að öllu (hvörjar fjörur liggja frá Óseyjum suður til kletts þess sem er út af Selárós hinum forna), samt ½ reki á 286 faðma fjörustykki, sem liggur frá Selárós suður til vörðu þeirrar sem stendur í Þvottárnesi, og allur matreki á þessu takmarki; enn fremur allur rekamáli fyrir Þvottálandi frá síðstnefndu fjörustykki suður til Hlaupageira sem áður er nefndur. Þvottá tileinkaðist og – fyrr en hún lagðist til Hofs – skógareteigur í Flókahvammum út frá Djúpugröf og til skriðu þeirrar er gagnvart er Sigmundargili á Selárdal, sumarviður í Viðartungum (á sama dal), stóðhrossabeit í Selárdal, 2ja mánaða beit í Starmýrarteiga öllum fénaði, ½ mánaða beit á Búlandsnesi því fé sem vera skal í eyjum, ef þarf (þetta allt er hér tilfært eftir Þvottáarkirkju máldaga). Síðan Þvottá lagðist til Hofs tilheyra nú og Hofi Þvottáreyjar, áður talið 10 aura land er verið skal hafa 18 hólmar að tölu, enn fremur tilheyrir Hofi Brimilsnes. Hálskirkju hafa og eignuð verið Skjöldusker er nú tilheyra Hofi Brimilsnes. Hálskirkju hafa og eignuð verið Skjöldusker er nú tilheyra Hofi síðan brauðin combineruðust. Áður greindar jarðir eru og kirknanna eign; auk þess segja og visitatíu viðvíkjandi Hálsi; „kirkjan á Hellueyjar“ sem eg veit ekki hvar til eru.<sup>8</sup>

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Hof sé beneficium, og enn fremur segir: „1696 og 1804 er Hof talið 14 h. að dýrleika, 1696 með 5 kúg., en nú segir sýslumaður það sagt 6 h., og telur hann og prestur (í brauðskýrslu sinni) Rannveigarstaði sér í lagi 6 h. að dýrleika. 1804 eru líka Bessastaðir taldir hjáleiga frá Hofi, en þeirra er hvorki fyrr né seinna getið.“ Í jarðatalinu er einnig getið að Hærुकollsnes, Tunguhlíð, Markúsarsel og Flugustaðir séu Hofskirkju eign.<sup>9</sup>

Hofs er getið í jarðamatinu 1849-1850.<sup>10</sup>

Landamerkjaskrá fyrir prestsetrið Hof í Álftafirði með hjáleigunum Hærुकolsnes, Rannveigarstöðum, Tunguhlíð og Markúsarseli, er dags. 13. maí 1885 og þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 2. júlí 1885, en þar segir:<sup>11</sup>

Landamerkjaskrá

prestsssetursins Hof í Álftafirði með hjáleigum

<sup>5</sup> Sýslu og Sóknarlýsingar, Múlasýslur 1839-1874, bls. 557.

<sup>6</sup> Sýslu og Sóknarlýsingar, Múlasýslur 1839-1874, bls. 558.

<sup>7</sup> Sýslu og Sóknarlýsingar, Múlasýslur 1839-1874, bls. 567.

<sup>8</sup> Sýslu og Sóknarlýsingar, Múlasýslur 1839-1874, bls. 567-568.

<sup>9</sup> Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 380-381.

<sup>10</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849-1850, bls. 36

<sup>11</sup> S-Múlasýsla Landamerkjabók (1883-1998), bls. 50r-51v



- a) Hærukolsnes
- b) Rannveigarstaðir
- c) Tunguhlíð
- d) Markúsarsel

Prestsetrið Hof með fyrtöldum hjáleigum á þetta land: Úr sjó ræður milli Hofs og kirkjujarðar Hofs-Flugustaða, kýll sá er liggur milli „Breiðengis“ og „Flóðhólma“ að ytra hrófi, frá „Ytrahrófi“ suðurkvísl Hofsár fyrir sunnan „Breiðengi“, „Breiðeingishólma“ og Odda. – Frá Oddum ræður „Hofsá“ inn dalinn allt til „Jökulfells“. –

Frá Jökulfelli er dregin lína í norðurbrún Hofsjökuls, þaðan ráða eggjar og röðlar á fjallgarðinum allt að „Votabergi“ í miðjum Múlahálsi. –

Sem landamerkjalinna milli Hofskirkjulands og bændaeignarinnar Múla er frá nefndu „Votabergi“ bein lína dregin í vörðu, sem stendur á hrauni, sem er næsta hraun fyrir austan „Stekkatúnshraun“, þaðan bein lína í vörðu, sem stendur í einstöku hrauni við vik mjótt, sem aðskilur landið frá hraunbelti eða hrauntanga hálandum, er skagar út í sjó í suður og austur frá Hærukollsnesbæ, og nefnist „Hærukollsnesbjörg“, sem er Hofskirkjuland. Engjamörkin eru hin sömu á „Kolaskógsmýri“ eða „Króksmýri“ milli Múla og Hærukollsness; (Hofskirkjulands) sem verið hafa. –

Ítak í Flugustaðaland:

Prestsetrið Hof á selför og alla beit fyrir sunnan Hofsá, á Flugustaðal. (samanber landamerkjaskrá Flugustaða). –

Hofskirkja á Brimilsnes:

Brimilsnes

Lynghólma

Þrúðu

sem liggur undan Hofskirkjulandi í Suðurlptarfirði,

ennfremur Þvottáreyjar:

Eskildsey með 3 hölmum

Sauðey

Sauðeyjarhólma

Seley

Seleyjarklappir

Sundasker

Hóley

Töglin

Nótarhöfði

Moldarhöfði og

Hleinar.

Hálskirkja í Hamarsfirði á Skjöld eða Skjöldusker.



Þvottáreyjar liggja út af Hamarsfirði, um flotnar í sjó, en aðgreining milli Þvottáreyja og Melrakkanesfjöru eru syðri Hvalsker (Hofskirkjueign). Skjöldu eða Skjöldusker liggur út og suður af „Melrakkanesás“.

Fjörur þær er tilheyra Hofsprestakalli eru:

1. „Þvottár“ og „Hnaukafjörur“, hverra takmark að sunnan er klettur: „Hlaupgeiri“ að nafni, sunnar en í miðjum „Hvalnesskriðum“, en að austan milli fjara þessara og „Starmýrarfjöru“ er markið „Merkiklettur“ ber í „Öskukarlshraun“.
2. ½ Starmýrarfjara, hverrar mark að sunnan er „Merkiklettur“ ber í „Öskukarlshraun“, en eystra mark er „Markskerskollur“ ber í Múlabæjinn eystri frá fjörunni að sjá.
3. Hofsfjara hverrar mark að sunnan er „Markskerskollur“ ber í Múlabæjinn eystri frá fjörunni að sjá, en eystra mark er „Kambárfossinn“ fyrir austan melrakknes ber í svartaklettinn í hæzta hallandanum á „Ósnesi“. –

Ennfremur hefur Hofsprestur eða ábúandi Þvottár og Hnauka ½ afnot selveiðar og reka á „Vigri“, „Skarafakambi“, Igluskeri og Óseyjum á mótis við Starmýringa.

Hofi Álftafirði 13. Maí 1885

Br. Jónsson.

Sem eigandi Starmýrar er þessi landamerkjaskrá samþykkt

Ragnheiður Stefánsdóttir.

Sem eigandi Melrakknes er þessi landamerkjaskrá samþykkt

Sigríður Eyjólfsdóttir (nafnið handsalað)

Þórkatla Eyjólfsdóttir (handsalað)

Guðmundur Eyjólfsson (handsalað)

Björn Björnsson.

Sem ábúendur Hvalness erum við þessari landamerkjalyýsingu með öllu samþykkir.

Eiríkur Halldórsson (handsalað)

Bjarni Bjarnason.

Hvað viðvíkur framanskriðuðum landamerkjum milli Múla og Hofskirkjulands erum við undirskrifaðir Múlaeigendur samþykkir.

S.Sigurðsson

Gísli Sigurðsson.

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 2. júlí 1885.

Jón Johnsen.

Landamerkjum Hofis er einnig lýst í landamerkjaskrá fyrir jörðina Múla í Hofssókn í Geithellnahreppi, dags. 27. júní 1885, en þar segir:

[...]

Landamörk að sunnan millum Múla og Hofis eru þessi röðlar á fjallgarði þeim er aðskilur Hofsdal og Múladal allt af innskerjum eptir því sem vötnum hallar og allt út á yztu hæð á „Hádegisfjalli“. sem er yzt á fjallgarði þessum, utan í fjalli því heita „Arnarhamrar“, og í þeim er dökkur klettur, sem kallaður er „Votaberg“, og frá miðju „Votabergi“ er dregin bein lína landamerkjálina yfir hálf háls þann og hraun,



sem liggur utanvert við fjallið allt að sjó, og eru hlaðnar vörður til glöggvunar mörkum þessum vörðurnar eru tvær, sú varða, sem næst stendur fjallinu er hlaðin á hrauni því sem næst er svonefndu „Stekkatúnshrauni“ norðaustan við það, önnur varða er hlaðin í einstöku hrauni við sjó út norðaustanvert við kotbæinn Hærukollsnes. – Engjamörk á Króksmýri eður Kolskógsmyri milli Múla og Hofshjáleigu Hærukollsnes skulu vera hin sömu, sem að verið hafa.

[...]

Samþykkur þessari landamerkjaskrá hvað Hofskirkjuland snertir

p.t. Múla 27. júní 1885,

Br. Jónsson.

[...]

Þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 2. júlí 1885

Jón Johnsen.

### Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hof:<sup>12</sup>

6. Hof (34,67 hndr.) [...]

1. Eigandi og ábúandi: Sveinn Sveinsson

2. Landamerki: Þinglesin með Rannveigarstöðum, Hærukollsnesi, Tunguhlíð og Markúsarseli 2. júlí 1885

[...]

4. [...]

c. Beitiland er gott sauðland, vílent, frmur snjóþungt. [...]

e. Upprekstarland sameign við 2 aðrar jaðir, leigir eigandinn.

[...]

### Í örnefnaskrá fyrir jörðina Hof, ritað eftir ókunnugan höfund, segir eftirfarandi:<sup>13</sup>

Hof

bónða eign.

Hof er landámsjörð, / Böðvar inn hvíti lnam land frá Leiruvogi, dali þá alla, er þar liggja og út öðru megin til Múla, og bjó að Hofi. Hann reisti þar hof mikið (Landnámubók). Jörðin hefur verið helzti kirkjustaður í þessari sveit og kirkja er þar enn. Þar voru prestar lengst búsettir, sem þjónuðu Hofssókn. Síðasti prestur, sem bjó á Hofi, séra Jón Finnsson, faðir Eysteins ráðherra og séra Jakobs, bjó þar 6 ár frá 1899 til 1905. Þá flutti hann á Djúpavog, því Berufjarðarprestakall var sameinað við Hofsprestakall. [...]

[...] Hof hefur dálítill hlunnindi. Brimises heitir eyja út í Álftafirði, þar er æðavarp, samt í smáum stíl. Fjárbeit fyrir 30-40 kindur að vetri til. Selveiði var þar líka, en er nú engin. Engjar eru alltaf að minnka. Hofsa brýtur niður og ber aur yfir. [...]. Og skal þá lýsa landinu og örnefnum nokkrum. Engjar: Naustabakki, Breiðengi, Borgarengi, Kappadæla; landamerkjagirðinginn er milli Rannveigarstaða og Hof, Fitjamýri.

Bessastaðir, eyðirjörð. Gapabrekkur, Yndishjallar, Leyningar, Kambsfell, Staðarfjall, fyrir ofan bæinn, Goðatindur 822 m. Þar eru steinar nokkri í hrúgu, líkt og væri borgmyndað. Hakafjall, Tytja, Tytjutindur, hár og toppmyndaður, hæsti tindurinn í þessum fjallgarði, Kolafjall, Hálsafjöll, Selfjall, Finndyshóll, Sel, Skollagrenisfjall, Hellisfjall, Timburásgil, Skógar, Stórifoss, Nautgilstungur, Nautgil, Djúpidalur,

<sup>12</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, undirmat, bls. 382-383

<sup>13</sup> Örnefnastofnun, Suður-Múlasýsla, Geithellnahreppur. Höf. ókunnugur.



Flötufjöll, Bugar, Ytribót, Innribót, fallegt land, Hrossatindar (998m), Hofsjökull (1069m) er innan við bótastafninn; bak við Hofsfjöllin eru Múlafjöllin. Hofsdalur mun vera frá b 20 kílómetra og inn á stafn, þetta er helztu örnefni, mörgu sleppt. Skógur er mikill eftir því sem hér er. Ekkert afgirt enn til friðunar. Bæjargil við túnið. Eyðikinn, beitarhús skammt frá bænum. Eyðikinnargil milli Stðarfjalls og Hakafjalls. Tytjugil milli Hakafjalls og Tytju.

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Hof, Stefán Einarsson prófessor skráði. Heimildarmaður hans var Björn Jónsson. Guðmundur Björnsson í Múla gerðir nokkrar athugasemdir sem eru felldar inn í skrána., segir eftirfarandi:<sup>14</sup>

Hof á land norðan Hofsaár, innan úr Bótum og út að landamerkjum við Rannveigarstaði, en vötn deila á fjalli austan árinna. Fram af Hofsdal eru Hofsvötn og upp af þeim Hrossatindar, en Innri-Hofsbót í dalnum og nær út á Axlir, sem eru fyrir utan tindana. Í Innri-Hofsbót er Innstibotn, svo Innstifló, Miðflói og Yztifló og Langitangi. Hjallar ná út á Axlir, en Grenshnaus ofan við Miðflóann. Suðurhjallar eru ofan við bótina neðan tindann. Utan við Langatanga eru Snið milli Bóta; þar er Bótafoss í ánni. Svo kemur Ytribót út á Djúpadalshæðir. Úr Ytribót rennur Bótarlækur úr vötnum í Hofsa. Vötnin heita Hnúkavatn (stærra) og Bugavötn; þau skipta löndum milli dalanna.

Buguhlíð heitir innan úr Djúpadalshæðum og norður með hlíðarbrúninni um miðja Buga norður á Múladal. Bugar ná ofan frá fjallinu (Öxlum) út að Efri-Flötufjöllum. [...]

[...]

[...] Selfjall heitir næst (eða Selfjöll); þar er Selhjalli og Sel niðri á sléttu og niður af Selinu Innri-Selgrund og Ytri-Selgrund. (Þar var haft í seli frá Rannveigarstöðum, en Hof hafði í seli í Hellrunum fyrir sunnan Hofsa.) Þar voru rústir. [...].

[...]

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjkskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða Hof í Álftafirði sem vísað er hér til. Sérstaklega er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár prestsetursins Hofsa í Álftafirði með hjáleigunum Hærükolsnes, Rannveigarstöðum, Tunguhlíð og Markúsarseli, dags. 13. maí 1885 og þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 23. júní 1884. Einnig til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Múla í Hofssókn, dags. 27. júní 1885 og þinglesið á Djúpavogarmantalsþingi 2. júlí 1885.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrett, (Hólaafrett).

<sup>14</sup> Örnefnastofnun, Suður-Múlasýsla, Geithellnahreppur, Höf. Stefán Einarsson prófessor



Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Hof í Álftafirði**

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir og sameigendur þeirra óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Hof í Álftafirði**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna og sameigenda þeirra verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkominn eign umbjóðenda minna og sameigenda þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalyýsingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 25. janúar 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Hof í Álftafirði, Múlaþingi** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Hofsjökull og Staðarafrétt**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Múlasýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Hofs í Álftafirði** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Með kröfugerð ríkisins er farið inn á landsvæði jarðarinnar vestast á jörðinni við svokallaðan Bótarlæk. Engin rök eru færð fyrir því að umþrætt landsvæði sé þjóðlenda, en vísað er til þess að við afmörkun á þjóðlendukröfulínunni hafi verið litið til lýsinga í landamerkjabréfum Geithellna, Múla, Hofs og Flugustaða sem og staðháttu og afmörkun á landsvæði norðan og austan Jökulsár á Lóni sem var úrskurðuð þjóðlenda samkvæmt *úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 5/2001*, en svæðið er aðliggjandi kröfusvæðinu til austurs og suðurs.

Af þessu telja landeigendur ljóst að íslenska ríkið hafi metið landamerkjabréfs jarðarinnar ranglega. Í landamerkjabréfinu kemur skýrlega fram að landamerki jarðarinnar séu m.a. þannig; að Hofsá ráði merkjum allt að „Jökulfelli“. Þá segir enn fremur frá Jökulfelli sé línan dregin í norðurbrún Hofsjökuls og þaðan ráða „eggjar og röðlar á fjallgarðinum allt að „Votabergi“ í miðjum Múlahálsi.“ Samkvæmt



Þessu telja landeigendur skýrt að landsvæði jarðarinnar nái allt á hæstu fjallseggjjar. Þetta sækir sér einnig stoð í landamerkjabréfs Múla í Hofssókn, dags. 27. júní 1885, þar sem merkjum milli jarðanna er lýst. Þar segir m.a að „Landamörk að sunnan millum Múla og Hofa eru þessi röðlar á fjallgarði þeim er aðskilur Hofsdal og Múladal allt af innskerjum eptir því sem vötnum hallar og allt út á yztu hæð á „Hádegisfjalli“, sem er yzt á fjallgarði þessum“. Landamerkjabréfum þessum hefur báðum verið þinglýst og eru þau einnig staðfest af eigendum aðliggjandi jarða. Ótækt sé því, af hálfu íslenska ríkisins, að halda því nú fram að hið umþrætta landsvæði sé þjóðlenda. Sérstaklega er bent á að svo virðist sem íslenska ríkið telji að svæðið tilheyri svokallaðri „Staðarafrétt“. Þessari túlkun ríkisins er hafnað, enda ljóst að landamerki Staðarafréttar takmarkast af Tungufjöllum, sem er töluvert fyrir sunnan hið umþrætta landsvæði, sbr. sýslu- og sóknarlýsingar Múlasýslu.<sup>15</sup>

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalest og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Umboð
4. Fasteignayfirlit
5. Veðbandayfirlit
6. Örnefnaskrár fyrir Hof,
7. Örnefnaskrár fyrir Hof Rannveigarstaði
8. Örnefnaskrár fyrir Hof Hærukollsnes

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur mínir áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 20. júní 2022

  
Ólafur Björnsson hrl.

<sup>15</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 527.





**Kröfulýsing til Óbyggðanefndar**  
**vegna Markúsarsels og Tunguhlíðar**

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

**I. Aðild og fyrirvar**

Jarðirnar Markúsarsel, landnr. L159343, og Tunguhlíð, landnr. L159357, eru þinglýstar eignir Múlapings, kt. 660220-1350. Hér eftir er vísað til sveitarfélagsins sem landeigenda.

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 1. mars 2022.

**II. Kröfugerð**

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Þaðan sem Flugustaðaá (Suðurá) rennur í Hofsa, þar sem hétu Oddar (1), þaðan ræður Hofsa inn allan Hofsdal að syðra Hofsvatni (2). Þaðan um Syðra Hofsvatn að læk sem rennur milli Hofsvatnanna (3), sem ræður svo merkjum að nyrðra Hofsvatni (4), sem síðan ræður landamerkjunum að línu sem liggur vestur úr nyrðra Hofsvatni í Hofsjökul (5). Þaðan frá jökulrönd Hofsjökuls (6) og um vatnaskil að Varpi í stafni Flugustaðadals (7), þaðan ræður Flugustaðaá (8) að Hofsa (1).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

**III. Málavextir og helstu málsástæður**

**1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu**

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjaskrá Hofs, dags. 30. apríl 1884, sem náði til Hofs ásamt hjáleigum, þ.m.t. Markúsarseli og Tunguhlíð. Bréfið var þinglýst á Djúpavogsmannntalsþingi 23. júní 1884. Hof var síðar selt á grundvelli laga um kirkjujarðasölu á árinu 1912.

Sami eigandi er að Markúsarseli og Tunguhlíð og er gerð krafa fyrir land jarðanna sameiginlega, en einnig vísað til þess að við fasteignamat 1916 var Markúsarsel metið með eyðijörðinni Tunguhlíð.

Við afmörkunina er jafnframt vísað til landamerkjabréfs Flugustaða, dags. 22. júní 1920, þar sem merki jarðarinnar gagnvart Markúsarseli og Tunguhlíð, sameiginlega, voru staðfest gagnvart Flugustöðum. Þar kemur fram: *Suðurkvísl Hofsfár ræður merkjum milli jarðanna Flugustaða og Markúsarsels og Tunguhlíðar, alt til upptaka kvíslarinnar á Flugustaðadal*. Undir bréfið er skrifað af Jóni P. Hall (umsjónarmanni Geithellakirkjujarða) og Jóni Sigurðssyni vegna ábýlisjarðar sinnar Markúsarsels og Tunguhlíðar. Það athugast að Jón P. Hall hefur haft lögformleg umráð jarðareiganda bæði vegna Flugustaða og Markúsarsels og Tunguhlíðar.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

Jarðirnar Markúsarsel og Tunguhlíð eru fyrrum hjáleigur frá Hofi, byggðar upp í Hofstungu.

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Böðvar hvíti nam land inn frá Leiruvogi, dali þá alla, er þar liggja og út örðum megin til Múla og bjó á Hofi. Dalir þeir, sem nefndir eru til landnáms Böðvars, eru Flugustaðadalur syðst, þá Hofsdalur beint inn frá Leiruvoginum og loks Geithelladalur öðrum megin eða allur. Í Landnámu kemur fram mikill kunnugleiki um ætt Böðvars, en hún er rakin í 10 liði í beinan karllegg í þrjár aldir aftur, þar af 4 eða 5 konungar.<sup>1</sup>

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Heimildir sem til eru varða kirkjujörðina Hof.

Kirkjan að Hofi í Álftafirði á sér langa sögu, en getið var um kirkju þar í kirknatali Páls biskups frá árinu 1200. Kirkjan var alkirkja (staður) og í máldögum því jafnan vísað til þess að kirkjan eigi heimaland allt.

### 2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.

Í jarðamati 1849 eru Hof talið með afbýlunum Tunguhlíð og Markúsarseli.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 er Markúsarsel talið sem kirkjueign, sem og Tunguhlíð. Neðanmáls er sú athugasemd að aðeins sýslumaður og prestur geti jarðanna. Sýslumaður telur Tunguhlíð, sem er nýbýli samkvæmt brauðskýrslu prests, 3 hundruð að dýrleika, en segir Markúsarsel ekki sett til dýrleika og lítur út að það sé nýbýli síðan 1839.

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1861, eru Markúsarsel og Tunguhlíð, taldar sem hjáleigur Hofsf.

Í undirgögnum fasteignamats 1916-1918, er gerð grein fyrir Markúsarseli með eyðijörðinni Tunguhlíð. Taldar til samans 9 hundruð 1861. Þar er vísað til þess að landamerkjum sé þinglýst 2. júlí 1885, þá með Hofi. Eignarhaldi er lýst sem: Kirkjujörð Geithellnahrepps, en ábúandi Jón Sigurðsson.

<sup>1</sup> Austurland, safn austfirska fræða. II. 1958, bls. 80-81.

#### 2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882

Þann 17. júní 1694 lögfesti sr. Guðmundur Högnason jörðina Hof með Flugustöðum, en lögfestan er til í afriti frá 1839. Þar kemur m.a. fram:

*Ummerkja: a Nyrðri Síðu í Votabergid í midjum Múla Hálsi, og rettsínis ofani grástein, sem stendr fyrir ofan Hærukollsnes; á sydri Síðu alt að landamerkjum milli Starmýrar og Flugustada, hvar Vöðrum rædur kilifbrúninn uppí háfjallsöxl og réttsýnis ofaná Lá, svo sem hun tilvísar.*

Þá kemur fram texti um hvað sé lögfest, þ.m.t. að lögfest sé *Stadarins Landeign rettsýnis til fjalls og fiöru í öllum Hofis Kyrkju Eignum og Itökum.*

Með orðinu Lá í lýsingunni er vísað til sjávar. Lögfestan endurspeglar í raun þá stöðu og hvílir á skipulagi jarða frá landnámi, að ekki hafi þurft áréttingar annarra landamerkja en útmerkja, en landamerki um háfjöll og vatnaskil hafi verið sjálfsögð.

Í sóknarlýsingu Háls og Hofssókn 1840, gerðri af sr. Jóni Bergssyni á Hofi, er fjallað um Markúsarsel og Tunguhlíð sem nýbýli.

Tunguhlíð á Hofstungu var upptekin til byggingar 1829. Markúsarsel á Hofstungu er sagt upptekið til byggingar árið 1840. Um Tunguhlíð segir að býlið sé sett í skógarbrekku einni hvar ekki hinn minnsti blettur var til túnstæðis heldur plássíð allt þakið skógi, en þar sé nú þriggja teiga tún sem gefur af sér kýrfóður. Þá er því nánar list að skógur og rætur hafi verið skornar upp með sigð og fé látið standa í færíkvíum í þrjár nætur í röð á sama bletti. Prestur vonast eftir því að þar geti orðið mikið tún og það sama eigi við um Markúsarsel, sem hefur verið byggt með sama skilmála, þ.e. að rækta sem tún tiltekinn part á ári hverju.

#### 2.5. Landamerkjabréf

Landamerkjabréf Hofis, dags. 30. apríl 1884, náði til Hofis ásamt hjáleigum, Markúsarseli, Tunguhlíð, Rannveigarstöðum og Hærukollsnesi. Bréfið var þinglýst á Djúpavogsmanntalsþingi 23. júní 1884. Hof var síðar selt á grundvelli laga um kirkjujarðasölu á árinu 1912. Þá er nefnt landamerkjabréf Flugustaða, dags. 22. júní 1920, þar sem merki jarðarinnar gagnvart Markúsarseli og Tunguhlíð, sameiginlega, voru staðfest gagnvart Flugustöðum, allt inn á varp á Flugustaðadal. Markúsarsel og Tunguhlíð voru kirkjujarðir eftir sölu Hofis, en voru seldar til Geithellnahrepps árið 1973 á grundvelli sérstakra laga þar um.

Þar sem sami eigandi er að Markúsarseli og Tunguhlíð er gerð krafa vegna lands jarðanna sameiginlega, en einnig er vísað til þess að við fasteignamat 1916 var Markúsarsel metið með eyðijörðinni Tunguhlíð. Mörk Markúsarsels og Tunguhlíðar voru um Kambgil í sunnanverðum Tungukolli og eftir vatnaskilum á Hofstungu.

Í landamerkjaskrá Hofis er merkjum inn með suðurkvísl Hofisár (Flugustaðadalsá) lýst inn dalinn allt til Jökulfells. Jafnframt segir að frá Jökulfelli sé dregin lína í norðurbrún Hofsjökuls, þaðan ráða eggjar og röðlar á fjallagarðinum. Gæta ber að þeim staðháttum að umrætt Jökulfell liggur innst í Flugustaðadal, Flugustaðamegin, þar Flugustaðadalur sveigist í norðurátt. Lína frá Jökulfelli í Hofsjökul liggur því um Varp, innst í Flugustaðadal. Þá verður að líta til landamerkjabréfs Flugustaða, einnig dags. 30. apríl 1884, og einnig gert af Hofspresti, þar sem merkjum Flugustaða, er lýst inn eggjar milli Starmýrardals og Flugustaðadals inná varp fyrir innan Jökulfell.

### 3. Lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til er eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði innan landamerkja Hofs og hjáleignanna Markúsarsels og Tunguhlíðar. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi þjóðlendur, í kafla 5.22 er fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og nefnt að litið sé til lýsingar í landamerkjabréfum Geithellna, Múla, Hofs og Flugustaða. Jafnframt staðhátta og afmörkunar landsvæðis norðan og austan Jökulsár í Lóni, sbr. úrskurð Óbyggðanefndar nr. 5/2001.

Í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu. Samkvæmt kafla 7.21 er gerð krafa um að þjóðlendusvæði sem er nefnt Hofsjökull og Staðarafrétt. Afmörkun svæðisins að því marki sem það liggur um Hofstungu er frá Hofsa upp á Hvannstóðshjalla og á Stakk og þaðan niður með Kolbrekkugili í Suðurá (Flugustaðadalsá), rétt innan við bæjarstæði Markúsarsels. Engar skýringar eru gefnar um forsendur þessarar skiptingar Hofstungunnar í tvö svæði með mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Afstöðu sem kemur fram í fáorðum köflum kröfulýsingar ríkisins er mótmælt.

Landamerkjabréf Hofs gerir skýrlega grein fyrir umræddu svæði sem hluta jarðarinnar og af bréfinu verða ekki dregnar ályktanir um þjóðlendu á svæðinu.

Staðhættir á svæðinu og lega þessa inn af Hofsdal er ekki frábrugðin öðrum svæðum á Austfjörðum þar sem land inn og upp með dölum telst eignarland.

Þá eru ekki til staðar sömu aðstæður og vegna landsvæðis norðan og austan Jökulsár í Lóni, t.d. hvað varðar tengsl svæðis við byggð, landnámslýsingar og jarðir á svæðinu. Frekar mætti líta til þess svæðis Stafafells þar sem eignarréttur var viðurkenndur í nefndum úrskurði og dómi Hæstaréttar.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður í Hofsdal, þar með Hofstungu milli Hofsdals og Flugustaðadals, leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi sé skýr, hvað varðar þann þátt að landnám náði yfir dali alla. Ekki verða dregnar aðrar ályktanir af afmörkun á landnáminu en það hafi tekið til Hofsdals og Flugustaðadals, eins og vötnum hallar til dalanna.

Heimildirnar um byggð og nýtingu Hofsdals og Flugustaðadals endurspeglar í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi, þar sem merki miðast jafnan við vatnaskil. Frá jörðinni Hofi hefur öll nýting Hofstungu farið fram, t.a.m. með uppbyggingu sela og afbýla eins tilefni var til. Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarland sem þær hafa þurft og engar heimildir um samnotaafrétti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttarlands, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land úr Hofi. Þá liggur ekki fyrir að svæðið hafi nokkra sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglugrágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta

á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>2</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Vísun til afrétta og afréttarörnefni tengjast slíkri notkun og aðstæðum.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði og hefur verið úrskurðað þjóðlenda. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður Óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>3</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>4</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafrétt<sup>5</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Hofs falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir. Ekki standa rök til annars en að eignarréttarleg staða Hofsdals og Hofstungu inn og upp á sker, þ.e. með vísan til vatnaskila, sé hin sama og Starmýrardals, Bæjarafréttar í Lóni og Fossárdals inn af Berufirði.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við sker sem eru að hluta skýr af láglandi Hofsdala og glögg öllum þeim kynslóðum sem hafa nýtt landið frá landnámi. Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að takmarkaðar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru

<sup>2</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>3</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>4</sup> Bls. 114-120.

<sup>5</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalogum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætttri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalog nr. 41/1919, auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnarsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda

Jón Jónsson  
kt. 090976-5249

Jón Jónsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeiganda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeiganda





## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Flugustaða

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 26. janúar 2022, birtri 1. febrúar s.á., þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11, Austfjörðum, dags. 25. janúar 2022.

### I. Aðild og fyrirvar

Aðild er hjá þinglýstum eiganda Flugustaða, landnr. L159330, Kristínu Friðriksdóttur, kt. 180555-2349. Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 20. mars 2022.

### II. Kröfugerð

Vegna téðra jarða er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta.

Markskerskollur (1) ber í suðurhorn Skipmannahólma, þaðan sjónhending í Klifaþúfu (2), þaðan upp Kjölfjallsröðul (3) uppá egg, svo inn eggjar milli Starmýrardals og Flugustaðadals (4-8) inná varp (9) fyrir innan Jökulfell, þaðan ræður Hofsa út dalinn (10-12), allt út að Oddum (13), þaðan ræður suður kvísl Hofsa fyrir sunnan Odda, Breiðengishólma og Breiðengi, allt að Ytrahrófi, síðan kýll sá, er liggur milli Breiðaengis (14) og Flóðhólma allt í sjó (15).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður

#### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjalyýsingu Flugustaða, dags. 23. júní 1884, sem þinglýst var á Djúpavogsmanntalsþingi 23. júní 1884. Í kröfugerðinni eru tilgreindir fleiri merkjapunktar á

eggjum og eftir Hofsa til skýringar. Afmörkun landsins er efnislega samhljóða landamerkjaskrá Flugustaða, dags. 22. júní 1920, sem þinglýst var á manntalsþingi á Djúpavogi, 14. júlí 1921.

Afmörkun samkvæmt kröfulýsingu nær jafnframt til lands sem fylgir nýbýlinu Stórhól, sbr. umfjöllun undir kafla 2.6.

Afmörkun landamerkja í kröfulýsingu og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Þættir úr sögu jarðarinnar

Flugustaðir voru lengst af eign Hofskirkju, en seld sem kirkjujörð á árinu 1929.

### 2.1. Landnám

Talið er að Austfirðir hafi snemma verið numdir, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þar hafa landnámsmenn fyrst komið að landi.

Böðvar hvíti nam land inn frá Leiruvogi, dali þá alla, er þar liggja og út öðrum megin til Múla og þjó á Hofi. Dalir þeir, sem nefndir eru til landnáms Böðvars, eru Flugustaðadalur syðst, þá Hofsdalur beint inn frá Leiruvoginum og loks Geithelladalur öðrum megin eða allur. Í Landnámu kemur fram mikill kunnugleiki um ætt Böðvars, en hún er rakin í 10 liði í beinan karlegg í þrjár aldir aftur, þar af 4 eða 5 konungar.<sup>1</sup>

### 2.2. Heimildir fram til 1700

Flugustaðir eru gamalt býli. Heimildir nefna að þar hafi fyrr á öldum verið tvö afbýli, Grenjaðarstaður og Mosfell, sem hafði eyðst af skriðuföllum.<sup>2</sup>

Kirkjan að Hofi í Álftafirði á sér langa sögu, en getið var um kirkju þar í kirknatali Páls biskups frá árinu 1200. Kirkjan var alkirkja (staður) og í máldögum því jafnan vísað til þess að kirkjan eigi heimaland allt. Í eldri máldögum er ekki vísað til Flugustaða, en jörðin er talin eign Hofskirkju á árinu 1597.<sup>3</sup>

### 2.3. Jarðamat, jarðabækur o.fl.

Í jarðabók sem færð var af sýslumönnum í lok 17. aldar, eru Flugustaðir taldir 6 hundruð og þeir Hofskirkjueign.

Í jarðamati 1804 eru Flugustaðir tilgreindir kirkjujörð Hofis og 6 hundruð.

Í jarðamati Johnsen frá 1847 eru Flugustaðir tilgreindir kirkjueign án mats. Neðanmáls er vísað til fyrra mats 6 hundruð skv. mati 1696, 1804 og hjá sýslumanni.

Í jarðamati 1849 eru Flugustaðir taldir 6 forn hundruð. Nýtt mat er 400 rbd. Í nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri 1861, eru Flugustaðir tilgreindir sem 6 hundruð að fornu mati.

### 2.4. Heimildir fram að setningu landamerkjalaga 1882

<sup>1</sup> Austurland, safn austfirskra fræða. II. 1958, bls. 80-81.

<sup>2</sup> Menningarminjar í Djúpavogshrepp, 2004. Bls. 141.

<sup>3</sup> Skv. yfirliti um kirkjueignir byggt á heimildum Biskupsskjalasafns, Bps. All, 10, 326.

Þann 17. júní 1694 lögfesti sr. Guðmundur Högnason jörðina Hof með Flugustöðum, en lögfestan er til í afriti frá 1839. Þar kemur m.a. fram:

*Ummerkja: a Nyrðri Síðu í Votabergid í midjum Múla Hálsi, og rettsínis ofani grástein, sem stendr fyrir ofan Hærukollsnes; á syðri Síðu alt að landamerkjum milli Starmýrar og Flugustada, hvar Vöðrum rædur kilifbrúninn uppi háfjallsöxl og réttsýnis ofaná Lá, svo sem hun tilvísar.*

Þá kemur fram texti um hvað sé lögfest, þ.m.t. að lögfest sé *Stadarins Landeign rettsýnis til fjalls og fíoru í öllum Hofs Kyrkju Eignum og Itökum.*

Með orðinu Lá í lýsingunni er vísað til sjávar. Lögfestan endurspeglar í raun þá stöðu og hvílir á skipulagi jarða frá landnámi, að ekki hafi þurft áréttingar annarra landamerkja en útmerkja, en landamerki um háfjöll og vatnaskil hafa verið sjálfsögð og ljós vegna staðháttu svæðisins.

Í sóknarlýsingu Hof- og Hálssókna frá 1840 er ítarleg lýsing á landfræðilegum staðháttum, þ.m.t. á Flugustaðdal.<sup>4</sup> Um lýsingu Flugustaða segir að land sé allstórt. Í umfjöllun um selstöður segir að á Flugustaðadal hafi nýlega verið tekin upp selstaða af ábúanda Flugustaða, en einnig nýlega niðurlögð, líklegast fyrir hirðuleysi ábúandans. Þá segir að Hof hafi áður haft selstöðu undir Selfjalli. Í umfjöllun um afrétti er vísað til afréttar á Flugustaðadal sem Sultarafrétts.

### 2.5. Landamerkjabréf

Landamerkjalyýsingu Flugustaða, dags. 23. júní 1884, var þinglýst á Djúpavogsmanntalsþingi 23. júní 1884. Í landamerkjabréfinu frá 1884 er getið ítaka í Flugustaðalandi. Annars vegar að kirkjan á Hofi eigi selför og alla beit fyrir sunnan Hofsa á Flugustaðadal, og hins vegar að jörðin Starmýri eigi skógartöku í svonefndum Parti á Flugustaðadal. Núverandi stöðu þessara ítaka verður að skoða í ljósi laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum o.fl. Stofnun ítakanna ber hins vegar merki um stöðu landsins sem eignarlands.

Upplýsingar um ítökin bera hins vegar vott um að Hofsprestar hafi í raun notað land Flugustaða í ríkum mæli vegna búskapar á Hofi. Þeir hafi haft sel inn á Flugustaðadal.

Ný landamerkjaskrá var gerð vegna Flugustaða, dags. 22. júní 1920, sem þinglýst var á manntalsþingi á Djúpavogi, 14. júlí 1921. Afmörkun landsins er efnislega samhljóða landamerkjaskrá Flugustaða hvað varðar landamerki. Til efni þessar nýju skrár má e.t.v. setja í það samhengi að kirkjujörðin Hof hafði þá verið seld til ábúanda á Hofi, en Markúsarsel og Tunguhlíð og Flugustaðir voru áfram kirkjujarðir innan Geithellnahrepps. Ef til vill stóð til að skýra stöðu mála gagnvart Hofi, varðandi gömul ítök kirkjunnar og engjanýtingu. Landamerkjum um Flugustaðaá (Syðriá, syðri kvísl Hofsaár) er lýst á móti Markúsarseli og Tunguhlíð, en auk þess er sérstaklega fjallað um engjastykkinn, Odda, að þau fylgi Markúsarseli og Tunguhlíð.

### 2.6. Landskipti

Í landi jarðarinnar Flugustaða var reist nýbýlið Stórhóll, landnr. L159353, á grundvelli byggingarbréfs, líklega á árinu 1932. Ingólfur Árnason sem þá hafði keypt jörðina Flugustaði 1929, byggði Stórhól venslafólki sínu og var landið því áfram hluti Flugustaða.

<sup>4</sup> Sýslu og sóknarlýsingar Múlasýslur. Útg. 2000. Bls. 510-579. Lýsing Flugustaðadals er t.d. á bls. 523-527. Einnig um Flugustaðaá, bls. 548-549.

Í fasteignamati frá 1940 kemur fram í haus skjalsins að Stórhóll sé nýbýli úr Flugustöðum, beitoland sé óskipt við Flugustaði, afrétt sé í heimalandi jarðarinnar. Engjum og túni sé skift úr Flugustaðalandi og og beit óskipt meðan ábúð gildir. Byggingartími er sagður óákveðin. Stórhóll var frá árinu 1953 setin af Aðalbjörgu, dóttur Ingólfs, sem fékk Stórhól í arfshluta samkvæmt skiptagerð frá 1975. Litið hefur verið svo á að land Stórhóls liggja frá hól fyrir utan Stórhólsgil, í stefnu á Svínabeinstind. Land Stórhóls liggja inn að Drangagili. Svæðið er langt utan við Þjóðlendukröfu ríkisins. Sérstakur áskilnaður er gerður um nánari umfjöllun síðar um stöðu Stórhóls.

### 3. Lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til sé eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur Þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru Þjóðlendusvæði innan landamerkja Flugustaða. Í kafla 5.1 er vísun í almenn sjónarmið varðandi Þjóðlendir, í kafla 5.22 er fjallað um afmörkun Þjóðlendukröfu og nefnt að litið sé til lýsingar í landamerkjabréfum Geithellna, Múla, Hofs og Flugustaða. Jafnframt staðháttu og afmörkunar landsvæði norðan og austan Jökulsár í Lóni, sbr. úrskurð Óbyggðanefndar nr. 5/2001.

Í kafla 6 er fjallað um dóma vegna svæða sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu. Samkvæmt kafla 7.21 er gerð krafa um að Þjóðlendusvæði sem er nefnt Hofsjökull og Staðarafrétt. Afmörkun svæðisins að því marki sem það liggur um Flugustaðadal sunnan Flugustaðaár er um Partsgil og á Partstind. Engar skýringar eru gefnar um forsendur þessarar skiptingar Flugustaðadals sunnan ár, í tvö svæði með mismunandi eignarréttarlega stöðu. Í kafla 6 er fjallað um dóma sem engin líkindi hafa með kröfusvæðinu.

Afstöðu sem kemur fram í fáorðum köflum kröfulýsingar ríkisins er mótmælt.

Ljóst er að innan kröfusvæðisins eru svæði sem nýtt voru af eigendum Flugustaða, eins og jarðareigendum var heimilt, t.a.m. hefur þar átt sér nýting vegna selstöðu, skógarhögg o.fl.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður í Hofsdal, þar með Hofstungu milli Hofsdals og Flugustaðadals, leiði til þess að lýsing Landnámu á upphaflegu landnámi sé skýr, hvað varðar þann þátt að landnám náði yfir dali alla. Ekki verða dregnar aðrar ályktanir af afmörkun á landnáminu en það hafi tekið til Hofsdals og Flugustaðadals, eins og vötnum hallar til dalanna.

Þá eru landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgir jafnan allt það beitarland sem þær hafa þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti.

Þá eru ekki til staðar sömu aðstæður og vegna landsvæðis norðan og austan Jökulsár í Lóni, t.d. hvað varðar tengsl svæðis við byggð, landnámslýsingar og jarðir á svæðinu. Frekar mætti líta til þess svæðis Stafafells þar sem eignarréttur var viðurkenndur í nefndum úrskurði og dómi Hæstaréttar.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem vísað er til sem afréttar, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Þá liggur ekki fyrir að land Höskuldsstaðasels hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu

sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>5</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.

Ekki verða fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hefur líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafa ávallt verið úrskurðuð eignarland, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á eru t.d. úrskurður óbyggðanefndar í málum 5/2001 Bær í Lóni,<sup>6</sup> mál nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals<sup>7</sup>, mál nr. 1/2009 Þorvaldsdalsafreitt<sup>8</sup> og mál nr. 2/2005 Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlið. Til hliðsjónar og samanburðar verða þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Landamerkjabréf Flugustaða falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir. Ekki standa rök til annars en að eignarréttarleg staða Hofsdals og Hofstungu inn og upp á sker, þ.e. með vísan til vatnaskila, sé hin sama og Starmýrardals, Bæjarafreittar í Lóni og Fossárdals inn af Berufirði.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið, enda eru mörkin miðuð við sker sem eru að hluta skýr af láglandi Hofsdala og glögg öllum þeim kynslóðum sem hafa nýtt landið frá landnámi. Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfars verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að takmarkaðar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru

<sup>5</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

<sup>6</sup> Bls. 71-77 í úrskurði.

<sup>7</sup> Bls. 114-120.

<sup>8</sup> Sjá héraðsdóm Norðurlands eystra nr. 175/2012, þar sem ríkið vefengdi úrskurð Óbyggðanefndar.

byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalogum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekktt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998.

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregla stjórnarskrár.

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Landamerkjalog nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.


#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Þykki ég mitt innsigli á þessa kröfulýsingu, staddur á Egilsstöðum, 9. dag júnímánaðar 2022.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda

  
Jón Jónsson hrl.  
Sími: 890976-5249

---

Jón Jónsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeiganda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeiganda





**KRÖFULÝSING**  
**FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS**  
**UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 11,**  
**AUSTFIRÐIR**

## EFNISYFIRLIT

1.	ALMENN ATRÍÐI .....	9
2.	LANDSVÆÐI .....	9
2.1.	Afmörkun kröfusvæðis .....	9
2.2.	Sveitarfélög á kröfusvæðinu.....	9
3.	NÁNAR UM KRÖFUSVÆÐIÐ.....	10
3.1.	Heimildir um landnám .....	10
3.2.	Afréttarmál.....	13
4.	KRÖFUSVÆÐIÐ; AÐLIGGJANDI JARÐIR OG SVÆÐI .....	23
4.1.	Múlaþing .....	23
4.1.1.	Ósafrétt og Grasdalur .....	23
i.	<i>Unaás (Unaós) með Heyskálum</i> .....	23
ii.	<i>Hrafnabjörg</i> .....	25
iii.	<i>Njarðvík</i> .....	26
iv.	<i>Sandbrekka</i> .....	29
4.1.2.	Hrafnabjargafrétt.....	32
v.	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	32
vi.	<i>Unaás (Unaós) með Heyskálum</i> .....	32
vii.	<i>Hrafnabjörg</i> .....	34
viii.	<i>Njarðvík</i> .....	35
ix.	<i>Sandbrekka</i> .....	38
4.1.3.	Sandbrekkufrétt.....	41
i.	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	41
ii.	<i>Unaás (Unaós) með Heyskálum</i> .....	42
iii.	<i>Hrafnabjörg</i> .....	44
iv.	<i>Njarðvík</i> .....	45
v.	<i>Sandbrekka</i> .....	48
vi.	<i>Dalir</i> .....	51
vii.	<i>Hjaltastaður</i> .....	53
4.1.4.	Hraundalur og Kirkjutungur .....	55
i.	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	55

ii.	<i>Hjaltastaður</i> .....	57
iii.	<i>Sandbrekka</i> .....	59
iv.	<i>Hjartarstaðir</i> .....	62
v.	<i>Hamragerði</i> .....	63
vi.	<i>Gilsárteigur</i> .....	64
vii.	<i>Hrjótur</i> .....	65
viii.	<i>Kóreksstaðir</i> .....	65
ix.	<i>Stakkahlíð</i> .....	67
4.1.5. Gilsárdalsafrétt .....		68
i.	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	68
ii.	<i>Hallormsstaður</i> .....	68
iii.	<i>Ytri-Víðivellir 1</i> .....	69
iv.	<i>Hrafnkelsstaðir</i> .....	72
v.	<i>Vallholt</i> .....	75
vi.	<i>Þingmúli</i> .....	75
vii.	<i>Geitdalur</i> .....	79
viii.	<i>Þorvaldsstaðir</i> .....	79
ix.	<i>Flaga</i> .....	81
4.1.6. Desjarmýrarafrétt .....		81
i.	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	81
ii.	<i>Bakki/Bakkagerði</i> .....	81
iii.	<i>Gilsárvellir og Grund</i> .....	82
iv.	<i>Desjarmýri</i> .....	83
v.	<i>Stakkahlíð</i> .....	85
vi.	<i>Húsavík</i> .....	85
vii.	<i>Brúnavík</i> .....	86
4.1.7. Afréttarlönd Hólalands og Hvannstóðar .....		86
i.	<i>Hvannstöð</i> .....	86
ii.	<i>Desjarmýri</i> .....	87
iii.	<i>Hólaland</i> .....	89
iv.	<i>Gilsárvellir og Grund</i> .....	89
v.	<i>Hjartarstaðir</i> .....	90
vi.	<i>Sandbrekka</i> .....	93

4.1.8. Afréttarland Gilsárvala .....	96
<i>i. Gilsárvellir og Grund .....</i>	96
<i>ii. Hvannstöð.....</i>	97
<i>iii. Desjarmýri .....</i>	97
<i>iv. Hólaland.....</i>	99
<i>v. Sandbrekka .....</i>	100
4.1.9. Hvalvík .....	102
<i>i. Sérstaklega um kröfusvæðið.....</i>	102
<i>ii. Brúnavík .....</i>	102
<i>iii. Glettingsnes .....</i>	103
<i>iv. Kjólsvík .....</i>	103
4.1.10. Herjólfsvík.....	103
<i>i. Sérstaklega um kröfusvæðið.....</i>	103
<i>ii. Breiðavík (Stóra-Breiðavík).....</i>	103
<i>iii. Litlavík / Litla-Breiðavík.....</i>	104
<i>iv. Húsavík.....</i>	104
<i>v. Desjarmýri .....</i>	105
4.1.11. Ytri-Álftavík.....	107
4.1.12. Innri-Álftavík.....	110
4.1.13. Hjálmárströnd.....	112
<i>i. Sérstaklega um kröfusvæðið.....</i>	112
<i>ii. Desjarmýri .....</i>	112
<i>iii. Sævarendi .....</i>	115
<i>iv. Vestdalur.....</i>	115
<i>v. Brimnes.....</i>	116
4.1.14. Hjálpleysa.....	116
<i>i. Tunguhagi með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði .....</i>	116
<i>ii. Stóra-Sandfell .....</i>	116
<i>iii. Áreyjar .....</i>	117
<i>iv. Gíslastaðir og Gerði .....</i>	118
4.1.15. Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis.....	118
<i>i. Gíslastaðir / Gíslastaðagerði .....</i>	118
<i>ii. Áreyjar .....</i>	118

iii.	<i>Tunguhagi með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði</i> .....	119
iv.	<i>Eyjólfsstaðir</i> .....	120
v.	<i>Vallanes</i> .....	120
4.1.16.	<i>Geitdalsafréttur</i> .....	121
i.	<i>Geitdalur</i> .....	121
ii.	<i>Þingmúli</i> .....	121
iii.	<i>Hallormsstaður</i> .....	124
4.1.17.	<i>Búðartungur</i> .....	125
4.1.18.	<i>Múlaafrétt</i> .....	135
4.1.19.	<i>Hamarsbætur</i> .....	144
i.	<i>Hamar og Hamarssel</i> .....	144
ii.	<i>Veturhús</i> .....	145
iii.	<i>Bragðavellir</i> .....	145
iv.	<i>Melrakkanes</i> .....	145
v.	<i>Geithellar</i> .....	146
vi.	<i>Kambasel</i> .....	146
vii.	<i>Þingmúli</i> .....	147
viii.	<i>Eiríksstaðir</i> .....	150
4.1.20.	<i>Afréttarland Geithellnadal</i> .....	151
i.	<i>Geithellar</i> .....	151
ii.	<i>Kambssel / Kambasel</i> .....	151
iii.	<i>Hamar (Hamarssel)</i> .....	152
iv.	<i>Bragðavellir</i> .....	152
v.	<i>Melrakkanes</i> .....	152
vi.	<i>Múli</i> .....	153
4.1.21.	<i>Hofsjökull og Staðarafrétt</i> .....	153
4.2.	<i>Fjarðabyggð</i> .....	155
4.2.1.	<i>Fannardalur</i> .....	155
i.	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	155
ii.	<i>Fannardalur (Norðfjörður)</i> .....	156
iii.	<i>Tandrastaðir</i> .....	156
iv.	<i>Seldalur</i> .....	156
v.	<i>Skorrastaður</i> .....	159

<i>vi.</i>	<i>Fjörður, Fjarðarsel og Oddi</i> .....	162
<i>vii.</i>	<i>Eskifjörður</i> .....	163
4.2.2.	<i>Oddsdalur</i> .....	164
<i>i.</i>	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	164
<i>ii.</i>	<i>Seldalur</i> .....	165
<i>iii.</i>	<i>Skuggahlíð</i> .....	168
<i>iv.</i>	<i>Skorrastaðir</i> .....	168
<i>v.</i>	<i>Sellátur</i> .....	169
<i>vi.</i>	<i>Högnastaðir</i> .....	169
4.2.3.	<i>Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. (norðurhluti Svínadals, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur)</i> .....	170
<i>i.</i>	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	170
<i>ii.</i>	<i>Vallanes</i> .....	171
<i>iii.</i>	<i>Kollaleira (Reyðarfirði)</i> .....	174
<i>iv.</i>	<i>Eskifjarðarsel</i> .....	175
<i>v.</i>	<i>Eskifjörður</i> .....	175
<i>vi.</i>	<i>Áreyjar</i> .....	176
<i>vii.</i>	<i>Fjörður (Mjóafirði)</i> .....	177
<i>viii.</i>	<i>Þuríðarstaðir (Völlum / Eiðahreppi)</i> .....	178
<i>ix.</i>	<i>Tunguhagi með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði (Völlum)</i> .....	179
<i>x.</i>	<i>Stóra-Sandfell</i> .....	179
<i>xi.</i>	<i>Útnyrðingsstaðir</i> .....	179
<i>xii.</i>	<i>Kelduhólar</i> .....	180
<i>xiii.</i>	<i>Gíslastaðir og Gíslastaðagerði</i> .....	180
<i>xiv.</i>	<i>Eyjólfsstaðir með Beinárgerði</i> .....	182
<i>xv.</i>	<i>Eyrarteigur (Skriðdal)</i> .....	183
<i>xvi.</i>	<i>Arnhólsstaðir</i> .....	183
<i>xvii.</i>	<i>Ketilsstaðir</i> .....	183
4.2.4.	<i>Ljósárland (Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels)</i> .....	183
<i>i.</i>	<i>Höskuldsstaðir</i> .....	183
<i>ii.</i>	<i>Höskuldsstaðasel</i> .....	184
<i>iii.</i>	<i>Ánastaðir</i> .....	184
<i>iv.</i>	<i>Flaga</i> .....	185

v.	<i>Ljósárland</i> .....	185
vi.	<i>Berufjörður</i> .....	186
i.	<i>Þingmúli</i> .....	188
5.	<b>KRÖFULÍNUR OG RÖKSEMDIR</b> .....	191
5.1.	Almennt.....	191
5.2.	<b>Ósafrétt og Grasdalur</b> .....	191
5.3.	<b>Hrafnabjargafrétt</b> .....	191
5.4.	<b>Sandbrekkufrétt</b> .....	192
5.5.	<b>Hraundalur og Kirkjutungur</b> .....	193
5.6.	<b>Gilsárdalsfrétt</b> .....	193
5.7.	<b>Desjarmýrarafrétt</b> .....	194
5.8.	<b>Afréttarlönd Hólalands og Hvannstóðar</b> .....	195
5.9.	<b>Afréttarland Gilsárvala</b> .....	196
5.10.	<b>Hvalvík</b> .....	196
5.11.	<b>Herjólfsvík</b> .....	196
5.12.	<b>Ytri-Álftavík</b> .....	197
5.13.	<b>Hjálmarströnd</b> .....	197
5.14.	<b>Innri-Álftavík</b> .....	198
5.15.	<b>Hjálpleysa</b> .....	198
5.16.	<b>Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis</b> .....	199
5.17.	<b>Geitdalsafréttur</b> .....	200
5.18.	<b>Búðartungur</b> .....	201
5.19.	<b>Múlafrétt</b> .....	201
5.20.	<b>Hamarsbætur</b> .....	202
5.21.	<b>Afréttarland Geithellnads</b> .....	203
5.23.	<b>Fannardalur</b> .....	204
5.24.	<b>Oddsdalur</b> .....	204
5.25.	<b>Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. (norðurhluti Svínadals, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur)</b> .....	205
5.26.	<b>Ljósárland (óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels)</b> .....	205
6.	<b>DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR</b> .....	206
7.	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	210
7.1.	<b>Ósafrétt og Grasdalur</b> .....	210

7.2. Hrafnabjargafrétt.....	210
7.3. Sandbrekkuafrétt.....	211
7.4. Hraundalur og Kirkjutungur .....	211
7.5. Gilsárdalsafrétt .....	211
7.6. Desjarmýrarafrétt.....	211
7.7. Afréttarlönd Hólalands og Hvannstóðar .....	212
7.8. Afréttarland Gilsárvala .....	212
7.9. Hvalvík.....	212
7.10. Herjólfsvík.....	212
7.11. Ytri-Álftavík.....	213
7.12. Innri-Álftavík.....	213
7.13. Hjálmárströnd .....	213
7.14. Hjalpleysa.....	213
7.15. Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis.....	214
7.16. Geitdalsafréttur .....	214
7.17. Búðartungur.....	214
7.18. Múlaafrétt.....	214
7.19. Hamarsbætur.....	215
7.20. Afréttarland Geithellnadal.....	215
7.21. Hofsjökull og Staðarafrétt.....	215
7.22. Fannardalur .....	215
7.23. Oddsdalur .....	216
7.24. Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. (norðurhluti Svínadal, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur) .....	216
7.25. Ljósárland (óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels).....	216
8. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI .....	217



**KRÖFULÝSING**  
**FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS**  
**UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 11,**  
**AUSTFIRÐIR**

## **1. ALMENN ATRIÐI**

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 20. apríl 2021, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 11 til meðferðar, Austurland. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 8. október 2021. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, fyrst til 8. nóvember 2021, svo til 8. desember, til 10. janúar, til 24. janúar og loks til 25. janúar 2022.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirsvaer fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirsvaer þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirsvaer: Lögmennt íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, Andri Andrason, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, og Jóhannes Tómasson, kt. 130194-2069, johannes@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

## **2. LANDSVÆÐI**

### **2.1. Afmörkun kröfusvæðis**

Kröfusvæðið afmarkast svo, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 20. apríl 2021:

*Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlaþings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornafjarðar en mörkum þess og Múlaþings er síðan fylgt suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.*

### **2.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu**

Á kröfusvæðinu eru eftirfarandi sveitarfélög: Múlaþing og Fjarðabyggð.

Múlaþing varð til þann 4. október 2020 við sameiningu fjögurra minni sveitarfélaga; Borgarfjarðarhrepps, Djúfavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í sveitarfélaginu bjuggu 5020 manns þann 1. janúar 2020.

Fjarðabyggð varð til við samruna 14 sveitarfélaga í áföngum á árunum 1998-2018. Sveitarfélögin 14 eru Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður, Reyðarfjarðarhreppur (1998), Mjóafjarðarhreppur, Austurbyggð, Fáskrúðs-fjarðarhreppur (2006), og Breiðdalshreppur (2018). Byggðakjarnar sveitarfélagsins eru sjö; Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalur og Brekkuþorp í Mjóafirði. Í sveitarfélaginu bjuggu 5070 manns 2019.

### 3. NÁNAR UM KRÖFUSVÆÐIÐ

#### 3.1. Heimildir um landnám

Í Landnámu (Sturlubók) er getið þeirra landnámsmanna sem numu lönd í Múlasýslum.<sup>1</sup>

Graut-Atli nam ena eystri strönd Lagarfljóts allt á milli Giljár ok Vallaness fyrir vestan Öxnalæk.<sup>2</sup>

Brynjólfr kom skipi sínu í Eskifjörð ok nam land fyrir ofan fjall, Fljótsdal allan fyrir ofan Hengiforsá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðudal allan, og svo Völluna út til Eyvindarár ok tók mikit af landnámi Una Garðarssonar ok byggði þar frændum sínum ok mágum.<sup>3</sup>

Ævarr enn gamli bróðir Brynjólfs kom út í Reyðarfirði ok fór upp um fjall; honum gaf Brynjólfr Skriðudal allan fyrir ofan Gilsá; hann bjó á Arnaldsstöðum [...].<sup>4</sup>

Ásröðr hét maður, er fekk Ásvarar Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs og stjúpdóttur; henni fylgðu heiman öll lönd milli Gilsár ok Eyvindarár; þau bjuggu á Ketilsstöðum.<sup>5</sup>

---

<sup>1</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 288-336.

<sup>2</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 296.

<sup>3</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 296.

<sup>4</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 296 og 298.

<sup>5</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 298.

Hrafnkell hét maðr Hrafnsson; kom kom út síð landnámatíðar. Hann var enn fyrsta vetr í Breiðdal, en um várit fór hann upp um fjall. Hann áði í Skriðudal [...] Síðan nam Hrafnkell Hrafnkelsdal og bjó á Steinröðar-stöðum.<sup>6</sup>

Uni tók land, þar sem nú heitir Unaóss, ok húsaði þar; hann nam sér land til eignar fyrir sunnan Lagarfljót, allt herað til Unalækjar. [...] Uni fór í Álptafjörð hinn syðra; hann náði þar eigi að staðfestask.<sup>7</sup>

Þorkell fullspakr hét maðr, er nam Njarðvík alla ok bjó þar.<sup>8</sup>

Veturliði nam Borgarfjörð og bjó þar.<sup>9</sup>

Þórir lína hét maðr, er nam Breiðavík ok bjó þar [...].<sup>10</sup>

Þorsteinn kleggi nam fyrsts Húsavík ok bjó þar [...].<sup>11</sup>

[...] nam (Loðmundr) Loðmundarfjörð ok bjó þar þennan vetr.<sup>12</sup>

Bjólfr fóstbróðir Loðmundar nam Seyðisfjörð allan ok bjó þar alla ævi [...]. Ísólfr hét sonur Bjólfs, er þar bjó síðan ok Seyðfirðingar eru frá komnir.<sup>13</sup>

Eyvindr hét maðr, er út kom með Brynjólfi ok færði síðan byggð sína í Mjóvafjörð ok bjó þar. Hans son var Hrafn, er seldi Mjóvafjarðarland Þorkatli klöku, er (þar) bjó síðan [...].<sup>14</sup>

Egill hinn rauði hét maðr, er nam Norðrfjörð og bjó á Nesi út; hans son var Óláfr, er Nesmenn eru frá komnir.<sup>15</sup>

Freysteinn enn fagri hét maðr; hann nam Sandvík ok bjó á Barðsnesi, Viðfjörð ok Hellisfjörð. Frá honum eru Sandvíkingar og Viðfirðingar og Hellisfirðingar komnir.<sup>16</sup>

---

<sup>6</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 299.

<sup>7</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 299-300.

<sup>8</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 302.

<sup>9</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 302.

<sup>10</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 302.

<sup>11</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 302.

<sup>12</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 304.

<sup>13</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 306.

<sup>14</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 306.

<sup>15</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 306.

<sup>16</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 306-7.

Þórir enn hávi og Krumr, þeir fóru af Vörs til Íslands, ok þá er þeir tóku land, nam Þórir Krossavík á milli Gerpis og Reyðarfjarðar; þaðan eru Krossvíkingar komnir. en Krumur nam land á Hafranesi ok til Þernuness ok allt et ytra, bæði Skrúðey og aðrar úteyjar og þrjú lönd öðrum megin gegnt Þernunesi; þaðan eru Krymlingar komnir.<sup>17</sup>

Ævarr var fyrst í Reyðarfirði, áðr hann fór upp um fjall, en Brynjólfr í Eskifirði, áðr hann fór upp að byggja Fljótsdal, sem áður var ritað.<sup>18</sup>

Vémundr hét maðr, er nam Fáskrúðsfjörð allan ok bjó þar alla ævi; hans son var Ölmóður, er Ölmæðlingar eru frá komnir.<sup>19</sup>

Þórhaddr enn gamli [...]. [...] en hann kom í Stöðvarfjörð og lagði Mærina-helgi á allan fjörðinn og lét öngu tortíma þar nema kvikfé heimilu. Hann bjó þar alla ævi, og eru frá honum Stöðfirðingar komnir.<sup>20</sup>

Hjalti hét maðr, er nam Kleifarlönd ok allan Breiðdal þar upp frá; hans son var Kolgrímur, er margt er manna frá komit.<sup>21</sup>

Herjólfur hét maður, er nam land allt út til Hvalsnesskriðna; hans son var Vápni, er Væpnlingar eru frá komnir.<sup>22</sup>

Herjólfur bróðir Brynjólfs nam Heydalalönd fyrir neðan Tinnudalsá ok út til Ormsár; hans son var Össur, er Breiðdælir eru frá komnir.<sup>23</sup>

Skjöldólfr hét maður, er nam Streiti allt fyrir utan Gnúp ok inn öðrum megin til Óss ok til Skjöldólfsness hjá Fagradalsá í Breiðdali. Hans son var Háleygr, er þar bjó síðan; frá honum er Háleygjaett komin.<sup>24</sup>

Þjóðrekr hét maður; hann nam fyrst Breiðdal allan, en hann stökk braut þaðan fyrir Brynjólfi ok ofan í Berufjörð ok nam alla ena nyrðri strönd Berufjarðar ok fyrir sunnan um Búlandsnes ok inn til Rauðaskriðna öðrum megin ok bjó

---

<sup>17</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 307.

<sup>18</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 307.

<sup>19</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 307.

<sup>20</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 307.

<sup>21</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 308.

<sup>22</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 308.

<sup>23</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 308.

<sup>24</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 308-9.

þrjá vetur þar, er nú heitir Skáli. Síðan keypti Björn hinn hávi jarðir að honum, og eru frá honum Berufirðingar komnir.<sup>25</sup>

Björn sviðinhorni hét maður, er nam Álptafjörð enn nyrðra inn frá Rauðaskriðum ok Sviðinhornadal.<sup>26</sup>

Þorsteinn trumbubein hét frændi Böðvars ens hvíta ok fór með honum til Íslands; hann nam land fyrir utan Leiruvág til Hvalsnesskriðna.<sup>27</sup>

Böðvr hinn hvíti [...], og Brand-Önundr frændi hans fóru af Vörs til Íslands og kómu í Álptafjörð hinn syðra. Böðvarr nam land inn frá Leiruvági, dali þá alla, er þar liggja, og út annan veg til Múla ok bjó at Hofi; hann reisti þar hof mikit.<sup>28</sup>

### 3.2. Afréttarmál

Í *Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna* segir eftirfarandi um afréttarmál í Norður-Múlasýslu:

*Hjaltastaðasókn (1842)*

Afréttir Hjaltastaðapínghár liggja upp frá bæjunum fram með háfjöllunum en dalirnir, sem einnig eru afréttir, liggja frá suðaustri til norðvesturs og aðskilja tinda- eður háfjöllin: en allstaðar á fjallgarði þessum ráða eggjar á fjöllum en vörp í dölum löndum milli Hjaltastaðasóknar og þeirra sem hinumegin liggja við fjallgarðinn, nl. Borgarfjarðar- og Loðmundar-fjarðarsókna.<sup>29</sup>

Afréttirnir og dalirnir heita þetta:

1. Ósafirétt (alm. Ósfjall), yst á fjallgarðinum í norðaustur frá Dyrfjalli. Það er lágt hlíðarfjall og grasi vaxið upp eftir, en melar efst og skriður en yst flug og hengihamrar sem ganga langt í sjó út. Yst á fjallinu liggur dalur frá suðvestri til útausturs sem Grasadalur heitir. Þar skammt fyrir sunnan á fjallinu er skarð sem heitir Gönguskarð. [...]
2. Hrafnabjargaafrétt (alm. Hrafnabjargafjall), áfast Ósfjalli, gengur beint inn frá því og inn að Dyrfjalli. Það er að hæð, landkostum og landslagi líkt Ósfjalli og er hvörtveggi sáemilegt kostaland. [...]

<sup>25</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 309.

<sup>26</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 309.

<sup>27</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 309.

<sup>28</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 310.

<sup>29</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 188-189.

3. Sandbrekkuufrétt gengur inn frá Hrafnabjargarfjalli fram fyrir neðan Dyrfjall, Sandadalsfjall og Beinageitarfjall. Hún er mest grashlíðar og fláar hið neðra. Upp úr afrétt þessari milli Dyrfjalls og Sandadal gengur dalur sá er heitir Eiríksdalur, ysti vegur úr Hjaltastaðapinghá til Borgarfjarðar. Hann er grýttur efst en grasi vaxinn neðan til og gott beutiland. Milli Sandadalsfjalls og Beinageitarfjalls liggur dalur. Hann heitir Sandadalur. [...] Milli Beinageitardjalls og Botndalsfjalls liggur enn dalur sá er Hraundalur heitir. [...] Hann er lengstur allra dalanna og nær því dagleið byggða í milli. Bestur er hann að landkostum og langt fegri yfir að líta en allir hinir. Þar eru nes stór og grundir sléttar og gott hestaland. Þessir þrír dalir ganga allir upp frá Sandbrekkuufréttinni og er hún langstærst allra afréttanna. Henni tilheyrir hálfur Hraundalur, Beinageitarfjalls megin upp á varp, en syðri hluti dalsins með Botndalsfjalli er almenningur. [...] <sup>30</sup>

#### *Desjamýrarsókn (1839-40)*

Selstöður hafa verið frá Njarðvík inn í vikinni, en ekki brúkaðar svo menn viti marga mannsaldra frá Dysjarmýri, einnig fyrir innan Setber við afrétt, eins lengi aflögð, að líkindum vegna snjós sem eftir snjóavetur ekki hefur upptekið svo gras hafi sprottið fyrri en eftir höfuðdag og máske aldrei á sumum árum. <sup>31</sup>

Inn af Borgarfirði, Hólalands- og Hvannstóðsdalur, þeirra afréttur, og Lambadalur hálfur tilheyrir Hvannstóði, en hálfur Lambadalur, Kækjudalur og hálfur Skúmháttardalur tilheyrir Gilsárvellu, þá Dysjarmýri, hálfur Skúmháttardalur, Setbergsupsir, Krossmelar og Fitjar og allt til Gæsirvatna. Þessi afréttur er léður öllum Borgarfirði. Engi er hér regluleg rétt, en safnað eftir tíðarfari frá 21. til 23. viku sumars og óskilafé burtu rekið. <sup>32</sup>

#### *Klyppstaðarsókn (1842)*

Hjálma skilur land milli Sævarenda og Hjálmarstrandar, Dvergasteinskirkju afréttarland. Strönd þessi er undirlendislítil og snöggland, hrjóstrug og grýtt út að Stórfisksá, en Mýrarhallinn og Hjálmadalurinn, báðumegin árinna, er allgrösugur. Þegar á allt er litið, er hún allgott beutiland fyrir sauðfé. <sup>33</sup>

Það er ókostur allra jarða í Loðmundarfirði að þær eru orðnar skóglausar, nema lítilsháttar kropp á Bárðarstöðum og Úlfsstöðum. [...] Þær eru og allar

<sup>30</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 189-190.

<sup>31</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 209.

<sup>32</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 209.

<sup>33</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 228.

afréttarlausar fyrir geldfé að undanteknum þessum tveimur nýumgetnu jörðum, svo allt geldfé hlýtur að ganga innan um búsmalann á sumrin.<sup>34</sup>

Þá segir um kirkjujörðina Húsavík:

Heimajörðin hefur gott og stórt tún og kotin ogsvo í vínni eftir dýrleika. Engjar í heimavíkinni eru miklar og víða grasgefnar. Þarabreit í Bæjarfjörinni mun vera einhver hin besta hér á Austfjörðum, útigangur góður á annesjum, einkum Skálanesi; landkostir einhverjir hinir bestu fyrir sauðfé og afréttur nógur til fjalla og á Skálanesi.<sup>35</sup>

*Dvergasteins- og Fjarðarsóknir (1840)*

Um jörðina Fjörð í Mjóafirði segir m.a.:

Við Fjarðarbotninn stendur Fjörður, 40 hndr. að dýrleika með tveimur hjáleigum, Fjarðarkoti og Árnosi, [...] þar er rétt gott tún og mikill heyskapur í fjöllum, landkostir góðir, beitarland stórt og góð afrétt [...].<sup>36</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna* segir eftirfarandi um afréttarmál í Suður-Múlasýslu:

*Eiðasókn (1841)*

Nú sem stendur eiga engir bæir í sókninni selstöður eða tiltölu til þeirra, en á fyrri tímum skal Eiðum hafa tilheyrt gömul selstaða á Hraundal sem í manna minnum hefur ekki verið notuð. Réttir eru hér vanalegast haldnar þá 4 til 4 ½ vikur eru til vetrar og sækja þeir búendur úr syðri hluta sóknarinnar, sem reka fé sitt inn á Eyvindarárdal, rétt þá er liggur í Dalhúsalandi; þeir aðrir úr miðjum hluta sóknarinnar, sem reka á Hálsana fyrir framan Gilsá, sækja rétt þá sem er í Ormsstaðalandi; hinir þriðju úr ysta hluta hennar fyrir utan Eiða, sem reka á Hálsana fyrir utan síðstnefnda á, sækja ekki vissar réttir en draga fé sitt í sundur bæði í Gilsárteigi og á Hjartastöðum.<sup>37</sup>

Eyðijarðir eru þessar: Þuríðarstaðir inn á Eyvindarárdal, tilheyrandi Eiðabóndaeign, hvar afrétt er höfð af innstu bæjum í sókninni, Glúmstaðir, fyrir ofan Mýrnes, liggjandi þar undir, og Núpssgerði tilheyrandi Hjartastöðum, skammt út og upp frá bænum (NB Uxagerði í Eiðalandi er áður nefnt sem þó óvíst er að verið hafi býli). Engin af þessum eyðijörðum hefur í

<sup>34</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 232.

<sup>35</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 239.

<sup>36</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 248.

<sup>37</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 288-9.

manna minnum byggð verið, hvar af flýtur að eg hvörki veit hvað langt er síðan þær lögðust í eyði eða fyrir hvörjar orsakir það skeð hefur.<sup>38</sup>

*Vallanessókn (1840)*

Sunnan undir nýnefndum Hetti skerst suðaustur í fjallgarðinn lítill afréttardalur, Hjálpleysudalur kallaður, er hann þröngur og hér um bil  $\frac{3}{4}$  míla á lengd. Fyrir botni hans liggur fjallhryggur er Hjálpleysa nefnist [...].<sup>39</sup>

Af sóknarinnar bæjum reka nú Vallanessábúendur og hjáleignamenn samt Strandar-, Egilsstaða-, Kollstaða-, og Höfðabændur geldfé sitt undir Skagafell. En Ketilsstaða-, Eyjófsstaða- og Gíslastaða- og þeirra jarða hjáleigumenn á Fagradal hvört heimalönd þeirra ná, þvert yfir hálsinn; en Tunghaga og undirliggjandi hjáleigna ábúendur reka geldfé sitt í áðurnefndan Hjálpleysudal so sem áfastan þeirra heimalöndum. Bærinn Stóra-Sandfell hefur afrétt í sínu eigin landi sunnan fram á sama dal, en Vaðsmenn reka oftast á Geitdals- eður aðrar Skriðdalsafréttir. Réttir eru hér vanalegast haldnar þá mánuður lifir sumars og sækja allir sóknarinnar búendur, er reka fél sitt á Fagradal og undir Skagafell, réttir er liggja í Höfðalandi en hinir hafa réttir við bæi sína.<sup>40</sup>

*Hallormsstaðasókn (1840)*

Afrétt liggur engin í sókn þessari nema áðurnefndur Gilsárdalur austan Gilsár er brúkast frá heimastaðnum og afbýlinu Skjögrastöðum hvar í er ennú nokkur grasatekja.<sup>41</sup>

*Þingmúlasókn (1843)*

Ekkert fjallað um afréttarmál í lýsingu Þingmúlasóknar.

*Hallormsstaða- og Þingmúlasókn (1874)*

Er þetta allt einn háls [Hallormsstaðaháls] eða langt fell lækkandi til enda. Þar er hið innra Geitdalsafrétt suðaustan megin en Gilsárdalur að vestan.<sup>42</sup>

Inn af dalnum [Suðurdalnum] er viðbrött afrétt, nefnd hið ytra Víðirgróf inn að Yxnagilsá sem kemur ofan af Breiðdalsheiði. Rís afréttin jafnt við inn á há-Öxi milli Skriðdals og Berufjarðar.<sup>43</sup>

<sup>38</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 289.

<sup>39</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 298.

<sup>40</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 305.

<sup>41</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 316.

<sup>42</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 328.

<sup>43</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 329.



Nærst er Þrándarjökull inn af Geitdals- og Hallormsstaðaafréttum, á fjallinu milli Hamarsdals og Geithelladals.<sup>44</sup>

Geitdalur er meðalheyskaparjörð og er mikið af honum inn í afrétt. [...] Kvistur er nógur inn í afrétt og víðara. Málnytuland er lélegt heima við því fjallshlíðin er ónýtt, en gott inn í afrétt. Lítið sýnist Geitdalsland ganga af sér.<sup>45</sup>

Staðurinn [Þingmúli] stendur austan undir Múlakollinum hjá Skriðdals- eða Múlaá, nærri yst á tungunni milli hennar og Geitdalsár, og á staðurinn alla tunguna milli ána inn á öræfi svo langt sem vötnum hallar til Skriðdals og þar að auki afréttarlandið inn frá, sem nefnist Víðirgróf, sunnan við Öxará eða Skriðdalsá, suður á há-Breiðdalsheiði og á fjöllin suðvestur af henni og eins norðaustur allt til Vatnsdalsár. [...] Þingmúlastaður er víðlend jörð, en örðug, því staðurinn stendur yst á tungunni. Þar er töluverður heyskapur en sumur langsóttur og með blettum víða um landið, einungis í Múlahlíðunum báðumegin og inn í Geitdal sunnan megin, lítil nes og undirlendi með fram ánum. [...] Afréttarlöndin eru mikil og góð.<sup>46</sup>

Hallormsstaðasókn heyrar engar afréttir til nema Hallormsstaðaafrétt. Hún er einasta Gilsárdalur innan til, austan við Gilsá inn að Hornbrynju og upp á Hraungarð inn af Hallormsstaðahálsi. Þar er mjög blásið, urðótt og grófótt og lítill grasvegur. Gagnar þessi afrétt aðeins sumu af fénu frá Hallormsstað og hjáleigunum. Frá öðrum bæjum í sókninni verður að kaupa afrétt á Fljótsdalsheiðum, Skriðdals- og víðar. Rétt er á Hallormsstað. [...] Inn af Þingmúlasókn eru miklar og góðar afréttir, s.s. Geitdalsafrétt inn af Geitdal, allt að Bratthálsi og Líkárkötnum, og Múlaafrétt inn af Múlanum og Suðurdal inn á Háöxi. Svo er góð afrétt inn í Þórudal og fleiri smádölum upp af suðurbyggð sveitarinnar. Á þessar afréttar reka Skriðdælingar geldfé sitt og lömb og ýmsir úr Skógum og Völlum. Réttir eru heima á bæjum hjá afréttarbændum.<sup>47</sup>

#### *Skorrastaðarsókn (1841)*

Sel- og Oddsdalurinn eru yfir höfuð mikið grösugir bæði á sléttlendi og upp eftir hlíðum, líka ekki alllítið lyng á þeim fyrirtalda en næstum er gjöreyddur sá skógur er fyrrum var á Seldalshálsi. Báðir þessir dalir eru Skorastaðarkirkju heimaland en brúkaðir alltaf fyrir afrétt af flestum Norðfirðingum samt til slægna af prestinum og öðrum sem þess þurfa, samt er nýlega byggður

<sup>44</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 329.

<sup>45</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 339.

<sup>46</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 339.

<sup>47</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 342-3.

Seldalurinn fyrir norðan Seldalsána þar sem fyrrum var höfð selför frá Skorastað en nú ekki brúkuð, bæði vegna vegalengdar sem og oft báginda framan af sumri að fara yfir Norðfjarðarána.<sup>48</sup>

*Hólmasókn (1843)*

Selstöður eru engar hér í sveit, né hafa verið so mér sé kunnugt, nema Eskjufjarðarsel hefir fyrrum verið selstaða frá Eskjufirði; hér er hvörgi heldur svo mikið landrými að menn geti ekki notað allt land sitt að heiman. [...] Afréttarlönd eru hér og engin so menn verða að hafa geldfé sitt í búfjárhögum á sumrin, mest er landrými á Stuðlum og Sléttu so einstaka maður fær að hafa lömb sín þar. Hér hefir allt að þessu gengið mjög óreglulega til um fjallgöngur á haustin því sjaldan er búið að reka saman fé og rannsaka fyrr en um veturnætur; ekki er það heldur rekið saman í réttir heldur hreinsar hvör búfjárhaga sína og dregur sundur heima hjá sér sem þó er mesti ósiður.<sup>49</sup>

*Kolfreyjusókn (1841)*

Í umfjöllun um jörðina Sævarenda segir m.a.:

Á ströndinni milli Eyrar og Sævarenda er útigangur í betra lagi og næg afrétt fyrir þessa bæi.<sup>50</sup>

Í umfjöllun um jörðina Tungu segir m.a.:

Á Tungudal er næg afrétt fyrir þrjá eða fjóra meðalbændur.<sup>51</sup>

Í umfjöllun um jörðina Dali segir m.a.:

Afrétt vel svo eins og í Tungu en útigangur valtur og vetrarríki oft í meira lagi.<sup>52</sup>

*Stöðvarsókn (1839)*

Engin umfjöllun er um afrétti í kaflanum um Stöðvarsókn.

*Eydalasókn (1840)*

Engin umfjöllun er um afrétti í Eydalasókn.

*Breiðdalssókn (1873)*

Í Eydalasókn [Breiðdalssókn] eru engin afréttarlönd né almenningar heldur er allt búfjárhagar, og hvergi er þar upprekstur og af því búfjárhagarnir, eða land

<sup>48</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 358.

<sup>49</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 380.

<sup>50</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 410.

<sup>51</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 410.

<sup>52</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 410.

hveirrar jarðar, liggja svo nálægt hvert öðru þá rennur geldféð á mis úr einu landi í annað án þess að það verði fyrirbyggt eða tekið til greina; hér eru því engar aðalréttir heldur gengur hver sitt land á sama degi í 23ðju viku sumars og heitir það samganga; er þá fjársafnið, úr hvers eins landeign, rekið í heimarétt á bæ hans og stendur þá hver öðrum skil á hans fé sem þar kemur að, og er það rekið til næsta bæjar rétta boðleið, svo hver taki við af öðrum uns fjallskil eru orðin á rekstrinum og heita þetta fjárskil.<sup>53</sup>

*Berufjarðar- og Berunessókn (1840)*

Afréttarland er í Berufirði og Fossárdal og Krossdal en engar réttir.<sup>54</sup>

*Hofs- og Hálssóknir (1840)*

Inn af Höfðanum sjálfum gengur nokkuð langt flatlendi, víða móótt. Innan fram við þetta flatlendi beygjast fjallshlíðarnar og Höfðabryrnar yfir í dalinn þverlínis næstum að ánni, hvar fyrir þar myndast líkasem horn út úr fjallgarðinum er næstum samanlykur dalinn, kallast það Afréttarhnausar. Þar fyrir innan liggur svonefnd Staðarafrétt. Afrétt þessi liggur með hlíðum fram í Flugustaðadalnum, sunnan í Tungufjöllum; upp af henni liggur Afréttarhjalli nefndur, sem liggur fyrir ofan alla afréttina og áðurnefnda Afréttarhnausa og Höfðabryr. Hjalli þessi er víða grösugur. Upp af þessum hjalla liggja nokkur klettabelti og þar upp af blásker allt upp til Tungutinda. Sú nefnda Afrétt nær allt inn að stafni Flugustaðadals. Stafn þessi gengur með viðlíðandi bratta upp og nefnist Svíptungnavarp, við hvört að sunnanverðu sameinast áðurnefndar skriður af Jökulfellum.<sup>55</sup>

Peir af framantöldu bæjum, sem selstöður eigu, eru einkum Þvottá, Starmýri, Flugustaðir, Hof, Múli, Geithellar og Melrakkanes. Selstaða Þvottá liggur í Fauskahlíð og nefnist Fauskasel. [...] Selstaða tilheyrandi Starmýri liggur í Seldal og er vanalega notuð. Í Selfjalli á Starmýrardal hefur og verið sel sem fyrir löngu er niðurlagt sökum þess þangað þótti langt og hagalítið þar fyrir stórgripi. Í Hagahlíðum á Flugustaðadal var selstaða ný upptekin og aftur nýlega niðurlögð, líklegast fyrir hirðuleysi ábúandans. Áður var og selstaða í Selfjalli þarnefndu hvar skepnur þóttu miður gagn gjöra hvörs vegna það niðurlagðist. Selstaða frá Hofi er á Hofsdal og nefnist Staðarsel, árlega notuð. Frá Múla hafa sel verið, bæði í Fornaselsfjalli sem og Litla- og Stóra-Selfjalli, en lengi hafa sel þessi ei verið notuð [...]. Geithellum tilheyrandi selstaða stendur undir Virkishólafjalli og nefnist Virkishólasel, þar er árlega haft í seli.

<sup>53</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 490.

<sup>54</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 507.

<sup>55</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 527.

Sömu leiðis er og nýlega selstaða upptekin undir Hlíðarfjalli. Í fjallinu Breið er og gömul selstaða fyrir löngu niðurlögð [...]. Frá Melrakkanesi er selstaða í Bragðavallahólum, þar nýlega upptekin og brúkast árlega. Selhússtaðir nefnast á Hamarsdal hvar eitt sinn var sel frá Veturhúsum sem fyrir löngu síðan hefur ei brúkað verið. Frá Hamri og Hamarseli skal og í seli haft á þar liggjandi Selhjalla en þó ekki nema aðeins eitt ár [...]. Á Búlandsdal hefur og eitt sinn verið sel frá Hálsi sem í langa tíma ei hefur brúkað verið, hvað sem tilkemur, því þar er fallett selstæði, að vísu kann þar að þykja graslítið fyrir kýr.<sup>56</sup>

Í *Göngum og réttum* segir m.a. um afréttarlönd í N-Múlasýslu:

Njarðvík á gott og víðáttumikið afréttarland: kjarrvaxin fjöll, hjalla, hlíðar og höfða, grösuga hvamma, bakka, mýrar, botna og móa. Þar sprettur allur hugsanlegur fjallagróður. Blómgresi er þar mikið og fagurt að sumri til. Þarna eru ágætir sumarhagar fyrir búpening og kjarnmikil vetrarheit. Þar er einnig sjávarheit.<sup>57</sup>

Á bak við Tóarfjall og Skjaldarfjall liggur dalur, sem telst til Njarðvíkur. Heitir hann Grasdalur. Hann er gróðurlítill ofan til, en grösugur neðra, bæði vallendisgróður og mýrgresi. Þarna gengur margt fé á sumrum, einkum Héraðsfé, og reynist mjög vænt. Fyrr á árum voru höfð trippi og geldneyti á Grasdali yfir sumarið. Á fellur eftir dalnum og heitir Afréttará, eftir að hún sleppir dalnum. Neðan við Grasdali heitir Afrétt, og er hún stórt svæði. Þar eru brattir grasjaðrar, sem liggja að sjó fram. Á milli Grasdals og Afréttar eru klettabelti og rákir á milli. Verður að reka fé af Grasdali niður kletta þessa, og er það vond leið, eftir að frost og snjó hefir gert.<sup>58</sup> [...] Margt fé gengur í Afréttinni, einkum Njarðvíkurfé. Þar er sauðland gott og oftast hagar langt fram eftir vetro. Sunnan við Afréttina eru brattar skriður í sjó fram og illfærir klettur fyrir ofan. Lítil hjalli er ofan til í klettum þessum og heitir Beinahjalli. Vill til, að kindur lenda þangað. – Næst taka við Hnausar og Skálanes. Skálanesið er lítið en fallett og gróðursælt.<sup>59</sup>

Göngudalur liggur milli Kerlingarfjalls og Grjótfjalls. [...] Dalur þessi er nokkuð stór og grösugur með köflum. Sauðland er þar gott.<sup>60</sup>

<sup>56</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 557-8.

<sup>57</sup> *Göngur og réttir*, V. bindi, bls. 401.

<sup>58</sup> *Göngur og réttir*, V. bindi, bls. 403-4.

<sup>59</sup> *Göngur og réttir*, V. bindi, bls. 405.

<sup>60</sup> *Göngur og réttir*, V. bindi, bls. 405.

Seldalur heitir milli Grjótfjalls og Sönghofs fjalls. Er hann allstór og grösugur með köflum.<sup>61</sup>

Sérstaklega gott afréttarland er í Urðardal, Byrðu og Dyrfjalladal, enda gengur þar fjöldi fjár yfir sumarið, einkum Borgarfjarðarfé.<sup>62</sup>

Öllu leitarsvæðinu í Njarðvík er skipt í fimm hluta og 13 mönnum falið að smala það allt á dag.

Áður voru vikurnar allar byggðar, en nú komnar í eyði – nema Njarðvík og Húsavík – og notaðar sem afréttarlönd.<sup>63</sup>

Fram yfir síðustu aldamót voru fjöllin að mestu smöluð sem heimalönd. [...] Lögrétt var þá við Gilsá. [...] Afréttarlönd voru þá talin Hólalandsfjall innan Selár, Innfjöllin og Desjamýrarafrétt ofan Selhúsalækjar neðri og innan Krossár. Þó var nyrsti hluti Innfjallanna, Hvannstóðsfjall norðan „Tinds“ talið heimaland Hvannstóðs.<sup>64</sup>

Þá kemur einnig fram að nokkru eftir aldamótin 1800-1900 hafi þurft að byggja upp lögréttina, sem hafi þá verið valinn staður vð Fjarðará niður af Grundarbænum. Samhliða hafi verið miklar umræður um fyrirkomulag fjall- og fjárskila. Lauk þeim umræðum þannig að allt land hreppsins skyldi smala sem afréttarland. Var lögrétt byggð á Hrafnártanga fyrir Suðurbyggð, önnur á Brandsbölum fyrir Norðurbyggðina og sú þriðja á Þverárási, yst á Tungum. Þá var einnig lögrétt í Húsavík.<sup>65</sup>

Um afréttarlönd í S-Múlasýslu segir m.a. í *Göngum og réttum*:

Þar sem Múlaá og Geitdalsá mætast myndast tangi, og er þar lögrétt Múlaafretta á graseyri við ána og „hefir svo verið frá ómunatíð“.<sup>66</sup>

Afréttarlönd Skriðdæla eru Öxi, Múlaafrétt og Geitdalsafrétt. Þau eru að mestu leyti aðskilin hvert frá öðru og smöluð hvert fyrir sig.<sup>67</sup>

Öxi takmarkast að norðan af Breiðdalsheiðarvegi, en að austan og sunnar eru mörkin þar, sem vötnum skiptir til Breiðdals og Berufjarðar, en að vestan

<sup>61</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 405.

<sup>62</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 407.

<sup>63</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 419.

<sup>64</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 422.

<sup>65</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 423-4.

<sup>66</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 446.

<sup>67</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 446.

takmarkar Axará og Múlaafrétt. Afréttar land þetta er gróðurlítið beitarland og lítið um sig.<sup>68</sup>

*Múlaafrétt* nefnist svæði það, sem er fyrir innan byggð á milli Geitdalsár og Axarár [...]. Nokkur hluti afréttarlandsins liggur sunnan Ódáðavatna, eða þangað er vötnum hallar til Fossárdals, sem er afdalur suður frá Berufirði. Nefnist það einu nafni Hraun, og takmarkast að austan við lægð þá, sem er vestan við hinn forna Axarveg. Graslítið er það og gróðursnautt, en þó flækist fé þar um í góðri tíð. [...] Þar sem Geitdalsá sleppir að vestan, tekur við hálendishryggur, er Brattháls heitir og er álma úr hálendisbundu þeirri, er Þrándarjökull liggur á. Vesturtakmörk Múlaafréttar eru því um þennan hálendishrygg og suður þar til vötnum hallar til Hamarsdals.<sup>69</sup>

Geitdalsafrétt liggur á milli Geitdalsár annars vegar og Gilsárdals hins vegar, afréttar Skógamanna. Takmörkin að vestan eru því um vatnaskil á hálendishrúgaldi því, er Hraungarður heitir, milli Gilsárdals og Geitdals, en þar fyrir innan af vatnaskiptum til Fljótsdals. Að sunnan af vatnaskiptum til Hamarsdals.<sup>70</sup>

Þar sem Geitdalsá sleppir að austan, koma saman afréttarlönd Geitdals- og Múlaafréttar á svokölluðum Bratthálsi.<sup>71</sup>

Gróðurlendi Geitdalsréttar er að vísu allmikið, en þó ekki eins og Múlaafréttar. [...] Þó má segja um bæði þessi afréttarlönd, að þau séu sæmilega kjarngóð og gefi lítið eftir af afréttum Fljótsdælinga.<sup>72</sup>

Lögrétt Geitdalsafréttar er nú í Geitdal [...].<sup>73</sup>

Innsti bær í Norðurdal [Breiðdalur] heitir að Þorvaldsstöðum. Er það afréttarjörð. [...] Þorvaldsstaðalandi er í þessum málum skipt í tvennt: Svonefnt heimaland og afrétt. Takmörk heimalandsins eru Marklækur að utan (austan) en Hnausá og Lambalækur að innan. Lætur nærri, að landsvæði þetta sé 6 km á lengd, en 5 km að breidd. Afréttin takmarkast svo af Lambalæk og Hnausá að utan eða suðaustan, Norðurdalsá að suðvestan, Vatnsdalsvörpum, Tungufellskolli og Stafsheiðarvörpum að norðvestan og að norðan og norðaustan af fjallseggjum milli Reyðarfjarðar og

---

<sup>68</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 446.

<sup>69</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 446-7.

<sup>70</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 448.

<sup>71</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 448.

<sup>72</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 448.

<sup>73</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 449.

Fáskruðsfjarðar annars vegar og Breiðdals eða Norðurdals hins vegar út í Lambatind og að Þórisfjalli, sem Lambalækur kemur úr.<sup>74</sup>

Afréttarlönd eru aðeins inn af dölunum [Beruneshreppur] og þó einkum inn af Fossárdal. Sameiginleg afréttarlönd eru því engin, en hver bóndi verður að sjá um fjallskil á sínu býli.<sup>75</sup>

## 4. KRÖFUSVÆÐIÐ; AÐLIGGJANDI JARÐIR OG SVÆÐI

### 4.1. Múlaping

#### 4.1.1. Ósafrétt og Grasdalur

*i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Ósafrétt:

Ósafrétt (alm. Ósfjall), yst á fjallgarðinum í norðaustur frá Dyrfjalli. Það er lágt hlíðarfjall og grasi vaxið upp eftir, en melar efst og skriður en yst flug og hengihamrar sem ganga langt í sjó út. Yst á fjallinu liggur dalur frá suðvestri til útausturs sem Grasdalur heitir. [...]<sup>76</sup>

*i. Unaús (Unaós) með Heyskálum*

Við manntalsþing að Hjaltastað 10. júní 1785 voru upplesnar tvær lögfestur sr. Jóns Stefánssonar í Vallanesi, önnur fyrir jörðinni Ósi (Unaósi) og afbýlinu Heyskálum. Lögfesturnar voru báðar dagsettar 6. maí 1785 en í dóma- og þingbók er efni lögfestanna lýst þannig:

Lögfester hann með annarre alla Jördena Os með Afbylenu Heyskálum til ystu ummmerkia ásamt öllum Reka að undanteknum  $\frac{1}{4}$  þar af sem Asskyrkiu tilheyrer, og endel. Lögfester hann fjórdung hvalreka á Gripdeilld; og með hinne annarre Lögfester hann Bondastade 12 hndr. að Forngylldu [...].<sup>77</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1829 var upplesið forboð sr. Guttorms Pálssonar þar sem hann fyrirbauð öll skot frá Ósum innanverðum og allt út þangað sem Njarðvíkurland tekur við.<sup>78</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar til Guttorms Þorsteinssonar prófasts frá 24. nóvember 1840 er fjallað um ágreining milli Njarðvíkur og Óss (Unaóss) um hvori jörðinni Grasdalur tilheyri. Í bréfinu kvað sr. Guttormur að Grasdalur tilheyrði

<sup>74</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 455.

<sup>75</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 463.

<sup>76</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 189-190.

<sup>77</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-3, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1782-1804, bls. 114-115.

<sup>78</sup> Sýsl. N-Múl., GA/2-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804-1829, bls. 641-642.

Vallaneskirkjújörðinni Ósi (Unaósi).<sup>79</sup> Fjölmargir vitnisburðir um málið voru teknir saman á árunum 1840–1841. Í vitnisburði Björns Ólafssonar frá 8. maí 1841 segir að Grasdalur hafi verið afrétt Njarðvíkinga en um síðustu 30 ár hafi ábúendur á Ósi (Unaósi) nýtt dalinn.<sup>80</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 2. júní 1841 var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Ósi (Unaósi), dagsett 31. maí 1841. Sama lögfesta var upplesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1841, við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842, við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843 og við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844. Við manntalsþingið að Desjarmýri árið 1843 mótmælti Hallgrímur Ólafsson proprietarius efni hennar með tilliti til Svínavíkur sem máldagar Húsavíkur tileinkuðu. Einnig lýsti hann eftir 1/16 hlut í Óssreka. Við sama þing var einnig upplesin lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi sem var hinni lögfestunni gagnstæð. Við manntalsþingið að Desjarmýri árið mótmælti sr. Snorri Sæmundsson, sem fullmektugur Njarðvíkureiganda, lögfestunni að svo miklu leyti sem hún snerti réttinndi téðs eiganda. Hallgrímur Ólafsson á Húsavík mótmælti á ný lögfestunni að því leyti sem Húsavíkurmáldagi heimilaði nefndri kirkju 1/16 hlut í öllum Ósrekum. Þá mótmælti Stefán Jónsson á Úlfstöðum lögfestunni í umboði eiganda Geitavíkur.<sup>81</sup> Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Guttormur Pálsson Prestur til Vallaness lögfesti hérmed Vallaness kyrkiujörd Ós á Utmannasveit, med öllum tilheyrandi gögnum og giædum, landi og landsnytiuum, Rekum og veidistöðum sem greindri Jördu tilheyra innan hér greindra ummmerkia ad innan frá Knarará, eptir sem hún fellur af vörpum ofan nidr i Selfliót og frá greindu Selflióti og Siáfarströndu austur á Fiallgarda og vörp öll þángad sem Vötn taka ad deilast til Niardvíkur innann frá greindri Knarará allt útá Skialdarfialls ytri enda, og í Sió nidr. [...] Einnig fridlysi eg, greindum Plátsum fyrir óleyfilegum Skotum og Seladrápum, Lögfesti eg Land þar og Landsnytiar fyrr Vestan Selfliót, sem tilheyra Osi og Afbýlinu Heyskálum, allt frá greindu Flióti og í midjan Bjarglandárós, og þaðann Siónhending og til Siáfar. [...] Fyrirbyð eg hvörium Manni ad nota sér greint Ós Land, til Slægna beitar, edr gielfiárgaungu, samt þau upptöldu hlunnindi og Itök án þess mitt leyfi komi til, edur Oss ábúenda ad hve miklu leiti þeirra Landsnytiuum vid kémur allt undir vidliggiandi Lagasektir, ber þeim er nokkud þykiaast hafa hér i móti ad mæla, ad fram koma med þau Skjöl og Skílríki er þessum Vallaness kyrkiueignum gæti hnekkt og þau sömu gyldandi giöra.<sup>82</sup>

<sup>79</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–101.

<sup>80</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–103.

<sup>81</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 108r og 109r; Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 6r, 20v og 36v.

<sup>82</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1–1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 158–159.



Landamerkjabréf Unaáss ásamt afbýlinu Heyskálum er dags. 8. maí 1885 og var þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 2. júní 1886. Þar segir:

Milli Hrafnabjarga og Óss ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan, eða frá Geldingaskörðum og út eftir eggjum. Aftur eru mörkin norðan Selfljóts milli Gagnstaðar og Heyskála þessi: Úr Selfljótsbakka móts við miðjan Bjarglandsárós beint neðsta heygarð og eftir sömu stefnu til sjávar. Milli Óss og Njarðvíkur, þaðan sem Hrafnabjargarland sleppur út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall í Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan. [...]

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda og ábúenda Njarðvíkur og Gagnstöðvar.

ii. *Hrafnabjörg*

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir um Hrafnabjörg að kolskógur sé eyddur. Þá segir að í afréttartollum gjaldist til bóndans um 2 ríkisbankadalir á hverju ári.<sup>83</sup>

Við manntalsþing 4. júlí 1878 var þinglesin lögfesta fyrir Hrafnabjörgum, dags. 16. júní 1878.<sup>84</sup>

Landamerkjabréf Hrafnabjarga er dags. 7. maí 1884 og var þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki Hrafnabjarga og aðliggjandi jarða: 1, Milli Óss og Hrafnabjarga ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan inn eggja til upptaka Urðardalsár, ræður þá nefnd á landamerkjum af egg ofan Urðardal. 2, þar er aðliggjandi Sandbrekkuland og rennur urðardalsá í svo nefnda Jökulsá, sem ræður landamerkjum ofan fjallið þar til ofan á sléttlendi, þá ræður sá forni farvegur Jökulsár þaðan eins og hann liggur norðvestur í Selfljót sá áður nefndi forni farvegur Jökulsár er nefndur Bolur. Selfljót að norðan aðskilur Hrafnabjargaland frá landi Eyjabæja.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Sandbrekku, Unaóss (Áss) og umráðamanni Vallaness.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hrafnabjörg að á fjalli séu engjar, grasgefnar en langsóttar og að þær séu lítið notaðar. Þá fylgi jörðinni upprekstrarland fyrir u.þ.b. 500 fjár, en engar tekjur fáist af því í mörg ár.<sup>85</sup>

<sup>83</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 6.

<sup>84</sup> Sýsl. N-Múl., GA/5–2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1874–1878, bls. 389.

<sup>85</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 122–123.

iii. *Njarðvík*

Hinn 1. apríl 1530 vitnuðu fimm menn um að Þorvarður Bjarnason hafi byggt og tíundað sína eign, jörðina Njarðvík í Borgarfirði, eða eins og segir í skjalinu:

Þat giorvm vier olafr jndridason. jon eývindsson. jon eireksson. þorarenn arngeirsson ok jon arnorsson godvm monnum kvnegt med þessv woro opnu brefi. at þat vissum vier fyrir full sanendi at þoruadr bondi biarnason godrar minningar hiellt ok hafde. býgdi og bæld. tivndadi og sina eign halldandi jordina niarduik er liggr j borgarfirdi jtolvslavs mille fiallz ok fiorv. nema þat sem heilog niarduikirkia æ j heimalandi ok Rekum. ok alldre heýrdum vær hier vm tvímæla æ vera. fylgia þessir Rekar greindre jordu. nordan fra gripdeilld sudr at bólmod. enn landeign sua víjd sem vatzfoll deilazt at niarduik. Suo og eigi sidr heýrdum vier fyrr skrifadir menn at sogdu skilvisir dandimenn hinir ellri. ok sua sogduzt þeir heýrt hafa. af sinum foruerurum. at niarduikr kirkia ætti holma þann er liggr fyrir hafnar landi j borgarfirdi. ok skala, skipstodu ok ueruist æ fiskabiarge. þar sem heiter j Runu er sumer kalla tofaskala ok hier epter vilivm vier sveria ef þurfa þiker. Ok til sannenda hier um settum uier adr nefndir menn vor jnsigle fyrir þetta uitnisburdarbref. er skrifad war j niarduik fostudagenn næstan epter annunciacio sancte marie. þa er lidit war fra hingad burd uors herra jhesv christe. CD. d. xx. ok tijv ar.<sup>86</sup>

Í eigna- og ítakaskrá fyrir Njarðvíkurkirkju dags. 4. febrúar 1743 segir eftirfarandi:

Þetta Epterskrifad tilheirer Niardwýkur Kyrkiu Hvor ad er Annexia frä Desiarmýre og böndaEign Hennar Mäldagar seigia, ad hun eige So miked i Heima Lande, sem Prestz skyllid heirer, Hvad ed meinast ad vera Helmüingur Jardarinnar. Hun ä Hoolm Þann sem Liggur a Borgarfyrde og Verstödu og Skälastædi ä Eidabiarge, Fiördung Hvalreka i Gripdeilld. Hun ä 14. Malnitu Kugýllde, Eirn Hest, og Fimm Hundrud i Daudum pengingum. Hier firer utann Eru Instrumenta og Ornamenta Jnnann Kyrkiu. En Hvorninn Kyrkiann hafe þesse Itók og Peninga óldast, veit eg ecke grein ä ad gióra og Ecke Heldur Siälfur Proprietarii, firer utann nockurn part Skrudans, sem hún hefur óldast [svo] fyrer Sýna Portionem, og Ecke Heldur Veit eg ädur skrifadra Kyrkiu, nockud annat tilheira, Enn þad sem hier Er til vitundar gefed til merkis.<sup>87</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1829 var uppleið forboð sr. Guttorms Pálssonar þar sem hann fyrirbauð öll skot frá Ósum innanverðum og allt út þangað sem Njarðvíkurland tekur við.<sup>88</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar til Guttorms Þorsteinssonar prófasts frá 24. nóvember 1840 er fjallað um ágreining milli Njarðvíkur og Óss (Unaóss) um hvori jörðinni Grasdalur tilheyrir. Í bréfinu kvað sr. Guttormur að Grasdalur tilheyrði

<sup>86</sup> *DI IX*, bls. 523–524.

<sup>87</sup> *Kirknaskjöl*, Suðurmúlaþing, K II, Njarðvík í Borgarfirði 1397–1743.

<sup>88</sup> *Sýsl. N-Múl.*, GA/2–2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829, bls. 641–642.

Vallaneskirkjújörðinni Ósi (Unaósi).<sup>89</sup> Fjölmargir vitnisburðir um málið voru teknir saman á árunum 1840–1841. Í vitnisburði Björns Ólafssonar frá 8. maí 1841 segir að Grasdalur hafi verið afrétt Njarðvíkinga en um síðustu 30 ár hafi ábúendur á Ósi (Unaósi) nýtt dalinn.<sup>90</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 2. júní 1841 var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Ósi (Unaósi), dagsett 31. maí 1841. Sama lögfesta var upplesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1841, við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842, við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843 og við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844. Við sama þing var einnig upplesin lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi sem var hinni lögfestunni gagnstæð. Við manntalsþingið að Desjarmýri árið mótmælti sr. Snorri Sæmundsson, sem fullmektugur Njarðvíkureiganda, lögfestunni að svo miklu leyti sem hún snerti réttinndi téðs eiganda. Hallgrímur Ólafsson á Húsavík mótmælti á ný lögfestunni að því leyti sem Húsavíkurmáldagi heimilaði nefndri kirkju 1/16 hlut í öllum Ósrekum. Þá mótmælti Stefán Jónsson á Úlfsstöðum lögfestunni í umboði eiganda Geitavíkur.<sup>91</sup> Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Guttormur Pálsson Prestur til Vallaness lögfesti hérmed Vallaness kyrkiujörd Ós á Utmannasveit, med öllum tilheyrandi gögnum og giædum, landi og landsnyttium, Rekum og veidistöðum sem greindri Jördu tilheyrá innan hér greindra ummmerkia ad innan frá Knarará, eptir sem hún fellur af vörpum ofan nidr i Selfliót og frá greindu Selflióti og Siáfarströndu austur á Fiallgarda og vörp öll þangad sem Vötn taka ad deilast til Niardvíkur innann frá greindri Knarará allt útá Skialdarfialls ytri enda, og í Sió nidr, Lögfesti eg Reka alla innan frá Knararósi allt út ad Gripdeild, allt i Fiskhelgi, (ad undanteknum Fiórdúngi i Rekunum, er As kyrkiu tilheyrir, og 16<sup>d</sup> hlut i hálfum hval sem Hallormsstada kyrkia á,) Sömuleidis Nót og Netlög öll, med greindri Ströndu og vid ósafles. Einnig fridlysi eg, greindum Plátsum fyrir óleyfilegum Skotum og Seladrápum, Lögfesti eg Land þar og Landsnyttiar fyrr Vestan Selfliót, sem tilheyrá Osi og Afbýlinu Heyskálum, allt frá greindu Flióti og í midjan Bjarglandárós, og þaðann Siónhending og til Siáfar. [...] Fyrirbýd eg hvöríum Manni ad nota sér greint Ós Land, til Slægna beitar, edr gielfiárgaungu, samt þau upptöldu hlunnindi og Itök án þess mitt leyfi komi til, edur Oss ábúenda ad hve miklu leiti þeirra Landsnyttium vid kémur allt undir vidliggiandi Lagasektir, ber þeim er nokkud þykíast hafa hér i móti ad mæla, ad fram koma med þau Skjöl og Skílríki er þessum Vallaness kyrkiueignum géti hnekkt og þau sömu gyldandi giöra.<sup>92</sup>

<sup>89</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–101.

<sup>90</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–103.

<sup>91</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 108r og 109r; Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 6r, 20v og 36v.

<sup>92</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1–1, Afsals- og veðmálábók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 158–159.

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. maí 1845 var upplesin lögfesta frá 23. maí sama ár fyrir Njarðvíkurlandi og mótmælti henni enginn.<sup>93</sup> Við manntalsþing að Hjaltastað 11. júní 1846 var þinglesin lögfesta fyrir Njarðvík frá 21. apríl 1846 og mótmælti henni enginn. Sama lögfesta var lesin við manntalsþing að Desjarmýri 20. júlí 1846.<sup>94</sup> Efni hennar er svohljóðandi:

Vid undirskrifadir lögfestum hérmed Jördina Niardvík 40 hndr. ad dyrleika, sem hálfur [svo] okkar, enn hálf kirkiunnar eign, liggjandi i Borgarfirdi innan Nordurmúlasyslu til ummerkia þeirra, sem máldagar og vitnisburdir fornir og nýir okkur og kyrkiu okkar eigna nl. Land og reka, nordan frá Gripdeild og sudur ad Bölmód beint uppá Varp á Neshálsi, þadan inneptir Sudur vörpum, inná Mióadalsvarp, og svo þadan eptir Vörpum á adalfiallgardinum, ad inniluktum til Niardvíkur þeim øxlum og hnúkum, sem frá adalfiallgardinum liggia innad Niardvik, med svo beinni línu, sem fiallgardurin géfur tilefni til, bak vid alla dali, allt út á svonefndan fiallaenda, sem er yfir Olafssandi, og nyrdsta takmark er, Niardvikurreka. [...]<sup>95</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 31. maí 1849 var þinglesin lögfesta frá 28. maí sama ár fyrir Njarðvík og mótmælti henni enginn.<sup>96</sup>

Hinn 11. mars 1884 fór fram sáttafundur á Desjarmýri hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis vegna ágreinings um landamerki milli Njarðvíkur annars vegar og Unaóss hins vegar. Sr. Bergur Jónsson í Vallanesi hafði kært eigendur Njarðvíkur til sáttanefndar fyrir að hafa neitað að skrifa undir merkjalýsingu sem hann sendi þeim. Ágreiningsefnið var að sr. Bergur taldi landamerkin milli jarðanna vera „eptir öllum vörpum út á svokallað Skjaldárfjalls ytri enda fyrir austan Grasdal, að þau megi haldast eins og verið hefur.“ Njarðvíkingar töldu merkin hins vegar vera „eptir vörpum fyrir norðan allan Grasdal og þaðan til sjáfar ~~æus~~ á milli Ólafssands að sunnan og Gripdeildar að norðan.“ Lögð voru fram skilríki og vitnisburðir sem eignuðu Njarðvík Grasdalinn, en sr. Bergur kvaðst ekki geta fallið frá kröfu sinni þar sem byggingarbréf um Unaós hefðu tilgreint landamerki jarðarinnar þannig að Grasdalur væri innan hennar. Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar.<sup>97</sup>

Landamerkjabréf Njarðvíkur er dags. 1. júlí 1885 og var þinglýst á manntalsþingi á Desjarmýri dags. 14. ágúst 1885. Þar segir:

<sup>93</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 59v–60r.

<sup>94</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 77v; Sýsl., N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 81r.

<sup>95</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 195–196.

<sup>96</sup> 4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 125v.

<sup>97</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837–1911, bls. 66–67.

Landamerki Njarðvíkur: 1, Milli Njarðvíkur og Snotruness: Úr Bölmóðshlein beint upp á fjall og inn eftir vörpum. 2, Milli Njarðvíkur og Geitavíkur: Eftir vörpum þaðan sem Nestaland þrýtur. 3, Milli Njarðvíkur og Bakka: Þaðan sem Geitavíkurland þrýtur inn eftir vörpum og eggjum, inn undir Dyrfjöll og inn á Mjóadalsvarp. 4, Milli Njarðvíkur og Hrafnabjarga: Af Mjóadalsvarpi út eggjar norðan megin vikurinnar þangað til Óssland tekur við. 5, Milli Óss og Njarðvíkur: þaðan sem Hrafnabjargalandi sleppir út vörp og eggjar, út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall á Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skulur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan. [...]

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Snotruness, Geitavíkur, Hrafnabjarga, Vallanesskirkju og Bakka.

*iv. Sandbrekka*

Um landamerki millum Dala og Sandbrekku, austur.

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir

So feldan vitnisburð sem hjer fyrí ofan skrifaður stendur tók Bjarni Marteinson af þeim Jndriða Þorvarðssyni 1604, áheyrandi Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Og til merkis hafa þeir þar undir skrifat.<sup>98</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 6. júlí 1756 lýsti Eiríkur Teitsson reka sem kom upp á Sandbrekkusandi, sem áður hét Miðsandur, og var að hálfu leyti Vallanesskirkjueign og að hálfu bóndaeign.<sup>99</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Sandbrekka metin á 24 hundruð að dýrleika.<sup>100</sup>

Við manntalsþing 2. júní 1841 lagði hreppstjórinn St. Jónsson á Sandbrekku fram klögun yfir Pétri bónda á Ánastöðum fyrir ólöglega aðferð við fjallgöngu. Pétur var ekki mættur en hreppstjórinn kvaðst hafa haustið áður með gönguseðli skikkað hreppsændur til að heimta afrétt af fé og reka það til lögréttar á Sandbrekku. Fram kom að Pétur hafi skilið fé sitt frá öðru afréttarfé við Rauðalæk, út með Bjallandsá,

<sup>98</sup> AM apogr. 4422. Dipl. Isl. V,8. 1604.

<sup>99</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1752-1758, bls. 273.

<sup>100</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 22v-23r.

þar sem landsplássið var frekar fyrir afrétt en búfjárhaga. Runólfur Einarsson, vinnupiltur á Svínafelli, bar vitni og lýsti því hvernig hann og fleiri leituðu að fé en þeir hafi síðan mæst við Rauðlækjarós sem sé í Kóreksstaðalandi. Þar hafi Pétur tekið nokkrar kindur úr hópnum. Í fjarveru Péturs var Þorleifur Arnfinnsson bóndi á Hrjót útnefndur svaramaður hans en málinu var frestað þar sem vitnið Jón Jónsson var fjarverandi.<sup>101</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1842 var tekið fyrir mál þar sem Pétur Þórláksson bóndi á Ánastöðum í Hjaltastaðarsókn hafði í fjársöfnun haustið 1840 ekki rekið gripi sína til lögréttar að Sandbrekku heldur einhvers staðar í fjallinu fyrir utan og ofan Ánastaðabæ tekið úr geldfé sem hann átti. Pétur kom fyrir réttinn og kvaðst kannast við að hreppstjóri hafi um haustið 1840 skipað með gönguseðli að Pétur legði til menn til fjársöfnunar en hann hafi sjálfur farið að hreinsa fjallið á þeim greindu stöðum, þ.e. á hálsunum fyrir ofan Hrjótarbæ og svo úteftir. Pétur sagði að þegar hann var kominn með geldféð sem fannst að svokölluðum Rauðalæk, sem rennur uppi í fjallinu fyrir utan og ofan bæinn Ánastaði, hafi honum komið til hugar að fría fé sitt frá frekari hrakningi og taka það úr heldur en að reka það til lögréttar við Sandbrekku. Pétur minnti að hann hafi tekið úr sex eða sjö kindur. Hann játaði að það hafi staðið í gönguseðlinum að féð skyldi reka til lögréttar og að sú skipun væri á lögum byggð. Að lokum óskaði Pétur þess að hann myndi sleppa við dóm vegna yfirsjónar sinnar, en kvaðst reiðubúinn að greiða hæfilegar fébætur. Ekki er skráð í dóma- og þingbókina hvort Pétur hafi verið dæmdur eða sýknaður.<sup>102</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1845 var þinglýst lögfestu frá Skúla Björnssyni, Árna Bjarnasyni, Birni Ólafssyni og Jóni Jónssyni sem mótmælti lögfestu prófastsins sr. Guttorms á Hofi varðandi Hraundal. Hreppstjórinn Kjartan Jónsson á Sandbrekku mótmælti þessari lögfestu sem leiguliði jarðarinnar Sandbrekku.<sup>103</sup> Efni hennar er svo:

Vid undirskrifadir gjörum hverium kunnugt, ad vid hermed mótmælum lögfestu prófastsins S<sup>r</sup> Guttorms Þórsteinssonar á Hofi, ad þvíleiti sem áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur, því eptir skikkanlegra og eldstu manna Vintisburdum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulauast brúkadr til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar hreppsmanna sem éginleg Eign edr almenningsgr þángad til Prófastur sál S<sup>r</sup> Arni Thórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku og hafa Leigulidar þar haldid því sídan, þó hreppsmenn hafi verid óánægdir med það. Þar þessi áminsti Hraundalur er svona óréttvislega undann hreppnum geingin sérilagi þeim til Skada sem

<sup>101</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829-1842, bls. 108r-108v.

<sup>102</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 13r-13v.

<sup>103</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 60r.

ei hafa Afrétt fyrir Fé sitt i sínum Leigu londum og verda þessvegna að kaupa géldfiárgaungu að öðrum, giörum við hermed i dag Tilkall til ádrnefnds Hraundals edr Almennings Lands stykkis nefnilega af Hraundals Varpi allt út í Ytristángará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til hérads.<sup>104</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1852 var þinglýst lögfestu fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði, dags. 9. apríl 1852.<sup>105</sup>

Landamerkjabréf Sandbrekku er dags. 20. júní 1884 og var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm, þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kíreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn, þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan, í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökulsá, er liggur undir Dyrfjalli, þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Sandbrekku:

Dýrleiki eftir jarðamati 1861, 24,7 hndr. [...]

3. Útengjar samfeldar, snögglendar, bæði þurlendi og votlendi; mikill hluti af þeim véltækar; engjavegur, stuttur og góður; heyholt og létt; Meðal heyfengur 400 hestar. [...]

5. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrarheit fremur léleg; víðlent þjópungt. Fjargeymsla hæg.

B. Önnur jarðargæði: [...]

2. Jörðinni fylgir stórt upprekstrarland, sem gefur af sér 14 kr. í upprekstartoll árlega. [...].<sup>106</sup>

Um landamerki millum Dala og Sandbrekku, austur.

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann

<sup>104</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 187–188.

<sup>105</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 163r.

<sup>106</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 118–120.

garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir

So feldan vitnisburð sem hjer fyri ofan skrifaður stendur tók Bjarni Marteinson af þeim Jndriða Þorvarðssyni 1604, áheyrandi Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Og til merkis hafa þeir þar undir skrifat.<sup>107</sup>

Landamerkjabréf Sandbrekku er dags. 20. júní 1884 og var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm, þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kíreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn, þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan, í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökulsá, er liggur undir Dyrfjalli, þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

#### 4.1.2. Hrafnabjargaafrétt

v. *Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Hrafnabjargaafrétt:

Hrafnabjargaafrétt (alm. Hrafnabjargafjall), áfast Ósfjalli, gengur beint inn frá því og inn að Dyrfjalli. Það er að hæð, landkostum og landslagi líkt Ósfjalli og er hvörtveggi sæmilegt kostaland. [...] <sup>108</sup>

vi. *Unaás (Unaós) með Heyskálum*

Við manntalsþing að Hjaltastað 10. júní 1785 voru upplesnar tvær lögfestur sr. Jóns Stefánssonar í Vallanesi, önnur fyrir jörðinni Ósi (Unaósi) og afbýlinu Heyskálum. Lögfesturnar voru báðar dagsettar 6. maí 1785 en í dóma- og þingbók er efni lögfestanna lýst þannig:

Lögfester hann með annarre alla Jördena Os með Afbylenu Heyskálum til ystu ummmerkia ásamt öllum Reka að undanteknum  $\frac{1}{4}$  þar af sem Asskyrkiu tilheyrer, og

<sup>107</sup> AM apogr. 4422. Dipl. Isl. V,8. 1604.

<sup>108</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 189-190.



endel. Lögfester hann fjórdung hvalreka á Gripdeilld; og med hinne annarre Lögfester hann Bondastade 12 hndr. ad Forngylldu [...].<sup>109</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1829 var upplesið forboð sr. Guttorms Pálssonar þar sem hann fyrirbauð öll skot frá Ósum innanverðum og allt út þangað sem Njarðvíkurland tekur við.<sup>110</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar til Guttorms Þorsteinssonar prófests frá 24. nóvember 1840 er fjallað um ágreining milli Njarðvíkur og Óss (Unaóss) um hvori jörðinni Grasdalur tilheyri. Í bréfinu kvað sr. Guttormur að Grasdalur tilheyrði Vallaneskirkjújörðinni Ósi (Unaósi).<sup>111</sup> Fjölmargir vitnisburðir um málið voru teknir saman á árunum 1840–1841. Í vitnisburði Björns Ólafssonar frá 8. maí 1841 segir að Grasdalur hafi verið afrétt Njarðvíkinga en um síðustu 30 ár hafi ábúendur á Ósi (Unaósi) nýtt dalinn.<sup>112</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 2. júní 1841 var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Ósi (Unaósi), dagsett 31. maí 1841. Sama lögfesta var upplesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1841, við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842, við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843 og við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844. Við manntalsþingið að Desjarmýri árið 1843 mótmælti Hallgrímur Ólafsson proprietarius efni hennar með tilliti til Svínavíkur sem máldagar Húsavíkur tileinkuðu. Einnig lýsti hann eftir 1/16 hlut í Óssreka. Við sama þing var einnig upplesin lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi sem var hinni lögfestunni gagnstæð. Við manntalsþingið að Desjarmýri árið mótmælti sr. Snorri Sæmundsson, sem fullmektugur Njarðvíkureiganda, lögfestunni að svo miklu leyti sem hún snerti réttinndi téðs eiganda. Hallgrímur Ólafsson á Húsavík mótmælti á ný lögfestunni að því leyti sem Húsavíkurmáldagi heimilaði nefndri kirkju 1/16 hlut í öllum Ósrekum. Þá mótmælti Stefán Jónsson á Úlfsstöðum lögfestunni í umboði eiganda Geitavíkur.<sup>113</sup> Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Guttormur Pálsson Prestur til Vallaness lögfesti hérmed Vallaness kyrkiujörd Ós á Utmannasveit, med öllum tilheyrandi gögnum og giædum, landi og landsnyttium, Rekum og veidistöðum sem greindri Jördu tilheyra innan hér greindra ummmerkia ad innan frá Knarará, eptir sem hún fellur af vörpum ofan nidr i Selfliót og frá greindu Selflióti og Siáfarströndu austur á Fiallgarda og vörp öll þangad sem Vötn taka ad deilast til Niardvíkur innann frá greindri Knarará allt útá Skialdarfialls ytri enda, og í Sió nidr.

<sup>109</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1–3, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1782–1804, bls. 114–115.

<sup>110</sup> Sýsl. N-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829, bls. 641–642.

<sup>111</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–101.

<sup>112</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–103.

<sup>113</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 108r og 109r; Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 6r, 20v og 36v.

[...] Einnig fridlysi eg, greindum Plátsum fyrir óleyfilegum Skotum og Seladrápum, Lögfesti eg Land þar og Landsnytiar fyrir Vestan Selfliót, sem tilheyra Osi og Afbýlinu Heyskálum, allt frá greindu Flióti og í midjan Bjarglandárós, og þaðann Siónhending og til Síafar. [...] Fyrirbýd eg hvörum Manni að nota sér greint Ós Land, til Slæгна beitar, edr gielfdiárgaungu, samt þau upptöldu hlunnindi og Itök án þess mitt leyfi komi til, edur Oss ábúenda að hve miklu leiti þeirra Landsnytiium vid kémur allt undir vidliggiandi Lagasektir, ber þeim er nokkud þykíast hafa hér i móti að mæla, að fram koma með þau Skjöl og Skílríki er þessum Vallaness kyrkiueignum géti hnekkt og þau sömu gyldandi giöra.<sup>114</sup>

Landamerkjabréf Unaáss ásamt afbýlinu Heyskálum er dags. 8. maí 1885 og var þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 2. júní 1886. Þar segir:

Milli Hrafnabjarga og Óss ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan, eða frá Geldingaskörðum og út eftir eggjum. Aftur eru mörkin norðan Selfljóts milli Gagnstaðar og Heyskála þessi: Úr Selfljótsbakka móts við miðjan Bjarglandsárós beint neðsta heygarð og eftir sömu stefnu til sjávar. Milli Óss og Njarðvíkur, þaðan sem Hrafnabjargarland sleppur út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall í Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan. [...]

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda og ábúenda Njarðvíkur og Gagnstöðvar.

*vii. Hrafnabjörg*

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir um Hrafnabjörg að kolskógur sé eyddur. Þá segir að í afréttartollum gjaldist til bóndans um 2 ríkisbankadalir á hverju ári.<sup>115</sup>

Við manntalsþing 4. júlí 1878 var þinglesin lögfesta fyrir Hrafnabjörgum, dags. 16. júní 1878.<sup>116</sup>

Landamerkjabréf Hrafnabjarga er dags. 7. maí 1884 og var þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki Hrafnabjarga og aðliggjandi jarða: 1, Milli Óss og Hrafnabjarga ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan inn eggja til upptaka Urðardalsár, ræður þá nefnd á landamerkjum af egg ofan Urðardal. 2, þar er aðliggjandi Sandbrekkuland og rennur urðardalsá í svo nefnda Jökulsá, sem ræður landamerkjum ofan fjallið þar til ofan á sléttlendi, þá ræður sá forni farvegur Jökulsár þaðan eins og

<sup>114</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 158–159.

<sup>115</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 6.

<sup>116</sup> Sýsl. N-Múl., GA/5-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1874–1878, bls. 389.

hann liggur norðvestur í Selfljót sá áður nefndi forni farvegur Jökulsár er nefndur Bolur. Selfljót að norðan aðskilur Hrafnabjargaland frá landi Eyjabæja.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Sandbrekku, Unaóss (Áss) og umráðamanni Vallaness.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hrafnabjörg að á fjalli séu engjar, grasgefnar en langsóttar og að þær séu lítið notaðar. Þá fylgi jörðinni upprekstrarland fyrir u.þ.b. 500 fjár, en engar tekjur fáist af því í mörg ár.<sup>117</sup>

*viii. Njarðvík*

Hinn 1. apríl 1530 vitnuðu fimm menn um að Þorvarður Bjarnason hafi byggt og tíundað sína eign, jörðina Njarðvík í Borgarfirði, eða eins og segir í skjalinu:

Þat giorvm vier olafr jndridason. jon eývindsson. jon eireksson. þorarenn arngeirsson ok jon amorsson godvm monnum kvnegt med þessv woro opnu brefi. at þat vissum vier fyrir full sanendi at þoruadr bondi biarnason godrar minningar hiellt ok hafde. býgdi og bæld. tivndadi og sina eign halldandi jordina niarduik er liggj j borgarfirdi jtolvlavs mille fiallz ok fiorv. nema þat sem heilog niarduikirkia æ j heimalandi ok Rekum. ok alldre heýrdum vær hier vm tvímæla æ vera. fylgia þessir Rekar greindre jordu. nordan fra gripdeilld sudr at bólmod. enn landeign sua víjd sem vatzfoll deilazt at niarduik. Suo og eigi sidr heýrdum vier fyrr skrifadir menn at sogdu skilvisir dandimenn hinir ellri. ok sua sogduzt þeir heýrt hafa. af sinum foruerurum. at niarduikr kirkia ætti holma þann er liggj fyrir hafnar landi j borgarfirdi. ok skala, skipstodu ok ueruist æ fiskabiarge. þar sem heiter j Runu er sumer kalla tofaskala ok hier epter vilivm vier sveria ef þurfa þiker. Ok til sannenda hier um settum uier adr nefndir menn vor jnsigle fyrir þetta uitnisburdarbref. er skrifad war j niarduik fostudagenn næstan epter annunciacio sancte marie. þa er lidit war fra hingad burd uors herra jhesv christe. CD. d. xx. ok tijv ar.<sup>118</sup>

Í eigna- og ítakaskrá fyrir Njarðvíkurkirkju dags. 4. febrúar 1743 segir eftirfarandi:

Þetta Epterskrifad tilheirer Niardwýkur Kyrkiu Hvor ad er Annexia frá Desiarmýre og böndaEign Hennar Mældagar seigia, ad hun eige So miked i Heima Lande, sem Prestz skyllid heirer, Hvad ed meinast ad vera Helmíngur Jardarinnar. Hun ä Hoolm þann sem Liggur a Borgarfyrde og Verstódu og Skälastædi ä Eidabiarge, Fiórdung Hvalreka i Gripdeilld. Hun ä 14. Malnitu Kugýllde, Eirn Hest, og Fimm Hundrud i Daudum pengingum. Hier firer utann Eru Instrumenta og Ornamenta Jnnann Kyrkiu. En Hvorninn Kyrkiann hafe þesse Itók og Peninga óldast, veit eg ecke grein ä ad gióra og Ecke Heldur Siälfur Proprietarii, firer utann nockurn part Skrudans, sem hún hefur óldast

<sup>117</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 122–123.

<sup>118</sup> *DI IX*, bls. 523–524.

[svo] fyrir Sjóna Portionem, og Ecke Heldur Veit eg ädur skrifadra Kyrkiu, nockud annad tilheira, Enn það sem hier Er til vitundar gefed til merkis.<sup>119</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1829 var uppleið forboð sr. Guttorms Pálssonar þar sem hann fyrirbauð öll skot frá Ósum innanverðum og allt út þangað sem Njarðvíkurland tekur við.<sup>120</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar til Guttorms Þorsteinssonar prófests frá 24. nóvember 1840 er fjallað um ágreining milli Njarðvíkur og Óss (Unaóss) um hvori jörðinni Grasdalur tilheyrir. Í bréfinu kvað sr. Guttormur að Grasdalur tilheyrði Vallaneskirkjújörðinni Ósi (Unaósi).<sup>121</sup> Fjölmargir vitnisburðir um málið voru teknir saman á árunum 1840–1841. Í vitnisburði Björns Ólafssonar frá 8. maí 1841 segir að Grasdalur hafi verið afrétt Njarðvíkinga en um síðustu 30 ár hafi ábúendur á Ósi (Unaósi) nýtt dalinn.<sup>122</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 2. júní 1841 var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Ósi (Unaósi), dagsett 31. maí 1841. Sama lögfesta var upplesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1841, við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842, við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843 og við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844. Við sama þing var einnig upplesin lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi sem var hinni lögfestunni gagnstæð. Við manntalsþingið að Desjarmýri árið mótmælti sr. Snorri Sæmundsson, sem fullmektugur Njarðvíkureiganda, lögfestunni að svo miklu leyti sem hún snerti réttinndi téðs eiganda. Hallgrímur Ólafsson á Húsavík mótmælti á ný lögfestunni að því leyti sem Húsavíkurmáldagi heimilaði nefndri kirkju 1/16 hlut í öllum Ósrekum. Þá mótmælti Stefán Jónsson á Úlfsstöðum lögfestunni í umboði eiganda Geitavíkur.<sup>123</sup> Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Guttormur Pálsson Prestur til Vallaness lögfesti hérmed Vallaness kyrkiujörd Ós á Utmannasveit, med öllum tilheyrandi gögnum og giædum, landi og landsnytiem, Rekum og veidistöðum sem greindri Jördu tilheyrir innan hér greindra ummerkia ad innan frá Knarará, eptir sem hún fellur af vörpum ofan nidr i Selfliót og frá greindu Selflióti og Siáfarströndu austur á Fiallgarda og vörp öll þangad sem Vötn taka ad deilast til Niardvíkur innann frá greindri Knarará allt útá Skialdarfialls ytri enda, og í Sió nidr, Lögfesti eg Reka alla innan frá Knararósi allt út ad Gripdeild, allt i Fiskhelgi, (ad undanteknum Fiórdúngi i Rekunum, er As kyrkiu tilheyrir, og 16<sup>d</sup> hlut i hálfum hval sem Hallormsstada kyrkia á,) Sömmuleidis Nót og Netlög öll, med greindri Ströndu og vid

<sup>119</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Njarðvík í Borgarfirði 1397–1743.

<sup>120</sup> Sýsl. N-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829, bls. 641–642.

<sup>121</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–101.

<sup>122</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–103.

<sup>123</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 108r og 109r; Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 6r, 20v og 36v.

ósafles. Einnig fridlysi eg, greindum Plátsum fyrir óleyfilegum Skotum og Seladrápum, Lögfesti eg Land þar og Landsnytiar fyrr Vestan Selfliót, sem tilheyra Osi og Afbylinu Heyskálum, allt frá greindu Flióti og í midjan Bjarglandárós, og þaðann Siónhending og til Siáfar. [...] Fyrirbyð eg hvörum Manni að nota sér greint Ós Land, til Slæгна beitar, edr gielfdiárgaungu, samt þau upptöldu hlunnindi og Itök án þess mitt leyfi komi til, edur Oss ábúenda að hve miklu leiti þeirra Landsnytiium vid kémur allt undir vidliggiandi Lagasektir, ber þeim er nokkud þykíast hafa hér i móti að mæla, að fram koma með þau Skjöl og Skílríki er þessum Vallaness kyrkiueignum gæti hnekkt og þau sömu gyldandi giöra.<sup>124</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. maí 1845 var upplesin lögfesta frá 23. maí sama ár fyrir Njarðvíkurlandi og mótmælti henni enginn.<sup>125</sup> Við manntalsþing að Hjaltastað 11. júní 1846 var þinglesin lögfesta fyrir Njarðvík frá 21. apríl 1846 og mótmælti henni enginn. Sama lögfesta var lesin við manntalsþing að Desjarmýri 20. júlí 1846.<sup>126</sup> Efni hennar er svohljóðandi:

Vid undirskrifadir lögfestum hérmed Jördina Niardvík 40 hndr. að dyrleika, sem hálfur [svo] okkar, enn hálf kirkiunnar eign, liggiandi i Borgarfirdi innan Nordurmúlasýslu til ummerkia þeirra, sem máldagar og vitnisburdir fornir og nýir okkur og kyrkiu okkar eigna nl. Land og reka, nordan frá Gripdeild og sudur að Bölmód beint uppá Varp á Neshálsi, þaðan inneptir Sudur vörpum, inná Mióadalsvarp, og svo þaðan eptir Vörpum á adalfiallgardinum, að inniluktum til Niardvíkur þeim øxlum og hnúkum, sem frá adalfiallgardinum liggia innad Niardvík, með svo beinni línu, sem fiallgardurin gëfur tilefni til, bak vid alla dali, allt út á svonefndan fiällaenda, sem er yfir Olafssandi, og nyrðsta takmark er, Niardvíkurreka. [...]<sup>127</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 31. maí 1849 var þinglesin lögfesta frá 28. maí sama ár fyrir Njarðvík og mótmælti henni enginn.<sup>128</sup>

Hinn 11. mars 1884 fór fram sáttafundur á Desjarmýri hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis vegna ágreinings um landamerki milli Njarðvíkur annars vegar og Unaóss hins vegar. Sr. Bergur Jónsson í Vallanesi hafði kært eigendur Njarðvíkur til sáttanefndar fyrir að hafa neitað að skrifa undir merkjalýsingu sem hann sendi þeim. Ágreiningsefnið var að sr. Bergur taldi landamerkin milli jarðanna vera „eptir öllum vörpum út á svokallað Skjaldárfjalls ytri enda fyrir austan Grasdál, að þau megi haldast eins og verið hefur.“ Njarðvíkingar töldu merkin hins vegar vera „eptir vörpum fyrir norðan allan Grasdál og þaðan til sjáfar ~~aus~~ á milli Ólafssands

<sup>124</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálalabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 158-159.

<sup>125</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 59v-60r.

<sup>126</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 77v; Sýsl., N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 81r.

<sup>127</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálalabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 195-196.

<sup>128</sup> 4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 125v.

að sunnan og Gripdeildar að norðan.“ Lögd voru fram skilríki og vitnisburðir sem eignuðu Njarðvík Grasdalinn, en sr. Bergur kvaðst ekki geta fallið frá kröfu sinni þar sem byggingarbréf um Unaós hefðu tilgreint landamerki jarðarinnar þannig að Grasdalur væri innan hennar. Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar.<sup>129</sup>

Landamerkjabréf Njarðvíkur er dags. 1. júlí 1885 og var þinglýst á manntalsþingi á Desjamýri dags. 14. ágúst 1885. Þar segir:

Landamerki Njarðvíkur: 1, Milli Njarðvíkur og Snotruness: Úr Bölmóðshlein beint upp á fjall og inn eftir vörpum. 2, Milli Njarðvíkur og Geitavíkur: Eftir vörpum þaðan sem Nestaland þrýtur. 3, Milli Njarðvíkur og Bakka: Þaðan sem Geitavíkurland þrýtur inn eftir vörpum og eggjum, inn undir Dyrfjöll og inn á Mjóadalsvarp. 4, Milli Njarðvíkur og Hrafnabjarga: Af Mjóadalsvarpi út eggjar norðan megin víkurinnar þangað til Óssland tekur við. 5, Milli Óss og Njarðvíkur: þaðan sem Hrafnabjargalandi sleppir út vörp og eggjar, út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall á Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skulur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan. [...]

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Snotruness, Geitavíkur, Hrafnabjarga, Vallanesskirkju og Bakka.

*ix. Sandbrekka*

Um landamerki millum Dala og Sandbrekku, austur.

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir

So feldan vitnisburð sem hjer fyri ofan skrifaður stendur tók Bjarni Marteinsson af þeim Jndriða Þorvarðssyni 1604, áheyrandi Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Og til merkis hafa þeir þar undir skrifat.<sup>130</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 6. júlí 1756 lýsti Eiríkur Teitsson reka sem kom upp á Sandbrekkusandi, sem áður hét Miðsandur, og var að hálfu leyti Vallanesskirkjueign og að hálfu bóndaeign.<sup>131</sup>

<sup>129</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1837–1911, bls. 66–67.

<sup>130</sup> AM apogr. 4422. Dipl. Isl. V,8. 1604.

<sup>131</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 273.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Sandbrekka metin á 24 hundruð að dýrleika.<sup>132</sup>

Við manntalsþing 2. júní 1841 lagði hreppstjórinn St. Jónsson á Sandbrekku fram klögun yfir Pétri bónda á Ánastöðum fyrir ólöglega aðferð við fjallgöngu. Pétur var ekki mættur en hreppstjórinn kvaðst hafa haustið áður með gönguseðli skikkað hreppsændur til að heimta afrétt af fé og reka það til lögréttar á Sandbrekku. Fram kom að Pétur hafi skilið fé sitt frá öðru afréttarfé við Rauðalæk, út með Bjallandsá, þar sem landsplássið var frekar fyrir afrétt en búfjárhaga. Runólfur Einarsson, vinnupiltur á Svínafelli, bar vitni og lýsti því hvernig hann og fleiri leituðu að fé en þeir hafi síðan mæst við Rauðlækjarós sem sé í Kóreksstaðalandi. Þar hafi Pétur tekið nokkrar kindur úr hópnum. Í fjarveru Péturs var Þorleifur Arnfinnsson bóndi á Hrjót útnefndur svaramaður hans en málinu var frestað þar sem vitnið Jón Jónsson var fjarverandi.<sup>133</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1842 var tekið fyrir mál þar sem Pétur Þórláksson bóndi á Ánastöðum í Hjaltastaðarsókn hafði í fjársöfnun haustið 1840 ekki rekið gripi sína til lögréttar að Sandbrekku heldur einhvers staðar í fjallinu fyrir utan og ofan Ánastaðabæ tekið úr geldfé sem hann átti. Pétur kom fyrir réttinn og kvaðst kannast við að hreppstjóri hafi um haustið 1840 skipað með gönguseðli að Pétur legði til menn til fjársöfnunar en hann hafi sjálfur farið að hreinsa fjallið á þeim greindu stöðum, þ.e. á hálsunum fyrir ofan Hrjótarbæ og svo úteftir. Pétur sagði að þegar hann var kominn með geldféð sem fannst að svokölluðum Rauðalæk, sem rennur uppi í fjallinu fyrir utan og ofan bæinn Ánastaði, hafi honum komið til hugar að fría fé sitt frá frekari hrakningi og taka það úr heldur en að reka það til lögréttar við Sandbrekku. Pétur minnti að hann hafi tekið úr sex eða sjö kindur. Hann játaði að það hafi staðið í gönguseðlinum að féð skyldi reka til lögréttar og að sú skipun væri á lögum byggð. Að lokum óskaði Pétur þess að hann myndi sleppa við dóm vegna yfirsjónar sinnar, en kvaðst reiðubúinn að greiða hæfilegar fébætur. Ekki er skráð í dóma- og þingbókina hvort Pétur hafi verið dæmdur eða sýknaður.<sup>134</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1845 var þinglýst lögfestu frá Skúla Björnssyni, Árna Bjarnasyni, Birni Ólafssyni og Jóni Jónssyni sem mótmælti lögfestu prófastsins sr. Guttorms á Hofi varðandi Hraundal. Hreppstjórinn Kjartan Jónsson á Sandbrekku

<sup>132</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 22v–23r.

<sup>133</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 108r–108v.

<sup>134</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 13r–13v.

mótmælti þessari lögfestu sem leiguliði jarðarinnar Sandbrekku.<sup>135</sup> Efni hennar er svo:

Vid undirskrifadir gjörum hverium kunnugt, ad vid hermed mótmælum lögfestu prófastsins S<sup>r</sup> Guttorms Þórsteinssonar á Hofi, ad þvíleiti sem áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur, því eptir skikkanlegra og eldstu manna Vintisburdum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulaust brúkadri til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar hreppsmanna sem éginleg Eign edr almenningsgr þángad til Prófastur sál S<sup>r</sup> Arni Thórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku og hafa Leigulidar þar haldid því sídan, þó hreppsmenn hafi verid óánægdir med það. Þar þessi áminsti Hraundalur er svona óréttvislega undann hreppnum geingin sérilagi þeim til Skada sem ei hafa Afrétt fyrir Fé sitt i sínum Leigu londum og verda þessvegna ad kaupa gélldfiargaungu ad öðrum, gjörum vid hermed i dag Tilkall til ádrnefnds Hraundals edr Almennings Lands stykkis nefnilega af Hraundals Varpi allt út í Ytristángará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til hérads.<sup>136</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1852 var þinglýst lögfestu fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði, dags. 9. apríl 1852.<sup>137</sup>

Landamerkjabréf Sandbrekku er dags. 20. júní 1884 og var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm, þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kíreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn, þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan, í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökulsá, er liggur undir Dyrfjalli, þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Sandbrekku:

Dýrleiki eftir jarðamati 1861, 24,7 hndr. [...]

3. Útengjar samfeldar, snögglandar, bæði þurlendi og votlendi; mikill hluti af þeim véltækar; engjavegur, stuttur og góður; heyholt og létt; Meðal heyfengur 400 hestar. [...]

<sup>135</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 60r.

<sup>136</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálalabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 187–188.

<sup>137</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 163r.



5. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrarþeir fremur léleg; víðlent þjóþungt. Fjárgeymsla hæg.

B. Önnur jarðargæði: [...]

2. Jörðinni fylgir stórt upprekstrarland, sem gefur af sér 14 kr. í upprekstartoll árlega. [...].<sup>138</sup>

### Um landamerki millum Dala og Sandbrekku, austur.

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir

So feldan vitnisburð sem hjer fyri ofan skrifaður stendur tók Bjarni Marteinson af þeim Jndriða Þorvarðssyni 1604, áheyrandi Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Og til merkis hafa þeir þar undir skrifat.<sup>139</sup>

Landamerkjabréf Sandbrekku er dags. 20. júní 1884 og var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm, þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kíreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn, þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan, í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökulsá, er liggur undir Dyrfjalli, þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

#### 4.1.3. Sandbrekkuafrétt

i. *Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Sandbrekkuafrétt:

<sup>138</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 118–120.

<sup>139</sup> AM apogr. 4422. Dipl. Isl. V,8. 1604.

Sandbrekkuafrétt gengur inn frá Hrafnabjargarfjalli fram fyrir neðan Dyrfjall, Sandadalsfjall og Beinageitarfjall. Hún er mest grashlíðar og fláar hið neðra. Upp úr afrétt þessari milli Dyrfjalls og Sandadal gengur dalur sá er heitir Eiríksdalur, ysti vegur úr Hjaltastaðáþinghá til Borgarfjarðar. Hann er grýttur efst en grasi vaxinn neðan til og gott beutiland. Milli Sandadalsfjalls og Beinageitarfjalls liggur dalur. Hann heitir Sandadalur. [...] Milli Beinageitardjalls og Botndalsfjalls liggur enn dalur sá er Hraundalur heitir. [...] Hann er lengstur allra dalanna og nær því dagleið byggða í milli. Bestur er hann að landkostum og langt fegri yfir að líta en allir hinir. Þar eru nes stór og grundir sléttar og gott hestaland. Þessir þrír dalir ganga allir upp frá Sandbrekkuafréttinni og er hún langstærst allra afréttanna. Henni tilheyrir hálfur Hraundalur, Beinageitarfjalls megin upp á varp, en syðri hluti dalsins með Botndalsfjalli er almenningur. [...] <sup>140</sup>

Þá segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2008:

Norðanverður Hraundalur tengist Sandbrekkuafrétt en Hraundalur sunnan ár hefur verið talinn almenningur eða tilheyra Hjaltastað svo og Kirkjutungur milli Hölnár og Hraundalsár. <sup>141</sup>

Austan Bjarglandsár er Sandbrekkuafrétt. <sup>142</sup>

ii. *Unaás (Unaós) með Heyskálum*

Við manntalsþing að Hjaltastað 10. júní 1785 voru upplesnar tvær lögfestur sr. Jóns Stefánssonar í Vallanesi, önnur fyrir jörðinni Ósi (Unaósi) og afbýlinu Heyskálum. Lögfesturnar voru báðar dagsettar 6. maí 1785 en í dóma- og þingbók er efni lögfestanna lýst þannig:

Lögfester hann með annarre alla Jördena Os með Afbylenu Hejskálum til ystu ummmerkia ásamt öllum Reka ad undanteknum  $\frac{1}{4}$  þar af sem Asskyrkiu tilheyrer, og endel. Lögfester hann fjórdung hvalreka á Gripdeilld; og með hinne annarre Lögfester hann Bondastade 12 hndr. ad Forngylldu [...]. <sup>143</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1829 var upplesið forboð sr. Guttorms Pálssonar þar sem hann fyrirbauð öll skot frá Ósum innanverðum og allt út þangað sem Njarðvíkurland tekur við. <sup>144</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar til Guttorms Þorsteinssonar prófasts frá 24. nóvember 1840 er fjallað um ágreining milli Njarðvíkur og Óss (Unaóss) um hvori jörðinni Grasdalur tilheyrir. Í bréfinu kvað sr. Guttormur að Grasdalur tilheyrði

<sup>140</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 189-190.

<sup>141</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 2008, bls. 186.

<sup>142</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 2008, bls. 196.

<sup>143</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-3, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1782-1804, bls. 114-115.

<sup>144</sup> Sýsl. N-Múl., GA/2-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804-1829, bls. 641-642.

Vallaneskirkjújörðinni Ósi (Unaósi).<sup>145</sup> Fjölmargir vitnisburðir um málið voru teknir saman á árunum 1840–1841. Í vitnisburði Björns Ólafssonar frá 8. maí 1841 segir að Grasdalur hafi verið afrétt Njarðvíkinga en um síðustu 30 ár hafi ábúendur á Ósi (Unaósi) nýtt dalinn.<sup>146</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 2. júní 1841 var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Ósi (Unaósi), dagsett 31. maí 1841. Sama lögfesta var upplesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1841, við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842, við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843 og við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844. Við manntalsþingið að Desjarmýri árið 1843 mótmælti Hallgrímur Ólafsson proprietarius efni hennar með tilliti til Svínavíkur sem máldagar Húsavíkur tileinkuðu. Einnig lýsti hann eftir 1/16 hlut í Óssreka. Við sama þing var einnig upplesin lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi sem var hinni lögfestunni gagnstæð. Við manntalsþingið að Desjarmýri árið mótmælti sr. Snorri Sæmundsson, sem fullmektugur Njarðvíkureiganda, lögfestunni að svo miklu leyti sem hún snerti réttinndi téðs eiganda. Hallgrímur Ólafsson á Húsavík mótmælti á ný lögfestunni að því leyti sem Húsavíkurmáldagi heimilaði nefndri kirkju 1/16 hlut í öllum Ósrekum. Þá mótmælti Stefán Jónsson á Úlfstöðum lögfestunni í umboði eiganda Geitavíkur.<sup>147</sup> Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Guttormur Pálsson Prestur til Vallaness lögfesti hérmed Vallaness kyrkiujörd Ós á Utmannasveit, med öllum tilheyrandi gögnum og giædum, landi og landsnytium, Rekum og veidistöðum sem greindri Jördu tilheyra innan hér greindra ummmerkia ad innan frá Knarará, eptir sem hún fellur af vörpum ofan nidr i Selfliót og frá greindu Selflióti og Siáfarströndu austur á Fiallgarda og vörp öll þangad sem Vötn taka ad deilast til Niardvíkur innann frá greindri Knarará allt útá Skialdarfialls ytri enda, og í Sió nidr. [...] Einnig fridlysi eg, greindum Plátsum fyrir óleyfilegum Skotum og Seladrápum, Lögfesti eg Land þar og Landsnytiar fyrr Vestan Selfliót, sem tilheyra Osi og Afbylinu Heyskálum, allt frá greindu Flióti og í midjan Bjarglandárós, og þaðann Siónhending og til Siáfar. [...] Fyrirbyð eg hvörium Manni ad nota sér greint Ós Land, til Slægna beitar, edr gielfiárgaungu, samt þau upptöldu hlunnindi og Itök án þess mitt leyfi komi til, edur Oss ábúenda ad hve miklu leiti þeirra Landsnytium vid kémur allt undir vidliggiandi Lagasektir, ber þeim er nokkud þykiaast hafa hér i móti ad mæla, ad fram koma med þau Skjöl og Skílríki er þessum Vallaness kyrkiueignum gæti hnekkt og þau sömu gyldandi giöra.<sup>148</sup>

<sup>145</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–101.

<sup>146</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–103.

<sup>147</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 108r og 109r; Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 6r, 20v og 36v.

<sup>148</sup> N-Múl., DB/1–1, Afsals- og veðmálalabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 158–159.

Landamerkjabréf Unaáss ásamt afbýlinu Heyskálum er dags. 8. maí 1885 og var þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 2. júní 1886. Þar segir:

Milli Hrafnabjarga og Óss ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan, eða frá Geldingaskörðum og út eftir eggjum. Aftur eru mörkin norðan Selfljóts milli Gagnstaðar og Heyskála þessi: Úr Selfljótsbakka móts við miðjan Bjarglandsárós beint neðsta heygarð og eftir sömu stefnu til sjávar. Milli Óss og Njarðvíkur, þaðan sem Hrafnabjargarland sleppur út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall í Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan. [...]

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda og ábúenda Njarðvíkur og Gagnstöðvar.

*iii. Hrafnabjörg*

Í Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna segir m.a. um jörðina Hrafnabjörg að undir hana liggi Hrafnabjargaafrétt.<sup>149</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir um Hrafnabjörg að kolskógur sé eyddur. Þá segir að í afréttartollum gjaldist til bóndans um 2 ríkisbankadalir á hverju ári.<sup>150</sup>

Við manntalsþing 4. júlí 1878 var þinglesin lögfesta fyrir Hrafnabjörgum, dags. 16. júní 1878.<sup>151</sup>

Landamerkjabréf Hrafnabjarga er dags. 7. maí 1884 og var þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki Hrafnabjarga og aðliggjandi jarða: 1, Milli Óss og Hrafnabjarga ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan inn eggja til upptaka Urðardalsár, ræður þá nefnd á landamerkjum af egg ofan Urðardal. 2, þar er aðliggjandi Sandbrekkuland og rennur urðardalsá í svo nefnda Jökulsá, sem ræður landamerkjum ofan fjallið þar til ofan á sléttlendi, þá ræður sá forni farvegur Jökulsár þaðan eins og hann liggur norðvestur í Selfljót sá áður nefndi forni farvegur Jökulsár er nefndur Bolur. Selfljót að norðan aðskilur Hrafnabjargaland frá landi Eyjabæja.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Sandbrekku, Unaóss (Áss) og umráðamanni Vallaness.

<sup>149</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 191.

<sup>150</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 6.

<sup>151</sup> Sýsl. N-Múl., GA/5–2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1874–1878, bls. 389.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hrafnabjörg að á fjalli séu engjar, grasgefnar en langsóttar og að þær séu lítið notaðar. Þá fylgi jörðinni upprekstrarland fyrir u.þ.b. 500 fjár, en engar tekjur fáist af því í mörg ár.<sup>152</sup>

*iv. Njarðvík*

Hinn 1. apríl 1530 vitnuðu fimm menn um að Þorvarður Bjarnason hafi byggt og tíundað sína eign, jörðina Njarðvík í Borgarfirði, eða eins og segir í skjalinu:

Þat giorvm vier olafr jndridason. jon eývindsson. jon eireksson. þorarenn arngeirsson ok jon arnorsson godvm monnum kvnegt med þessv woro opnu brefi. at þat vissum vier fyrir full sanendi at þoruadr bondi biarnason godrar minningar hiellt ok hafde. býgdi og bæld. tivndadi og sina eign halldandi jordina niarduik er liggj j borgarfirdi jtolvavsza mille fiallz ok fiurv. nema þat sem heilog niarduikirkia a j heimalandi ok Rekum. ok alldre heýrdum vær hier vm tvímæla a vera. fylgia þessir Rekar greindre jordu. nordan fra gripdeilld sudr at bólmod. enn landeign sua víjd sem vatzfoll deilazt at niarduik. Suo og eigi sidr heýrdum vier fyrr skrifadir menn at sogdu skilvisir dandimenn hinir ellri. ok sua sogduzt þeir heýrt hafa. af sinum foruerurum. at niarduik kirkia ætti holma þann er liggj fyrir hafnar landi j borgarfirdi. ok skala, skipstodu ok ueruist a fiskabiarge. þar sem heiter j Runu er sumer kalla tofaskala ok hier epter vilivm vier sveria ef þurfa þiker. Ok til sannenda hier um settum uier adr nefndir menn vor jnsigle fyrir þetta uitnisburdarbref. er skrifad war j niarduik fostudagenn næstan epter annunciacio sancte marie. þa er lidit war fra hingad burd uors herra jhesv christe. CD. d. xx. ok tijv ar.<sup>153</sup>

Í eigna- og ítakaskrá fyrir Njarðvíkirkirkju dags. 4. febrúar 1743 segir eftirfarandi:

Þetta Epterskrifad tilheirer Niardwýkur Kyrkiu Hvor ad er Annexia frá Desiarmýre og böndaEign Hennar Mældagar seigia, ad hun eige So miked i Heima Lande, sem Prestz skyllid heirer, Hvad ed meinast ad vera Helmíngur Jardarinnar. Hun ä Hoolm Þann sem Liggur a Borgarfyrde og Verstódu og Skälastædi ä Eidabiarge, Fiórdung Hvalreka i Gripdeilld. Hun ä 14. Malnitú Kugýllde, Eirn Hest, og Fimm Hundrud i Daudum pengingum. Hier firer utann Eru Instrumenta og Ornamenta Jnnann Kyrkiu. En Hvorninn Kyrkiann hafe þesse Itók og Peninga ódlast, veit eg ecke grein ä ad gióra og Ecke Heldur Siälfur Proprietarii, firer utann nockurn part Skrudans, sem hún hefur óldast [svo] fyrer Sýna Portionem, og Ecke Heldur Veit eg ädur skrifadra Kyrkiu, nockud annat tilheira, Enn þad sem hier Er til vitundar gefed til merkis.<sup>154</sup>

<sup>152</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, Undiramat I, bls. 122–123.

<sup>153</sup> *DI IX*, bls. 523–524.

<sup>154</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaping, K II, Njarðvík í Borgarfirði 1397–1743.

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1829 var upplesið forboð sr. Guttorms Pálssonar þar sem hann fyrirbauð öll skot frá Ósum innanverðum og allt út þangað sem Njarðvíkurland tekur við.<sup>155</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar til Guttorms Þorsteinssonar prófests frá 24. nóvember 1840 er fjallað um ágreining milli Njarðvíkur og Óss (Unaóss) um hvori jörðinni Grasdalur tilheyrir. Í bréfinu kvað sr. Guttormur að Grasdalur tilheyrði Vallaneskirkjújörðinni Ósi (Unaósi).<sup>156</sup> Fjölmargir vitnisburðir um málið voru teknir saman á árunum 1840–1841. Í vitnisburði Björns Ólafssonar frá 8. maí 1841 segir að Grasdalur hafi verið afrétt Njarðvíkinga en um síðustu 30 ár hafi ábúendur á Ósi (Unaósi) nýtt dalinn.<sup>157</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 2. júní 1841 var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Ósi (Unaósi), dagsett 31. maí 1841. Sama lögfesta var upplesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1841, við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842, við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843 og við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844. Við sama þing var einnig upplesin lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi sem var hinni lögfestunni gagnstæð. Við manntalsþingið að Desjarmýri árið mótmælti sr. Snorri Sæmundsson, sem fullmektugur Njarðvíkureiganda, lögfestunni að svo miklu leyti sem hún snerti réttinndi téðs eiganda. Hallgrímur Ólafsson á Húsavík mótmælti á ný lögfestunni að því leyti sem Húsavíkurmáldagi heimilaði nefndri kirkju 1/16 hlut í öllum Ósrekum. Þá mótmælti Stefán Jónsson á Úlfsstöðum lögfestunni í umboði eiganda Geitavíkur.<sup>158</sup> Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Guttormur Pálsson Prestur til Vallaness lögfesti hérmed Vallaness kyrkiujörd Ós á Utmannasveit, med öllum tilheyrandi gögnum og giædum, landi og landsnyttium, Rekum og veidistöðum sem greindri Jördu tilheyra innan hér greindra ummmerkia ad innan frá Knarará, eptir sem hún fellur af vörpum ofan nidr i Selfliót og frá greindu Selflióti og Siáfarströndu austur á Fiallgarda og vörp öll þangad sem Vötn taka ad deilast til Niardvíkur innann frá greindri Knarará allt útá Skialdarfialls ytri enda, og í Sió nidr, Lögfesti eg Reka alla innan frá Knararósi allt út ad Gripdeild, allt i Fiskhelgi, (ad undanteknum Fiórdúngi i Rekunum, er As kyrkiu tilheyrr, og 16<sup>d</sup> hlut i hálfum hval sem Hallormsstada kyrkia á,) Sömuleidis Nót og Netlög öll, med greindri Ströndu og vid ósafles. Einnig fridlysi eg, greindum Plátsum fyrir óleyfilegum Skotum og Seladrápum, Lögfesti eg Land þar og Landsnyttiar fyrr Vestan Selfliót, sem tilheyra Osi og Afbýlinu Heyskálum, allt frá greindu Flióti og í midjan Bjarglandárós, og þaðann Siónhending og til Siáfar. [...] Fyrirbyð eg hvöríum Manni ad nota sér greint Ós Land, til Slægna beitar,

<sup>155</sup> Sýsl. N-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829, bls. 641–642.

<sup>156</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–101.

<sup>157</sup> Jarðaskjöl Múlasýslna, A/1–103.

<sup>158</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 108r og 109r; Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 6r, 20v og 36v.

edr gjeldfiargaungu, samt þau upptöldu hlunnindi og Itök án þess mitt leyfi komi til, edur Oss ábúenda að hve miklu leiti þeirra Landsnytið vid kémur allt undir vidliggiandi Lagasektir, ber þeim er nokkud þykíast hafa hér i móti að mæla, að fram koma með þau Skjöl og Skilríki er þessum Vallaness kyrkiueignum gæti hnekkst og þau sömu gyldandi giöra.<sup>159</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. maí 1845 var upplesin lögfesta frá 23. maí sama ár fyrir Njarðvíkurlandi og mótmælti henni enginn.<sup>160</sup> Við manntalsþing að Hjaltastað 11. júní 1846 var þinglesin lögfesta fyrir Njarðvík frá 21. apríl 1846 og mótmælti henni enginn. Sama lögfesta var lesin við manntalsþing að Desjarmýri 20. júlí 1846.<sup>161</sup> Efni hennar er svohljóðandi:

Vid undirskrifadir lögfestum hérmed Jördina Niardvík 40 hndr. að dyrleika, sem hálfur [svo] okkar, enn hálf kirkiunnar eign, liggjandi i Borgarfirdi innan Nordurmúlasýslu til ummerkia þeirra, sem máldagar og vitnisburdir fornir og nýir okkur og kyrkiu okkar eigna nl. Land og reka, nordan frá Gripdeild og sudur að Bölmód beint uppá Varp á Neshálsi, þadan inneptir Sudur vörpum, inná Mióadalsvarp, og svo þadan eptir Vörpum á adalfiallgardinum, að inniluktum til Niardvíkur þeim øxlum og hnúkum, sem frá adalfiallgardinum liggia innad Niardvík, með svo beinni línu, sem fiallgardurinn gëfur tilefni til, bak vid alla dali, allt út á svonefndan fiällaenda, sem er yfir Olafssandi, og nyrdsta takmark er, Niardvíkurreka. [...]<sup>162</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 31. maí 1849 var þinglesin lögfesta frá 28. maí sama ár fyrir Njarðvík og mótmælti henni enginn.<sup>163</sup>

Hinn 11. mars 1884 fór fram sáttafundur á Desjarmýri hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis vegna ágreinings um landamerki milli Njarðvíkur annars vegar og Unaóss hins vegar. Sr. Bergur Jónsson í Vallanesi hafði kært eigendur Njarðvíkur til sáttanefndar fyrir að hafa neitað að skrifa undir merkjalýsingu sem hann sendi þeim. Ágreiningsefnið var að sr. Bergur taldi landamerkin milli jarðanna vera „eptir öllum vörpum út á svokallað Skjaldarfjalls ytri enda fyrir austan Grasdal, að þau megi haldast eins og verið hefur.“ Njarðvíkingar töldu merkin hins vegar vera „eptir vörpum fyrir norðan allan Grasdal og þaðan til sjáfar ~~aus~~ á milli Ólafssands að sunnan og Gripdeildar að norðan.“ Lögð voru fram skilríki og vitnisburðir sem eignuðu Njarðvík Grasdalinn, en sr. Bergur kvaðst ekki geta fallið frá kröfu sinni þar

<sup>159</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 158-159.

<sup>160</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 59v-60r.

<sup>161</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 77v; Sýsl., N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 81r.

<sup>162</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 195-196.

<sup>163</sup> 4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 125v.

sem byggingarbréf um Unaós hefðu tilgreint landamerki jarðarinnar þannig að Grasdalur væri innan hennar. Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar.<sup>164</sup>

Landamerkjabréf Njarðvíkur er dags. 1. júlí 1885 og var þinglýst á manntalsþingi á Desjamýri dags. 14. ágúst 1885. Þar segir:

Landamerki Njarðvíkur: 1, Milli Njarðvíkur og Snotruness: Úr Bölmóðshlein beint upp á fjall og inn eftir vörpum. 2, Milli Njarðvíkur og Geitavíkur: Eftir vörpum þaðan sem Nestaland þrýtur. 3, Milli Njarðvíkur og Bakka: Þaðan sem Geitavíkurland þrýtur inn eftir vörpum og eggjum, inn undir Dyrfjöll og inn á Mjóadalsvarp. 4, Milli Njarðvíkur og Hrafnabjarga: Af Mjóadalsvarpi út eggjar norðan megin víkurinnar þangað til Óssland tekur við. 5, Milli Óss og Njarðvíkur: þaðan sem Hrafnabjargalandi sleppir út vörp og eggjar, út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall á Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skulur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan. [...]

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Snotruness, Geitavíkur, Hrafnabjarga, Vallanesskirkju og Bakka.

v. *Sandbrekka*

Í vitnisburði um landamerki millum Dala og Sandbrekku, austur, árið 1604 segir:

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir

So feldan vitnisburð sem hjer fyri ofan skrifaður stendur tók Bjarni Marteinson af þeim Jndriða Þorvarðssyni 1604, áheyrandi Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Og til merkis hafa þeir þar undir skrifat.<sup>165</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 6. júlí 1756 lýsti Eiríkur Teitsson reka sem kom upp á Sandbrekkusandi, sem áður hét Miðsandur, og var að hálfu leyti Vallanesskirkjueign og að hálfu bóndaeign.<sup>166</sup>

<sup>164</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1837–1911, bls. 66–67.

<sup>165</sup> AM apogr. 4422. Dipl. Isl. V,8. 1604.

<sup>166</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 273.



Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Sandbrekka metin á 24 hundruð að dýrleika.<sup>167</sup>

Í Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna segir m.a. um Sandbrekku:

Henni tilheyrir öll Sandbrekkuafrétt.<sup>168</sup>

Við manntalsþing 2. júní 1841 lagði hreppstjórinn St. Jónsson á Sandbrekku fram klögun yfir Pétri bónda á Ánastöðum fyrir ólöglega aðferð við fjallgöngu. Pétur var ekki mættur en hreppstjórinn kvaðst hafa haustið áður með gönguseðli skikkað hreppsændur til að heimta afrétt af fé og reka það til lögréttar á Sandbrekku. Fram kom að Pétur hafi skilið fé sitt frá öðru afréttarfé við Rauðalæk, út með Bjallandsá, þar sem landsplássið var frekar fyrir afrétt en búfjárhaga. Runólfur Einarsson, vinnupiltur á Svínafelli, bar vitni og lýsti því hvernig hann og fleiri leituðu að fé en þeir hafi síðan mæst við Rauðlækjarós sem sé í Kóreksstaðalandi. Þar hafi Pétur tekið nokkrar kindur úr hópnum. Í fjarveru Péturs var Þorleifur Arnfinnsson bóndi á Hrjót útnefndur svaramaður hans en málinu var frestað þar sem vitnið Jón Jónsson var fjarverandi.<sup>169</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1842 var tekið fyrir mál þar sem Pétur Þórláksson bóndi á Ánastöðum í Hjaltastaðarsókn hafði í fjársöfnun haustið 1840 ekki rekið gripi sína til lögréttar að Sandbrekku heldur einhvers staðar í fjallinu fyrir utan og ofan Ánastaðabæ tekið úr geldfé sem hann átti. Pétur kom fyrir réttinn og kvaðst kannast við að hreppstjóri hafi um haustið 1840 skipað með gönguseðli að Pétur legði til menn til fjársöfnunar en hann hafi sjálfur farið að hreinsa fjallið á þeim greindu stöðum, þ.e. á hálsunum fyrir ofan Hrjótarbæ og svo úteftir. Pétur sagði að þegar hann var kominn með geldféð sem fannst að svokölluðum Rauðalæk, sem rennur uppi í fjallinu fyrir utan og ofan bæinn Ánastaði, hafi honum komið til hugar að fría fé sitt frá frekari hrakningi og taka það úr heldur en að reka það til lögréttar við Sandbrekku. Pétur minnti að hann hafi tekið úr sex eða sjö kindur. Hann játaði að það hafi staðið í gönguseðlinum að féð skyldi reka til lögréttar og að sú skipun væri á lögum byggð. Að lokum óskaði Pétur þess að hann myndi sleppa við dóm vegna yfirsjónar sinnar, en kvaðst reiðubúinn að greiða hæfilegar fébætur. Ekki er skráð í dóma- og þingbókina hvort Pétur hafi verið dæmdur eða sýknaður.<sup>170</sup>

<sup>167</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 22v–23r.

<sup>168</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839–1874), bls. 191.

<sup>169</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 108r–108v.

<sup>170</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 13r–13v.

Við manntalsþing 26. maí 1845 var þinglýst lögfestu frá Skúla Björnssyni, Árna Bjarnasyni, Birni Ólafssyni og Jóni Jónssyni sem mótmælti lögfestu prófastsins sr. Guttorms á Hofi varðandi Hraundal. Hreppstjórinn Kjartan Jónsson á Sandbrekku mótmælti þessari lögfestu sem leiguliði jarðarinnar Sandbrekku.<sup>171</sup> Efni hennar er svo:

Vid undirskrifadir gjörum hverium kunnugt, ad vid hermed mótmælum lögfestu prófastsins S<sup>r</sup> Guttorms Þórsteinssonar á Hofi, ad þvíleiti sem áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur, því eptir skikkanlegra og eldstu manna Vintisburdum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulaust brúkadr til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar hreppsmanna sem éginleg Eign edr almenningsgr þángad til Prófastur sál S<sup>r</sup> Arni Þórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku og hafa Leigulidar þar haldid því sídan, þó hreppsmenn hafi verid óánægdir med það. Þar þessi áminsti Hraundalur er svona óréttvislega undann hreppnum geingin sérilagi þeim til Skada sem ei hafa Afrétt fyrir Fé sitt i sínum Leigu londum og verda þessvegna ad kaupa géldfiargaungu ad ödrum, giörum vid hermed i dag Tilkall til ádrnefnds Hraundals edr Almennings Lands stykkis nefnilega af Hraundals Varpi allt út í Ytristángará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til hérads.<sup>172</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1852 var þinglýst lögfestu fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði, dags. 9. apríl 1852.<sup>173</sup>

Landamerkjabréf Sandbrekku er dags. 20. júní 1884 og var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm, þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kíreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn, þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan, í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökulsá, er liggur undir Dyrfjalli, þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Í vitnisburði um landamerki millum Dala og Sandbrekku, austur, árið 1604, segir:

<sup>171</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 60r.

<sup>172</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 187-188.

<sup>173</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 163r.

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir

So feldan vitnisburð sem hjer fyri ofan skrifaður stendur tók Bjarni Marteinson af þeim Jndriða Þorvarðssyni 1604, áheyrandi Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Og til merkis hafa þeir þar undir skrifat.<sup>174</sup>

### Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Sandbrekku:

Dýrleiki eftir jarðamati 1861, 24,7 hndr. [...]

3. Útengjar samfeldar, snöggendar, bæði þurlendi og votlendi; mikill hluti af þeim véltækar; engjavegur, stuttur og góður; heyholt og létt; Meðal heyfengur 400 hestar. [...]

5. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrarheit fremur léleg; víðlent þjópungt. Fjárgeymsla hæg.

B. Önnur jarðargæði: [...]

2. Jörðinni fylgir stórt upprekstrarland, sem gefur af sér 14 kr. í upprekstartoll árlega. [...].<sup>175</sup>

*vi. Dalir*

### Í afriti af vitnisburði Indriða Þorvarðarsonar frá 1604 segir eftirfarandi um landamerki Dala og Sandbrekku:

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir.<sup>176</sup>

---

<sup>174</sup> AM apogr. 4422. Dipl. Isl. V,8. 1604.

<sup>175</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 118–120.

<sup>176</sup> Jarðaskjöl Norður-Múlasýslu, A/1–12.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Dali að þar notist við eyðihjáleigan Minni-Dalir.<sup>177</sup>

Við manntalsþing 5. júní 1849 var þinglesin lögfesta, dagsett sama dag, fyrir Dvergasteini, Kollstaða- og Selstaðalandi og friðlýsing á nótalögum í Dalalandi.<sup>178</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 eru Dalir metnir með hjáleigunni Grund en þar séu ekki tiltalin landamerki.<sup>179</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er annars vegar fjallað um Minni-Dali og hins vegar um Stóru-Dali. Landamerkjum er lýst í matinu og eru þau eftirfarandi:

[Um Minni-Dali] Að vestan Hallbjarnarjaðar, að austan Dalsá, skiftir hún aðeins engjum, því beitiland á jörðin óskift með Stóru-Dölum. [...] [Um Stóru-Dali] Engjum skiftir Fosslægur að austan, Dalsá að vestan.<sup>180</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er vísað til næstu jarðar á undan, þ.e. Sandbrekku, með orðunum „ut supra“ en þar segir að jörðin eigi rekaítak við Heyskálar og að þar sé sögð afrétt.<sup>181</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir um Dali að kolskógur sé farinn en hríshrif sé nokkuð. Þá segir að afrétt þurfi að kaupa fyrir geldfé á sumrin.<sup>182</sup>

Landamerkjabréf Dala er dags. 2. júlí 1884 og var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað sama dag. Þar segir:

Milli Kóreksstaða og Dala: Úr Söðulkletti við Bjarglandsá beina stefnu í vörðu á nyrðri Mannsás, þaðan beint í vörðu á Vörðuhrauni, þaðan beint í vörðu í Krossblá, frá þeirri vörðu beint í Kerlingu, frá Kerlingu beint í Sellækjarós, þaðan skilur Bjarglandsá Sandbrekkuland og Dalaland frá Sellækjarósi og inn á móts við Söðulklett.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Sandbrekku og Króksstaða.

---

<sup>177</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 55.

<sup>178</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 126v.

<sup>179</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 15r.

<sup>180</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 89–90.

<sup>181</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, nr. 61.

<sup>182</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 5.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um landamerki Dala að þau séu innfærð í landamerkjabók og þinglesin 2. júlí 1884.<sup>183</sup>

vii. *Hjaltastaður*

Í biskupsvísitasíu Hjaltastaðar frá 1763 segir að kirkjan eigi sand tveggja hundraða faðma lengd liggjandi milli Ketilsstaðasands og Kóreksstaðasands og verstöðu við Ósa í hvamminum hjá Fossvík og kallast það Hjaltastaðaver.<sup>184</sup>

Við manntalsþing 19. ágúst 1786 var upplestin lögfesta sr. Sigfúsar Guðmundssonar fyrir landi Hjaltastaðarkirkju, reka og verstöðu.<sup>185</sup>

Við manntalsþing 1. júní 1844 var þinglýst lögfestu frá 31. maí 1844 þar sem presturinn sr. Jón Guðmundsson lögfesti prestakallið Hjaltastaðarland.<sup>186</sup> Efni lögfestunnar er eftirfarandi:

Jeg Jón Guðmundsson Lögfesti hér í Dag konungsins og krónunnar Beneficium Hjaltastað á Utmannasveit, Tödr Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og Veidistadi og allar þær Landsnytiar er fyrrgreindari Hialtastad éga ad fylgia og fylgt hafa ad fornu og nýu, ad öllu tilskyldu, enn eingu fráteknu, til ummerkia þeirra sem adrer menn eiga til i móti honum, og hann vard fremst Eigandi ad bædi ad ordfullu og lögfullu og lögmáli rettu.

Sömuleidis lögfesti eg undir hér greinda Hialtastadar kyrkiu þann Reka sem, sem hún á eptir innsigludu bréfi og liggir nærst Koreksstadasandi ad nordann. Einnig lögfesti eg kyrkiunnar verstödu vid Ósa í Oss Vallaness Stadar kyrkiujardarlandi enn siálfrar Hialtastadar kyrkiu-kyrkisókn med allri þeirri brúkun sem almennilega vidliggur.

Sömuleidis lögfesti eg Hraundalsland fyrir nordan Ána, sem eptir dalnum flóar frá því Vötnum hingat frá Hraundalsvarpi hallar allt úti Tungu Spordinn, þar sem á sú er fellur undir Botndalsfiallinu rennr út í Biarglandsana. Lögfesti eg kyrkiunnar land til ummerkia þessara: i Merkigardin er liggur austur frá Stadaránni og í kýrhöfðan á milli Hialtastadar og Jórvíkur og þaðann rétt synis i Midenni fyrir utan Kolluhraun; Úr Midenni í Skollagrenisklettin fyrir utan Töduvallagerdi; ur þeim Skollaklett út og nordr um Merkivikina ytri, allt i Selfliót, rædr svo Selfliót allt framm i Forvadaklett á milli Vidirness og Alptaness, úr þeim Forvadaklett réttsynis nordan um þvera Ása yfir Raudholtsdalin í Þurshiallan [svo] lánga utan undir stóru vörðunni háu fyrir austan Raudholtsdalin (sem nú er ad likindum fallin) sidan eptir endilaungum þeim hialla allt i ytri Endan á Stórahólmanum framm í breidublánni, úr hennar fremri Enda austur i Geitabiargalækin og svo framm eptir dalnum fyrir austan lækin framm undir Merki þrep þar upp og austr

<sup>183</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 117–118.

<sup>184</sup> Bps. A.II.20, bls. 143.

<sup>185</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1–3, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1782–1804, bls. 135–136.

<sup>186</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 35v–36r.

yfir Ásin í Merkikerid, sem stendur hiá Stóra steini í Assendanum; austur frá kerinu rædr Sund það, er liggur alla leid austur og ofaní ána, frá anni rædr gamall gardr uppundir Hraunfell fyrir framan Hrúgustadi. Legg eg við þessa mína Lögfestu löglega fimtarstefnu, hvörri þeir andsvara hafa, sem greind Hialtastadarkyrkiu Itök og Egindóma (eptir þessa lands ædsta yfirvalds Skikkun) áfrýa vilja edr kyrkiunnar Landi með valdi edr ofriki í óleifi veita.

Fyrirbýd eg hédan af hvörrium manni í ad vinna edr hér ad nýta edr nokkurt gagn af ad hafa utan mitt sé Lof edr Last til ad vitni þeirra allra er ord mín méga heyra.<sup>187</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er Hjaltastaður metinn með hjáleigunni Svínafelli. Þar segir að eftir máldögum eigi kirkjan afréttarland fram á Hraundal sem nefnist Kirkjutungur, en það sé til lítilla afnota þar sem snjó tekur seint up og afrétt þarf að kaupa fyrir geldfé á sumrin. Þá segir að land sé aðeins skipt á milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar að túni og engjum.<sup>188</sup>

Landamerkjabréfi Hjaltastaðar var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað þann 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki Hjaltastaðar og aðliggjandi jarða. 1, Milli Hjaltastaða og Rauðholts. Frá Selfljóts á ytri Forvaða framan við Víðirnes beint yfir Forvaðaöxl og Stekkhöfða utanverðan á Merkihjúk. Þaðan beint yfir Rauðholtsdal, Miðþrep, Breiðblá og Litla-Hólma í opið á Geitabjargadal, þar næst upp með læk í dalnum þangað til kemur að svo kölluðu neðra Merkiþrepi. 2, Milli Hjaltastaðar og Ánastaða: Úr Geitabjargardal yfir Merkiþrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðáshæð utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utan vertða. Þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrúgustaðaklett yst, upp utan undir Stóru- Kinn og í Grenisöxl utan verða. Þaðan beint yfir Vallará í Hrisárbug, þar sem Hrisá kemur af hálsun ofan. 3, Milli Hjaltastaðar og Kíreksstaða: Mörkum ræður Hrisá úr Hrisárbug allt í Hrisárós. Þaðan liggja merkin beint yfir klett í Markmó að Staðará í framanverðan hvamm austan við ána, þar sem Grafargerðislækur kemur í ána að vestan. 4, Milli Hjaltastaðar og Jórvíkur. Frá Staðará eptir gömlu garðlagi í Sauðahraunamýri beint utan undir Kýrhöfða, yfir Lækjardal og Miðenni utan undir Kolluhrauni, yfir Magnúsarvörðuás beint í Merkivík, yfir Húsaklett og Miðhala beint á gamalt garðlag á austari Selfljótsbakka. 5, Milli Hjaltastaðar og Hrollaugsstaða: Merkjum ræður Selfljót. 6. Milli Hjaltastaðar og Bóndastaða: Merkjum ræður Selfljót. Hjaltastaður á ennfremur afréttarlandið Hraundal að framan og Kyrkjutungur. Ræður þar mörkum að utan Bjarglandsá, að ofan efstu fjallaeggjar, að framan bein stefna úr ytri Botndalsfjallsröð yfir Kollu upp að Hölkná, og að neðan Hölkná.

<sup>187</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1–1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 148–149.

<sup>188</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 4.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Rauðholts, Ánastaða, Króksstaða, Jórvíkur, Hrolllaugsstaða, Bóndastaða, Sandbrekku, Hrjóla og Hamragerðis.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hjaltastað að jörðinni fylgi upprekstrarland. Um landamerki segir að þau séu ásamt landamerkjum hjáleigunnar Svínafells innfærð í landamerkjabók og þinglesin 2. júlí 1884.<sup>189</sup>

Við aukarétt 19. mars 1917 voru dómkvaddir menn til þess að lýsa, meta og virða til peningaverðs kirkjujörðina Hjaltastað með hjáleigunni Svínafelli í Hjaltastaðahreppi.<sup>190</sup>

#### 4.1.4. Hraundalur og Kirkjutungur

##### *i. Sérstaklega um kröfuvæðið*

Í sóknalýsingu Hjaltastaðasóknar 1842 segir m.a.:

Milli Beinageitarfjalls og Botndalsfjalls liggur enn dalur sá er Hraundalur heitir. [...] Hann er lengstur allra dalanna og nær því dagleið byggða í milli. Bestur er hann að landkostum og langt fegri yfir að líta en allir hinir. Þar eru nes stór og grundir sléttar og gott hestaland. Þessir þrír dalir ganga allir upp frá Sandbrekkuafréttinni og er hún langstærst allra afréttanna. Henni tilheyrir hálfur Hraundalur, Beinageitarfjalls megin upp á varp, en syðri hluti dalsins með Botndalsfjalli er almenningur. [...] <sup>191</sup>

Hvar afréttir liggja er áður ávíkið, það er nefnil. einasta á Flugustaðadal, Hofstungu, Geithella- og Hamarsdölum, sú fyrsta nefnd Sultarafrétt, sú næsta Staðarafrétt, hin þriðja Afrétt, sú fjórða Hálsafrétt. Það sýnist sem þessi pláss fyrr meir hafi öðrum plássum fremur verið höfð til uppreksturs, en nú, og það fyrir löngu, er það aflagt, heldur láta menn nú féð fara frá sér sjálft um fjöllin eftir sem vera vill hvör á sínum stað. Einasta reka menn lömb sín frá sér á einhvörn stað eftir sem hugur býður það og það ár. Á haustin undir veturnætur eru fjallgöngurnar byrjaðar, ganga þá hvörjir sér tilheyrandi fjöll og dali til að leita fjárins og hvar fleiri hafa rekið lömb sín í eitt pláss sameinast þeir til að uppleita þau og rétta þeim hvar sem vera vill, draga þau svo í sundur og tekur hvör sitt. Fullorðnu fé rétta og hvörjir hjá sér, annaðhvört heima við bæina eða í réttum nálægt þeim, draga þá úr sínu fé annara, og er þá siðvanalegt að þeir reki það af sér til þeirra er það tilheyrir.<sup>192</sup>

Á manntalsþingi 2. júní 1841 lagði hreppstjórinn St. Jónsson á Sandbrekku fram klögun yfir Pétri bónda á Ánastöðum fyrir ólöglega aðferð við fjallgöngu:

Pétur var ekki mættur en hreppstjórinn kvaðst hafa haustið áður með gönguseðli skikkað hreppsændur til að heimta afrétt af fé og reka það til lögréttar á Sandbrekku. Fram kom

<sup>189</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 108–109.

<sup>190</sup> Sýsl. N-Múl., GA/10-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1911–1917, bls. 341–342.

<sup>191</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 190.

<sup>192</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 558.

að Pétur hafi skilið fé sitt frá öðru afréttarfé við Rauðalæk, út með Bjallandsá, þar sem landsplássið var frekar fyrir afrétt en búfjárhaga. Runólfur Einarsson, vinnupiltur á Svínafelli, bar vitni og lýsti því hvernig hann og fleiri leituðu að fé en þeir hafi síðan mæst við Rauðlækjarós sem sé í Kóreksstaðalandi. Þar hafi Pétur tekið nokkrar kindur úr hópnum. Í fjarveru Péturs var Þorleifur Arnfinnsson bóndi á Hrjót útnefndur svaramaður hans en málinu var frestað þar sem vitnið Jón Jónsson var fjarverandi.<sup>193</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1842 var tekið fyrir eftirfarandi mál:

Pétur Þórláksson bóndi á Ánastöðum í Hjaltastaðarsókn hafði í fjársöfnun haustið 1840 ekki rekið gripi sína til lögréttar að Sandbrekku heldur einhvers staðar í fjallinu fyrir utan og ofan Ánastaðabæ tekið úr geldfé sem hann átti. Pétur kom fyrir réttinn og kvaðst kannast við að hreppstjóri hafi um haustið 1840 skipað með gönguseðli að Pétur legði til menn til fjársöfnunar en hann hafi sjálfur farið að hreinsa fjallið á þeim greindu stöðum, þ.e. á hálsunum fyrir ofan Hrjótarbæ og svo úteftir. Pétur sagði að þegar hann var kominn með geldféð sem fannst að svokölluðum Rauðalæk, sem rennur uppi í fjallinu fyrir utan og ofan bæinn Ánastaði, hafi honum komið til hugar að fría fé sitt frá frekari hrakningi og taka það úr heldur en að reka það til lögréttar við Sandbrekku. Pétur minnti að hann hafi tekið úr sex eða sjö kindur. Hann játaði að það hafi staðið í gönguseðlinum að féð skyldi reka til lögréttar og að sú skipun væri á lögum byggð. Að lokum óskaði Pétur þess að hann myndi sleppa við dóm vegna yfirsjónar sinnar, en kvaðst reiðubúinn að greiða hæfilegar fébætur. Ekki er skráð í dóma- og þingbókina hvort Pétur hafi verið dæmdur eða sýknaður.<sup>194</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1845 var þinglýst lögfestu frá Skúla Björnssyni, Árna Bjarnasyni, Birni Ólafssyni og Jóni Jónssyni sem mótmælti lögfestu prófestsins sr. Guttorms á Hofi varðandi Hraundal. Hreppstjórinn Kjartan Jónsson á Sandbrekku mótmælti þessari lögfestu sem leiguliði jarðarinnar Sandbrekku.<sup>195</sup> Efni hennar er svo:

Vid undirskrifadir gjörum hverium kunnugt, ad vid hermed mótmælum lögfestu prófestsins S<sup>r</sup> Guttorms Þórsteinssonar á Hofi, ad þvíleiti sem áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur, því eptir skikkanlegra og eldstu manna Vintisburdum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulauast brúkadr til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar hreppsmanna sem éginleg Eign edr almennigr þángad til Prófastur sál S<sup>r</sup> Arni Thórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku og hafa Leigulidar þar haldid því sídan, þó hreppsmenn hafi verid óánægdir med það. Þar þessi áminsti Hraundalur er svona óréttvislega undann hreppnum geingin sérilagi þeim til Skada sem ei hafa Afrétt fyrir Fé sitt i sínum Leigu londum og verda þessvegna ad kaupa gélldfiárgaungu ad öðrum, gjörum vid hermed i dag Tilkall til ádrnefnds Hraundals edr

<sup>193</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829-1842, bls. 108r-108v.

<sup>194</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 13r-13v.

<sup>195</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 60r.



Almennings Lands stykkis nefnilega af Hraundals Varpi allt út í Ytristágará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til hérads.<sup>196</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1852 var þinglýst lögfestu fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði, dags. 9. apríl 1852.<sup>197</sup>

ii. *Hjaltastaður*

Í biskupsvísitasíu Hjaltastaðar frá 1763 segir að kirkjan eigi sand tveggja hundraða faðma lengd liggjandi milli Ketilsstaðasands og Kóreksstaðasands og verstöðu við Ósa í hvamminum hjá Fossvík og kallast það Hjaltastaðaver.<sup>198</sup>

Við manntalsþing 19. ágúst 1786 var upplestin lögfesta sr. Sigfúsar Guðmundssonar fyrir landi Hjaltastaðarkirkju, reka og verstöðu.<sup>199</sup>

Í Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna segir m.a. um Hjaltastað:

Kirkjan á selstöðu á Hraundal utanverðum og tungu þá niður frá Botndalsfjalli norðanverðu sem verður milli Bjarglandsár og Höltnár sem fyrr er getið. Það land heitir Kirkjutungur.<sup>200</sup>

Við manntalsþing 1. júní 1844 var þinglýst lögfestu frá 31. maí 1844 þar sem presturinn sr. Jón Guðmundsson lögfesti prestakallið Hjaltastaðarland.<sup>201</sup> Efni lögfestunnar er eftirfarandi:

Jeg Jón Guðmundsson Lögfesti hér í Dag konungsins og krónunnar Beneficium Hjaltastað á Utmannasveit, Tödr Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og Veidistadi og allar þær Landsnytiar er fyrrgreindari Hialtastad éga ad fylgia og fylgt hafa ad fornu og nýu, ad öllu tilskyldu, enn eingu fráteknu, til ummerkia þeirra sem adrer menn eiga til i móti honum, og hann vard fremst Eigandi ad bædi ad ordfullu og lögfullu og lögmáli rettu.

Sömuleidis lögfesti eg undir hér greinda Hialtastadar kyrkiu þann Reka sem, sem hún á eptir innsigludu bréfi og liggir nærst Koreksstadasandi ad nordann. Einnig lögfesti eg kyrkiunnar verstödu vid Ósa í Oss Vallaness Stadar kyrkiujardarlandi enn siálfrar Hialtastadar kyrkiu-kyrkisókn med allri þeirri brúkun sem almennilega vidliggur.

Sömuleidis lögfesti eg Hraundalsland fyrir nordan Ána, sem eptir dalnum flóar frá því Vötnum hingat frá Hraundalsvarpi hallar allt úti Tungu Spordinn, þar sem á sú er fellur

<sup>196</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 187-188.

<sup>197</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 163r.

<sup>198</sup> Bps. A.II.20, bls. 143.

<sup>199</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-3, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1782-1804, bls. 135-136.

<sup>200</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 193.

<sup>201</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 35v-36r.

undir Botndalsfiallinu rennr út í Biarglandsana. Lögfesti eg kyrkiunnar land til ummerkia þessara: i Merkiardin er liggur austur frá Stadaránni og í kýrhöfðan á milli Hialtastadar og Jórvíkur og þaðann rétt synis i Midenni fyrir utan Kolluhraun; Úr Midenni í Skollagrenisklettin fyrir utan Töduvallagerdi; ur þeim Skollaklett út og norðr um Merkiuikina ytri, allt i Selfliót, rædr svo Selfliót allt framm i Forvadaklett á milli Vidirness og Alptaness, úr þeim Forvadaklett réttsynis nordan um þvera Ása yfir Raudholtsdalin í Þurshiallan [svo] lánga utan undir stóru vörðunni háu fyrir austan Raudholtsdalin (sem nú er að líkindum fallin) sidan eptir endilaungum þeim hialla allt i ytri Endan á Stórahólmanum framm í breidublánni, úr hennar fremri Enda austur i Geitabiargalækin og svo framm eptir dalnum fyrir austan lækin framm undir Merki þrep þar upp og austr yfir Ásin i Merkikerid, sem stendur hiá Stóra steini i Assendanum; austur frá kerinu rædr Sund það, er liggur alla leid austur og ofaní ána, frá anni rædr gamall gardr uppundir Hraunfell fyrir framan Hrúgustadi. Legg eg vid þessa mína Lögfestu löglega fimtarstefnu, hvörri þeir andsvara hafa, sem greind Hialtastadarkyrkiu Itök og Egindóma (eptir þessa lands ædsta yfirvalds Skikkun) áfrýa vilja edr kyrkiunnar Landi med valdi edr ofriki i óleifi veita.

Fyrirbýd eg hédan af hvörrium manni i að vinna edr hér að nýta edr nokkurt gagn af að hafa utan mitt sé Lof edr Last til að vitni þeirra allra er ord mín méga heyra.<sup>202</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er Hjaltastaður metinn með hjáleigunni Svínafelli. Þar segir að eftir máldögum eigi kirkjan afréttarland fram á Hraundal sem nefnist Kirkjutungur, en það sé til lítilla afnota þar sem snjó tekur seint up og afrétt þarf að kaupa fyrir geldfé á sumrin. Þá segir að land sé aðeins skipt á milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar að túni og engjum.<sup>203</sup>

Landamerkjabréf Hjaltastaðar var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað þann 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki Hjaltastaðar og aðliggjandi jarða. 1, Milli Hjaltastaða og Rauðholts. Frá Selfljóts á ytri Forvaða framan við Víðirnes beint yfir Forvaðaöxl og Stekkhöfða utanverðan á Merkihnjúk. Þaðan beint yfir Rauðholtsdal, Miðþrep, Breiðablá og Litla-Hólma í opið á Geitabjargadal, þar næst upp með læk í dalnum þangað til kemur að svo kölluðu neðra Merkiþrepi. 2, Milli Hjaltastaðar og Ánastaða: Úr Geitabjargadal yfir Merkiþrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðáshæð utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utan vertða. Þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrúgustaðaklett yst, upp utan undir Stóru- Kinn og í Grenisöxl utan verða. Þaðan beint yfir Vallará í Hrísrábug, þar sem Hrísrá kemur af hálsnum ofan. 3, Milli Hjaltastaðar og Kíreksstaða: Mörkum ræður Hrísrá úr Hrísrábug allt í Hrísrós. Þaðan liggja merkin beint yfir klett í Markmó að Staðará í framanverðan hvamm austan við ána, þar sem Grafargerðislækur kemur í ána að vestan. 4, Milli Hjaltastaðar og Jórvíkur. Frá Staðará eptir gömlu garðlagi í Sauðahraunamýri beint utan undir Kýrhöfða, yfir Lækjardal og Miðenni utan undir

<sup>202</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1–1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 148–149.

<sup>203</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 4.

Kolluhrauni, yfir Magnúsarvörðuás beint í Merkivík, yfir Húsaklett og Miðhala beint á gamalt garðlag á austari Selfljótsbakka. 5. Milli Hjaltastaðar og Hrollaugstaða: Merkjum ræður Selfjót. 6. Milli Hjaltastaðar og Bóndastaða: Merkjum ræður Selfjót. Hjaltastaður á ennfremur afrettarlandið Hraundal að framan og Kyrkjutungur. Ræður þar mörkum að utan Bjarglandsá, að ofan efstu fjallaeggjar, að framan bein stefna úr ytri Botndalsfjallsröð yfir Kollu upp að Hölkná, og að neðan Hölkná.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Rauðholts, Ánastaða, Króksstaða, Jórvíkur, Hrollaugstaða, Bóndastaða, Sandbrekku, Hrjóla og Hamragerðis.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hjaltastað að jörðinni fylgi upprekstrarland. Um landamerki segir að þau séu ásamt landamerkjum hjáleigunnar Svínafells innfærð í landamerkjabók og þinglesin 2. júlí 1884.<sup>204</sup>

Við aukarétt 19. mars 1917 voru dómkvaddir menn til þess að lýsa, meta og virða til peningaverðs kirkjujörðina Hjaltastað með hjáleigunni Svínafelli í Hjaltastaðahreppi.<sup>205</sup>

### *iii. Sandbrekka*

Um landamerki millum Dala og Sandbrekku, austur.

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir

So feldan vitnisburð sem hjer fyr ofan skrifaður stendur tók Bjarni Marteinsson af þeim Jndriða Þorvarðssyni 1604, áheyrandi Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Og til merkis hafa þeir þar undir skrifat.<sup>206</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 6. júlí 1756 lýsti Eiríkur Teitsson reka sem kom upp á Sandbrekkusandi, sem áður hét Miðsandur, og var að hálfu leyti Vallaneskirkjueign og að hálfu bóndaeign.<sup>207</sup>

<sup>204</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 108–109.

<sup>205</sup> Sýsl. N-Múl., GA/10-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1911–1917, bls. 341–342.

<sup>206</sup> AM apogr. 4422. Dipl. Isl. V,8. 1604.

<sup>207</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 273.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Sandbrekka metin á 24 hundruð að dýrleika.<sup>208</sup>

Við manntalsþing 2. júní 1841 lagði hreppstjórinn St. Jónsson á Sandbrekku fram klögun yfir Pétri bónda á Ánastöðum fyrir ólöglega aðferð við fjallgöngu. Pétur var ekki mættur en hreppstjórinn kvaðst hafa haustið áður með gönguseðli skikkað hreppsændur til að heimta afrétt af fé og reka það til lögréttar á Sandbrekku. Fram kom að Pétur hafi skilið fé sitt frá öðru afréttarfé við Rauðalæk, út með Bjallandsá, þar sem landsplássið var frekar fyrir afrétt en búfjárhaga. Runólfur Einarsson, vinnupiltur á Svínafelli, bar vitni og lýsti því hvernig hann og fleiri leituðu að fé en þeir hafi síðan mæst við Rauðlækjarós sem sé í Kóreksstaðalandi. Þar hafi Pétur tekið nokkrar kindur úr hópnum. Í fjarveru Péturs var Þorleifur Arnfinnsson bóndi á Hríót útnefndur svaramaður hans en málinu var frestað þar sem vitnið Jón Jónsson var fjarverandi.<sup>209</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1842 var tekið fyrir mál þar sem Pétur Þórláksson bóndi á Ánastöðum í Hjaltastaðarsókn hafði í fjársöfnun haustið 1840 ekki rekið gripi sína til lögréttar að Sandbrekku heldur einhvers staðar í fjallinu fyrir utan og ofan Ánastaðabæ tekið úr geldfé sem hann átti. Pétur kom fyrir réttinn og kvaðst kannast við að hreppstjóri hafi um haustið 1840 skipað með gönguseðli að Pétur legði til menn til fjársöfnunar en hann hafi sjálfur farið að hreinsa fjallið á þeim greindu stöðum, þ.e. á hálsunum fyrir ofan Hríótarbæ og svo úteftir. Pétur sagði að þegar hann var kominn með geldféð sem fannst að svokölluðum Rauðalæk, sem rennur uppi í fjallinu fyrir utan og ofan bæinn Ánastaði, hafi honum komið til hugar að fría fé sitt frá frekari hrakningi og taka það úr heldur en að reka það til lögréttar við Sandbrekku. Pétur minnti að hann hafi tekið úr sex eða sjö kindur. Hann játaði að það hafi staðið í gönguseðlinum að féð skyldi reka til lögréttar og að sú skipun væri á lögum byggð. Að lokum óskaði Pétur þess að hann myndi sleppa við dóm vegna yfirsjónar sinnar, en kvaðst reiðubúinn að greiða hæfilegar fébætur. Ekki er skráð í dóma- og þingbókina hvort Pétur hafi verið dæmdur eða sýknaður.<sup>210</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1845 var þinglýst lögfestu frá Skúla Björnssyni, Árna Bjarnasyni, Birni Ólafssyni og Jóni Jónssyni sem mótmælti lögfestu prófastsins sr. Guttorms á Hofi varðandi Hraundal. Hreppstjórinn Kjartan Jónsson á Sandbrekku

<sup>208</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 22v–23r.

<sup>209</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 108r–108v.

<sup>210</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 13r–13v.

mótmælti þessari lögfestu sem leiguliði jarðarinnar Sandbrekku.<sup>211</sup> Efni hennar er svo:

Vid undirskrifadir gjörum hverium kunnugt, ad vid hermed mótmælum lögfestu prófastsins S<sup>r</sup> Guttorms Þórsteinssonar á Hofi, ad þvíleiti sem áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur, því eptir skikkanlegra og eldstu manna Vintisburdum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulaust brúkadur til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar hreppsmanna sem éginleg Eign edr almenningsgr þángad til Prófastur sál S<sup>r</sup> Arni Thórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku og hafa Leigulidar þar haldid því sídan, þó hreppsmenn hafi verid óánægdir med það. Þar þessi áminsti Hraundalur er svona óréttvislega undann hreppnum geingin sérilagi þeim til Skada sem ei hafa Afrétt fyrir Fé sitt i sínum Leigu londum og verda þessvegna ad kaupa gélldfiargaungu ad ödrum, gjörum vid hermed i dag Tilkall til ádrnefnds Hraundals edr Almennings Lands stykkis nefnilega af Hraundals Varpi allt út í Ytristángará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til hérads.<sup>212</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1852 var þinglýst lögfestu fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði, dags. 9. apríl 1852.<sup>213</sup>

Landamerkjabréf Sandbrekku er dags. 20. júní 1884 og var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm, þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kíreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn, þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan, í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökulsá, er liggur undir Dyrfjalli, þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Sandbrekku:

Dýrleiki eftir jarðamati 1861, 24,7 hndr. [...]

3. Útengjar samfeldar, snögglandar, bæði þurlendi og votlendi; mikill hluti af þeim véltækar; engjavegur, stuttur og góður; heyholt og létt; Meðal heyfengur 400 hestar. [...]

<sup>211</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 60r.

<sup>212</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 187–188.

<sup>213</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 163r.

5. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrararbeit fremur léleg; víðlent þjóþungt. Fjárgeymsla hæg.

B. Önnur jarðargæði: [...]

2. Jörðinni fylgir stórt upprekstrarland, sem gefur af sér 14 kr. í upprekstartoll árlega. [...].<sup>214</sup>

*iv. Hjartarstaðir*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir að jörðinni sé deilt þannig að Hjartarstaðir séu 16 hundruð en Hamragerði sé fjögur hundruð. Skógur sé til eigin nota og þá segir að jörðin hafi afrétt fyrir 120 geldfjár.<sup>215</sup>

Við manntalsþing 2. júlí 1819 var þinglýst landaskiptagjörningi á milli Hamragerðis og Hjartarstaða, dags. 18. maí 1819.<sup>216</sup>

Við manntalsþing 18. júní 1822 var upplesin lögfesta Árna Vilhjálmssonar fyrir jörðinni Hjartarstöðum.<sup>217</sup>

Í landamerkjabréfi Hreimsstaða þinglýstu 2. júlí 1884 segir um landamerki jarðarinnar við Hjartarstaði:

Milli Hreimsstaða og Hjartarstaða: Merkin liggja frá Gilsá upp eptir Núpsá í garð er liggur þvert upp yfir Timburhöfða og Fálkahamar í Merkigarð norðan við Núpsgerðisblá.

Í landamerkjabréfi Brennistaða þinglýstu 2. júlí 1884 segir um landamerki jarðarinnar við Hjartarstaði:

Landamerki nefndrar jarðar eu þessi: að neðan móti Hjartarstöðum í Unalæk á móts við svo kallaðan Oddastein er stendur neðan við tjeðan læk er austur af dæld utanundir háu öxlinni, þaðan rjettlínis, þaðan rjettlínis austur í vörðu sem stendur hjá reiðgötu á beinsás, þar sem fyrst sjest heim að Hjartarst, svo eptir sjónhending upp í vörðu utanundir Breiðáshæð, þaðan upp fyrir utan [.....] beina leið upp á milli [.....], þaðan upp utan í Víðirdalshöfða í Núpsá, er síðan skilur löndin til fjalls það til hún fellur fyrst til Hjartarst. [...]

Við manntalsþing 18. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Hjartarstaða.<sup>218</sup>

<sup>214</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 118–120.

<sup>215</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 95.

<sup>216</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810–1819, bls. 457–458.

<sup>217</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 71–72.

<sup>218</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 177r–177v.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hjartarstaði að fjárgeymsla sé erfið og því sæki fé mjög til fjalls. Upprekstarland sé nægilegt fyrir heimafé.<sup>219</sup>

v. *Hamragerði*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Hamragerði að þar sé skógur til eigin nota.<sup>220</sup> Þá segir að jörðinni sé deilt þannig að Hjartarstaðir séu 16 hundruð en Hamragerði sé fjögur hundruð og að jörðin hafi afrétt fyrir 120 geldfjár.<sup>221</sup>

Við manntalsþing 2. júlí 1819 var þinglýst landaskiptagjörningi á milli Hamragerðis og Hjartarstaða, dags. 18. maí 1819.<sup>222</sup>

Við manntalsþing 9. maí 1842 var þinglýst lögfestu, dags. 17. apríl 1842, frá Arnoddi Jónssyni á Hamragerði fyrir landamerki téðrar jarðar.<sup>223</sup> Í lögfestunni, sem undirrituð er af St. Árnasyni, segir eftirfarandi:

Eg undirskrifadr gjöri hermed vitanlegt ad eg hermed Lögfesti Landeygn Eygnarjardarinnar [svo] Hamragerdis, - liggandi i Eyda Sókn innan Sudur Mula Sysslu, á móts vid Hreimsstada- og Hríjós-Lönd innan þessara Takmarka: nl. ad vestanverdu úr Tjörn þeirri sem er ad nordan undir Nupagerdisás út eptir gardi þeim sem fra Tiörninni liggir í svokolludu Merkisundi út ad Hurdarbaksá þadan frá Anni úti gard þann sem liggir uppá Hríjótavatni framarlega (þann ytri gardin en ei þann fremri sem liggir uppá vatnsfætinum) – þadan austr í svokalladan Merkistein austan til á Sjónarásnum svo Sjónhendíng austr í Merkisund fyrir ofan Hurdarbaksá og beint þadan framanvert vid Geldingshamar í kletta þá sem kallast Húsabær svo retta Stefnu austr yfir Hólkná í Mel þan sem kallast Kollups og sídan Sjónhendíng í rödina utan á Botndalsfiallinu.

Fyrirbíd eg hvörjum manni og serilagi Hríótar Abuendum – undir lagatiltal og Lagasektir ad brúka edr nota í nokkurn handa Máta Hamragérdis land innan þessara Takmarka edr Landamerkia ad utan verdu er eg nú hefi lögfest undir Hamragerdi nema mitt leyfi komi til edr þeir hafi löglegt Skilríki fyrir ad þeir egi land þad er eg lögfest hefi hvört land Hamragérdi fylgt hefir sídan Arid 1819 ad Hamragerdis Landi var skipt úr Hjartarstada; og er Skiptagjörningrin upplesin fyrir Manntalsþíngrettinum á Egilsstöðum þann 2<sup>n</sup> Julii sama Ár, án nokkurra Mótmæla, gyldir þessi mín lögfesta í næstu tólf Mánudi og framvegis alt svo leingi hún ad Lögum er ófríud edr Akiærd<sup>224</sup>

<sup>219</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 49–50.

<sup>220</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 94.

<sup>221</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 95.

<sup>222</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810–1819, bls. 457–458.

<sup>223</sup> S-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1841–1843, bls. 46–47.

<sup>224</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1–1, Afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu 1839–1872, bls. 63–64.

Við manntalsþing 25. júní 1842 var þinglýst mótmælum þar sem administrator S. Guðmundsson fyrirbauð Hamragerðis ábúanda að nota lengra land út til Hnóturlands en í fremri merki garðsins.<sup>225</sup>

Í landamerkjabréfi Hreimsstaða er þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884, segir um merki við Hamragerði:

2, Milli Hreimsstaða og Hamragerðis: Merkjum ræður Merkigarður beina stefnu eptir Merkisundi í Huraðarbaksá og spölkorn þaðan eptir ánni.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hamragerði að upprekstrarland sé nægilegt fyrir heimafénað og að landamerkjum sé þinglýst 6. júlí 1885.<sup>226</sup>

*vi. Gilsárteigur*

Við manntalsþingsrétt 24. júní 1800 voru upplesnar tvær lögfestur frá Árna Jónssyni fyrir jörðunum Gilsárteig og Brennustöðum.<sup>227</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Gilsárteig að jörðin sé með skóg til eigin nota og geti selt öðrum.<sup>228</sup>

Við manntalsþing 20. júlí 1810 þinglýsti Árne Jónsson jörðinni Gilsárteig. Einnig þinglýsti Árne lögfestu fyrir Gilsárteig og Brennustöðum.<sup>229</sup>

Við manntalsþing 23. ágúst 1820 var þinglýst lögfestu fyrir Gilsárteig, dags. 22. ágúst 1820.<sup>230</sup>

Við manntalsþing 4. júní 1883 var þinglýst landamerkjum Gilsárteigs.<sup>231</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Gilsárteig að fjallendi jarðarinnar séu miking engjalönd og vel grasgefin. Þá sé beutiland víðlent, kjarngott og nærtækt, bæði heima og í fjalli. Fjárgeymsla sé erfið og að fé sæki mjög til fjalla. Enn fremur segir að upprekstrarland sé nægilegt en gefi ekki aðrar tekjur en

---

<sup>225</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 6v.

<sup>226</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 48–49.

<sup>227</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1796–1800, bls. 50.

<sup>228</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 98.

<sup>229</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810–1819, bls. 4–5.

<sup>230</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 3–4.

<sup>231</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 103v.



sumarhaga fyrir fé jarðarinnar. Loks segir að landamerkjum sé þinglýst 4. júní 1883.<sup>232</sup>

*vii. Hrjótur*

Í landamerkjabréfi Hrjóta dags. 29. apríl 1890, er þinglýst var á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 14. júní 1890, segir:

Landamerki Hrjótar. Milli Hrjótar og Ánastaða. Skurður er nýlega er grafinn úr Ánastaðavatni norðanverðu, þar sem skurðurinn byrjar við vatnið eru landamerki milli Ánastaða og Hrjótar, þaðan austur yfir vatnið yfir Rjéttarás og á Mekihöfða fyrir ofan Hrjótará, þaðan beina stefnu í svo nefndan Goðrúnarstein upp á hálsabrun, þaðan eptir sömu stefnu sjónhending austur á Hölnaá. Milli Hrjótar og Hamargerðis: Úr Hurðarbaksá í fremri Merkigarð neðan við Hrjótarvatn, úr þessum Merkigarði beina stefnu í vörðu sem hlaðin er á eystri Sjónarásbrún, úr þessari vörðu beina stefnu í Hrjótarárbug út undir svo kölluðum Gröndalshæðum, þaðan eptir sömu stefnu austur á Hölna. Milli Hrjótar og Hreimstaða: Úr Geitibjargadal miðjum beina stefnu í Herkikeldu neðan við Sandvaðskletta. Ítök á enginn í landi harðarinnar nje hún í annara landi.

*viii. Kóreksstaðir*

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 segir um Kóreksstaði að skógur sé til eigin nota og að jörðin eigi rekaítak hjá Gagnstöð.<sup>233</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er jörðin Kóreksstaðir metin með hjáleigunum Kóreksstaðagerði og Hjalla. Málnytta sé lítil á sumrin en væri þó meiri ef selför væri höfð í fjallendinu. Kolskógur sé nær gjörfallinn en eldiviðarskógur sé nægur. Þá segir að afrétt fyrir geldfé á sumrin sé aðkeypt.<sup>234</sup>

Í landamerkjabréfi Kóreksstaða, er þinglýst var á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884, segir:

Landamerki Kóreksstaða og aðliggjandi jarða: 1, Milli Kóreksstaða og Ánastaða: Bein stefna úr Hölnárós, þar sem hún rennur í Bjarglandsá yfir Hvannafell og í Hrisárfoss, eptir það ræður Hrisá í Hrisárbug. 2, Milli Kóreksstaða og Hjaltastaðar: Merkjum ræður Hrisá úr Hrisárbug allt í Húsárás. Þaðan liggja merkin beint yfir klett í Markmó að Staðará í framanverðan hvamm austan við ána, þar sem Grafargerðislækur kemur í ána að vestan. 3, Milli Kóreksstaða og Jórvíkur: Merkjum ræður Staðará alla leið í Selfljót. 4, Milli Kóreksstaða og Klúku: Merkjum ræður Selfljót úr Staðarárás allt í Sandbrekkukílsás. 5, Milli Kóreksstaða og sandbrekku: Merkin liggja úr Sandbrekkuás, eptir Kílnum allt að vörðu við Kóreksstaðakíl, þaðan beint í vörðu í Krossblá og beina stefnu í vörðu á

<sup>232</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 51.

<sup>233</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, nr. 62.

<sup>234</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 5.

Vörðuhrauni. 6, Milli Kóreksstaða og Dala: Merkjum ræður bein stefna úr vörðu á Vörðuhrauni á neðri Mannsás, þaðan beinlínis í Söðulklett við Bjarglandsá. 7, Milli Kóreksstaða og Sandbrekkuafréttar: Merkjum ræður Bjarglandsá.

Landamerkjabréfið var samþykkt af eigendum Ánastaða, Hjaltastaðar, Jórvíkur, Klúku, Sandbrekku og Dala.

Dagana 15. október 1902, 12. mars, 20. maí og 20. ágúst 1903 var tekið fyrir mál hreppsnefndar Eiða- og Vallahreppa gegn hreppsnefnd Hjaltastaðahrepps um ágreining um eignarrétt á kristfjárvörðinni Kóreksstöðum og Kóreksstaðagerði.<sup>235</sup> Dæmt var í málinu 3. október 1903. Hjaltastaðahreppur var sýknaður af kröfum Eiða- og Vallahreppa þar sem ljóst var að hreppurinn var eigandi Kóreksstaða og Kóreksstaðagerðis með skiptagjörningi 4. júní 1782.<sup>236</sup>

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Kóreksstaði að upprekstrarland sem fylgi jörðinni sé ekki nægilegt.<sup>237</sup>

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Kóreksstaði:

[...] 3. Útengjar eru fremur grasgefnar, þó snögglent harðvelli innanum; mest sléttar, mest votlendar; samfeldar, og vatni veitt á þær allar. Engjavegur stuttur en fremur ógreiðfær. Flijóðhætt [svo] í rigningartíð á sumrin, og heyjum þ'ahætt við skemdum af leirvatni. Hey gott og holt til fóðurs ef vel verkast. Meðal heyfengur 600 hestar.

4. Beitiland lítið og lélegt fyrir allar skepnur bæði til sumar og vetrararbeitar, skjóllaust og snjóþungt.

Fjárgeymsla erfið.

B. Önnur jarðargæði:

1. Reka fjara við Héraðsflóa 400 faðm. löng, gefur af sér kr. 15,00-20,00 árl.

2. Upprekstrarland fylgir jörðinni, en ekki nægilegt.

C. Sérstakir ókostir:

1. Mótak uppunnið og torfrista sömuleiðis.

2. Vatnsból vont og erfitt sökum aðfennis.

<sup>235</sup> Sýsl. N-Múl., GA/9-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1902-1904, bls. 62v-63v; Sýsl. N-Múl., GA/9-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1902-1904, bls. 69v-70r; Sýsl. N-Múl., GA/9-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1902-1904, bls. 91r-91v; Sýsl. N-Múl., GA/9-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1902-1904, bls. 102v-104v.

<sup>236</sup> Sýsl. N-Múl., GA/9-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1902-1904, bls. 117r-123r.

<sup>237</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916-1918, Undirmat I, bls. 114-115.

3. Hættur fyrir fé í 2 ám, og jafnvel flóðhætta fyrir það. [...] <sup>238</sup>

*ix. Stakkahlíð*

Í landamerkjabréfi Sævarenda dags. 4. mars 1890, er þinglýst var 11. apríl 1890, segir um merki við Stakkahlíð:

Að norðanverðu frá ósi Hofrár ræður Fjarðará merkjum allt þar til er kemur að þeirri línu, er dregin verður úr flæðarmáli beint yfir Melrakkapúfu (hún er neðan við varptjarnir) í Álfastein þann, sem yztur stendur á brekkunni framan við Norðdalsá. Síðan ræður þessi lína merkjum í sjó út milli Sævarenda og Stakkahlíðar.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir meðal annars um Stakkahlíð:

[...] 3. Útengjar: Hallandi mýrarenni og sléttlend „blá“. Sæmilega grasgefnar og sléttendar. Véltækar með köflum. Deiglandar en þó má þurka á þeim. Ekki veitt veitt [svo] vatni á þær. Skamt á þær, áfastar við túnið. Samfeldar. Engjavegur sæmilegur þó heldur votlendur. Meðal heyfengur síðustu ára 260 hestar, en engjar ekki slegnar upp. Hey holt og gott.

4. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrarheit víðlend, í meðallagi kjarngóð. Landið skjólgott. Beitin yfirleitt nærtæk. Fjárgeimsla fremur erfið. Fjörubeit nokkur þegar þara rekur á land.

B. Önnur jarðargæði:

1. Byggingarefni þ.e. grjót, sandur og möl, nægilegt og nærtækt.

2. Nokkrir fossar í landinu, en langt frá bænum.

3. Jörðin hefir reka, eggver, dúntekju (c. 16 pund hreins. dúnn, meðaltal) og silungsveiði, en alt í fremur smáum stíl. Ársarður um 150 kr.

4. Jörðin er í miðri sveit og liggur vel við samgöngur, eftir því sem gjörist í sveitinni. Enginn akfær vegur, en þó hægt að aka alla leið frá sjó heim að bænum eftir vegleysu.

5. Jörðin hefir upprekstrarland nægilega stórt fyrir afréttarfé ábúanda.

C. Sérstakir ókostir

1. Fremur snjóþungt og harðindasamt á vetrum.

2. Hættusamt fyrir fénað í dyjum, graflækjum og tjörnum. Hætt við að fé flæði út við sjóinn. Nokkuð fannhætt í fyrstu snjóum.

3. Slæm lending og afli oftast reitingssamur.

4. Illa lagað til útgræðslu túns. 5. Mótekja léleg og torfrista sömul. [...] <sup>239</sup>

<sup>238</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 114–115.

<sup>239</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 346–347.

#### 4.1.5. Gilsárdalsafrétt

*i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Gilsárdalsafrétt:

Hallormsstaðasókn heyrar engar afréttar til nema Hallormsstaðarafrétt. Hún er einasta Gilsárdalur innan til, austan við Gilsá inn að Hornbrynju og upp á Hraungarð inn af Hallormsstaðahálsi. Þar er mjög blásið, urðótt og grófótt og lítill grasvegur. Gagnar þessi afrétt aðeins sumu af fénu frá Hallormsstað og hjáleigunum. Frá öðrum bæjum í sókninni verður að kaupa afrétt á Fljótsdalsheiðum, Skriðdals- og víðar. Rétt er á Hallormsstað.<sup>240</sup>

*ii. Hallormsstaður*

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá 1570 og síðar segir eftirfarandi um Hallormsstað:

Kirkian að Hallormsstöðum. ä heimaland allt.

hún ä Mijraland og Geirölfstadal. Ärej[iar] fiordung i Kielludal. Diupadal hälfann er [ligg]ur hia Stafsheide. Jtem hälfpa Hrollaugstad[e].

x. nauta höffn i Nedradal. og x. i Eijvindarda[l].

mannsfar J Thöriseijiar j gäsveide.

Skogarteig vnder Grænafele. ij Skögarteigar i Sandfell enu effsta. liggur annar. til Mijra. enn annar til Geirölfstada.

xij letorffna skurd i Strandarland huertt är.

Stadnum fylger hälfpur thridie tugur hundrada fadma ä Söndum. vt vestur frá Grijsmel. og alltt vmm ärös vestra hinn sextandi hlutur i hälfpum hual. i hälfpum Ösrekum. ättungur i øllum matreka. mille Gerpis og Krossavijkur är. siettungur vr fiordunge i hualreka. mille Spakardalz og Helgu är. Hölmie i Skriduvatne. hundrad alna affgreidsla i Mioffanese.<sup>241</sup>

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. september 1825 var upplesin lögfesta frá sr. Gunnlaugi Þórðarsyni á Hallormsstað, dagsett 4. september sama ár.<sup>242</sup>

---

<sup>240</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 342-3.

<sup>241</sup> *DI* XV, bls. 682-683.

<sup>242</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820-1827, bls. 212-213.

Við manntalsþing að Valþjófsstað 18. maí 1849 var þinglesið bréf frá sr. Hjálmari Guðmundssyni á Hallormsstað þar sem hann ávísaði Fljótsdælingum svæði í Hallormsstaðarlandi til áfanga og beitarstaðar.<sup>243</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir meðal annars um Hallormsstað:

28. Hallormsstaður með hjáleigunni Ormsstöðum. Landamerkjum þinglýst 6. júlí 1885.

1. Eigandi landssjóður. Ábúandi skógarvörður Guttormur Pálsson.

[...]

b. Engjarnar eru grasgefnar, greiðfærar og þurrar. Á þær er veitt vatni. Þær eru nærtækar og nokkurnveginn samfeldar. Af þeim fást 600 hestar af góðu heyi, síðan engjarnar og skógurinn voru girtar.

c. Beitolandið er kjarngott, víðlent og snjólétt. Stórgripahagar nærtækir skjólgóðir og kjarngóðir. Sauðfjárgeymsla er erfið, sækir mjög til fjalla.

d. Upprekstrarland á Gilsárdalsafreitt sem fylgir jörðinni. Tekjur af henni hafa numið árl. 45 kr. auk afnota fyrir heimafénað.

4.a. Eldsneyti: Mótak er mikið og gott. Skógviður nægur.

[...]

d. Samkvæmt landamerkjaskrá jarðarinnar fylgdu henni ítök – slægju og beitar – í 4 aðrar jarðir, en 5 jarðir áttu aftur skógar-ítak í henni. Ekkert af ítökum þessum er nú notað, svo óþarft er að telja þau upp, nema frá Skeggjastöðum í Fellum, liggur á Hallormsstað enn sú kvöð að láta þangað hrís á 14 hesta. [...] <sup>244</sup>

### *iii. Ytri-Víðivellir 1*

Við manntalsþing að Valþjófsstað var lesin lögfesta, dagsett 30. maí 1794, fyrir jörðum Skriðuklausturs, þar á meðal Hrafnkelsstöðum.<sup>245</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 23. maí 1856 var þinglesin lögfesta Ytri-Víðivalla, dags. 22. maí sama ár. Henni var mótmælt af umboðsmanninum B. Skúlasyni vegna landamerkja að utan við Jökulsá og vegna skógarítaks í Hrafnkelsstaðalandi í Rana.<sup>246</sup>

<sup>243</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 123v.

<sup>244</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 44–45.

<sup>245</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-3, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1782–1804, bls. 261–262.

<sup>246</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854–1857, bls. 82v.

Við politírætt að Vallanesi 25. maí 1857 voru tekin vitni vegna tilkalls Víðivalla til skógarítaks í Hrafnkelsstaðalandi.<sup>247</sup> Málinu var framhaldið við aukarétt að Valþjófsstað 4. júní 1857<sup>248</sup> og aftur við aukarétt 1. ágúst sama ár.<sup>249</sup> Loks var dæmt í málinu 20. október 1857. Í dómnum kemur fram Jón Einarsson á Ytri-Víðivöllum hafði gert tilkall í skógarítak í Hrafnkelsstaðalandi, svonefndan Ranaskóg út við Gilsá. Í dóma- og þingbók sýslumanns segir um svæðið:

Skógur þessi er innan takmarka Hrafnkelsstada lands á hinum svonefnda „Rana“. Er þetta landspláts, eptir því sem afstöðu kort þad sýnir er tekið var 1 August þ.á., þríhyrningur sé er Lagarfljót myndar að nordvestanverðu og vestur avid með leirum þeim, sem liggja inn af Fljtsbotni allt í Kirkjuhamar, þadan á bein stefna að ráða austur í svonefnda Fíðlukletta og í Gilsa, sem þá rædur þangad til hún rennur í Lagarfljót.<sup>250</sup>

Sækjandi hafði farið fram á að jörðinni Víðivöllum yrði dæmd frjáls brúkun í skóginn á Rana fyrir utan Fíðlukletta og Kirkjuhamar, sem fullkomin eign nefndrar jarðar. Stefndi, Björn Skúlason, umboðsmaður Skriðuklaustursjarða, krafðist þess að vera sýknaður.

Sækjandi byggði kröfu sína meðal annars á 1) máldaga Ytri-Víðivalla frá 26. maí 1674, 2) þingvitni um niðursetningu jarðarinnar 28. júlí 1785, 3) þingvitni sem var tekið 25. maí 1857, 4) lögfestu fyrir Víðivöllum frá 30. apríl 1702, 5) kaupbréfi frá 26. mars 1595 og 6) vitnisburðarskjali frá 1582 (1467), þar sem öll skjölin eignuðu Ytri-Víðivöllum skóg út við Gilsá í Rana. Um gögnin segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

Hvad hid fyrstnefnda skjalid snertir, sem sýnist vera samsafn af kaupbréfum og vitnisburdum, þá fær rétturinn ekki séd að á því verði byggdur eignarréttur til skógar á Rana; því bæði er það, að skinn bladid, sem skjölin eru rituð eptir, ber það með sér, að það hefir ekki verid frumrit, og getur því, að réttarins álit, ekki álitist sem máldagi eða sönnun fyrir eignarrétti Víðivalla til skogar á Rana, og svo sýnist það nokkud tortryggilegt að safn þetta ber með sér að það á að hafa verid lesid á alþingi laungu áður enn sumt það, sem þar stendur hefir verid skrád og hlytur þetta mjög að veikja sönnunar krapt þann er það annars kynni að hafa. Svo eru og vitnisburdir þeir sem þar finnast allir óeiffestir og einginn veit nú hvort menn þeir, er skrádu, nokkru sinni hafa verid til. Þess má hérvid geta að vitnisburðarskjalid Litr. K (N<sup>r</sup> 6 her að framan) er hid sama og á honum áður umgetna safni stendur (bls. 2 nedst) og er því um það hid sama að sega sem afskriptina í safninu. Með tilliti til niðursetningarskjalsins frá 1785 ber þess að geta að það er sjálfur eigandi Víðivalla, Sýslumadur P. Þorsteinsson,

<sup>247</sup> Sýsl. S-Múl., GA/5-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1855-1858, bls. 106-107.

<sup>248</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 127r-128r.

<sup>249</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 143v-145r.

<sup>250</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 171r-171v.

sem segir að jörðinni „eignist skógur útvid Gilsá í Rana“ og fær Rétturinn þó ekki séd að með þessu sé neitt sannad vidvíkjandi eignarrétti jardarinnar til skógarítaksins.

Hvad snertir eidfestan vitnisburd Guttorms prófasts Pálssonar, þá getur hann ekki komid sækjanda í hag vegna þess að hann bædi er einstakur og svo verður heldur ekki á honum séd með hvada heimild þeir Glúmsstadamenn hjuggu skóg í Rana, hvort heldur eptir leyfi eiganda (P. Þorsteinssonar) eða ábúanda Vídivalla, eða loksins þáverandi ábúanda Hrafnkelsstada.

Þarnaest er að líta á sönnunarkrapt lögfestunnar, og verður þá ekki séd að henni sé gaum að gefa þæred henni hefir alldrei verid framfylgt á löglegan hátt; getur hún því ekki hafa neitt sönnunarafl en lýsir einungis vilja eiganda og ábúanda, sem hana hefir samid, að halda því og því undir jörðina, og er þá að réttarins álitu abli þessa <sup>hennar</sup> lokid.

Loksins verður að skoda sönnunarkrapt þann sem sækjandi hefir viljad leida útaf kaupbréfinu frá 1595 og verður ekki annat um það sagt en það sem þegar hefir verid tilfært um hid áður áminnsta bréfasafn frá 1674, þó hitt sé eldra enn þetta, og það því mjög rædur að líkindum að flest hin seinni skjöl Vídivalla sem á hefir verid minnst að framan, hafi tekid það inná hin yngri skjölin sem bréfid frá 1595 og vitnisburdurinn af 1582 (1467), hvers áður er getid, herna um ítök jardarinnar, og sé þessi skjöl því eins og hyrningarsteinn undir retti Vídivalla til þeirra; en af því skjalid frá 1595 virdist einnig að vera óeidfestur vitnisburdur um tilveru sjálfs kaupbréfsins, getur það ekki heldur álitist sönnun fyrir rétti Vídivalla til skógar í Rana. Þar sem sækjandi vill stydjast við Jónsbókar Llb. 52 Cap. í tilliti til hinna fyrrnefndu vitnisburda, þá getur rétturinn ekki séd að honum geti komið það að haldi, því þar rædur einungis með vitnisburdi eidfesta vitna með hvad þeir hafa heyrnt af sér eldri mönnum, en þetta á sér hér ekki stad.

Hinsvegar hefir hinn stefndi tilfært að Vídivallamenn hafi ekki í manna minnum notad skóg út vid Gilsá í Rana, heldur þvertamóti átölulaust lofad Hrafnkelsstada ábúanda og prestinum að Valþjófsstad að yrkja þar skóg; og er þessu ómótmælt að hálfu sækjanda að undanteknu því, að Glúmsstada menn eins og áður er ádrepid, og eitt vitni hefir borid, í eitt skipti hafi tekid uppá lest í Ranaskógi, án þess þó að það hafi ordid upp lýst, með hvada heimild; en að öðru leyti hefir sækjandi ekki getad sannad að skógur þessi hafi í manna minnum verid yrktur frá Vídivöllum. Að vísu stendur í nidursetningu skjalinu frá 1785 að þau (ítökin) sé „enn í brúkun“; en af því það er eigandi sjálfur sem þannig kemst að ordi verður ekkert byggt á þessu.

Þar sem sækjandi í sóknarskjali 15. Aug. þ.á. fer því fram að Vídivellir egi fullt tilkall til alls Ranaskógar nema hinn stefndi sanni að hann tilheyri Hrafnkelsstöðum, þá fær rétturinn ekki adhyllst þessa skodun, þar sem sækjandi, eptir því sem áður hefir verid sagt, ekki virdist að hafa framkomid með gild eignarskjöl fyrir ítakinu, né heldur haft neina brúkun frá hálfu Vídivallamanna fyrir sig að bera upp í 100 ára tíma eða meira.

Þar sem sækjandi enn fremur vill byggja rétt Vídivalla til skogar á Rana á því að eigandi jardarinnar hafi 1785 við nidursetninguna, lýst yfir eignarrétti sínum mótmælaust og að skógur þessu ennþá sé í brúkun þá fær rétturinn eigi séd að þetta sé bót í máli fyrir sækjanda, því nidursetningarskjalid ber það ekki með sér að hlutadeiganda umbodsmanninum eða ábúanda Hrafnkelsstada hafi verið stefnt til að vera nálægur við réttarhaldið útaf nidursetningunni, eins og það er heldur ekki upplýst að þeir hafi verið við það staddir.

Þar er nú öll hin ummæddu skjöl, að undanskildri Lögfestunni af 1702, sem lögfestir „Ranaskóg“ og hver lögfesta ekki heldur getur haft sönnunarafl fyrir Vídivalla eigendur, telja Vídivelli ega „skóg út við Gilsá á Rana“ og það verður hvergi séd hvað með því ordatiltæki kann að vera meint hvort heldur skógarítak eða skógarhögg, eða þá allur skógur á Rana, en brúkun skogarins frá Vídivöllum hefir ekki orðid sönnud í ómunatíð, fær rétturinn eigi betur séd, samkvæmt því sem áður hefir verið útlitad, enn að verjandi beri að öllu leyti að dæma sýknan af ákærum sækjanda í þessari sök.<sup>251</sup>

Við sáttafund hjá sáttanefnd Fljótsdalsumdæmis 6. október 1897 var tekinn fyrir ágreiningur um landamerki milli klausturjarðarinnar Hrafnkelsstaða annars vegar og Ytri-Víðivalla með Klúku hins vegar. Sátt náðist um landamerkin og eru þau bókun þannig í sáttabók:

Landamerki milli Víðivalla ytri og Hrafnkelsstaða í Fljótsdal skulu vera framvegis:

Úr svo nefndum Ál við Jökulsá þaðan upp í Krosshamarssnið, síðan í dæld fyrir framan yzta hnjúkinn á fjallinu, þar sem Brandsöxl kallast frá bygð og þaðan þvert austur í Gilsá í Gilsárdal.<sup>252</sup>

*iv. Hrafnkelsstaðir*

Við manntalsþing að Valþjófsstað var lesin lögfesta, dagsett 30. maí 1794, fyrir jörðum Skriðuklausturs, þar á meðal Hrafnkelsstöðum.<sup>253</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 23. maí 1856 var þinglesin lögfesta Ytri-Víðivalla, dags. 22. maí sama ár. Henni var mótmælt af umboðsmanninum B. Skúlasyni vegna landamerkja að utan við Jökulsá og vegna skógarítaks í Hrafnkelsstaðalandi í Rana.<sup>254</sup>

Við politíréttt að Vallanesi 25. maí 1857 voru tekin vitni vegna tilkalls Víðivalla til skógarítaks í Hrafnkelsstaðalandi.<sup>255</sup> Málinu var framhaldið við aukarétt að

<sup>251</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 170v-175r.

<sup>252</sup> Sáttafund Fljótsdalsumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1801-1903, bls. 120-122

<sup>253</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-3, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1782-1804, bls. 261-262.

<sup>254</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 82v.

<sup>255</sup> Sýsl. S-Múl., GA/5-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1855-1858, bls. 106-107.



Valþjófsstað 4. júní 1857<sup>256</sup> og aftur við aukarétt 1. ágúst sama ár.<sup>257</sup> Loks var dæmt í málinu 20. október 1857. Í dómnum kemur fram Jón Einarsson á Ytri-Víðivöllum hafði gert tilkall í skógarítak í Hrafnkelsstaðalandi, svonefndan Ranaskóg út við Gilsá. Í dóma- og þingbók sýslumanns segir um svæðið:

Skógur þessi er innan takmarka Hrafnkelsstada lands á hinum svonefnda „Rana“. Er þetta landspláts, eptir því sem afstöðu kort þad sýnir er tekid var 1 August þ.á., þríhyrningur sé er Lagarfljót myndar ad nordvestanverdu og vestur avid med leirum þeim, sem liggja inn af Fljitsbotni allt i Kirkjuhamar, þadan á bein stefna ad ráda austur í svonefnda Fíðlukletta og í Gilsa, sem þá rædur þangad til hún rennur í Lagarfljót.<sup>258</sup>

Sækjandi hafði farið fram á að jörðinni Víðivöllum yrði dæmd frjáls brúkun í skóginn á Rana fyrir utan Fíðlukletta og Kirkjuhamar, sem fullkomin eign nefndrar jarðar. Stefndi, Björn Skúlason, umboðsmaður Skriðuklaustursjarða, krafðist þess að vera sýknaður.

Sækjandi byggði kröfu sína meðal annars á 1) máldaga Ytri-Víðivalla frá 26. maí 1674, 2) þingvitni um niðursetningu jarðarinnar 28. júlí 1785, 3) þingvitni sem var tekið 25. maí 1857, 4) lögfestu fyrir Víðivöllum frá 30. apríl 1702, 5) kaupbréfi frá 26. mars 1595 og 6) vitnisburðarskjali frá 1582 (1467), þar sem öll skjölin eignuðu Ytri-Víðivöllum skóg út við Gilsá í Rana. Um gögnin segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

Hvad hid fyrstnefnda skjalid snertir, sem sýnist vera samsafn af kaupbréfum og vitnisburdum, þá fær rétturinn ekki séd ad á því verdi byggdur eignarréttur til skógar á Rana; því bædi er þad, ad skinn bladid, sem skjölin eru ritud eptir, ber þad med sier, ad þad hefir ekki verid frumrit, og getur því, ad réttarins álitu, ekki álitist sem máldagi eda sönnun fyrir eignarrétti Víðivalla til skogar á Rana, og svo sýnist þad nokkud tortryggilegt ad safn þetta ber med sér ad þad á ad hafa verid lesid á alþingi laungu ádur enn sumt þad, sem þar stendur hefir verid skrád og hlytur þetta mjög ad veikja sönnunar krapt þann er þad annars kynni ad hafa. Svo eru og vitnisburdir þeir sem þar finnast allir óeidfestir og einginn veit nú hvort menn þeir, er skrádu, nokkru sinni hafa verid til. Þess má hérvid geta ad vitnisburarskjalid Litr. K (N<sup>o</sup> 6 her ad framan) er hid sama og á honum ádur umgetna safni stendur (bls. 2 nedst) og er því um þad hid sama ad sega sem afskriptina í safninu. Med tilliti til nidursetningarskjalsins fra 1785 ber þess ad geta ad þad er sjálfur eigandi Víðivalla, Sýslumadur P. Þorsteinsson, sem segir ad jörðinni „eignist skógur útvid Gilsá í Rana“ og fær Retturinn þó ekki séd ad med þessu sé neitt sannad vidvíkjandi eignarrétti jarðarinnar til skógarítaksins.

<sup>256</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 127r-128r.

<sup>257</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 143v-145r.

<sup>258</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 171r-171v.

Hvad snertir eidfestan vitnisburd Guttorms prófasts Pálssonar, þá getur hann ekki komid sækjanda í hag vegna þess að hann bædi er einstakur og svo verður heldur ekki á honum séd með hvada heimild þeir Glúmsstadamenn hjuggu skóg í Rana, hvort heldur eptir leyfi eiganda (P. Þorsteinssonar) eða ábúanda Vídivalla, eða loksins þáverandi ábúanda Hrafnkelsstada.

Þarnaest er að líta á sönnunarkrapt lögfestunnar, og verður þá ekki séd að henni sé gaum að gefa þar henni hefir alldreid verid framfylgt á löglegan hátt; getur hún því ekki hafa neitt sönnunarafl en lýsir einungis vilja eiganda og ábúanda, sem hana hefir samid, að halda því og því undir jördina, og er þá að réttarins álitu abli þessa <sup>hennar</sup> lokid.

Loksins verður að skoda sönnunarkrapt þann sem sækjandi hefir viljad leida útaf kaupbréfinu frá 1595 og verður ekki annað um það sagt en það sem þegar hefir verid tilfært um hid áður áminnsta bréfasafn frá 1674, þó hitt sé eldra enn þetta, og það því mjög rædur að líkindum að flest hin seinni skjöl Vídivalla sem á hefir verid minnst að framan, hafi tekid það inná hin yngri skjölin sem bréfid frá 1595 og vitnisburdurinn af 1582 (1467), hvers áður er getid, herna um ítök jardarinnar, og sé þessi skjöl því eins og hyrníngarsteinn undir retti Vídivalla til þeirra; en af því skjalid frá 1595 virdist einnig að vera óeidfestur vitnisburdur um tilveru sjálfs kaupbréfsins, getur það ekki heldur álitist sönnun fyrir retti Vídivalla til skógar í Rana. Þar sem sækjandi vill stýdjast við Jónsbókar Llb. 52 Cap. í tilliti til hinna fyrrnefndu vitnisburda, þá getur rétturinn ekki séd að honum geti komið það að haldi, því þar rædur einungis með vitnisburdi eidfesta vitna með hvad þeir hafa heyrt af sér eldri mönnum, en þetta á sér hér ekki stad.

Hinsvegar hefir hinn stefndi tilfært að Vídivallamenn hafi ekki í manna minnum notad skóg út við Gilsá í Rana, heldur þvertamóti átölulaust lofad Hrafnkelsstada ábúanda og prestinum að Valþjófsstad að yrkja þar skóg; og er þessu ómótmælt að hálfu sækjanda að undanteknu því, að Glúmsstada menn eins og áður er ádrepid, og eitt vitni hefir borid, í eitt skipti hafi tekid uppá lest í Ranaskógi, án þess þó að það hafi ordid upp lýst, með hvada heimild; en að öðru leyti hefir sækjandi ekki getad sannad að skógur þessi hafi í manna minnum verid yrktur frá Vídivöllum. Að vísu stendur í nidursetningar skjalinu frá 1785 að þau (ítökin) sé „enn í brúkun“; en af því það er eigandi sjálfur sem þannig kemst að ordi verður ekkert byggt á þessu.

Þar sem sækjandi í sóknarskjali 15. Aug. þ.á. fer því fram að Vídivellir egi fullt tilkall til alls Ranaskógar nema hinn stefndi sanni að hann tilheyri Hrafnkelsstöðum, þá fær rétturinn ekki adhyllst þessa skodun, þar sem sækjandi, eptir því sem áður hefir verid sagt, ekki virdist að hafa framkomid með gild eignarskjöl fyrir ítakinu, né heldur haft neina brúkun frá hálfu Vídivallamanna fyrir sig að bera upp í 100 ára tíma eða meira.

Þar sem sækjandi enn fremur vill byggja rétt Vídivalla til skogar á Rana á því að eigandi jardarinnar hafi 1785 við nidursetninguna, lýst yfir eignarrétti sinum mótmælalaust og að skógur þessu ennþá sé í brúkun þá fær rétturinn egi séd að þetta sé bót í máli fyrir sækjanda, því nidursetningarskjalid ber það ekki með sér að

hlutadeiganda umbodsmæður<sup>259</sup> eda ábúanda Hrafnkelsstada hafi verið stefnt til að vera nálægur við réttarhaldið útaf nidursetningunni, eins og það er heldur ekki upplýst að þeir hafi verið við það staddir.

Þar með nú öll hin ummæddu skjöl, að undanskildri Lögfestunni af 1702, sem lögfestir „Ranaskóg“ og hver lögfesta ekki heldur<sup>260</sup> getur haft sönnunarafl fyrir Víðivalla eigendur, telja Víðivelli ega „skóg út við Gilsá á Rana“ og það verður hvergi séð hvað með því ordatiltæki kann að vera meint hvort heldur skógarítak eda skógarhögg, eda þá allur skógur á Rana, en brúkun skogarins frá Víðivöllum hefir ekki orðið sönnud í ómunatíð, fær rétturinn eigi betur séð, samkvæmt því sem áður hefir verið útlistad, enn að verjandi beri að öllu leyti að dæma sýknan af ákærum sækjanda í þessari sök.<sup>259</sup>

Við sáttafund hjá sáttanefnd Fljótsdalsumdæmis 6. október 1897 var tekinn fyrir ágreiningur um landamerki milli klausturjarðarinnar Hrafnkelsstaða annars vegar og Ytri-Víðivalla með Klúku hins vegar. Sátt náðist um landamerkin og eru þau bókun þannig í sáttabók:

Landamerki milli Víðivalla ytri og Hrafnkelsstaða í Fljótsdal skulu vera framvegis:

Úr svo nefndum Ál við Jökulsá þaðan upp í Krosshamarssnið, síðan í dæld fyrir framan yzta hnjúkinn á fjallinu, þar sem Brandsöxl kallast frá bygð og þaðan þvert austur í Gilsá í Gilsárdal.<sup>260</sup>

v. *Vallholt*

Engar heimildir liggja fyrir um jörðina Vallholt en samkvæmt korti liggur hún að kröfusvæðinu.

vi. *Þingmúli*

Hinn 4. júní 1703 lögfesti sr. Eiríkur Sölvason eign Ólafskirkju að Þingmúla í Skriðdal. Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Erikur Saulvason lögfeste hier J dag Eign Olafs Kyrkiu, að Þingmúla J Skriðdal lögfeste eg Heimaland allt, Greindrar Kyrkiu: Hálfann Jorunar dal allann framm ä Stafsheide til þess Vótnum Hallar: Eirnenn allann Oxarárdal framm ä Óxj til þess Vótnum hallar, að frateknu Haugalande allann Halfann Geitdal og büdartungur Efre og ytre: Reka ä Olafs Sande þriu hundrud tÿræd, Skögarteig i Merke är kuÿslum: lx timburs i Hallorms Stada Skoogum hvort är: Skoog J Sandfells Land: Logfeste eg tódur og Eingiar hüs og haga, Reka og Skooga Vótn og Veide Stade og allt það Sem til gagn[s] ma hafa Jnnann greindra

<sup>259</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 170v-175r.

<sup>260</sup> Sáttanefnd Fljótsdalsumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1801-1903, bls. 120-122

takmarka, með óllum landsnýtjum Sem þui lande eiga ad filg'ia ad fornu og nýu:  
Fyrerbýd Eg hiedan af Huorium manne Sier ad nytia Brüka edur beita Jrkia edur  
J ad Vinna nema mitt Sie lof edur leife til, ad Vitne þýnu Henrik Biarnason og  
þýnu Einar Sueinsson og allra þeirra er Ord mýn Heyra.<sup>261</sup>

Samskonar lögfesta var upplesin af sr. Eiríki að Þingmúla árið 1718, en viðbót við efni hennar sem ekki er í eldri lögfestunni er að þá lögfesti sr. Eiríkur hálfan reka á Kliftarsandi, sjö hundruð faðma langan, og landamerki Hallbjarnarstaða í Skriðdal og Flögu í Skriðdal. Landamerkjum þeirra jarða er ekki lýst í lögfestunni.<sup>262</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1755 var upplesin skrifleg umkvörtun sr. Halls Ólafssonar að Þingmúli hafi síðustu 20 ár á undan stórlega að heyskap, haga og torfristu forargast og af sér gengið. Lýst er hvernig landið hefur eyðilagst og hvernig sr. Hallur hafði þurft að senda gripi sína annað í vetrargöngu.<sup>263</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1783 var upplesið afrit af korti viðvíkjandi einum þrætu-skógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, útgefið af Högna Torfasyni og dagsett 28. maí 1783. Lögð voru inn skjöl varðandi téðan þrætupart.<sup>264</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Þingmúla að jörðin hafi skóg til eigin nota og þá sé hún með afrétt.<sup>265</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Þingmúli metinn með afbýlinu Hátúnum en engin landamerki séu þar á milli. Einnig segir að staðnum tilheyri skógarhögg í Sandfells- og Hallormsstaðarskógi, hálfur reki á Ólafs- og Kliptarsöndum fyrir Héraðsflóa og hagaganga í Víðisgróf.<sup>266</sup>

Hinn 14. júní 1884 tók sáttanefnd fyrir ítakamál Páls Pálssonar, fyrir hönd Þingmúlakirkju, gegn eigendum Stóra-Sandfells, Einari Jónssyni og Birni Árnasyni. Eigi varð sáttum ákomið og málinu því vísað til landslaga og réttar.<sup>267</sup>

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Þingmúla með hjáleigu.<sup>268</sup>

---

<sup>261</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>262</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>263</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 195–196.

<sup>264</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1770–1783, bls. 384.

<sup>265</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 153.

<sup>266</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 24r–24v.

<sup>267</sup> Sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1880–1948, án bls., 14. júní 1884.

<sup>268</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 180v.

Við aukarétt 24. september 1891 var samkvæmt kröfu skiptaráðandans í dánarbúi sr. Páls Pálssonar í Þingmúla útnefnt yfirúttektarmann að Þingmúla stað og kirkju.<sup>269</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Þingmúla að landamerki séu þinglesin 20. júní 1884 með tilheyrandi hjáleigum. Einnig eru færð inn landamerki heimajarðarinnar:

Að utan Múlaá, að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn í Múlanesi gengur lengst út og þaðan niður að Múlaá og sama bein lína ræður upp Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá mörkum og að framan norðanmegin Merkilækur skamt fyrir utan Kálfeyri.<sup>270</sup>

Um upprekstrarland segir að jörðin eigi ekkert og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Þá segir að ítak fylgi jörðinni, svonefndur „Lónatangi“ í Hallbjarnarstaðalandi. Loks er í fasteignamatinu skráð eftirfarandi athugasemd við mat Þingmúla:

Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00.

Þess skal einnig getið að Skriðuvatnshólmi heyrði áður til prestssetrinu að Þingmúla, og að nú hefir sóknarpresturinn í Vallanesi afnot hans, leigir hólmann til slæгна. Metinn kr. 400,00.<sup>271</sup>

Við aukarétt 23. maí 1923 voru dómkvaddir tveir menn til að meta til peningaverðs kirkjujörðina Þingmúla, sem ábúendur höfðu sótt um kaup á samkvæmt lögum frá 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða.<sup>272</sup>

Við aukarétt 4. júlí 1923 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Þingmúla staðfest.<sup>273</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1755 var upplesin skrifleg umkvörtun sr. Halls Ólafssonar að Þingmúli hafi síðustu 20 ár á undan stórlega að heyskap, haga og torfristu forargast og af sér gengið. Lýst er hvernig landið hefur eyðilagst og hvernig sr. Hallur hafði þurft að senda gripi sína annað í vetrargöngu.<sup>274</sup>

<sup>269</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 84v–84r.

<sup>270</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 17.

<sup>271</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 18.

<sup>272</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1919–1924, bls. 335–336.

<sup>273</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923–1926, bls. 13.

<sup>274</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 195–196.

Við manntalsþing 30. maí 1783 var upplesið afrit af korti viðvíkjandi einum þrætu-skógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, útgefið af Högna Torfasyni og dagsett 28. maí 1783. Lögð voru inn skjöl varðandi téðan þrætupart.<sup>275</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Þingmúla að jörðin hafi skóg til eigin nota og þá sé hún með afrétt.<sup>276</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Þingmúli metinn með afbýlinu Hátúnum en engin landamerki séu þar á milli. Einnig segir að staðnum tilheyri skógarhögg í Sandfells- og Hallormsstaðarskógi, hálfur reki á Ólafs- og Kliptarsöndum fyrir Héraðsflóa og hagaganga í Víðisgróf.<sup>277</sup>

Hinn 14. júní 1884 tók sáttanefnd fyrir ítakamál Páls Pálssonar, fyrir hönd Þingmúlakirkju, gegn eigendum Stóra-Sandfells, Einari Jónssyni og Birni Árnasyni. Eigi varð sáttum ákomið og málinu því vísað til landslaga og réttar.<sup>278</sup>

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Þingmúla með hjáleigu.<sup>279</sup>

Við aukarétt 24. september 1891 var samkvæmt kröfu skiptaráðandans í dánarbúi sr. Páls Pálssonar í Þingmúla útnefnt yfirúttektarmann að Þingmúla stað og kirkju.<sup>280</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Þingmúla að landamerki séu þinglesin 20. júní 1884 með tilheyrandi hjáleigum. Einnig eru færð inn landamerki heimajarðarinnar:

Að utan Múlaá, að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn í Múlanesi gengur lengst út og þaðan niður að Múlaá og sama bein lína ræður upp Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá mörkum og að framan norðanmegin Merkilækur skamt fyrir utan Kálfeyri.<sup>281</sup>

Um upprekstrarland segir að jörðin eigi ekkert og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Þá segir að ítak fylgi jörðinni, svonefndur „Lónatangi“ í Hallbjarnarstaðalandi. Loks er í fasteignamatinu skráð eftirfarandi athugasemd við mat Þingmúla:

---

<sup>275</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1770–1783, bls. 384.

<sup>276</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 153.

<sup>277</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 24r–24v.

<sup>278</sup> Sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1880–1948, án bls., 14. júní 1884.

<sup>279</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 180v.

<sup>280</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 84v–84r.

<sup>281</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 17.

Þess skal getið að Múlaafreittur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00.

Þess skal einnig getið að Skriðuvatnshólmi heyrði áður til prestssetrinu að Þingmúla, og að nú hefir sóknarpresturinn í Vallanesi afnot hans, leigir hólmann til slæгна. Metinn kr. 400,00.<sup>282</sup>

Við aukarétt 23. maí 1923 voru dómkvaddir tveir menn til að meta til peningaverðs kirkjujörðina Þingmúla, sem ábúendur höfðu sótt um kaup á samkvæmt lögum frá 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða.<sup>283</sup>

Við aukarétt 4. júlí 1923 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Þingmúla staðfest.<sup>284</sup>

*vii. Geitdalur*

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Geitadals, dags. 14. júní 1884. Þar segir:

Landamörk fyrir jörðinni Geitdal, að utan ræður Marká, sem kemur ofan úr Hraungarði og fellur í smá króka í Geitdalsá ofan, að ofan ræður Hraungarður allt innað innri Sauða sem hefur upptök sín úr Hraungarðsslakka og fellur ofan í Geitdalsá og utan svokallaðar Búðartungur sem séra Páll Pálsson á Þingmúla hefur uppglökkvað að Þingmúlakirkja eigi. Fyrir innan ofangreinda á kemur saman land Þingmúla og Hallormsstaðar, að austan ræður Geitdalsá, sem kemur innan frá Bratthálsi og fellur alla leið út dalinn úti Grímsá fyrir utan Þingmúla. Mýrum og Geitdal 14. Júní 1884. Pjetur Guðmundsson Þorvaldur Guðmundsson eigendur Geitdals. Samþykkur Páll Pálsson. Samþykkur Benedikt Eyjólfsson. Þinglýst í Þingmúlamanntalsþingi 21. Júní 1884 Jón Johanssen.

Við lögreglurétt 23. júní 1906 voru Jón Björgvin Jónsson, bóndi á Vaði, og Svanhvít Sigurðardóttir í Geitdal sektuð fyrir vanrækslu á fjallaskilum.<sup>285</sup>

*viii. Þorvaldsstaðir*

Við manntalsþing að Heydölum var þinglýst lögfestu fyrir Þorvaldsstöðum, dagsettri 21. júní 1816.<sup>286</sup>

Hinn 3. júní 1825 var hjá sáttanefnd Breiðdalsumdæmis tekið fyrir mál Erlends Þorsteinssonar á Þorvaldsstöðum og Guðmundar Þórðarsonar í Tóarseli vegna landamerkja jarðanna. Fram kemur í sáttabókinni að Þorvaldsstaðamenn hafi eignað

<sup>282</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 18.

<sup>283</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1919-1924, bls. 335-336.

<sup>284</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923-1926, bls. 13.

<sup>285</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1902-1909, bls. 356-357.

<sup>286</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810-1819, bls. 403.

sér land fyrir sunnan Dalsá allt út í Ytra-Kvíagil, en á móti eignaði Guðmundur Tóarseli allt land þeim megin inn á Vatnsdalsvarp. Í bókinni segir enn fremur:

Það hvörugur hefur þaug gögn edur Skilríki sem til nockrar Fullnustu upplýsi hvörri Jördinni áminst þrætuland rettilega tilheiri, þá til að fyrirbyggja frekari misklíð eda Fésama Málsókn, svo kemur þeim saman um og giöra gódfúslega þann Sáttarsamning sem á milli: að bádir noti sér ofannefndt þrætuland sameginlega eftir þörfum þeirra Tíð átölulaust af beggia hálfu.<sup>287</sup>

Hinn 9. maí 1845 var hjá sáttanefnd Breiðdalsumdæmis tekið fyrir mál Guðmundar Þórðarsonar á Tóarseli gegn Arnbirni Sigmundssyni á Þorvaldsstöðum, en málið snérist um ágreining þeirra um eignarrétt á landi og nytjar á því. Engri sátt var komið á og var málið tekið fyrir að nýju hjá nefndinni þann 23. maí sama ár.<sup>288</sup> Við aukarétt að Tóarseli 28. júlí 1845 var málið tekið fyrir hjá sýslumanni. Þá komst á sátt sem bókuð er þannig í dóma- og þingbók sýslumanns:

Malspartarnir urdu þannig ásáttir að þeir allir skuldbundu sig til að taka ekkert afrettarfé, hvörki í þann umþrætta Landspart frá Kvíagili inna Vatnsdalsvarp sunnan megin Dalsár, eda í bufiárhaga sína, hvar á móti þeir koma sér saman um bæði fyrir sína tíð og fyrir eptirkomandi Eigendur beggia Jardanna að brúka nefndann Landspart til helfínga frá badum Jördunum sem Samningur fyrir egid Fé sitt og Gripi, handa til allra annara Landsnýtia og skuldbindur samkvæmt þessu bondinn Guðmundur Þordarson, sem nú er búinn að giöra Samning við 2<sup>a</sup> menn um að taka Afrettarfé í tedann Landspart, sig til að skipta hagatollunum fyrir þetta Sumar til helfínga milli sín og bændanna á Þorvaldsstöðum, og eins og áður er ávikid að taka ekkert Afrettarfé á þann umþrætta Landspart eda í egin búfiár haga, framvegis, og kvedst G. Þordarson einnig vera viljugur til að borga þann Malskostnad sem ordinn er á Sök þessari; hvarámóti bóndinn Arnbiörn Sigmundsson skuldbindr sig til að láta þinglýsa þessari Forlíkun á egin kostnad á næsthaldandi Manntalsþingi, sem heimild fyrir badar Jardirnar Toarsel og Þorvaldsstadi til þess umþrætta Landsparts.<sup>289</sup>

Við manntalsþing að Heydölum 18. maí 1854 var þinglýst kaupbréfi fyrir landsparti í Þorvaldsstaðadölum, dagsettu 17. maí 1848.<sup>290</sup> Í kaupbréfinu segir eftirfarandi í afsals- og veðmálalabók Suður-Múlasýslu:

Kaupbréf.

Við undirskrifaðir eg Arnbiörn Sigmundsson og Marteinn Erlendsson bændur á Þorvaldsstöðum í Breiðdal innan Sudurmúlasýslu líka, eg Jon Einarsson bondi á

<sup>287</sup> Sáttanefnd Breiðdalsumdæmis, A/2-1, Sáttabók 1807-1936, án bls.

<sup>288</sup> Sáttanefnd Breiðdalsumdæmis, A/2-1, Sáttabók 1807-1936, bls. 70-71.

<sup>289</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1843-1848, bls. 153-154.

<sup>290</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4-3, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1848-1855, bls. 212.



Gilsá í sömu sýslu seljum hermed undan okkur og okkar erfingjum til fullkomnar eignar umráða og allra afnota, þann hluta er við þeir fyrstnefndu eigum og eg sá sídastnefndi hefi rað yfir í Landstykki því er liggur í Þorvaldastada dölum fyrir sunnan Gilsá og nær frá svokölluðu Qviagili að utan og inná Vatnsdalsvarp bóndanum Gudmundi Þordarsyni á Tóarseli fyrir 30 Speciur skrifum og seigjum 30 Speciur reiðusilfurs af hvörjum 2/3 partar eru af kaupanda í peningum samstundis borgaðir enn 1/3 partur borgist í vörum innan næstkomandi Julímánaðar útgaungu<sup>291</sup>

Við manntalsþing að Heydölum 27. júní 1884 var þinglýst landamerkjum Þorvaldsstaða.<sup>292</sup>

*ix. Flaga*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Flögu:

Hér er gott og grösugt málnytuland og engjar allgóðar, mestar deiglendar. Landið er með höllum og ennum í hálshlíðinni en holt og mýrar hið neðra. Það gengur eigi til muna af sér.<sup>293</sup>

#### 4.1.6. Desjamýrarafrétt

*i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Göngum og réttum segir m.a.:

Afréttarlönd voru þá talin Hólalandsfjall innan Selár, Innfjöllin og Desjamýrarafrétt ofan Selshúslækjar neðri og innan Krossár.<sup>294</sup>

*ii. Bakki/Bakkagerði*

Í landamerkjalyýsingu milli Hafnar, Bakka, Hámundarstaða og Skeggjastaða dags. 14. júlí 1890, er þinglýst var á Vopnafjarðarmanntalsþingi 14. júlí 1890, segir:

Landamerki á milli Hafnar, Bakka, Hámundarstaða og Skeggjastaða eru sem eftir fylgir: Jörðin Bakki liggjandi í Skeggjastaðasókn í Norður-Múlasýslu á land úr Hafnarárósi uppeftir ánni og í svokallaða Þorskhöfðakeldu í Kríutjarnarflóa, þaðan beint í efri Höltnárlón, svo upp eftir ánni og í Hólmatvatn, einnig báða hólmana sem eru í vatninu, frá syðri enda Hólmatvatns og á Bakkanúps, þaðan beint í tanga í Miðheiðarvatni, úr tanganum beint á Skálafjöll, af vestasta Skálfjalli í læk sem rennur norðan undir því, eptir honum í Gæsagilsá, eptir henni þangað til hún fellur í Bakkaá, eptir henni í hornið fyrir

<sup>291</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálábók Suður-Múlasýslu 1839-1872, bls. 281.

<sup>292</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 189v-190v.

<sup>293</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 338.

<sup>294</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 422.

utan Háabakkavað, þaðan beint í stóran stein í Merkitanga sem klofinn er, úr honum beint í stærsta stein í ánni út af Merkitanga, þaðan beint til sjáfar. Hólmar þeir allir er áin myndar fylgja löndum jarðanna eptir því sem megin árinna deilir löndum á hverjum tíma sem er. Jörðin á allann viðarreka fyrir sínu landi og  $\frac{3}{4}$  hvalreka, en Skálholtskirkja einn fjórða hluta.

iii. *Gilsárvellir og Grund*

Í landamerkjalyðingu Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu, er þinglýst var á manntalsþingi að Desjarmýri 4. júlí 1884, segir:

Landamerki jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu: Milli Hvolls og Gilsárvalla ræður lækur frá Fjarðará upp í Mæliskarð, upp Mælihrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Hólalands og Gilsárvalla eru landamerki úr vörðu á Aurnum upp í Krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr hlíðinni, eptir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl. Tunguna milli Fjarðarás og Þverár á Gilsárvöllur einn að Merkigarði. Afréttarland á Gilsárvöllur milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörpu. [...]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Gilsárvöll:

[...] 4. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrararbeit léleg. Nokkuð víðlend. Skjóllítið, snjóþúngt. Stutt á sumt. Langt á sumt. Smalamennska fremur erfið.

B. Önnur jarðargæði.

1. Motekja. 2. Jörðin hefir upprekstrarland fyrir sig. 3. Misvel lagað fyrir útfærslu túns. 4. Jörðin liggur vel í sveit og akfært frá verslun. 5. Vatnsból hægt. 6. Reki fylgir jörðinni í svonefndum Hofstrandarkrök. Ársarður lítill. Torfrista sémileg.

C. Sérstakir ókostir:

1. Vöntun á nærtæku byggingarefni öðru en torfi. 2. Ágangur af afrétt.fé. 3. Hættusamt fyrir fénað sökum dýja, graflækja og fennis.

II. Aðfenn.

[...]

III. Landamerki eru sameiginleg við Grund, sem að fornu er hjáleiga frá Gilsárvöllum og ekki enn skift út úr aðaljörðinni nema að túni og engjum. En hin sameiginl. landam. innfærð í Landam.bók Norður-Múlasýslu bls. 59. Þinglýst 4. júlí 1884. [...].<sup>295</sup>

<sup>295</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 310–311.

*iv. Desjarmýri*

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Desjarmýri metin með eyðihjáleigunum Setbergi og Þrándarstöðum til 20 hundruða að dýrleika.<sup>296</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi og mótmælti Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum nefndri lögfestu vegna Húsavíkurkirkju.<sup>297</sup> Lögfestan er frá 31. maí 1772 og er efni hennar svohljóðandi:

Eg Halldor p. Gislason, lögfesti hér i Dag Desjarmýrarkyrkiu Eign, med ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavikurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Gjæsarvötn, allan Mosdal, og allan Hrafnisdal og svo allt útá Þrándarhriegg, i þann Tind sem stendst á vid Folaldsgröf, og svo þversynis ofan i Fiardará, ogsvo allt hid nedra i Þverá, akra og Tödur, Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og veidistadi, og allar Landsnytiar, þær er því Landi eígu ad fylgia og fylgt hafa, til ummerkia þeirra, er adrir Menn eiga i móti tedrar kyrkiu Landeign. Fyrirbid eg hédan af hvörium manni i ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Grasatekiu, hagbeitar gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til. I sama máta lögfesti eg eptirskrifud Itök undir Desjarmýrarkyrkiu, þridiungi vidreka undir Uxafelli, allan Vidreka i Hellirsvík, frá Dráng frá Dráng [svo] þeim er stendr geingt Runuskála og inn til þess er nærstur er út Laxá, hvalreka i hellirsvík, og svo hvar sem kémur inntil drángs; allan vidreka i Mariubási og svo hvalreka, Saltfioru i beitavik milli Lækia. Sudabeit út á Sandi, 30 Saudabeit i Hafnar, halfan hvalreka og vidreka út á Sandi Tveggiamanna ágáng á hval i Kiólsvik. Níundu hvöria vætt i Mariufiöru. Vidreka allan og hálfan hvalreka út frá dráng til kamb. Fiskivist ad Öltuhamri, 80 Sauda beit um Mánud i Snotruness Landi, Husakinn og Skiól i Olafsborg, 2<sup>ia</sup> hrossa gaungu i Bakkaþýfum. Öll þessi Itök, lögfesti eg ad ord fullu og lögmáli rettu, Til merkis mitt undirskrifad nafn ad Desjarmyri þann 31<sup>t</sup> Maii 1772 Halldór Gislason.<sup>298</sup>

Hinn 2. október 1840 var hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir landamerkjамál milli jarðanna Desjarmýrar og Húsavíkur. Engin sátt náðist.<sup>299</sup> Málið var tekið fyrir að nýju hjá nefndinni hinn 23. júlí 1842 en einkum var deilt um landstykkið Efri-Fitjar. Sátt komst á milli aðila og er henni þannig lýst í sáttabók Borgarfjarðarumdæmis:

ad Presturinn finnur orsök til ad fráfalla ordatiltækinu Fossárbrekkur í Logfestu Disjarmýrarkyrkju af 1772, þared í sömu Lögfestu er tilgreint þar sem vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmýrar, vegna þess ad ur fremra Gjæsisvatni falla Lækjadrög til beggja Plátsanna, og vyrdist því sjálft fremra Gjæsisvatn eiga ad

<sup>296</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 12v.

<sup>297</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829-1842, bls. 92r.

<sup>298</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 156-157.

<sup>299</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 9.

helmíngast og verda takmark Platsanna á milli; enn til að fá Stefnunumid antaka bádir hlutadeigendur ad skuli vera hædsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvadan Lína talist yfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill Lenda á gagnstandandi Fjalli.<sup>300</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjueign frá 23. maí 1772 frá Halldóri Gíslasyni með öllu Setbergslandi og tilheyrandi afskrift af Borgarfjarðarhrepps forlíkunarprotocoll frá 23. júlí 1842.<sup>301</sup>

Hinn 2. apríl 1855 var gert byggingarbréf fyrir Setberg, hjáleigu Desjarmýrar í Borgarfirði. Í bréfinu segir eftirfarandi:

Með þessu brefi byggi eg Ásmundi bonda Ásmundssyni hjáleigu Mýrastaðar Setberg í Borgarfirði 4 hndr. að dyrleika. Landamerki Setbergs tel eg Myrká að utan Þverá að neðan og innan og svo Krossá, en að ofan úr Hvítahnúk í Urðarhólavatn og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk. Landið innan þessara takmarka byggi eg honum túnengjar og haga og öll landsnot með eptir fylgjandi skilmálum. Hann skal gjalda mér í Landskuld 2 Sauði veturgamla á hausti og 20 pund af tolg eða þeirra virði í öðru. En af halfu ásauðar kúgildi, sem eg læt fylgja kotinu skal hann gjalda 1 teigslátt í heimatúni staðarins. Engan kvist eða hrís má hann rífa eða höggva í Setbergslandi og engum öðrum leyfa. Øll sprek og kalkvist má hann rífa. Engjar hagbeit og svarðtekju má hann ljá ef hann getur og taka þóknun fyrir. Þó má hann ekki halda húsmennsku fólk eða byggja neitt af Landinu án leyfis Landsdrottins.

Afrétt skal hann hafa saman við Desjarmýri og heya sér ókeypis í afrétt staðarins þegar hann þarf, en ekki nema þar sem Landsdrottinn ákveður í hvert skipti.

Vilji hann víkja burtu af jörðunni skal hann Segja henni Lausri fyrir Jól, næstu á undan þeim fardögum þá hann ætlar burt.

Með þessum skilmálum er velnefndum bonda Ásmundi Ásmundssyni heimilt þetta ábylí til allra löglegra leiguliða nota

Engin hús fylgja Setbergi.<sup>302</sup>

Í landamerkjalyýsingu Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, dags. 25. júlí 1890, er þinglýst var á Desjarmýrarmanntalsþingi 29. júní 1891, segir:

Að sunnanverðu til móts við Húsavík úr fjalli því, er Náttmálafjall heitir beint á Húsavíkurheiðarvarp og eptir því eins og vötnum deilir, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn. Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhjúka, og þaðan út öll vörp út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur og

<sup>300</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1837–1911, bls. 12.

<sup>301</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 36v.

<sup>302</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Desjarmýri í Borgarfirði 1800?–1887.

Borgarfjarðar. Þaðan skilur svonefndur Þrándarhryggur land Desjamýrar frá Brúnavík. Landamerki milli Desjamýrar og Hofstrandar eru úr mið strípum á svonefndum Grenishæðum, sjónhending ofan í miðja Folaldsgjót, og þaðan beint í Fjarðará. Að norðanverðu ræður Fjarðará, allt þangað til Þverá fellur í hana, en úr því ræður Þverá, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá alla leið inn og suður í fjöll. Kirkjan að Desjamýri á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, visitatiu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1645 þessi ítök: [...] Kirkjan á ennfremur 30 sauðabeit í Háukinn í Snotrunesslandi og tveggja hrossagöngu í Bakkaþýfi og taka ei undan folöld. [...]

v. *Stakkahlíð*

Í landamerkjalyðingu Stakkahlíðar dags. 6. mars 1890, er þinglýst var á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 16. júní 1892, segir:

Landamerki klausturjarðarinnar Stakkahlíðar í Loðmundarfirði eru þessi: Merkin eru talin byrja að framan og liggja úr suðurröð á Karlfelli í Grænahnaus, þaðan í miðjan Skaga neðst, beint í Fjarðará. Síðan liggur merkja línan út eptir Fjarðará allt þar til er kemur að þeirri línu, er dregin verður úr flæðarmáli beint yfir Melrakkaþúfu (hún er neðan við varptjarnirnar) í Álfastein þann, sem yztur stendur á brekkunni framan við Norðdalsá. Síðan ræður þessi lína merkjum í sjó út. Í ánni eru 2 hólmar, Kríuhólmi og Stóri hólmi, er tilheyra Sævarenda. Frá sjó liggja merkin upp eptir Stóru-hrauná upp á svo nefndar Fitjar og því næst upp eptir Skúmhattudalsá á varp upp, eptir það eptir vörpum allt í kring þar til Karlfellsröðin syðri tekur við. Jörðin á 2 þriðjunga í öllum reka fyrir sínu landi.

vi. *Húsavík*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um kirkjújörðina Húsavík:

Heimajörðin hefur gott og stórt tún og kotin ogsvo í viðinni eftir dýrleika. Engjar í heimavíkinni eru miklar og víða grasgefnar. Þarabeit í Bæjarfjörrunni mun vera einhver hin besta hér á Austfjörðum, útigangur góður á annesjum, einkum Skálanesi; landkostir einhverjir hinir bestu fyrir sauðfé og afréttur nógur til fjalla og á Skálanesi.<sup>303</sup>

Landamerkjabréf Húsavíkur dags. 17. maí 1887, sem var þinglýst var í aukarétti N-Múlasýslu 27. júní 1889. Þar segir:

Landamerki kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litl-Breiðavík eru þessi: að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjalli Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgörðum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgörðunum inna við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr

<sup>303</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 239.

Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu. Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinsonar 1655, Jón biskups Árnasonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greispgjá til almenningsfjöru (þetta er hvorutveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svínavík (þetta hvorutveggja í Stóru-Breiðuvík).

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eiganda Húsavíkur, Hálsahúsa, Álptavíkur Dallands, Dallandsparts, Litlu-Breiðvíkur, Desjarmýrarkirkju og Klyppstaðarkirkju.

*vii. Brúnavík*

Landamerkjabréf Brúnavíkur dags. 3. júlí 1884, sem var þinglýst fyrir manntalsþingrétti að Desjarmýri 4. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki Brúnavíkur að innan, eru af Gagnheiði ofan Þrándarhrygg, þaðan út á Svartafell og svo út allar fjallaraðir eptir því sem vötn falla til Víkurinnar og svo út Almenningsröð í mitt Flesjarsund. Og svo að sunnan af Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker. Hvalvík á allt sitt land ítökulaust fjallstinda á milli austur í Glettingsgjá. Reka norður í Æðarsker, en að austan í vog niður undan Glettingsbrún.

Þá segir í landamerkjabréfi Hafnar og Hafstrandar dags. 16. apríl 1883:

Landamerki milli Hafnar og Hafstrandar hef jeg vitað höfð í Laxá, eptir því sem hún fellur úir Brúnavíkurskarði til sjóar, og milli Brúnavíkur og Hafnar, úr miðju Brúnavíkurskarði út miðjar fjallaraðir út á Stekkjahvammfell, þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund. Önnur lond en þessi liggja ekki að Hafnarlandi.

Þá segir í landamerkjabréfi Hofstrandar er þinglýst var fyrir manntalsþingrétti á Desjarmýri 4. júlí 1884:

Landamerki jarðarinnar Hofstrandar í Borgarfirði eru þessi: Að utan ræður Laxá frá sjó upp til fjalls í vörðu á Brúnavíkurskarði, svo inn eptir fjallaröðum inn á Grenishæðir. Að innan eru landamerki svokölluð Folaldsgjåt niður í Fjarðará og beina stefnu upp í Miðstríp á Grenishæðum, að neðan Fjarðará út að sjó.

#### **4.1.7. Afréttarlönd Hólalands og Hvannstóðar**

*i. Hvannstóð*

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Hvannstóð:

[...] 4. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrararbeit sérlega góð þegar til nær, en landið er skjóllítið og oft snjóþungt. Fjárgeimsla hæg.

B. Önnur jarðargæði.

1. Motekja góð og nærtæk. 2. Torfrista góð og grjót nægilegt. 3. Jörðin hefir upprekstrarland fyrir sig. 4. Tún stækkar auðv. 5. Rekaítak í Hvannstóðsbás í Snotruneslandi. Ársarður 5 krónur. 6. Vatnsból gott (þ.e. innangengt í brunn). 7. Aðflutningar frá verslunarstað stuttir og hægir.

C. Sérstakir ókostir.

1. Mikill ágangur af afréttarfé á engjar jarðarinnar. [...]

III. Landamerki eru ekki innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og engar upplýsingar um þau fengist. [...].<sup>304</sup>

ii. *Desjarmýri*

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Desjarmýri metin með eyðihjáleigunum Setbergi og Þrándarstöðum til 20 hundruða að dýrleika.<sup>305</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi og mótmælti Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum nefndri lögfestu vegna Húsavíkurkirkju.<sup>306</sup> Lögfestan er frá 31. maí 1772 og er efni hennar svohljóðandi:

Eg Halldor p. Gislason, lögfesti hér i Dag Desjarmýrarkyrkiu Eign, med ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavíkurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Gjæsarvötn, allan Mosdal, og allan Hrafnaldal og svo allt útá Þrándarhrigg, i þann Tind sem stendst á vid Folaldsgröf, og svo þversynis ofan i Fiardará, ogsvo allt hid nedra i Þverá, akra og Tödur, Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og veidistadi, og allar Landsnytiar, þær er því Landi eígu ad fylgia og fylgt hafa, til ummerkia þeirra, er adrir Menn eiga i móti tedrar kyrkiu Landeign. Fyrirbíd eg hédan af hvöríum manni i ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Grastekiu, hagbeitar gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til. I sama máta lögfesti eg eptirskrifud Itök undir Desjarmýrarkyrkiu, þridiungi vidreka undir Uxafelli, allan Vidreka i Hellirsvík, frá Dráng frá Dráng [svo] þeim er stendr geingt Runuskála og inn til þess er nærstur er út Laxá, hvalreka i hellirsvík, og svo hvar sem kémur inntil drángs; allan vidreka i Mariubási og svo hvalreka, Saltfioru i beitavik milli Lækia. Sudabeit út á Sandi, 30 Saudabeit i Hafnar, halfan hvalreka og vidreka út á Sandi Tveggiamanna ágáng á hval i Kiólsvik. Níundu hvöria vætt i Mariufiöru. Vidreka allan og hálfan hvalreka út frá dráng til kamb. Fiskivist ad Øltuhamri, 80 Sauda beit um Mánud i Snotruness Landi, Husakinn og Skiól i Olafsborg,

<sup>304</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 314–315.

<sup>305</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 12v.

<sup>306</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 92r.

2<sup>ia</sup> hrossa gaungu i Bakkapýfum. Öll þessi Itök, lögfesti eg ad ord fullu og lögmáli rettu, Til merkis mitt undirskrifad nafn ad Desjarmýri þann 31<sup>te</sup> Maii 1772 Halldór Gíslason.<sup>307</sup>

Hinn 2. október 1840 var hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir landamerkjámál milli jarðanna Desjarmýrar og Húsavíkur. Engin sátt náðist.<sup>308</sup> Málið var tekið fyrir að nýju hjá nefndinni hinn 23. júlí 1842 en einkum var deilt um landstykkið Efri-Fitjar. Sátt komst á milli aðila og er henni þannig lýst í sáttabók Borgarfjarðarumdæmis:

ad Presturinn finnur orsök til ad fráfalla ordatiltækinu Fossárbreckur í Logfestu Desjarmýrarkirkju af 1772, þarad í sömu Lögfestu er tilgreint þar sem vötnum halli millum Breiduvíkna og Desjarmýrar, vegna þess ad ur fremra Gjæsisvatni falla Lækjardrög til beggja Plátsanna, og vyrdist því sjálfst fremra Gjæsisvatn eiga ad helmíngast og verda takmark Plátsanna á milli; enn til ad fá Stefnumid antaka bádir hlutadeigendur ad skuli vera hædsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvadan Lína talist ýfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill Lenda á gagnstandandi Fjalli.<sup>309</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjueign frá 23. maí 1772 frá Halldóri Gíslasyni með öllu Setbergslandi og tilheyrandi afskrift af Borgarfjarðarhrepps forlíkunarprotocoll frá 23. júlí 1842.<sup>310</sup>

Hinn 2. apríl 1855 var gert byggingarbréf fyrir Setberg, hjáleigu Desjarmýrar í Borgarfirði. Í bréfinu segir eftirfarandi:

Með þessu brefi byggi eg Ásmundi bonda Ásmundssyni hjáleigu Mýrastaðar Setberg í Borgarfirði 4 hndr. að dyrleika. Landamerki Setbergs tel eg Myrká að utan Þverá að neðan og innan og svo Krossá, en að ofan úr Hvítahnúk í Urðarhólavatn og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk. Landið innan þessara takmarka byggi eg honum túnengjar og haga og öll landsnot með eptir fylgjandi skilmálum. Hann skal gjalda mér í Landskuld 2 Sauði veturgamla á hausti og 20 pund af tolg eða þeirra virði í öðru. En af halfu ásauðar kúgildi, sem eg læt fylgja kotinu skal hann gjalda 1 teigslátt í heimatúni staðarins. Engan kvist eða hrís má hann rífa eða höggva í Setbergslandi og engum öðrum leyfa. Öll sprek og kalkvist má hann rífa. Engjar hagbeit og svarðtekju má hann ljá ef hann getur og taka þóknun fyrir. Þó má hann ekki halda húsmennsku fólk eða byggja neitt af Landinu án leyfis Landsdrottins.

Afrétt skal hann hafa saman við Desjarmýri og heya sér ókeypis í afrétt staðarins þegar hann þarf, en ekki nema þar sem Landsdrottinn ákveður i hvert skipti.

<sup>307</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 156-157.

<sup>308</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 9.

<sup>309</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 12.

<sup>310</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 36v.



Vilji hann víkja burtu af jörðunni skal hann Segja henni Lausri fyrir Jól, næstu á undan þeim fardögum þá hann ætlar burt.

Með þessum skilmálum er velnefndum bonda Ásmundi Ásmundssyni heimilt þetta ábylí til allra löglegra leiguliða nota

Engin hús fylgja Setbergi.<sup>311</sup>

*iii. Hólaland*

Landamerkjabréf jarðarinnar er dags. 4. júní 1884, og var þinglýst fyrir manntalsþingrétti að Desjarmýri 4. júlí 1884.

Landamerkjaskrá fyrir landamörkum jarðarinnar Hólalands. Að neðan ræður Fjarðará inn í Mýrnesskarð, síðan fjallgarðurinn alla leið þar sem vötn að draga út á ytri Tindfellsöxl, frá Tindfellsöxl ytri beint ofan í Mjóadal framan við háa Hrók, þaðan ræður lækur merkjum ofan að Aur, þangað sem hann fellur í Krók út eptir, síðan úr þeim Krók beina stefnu í vörðu, sem stendur við Fjarðará.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Hólaland:

[...] 4. Beitoland

Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrarheit kjarngóð þegar til nær. Víðlend. Skjólgt, en oft snjóþungt. Fjarþeimsla fremur hæg.

B. Önnur jarðargæði:

1. Motekja góð. 2. Upprekstrarland fyrir afrettarfé ábúanda nægilegt. Vatnsból gott. 4. Vel lagað til útgræðslu túns og vatnsveitinga. 5. Aðflutningar hægir þ.e. akfær vegur frá verslunarstað.

C. Sérstakir ókostir

1. Torfrista slæm og lítið um annað byggingarefni.

2. Ágangur nokkur af afréttarfé. [...] <sup>312</sup>

*iv. Gilsárvellir og Grund*

Í landamerkjalyýsingu Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu, er þinglýst var á manntalsþingi að Desjarmýri 4. júlí 1884, segir:

Landamerki jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu: Milli Hvolls og Gilsárvalla ræður lækur frá Fjarðará upp í Mæliskarð, upp Mælihrygg upp austan í Dyrfjall. Milli

<sup>311</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Desjarmýri í Borgarfirði 1800?–1887.

<sup>312</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 312–313.

Hólalands og Gilsárvala eru landamerki úr vörðu á Aurnum upp í Krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr hlíðinni, eptir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl. Tunguna milli Fjarðarás og Þverár á Gilsárvöllur einn að Merkgarði. Afréttarland á Gilsárvöllur milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörpu. [...]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Gilsárvöll:

[...] 4. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrararbeit léleg. Nokkuð víðlend. Skjólítið, snjóþúngt. Stutt á sumt. Langt á sumt. Smalamennska fremur erfið.

B. Önnur jarðargæði.

1. Motekja. 2. Jörðin hefir upprekstrarland fyrir sig. 3. Misvel lagað fyrir útfærslu túns. 4. Jörðin liggur vel í sveit og akfært frá verslun. 5. Vatnsból hægt. 6. Reki fylgir jörðinni í svonefndum Hofstrandarkrök. Ársarður lítill. Torfrista sæmileg.

C. Sérstakir ókostir:

1. Vöntun á nærtæku byggingarefni öðru en torfi. 2. Ágangur af afrétt.fé. 3. Hættusamt fyrir fénað sökum dyja, graflækja og fennis.

II. Aðfenn.

[...]

III. Landamerki eru sameiginleg við Grund, sem að fornu er hjáleiga frá Gilsárvöllum og ekki enn skift út úr aðaljörðinni nema að túni og engjum. En hin sameiginl. landam. innfærð í Landam.bók Norður-Múlasýslu bls. 59. Þinglýst 4. júlí 1884. [...].<sup>313</sup>

v. *Hjartarstaðir*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir að jörðinni sé deilt þannig að Hjartarstaðir séu 16 hundruð en Hamragerði sé fjögur hundruð. Skógur sé til eigin nota og þá segir að jörðin hafi afrétt fyrir 120 geldfjár.<sup>314</sup>

Við manntalsþing 2. júlí 1819 var þinglýst landaskiptagjörningi á milli Hamragerðis og Hjartarstaða, dags. 18. maí 1819.<sup>315</sup>

Við manntalsþing 18. júní 1822 var upplesin lögfesta Árna Vilhjálmssonar fyrir jörðinni Hjartarstöðum.<sup>316</sup>

Í landamerkjabréfi Hreimsstaða þinglýstu 2. júlí 1884 segir um landamerki jarðarinnar við Hjartarstaði:

<sup>313</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 310–311.

<sup>314</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 95.

<sup>315</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810–1819, bls. 457–458.

<sup>316</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 71–72.

Milli Hreimsstaða og Hjartarstaða: Merkin liggja frá Gilsá upp eptir Núpsá í garð er liggur þvert upp yfir Timburhöfða og Fálkahamar í Merkigarð norðan við Núpsgerðisblá.

Við manntalsþing 18. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Hjartarstaða.<sup>317</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hjartarstaði að fjárgeymsla sé erfið og því sæki fé mjög til fjalls. Upprekstarland sé nægilegt fyrir heimafé.<sup>318</sup>

Í biskupsvísitasíu Hjaltastaðar frá 1763 segir að kirkjan eigi sand tveggja hundraða faðma lengd liggjandi milli Ketilsstaðasands og Kóreksstaðasands og verstöðu við Ósa í hvamminum hjá Fossvík og kallast það Hjaltastaðaver.<sup>319</sup>

Við manntalsþing 19. ágúst 1786 var upplestin lögfesta sr. Sigfúsar Guðmundssonar fyrir landi Hjaltastaðarkirkju, reka og verstöðu.<sup>320</sup>

Í Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna segir m.a. um Hjaltastað:

Kirkjan á selstöðu á Hraundal utanverðum og tungu þá niður frá Botndalsfjalli norðanverðu sem verður milli Bjarglandsár og Höltnár sem fyrr er getið. Það land heitir Kirkjutungur.<sup>321</sup>

Við manntalsþing 1. júní 1844 var þinglýst lögfestu frá 31. maí 1844 þar sem presturinn sr. Jón Guðmundsson lögfesti prestakallið Hjaltastaðarland.<sup>322</sup> Efni lögfestunnar er eftirfarandi:

Jeg Jón Guðmundsson Lögfesti hér í Dag konungsins og krónunnar Beneficium Hjaltastað á Utmannasveit, Tödr Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og Veidistadi og allar þær Landsnytiar er fyrrgreindari Hialtastad éga ad fylgia og fylgt hafa ad fornu og nýu, ad öllu tilskyldu, enn eingu fráteknu, til ummerkia þeirra sem adrer menn eiga til i móti honum, og hann vard fremst Eigandi ad bædi ad ordfullu og lögfullu og lögmáli rettu.

Sömuleidis lögfesti eg undir hér greinda Hialtastadar kyrkiu þann Reka sem, sem hún á eptir innsigludu bréfi og liggir nærst Koreksstadasandi ad nordann. Einnig lögfesti eg kyrkiunnar verstödu vid Ósa í Oss Vallaness Stadar kyrkiujardarlandi enn siálfrar Hialtastadar kyrkiu-kyrkusókn med allri þeirri brúkun sem almennilega vidliggur.

<sup>317</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 177r–177v.

<sup>318</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 49–50.

<sup>319</sup> Bps. A.II.20, bls. 143.

<sup>320</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1–3, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1782–1804, bls. 135–136.

<sup>321</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839–1874), bls. 193.

<sup>322</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 35v–36r.

Sömuleidis lögfesti eg Hraundalsland fyrir nordan Ána, sem eptir dalnum flóar frá því Vötnum hínag frá Hraundalsvarpi hallar allt úti Tungu Spordinn, þar sem á sú er fellur undir Botndalsfiöllinu rennr út í Biarglandsana. Lögfesti eg kyrkiunnar land til ummerkia þessara: i Merkiardin er liggur austur frá Stadaráni og í kýrhöfðan á milli Hialtastadar og Jórviur og þaðann rétt synis i Midenni fyrir utan Kolluhraun; Úr Midenni í Skollagrenisklettin fyrir utan Töduvallagerdi; ur þeim Skollaklett út og norðr um Merkiuikina ytri, allt i Selfliót, rædr svo Selfliót allt framm i Forvadaklett á milli Vidirness og Alptaness, úr þeim Forvadaklett réttsynis nordan um þvera Ása yfir Raudholtsdalin í Þurshiallan [svo] lánga utan undir stóru vörðunni háu fyrir austan Raudholtsdalin (sem nú er ad likindum fallin) sidan eptir endilaungum þeim hialla allt i ytri Endan á Stórahólmanum framm í breidubláni, úr hennar fremri Enda austur i Geitabiargalækin og svo framm eptir dalnum fyrir austan lækin framm undir Merki þrep þar upp og austr yfir Ásin i Merkikerid, sem stendur hiá Stóra steini i Assendanum; austur frá kerinu rædr Sund það, er liggur alla leid austur og ofaní ána, frá anni rædr gamall gardr uppundir Hraunfell fyrir framan Hrúgustadi. Legg eg vid þessa mína Lögfestu löglega fimtarstefnu, hvörri þeir andsvara hafa, sem greind Hialtastadarkyrkiu Itök og Egindóma (eptir þessa lands ædsta yfirvalds Skikkun) áfrýa vilja edr kyrkiunnar Landi med valdi edr ofriki i óleifi veita.

Fyrirbyð eg hédan af hvörrium manni i ad vinna edr hér ad nýta edr nokkurt gagn af ad hafa utan mitt sé Lof edr Last til ad vitni þeirra allra er ord mín méga heyra.<sup>323</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er Hjaltastaður metinn með hjáleigunni Svínafelli. Þar segir að eftir máldögum eigi kirkjan afréttarland fram á Hraundal sem nefnist Kirkjutungur, en það sé til lítilla afnota þar sem snjó tekur seint up og afrétt þarf að kaupa fyrir geldfé á sumrin. Þá segir að land sé aðeins skipt á milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar að túni og engjum.<sup>324</sup>

Landamerkjabréf Hjaltastaðar var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað þann 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki Hjaltastaðar og aðliggjandi jarða. 1, Milli Hjaltastaða og Rauðholts. Frá Selfljóts á ytri Forvaða framan við Víðirnes beint yfir Forvaðaöxl og Stekkhöfða utanverðan á Merkihnjúk. Þaðan beint yfir Rauðholtsdal, Miðþrep, Breiðablá og Litla-Hólma í opið á Geitabjargadal, þar næst upp með læk í dalnum þangað til kemur að svo kölluðu neðra Merkiþrepi. 2, Milli Hjaltastaðar og Ánastaða: Úr Geitabjargadal yfir Merkiþrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðáshæð utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utan vertða. Þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrúgustaðaklett yst, upp utan undir Stóru- Kinn og í Grenisöxl utan verða. Þaðan beint yfir Vallará í Hrisárbug, þar sem Hrisá kemur af hálsun ofan. 3, Milli Hjaltastaðar og Kíreksstaða: Mörkum ræður Hrisá úr Hrisárbug allt í Hrisárós. Þaðan liggja merkin beint yfir klett í Markmó að Staðará í framanverðan hvamm austan við ána, þar sem Grafargerðislækur

<sup>323</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1–1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 148–149.

<sup>324</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 4.

kemur í ána að vestan. 4, Milli Hjaltastaðar og Jórvíkur. Frá Staðará eptir gömlu garðlagi í Sauðahraunamýri beint utan undir Kýrhöfða, yfir Lækjardal og Miðenni utan undir Kolluhrauni, yfir Magnúsarvörðuás beint í Merkivík, yfir Húsaklett og Miðhala beint á gamalt garðlag á austari Selfljótsbakka. 5, Milli Hjaltastaðar og Hrollaugstaða: Merkjum ræður Selfjót. 6. Milli Hjaltastaðar og Bóndastaða: Merkjum ræður Selfjót. Hjaltastaður á ennfremur afréttarlandið Hraundal að framan og Kyrkjutungur. Ræður þar mörkum að utan Bjarglandsá, að ofan efstu fjallaeggjar, að framan bein stefna úr ytri Botndalsfjallsröð yfir Kollu upp að Hölkná, og að neðan Hölkná.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eigenda Rauðholts, Ánastaða, Króksstaða, Jórvíkur, Hrollaugstaða, Bóndastaða, Sandbrekku, Hrjóla og Hamragerðis.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Hjaltastað að jörðinni fylgi upprekstrarland. Um landamerki segir að þau séu ásamt landamerkjum hjáleigunnar Svínafells innfærð í landamerkjabók og þinglesin 2. júlí 1884.<sup>325</sup>

Við aukarétt 19. mars 1917 voru dómkvaddir menn til þess að lýsa, meta og virða til peningaverðs kirkjujörðina Hjaltastað með hjáleigunni Svínafelli í Hjaltastaðahreppi.<sup>326</sup>

*vi. Sandbrekka*

Við manntalsþing að Hjaltastað 6. júlí 1756 lýsti Eiríkur Teitsson reka sem kom upp á Sandbrekkusandi, sem áður hét Miðsandur, og var að hálfu leyti Vallaneskirkjueign og að hálfu bóndaeign.<sup>327</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Sandbrekka metin á 24 hundruð að dýrleika.<sup>328</sup>

Við manntalsþing 2. júní 1841 lagði hreppstjórinn St. Jónsson á Sandbrekku fram klögun yfir Pétri bónda á Ánastöðum fyrir ólöglega aðferð við fjallgöngu. Pétur var ekki mættur en hreppstjórinn kvaðst hafa haustið áður með gönguseðli skikkað hreppsændur til að heimta afrétt af fé og reka það til lögréttar á Sandbrekku. Fram kom að Pétur hafi skilið fé sitt frá öðru afréttarfé við Rauðalæk, út með Bjallandsá, þar sem landsplássið var frekar fyrir afrétt en búfjárhaga. Runólfur Einarsson, vinnupiltur á Svínafelli, bar vitni og lýsti því hvernig hann og fleiri leituðu að fé en þeir hafi síðan mæst við Rauðlækjarós sem sé í Kóreksstaðalandi. Þar hafi Pétur tekið nokkrar kindur úr hópnum. Í fjarveru Péturs var Þorleifur Arnfinnsson bóndi á Hrjót

<sup>325</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 108–109.

<sup>326</sup> Sýsl. N-Múl., GA/10-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1911–1917, bls. 341–342.

<sup>327</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 273.

<sup>328</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 22v–23r.

útnefndur svaramaður hans en málinu var frestað þar sem vitnið Jón Jónsson var fjarverandi.<sup>329</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1842 var tekið fyrir mál þar sem Pétur Þórláksson bóndi á Ánastöðum í Hjaltastaðarsókn hafði í fjársöfnun haustið 1840 ekki rekið gripa sína til lögréttar að Sandbrekku heldur einhvers staðar í fjallinu fyrir utan og ofan Ánastaðabæ tekið úr geldfé sem hann átti. Pétur kom fyrir réttinn og kvaðst kannast við að hreppstjóri hafi um haustið 1840 skipað með gönguseðli að Pétur legði til menn til fjársöfnunar en hann hafi sjálfur farið að hreinsa fjallið á þeim greindu stöðum, þ.e. á hálsunum fyrir ofan Hríótarbæ og svo úteftir. Pétur sagði að þegar hann var kominn með geldféð sem fannst að svokölluðum Rauðalæk, sem rennur uppi í fjallinu fyrir utan og ofan bæinn Ánastaði, hafi honum komið til hugar að fría fé sitt frá frekari hrakningi og taka það úr heldur en að reka það til lögréttar við Sandbrekku. Pétur minnti að hann hafi tekið úr sex eða sjö kindur. Hann játaði að það hafi staðið í gönguseðlinum að féð skyldi reka til lögréttar og að sú skipun væri á lögum byggð. Að lokum óskaði Pétur þess að hann myndi sleppa við dóm vegna yfirsjónar sinnar, en kvaðst reiðubúinn að greiða hæfilegar fébætur. Ekki er skráð í dóma- og þingbókina hvort Pétur hafi verið dæmdur eða sýknaður.<sup>330</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1845 var þinglýst lögfestu frá Skúla Björnssyni, Árna Bjarnasyni, Birni Ólafssyni og Jóni Jónssyni sem mótmælti lögfestu prófastsins sr. Guttorms á Hofi varðandi Hraundal. Hreppstjórinn Kjartan Jónsson á Sandbrekku mótmælti þessari lögfestu sem leiguliði jarðarinnar Sandbrekku.<sup>331</sup> Efni hennar er svo:

Vid undirskrifadir gjörum hverium kunnugt, ad vid hermed mótmælum lögfestu prófastsins Sr Guttorms Þórsteinssonar á Hofi, ad þvíleiti sem áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur, því eptir skikkanlegra og eldstu manna Vintisburdum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulaustr brúkadr til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar hreppsmanna sem éginleg Eign edr almenningsgr þángad til Prófastur sál Sr Arni Þórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku og hafa Leigulidar þar haldid því sídan, þó hreppsmenn hafi verid óánægdir med það. Þar þessi áminsti Hraundalur er svona óréttvislega undann hreppnum geingin sérilagi þeim til Skada sem ei hafa Afrétt fyrir Fé sitt i sínum Leigu londum og verda þessvegna ad kaupa gélfdiárgaungu ad ödrum, giörum vid hermed i dag Tilkall til ádrnefnds Hraundals edr

<sup>329</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829-1842, bls. 108r-108v.

<sup>330</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 13r-13v.

<sup>331</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 60r.

Almennings Lands stykkis nefnilega af Hraundals Varpi allt út í Ytristágará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til hérads.<sup>332</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1852 var þinglýst lögfestu fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði, dags. 9. apríl 1852.<sup>333</sup>

Landamerkjabréf Sandbrekku er dags. 20. júní 1884 og var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm, þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kíreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn, þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan, í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökulsá, er liggur undir Dyrfjalli, þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Sandbrekku:

Dýrleiki eftir jarðamati 1861, 24,7 hndr. [...]

3. Útengjar samfeldar, snögglandar, bæði þurlendi og votlendi; mikill hluti af þeim véltækar; engjavegur, stuttur og góður; heyholt og létt; Meðal heyfengur 400 hestar. [...]

5. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrarheit fremur léleg; víðlent þjópungt. Fjargeymsla hæg.

B. Önnur jarðargæði: [...]

2. Jörðinni fylgir stórt upprekstrarland, sem gefur af sér 14 kr. í upprekstartoll árlega. [...].<sup>334</sup>

Um landamerki millum Dala og Sandbrekku, í austur segir í vitnisburði Indriða Þorvarðarsonar árið 1604.

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann

<sup>332</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 187–188.

<sup>333</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 163r.

<sup>334</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 118–120.

garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir

So feldan vitnisburð sem hjer fyri ofan skrifaður stendur tók Bjarni Marteinson af þeim Jndriða Þorvarðssyni 1604, áheyrandi Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Og til merkis hafa þeir þar undir skrifat.<sup>335</sup>

#### 4.1.8. Afréttarland Gilsárvalla

##### i. Gilsárvellir og Grund

Í landamerkjalyýsingu Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu, er þinglýst var á manntalsþingi að Desjarmýri 4. júlí 1884, segir:

Landamerki jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu: Milli Hvolls og Gilsárvalla ræður lækur frá Fjarðará upp í Mæliskarð, upp Mælihrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Hólalands og Gilsárvalla eru landamerki úr vörðu á Aurnum upp í Krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr hlíðinni, eptir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl. Tunguna milli Fjarðarás og Þverár á Gilsárvöllur einn að Merkigarði. Afréttarland á Gilsárvöllur milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörpu. [...]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Gilsárvöll:

[...] 4. Beítiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrararbeit léleg. Nokkuð víðlend. Skjóllítið, snjóþúngt. Stutt á sumt. Langt á sumt. Smalamennska fremur erfið.

B. Önnur jarðargæði.

1. Motekja. 2. Jörðin hefir upprekstrarland fyrir sig. 3. Misvel lagað fyrir útfærslu túns. 4. Jörðin liggur vel í sveit og akfært frá verslun. 5. Vatnsból hægt. 6. Reki fylgir jörðinni í svonefndum Hofstrandarkrök. Ársarður lítill. Torfrista sæmileg.

C. Sérstakir ókostir:

1. Vöntun á nærtæku byggingarefni öðru en torfi. 2. Ágangur af afrétt.fé. 3. Hættusamt fyrir fénað sökum dyja, graflækja og fennis.

II. Aðfenn.

[...]

III. Landamerki eru sameiginleg við Grund, sem að fornu er hjáleiga frá Gilsárvöllum og ekki enn skift út úr aðaljörðinni nema að túni og engjum. En hin sameiginl. landam. innfærð í Landam.bók Norður-Múlasýslu bls. 59. Þinglýst 4. júlí 1884. [...].<sup>336</sup>

<sup>335</sup> AM apogr. 4422. Dipl. Isl. V,8. 1604.

<sup>336</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 310–311.



ii. *Hvannstóð*

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Hvannstóð:

[...] 4. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrararbeit sérlega góð þegar til nær, en landið er skjóllítið og oft snjóþungt. Fjárgeimsla hæg.

B. Önnur jarðargæði.

1. Motekja góð og nærtæk. 2. Torfrista góð og grjót nægilegt. 3. Jörðin hefir upprekstrarland fyrir sig. 4. Tún stækkar auðv. 5. Rekaítak í Hvannstóðsbás í Snotruneslandi. Ársarður 5 krónur. 6. Vatnsból gott (þ.e. innangengt í brunn). 7. Aðflutningar frá verslunarstað stuttir og hægir.

C. Sérstakir ókostir.

1. Mikill ágangur af afréttarfé á engjar jarðarinnar. [...]

III. Landamerki eru ekki innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og engar upplýsingar um þau fengist. [...].<sup>337</sup>

iii. *Desjarmýri*

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Desjarmýri metin með eyðihjáleigunum Setbergi og Þrándarstöðum til 20 hundruða að dýrleika.<sup>338</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi og mótmælti Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum nefndri lögfestu vegna Húsavíkurkirkju.<sup>339</sup> Lögfestan er frá 31. maí 1772 og er efni hennar svohljóðandi:

Eg Halldor p. Gislason, lögfesti hér i Dag Desjarmýrarkyrkiu Eign, med ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavíkurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Gjæsarvötn, allan Mosdal, og allan Hrafnsdal og svo allt útá Þrándarhrigg, i þann Tind sem stendst á vid Folaldsgröf, og svo þversynis ofan i Fiardará, ogsvo allt hid nedra i Þverá, akra og Tödur, Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og veidistadi, og allar Landsnytiar, þær er því Landi eígu ad fylgia og fylgt hafa, til ummerkia þeirra, er adrir Menn eiga i móti tedrar kyrkiu Landeign. Fyrirbíd eg hédan af hvöríum manni i ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Gragatekiu, hagbeitar gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til. I sama máta lögfesti eg eptirskrifud Itök undir Desjarmýrarkyrkiu, þridiungi vidreka undir Uxafelli, allan Vidreka i Hellirsvík, frá Dráng frá Dráng [svo] þeim er stendr geingt Runuskála og inn til þess er nærstur er út Laxá, hvalreka i hellirsvík, og svo hvar sem kémur inntil drángs; allan vidreka i Mariubási

<sup>337</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 314–315.

<sup>338</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 12v.

<sup>339</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829–1842, bls. 92r.

og svo hvalreka, Saltfioru i beitavik milli Lækia. Sudabeit út á Sandi, 30 Saudabeit i Hafnar, halfan hvalreka og vidreka út á Sandi Tveggiamanna ágáng á hval i Kiólsvik. Níundu hvöria vætt i Mariufiöru. Vidreka allan og hálfan hvalreka út frá dráng til kamb. Fiskivist ad Øltuhamri, 80 Sauda beit um Mánud i Snotruness Landi, Husakinn og Skiól i Olafsborg, 2<sup>ia</sup> hrossa gaungu i Bakkaþýfum. Öll þessi Itök, lögfesti eg ad ord fullu og lögmáli rettu, Til merkis mitt undirskrifad nafn ad Desjarmyri þann 31<sup>t</sup> Maii 1772 Halldór Gíslason.<sup>340</sup>

Hinn 2. október 1840 var hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir landamerkjámál milli jarðanna Desjarmýrar og Húsavíkur. Engin sátt náðist.<sup>341</sup> Málið var tekið fyrir að nýju hjá nefndinni hinn 23. júlí 1842 en einkum var deilt um landstykkið Efri-Fitjar. Sátt komst á milli aðila og er henni þannig lýst í sáttabók Borgarfjarðarumdæmis:

ad Presturinn finnur orsök til ad fráfalla ordatiltækinu Fossárbreckur í Logfestu Disjarmýrarkyrkju af 1772, þarad í sömu Lögfestu er tilgreint þar sem vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmýrar, vegna þess ad ur fremra Gjæsisvatni falla Lækjardrög til beggja Plátsanna, og vyrdist því sjálfst fremra Gjæsisvatn eiga ad helmíngast og verda takmark Plátsanna á milli; enn til ad fá Stefnumid antaka bádir hlutadeigendur ad skuli vera hædsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvadan Lína talist ýfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill Lenda á gagnstandandi Fjalli.<sup>342</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjueign frá 23. maí 1772 frá Halldóri Gíslasyni með öllu Setbergslandi og tilheyrandi afskrift af Borgarfjarðarhrepps forlíkunarprotocoll frá 23. júlí 1842.<sup>343</sup>

Hinn 2. apríl 1855 var gert byggingarbréf fyrir Setberg, hjáleigu Desjarmýrar í Borgarfirði. Í bréfinu segir eftirfarandi:

Með þessu brefi byggi eg Ásmundi bonda Ásmundssyni hjáleigu Mýrastaðar Setberg í Borgarfirði 4 hndr. að dyrleika. Landamerki Setbergs tel eg Myrká að utan Þverá að neðan og innan og svo Krossá, en að ofan úr Hvítahnúk í Urðarhólavasn og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk. Landið innan þessara takmarka byggi eg honum túnengjar og haga og öll landsnot með eptir fylgjandi skilmálum. Hann skal gjalda mér í Landskuld 2 Sauði veturgamla á hausti og 20 pund af tolg eða þeirra virði í öðru. En af halfu ásauðar kúgildi, sem eg læt fylgja kotinu skal hann gjalda 1 teigslátt í heimatúni staðarins. Engan kvist eða hrís má hann rífa eða höggva í Setbergslandi og engum öðrum leyfa. Øll sprek og kalkvist má hann rífa. Engjar hagbeit og svarðtekju má hann ljá ef hann getur og taka þóknun fyrir. Þó má hann ekki halda húsmennsku fólk eða byggja neitt af Landinu án leyfis Landsdrottins.

<sup>340</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 156-157.

<sup>341</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 9.

<sup>342</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 12.

<sup>343</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 36v.

Afrétt skal hann hafa saman við Desjarmýri og heya sér ókeypis í afrétt staðarins þegar hann þarf, en ekki nema þar sem Landsdrottinn ákveður í hvert skipti.

Vilji hann víkja burtu af jörðunni skal hann Segja henni Lausri fyrir Jól, næstu á undan þeim fardögum þá hann ætlar burt.

Með þessum skilmálum er velnefndum bonda Ásmundi Ásmundssyni heimilt þetta ábylí til allra löglegra leiguliða nota

Engin hús fylgja Setbergi.<sup>344</sup>

*iv. Hólaland*

Landamerkjabréf jarðarinnar er dags. 4. júní 1884, og var þinglýst fyrir manntalsþingrétti að Desjarmýri 4. júlí 1884.

Landamerkjaskrá fyrir landamörkum jarðarinnar Hólalands. Að neðan ræður Fjarðará inn í Mýrnesskarð, síðan fjallgarðurinn alla leið þar sem vötn að draga út á ytri Tindfellsöxl, frá Tindfellsöxl ytri beint ofan í Mjóadal framan við háa Hrók, þaðan ræður lækur merkjum ofan að Aur, þangað sem hann fellur í Krók út eptir, síðan úr þeim Krók beina stefnu í vörðu, sem stendur við Fjarðará.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Hólaland:

[...] 4. Beituland

Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrarheit kjarngóð þegar til nær. Víðlend. Skjólgt, en oft snjóþungt. Fjargeimsla fremur hæg.

B. Önnur jarðargæði:

1. Motekja góð. 2. Upprekstrarland fyrir afrettarfé ábúanda nægilegt. Vatnsból gott. 4. Vel lagað til útgræðslu túns og vatnsveitinga. 5. Aðflutningar hægir þ.e. akfær vegur frá verslunarstað.

C. Sérstakir ókostir

1. Torfrista slæm og lítið um annað byggingarefni.

2. Ágangur nokkur af afréttarfé. [...] <sup>345</sup>

<sup>344</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Desjarmýri í Borgarfirði 1800?–1887.

<sup>345</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 312–313.

v. *Sandbrekka*

Við manntalsþing að Hjaltastað 6. júlí 1756 lýsti Eiríkur Teitsson reka sem kom upp á Sandbrekkusandi, sem áður hét Miðsandur, og var að hálfu leyti Vallaneskirkjueign og að hálfu bóndaeign.<sup>346</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Sandbrekka metin á 24 hundruð að dýrleika.<sup>347</sup>

Við manntalsþing 2. júní 1841 lagði hreppstjórinn St. Jónsson á Sandbrekku fram klögun yfir Pétri bónda á Ánastöðum fyrir ólöglega aðferð við fjallgöngu. Pétur var ekki mættur en hreppstjórinn kvaðst hafa haustið áður með gönguseðli skikkað hreppsændur til að heimta afrétt af fé og reka það til lögréttar á Sandbrekku. Fram kom að Pétur hafi skilið fé sitt frá öðru afréttarfé við Rauðalæk, út með Bjallandsá, þar sem landsplássið var frekar fyrir afrétt en búfjárhaga. Runólfur Einarsson, vinnupiltur á Svínafelli, bar vitni og lýsti því hvernig hann og fleiri leituðu að fé en þeir hafi síðan mæst við Rauðlækjarós sem sé í Kóreksstaðalandi. Þar hafi Pétur tekið nokkrar kindur úr hópnum. Í fjarveru Péturs var Þorleifur Arnfinnsson bóndi á Hrjót útnefndur svaramaður hans en málinu var frestað þar sem vitnið Jón Jónsson var fjarverandi.<sup>348</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1842 var tekið fyrir mál þar sem Pétur Þórláksson bóndi á Ánastöðum í Hjaltastaðarsókn hafði í fjársöfnun haustið 1840 ekki rekið gripi sína til lögréttar að Sandbrekku heldur einhvers staðar í fjallinu fyrir utan og ofan Ánastaðabæ tekið úr geldfé sem hann átti. Pétur kom fyrir réttinn og kvaðst kannast við að hreppstjóri hafi um haustið 1840 skipað með gönguseðli að Pétur legði til menn til fjársöfnunar en hann hafi sjálfur farið að hreinsa fjallið á þeim greindu stöðum, þ.e. á hálsunum fyrir ofan Hrjótarbæ og svo úteftir. Pétur sagði að þegar hann var kominn með geldféð sem fannst að svokölluðum Rauðalæk, sem rennur uppi í fjallinu fyrir utan og ofan bæinn Ánastaði, hafi honum komið til hugar að fría fé sitt frá frekari hrakningi og taka það úr heldur en að reka það til lögréttar við Sandbrekku. Pétur minnti að hann hafi tekið úr sex eða sjö kindur. Hann játaði að það hafi staðið í gönguseðlinum að féð skyldi reka til lögréttar og að sú skipun væri á lögum byggð. Að lokum óskaði Pétur þess að hann myndi sleppa við dóm vegna yfirsjónar sinnar, en kvaðst reiðubúinn að greiða hæfilegar fébætur. Ekki er skráð í dóma- og þingbókina hvort Pétur hafi verið dæmdur eða sýknaður.<sup>349</sup>

<sup>346</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1752-1758, bls. 273.

<sup>347</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 22v-23r.

<sup>348</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829-1842, bls. 108r-108v.

<sup>349</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 13r-13v.

Við manntalsþing 26. maí 1845 var þinglýst lögfestu frá Skúla Björnssyni, Árna Bjarnasyni, Birni Ólafssyni og Jóni Jónssyni sem mótmælti lögfestu prófastsins sr. Guttorms á Hofi varðandi Hraundal. Hreppstjórinn Kjartan Jónsson á Sandbrekku mótmælti þessari lögfestu sem leiguliði jarðarinnar Sandbrekku.<sup>350</sup> Efni hennar er svo:

Vid undirskrifadir gjörum hverium kunnugt, ad vid hermed mótmælum lögfestu prófastsins S<sup>r</sup> Guttorms Þórsteinssonar á Hofi, ad þvíleiti sem áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur, því eptir skikkanlegra og eldstu manna Vintisburdum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulaust brúkadr til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar hreppsmanna sem éginleg Eign edr almenningsgr þángad til Prófastur sál S<sup>r</sup> Arni Þórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku og hafa Leigulidar þar haldid því sídan, þó hreppsmenn hafi verid óánægdir med það. Þar þessi áminsti Hraundalur er svona óréttvislega undann hreppnum geingin sérilagi þeim til Skada sem ei hafa Afrétt fyrir Fé sitt i sínum Leigu londum og verda þessvegna ad kaupa géldfiárgaungu ad ödrum, giörum vid hermed i dag Tilkall til ádrnefnds Hraundals edr Almennings Lands stykkis nefnilega af Hraundals Varpi allt út í Ytristángará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til hérads.<sup>351</sup>

Við manntalsþing 26. maí 1852 var þinglýst lögfestu fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði, dags. 9. apríl 1852.<sup>352</sup>

Landamerkjabréf Sandbrekku er dags. 20. júní 1884 og var þinglýst á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884. Þar segir:

Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm, þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kíreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn, þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan, í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökulsá, er liggur undir Dyrfjalli, þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Sandbrekku:

<sup>350</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 60r.

<sup>351</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847, bls. 187–188.

<sup>352</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 163r.

Dýrleiki eftir jarðamati 1861, 24,7 hndr. [...]

3. Útengjar samfeldar, snöggendar, bæði þurlendi og votlendi; mikill hluti af þeim véltækar; engjavegur, stuttur og góður; heyholt og létt; Meðal heyfengur 400 hestar. [...]

5. Beitiland: Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Vetrarþeir fremur léleg; víðlent þjóþungt. Fjárgeymsla hæg.

B. Önnur jarðargæði: [...]

2. Jörðinni fylgir stórt upprekstrarland, sem gefur af sér 14 kr. í upprekstartoll árlega. [...].<sup>353</sup>

Um landamerki millum Dala og Sandbrekku, í austur segir í vitnisburði Indriða Þorvarðarsonar árið 1604.

So feldan vitnisburð ber eg Jndriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin, verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali. Og hjer eptir vil eg sannendi á leggja ef þurfa þykir

So feldan vitnisburð sem hjer fyri ofan skrifaður stendur tók Bjarni Marteinson af þeim Jndriða Þorvarðssyni 1604, áheyrandi Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Og til merkis hafa þeir þar undir skrifat.<sup>354</sup>

#### 4.1.9. Hvalvík

*i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Göngum og réttum segir m.a.:

Í Brúnavík og Breiðuvík eru réttir, sem haldið er við af þeim, sem hafa þar upprekstrarlönd. [...] Auk Brúnavíkur er Glettingsnes og Hvalvík smöluð að Brúnavíkurafrétt [...].<sup>355</sup>

*ii. Brúnavík*

Landamerkjabréf Brúnavíkur dags. 3. júlí 1884, sem var þinglýst fyrir manntalsþingrétti að Desjarmýri 4. júlí 1884. Þar segir:

<sup>353</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 118–120.

<sup>354</sup> AM apogr. 4422. Dipl. Isl. V,8. 1604.

<sup>355</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 423.

Landamerki Brúnavíkur að innan, eru af Gagnheiði ofan Þrándarhrygg, þaðan út á Svartafell og svo út allar fjallaraðir eptir því sem vötn falla til Víkurinnar og svo út Almenningsröð í mitt Flesjarsund. Og svo að sunnan af Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker. Hvalvík á allt sitt land ítökulaust fjallstinda á milli austur í Glettingsgjá. Reka norður í Æðarsker, en að austan í vog niður undan Glettingsbrún.

Þá segir í landamerkjabréfi Hafnar og Hafstrandar dags. 16. apríl 1883:

Landamerki milli Hafnar og Hafstrandar hef jeg vitað höfð í Laxá, eptir því sem hún fellur úr Brúnavíkurskarði til sjóar, og milli Brúnavíkur og Hafnar, úr miðju Brúnavíkurskarði út miðjar fjallaraðir út á Stekkjahvammsfell, þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund. Önnur lond en þessi liggja ekki að Hafnarlandi.

*iii. Glettingsnes*

Í landamerkjabréfi Glettingsness, dags. 5. júlí 1886, sem þinglýst var á manntalsþingi að Desjamýri 5. júlí 1886, segir:

Glettingsnes á land uppá á Glettingsbrún, og reka að norðan í Vog niður undan Glettingsbrún, en að sunnanverðu reka í Klöpp, sem stendur við Löngumalarenda að sunnanverðu.

*iv. Kjólsvík*

Í sýslu- og sóknalýsingum kemur fram að Kjólsvík sé nýbýli, lítið tún og engi, gott land og hagbeit góð.<sup>356</sup>

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Kjólsvík.

#### **4.1.10. Herjólfsvík**

*i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Göngum og réttum kemur fram að í Húsavík sé lögrétt og að að henni sé smöluð m.a. Herjólfsvík.<sup>357</sup>

*ii. Breiðavík (Stóra-Breiðavík)*

Landamerkjabréf Stóru-Breiðuvíkur er dags. 10. október 1889, og var þinglýst á Desjarmýrarmanntalsþingi 31. júlí 1890. Þar segir um landamerki jarðarinnar:

Landamerki Stóru-Breiðuvíkur í Borgarfjarðarhreppi, sem er eign Kleppstaðarkirkju, eru þessi: Merkin liggja að sunnanverðu úr sjávarmáli frá þeim stað, þar sem Brunkutindur ber yfir Bringuhorn, þaðan beint í Bringuhorn, sem er melur austan við Víkurána, því

<sup>356</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 210.

<sup>357</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 423-4.

næst upp eftir ánni í innra Gæsavatn, að því búnu úr miðju þessu Gæsavatni upp í Hvíta hnjúk, þaðan út eftir eggjum yfir Gagnheiði á Súlutind, af Súlutindi á Háahrygg og þaðan eftir vörpum út á Grenmóskoll og niður að sjó. [...].

iii. *Litlavík / Litla-Breiðavík*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um klausturjörðina Litlu-Breiðuvík:

[...] heyskapur mjög lítill, útigangur góður og rétt góðir landkostir en melótt og grýtt.<sup>358</sup>

Litlu-Breiðuvík er lýst innan landamerkjabréfs Húsavíkur, dags. 17. maí 1887 og þinglesið á manntalsþingum á Seðisfjarðaröldu 2. júní og að Desjarmýri 24. júní 1893. Lýsingin er eftirfarandi:

Landamerki kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litl-Breiðavík eru þessi: að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjalli Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgörðum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgörðunum inna við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu.

iv. *Húsavík*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um kirkjujörðina Húsavík:

Heimajörðin hefur gott og stórt tún og kotin ogsvo í vinni eftir dýrleika. Engjar í heimavíkinni eru miklar og víða grasgefnar. Þarabeit í Bæjarfjörunni mun vera einhver hin besta hér á Austfjörðum, útigangur góður á annesjum, einkum Skálanesi; landkostir einhverjir hinir bestu fyrir sauðfé og afréttur nógur til fjalla og á Skálanesi.<sup>359</sup>

Landamerkjabréf Húsavíkur dags. 17. maí 1887, sem var þinglýst var í aukarétti N-Múlasýslu 27. júní 1889. Þar segir:

Landamerki kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litl-Breiðavík eru þessi: að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjalli Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgörðum á fjall, er heitir

<sup>358</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 377.

<sup>359</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 239.



Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgörðunum inna við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu. Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinsonar 1655, Jón biskups Árnasonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greispgjá til almenningafjöru (þetta er hvorutveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svínavík (þetta hvorutveggja í Stóru-Breiðuvík).

Landamerkin voru samþykkt af hálfu eiganda Húsavíkur, Hálsahúsa, Álptavíkur Dallands, Dallandsparts, Litlu-Breiðuvíkur, Desjarmýrarkirkju og Klyppstaðarkirkju.

*v. Desjarmýri*

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Desjarmýri metin með eyðihjáleigunum Setbergi og Þrándarstöðum til 20 hundruða að dýrleika.<sup>360</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi og mótmælti Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum nefndri lögfestu vegna Húsavíkurkirkju.<sup>361</sup> Lögfestan er frá 31. maí 1772 og er efni hennar svohljóðandi:

Eg Halldor p. Gislason, lögfesti hér i Dag Desjarmýrarkyrkiu Eign, med ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavíkurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Gjæsarvötn, allan Mosdal, og allan Hrafnisdal og svo allt útá Þrándarhrigg, i þann Tind sem stendst á vid Folaldsgröf, og svo þversynis ofan i Fiardará, ogsvo allt hid nedra i Þverá, akra og Tödur, Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og veidistadi, og allar Landsnytiar, þær er því Landi eígu ad fylgia og fylgt hafa, til ummerkia þeirra, er adrir Menn eiga i móti tedrar kyrkiu Landeign. Fyrirbíd eg hédan af hvöríum manni i ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Gragatekiu, hagbeitar gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til. I sama máta lögfesti eg eptirskrifud Itök undir Desjarmýrarkyrkiu, þridiungi vidreka undir Uxafelli, allan Vidreka i Hellirsvík, frá Dráng frá Dráng [svo] þeim er stendr geingt Runuskála og inn til þess er nærstur er út Laxá, hvalreka i hellirsvík, og svo hvar sem kémur inntil drángs; allan vidreka i Mariubási og svo hvalreka, Saltfioru i beitavik milli Lækia. Sudabeit út á Sandi, 30 Saudabeit i Hafnar, halfan hvalreka og vidreka út á Sandi Tveggiamanna ágáng á hval i Kiólsvík. Níundu hvöria vætt i Mariufiöru. Vidreka allan og hálfan hvalreka út frá dráng til kamb. Fiskivist ad Øltuhamri, 80 Sauda beit um Mánud i Snotruness Landi,

<sup>360</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 12v.

<sup>361</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829-1842, bls. 92r.

Husakinn og Skiól í Olafsborg, 2<sup>ia</sup> hrossa gaungu í Bakkapýfum. Öll þessi Itök, lögfesti eg að ord fullu og lögmáli rettu, Til merkis mitt undirskrifad nafn að Desjarmyri þann 31<sup>e</sup> Maii 1772 Halldór Gíslason.<sup>362</sup>

Hinn 2. október 1840 var hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir landamerkjámál milli jarðanna Desjarmýrar og Húsavíkur. Engin sátt náðist.<sup>363</sup> Málið var tekið fyrir að nýju hjá nefndinni hinn 23. júlí 1842 en einkum var deilt um landstykkið Efri-Fitjar. Sátt komst á milli aðila og er henni þannig lýst í sáttabók Borgarfjarðarumdæmis:

ad Presturinn finnur orsök til að fráfalla ordatiltækinu Fossárbrekkur í Logfestu Disjarmýrarkirkju af 1772, þarad í sömu Lögfestu er tilgreint þar sem vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmýrar, vegna þess að ur fremra Gjæsisvatni falla Lækjardrög til beggja Plátsanna, og vyrdist því sjálft fremra Gjæsisvatn eiga að helmíngast og verda takmark Plátsanna á milli; enn til að fá Stefnumid antaka bádir hlutadeigendur ad skuli vera hædsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvaran Lína talist ýfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill Lenda á gagnstandandi Fjalli.<sup>364</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 var upplestin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjueign frá 23. maí 1772 frá Halldóri Gíslasyni með öllu Setbergslandi og tilheyrandi afskrift af Borgarfjarðarhrepps forlíkunarprotocoll frá 23. júlí 1842.<sup>365</sup>

Hinn 2. apríl 1855 var gert byggingarbréf fyrir Setberg, hjáleigu Desjarmýrar í Borgarfirði. Í bréfinu segir eftirfarandi:

Með þessu brefi byggi eg Ásmundi bonda Ásmundssyni hjáleigu Mýrastaðar Setberg í Borgarfirði 4 hndr. að dyrleika. Landamerki Setbergs tel eg Myrká að utan Þverá að neðan og innan og svo Krossá, en að ofan úr Hvítahnúk í Urðarhólavasn og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk. Landið innan þessara takmarka byggi eg honum túnengjar og haga og öll landsnot með eptir fylgjandi skilmálum. Hann skal gjalda mér í Landskuld 2 Sauði veturgamla á hausti og 20 pund af tolg eða þeirra virði í öðru. En af halfu ásauðar kúgildi, sem eg læt fylgja kotinu skal hann gjalda 1 teigslátt í heimatúni staðarins. Engan kvist eða hrís má hann rífa eða höggva í Setbergslandi og engum öðrum leyfa. Öll sprek og kalkvist má hann rífa. Engjar hagbeit og svarðtekju má hann ljá ef hann getur og taka þóknun fyrir. Þó má hann ekki halda húsmennsku fólk eða byggja neitt af Landinu án leyfis Landsdrottins.

<sup>362</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 156-157.

<sup>363</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 9.

<sup>364</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 12.

<sup>365</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 36v.

Afrétt skal hann hafa saman við Desjarmýri og heya sér ókeypis í afrétt staðarins þegar hann þarf, en ekki nema þar sem Landsdrottinn ákveður í hvert skipti.

Vilji hann víkja burtu af jörðunni skal hann Segja henni Lausri fyrir Jól, næstu á undan þeim fardögum þá hann ætlar burt.

Með þessum skilmálum er velnefndum bonda Ásmundi Ásmundssyni heimilt þetta ábyli til allra löglegra leiguliða nota

Engin hús fylgja Setbergi.<sup>366</sup>

Í landamerkjalyýsingu Desjamýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, dags. 25. júlí 1890, er þinglýst var á Desjarmýrarmanttalsþingi 29. júní 1891, segir:

Að sunnanverðu til móts við Húsavík úr fjalli því, er Náttmálafjall heitir beint á Húsavíkurheiðarvarp og eptir því eins og vötnum deilir, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn. Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhjúka, og þaðan út öll vörp út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur og Borgarfjarðar. Þaðan skilur svonefndur Þrándarhryggur land Desjamýrar frá Brúnavík. Landamerki milli Desjamýrar og Hofstrandar eru úr mið strípum á svonefndum Grenishæðum, sjónhending ofan í miðja Folaldsgjót, og þaðan beint í Fjarðará. Að norðanverðu ræður Fjarðará, allt þangað til Þverá fellur í hana, en úr því ræður Þverá, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá alla leið inn og suður í fjöll. Kirkjan að Desjamýri á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, visitatiu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1645 þessi ítök: [...] Kirkjan á ennfremur 30 sauðabeit í Háukinn í Snotrunesslandi og tveggja hrossagöngu í Bakkaþýfi og taka ei undan folöld. [...]

#### 4.1.11. Ytri-Álftavík

##### *i. Ytri-Álftavík*

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 var þinglýst frá Sigurði Guðmundssyni administrator um að nota frá Húsavík svokallaða Syðri-Álftavík.

Hinn 29. ágúst 1890 var dæmt um landamerkjaágreining milli eiganda Álftavíkur og eiganda Ness í Loðmundarfirði:

No. 11/1891. Útskrift úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu. Ár 1890, fimmtudaginn 29. Ágúst var aukarjettur Norður-Múlasýslu settur á skrifstofu sýslunnar og haldinn af sýslumanni Einari Thorlacíus með meðdómsmönnunum Sigurði Stefánssyni, Birni Hermannssyni, Runólfi Þorsteinssyni og Einari Eiríkssyni, var þar þá í landamerkjamálinu: Jónas Hallgrímsson, sem eigandi Álftavíkur gegn Páli Ólafssyni, sem umráðamanni þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði út af ágreiningi um landamerki upp kveðinn svohljóðandi Dómur:

<sup>366</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Desjarmýri í Borgarfirði 1800?–1887.

Því dæmist rjett að vera: Landamerki milli Álptavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr Stallkletti, sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álptavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallaða Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

Landamerki Húsavíkur ásamt hjáleigunum Hólshúsi, Dallandi, Dallandsparti, Álftavík og Litlu-Breiðuvík voru lesin fyrir manntalsrétti á Seyðisfirði 2. júní 1894 og í Desjarmýri 24. júní 1893:

No.2/1893. Landamerki kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litlu-Breiðuvík eru þessi: að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjalli Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgörðum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgörðunum inna við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu. Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinsonar 1655, Jón biskups Árnasonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greispjgá til almenningafjöru (þetta er hvorutvegga undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svinavík (þetta hvorutvegga í Stóru-Breiðuvík). Dvergasteini, 17. Maí 1887.

## ii. *Húsavík*

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi og mótmælti Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum nefndri lögfestu vegna Húsavíkurkirkju.<sup>367</sup> Lögfestan er frá 31. maí 1772 og er efni hennar svohljóðandi:

Eg Halldor p. Gislason, lögfesti hér í Dag Desjarmýrarkyrkju Eign, með ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavíkurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Gjæsarvötn, allan Mosdal, og allan Hrafnsdal og svo allt útá Þrándarhrigg, í þann Tind sem stendst á við Folaldsgröf, og svo þversynis ofan í Fiardará, og svo allt hid nedra í Þverá, akra og Tödur, Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og veidistadi, og allar Landsnytiar, þær er því Landi eígu að fylgia og fylgt hafa, til ummerkia þeirra, er adrir Menn eiga í móti tedar kyrkiu Landeign. Fyrirbíd eg hédan af hvörum manni í ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Grasatekiu, hagbeitar gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til. I sama máta lögfesti eg eptirskrifud Itök undir Desjarmýrarkyrkiu, þridiungi vidreka undir Uxafelli, allan Vidreka í Hellirsvík, frá Dráng frá Dráng [svo] þeim er stendr geingt Runuskála og inn til þess er nærstur er út Laxá, hvalreka í hellirsvík, og svo hvar sem kémur inntil drángs; allan vidreka í Mariubási og svo hvalreka, Saltfioru í beitavík milli Lækia. Sudabeit út á Sandi, 30 Saudabeit í Hafnar, halfan hvalreka og vidreka út á Sandi Tveggiamanna ágáng á hval í Kiólsvík. Níundu hvöria vætt í Mariufiöru. Vidreka allan og hálfan hvalreka út frá dráng til kamb.

<sup>367</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829-1842, bls. 92r.

Fiskivist að Øltuhamri, 80 Sauda beit um Mánud í Snotruness Landi, Husakinn og Skiól í Olafsborg, 2<sup>ia</sup> hrossa gaungu í Bakkapýfum. Öll þessi Itök, lögfesti eg að ord fullu og lögmáli rettu, Til merkis mitt undirskrifad nafn að Desjarmyri þann 31<sup>e</sup> Maii 1772

Halldór Gíslason<sup>368</sup>

Hinn 2. október 1840 var hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir landamerkjамál milli jarðanna Desjarmýrar og Húsavíkur. Engin sátt náðist.<sup>369</sup> Málið var tekið fyrir að nýju hjá nefndinni hinn 23. júlí 1842 en einkum var deilt um landstykkið Efri-Fitjar. Sátt komst á milli aðila og er henni þannig lýst í sáttabók Borgarfjarðarumdæmis:

ad Presturinn finnur orsök til að fráfalla ordatiltækinu Fossárbrekkur í Logfestu Disjarmýrarkyrkju af 1772, þarad í sömu Lögfestu er tilgreint þar sem vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmýrar, vegna þess að ur fremra Gjæsisvatni falla Lækjardrög til beggja Plátsanna, og vyrdist því sjálft fremra Gjæsisvatn eiga að helmíngast og verda takmark Plátsanna á milli; enn til að fá Stefnuníd antaka bádir hlutadeigendur ad skuli vera hædsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvanan Lína talist yfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill Lenda á gagnstandandi Fjalli.<sup>370</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 var þinglýst frá Sigurði Guðmundssyni administrator um að nota frá Húsavík svokallaða Syðri-Álftavík.

Við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1855 var þinglesin lögfesta fyrir Húsavík, dagsett 2. júní sama ár, en umboðsmaður Skriðuklausturs mótmælti efni hennar hvað Innri-Álftavík snertir.<sup>371</sup>

### iii. *Nes í Loðmundarfirði*

Hinn 29. ágúst 1890 var dæmt um landamerkjaágreining milli eiganda Álftavíkur og eiganda Ness í Loðmundarfirði:

No. 11/1891. Útskrift úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu. Ár 1890, fimmtudaginn 29. Ágúst var aukarjettur Norður-Múlasýslu settur á skrifstofu sýslunnar og haldinn af sýslumanni Einari Thorlacíus með meðdómsmönnunum Sigurði Stefánssyni, Birni Hermannssyni, Runólfi Þorsteinssyni og Einari Eiríkssyni, var þar þá í landamerkjамálinu: Jónas Hallgrímsson, sem eigandi Álftavíkur gegn Páli Ólafssyni, sem umráðamanni þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði út af ágreiningi um landamerki upp kveðinn svohljóðandi Dómur:

Því dæmist rjett að vera: Landamerki milli Álftavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr Stallkletti, sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallaða Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

<sup>368</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 156-157.

<sup>369</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 9.

<sup>370</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 12.

<sup>371</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 62r.

#### 4.1.12. Innri-Álftavík

##### *i. Innri-Álftavík*

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 var þinglýst frá Sigurði Guðmundssyni administrator um að nota frá Húsavík svokallaða Syðri-Álftavík.

Við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1855 var þinglesin lögfesta fyrir Húsavík, dagsett 2. júní sama ár, en umboðsmaður Skriðuklausturs mótmælti efni hennar hvað Innri-Álftavík snertir.<sup>372</sup>

Hinn 29. ágúst 1890 var dæmt um landamerkaágreining milli eiganda Álftavíkur og eiganda Ness í Loðmundarfirði:

No. 11/1891. Útskrift úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu. Ár 1890, fimmtudaginn 29. Ágúst var aukarjettur Norður-Múlasýslu settur á skrifstofu sýslunnar og haldinn af sýslumanni Einari Thorlacíus með meðdómsmönnum Sigurði Stefánssyni, Birni Hermannssyni, Runólfi Þorsteinssyni og Einari Eiríkssyni, var þar þá í landamerkjamálinu: Jónas Hallgrímsson, sem eigandi Álftavíkur gegn Páli Ólafssyni, sem umráðamanni þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði út af ágreiningi um landamerki upp kveðinn svohljóðandi Dómur:

Því dæmist rjett að vera: Landamerki milli Álftavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr Stallkletti, sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallaða Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

Landamerki Húsavíkur ásamt hjáleigunum Hólshúsi, Dallandi, Dallandsparti, Álftavík og Litlu-Breiðuvík voru lesin fyrir manntalsrétti á Seyðisfirði 2. júní 1894 og í Desjarmýri 24. júní 1893:

No.2/1893. Landamerki kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álftavík og Litlu-Breiðuvík eru þessi: að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álftavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjalli Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgördum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgördunum inna við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir

<sup>372</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 62r.

Melshornið eða Bringu. Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinsonar 1655, Jón biskups Árnasonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greispjgá til almenningafjöru (þetta er hvorutveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svinavík (þetta hvorutveggja í Stóru-Breiðuvík). Dvergasteini, 17. Maí 1887.

ii. *Húsavík*

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi og mótmælti Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum nefndri lögfestu vegna Húsavíkurkirkju.<sup>373</sup> Lögfestan er frá 31. maí 1772 og er efni hennar svohljóðandi:

Eg Halldor p. Gíslason, lögfesti hér i Dag Desjarmýrarkyrkju Eign, med ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavíkurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Gjæsarvötn, allan Mosdal, og allan Hrafnsdal og svo allt útá Þrándarhrigg, i þann Tind sem stendst á vid Folaldsgröf, og svo þversynis ofan i Fiardará, ogsvo allt hid nedra i Þverá, akra og Tödur, Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og veidistadi, og allar Landsnytiar, þær er því Landi eígu ad fylgja og fylgt hafa, til ummerkia þeirra, er adrir Menn eiga i móti tedrar kyrkju Landeign. Fyrirbíd eg hédan af hvöríum manni i ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Grasatekiu, hagbeitar gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til. I sama máta lögfesti eg eptirskrifud Itök undir Desjarmýrarkyrkju, þridiungi vidreka undir Uxafelli, allan Vidreka i Hellirsvík, frá Dráng frá Dráng [svo] þeim er stendr geingt Runuskála og inn til þess er nærstur er út Laxá, hvalreka i hellirsvík, og svo hvar sem kémur inntil drángs; allan vidreka i Mariubási og svo hvalreka, Saltfioru i beitavik milli Lækia. Sudabeit út á Sandi, 30 Saudabeit i Hafnar, halfan hvalreka og vidreka út á Sandi Tveggiamanna ágáng á hval i Kiólsvik. Níundu hvöria vætt i Mariufiöru. Vidreka allan og hálfan hvalreka út frá dráng til kamb. Fiskivist ad Øltuhamri, 80 Sauda beit um Mánud i Snotruness Landi, Husakinn og Skiól i Olafsborg, 2<sup>ia</sup> hrossa gaungu i Bakkapýfum. Öll þessi Itök, lögfesti eg ad ord fullu og lögmáli rettu, Til merkis mitt undirskrifad nafn ad Desjarmyri þann 31<sup>st</sup> Maii 1772

Halldór Gíslason<sup>374</sup>

Hinn 2. október 1840 var hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir landamerkmál milli jarðanna Desjarmýrar og Húsavíkur. Engin sátt náðist.<sup>375</sup> Málið var tekið fyrir að nýju hjá nefndinni hinn 23. júlí 1842 en einkum var deilt um landstykkið Efri-Fitjar. Sátt komst á milli aðila og er henni þannig lýst í sáttabók Borgarfjarðarumdæmis:

ad Presturin finnur orsök til ad fráfalla ordatiltækinu Fossárbrekkur í Logfestu Disjarmýrarkyrkju af 1772, þared í sömu Lögfestu er tilgreint þar sem vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmýrar, vegna þess ad ur fremra Gjæsisvatni falla Lækjardrög til beggja Plátsanna, og vyrdist því sjálft fremra Gjæsisvatn eiga ad helmíngast og verda takmark Plátsanna á milli; enn til ad fá Stefnumid antaka bádir hlutadeigendur ad skuli vera hædsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvadan Lína talist yfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill Lenda á gagnstandandi Fjalli.<sup>376</sup>

<sup>373</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829-1842, bls. 92r.

<sup>374</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 156-157.

<sup>375</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 9.

<sup>376</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 12.

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 var þinglýst frá Sigurði Guðmundssyni administrator um að nota frá Húsavík svokallaða Syðri-Álftavík.

Við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1855 var þinglesin lögfesta fyrir Húsavík, dagsett 2. júní sama ár, en umboðsmaður Skriðuklausturs mótmælti efni hennar hvað Innri-Álftavík snertir.<sup>377</sup>

*iii. Nes í Loðmundarfirði*

Hinn 29. ágúst 1890 var dæmt um landamerkjaágreining milli eiganda Álftavíkur og eiganda Ness í Loðmundarfirði:

No. 11/1891. Útskrift úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu. Ár 1890, fimmtudaginn 29. Ágúst var aukarjettur Norður-Múlasýslu settur á skrifstofu sýslunnar og haldinn af sýslumanni Einari Thorlacíus með meðdómsmönnum Sigurði Stefánssyni, Birni Hermannssyni, Runólfi Þorsteinssyni og Einari Eiríkssyni, var þar þá í landamerkjamálinu: Jónas Hallgrímsson, sem eigandi Álftavíkur gegn Páli Ólafssyni, sem umráðamanni þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði út af ágreiningi um landamerki upp kveðinn svohljóðandi Dómur:

Því dæmist rjett að vera: Landamerki milli Álftavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr Stallkletti, sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallaða Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

#### 4.1.13. Hjálmárströnd

*i. Sérstaklega um kröfuvæðið*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Hjálmárströnd:

[...] nú óbyggð kirkjueign Dvergasteinskirkju í Seyðisfirði, brúkuð til afréttar, en þegar hún hefur byggð verið hefur hún legist fyrir 2 hndr.<sup>378</sup>

*ii. Desjarmýri*

Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er Desjarmýri metin með eyðihjáleigunum Setbergi og Þrándarstöðum til 20 hundruða að dýrleika.<sup>379</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi og mótmælti Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum nefndri

<sup>377</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1854-1857, bls. 62r.

<sup>378</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 219.

<sup>379</sup> Jarðamat Norður-Múlasýslu 1804, bls. 12v.



lögfestu vegna Húsavíkurkirkju.<sup>380</sup> Lögfestan er frá 31. maí 1772 og er efni hennar svohljóðandi:

Eg Halldor p. Gislason, lögfesti hér i Dag Desjarmýrarkyrkiu Eign, med ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavíkurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Gjæsarvötn, allan Mosdal, og allan Hrafnisdal og svo allt útá Þrándarhrigg, i þann Tind sem stendst á vid Folaldsgröf, og svo þversynis ofan i Fiardará, ogsvo allt hid nedra i Þverá, akra og Tödur, Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og veidistadi, og allar Landsnytiar, þær er því Landi eígu ad fylgia og fylgt hafa, til ummerkia þeirra, er adrir Menn eiga i móti tedrar kyrkiu Landeign. Fyrirbid eg hédan af hvöríum manni i ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Grasatekiu, hagbeitar gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til. I sama máta lögfesti eg eptirskrifud Itök undir Desjarmýrarkyrkiu, þridiungi vidreka undir Uxafelli, allan Vidreka i Hellirsvík, frá Dráng frá Dráng [svo] þeim er stendr geingt Runuskála og inn til þess er nærstur er út Laxá, hvalreka i hellirsvík, og svo hvar sem kémur inntil drángs; allan vidreka i Mariubási og svo hvalreka, Saltfioru i beitavik milli Lækia. Sudabeit út á Sandi, 30 Saudabeit i Hafnar, halfan hvalreka og vidreka út á Sandi Tveggiamanna ágáng á hval i Kiólsvik. Níundu hvöria vætt i Mariufiöru. Vidreka allan og hálfan hvalreka út frá dráng til kamb. Fiskivist ad Øltuhamri, 80 Sauda beit um Mánud i Snotrúness Landi, Husakinn og Skiól i Olafsborg, 2<sup>ia</sup> hrossa gaungu i Bakkaþýfum. Öll þessi Itök, lögfesti eg ad ord fullu og lögmáli rettu, Til merkis mitt undirskrifad nafn ad Desjarmyri þann 31<sup>te</sup> Maii 1772 Halldór Gíslason.<sup>381</sup>

Hinn 2. október 1840 var hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir landamerkjámál milli jarðanna Desjarmýrar og Húsavíkur. Engin sátt náðist.<sup>382</sup> Málið var tekið fyrir að nýju hjá nefndinni hinn 23. júlí 1842 en einkum var deilt um landstykkið Efri-Fitjar. Sátt komst á milli aðila og er henni þannig lýst í sáttabók Borgarfjarðarumdæmis:

ad Presturinn finnur orsök til ad fráfalla ordatiltækinu Fossárbrekkur í Logfestu Disjarmýrarkyrkju af 1772, þared í sömu Lögfestu er tilgreint þar sem vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmýrar, vegna þess ad ur fremra Gjæsisvatni falla Lækjadrög til beggja Plátsanna, og vyrdist því sjálft fremra Gjæsisvatn eiga ad helmíngast og verda takmark Platsanna á milli; enn til ad fá Stefnumid antaka bádir hlutadeigendur ad skuli vera hædsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvadan Lína talist ýfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill Lenda á gagnstandandi Fjalli.<sup>383</sup>

<sup>380</sup> Sýsl. N-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1829-1842, bls. 92r.

<sup>381</sup> Sýsl. N-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819-1847, bls. 156-157.

<sup>382</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 9.

<sup>383</sup> Sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1837-1911, bls. 12.

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjueign frá 23. maí 1772 frá Halldóri Gíslasyni með öllu Setbergslandi og tilheyrandi afskrift af Borgarfjarðarhrepps forlíkunarprotocoll frá 23. júlí 1842.<sup>384</sup>

Hinn 2. apríl 1855 var gert byggingarbréf fyrir Setberg, hjáleigu Desjarmýrar í Borgarfirði. Í bréfinu segir eftirfarandi:

Með þessu brefi byggi eg Ásmundi bonda Ásmundssyni hjáleigu Mýrastaðar Setberg í Borgarfirði 4 hndr. að dyrleika. Landamerki Setbergs tel eg Myrká að utan Þverá að neðan og innan og svo Krossá, en að ofan úr Hvítahnúk í Urðarhólavatn og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk. Landið innan þessara takmarka byggi eg honum túnengjar og haga og öll landsnot með eptir fylgjandi skilmálum. Hann skal gjalda mér í Landskuld 2 Sauði veturgamla á hausti og 20 pund af tolg eða þeirra virði í öðru. En af halfu ásauðar kúgildi, sem eg læt fylgja kotinu skal hann gjalda 1 teigslátt í heimatúni staðarins. Engan kvist eða hris má hann rífa eða höggva í Setbergslandi og engum öðrum leyfa. Øll sprek og kalkvist má hann rífa. Engjar hagbeit og svarðtekju má hann ljá ef hann getur og taka þóknun fyrir. Þó má hann ekki halda húsmennsku fólk eða byggja neitt af Landinu án leyfis Landsdrottins.

Afrétt skal hann hafa saman við Desjarmýri og heya sér ókeypís í afrétt staðarins þegar hann þarf, en ekki nema þar sem Landsdrottinn ákveður í hvert skipti.

Vilji hann víkja burtu af jörðunni skal hann Segja henni Lausri fyrir Jól, næstu á undan þeim fardögum þá hann ætlar burt.

Með þessum skilmálum er velnefndum bonda Ásmundi Ásmundssyni heimilt þetta ábylí til allra löglegra leiguliða nota

Engin hús fylgja Setbergi.<sup>385</sup>

Í landamerkjalyýsingu Desjamýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, dags. 25. júlí 1890, er þinglýst var á Desjarmýrarmanntalsþingi 29. júní 1891, segir:

Að sunnanverðu til móts við Húsavík úr fjalli því, er Náttmálafjall heitir beint á Húsavíkurheiðarvarp og eptir því eins og vötnum deilir, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn. Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhjúka, og þaðan út öll vörp út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur og Borgarfjarðar. Þaðan skilur svonefndur Þrándarhryggur land Desjamýrar frá Brúnavík. Landamerki milli Desjamýrar og Hofstrandar eru úr mið strípum á svonefndum Grenishæðum, sjónhending ofan í miðja Folaldsgjót, og þaðan beint í Fjarðará. Að norðanverðu ræður Fjarðará, allt þangað til Þverá fellur í hana, en úr því ræður Þverá, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá alla leið inn

<sup>384</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 36v.

<sup>385</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Desjarmýri í Borgarfirði 1800?-1887.

og suður í fjöll. Kirkjan að Desjamýri á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, visitatiu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1645 þessi ítök: [...] Kirkjan á ennfremur 30 sauðabeit í Háukinn í Snotrunesslandi og tveggja hrossagöngu í Bakkaþýfi og taka ei undan folöld. [...]

*iii. Sævarendi*

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir meðal annars um Sævarenda:

[...] 3. Útengjar: Reitingsamar, snögglendar. Griðfærar. Þurlendar í fjall[i] en votlendar í svonefndri „Blá“. Liggja allvel við vatnsveitu á parti. Engjavegur langur og vondur úr fjalli, en griðfær af neðri engjum. Hey tæplega í meðallagi. Meðalhefingur 100 hestar.

[Á spássíu] 4. Beitol. gott sumar og vetur fyrir sauðfé, stórgr. hagar lakari. Landið víðáttumikið og snjólétt [...]

B. Önnur jarðargæði:

1. Mótak er nýfunduð, en lítið reynt. 2. Grjót, möl og sandur nærtæ[kt.] 3. Silungsveiði stutt frá bæ. 4. Æðarvarp í Hólma í ánni stutt frá bænum gefur af sér í meðalári 16 kg af hreinsuðum dún, og mikið af eggjum til heimilisnota. Auk þess kríuvarp allmikið. 5. Áin er bátgeng frá sjó að hlaðvarpa.

C. Sérstakir ókostir:

1. Útgræðsla túns fremur erfið vegna sandfoks og votlendis.
2. Jörðin er engjalítill svo árlega þarf að kaupa heyskap að.
3. Torfrista léleg. [...] <sup>386</sup>

*iv. Vestdalur*

Árið 1883 var tekinn fyrir landamerkjamála Dvergasteins og Vestdals. Málið var alls tekið fyrir fjórum sinnum hjá sýslumanni dagana 10., 19. og 26. september 1883.<sup>387</sup> Dæmt var í málinu 26. september 1883 þar sem niðurstaðan um landamerkin var eftirfarandi:

Því dæmist rétt að vera:

Prætutunga sú, er kennd er við Grytáreyri og liggur milli samnefndra áa, á að vera eign Dvergasteinskirkju, þannig að hin svonefnda innri Grýtuá skal ráða

<sup>386</sup> Fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 338–339.

<sup>387</sup> Sýsl. N-Múl., GA/5–4, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1880–1884, bls. 451–453, 467–472.

landamerkjum milli jarðanna Dvergasteins og Vestdals, frá sjó innanvið hús B. Nagells norðmanns uppeftir hinum gamla árfarvegi fyrir utan nýbylið Eiríksstaði, þaðan skáhallt uppí Grafgil eptir sjónhendingu þar sem það endar uppí fjallshlíðinni, síðan uppeftir þessu gili beina stefnu þartil vötnum hallar.<sup>388</sup>

v. *Brimnes*

Landamerkjabréf Brimness er dags. 29. maí 1889, og var þinglýst á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 1. júní 1889. Það hljóðar svo:

Brimness landamerki eru: Hið innra milli Dvergasteins og Brimness í Markhellu og er krossmark klappað í innri Markhellubrún við sjóinn, en þaðan ræður sjónhendingalína upp í fjallsbrún, untanvert við hæstu egg þar upp af, og er skammt fyrir ofan Markhelluna hlaðin 1 varða úr grjóti, sem miðuð frá krossmarkinu á fjallið sýnir stefnuna. Hið ytra ræður landamerkjum milli Brimness og Hjálmarstrandar, eignar Dvergasteinskirkju, svo nefnt Grímkelsgil úr fjöru upp á fjallsbrún. Hér í milli á Brimness allt land frá sjó upp á fjall þar til er vötnum hallar.

#### 4.1.14. Hjálpleysa

i. *Tunguhagi með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði*

Við manntalsþing 18. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Tunguhaga.<sup>389</sup>

Við manntalsþing 3. júlí 1923 var þinglesin landskiptagjörð milli jarðanna Grófargerði, Arnkelsgerði og Tunguhagi.<sup>390</sup>

Við lögreglurétt 18. júní 1926 fór fram rannsókn á meintu broti á fjallskilareglugjörð sýslunnar. Vitnisburðir: Sigurður Björnsson bóndi Sauðhaga. Benedikt Sigurðsson bóndi Gilsstöðum. Gunnar Sigurðsson bóndi Beinargerði. Þórður Eiríksson bóndi Úlfsstöðum. Magnús Jónsson frá Tunguhaga. Kristján Sigmundsson bóndi Eyjólfstöðum.<sup>391</sup>

ii. *Stóra-Sandfell*

Landamerkjalyfing Stórasandfells á Skriðdal er dags. 9. júní 1884 og þinglýst á Þingmúlamanntalsþingi 27. júní 1885.

Að utan ræður Gilsá inná Hjálpleysuvarp, að norðan Grímsá að framan Hvína. Að ofan eggjar.

<sup>388</sup> Sýsl. N-Múl., GA/5-4, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1880-1884, bls. 472-479.

<sup>389</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók 1881-1887, bls. 177r-177v.

<sup>390</sup> Sýsl. S-Múl. GA/11-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923-1926, bls. 9.

<sup>391</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923-1926, bls. 419-422.

iii. *Áreyjar*

Við manntalsþing 1. júní 1883 var þinglýst forboði frá Jóhanni Péturssyni á Áreyjum um að ferðamenn ái ekki í engjum hans.<sup>392</sup>

Við manntalsþing 27. júní 1883 var þinglýst forboði Jóhanns Péturssonar á Áreyjum um beit utan Áreyjarklifs.<sup>393</sup> Þá var forboði hans einnig þinglýst við manntalsþing 7. júlí 1883.<sup>394</sup>

Landamerkjalyýsingu Áreyja dags. 5. september 1885, var þinglýst 31. maí 1886 á Eskifjarðarmanntalsþingi:

Að sunnan milli Áreyja og Stuðla liggur markið úr Flóalækjarós í sandskörð þaðan á Mirkimmel þaðan á mitt Kotfell. Að vestan milli Arnkvílsstaða, Eirartinga Litlasandfells og Stórasandfells liggja mörkin úr miðju Kistufelli á Kv[.....] þaðan á Hallsteinsdalssvarp þaðan á Hjálpleysuvarp eptir því sem vötnum hallar. Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. Að austan og utan skilur Fagradals á alla leið Selja [.....] og Áreyjalandsút í Flóa lækjarós. Innan þessara landamerkja liggja þau ítök er hér greinir: 1. Vallaneskirkja á afrétt í Fagradal frá Hvítá til Afréttará. 2. Gíslastaðir á Völlum eiga frétt á Fagradal milli Hvítár og Laumuár.

Landamerkjalyýsingin er samþykkt af hálfu Stuðla, Arnhólsstaða, þess hluta úr Tunghaga sem Skriðdalshrepp heyrir til, Eyrarþings, Litlasandfells og Stórasandfells. Þá segir:

Ennfremur eru hinsvegar rituðum landamörkum og ítökum samþykkir: Vér undirskrifaðir samþykkjum ofangreind landamerki, hvað Fagradal snertir, með svo felldu móti, að vér notum afréttarlandið á sama hátt frjálst og átökulaust, eins og hingað til hefur verið. Bergur Jónsson (fyrir hönd Vallaneshrepps) Jón Vilhjálmsson Vilhjálmur Jónsson (eigendur Gíslastaðar)

Við aukarétt 16. júlí 1910 voru dómkvaddir tveir menn til þess að virða og meta til peningaverðs kirkjujörðina Áreyjar í Reyðarfirði.<sup>395</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Áreyjar að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst 31. maí 1886. Einnig segir að upprekstrarland sé víðlent og gott og þá telji jarðareigandi sig eiga skógarítak í Seljateigsskógi.<sup>396</sup>

<sup>392</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 102v.

<sup>393</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 109v.

<sup>394</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 124v–125r.

<sup>395</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896–1912, bls. 524–525.

<sup>396</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 211–212.

*iv. Gíslastaðir og Gerði*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Gíslastaði og afbýlið Gíslastaðagerði:

Þessi jörð er mjög hagapröng en hefir töðufall gott eftir dýrleika, sæmilegar engjar og útigang nokkurn.<sup>397</sup>

Ekkert landamerkjabréf hefur fundist fyrir Gíslastaði.

#### **4.1.15. Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis**

*i. Gíslastaðir / Gíslastaðagerði*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Gíslastaði og afbýlið Gíslastaðagerði:

Þessi jörð er mjög hagapröng en hefir töðufall gott eftir dýrleika, sæmilegar engjar og útigang nokkurn.<sup>398</sup>

Ekkert landamerkjabréf hefur fundist fyrir Gíslastaði.

*ii. Áreyjar*

Við manntalsþing 1. júní 1883 var þinglýst forboði frá Jóhanni Péturssyni á Áreyjum um að ferðamenn ái ekki í engjum hans.<sup>399</sup>

Við manntalsþing 27. júní 1883 var þinglýst forboði Jóhanns Péturssonar á Áreyjum um beit utan Áreyjarklifs.<sup>400</sup> Þá var forboði hans einnig þinglýst við manntalsþing 7. júlí 1883.<sup>401</sup>

Landamerkjalyýsingu Áreyja dags. 5. september 1885, var þinglýst 31. maí 1886 á Eskifjarðarmanntalsþingi:

Að sunnan milli Áreyja og Stuðla liggur markið úr Flóalækjarós í sandskörð þaðan á Mirkimel þaðan á mitt Kotfell. Að vestan milli Arnkvílsstaða, Eirartinga Litlasandfells og Stórasandfells liggja mörkin úr miðju Kistufelli á Kv[.....] þaðan á Hallsteinsdalsvarp þaðan á Hjálpleysuvarp eptir því sem vötnum hallar. Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. Að austan og utan skilur Fagradals á alla leið Selja [.....] og Áreyjalandsút í Flóa lækjarós. Innan þessara landamerkja liggja þau ítök er hér greinir: 1. Vallaneskirkja á afrétt í Fagradal frá Hvítá til Afréttará. 2. Gíslastaðir á Völlum eiga frétt á Fagradal milli Hvítár og Laumuár.

<sup>397</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 301.

<sup>398</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 301.

<sup>399</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 102v.

<sup>400</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 109v.

<sup>401</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 124v-125r.

Landamerkjalyýsingin er samþykkt af hálfu Stuðla, Arnhólsstaða, þess hluta úr Tunghaga sem Skriðdalshrepp heyrir til, Eyrarþings, Litlasandfells og Stórasandfells. Þá segir:

Ennfremur eru hinsvegar rituðum landamörkum og ítökum samþykkir: Vér undirskrifaðir samþykkjum ofangreind landamerki, hvað Fagradal snertir, með svo felldu móti, að vér notum afreittarlandið á sama hátt frjálst og átökulaust, eins og hingað til hefur verið. Bergur Jónsson (fyrir hönd Vallaneshrepps) Jón Vilhjálmsson Vilhjálmur Jónsson (eigendur Gíslastaðar)

Við aukarétt 16. júlí 1910 voru dómkvaddir tveir menn til þess að virða og meta til peningaverðs kirkjujörðina Áreyjar í Reyðarfirði.<sup>402</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Áreyjar að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst 31. maí 1886. Einnig segir að upprekstrarland sé víðlent og gott og þá telji jarðareigandi sig eiga skógarítak í Seljateigsskógi.<sup>403</sup>

*iii. Tunguhagi með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði*

Við manntalsþing þann 18. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði, dags. 14. júní s.á.

Landamerkjalyýsing jarðarinnar Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði: að utan ræður Stórilækur þar til hann fellur í Tunghagalæk, þá Tunghagalækur uns hann fellur í Grímsá. Að norðan og vestan Grímsá. Að framan Gílsá, að Hjálpleysuvatni, og síðan Lambavallaá inná Hjálpleysuvarp. Að austan og sunnan: fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarps.

Við manntalsþing 3. júlí 1923 var þinglesin landskiptagiörð milli jarðanna Grófargerði, Arnkelsgerði og Tunguhagi.<sup>404</sup>

Við lögreglurétt 18. júní 1926 fór fram rannsókn á meintu broti á fjallskilareglugjörð sýslunnar. Vitnisburðir: Sigurður Björnsson bóndi Sauðhaga. Benedikt Sigurðsson bóndi Gílsstöðum. Gunnar Sigurðsson bóndi Beinargerði. Þórður Eiríksson bóndi Úlfsstöðum. Magnús Jónsson frá Tunghaga. Kristján Sigmundsson bóndi Eyjólfstöðum.<sup>405</sup>

<sup>402</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896–1912, bls. 524–525.

<sup>403</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 211–212.

<sup>404</sup> Sýsl. S-Múl. GA/11-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923–1926, bls. 9.

<sup>405</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923–1926, bls. 419–422.

*iv. Eyjólfstaðir*

Landamerkjalyýsing kirkjujarðarinnar Fossárdals (kotin Eiríksstaðir, Víðines og Eyjólfstaðir) er dags. 2. maí 1884, og var þinglýst á Djúpavogarmantalsþingi 23. júní 1884.

Ár 1884 dag 2. Maím. vorum við undirskrifaðir saman komnir til að setja upp yngja landamerki kirkjujarðarinnar Fossárdals, (sem eru kotin Eiríksstaðir Víðines og Eyjólfstaðir) í Beruneshrepp í Suðurmúlasýslu og niður við á sáttir eptirfylgjendi landamerkjum, sem eru hjer um bil samhljóða gömlum máldögum og biskupavísitatum Berufjarðar kirkju: að utan milli suður Fossadals eða Eiríksstaða hinn svokallaði Skeggjasteinn, sem stendur í fjörumáli við ytri enda brúarinnar sunnanvert í Fossvíkinni og úr honum bein stefna í gjót, er liggur upp Desjarkletta uppá fjallsbrún skamt fyrir utan Bálkagil og svo úr gjótunni beina stefnu uppá hina svokölluðu Desjarhyrnu og svo þaðan inn eptir hinum efstu fjalleggjum og tindum eins og lækjum hallar inná hinn svonefnda Brattháls og eptir Bratthálsinum til norðurs eins og vötnum hallar úteptir hinu svokallaða Fossárfelli milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan af sunnanverðum Fellsröðlinum ofan að stórum steini hjá lynd þeirri, sem er skamt fyrir sunnan hinar svonefndu Höskuldartæptur. á Selneshjalla sunnanverðum og frá Merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá fyrir neðan Selneshjalla og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað Tómasatsund eða Merkivörðu í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan Selneshólma.

*v. Vallanes*

Landamerkjum jarðanna Strandar og Vallaness var lýst með eftirfarandi hætti, og þinglýst á Egilsstaðamantalsþingi 18. júní 1884.

Landamerki milli kirkjujarðarinnar Strandar og Vallaness hafa verið haldnir að fornu og nýju þessi: lág sú, sem Merkilág er kölluð, og eptir sem láginn liggur sjónhending í hátt hraun, sem nefnt hefur verið Stekkahraun, og þaðan í stein sem stendur í Votategi utarlega vestan við lækinn.

Landskipti milli Vallaness og Vallaneshjáleigu, voru gerð með svofelldum hætti dags. 26. október 1938.

Miðvikudaginn 26. Október voru gjörð þannig löguð landskipti milli prestssetursins í Vallanesi og hjáleigunnar Vallaneshjáleiga, en fullnaðar skifti fóru fram á túni og engjum en ekki þótti fært að skifta beitalandi milli jarðanna að svo stöddu. Samkvæmt þessum skiftum verða tún og engjamörk milli téðra jarða sem hér segir: Vallaneshjáleiga fær fremsta hlutann af túninu samfellt út að gömlum grónum Vallargarði, skammt fyrir framan Lambhús. Merkin eru þvert vestur af garðinum um klettanibbu, sem er í áframhaldandi garðs og þaðan áfram vestur í Ormsmýri. Austur af fylgja mörkin fyrst garðinum, þangað til hann liggur út í, þaðan fylgja mörkin beinni línu, suður í ytraverða nátthagahorn. Engjarnar verða allar í einu lagi og liggja niður frá túninu. Að ofan ræður túnið mörk þau, er að framan eru skráð um ytri enda túnsins. Úr nátthagahorninu ytra



fylgja mörkin börðunum út að Þrætugarði. Síðan fylgja þau honum um Grænutóft í vörðu við Uxalæk. Þá ræður lækurinn inni Tjörn og síðan tjörnir þar sem hún [...] úr framenda tjarnarinnar upp í Mela, fylgir síðan endanum út í Uxalæk og áfram úti innra og neðra túnhornið.

Þá voru landamerki milli Straumness annarsvegar og Vallaness, Víkingsstaða og Sauðhaga einnig ákveðin með gjörð sama dag, eða 26. október 1938 og þinglýst 17. nóvember s.á.

Landamerki milli Straumnes annarsvegar og Vallaness, Víkingsstaða og Sauðhaga hinsvegar. Samkvæmt árið er gjörð var miðvikudaginn 26. Október 1938 eru landamarki jarðarinnar Straumnes í Vallahreppi í Suðu-Múlasýslu ákveðin þannig: Að sunnan lína frá vörðu hjá Illukeldu við Grímsá í Fremsta Stórhól, þaðan bein lína í Borgardalslæk við Fremstan ás í stefnunni Fremrihóll – Grásteinn (landamerki Víkingsstaða halda áfram eftir þessari línu). Að vestan Norgardalslækur í bláarkerin, þaðan bein lína í innri endann á Uxalæk, þaðan ræður Uxalækur að Einbúavörðu. AÐ norðan lína frá Einbúavörðu í innstu Þrívörðu, þaðan í Torfaselslæk á Straumnesmelum og beint í Grímsá hjá Úlfstaðavaði. Að austan ræður Grímsá.

#### 4.1.16. Geitdalsafréttur

##### *i. Geitdalur*

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Geitadals, dags. 14. júní 1884. Þar segir:

Landamörk fyrir jörðinni Geitdal, að utan ræður Marká, sem kemur ofan úr Hraungarði og fellur í smá króka í Geitdalsá ofan, að ofan ræður Hraungarður allt inn að innri Sauða sem hefur upptök sín úr Hraungarðsslakka og fellur ofan í Geitdalsá og utan svokallaðar Búðartungur sem séra Páll Pálsson á Þingmúla hefur uppglökkvað að Þingmúlakirkja eigi. Fyrir innan ofangreinda á kemur saman land Þingmúla og Hallormsstaðar, að austan ræður Geitdalsá, sem kemur innan frá Bratthálsi og fellur alla leið út dalinn úti Grímsá fyrir utan Þingmúla.

Við lögreglurétt 23. júní 1906 voru Jón Björgvin Jónsson, bóndi á Vaði, og Svanhvít Sigurðardóttir í Geitdal sektuð fyrir vanrækslu á fjallaskilum.<sup>406</sup>

##### *ii. Þingmúli*

Í Vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar, dags. 12. ágúst 1641, segir um Þingmúla í Skriðdal:

Olaffs kuirka J múla J Skriðdal ä Heimaland allt med þeim vmmerkium er Sera Gissur Gýslason tilseiger Sig hallded og hafft hafdi. Halffann Jorunnardal framm ä stafnz Heyde til þess votnum Hallar eirnenn allar Øxarárdal framm ä øxe til þess votnum hallar / ad

<sup>406</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1902-1909, bls. 356-357.

frateknu haugalande, Allann hallffann geitdal og Búdartungur effre og ytre. Skryduland med Somu vmmerkium sem ädur eru sogd ad fylgie stadarlandenu og flogu. 6. Hundrud med þessum landamerkiem, framm J marklæk og rettsyness offan J Geitdalz Ä og suo ä fiiall vpp. enn vtfrä vt J þüfu og offan J lækinn sem rennur fyrer framan flógu eyre offan J äna. tuo hlute J hualnese Reka a Olaffssande. Priü hundrud týræd. Backaland. HallBiarnastade vndersomu landamerkiem er ädur voru greind. Skögar teyg J merkeär kuysl-vmm Sextyu timburz J Hallormstada Skögum huert är. Heffur Sera Gysur Gyslason stadinn Hallded med þessum landamerkiem atolulausum ä siounda og tuttugasta är [...].<sup>407</sup>

Hinn 4. júní 1703 lögfesti sr. Eiríkur Sölvason eign Ólafskirkju að Þingmúla í Skriðdal. Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Erikur Saulvason lögfeste hier J dag Eign Olafs Kyrkiu, ad Þyngmúla J Skriddal lögfeste eg Heimaland allt, Greindrar Kyrkiu: Hálfann Jorunar dal allann framm ä Stafsheide til þess Vótnum Hallar: Eirnenn allann Oxarárdal framm ä Óxj til þess Vótnum hallar, ad frateknu Haugalande allann Halfann Geitdal og búdartungur Efre og ytre: Reka ä Olafs Sande þriu hundrud týræd, Skögarteig i Merke är kuyslum: lx timburz i Hallorms Stada Skoogum hvort är: Skoog J Sandfells Land: Logfeste eg tódur og Eingiar hüs og haga, Reka og Skooga Vótn og Veide Stade og allt það Sem til gagn[s] ma hafa Jnnann greindra takmarka, med óllum landsnýtjum Sem þui lande eiga ad filgja ad fornu og nýu: Fyrerbýd Eg hiedan af Huorium manne Sier ad nytia Brüka edur beita Jrkia edur J ad Vinna nema mitt Sie lof edur leife til, ad Vitne þyü Henrik Biarnason og þyü Einar Sueinsson og allra þeirra er Ord mýn Heyra.<sup>408</sup>

Samskonar lögfesta var upplesin af sr. Eiríki að Þingmúla árið 1718, en þá lögfesti sr. Eiríkur einnig m.a. landamerki Hallbjarnarstaða í Skriðdal og Flögu í Skriðdal. Landamerkjum þeirra jarða er hins vegar ekki lýst í lögfestunni.<sup>409</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1755 var upplesin skrifleg umkvörtun sr. Halls Ólafssonar að Þingmúli hafi síðustu 20 ár á undan stórlega að heyskap, haga og torfristu forargast og af sér gengið. Lýst er hvernig landið hefur eyðilagst og hvernig sr. Hallur hafði þurft að senda gripi sína annað í vetrargöngu.<sup>410</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1783 var upplesið afrit af korti viðvíkjandi einum þrætuskógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, útgefið af Högna Torfasyni og dagsett 28. maí 1783. Lögð voru inn skjöl varðandi téðan þrætupart.<sup>411</sup>

<sup>407</sup> Bps. A.II.8. Vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641–1672, bls. 88–89.

<sup>408</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>409</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>410</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 195–196.

<sup>411</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1770–1783, bls. 384.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Þingmúla að jörðin hafi skóg til eigin nota og þá sé hún með afrétt.<sup>412</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Þingmúli metinn með afbýlinu Hátúnum en engin landamerki séu þar á milli. Einnig segir að staðnum tilheyri skógarhögg í Sandfells- og Hallormsstaðarskógi, hálfur reki á Ólafs- og Kliptarsöndum fyrir Héraðsflóa og hagaganga í Víðisgróf.<sup>413</sup>

Landamerkjabréf Þingmúla er dags. 7. júní 1883 og þinglýst 20. júní 1884.<sup>414</sup> Það hljóðar svo:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdals uppá Breiðdalsheiði svonefndur Tjarnarás, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur Þrivarðnahóls, og heim áframhaldandi röðull af Þrivarðnahálsi uppá hraunið allt að Beirvörðu eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu Þorgrímsstaða, Berufjarðar, Arnhólsstaða, Þjóðjarðarinnar Hauga, kirkjujarðarinnar Flögu, Þorvaldsstaða, Geitdals og Tóarsels.

Hinn 14. júní 1884 tók sáttanefnd fyrir ítakamál Páls Pálssonar, fyrir hönd Þingmúlakirkju, gegn eigendum Stóra-Sandfells, Einari Jónssyni og Birni Árnasyni. Eigi varð sáttum ákomið og málinu því vísað til landslaga og réttar.<sup>415</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Þingmúla að landamerki séu þinglesin 20. júní 1884 með tilheyrandi hjáleigum. Einnig eru færð inn landamerki heimajarðarinnar:

Að utan Múlaá, að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn í Múlanesi gengur lengst út og þaðan niður að Múlaá og sama bein lína ræður upp Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá mörkum og að framan norðanmegin Merkilækur skamt fyrir utan Kálfeyri.<sup>416</sup>

Um upprekstrarland segir að jörðin eigi ekkert og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Þá segir að ítak fylgi jörðinni, svonefndur „Lónatangi“ í

<sup>412</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 153.

<sup>413</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 24r–24v.

<sup>414</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 180v.

<sup>415</sup> Sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1880–1948, án bls., 14. júní 1884.

<sup>416</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 17.

Hallbjarnarstaðalandi. Loks er í fasteignamatinu skráð eftirfarandi athugasemd við mat Þingmúla:

Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00.

Þess skal einnig getið að Skriðuvatnshólmi heyrði áður til prestssetrinu að Þingmúla, og að nú hefir sóknarpresturinn í Vallanesi afnot hans, leigir hólmann til slæгна. Metinn kr. 400,00.<sup>417</sup>

*iii. Hallormsstaður*

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá 1570 og síðar segir eftirfarandi um Hallormsstað:

Kirkian að Hallormsstöðum. ä heimaland allt.

hun ä Mijraland og Geirölffstadaland. Ärei[jiar] fiordung i Kielldudal. Diupadal hälfann er [ligg]ur hia Stafsheide. Jtem hälfpa Hrollaugstad[e].

x. nauta höffn i Nedradal. og x. i Eijvindarda[l].

mannsfar J Thöriseijiar j gäsveide.

Skogarteig vnder Grænafele. ij Skögarteigar i Sandfell enu effsta. liggur annar. til Mijra. enn annar til Geirölffstada.

xij letorffna skurd i Strandarland huertt är.

Stadnum fylger hälfpur thridie tugur hundrada fadma ä Söndum. vt vestur frá Grijmsmel. og allt vmm ärös vestra hinn sextandi hlutur i hälfpum hual. i hälfpum Ösrekum. ättungur i øllum matreka. mille Gerpis og Krossavijkur är. siettungur vr fiordunge i hualreka. mille Spakardalz og Helgu är. Hölme i Skriduvatne. hundrad alna affgreidsla i Mioffanese.<sup>418</sup>

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. september 1825 var upplesin lögfesta frá sr. Gunnlaugi Þórðarsyni á Hallormsstað, dagsett 4. september sama ár.<sup>419</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 18. maí 1849 var þinglesið bréf frá sr. Hjálvari Guðmundssyni á Hallormsstað þar sem hann ávísaði Fljótsdælingum svæði í Hallormsstaðarlandi til áfanga og beitarstaðar.<sup>420</sup>

<sup>417</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 18.

<sup>418</sup> *DI XV*, bls. 682–683.

<sup>419</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 212–213.

<sup>420</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1842–1854, bls. 123v.

## Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir meðal annars um Hallormsstað:

28. Hallormsstaður með hjáleigunni Ormsstöðum. Landamerkjum þinglýst 6. júlí 1885.

1. Eigandi landssjóður. Ábúandi skógarvörður Guttormur Pálsson.

[...]

b. Engjarnar eru grasgefnar, greiðfærar og þurrar. Á þær er veitt vatni. Þær eru nærtækar og nokkurnveginn samfeldar. Af þeim fást 600 hestar af góðu heyi, síðan engjarnar og skógurinn voru girtar.

c. Beitolandið er kjarngott, víðlent og snjólétt. Stórgripahagar nærtækir skjólgóðir og kjarngóðir. Sauðfjárgeymsla er erfið, sækir mjög til fjalla.

d. Upprekstrarland á Gilsárdalsafrétt sem fylgir jörðinni. Tekjur af henni hafa numið árl. 45 kr. auk afnota fyrir heimafénað.

4.a. Eldsneyti: Mótak er mikið og gott. Skógviður nægur.

[...]

d. Samkvæmt landamerkjaskrá jarðarinnar fylgdu henni ítök – slægju og beitar – í 4 aðrar jarðir, en 5 jarðir áttu aftur skógar-ítak í henni. Ekkert af ítökum þessum er nú notað, svo óþarft er að telja þau upp, nema frá Skeggjastöðum í Fellum, liggur á Hallormsstað enn sú kvöð að láta þangað hrís á 14 hesta. [...] <sup>421</sup>

### 4.1.17. Búðartungur

*i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu segir:

Samkvæmt máldögum og biskupa visitascium á Þingmúlakirkju: Búðartunga efti og ytri sem eru innanvert við Geitdalsafrejt. Þingmúla 28. Maí 1884. Páll Pálsson. Takmörkin á Búðartungum eru: að utan Sauða norður á Hornbrynju, sem ræður svo að norðan, að innan Hraun innað Vatnajökli, að austan ræður Geitdalsá. Páll Pálsson. Landamerkjalyking þessari og eingarheimild eru samþykkir Pjetur Guðmundsson Þorvaldur Guðmundsson, eigendur Geitdals. Fyrir Hallormsstað Páll Pálsson. Þinglýst á Þingmúlamannspingi 20. Júní 1884 Jón Johanssen.

*ii. Geitdalur*

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Geitadals.<sup>422</sup>

<sup>421</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 44–45.

<sup>422</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 180v.

Við lögglurétt 23. júní 1906 voru Jón Björgvin Jónsson, bóndi á Vaði, og Svanhvít Sigurðardóttir í Geitdal sektuð fyrir vanrækslu á fjallaskilum.<sup>423</sup>

*iii. Þingmúli í Skriðdal*

Í Vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar, dags. 12. ágúst 1641, segir um Þingmúla í Skriðdal:

Olaffs kuirka J múla J Skriddal ä Heimaland allt med þeim vmmerkium er Sera Gissur Gýslason tilseiger Sig hallded og hafft hafdi. Halffann Jorunnardal fram ä stafnz Heyde til þess votnum Hallar einnenn allar Øxarärdal fram ä øxe til þess votnum hallar / ad frateknu haugalande, Allann hallffann geitdal og Búdartüngur effre og ytre. Skryduland med Somu vmmerkium sem ädur eru sogd ad fylgie stadarlandenu og flogu. 6. Hundrud med þessum landamerkiem, fram J marklæk og rettsynness offan J Geitdalz Ä og suo ä fiiall vpp. enn vtfrä vt J þüfu og offan J lækinn sem rennur fyrer framan flögu eyre offan J äna. tuo hlute J hualnese Reka a Olaffssande. Þriü hundrud týræd. Backaland. HallBiarnastade vndersomu landamerkiem er ädur voru greind. Skögar teyg J merkeär kuysl-vmm Sextýu timburz J Hallormstada Skögum huert är. Heffur Sera Gysur Gyslason stadinn Hallded med þessum landamerkiem atolulausum ä siounda og tuttugasta är [...].<sup>424</sup>

Hinn 4. júní 1703 lögfesti sr. Eiríkur Sölvason eign Ólafskirkju að Þingmúla í Skriðdal. Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Erikur Saulvason lögfeste hier J dag Eign Olafs Kyrkiu, ad Þýngmúla J Skriddal lögfeste eg Heimaland allt, Greindrar Kyrkiu: Hálffann Jorunar dal allann fram ä Stafsheide til þess Vótnum Hallar: Eirnenn allann Oxarärdal fram ä Óxj til þess Vótnum hallar, ad frateknu Haugalande allann Halfann Geitdal og búdartungur Efre og ytre: Reka ä Olafs Sande þriu hundrud týræd, Skögarteig i Merke är kuýslum: lx timburs i Hallorms Stada Skoogum hvort är: Skoog J Sandfells Land: Logfeste eg tódur og Eingiar hüs og haga, Reka og Skooga Vótn og Veide Stade og allt það Sem til gagn[s] ma hafa Jnnann greindra takmarka, med óllum landsnýtjum Sem þui lande eiga ad filg'ia ad fornu og nýu: Fyrerbýd Eg hiedan af Huorium manne Sier ad nytia Brüka edur beita Jrkia edur J ad Vinna nema mitt Sie lof edur leife til, ad Vitne þýnu Henrik Biarnason og þýnu Einar Sueinsson og allra þeirra er Ord mýn Heyra.<sup>425</sup>

Samskonar lögfesta var upplesin af sr. Eiríki að Þingmúla árið 1718, en þá lögfesti sr. Eiríkur einnig m.a. landamerki Hallbjarnarstaða í Skriðdal og Flögu í Skriðdal. Landamerkjum þeirra jarða er hins vegar ekki lýst í lögfestunni.<sup>426</sup>

<sup>423</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1902-1909, bls. 356-357.

<sup>424</sup> Bps. A.II.8. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641-1672, bls. 88-89.

<sup>425</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397-1841.

<sup>426</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397-1841.

Við manntalsþing 30. maí 1755 var upplestin skrifleg umkvörtun sr. Halls Ólafssonar að Þingmúli hafi síðustu 20 ár á undan stórlega að heyskap, haga og torfristu forargast og af sér gengið. Lýst er hvernig landið hefur eyðilagst og hvernig sr. Hallur hafði þurft að senda gripi sína annað í vetrargöngu.<sup>427</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1783 var upplesið afrit af korti viðvíkjandi einum þrætuskógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, útgefið af Högna Torfasyni og dagsett 28. maí 1783. Lögð voru inn skjöl varðandi téðan þrætupart.<sup>428</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Þingmúla að jörðin hafi skóg til eigin nota og þá sé hún með afrétt.<sup>429</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Þingmúli metinn með afbýlinu Hátúnum en engin landamerki séu þar á milli. Einnig segir að staðnum tilheyri skógarhögg í Sandfells- og Hallormsstaðarskógi, hálfur reki á Ólafs- og Kliptarsöndum fyrir Héraðsflóa og hagaganga í Víðisgróf.<sup>430</sup>

Landamerkjabréf Þingmúla er dags. 7. júní 1883 og þinglýst 20. júní 1884.<sup>431</sup> Það hljóðar svo:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdals uppá Breiðdalsheiði svonefndur Tjarnarás, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur Þrívarðnahóls, og heim áframhaldandi röðull af Þrívarðnahálsi uppá hraunið allt að Beirvörðu eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu Þorgrímsstaða, Berufjarðar, Arnhólsstaða, Þjóðjarðarinnar Hauga, kirkjujarðarinnar Flögu, Þorvaldsstaða, Geitdals og Tóarsels.

Hinn 14. júní 1884 tók sáttanefnd fyrir ítakamál Páls Pálssonar, fyrir hönd Þingmúlakirkju, gegn eigendum Stóra-Sandfells, Einari Jónssyni og Birni Árnasyni. Eigi varð sáttum ákomið og málinu því vísað til landslaga og réttar.<sup>432</sup>

<sup>427</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 195–196.

<sup>428</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1770–1783, bls. 384.

<sup>429</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 153.

<sup>430</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 24r–24v.

<sup>431</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 180v.

<sup>432</sup> Sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1880–1948, án bls., 14. júní 1884.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Þingmúla að landamerki séu þinglesin 20. júní 1884 með tilheyrandi hjáleigum. Einnig eru færð inn landamerki heimajarðarinnar:

Að utan Múlaá, að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn í Múlanesi gengur lengst út og þaðan niður að Múlaá og sama bein lína ræður upp Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá mörkum og að framan norðanmegin Merkilækur skamt fyrir utan Kálfeyri.<sup>433</sup>

Um upprekstrarland segir að jörðin eigi ekkert og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Þá segir að ítak fylgi jörðinni, svonefndur „Lónatangi“ í Hallbjarnarstaðalandi. Loks er í fasteignamatinu skráð eftirfarandi athugasemd við mat Þingmúla:

Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00.

Þess skal einnig getið að Skriðuvatnshólmi heyrði áður til prestssetrinu að Þingmúla, og að nú hefir sóknarpresturinn í Vallanesi afnot hans, leigir hólmann til slæгна. Metinn kr. 400,00.<sup>434</sup>

*iv. Berufjörður*

Hinn 30. maí 1791 var upplestin lögfesta fyrir Berufirði, dagsett 25. maí sama ár. Efni lögfestunnar er þannig:

Eg underskrifadur Lögfeste hermed Beneficium Berufiörd á Berufiardar Strönd, og Berufiardar kirkuland allt med Gögnum og Giædum, Hollt og Haga, Vötn og Veide stade, og allar Landsnytiar til fialls og fiöru sem Berufjardar Stad og kirku effter Eldre og Yngre Mældógum, Kaups og Giafa – edur Makaskiffa Brefum filgia, filgt hafa og filgia eigu ätölulaust. Eru Ummmerke þesse, efter Mældaga af 21<sup>te</sup> Maii 1592. Sudur frá Berufyrde, allt Selnes, Fossaarvík, Eyvindarnes, og öll Urdarteigsströnd, sudur ad Nausttofft þeirri er stendur fyrer hedann [svo] Backa, fyrir hedann [svo] Bulandsaa; þaðann rædur Siónehending, af utannverdre Vallvallar Skridu, uppi efsta Skarded, i fiallenu, sem er gegnt Nausttofftene. Á Berufiördur i festu Takmarke, allann Reka, og hvad sem á Land ber, og femætt er; Ad Vestann og Nordann rædur Fossaardalur – Fossárdals Øræfe- og Øxe, allt ad Beinsvördu; Á Berufiördur Land so Lángt sudur- og uppá Øræfenn; þartil Vötnum hallar, sud[ur] af ofann i Búlandsdal, og eins Nordur a [?<sup>435</sup>] uti Skriddal, allt ut ad Tunglaa. En ut frá Berufyrdi rædur Lækur sá,

<sup>433</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 17.

<sup>434</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 18.

<sup>435</sup> Skemmd í handriti þannig að orð vantar.



er fellur fyrir Heimann Borg þá er stendur i Kelduskógarmerke, og nú heiter Ytre Borgaraa, effter Utskýringu Visitatiunnar af 22<sup>m</sup> aug. 1752.

1° Fyrirbyd eg öllum og serhvörum, fyrrtied Berufiardar kyrku Land, ad bruka, beita edur, under hvöriu Skyne vera kann ad nytia, án mins leifes; ad undan teknum þeim kyrkunnar Jarda ábuendum; sem ur greindu kirku Lande hefur ádur verid – Edur enn er – Löglega biggt allt under Averka- Landnáms- og adrar Bætur effter Málavöxtum.

2° So fyrirbyd eg einnig þeim er á kyrkunnar Jördum bua, Berufiardar heima Land, og tilliggande hiáleigna, frammar ad bruka, beita, edur i ad yrkia enn Landslögenn leifa, edur mitt serdeiles Leife er til; Edur Biggingar bref þeirra, ádur utgefinn og af mer samþickt, edur hereffter utgefande og stadfestande, áqveda; vilie þeir ey sömu Sektum mæta, er fyrrsagdar voru, og þeim frammar ad lögum á hendur seigiast, er her a móte brióta. Frá þessarar Lögfestu dato, sem Validerar umm næstu tölf mánude.

3° Hafa vil eg fulla Laga fulgu edur Undergift under alla þá gripe annara Manna, enn Nágranna minna er 1<sup>u</sup> Kvigylde svara, edur fleyre Virdast ad gánga á Minu Lande, hvört sem er Dilk- edur geld-fie og hestar; sem er i hid ringasta 16 f [fjórðungar] á Sumar, enn 20 á Vetur fyrir hvört kvigylde.

4° Þeim hiáleigu Mönnum Minum sem biggt er úr heima Lande, Leifest sina Jtölu ad fylla ad Lögum, og meiga hafa 1 kvigylde ummfram í Landenu; Enn hvad þeir fleyra i setia, svari fyrir sem Fulgufie serhvört kvigylde er fleyra er enn fyrr var sagt i filge landsl.B. 4 cap. coll. s. B. 51 Cap.

5° Þad er þessvegna i Anleiding heraf, sovel sem margra annara vigtugra orsaka vegna, streingelega fyrirboded, þeim er ey eiga Samgeingt vid mig edur granna mína; Effter Landsl.B. 47 cap. ad gánga Land mitt effter Fie sinu, og reka þad burt þadann, án Minnar edur Nágranna Minna Vitundar Vor edur haust, sem hingadtil hefur Vane verid; heldur á med slikar Fiallgöngr og fiárheimtur, soddann Regla ad haldast, sem Landsl.B. 46-49 og 50 Capitular fyrirskilia, og Lands vane er gamall til. Enn hvör sem ad þvj mætte verda kunnur, ad reka Fie Leifes Laust i Land mitt, láta þad sýdann gánga þar ordalaust ár effter ár, og reka þad Loksins burt mer óadspurt hann má vænta ad þvj ej tiltalslaust slept verde herefter, þar eg vejt ey betur, enn hinn same mætte áljtast, effter Nil. 6. B. 14. Cap. 19 art.

6° Serilage og med sama hætte Lögfeste eg kyrkunnar Landspart Skálahóla ut frá Berufyrde, ad utann og jnnannverdu, frá ytre Borgaraa, og innad Steckalæk, ofann ur Fialle, so lángt og vídt sem sagder Læker ráda, og ofann i Sió: hvöria Skálhólar, eg lýse, einsvel sem annad Berufiardar heimaland, kirkunne samastadar tilheyra, og hafa allatýd verid hennar Óäkiærd Eign sem siá er af Visitatiu Berufiardar kyrkiu af 22<sup>m</sup> augt 1752.

Fyrirbýd eg því öllum og serhvörum uti frá, að undanþeknum minum hiáleigu Mönnum, fyrtré Skálhóla land, að bruka beita, edur i ad yrkia án míns Leifes, og það under Landnáms, áverka edur Ránsbætur effter Málavexte i Kraffte Nll. 1 B. 22. Cap. 17 art. og 2 B. 21. Cap. 22 art. samt Nll. 6 B. 15 Cap. 15 art. nema því ad eins nockr jnnann árs og dags gete framm výsad Lögmætumm Skiölum edr Skilríkum, er kyrkunnar Máld[ög]umm i Berufyrde liggande og Visitatiunni af 2[2<sup>m</sup>] aug<sup>t</sup> 1752, sem eldre edur gyldare hrind[a] kynne.

7° Lögfeste eg 18 Eyar Berufiardar kyrku, liggande fyrir Bulandsnesslande, og fyrirbýd öllum og serhvörum þær ad bruka, beita edur gánga; fugl edur Sel ad styggia edur Drepa, edur nockurn Skada ad giöra, under þær Sekter, sem þar vid serilage i henseende til fuglvarpsens, liggia effter Forordning. af 13 Jun. 1787. 3 Cap. 7. art. og Nll. 5. B. 12. Cap: 15 art. hvad áhrærir Selveidena.

Þetta mitt Lögfestu bref styrke eg frammar med underskrifudu nafne og hiáþricktu Signeti.

Berufyrde d. 25<sup>ta</sup> Maii 1791.

Salomon Biörnsson<sup>436</sup>

Við manntalsþing 30. apríl 1839 var birt auglýsing hvar sr. Pétur Jónsson á Berufirði og Tómas Skúlason á Búlandsnesi friðlýstu nefndum jörðum og landi.<sup>437</sup> Berufjarðareyjum og öllu Berufjarðarprestakalli var einnig friðlýst við manntalsþing 30. júlí 1840.<sup>438</sup>

Við manntalsþing 23. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Berufjarðar.<sup>439</sup>

Við aukarétt 15. september 1916 voru útnefndir tveir menn til að meta þjóðjarðir og kirkjujarðir sem ábúendur höfðu beiðst kaupa á. Meðal þeirra var jörðin Berufjörður.<sup>440</sup>

Við aukarétt 2. júlí 1917 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Berufirði staðfest.<sup>441</sup>

Við manntalsþing 12. júlí 1919 var þinglesið samkomulag um landamerki jarðanna Berufjarðar og Kelduskóga, dags. sama dag.<sup>442</sup>

---

<sup>436</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaping, K II, Berufjörður í Berufirði 1397–1856.

<sup>437</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 286–287.

<sup>438</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 334.

<sup>439</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 186r.

<sup>440</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 117–118.

<sup>441</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 196–197.

<sup>442</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 340.

v. *Víðines í Berufirði*

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að landamerki Eiríksstaða séu þinglesin með Víðinesi og Eyjólfstöðum 23. júní 1884. „Fossárdalur allur í einu lagi“, eins og segir í fasteignamatinu. Þá segir að ekki hafi verið búið á jörðinni í sjö ár en upprekstrarland sé nægilegt.<sup>443</sup>

Hinn 29. apríl 1916 fór fram matsgjörð á Eyjólfstöðum. Í matsgjörðinni segir eftirfarandi:

Land jarðarinnar nær að sjó, þó án nokkurs verulegs undirlendis, en liggur aðallega í afdal sem gengur í norðvestur uppfrá svonefndri Fossárvík innarlega í Berufirði. Í minni dalsins er klif bratt og ílt yfirferðar. Bærinn er utarlega í dalnum.

Landamerki jarðarinnar – það er Fossárdals norðan ár – eru þessu: Fossá frá ósum að upptökum í svo nefndum „Bratthálsi“ og eptir Bratthálsinum til norður eins og vötnum hallar til hinna svokölluðu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svo nefnda „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan sunnanverðann Fellsröðulinn, ofan að stórum steini hjá lynd þeirri sem er skamt fyrir sunnan hinar svo kölluðu „Höskuldartæptur“ á selneshjalla sunnanverðum, og frá merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá, fyrir neðan selnes hjalla og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða merkivörðu í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Land þetta – sem áður var aðeins ein jörð – er nú tvær jarðir jafndýrar Eyjólfstaðir og Víðirnes. Engjum er skipt en beitarlandi ekki, en vegna landlags og venju skilur „Vindás“ beit, þó hefir Víðirnes vetrarheit óátalið Eyjólfstaða megin, þegar nauðsyn krefur, en engjar beggja jarðanna liggja lengra inn í dalnum. [...]

Skóglendi nokkuð er í dalnum – það er nú kjarr eitt og virðist ekki standa til bóta. Þar á Bernunesskirkja ítak – skógarteig afmældann.<sup>444</sup>

vi. *Eyjólfstaðir í Berufirði*

Við manntals- og skattáþing 8. júlí 1844 var þinglesin lögfesta, dags. 08. júlí 1844, hvar með Sigurður Guðmundsson, administrator á Eyjólfstöðum, lögfesti land ábýlis- og eignarjarðar sinnar Eyjólfstaða.<sup>445</sup> Í lögfestunni segir eftirfarandi:

Undirskrifadur Sigurður Guðmundsson Lögfesti her með Abýlis Eygnar og Odalsjord mína Eyjólfstadi liggjandi í Vallanes kirkiu Sokn og Egilsstada

<sup>443</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 360.

<sup>444</sup> Stj. Ísl. I., B/365–6, Kirkjujarðasala í Suður-Múlasýslu, Db. 9, nr. 138).

<sup>445</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1843–1848, bls. 46.

þinglagi, með öllu landi og landsnyttium sem nefndri Jorðu með rettu tilheyrta til þessara ummerkia:

ad utan eins og verid hefur ad landamerkium Jarðarinnar Ketilsstada n.l. frá Urridalæk, ad ós þar sem hann fellr í Grímsá, rædr svo lækrinn og Urridavatnid allt ad Beiná síðan Beináin allt ad Beinárfossi og svo beina Stefnu fra honum yfir Aura í Græfur, þar adurkollud Launá nú Fagradalsá ofanfellur ad innan líka eins og verid hefir ad landamerkjum Jarðarinnar Gíslastada n.l. úr Tunguhagalæk á Merkikeldu framanundir svokolludu Merkiholti þadan beina Siónehendingu á Klofasteina á Fialli upp og þadan beina Stefnu ofaná Fagradal; logfeste eg holt og haga Tödur og Eingiar og Skog allann í greindu landi og hverjar adrar landsnyttiar er vera kunna innan tedra ummerkia, fyrirbíd eg einum og öllum þær ad nota og ser ad eygna nema mitt leyfi þar til hafi, legg eg logsókn vid ef utaf er brugdid, og bíd eg öllum er í grend búa ad áfría logfestu þessa ef þeir þiklast þurfa, hvorri til Stadfestu er undirskrifad Nafn mitt og hiá þrykt Signet<sup>446</sup>

Hinn 28. maí 1886 var fyrir sáttanefnd tekið fyrir mál Einars Sigurðssonar á Eyjólfsstöðum gegn ábúendum og eigendum jarðarinnar Ketilsstaða, Sigurði Hallgrímssyni hreppstjóra og Gunnari Pálssyni, báðum á Ketilsstöðum. Málið var risið út af landamerkjum milli Ketilsstaða og Eyjólfsstaða, austur á Fagradal.<sup>447</sup> Sáttanefndin tók málið fyrir að nýju hinn 26. júní 1886.<sup>448</sup>

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Eyjólfsstaða með Beinárgerði, dags. 29. júní 1886, og þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 5. júlí 1886, segir:

1. Að utan milli Ketilsstaða og Eyjólfsstaða frá Urridalækjarás þar sem hann fellur í Grímsá ræður svo lækurinn og Urridavatnið allt að Beiná síðan Beiná alt að Beinárfossi og svo beina línu frá honum yfir aurinn og Kvíslárdal utan í Sauðahnúk þaðan sömu stefnu á Fagradalsá. 2. Að austan Fagradalsá. 3. Fyrir norðan og vestan Grímsá æður að utan kvísl (kvílsarfarvegur), sem aðskilur svokallaðan Vaðhólma og Kistueyri norður af og í útnorður frá Kvíslalækjarósnum og er hólmanum sleppir ræður sjónhending þvert norðu í hinn gamla farveg Grímsár austn undir Uxalækjarbökkum síðan ræður bakkinn inneptir svonefndur Stokkholmsbakka inná móti við þar sem áin (Grímsá) áður hefir fallið norður að bakkanum rétt fyrir utan Hvammsenda. 4. Að innan (frman= að austan Grímsár milli Eyjólfsstaða og Úlfsstaða úr Múlpúfu á svonefndan Þúfuhyl (fyrir mitan Þjófarenni) beina stefnu eptir sjónhending í fremri Fögrukinnarlæk þar, er hann fellur ofan af Sauðarhalanum og ræður lækur þessi úr því og allt uppí hamra sem skipta landi að ofan allt inn að Gíslarlandsgerðislandi. En fyrir ofan þessa hamra eru landamörk milli Eyjólfsstaði og Gíslastaðagerðis landa bein lína úr Sniðlæk þar sem hann fellur ofan af

<sup>446</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálalabók Suður-Múlasýslu 1839-1872, bls. 115

<sup>447</sup> Sáttanefnd Vallanesumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1866-1913, án bls., 28. maí 1886.

<sup>448</sup> Sáttanefnd Vallanesumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1866-1913, án bls., 26. júní 1886.

hömrinum uppí svo nefnda Klofasteina á Aurbrún og suður yfir aurinn. En úr afréttinni Tagradalsmegin eiga Eyjólfsstaðir suður að efri Launá.

Við aukarétt 3. júní 1915 voru útnefndir tveir menn til að meta jörðina Eyjólfsstaði.<sup>449</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að landamerki Eiríksstaða séu þinglesin með Víðinesi og Eyjólfsstöðum 23. júní 1884. „Fossárdalur allur í einu lagi“, eins og segir í fasteignamatinu. Þá segir að ekki hafi verið búið á jörðinni í sjö ár en upprekstrarland sé nægilegt.<sup>450</sup>

Hinn 29. apríl 1916 fór fram matsgjörð á Eyjólfsstöðum. Í matsgjörðinni segir eftirfarandi:

Land jarðarinnar nær að sjó, þó án nokkurs verulegs undirlendis, en liggur aðallega í afdal sem gengur í norðvestur uppfrá svonefndri Fossárvík innarlega í Berufirði. Í minni dalsins er klif bratt og ílt yfirferðar. Bærinn er utarlega í dalnum.

Landamerki jarðarinnar – það er Fossárdals norðan ár – eru þessu: Fossá frá ósum að upptökum í svo nefndum „Bratthálsi“ og eptir Bratthálsinum til norður eins og vötnum hallar til hinna svokölluðu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svo nefnda „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan sunnanverðann Fellsröðulinn, ofan að stórum steini hjá lynd þeirri sem er skamt fyrir sunnan hinar svo kölluðu „Höskuldartæptur“ á selneshjalla sunnanverðum, og frá merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá, fyrir neðan selnes hjalla og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða merkivörðu í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Land þetta – sem áður var aðeins ein jörð – er nú tvær jarðir jafndýrar Eyjólfsstaðir og Víðirnes. Engjum er skipt en beitarlandi ekki, en vegna landlags og venju skilur „Vindás“ beit, þó hefir Víðirnes vetrarheit óátalið Eyjólfsstaða megin, þegar nauðsyn krefur, en engjar beggja jarðanna liggja lengra inn í dalnum.

[...]

Skóglendi nokkuð er í dalnum – það er nú kjarr eitt og virðist ekki standa til bóta. Þar á Bernunesskirkja ítak – skógarteig afmældann.<sup>451</sup>

Við aukarétt 2. júlí 1917 var matsgjörð fyrir Eyjólfsstöðum staðfest.<sup>452</sup>

## *vii. Eiríksstaðir*

<sup>449</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1913–1915, bls. 398–399.

<sup>450</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 360.

<sup>451</sup> Stj. Ísl. I., B/365–6, Kirkjujarðasala í Suður-Múlasýslu, Db. 9, nr. 138).

<sup>452</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 196–197.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að landamerki Eiríksstaða séu þinglesin með Víðinesi og Eyjólfsstöðum 23. júní 1884. „Fossárdalur allur í einu lagi“, eins og segir í fasteignamatinu. Þá segir að ekki hafi verið búið á jörðinni í sjö ár en upprekstrarland sé nægilegt.<sup>453</sup>

Við aukarétt 2. maí 1931 voru dómkvaddir tveir menn til að meta kirkjujörðina Eiríksstaði.<sup>454</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1931 var matsgjörð á kirkjujörðinni Eiríksstöðum staðfest.<sup>455</sup>

*viii.      Ánastaðir í Breiðdal*

Í landamerkjabréfi Ánastaða dags. 28. febrúar 1890, er þinglýst var á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 14. júní 1890, segir:

Landamerki milli Ánastaða og Hjaltastaðar. Úr Geitabjargadal yfir Merkiþrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðásháls utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utan verða, þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrúgustaðaklett yzt upp út undir Stórukinn og í Grenisöxl utan verða, þaðan beint yfir Vallará í Hrisábug þar sem Hrisá kemur af hálsnum ofan. Milli Ánastaða og Kóreksstaða: Úr fyrnefndum Hrisábug í Hrisárfoss á Hrisárbrún, þaðan af fossinum beina stefnu suður yfir Hvammafellshala í Hölnárás, þar sem hún fellur saman við Bjarglandsá. Milli Ánastaða og Hrjótar: Skurður er nýlega er grafinn úr Ánastaðavatni norðan verðu. Þar sem skurðurinn byrjar við vatnið eru landamerki milli Ánastaða og Hrjótar, þaðan austur yfir vatnið yfir Rjetarás og á Merkihöfða fyrir ofan Hrjótná, þaðan beina stefnu í svonefndan Goðrúnarstein upp á hálsabrún. Þaðan eptir sömu stefnu sjónhending austur í Hölná. Milli Heimstaða og Ánastaða: Merkjum ræður Geitabjargadalur, eptir honum miðjum eru landamerki. Milli Ánastaða og Rauðholts: Merkjum ræður Geitabjargadalur, eptir honum miðjum eru landamerki. Ítök á enginn í landi jarðarinnar nje hún í annara landi.

Í landamerkjabréfi Hreimsstaða er þinglýst var á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884, segir um merki við Ánastaði:

Milli Hreimsstaða og Ánastaða: Merkjum ræður Geitabjargadalur.

Í landamerkjabréfi Hjaltastaðar er þinglýst var á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884, segir um merki við Ánastaði:

Úr Geitabjargadal yfir Merkiþrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðáshæð utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utan vertða. Þaðan yfir Staðará beint á fremsta

<sup>453</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 360.

<sup>454</sup> Sýsl. S-Múl., GA/13–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1930–1934, bls. 159.

<sup>455</sup> Sýsl. S-Múl., GA/13–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1930–1934, bls. 191.

Hrúgustaðaklett yst, upp utan undir Stóru- Kinn og í Grenisöxl utan verða. Þaðan beint yfir Vallará í Hrisárbug, þar sem Hrisá kemur af hálsun ofan.

#### 4.1.18. Múlaafreitt

i. *Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu segir:

Samkvæmt máldögum og biskupa visitascium á Þingmúlakirkju: Búðartunga efti og ytri sem eru innanvert við Geitdalsafreitt. Þingmúla 28. Maí 1884. Páll Pálsson. Takmörkin á Búðartungum eru: að utan Sauða norður á Hornbrynju, sem ræður svo að norðan, að innan Hraun innað Vatnajökli, að austan ræður Geitdalsá. Páll Pálsson. Landamerkjalyking þessari og eingarheimild eru samþykkir Pjetur Guðmundsson Þorvaldur Guðmundsson, eigendur Geitdals. Fyrir Hallormsstað Páll Pálsson. Þinglýst á Þingmúlamanntalsþingi 20. Júní 1884 Jón Johanssen.

ii. *Geitdalur*

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Geitadals.<sup>456</sup>

Við lögreglurétt 23. júní 1906 voru Jón Björgvin Jónsson, bóndi á Vaði, og Svanhvít Sigurðardóttir í Geitdal sektuð fyrir vanrækslu á fjallaskilum.<sup>457</sup>

iii. *Þingmúli í Skriðdal*

Í Vísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar, dags. 12. ágúst 1641, segir um Þingmúla í Skriðdal:

Olaffs kuirka J múla J Skriðdal ä Heimaland allt med þeim vmmerkium er Sera Gissur Gýslason tilseiger Sig hallded og hafft hafdi. Halffann Jorunnardal framm ä stafnz Heyde til þess votnum Hallar eirnenn allar Øxarärdal framm ä øxe til þess votnum hallar / ad frateknu haugalande, Allann hallffann geitdal og Búdartungur effre og ytre. Skryduland med Somu vmmerkium sem ädur eru sogd ad fylgie stadarlandenu og flogu. 6. Hundrud med þessum landamerkium, framm J marklæk og rettsyness offan J Geitdalz Ä og suo ä fiall vpp. enn vtfrä vt J þüfu og offan J lækinn sem rennur fyrer framan flógu eyre offan J äna. tuo hlute J hualnese Reka a Olaffssande. Þriü hundrud týræd. Backaland. HallBiarnastade vndersomu landamerkium er ädur voru greind. Skögar teyg J merkeär kuysl-vmm Sextýu timburz J Hallormstada Skögum huert är. Heffur Sera Gysur Gyslason stadinn Hallded med þessum landamerkium atolulausum ä siounda og tuttugasta är [...].<sup>458</sup>

<sup>456</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 180v.

<sup>457</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1902-1909, bls. 356-357.

<sup>458</sup> Bps. A.II.8. Vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641-1672, bls. 88-89.

Hinn 4. júní 1703 lögfesti sr. Eiríkur Sölvason eign Ólafskirkju að Þingmúla í Skriðdal. Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Erikur Saulvason lögfeste hier J dag Eign Olafs Kyrkiu, ad Þyngmúla J Skriddal lögfeste eg Heimaland allt, Greindrar Kyrkiu: Hálfann Jorunar dal allann framm ä Stafsheide til þess Vótnum Hallar: Eirnenn allann Oxarärdal framm ä Óxj til þess Vótnum hallar, ad frateknu Haugalande allann Halfann Geitdal og büdartungur Efre og ytre: Reka ä Olafs Sande þriu hundrud týræd, Skögarteig i Merke är kuýslum: lx timburs i Hallorms Stada Skoogum hvort är: Skoog J Sandfells Land: Logfeste eg tódur og Eingiar hús og haga, Reka og Skooga Vótn og Veide Stade og allt það Sem til gagn[s] ma hafa Jnnann greindra takmarka, med óllum landsnýtjum Sem þui lande eiga ad filgja ad fornu og nýu: Fyrerbýd Eg hiedan af Huorium manne Sier ad nytia Brüka edur beita Jrkia edur J ad Vinna nema mitt Sie lof edur leife til, ad Vitne þýnu Henrik Biarnason og þýnu Einar Sueinsson og allra þeirra er Ord mjn Heyra.<sup>459</sup>

Samskonar lögfesta var upplestin af sr. Eiríki að Þingmúla árið 1718, en þá lögfesti sr. Eiríkur einnig m.a. landamerki Hallbjarnarstaða í Skriðdal og Flögu í Skriðdal. Landamerkjum þeirra jarða er hins vegar ekki lýst í lögfestunni.<sup>460</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1755 var upplestin skrifleg umkvörtun sr. Halls Ólafssonar að Þingmúli hafi síðustu 20 ár á undan stórlega að heyskap, haga og torfristu forargast og af sér gengið. Lýst er hvernig landið hefur eyðilagst og hvernig sr. Hallur hafði þurft að senda gripi sína annað í vetrargöngu.<sup>461</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1783 var upplesið afrit af korti viðvíkjandi einum þrætu-skógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, útgefið af Högna Torfasyni og dagsett 28. maí 1783. Lögð voru inn skjöl varðandi téðan þrætu-part.<sup>462</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Þingmúla að jörðin hafi skóg til eigin nota og þá sé hún með afrétt.<sup>463</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Þingmúli metinn með afbýlinu Hátúnum en engin landamerki séu þar á milli. Einnig segir að staðnum tilheyri skógarhögg í Sandfells- og Hallormsstaðarskógi, hálfur reki á Ólafs- og Kliptarsöndum fyrir Héraðsflóa og hagaganga í Víðisgróf.<sup>464</sup>

<sup>459</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>460</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>461</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 195–196.

<sup>462</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1770–1783, bls. 384.

<sup>463</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 153.

<sup>464</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 24r–24v.



Landamerkjabréf Þingmúla er dags. 7. júní 1883 og þinglýst 20. júní 1884.<sup>465</sup> Það hljóðar svo:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdals uppá Breiðdalsheiði svonefndur Tjarnarás, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur Prívarðnahóls, og heim áframhaldandi röðull af Prívarðnahálsi uppá hraunið allt að Beirvörðu eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu Þorgrímsstaða, Berufjarðar, Arnhólsstaða, Þjóðjarðarinnar Hauga, kirkjujarðarinnar Flögu, Þorvaldsstaða, Geitdals og Tóarsels.

Hinn 14. júní 1884 tók sáttanefnd fyrir ítakamál Páls Pálssonar, fyrir hönd Þingmúlakirkju, gegn eigendum Stóra-Sandfells, Einari Jónssyni og Birni Árnasyni. Eigi varð sáttum ákomið og málinu því vísað til landslaga og réttar.<sup>466</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Þingmúla að landamerki séu þinglesin 20. júní 1884 með tilheyrandi hjáleigum. Einnig eru færð inn landamerki heimajarðarinnar:

Að utan Múlaá, að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn í Múlanesi gengur lengst út og þaðan niður að Múlaá og sama bein lína ræður upp Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá mörkum og að framan norðanmegin Merkilækur skamt fyrir utan Kálfeyri.<sup>467</sup>

Um upprekstrarland segir að jörðin eigi ekkert og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Þá segir að ítak fylgi jörðinni, svonefndur „Lónatangi“ í Hallbjarnarstaðalandi. Loks er í fasteignamatinu skráð eftirfarandi athugasemd við mat Þingmúla:

Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00.

Þess skal einnig getið að Skriðuvatnshólmi heyrði áður til prestssetrinu að Þingmúla, og að nú hefir sóknarpresturinn í Vallanesi afnot hans, leigir hólmann til slægna. Metinn kr. 400,00.<sup>468</sup>

<sup>465</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 180v.

<sup>466</sup> Sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1880–1948, án bls., 14. júní 1884.

<sup>467</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 17.

<sup>468</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 18.

iv. *Berufjörður*

Hinn 30. maí 1791 var upplesin lögfesta fyrir Berufirði, dagsett 25. maí sama ár. Efni lögfestunnar er þannig:

Eg underskrifadur Lögfeste hermed Beneficium Berufiörd á Berufiardar Strönd, og Berufiardar kirkuland allt med Gögnum og Giædum, Hollt og Haga, Vötn og Veide stade, og allar Landsnytiar til fialls og fiöru sem Berufjardar Stad og kirku effter Eldre og Yngre Mældógum, Kaups og Giafa – edur Makaskiffa Brefum filgia, filgt hafa og filgia eigu ätölulaust. Eru Ummmerke þesse, efter Mældaga af 21<sup>ta</sup> Maii 1592. Sudur frá Berufyrde, allt Selnes, Fossaarvík, Eyvindarnes, og öll Urdarteigsströnd, sudur ad Nausttofft þeirri er stendur fyrer hedann [svo] Backa, fyrir hedann [svo] Bulandsaa; þadann rædur Siönhending, af utannverdre Vallvallar Skridu, uppi efsta Skarded, i fiallenu, sem er gegnt Nauststofftenne. Á Berufiördur i festu Takmarke, allann Reka, og hvad sem á Land ber, og femætt er; Ad Vestann og Nordann rædur Fossaardalur – Fossárdals Øræfe- og Øxe, allt ad Beinsvördu; Á Berufiördur Land so Lángt sudur- og uppá Øræfenn; þartil Vötnum hallar, sud[ur] af ofann i Búlandsdal, og eins Nordur a [?<sup>469</sup>] uti Skriddal, allt ut ad Tunglaa. En ut frá Berufyrdi rædur Lækur sá, er fellur fyrir Heimann Borg þá er stendur i Kelduskógarmarke, og nú heiter Ytre Borgaraa, effter Utskýringu Visitatiunnar af 22<sup>m</sup> aug. 1752.

1° Fyrirbyd eg öllum og serhvörum, fyrrtied Berufiardar kyrku Land, ad bruka, beita edur, under hvöriu Skyne vera kann ad nytia, án mins leifes; ad undannteknum þeim kyrkunnar Jarda ábuendum; sem ur greindu kirku Lande hefur ádur verid – Edur enn er – Löglega biggt allt under Averka- Landnáms- og adrar Bætur effter Málavöxtum.

2° So fyrirbyd eg eirnig þeim er á kyrkunnar Jördum bua, Berufiardar heima Land, og tilliggande hiáleigna, frammar ad bruka, beita, edur i ad yrkia enn Landslögenn leifa, edur mitt serdeiles Leife er til; Edur Biggingar bref þeirra, ádur utgefinn og af mer sampickt, edur hereffter utgefande og stadfestande, áqveda; vilie þeir ey sömu Sektum mæta, er fyrrsagdar voru, og þeim frammar ad lögum á hendur seigiast, er her a móte brióta. Frá þessarar Lögfestu dato, sem Validerar umm næstu tölf mánude.

3° Hafa vil eg fulla Laga fulgu edur Undergift under alla þá gripe annara Manna, enn Nágranna minna er 1<sup>u</sup> Kvigylde svara, edur fleyre Virdast ad gánga á Minu Lande, hvört sem er Dilk- edur geld-fie og hestar; sem er i hid ríngasta 16 fr [fjórðungar] á Sumar, enn 20 á Vetur fyrir hvört kvigylde.

4° Þeim hiáleigu Mönnum Minum sem biggt er úr heima Lande, Leifest sina Jtölu ad fylla ad Lögum, og meiga hafa 1 kvigylde ummfram í Landenu; Enn hvad þeir

---

<sup>469</sup> Skemmd í handriti þannig að orð vantar.

fleyra i setia, svari fyrir sem Fulgufie serhvört kvígyldi er fleyra er enn fyrr var sagt i filge landsl.B. 4 cap. coll. s. B. 51 Cap.

5° Það er þessvegna i Anleidning heraf, sovel sem margra annara vigtugra orsaka vegna, streingelega fyrirboded, þeim er ey eiga Samgeingt vid mig edur granna mína; Effter Landsl.B. 47 cap. ad gánga Land mitt effter Fie sinu, og reka það burt þaðann, án Minnar edur Nágranna Minna Vitundar Vor edur haust, sem hingadtil hefur Vane verid; heldur á med slikar Fiallgöngr og fiárheimtur, soddann Regla ad haldast, sem Landsl.B. 46-49 og 50 Capitular fyrirskilia, og Lands vane er gamall til. Enn hvör sem ad þvj mætte verda kunnur, ad reka Fie Leifes Laust i Land mitt, láta það sýdann gánga þar ordalaust ár effter ár, og reka það Loksins burt mer óadspurt hann má vænta ad þvj ej tiltalslaust slept verde herefter, þar eg vejt ey betur, enn hinn same mætte áljtast, effter Nll. 6. B. 14. Cap. 19 art.

6° Serilage og med sama hætte Lögfeste eg kyrkunnar Landspart Skálahóla ut frá Berufyrde, ad utann og jnnannverdu, frá ytre Borgaraa, og innad Steckalæk, ofann ur Fialle, so lángt og vídt sem sagder Læker ráda, og ofann i Sió: hvöria Skálhólar, eg lýse, einsvel sem annad Berufiardar heimaland, kirkunne samastadar tilheyra, og hafa allatýd verid hennar Óäkiærd Eign sem siá er af Visitatiu Berufiardar kyrkiu af 22<sup>m</sup> aug<sup>t</sup> 1752.

Fyrirbýd eg því öllum og serhvörum uti frá, ad undannteknum minum hiáleigu Mönnum, fyrtrted Skálhóla land, ad bruka beita, edur i ad yrkia án míns Leifes, og það under Landnáms, áverka edur Ránsbætur effter Málavexte i Kraffte Nll. 1 B. 22. Cap. 17 art. og 2 B. 21. Cap. 22 art. samt Nll. 6 B. 15 Cap. 15 art. nema þvj ad eins nockr jnnann árs og dags gete framm výsad Lögmætumm Skiölum edr Skilríkum, er kyrkunnar Máld[ög]umm i Berufyrde liggande og Visitatiunni af 2[2<sup>m</sup>] aug<sup>t</sup> 1752, sem eldre edur gyldare hrind[a] kynne.

7° Lögfeste eg 18 Eyar Berufiardar kyrku, liggande fyrir Bulandsnesslande, og fyrirbýd öllum og serhvörum þær ad bruka, beita edur gánga; fugl edur Sel ad styggia edur Drepa, edur nockurn Skada ad giöra, under þær Sekter, sem þar vid serilage i henseende til fuglvarpsens, liggia effter Forordning. af 13 Jun. 1787. 3 Cap. 7. art. og Nll. 5. B. 12. Cap: 15 art. hvad áhrærir Selveidena.

Þetta mitt Lögfestu bref styrke eg frammar med underskrifudu nafne og hiáþricktu Signeti.

Berufyrde d. 25<sup>ta</sup> Maii 1791.

Salomon Biörnsson<sup>470</sup>

---

<sup>470</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Berufjörður í Berufirði 1397–1856.

Við manntalsþing 30. apríl 1839 var birt auglýsing hvar sr. Pétur Jónsson á Berufirði og Tómas Skúlason á Búlandsnesi friðlýstu nefndum jörðum og landi.<sup>471</sup> Berufjarðareyjum og öllu Berufjarðarprestakalli var einnig friðlýst við manntalsþing 30. júlí 1840.<sup>472</sup>

Við manntalsþing 23. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Berufjarðar.<sup>473</sup>

Við aukarétt 15. september 1916 voru útnefndir tveir menn til að meta þjóðjarðir og kirkjujarðir sem ábúendur höfðu beiðst kaupa á. Meðal þeirra var jörðin Berufjörður.<sup>474</sup>

Við aukarétt 2. júlí 1917 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Berufirði staðfest.<sup>475</sup>

Við manntalsþing 12. júlí 1919 var þinglesið samkomulag um landamerki jarðanna Berufjarðar og Kelduskóga, dags. sama dag.<sup>476</sup>

v. *Víðines í Berufirði*

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að landamerki Eiríksstaða séu þinglesin með Víðinesi og Eyjólfsstöðum 23. júní 1884. „Fossárdalur allur í einu lagi“, eins og segir í fasteignamatinu. Þá segir að ekki hafi verið búið á jörðinni í sjö ár en upprekstrarland sé nægilegt.<sup>477</sup>

Hinn 29. apríl 1916 fór fram matsgjörð á Eyjólfsstöðum. Í matsgjörðinni segir eftirfarandi:

Land jarðarinnar nær að sjó, þó án nokkurs verulegs undirlendis, en liggur aðallega í afdal sem gengur í norðvestur uppfrá svonefndri Fossárvík innarlega í Berufirði. Í minni dalsins er klif bratt og ílt yfirferðar. Bærinn er utarlega í dalnum.

Landamerki jarðarinnar – það er Fossárdals norðan ár – eru þessu: Fossá frá ósum að upptökum í svo nefndum „Bratthálsi“ og eptir Bratthálsinum til norður eins og vötnum hallar til hinna svokölluðu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svo nefnda „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan sunnanverðann Fellsröðulinn, ofan að stórum steini hjá lynd þeirri sem er skamt fyrir sunnan hinar svo kölluðu „Höskuldartæptur“ á selneshjalla sunnanverðum, og frá merkisteini þessum í

<sup>471</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 286–287.

<sup>472</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 334.

<sup>473</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 186r.

<sup>474</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 117–118.

<sup>475</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 196–197.

<sup>476</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 340.

<sup>477</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 360.

litla tjörn og þar merki hjá, fyrir neðan selnes hjalla og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða merkivörðu í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Land þetta – sem áður var aðeins ein jörð – er nú tvær jarðir jafndýrar Eyjólfstaðir og Víðirnes. Engjum er skipt en beitarlandi ekki, en vegna landlags og venju skilur „Vindás“ beit, þó hefir Víðirnes vetrararbeit óátalið Eyjólfstaða megin, þegar nauðsyn krefur, en engjar beggja jarðanna liggja lengra inn í dalnum. [...]

Skóglendi nokkuð er í dalnum – það er nú kjarr eitt og virðist ekki standa til bóta. Þar á Bernunesskirkja ítak – skógarteig afmældann.<sup>478</sup>

*vi. Eyjólfstaðir í Berufirði*

Við manntals- og skattaping 8. júlí 1844 var þinglesin lögfesta, dags. 08. júlí 1844, hvar með Sigurður Guðmundsson, administrator á Eyjólfstöðum, lögfesti land ábýlis- og eignarjarðar sinnar Eyjólfstaða.<sup>479</sup> Í lögfestunni segir eftirfarandi:

Undirskrifadur Sigurður Guðmundsson Lögfesti her með Abýlis Eygnar og Odalsjord mína Eyólfsstadi liggjandi í Vallanes kirkiu Sokn og Egilsstada þinglagi, með öllu landi og landsnytið sem nefndri Jorðu með rettu tilheyrta til þessara ummerkia:

ad utan eins og verid hefur ad landamerkið Jardarinnar Ketilsstada nl. frá Urridalæk, ad ós þar sem hann fellr í Grímsá, rædr svo lækrinn og Urridavatnið allt ad Beiná síðan Beináin allt ad Beinárfossi og svo beina Stefnu fra honum yfir Aura í Græfur, þar adurkollud Launá nú Fagradalsá ofanfellur ad innan líka eins og verid hefir ad landamerkjum Jardarinnar Gíslastada nl. úr Tunguhagalæk á Merkiöldu framanundir svokolludu Merkiöldu þadan beina Síónhendingu á Klofasteina á Fialli upp og þadan beina Stefnu ofaná Fagradal; logfeste eg holt og haga Todur og Eingiar og Skog allann í greindu landi og hverjar adrar landsnytiar er vera kunna innan tedra ummerkia, fyrirbíd eg einum og öllum þær ad nota og ser ad eygna nema mitt leyfi þar til hafi, legg eg logsókn vid ef utaf er brugdid, og bíd eg öllum er í grend búa ad áfría logfestu þessa ef þeir þikiast þurfa, hvorri til Stadfestu er undirskrifad Nafn mitt og hiá þrykt Signet<sup>480</sup>

Hinn 28. maí 1886 var fyrir sáttanefnd tekið fyrir mál Einars Sigurðssonar á Eyjólfstöðum gegn ábúendum og eigendum jarðarinnar Ketilsstaða, Sigurði Hallgrímssyni hreppstjóra og Gunnari Pálssyni, báðum á Ketilsstöðum. Málið var

<sup>478</sup> Stj. Ísl. I., B/365–6, Kirkjujarðasala í Suður-Múlasýslu, Db. 9, nr. 138).

<sup>479</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1843–1848, bls. 46.

<sup>480</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1–1, Afsals- og veðmálábók Suður-Múlasýslu 1839–1872, bls. 115

risið út af landamerkjum milli Ketilsstaða og Eyjófsstaða, austur á Fagradal.<sup>481</sup> Sáttanefndin tók málið fyrir að nýju hinn 26. júní 1886.<sup>482</sup>

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Eyjófsstaða með Beinárgerði, dags. 29. júní 1886, og þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 5. júlí 1886, segir:

1. Að utan milli Ketilsstaða og Eyjófsstaða frá Urriðalækjarás þar sem hann fellur í Grímsá ræður svo lækurinn og Urriðavatnið allt að Beiná síðan Beiná alt að Beináfossi og svo beina línu frá honum yfir aurinn og Kvíslárdal utan í Sauðahnúk þaðan sömu stefnu á Fagradalsá. 2. Að austan Fagradalsá. 3. Fyrir norðan og vestan Grímsá æður að utan kvísl (kvílsarfarvegur), sem aðskilur svokallaðan Vaðhólma og Kistueyri norður af og í útnorður frá Kvistalækarsnum og er hólmanum sleppir ræður sjónhending þvert norðu í hinn gamla farveg Grímsár austn undir Uxalækjarbökkum síðan ræður bakkinn inneptir svonefndur Stokkholmsbakka inná móti við þar sem áin (Grímsá) áður hefir fallið norður að bakkanum rétt fyrir utan Hvammsenda. 4. Að innan (frman= að austan Grímsár milli Eyjófsstaða og Úlfsstaða úr Múlþúfu á svonefndan Þúfuhyl (fyrir mitan Þjófarenni) beina stefnu eptir sjónhending í fremri Fögrukinnarlæk þar, er hann fellur ofan af Sauðarhalanum og ræður lækur þessi úr því og allt uppí hamra sem skipta landi að ofan allt inn að Gíslarlandsgerðislandi. En fyrir ofan þessa hamra eru landamörk milli Eyjófsstaði og Gíslastaðagerðis landa bein lína úr Sniðlæk þar sem hann fellur ofan af hömrnum uppí svo nefnda Klofasteina á Aurbrún og suður yfir aurinn. En úr afréttinni Tagradalsmegin eiga Eyjófsstaðir suður að efri Launá.

Við aukarétt 3. júní 1915 voru útnefndir tveir menn til að meta jörðina Eyjófsstaði.<sup>483</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að landamerki Eiríksstaða séu þinglesin með Víðinesi og Eyjófsstöðum 23. júní 1884. „Fossárdalur allur í einu lagi“, eins og segir í fasteignamatinu. Þá segir að ekki hafi verið búið á jörðinni í sjö ár en upprekstrarland sé nægilegt.<sup>484</sup>

Hinn 29. apríl 1916 fór fram matsgjörð á Eyjófsstöðum. Í matsgjörðinni segir eftirfarandi:

Land jarðarinnar nær að sjó, þó án nokkurs verulegs undirlendis, en liggur aðallega í afdal sem gengur í norðvestur uppfrá svonefndri Fossárvík innarlega í Berufirði. Í minni dalsins er klif bratt og ílt yfirferðar. Bærinn er utarlega í dalnum.

Landamerki jarðarinnar – það er Fossárdals norðan ár – eru þessu: Fossá frá ósum að upptökum í svo nefndum „Bratthálsi“ og eptir Bratthálsinum til norður eins og vötnum hallar til hinna svokölluðu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar

<sup>481</sup> Sáttanefnd Vallanesumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1866–1913, án bls., 28. maí 1886.

<sup>482</sup> Sáttanefnd Vallanesumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1866–1913, án bls., 26. júní 1886.

<sup>483</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1913–1915, bls. 398–399.

<sup>484</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 360.

úteptir hinu svo nefnda „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan sunnanverðann Fellsröðulinn, ofan að stórum steini hjá lynd þeirri sem er skamt fyrir sunnan hinar svo kölluðu „Höskuldartæptur“ á selneshjalla sunnanverðum, og frá merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá, fyrir neðan selnes hjalla og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða merkivörðu í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Land þetta – sem áður var aðeins ein jörð – er nú tvær jarðir jafndýrar Eyjólfstaðir og Víðirnes. Engjum er skipt en beitarlandi ekki, en vegna landlags og venju skilur „Vindás“ beit, þó hefir Víðirnes vetrarþing óátalið Eyjólfstaða megin, þegar nauðsyn krefur, en engjar beggja jarðanna liggja lengra inn í dalnum.

[...]

Skóglendi nokkuð er í dalnum – það er nú kjarr eitt og virðist ekki standa til bóta. Þar á Bernunesskirkja ítak – skógarteig afmældann.<sup>485</sup>

Við aukarétt 2. júlí 1917 var matsgjörð fyrir Eyjólfstöðum staðfest.<sup>486</sup>

#### *vii. Eiríksstaðir*

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að landamerki Eiríksstaða séu þinglesin með Víðinesi og Eyjólfstöðum 23. júní 1884. „Fossárdalur allur í einu lagi“, eins og segir í fasteignamatinu. Þá segir að ekki hafi verið búið á jörðinni í sjö ár en upprekstrarland sé nægilegt.<sup>487</sup>

Við aukarétt 2. maí 1931 voru dómkvaddir tveir menn til að meta kirkjujörðina Eiríksstaði.<sup>488</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1931 var matsgjörð á kirkjujörðinni Eiríksstöðum staðfest.<sup>489</sup>

#### *viii. Ánastaðir í Breiðdal*

Í landamerkjabréfi Ánastaða dags. 28. febrúar 1890, er þinglýst var á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 14. júní 1890, segir:

Landamerki milli Ánastaða og Hjaltastaðar. Úr Geitabjargadal yfir Merkiþrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðásháls utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utan verða, þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrúgustaðaklett yzt upp út undir

<sup>485</sup> Stj. Ísl. I., B/365–6, Kirkjujarðasala í Suður-Múlasýslu, Db. 9, nr. 138).

<sup>486</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 196–197.

<sup>487</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 360.

<sup>488</sup> Sýsl. S-Múl., GA/13–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1930–1934, bls. 159.

<sup>489</sup> Sýsl. S-Múl., GA/13–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1930–1934, bls. 191.

Stórukinn og í Grenisöxl utan verða, þaðan beint yfir Vallará í Hrírábug þar sem Hrírá kemur af hálsnum ofan. Milli Ánastaða og Kóreksstaða: Úr fyrnefndum Hrírábug í Hrírárfoss á Hrírábrún, þaðan af fossinum beina stefnu suður yfir Hvammafellshala í Höltará, þar sem hún fellur saman við Bjarglandsá. Milli Ánastaða og Hrírá: Skurður er nýlega er grafinn úr Ánastaðavatni norðan verðu. Þar sem skurðurinn byrjar við vatnið eru landamerki milli Ánastaða og Hrírá, þaðan austur yfir vatnið yfir Rjettará og á Merkihöfða fyrir ofan Hrírá, þaðan beina stefnu í svonefndan Goðrúnarstein upp á hálsbrún. Þaðan eptir sömu stefnu sjónhending austur í Höltará. Milli Heimstaða og Ánastaða: Merkjum ræður Geitabjargadalur, eptir honum miðjum eru landamerki. Milli Ánastaða og Rauðholts: Merkjum ræður Geitabjargadalur, eptir honum miðjum eru landamerki. Ítök á enginn í landi jarðarinnar nje hún í annara landi.

Í landamerkjabréfi Hreimsstaða er þinglýst var á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884, segir um merki við Ánastaði:

Milli Hreimsstaða og Ánastaða: Merkjum ræður Geitabjargadalur.

Í landamerkjabréfi Hjaltastaðar er þinglýst var á manntalsþingi á Hjaltastað dags. 2. júlí 1884, segir um merki við Ánastaði:

Úr Geitabjargardal yfir Merkiprep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðáshæð utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utan vertða. Þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrugustaðaklett yst, upp utan undir Stóru- Kinn og í Grenisöxl utan verða. Þaðan beint yfir Vallará í Hrírábug, þar sem Hrírá kemur af hálsnum ofan.

#### 4.1.19. Hamarsbætur

##### *i. Hamar og Hamarssel*

Við manntalsþing 23. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Hamars með Hamarsseli.<sup>490</sup>

Við aukarétt 15. september 1916 voru útnefndir tveir menn til að meta Hamar og Kambshjáleigu.<sup>491</sup>

Við aukarétt 2. október 1917 voru dómkvaddir tveir menn, að ósk hreppstjóra, til að meta skemmdir á eyjum, túnnum og beitilandi kirkjujarðarinnar Hamars vegna skriðufalla um sumarið.<sup>492</sup>

<sup>490</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 186r.

<sup>491</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915-1919, bls. 117-118.

<sup>492</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915-1919, bls. 226.



Við aukarétt 19. júní 1920 voru dómkvaddir tveir menn til þess að meta til peningaverðs kirkjujörðina Hamarssel eftir beiðni ábúenda sem óskað höfðu kaups á jörðinni.<sup>493</sup>

Við manntalsþing 5. júlí 1920 voru þinglesin landamerki milli kirkjujarðanna Hamars og Hamarssels, samkvæmt bréfi dags. 22. maí 1918.<sup>494</sup>

Við aukarétt 5. júní 1924 voru dómkvaddir tveir menn til að meta kirkjujörðina Hamar.<sup>495</sup>

Við aukarétt 26. júní 1924 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Hamri staðfest.<sup>496</sup>

*ii. Veturhús*

Við manntalsþing 30. júní 1883 var þinglýst landamerkjaskrá fyrir Veturhúsum.<sup>497</sup>

*iii. Bragðavellir*

Við manntalsþing 30. júní 1883 var þinglýst landamerkjaskrá fyrir Bragðavöllum.<sup>498</sup>

*iv. Melrakkanes*

Í máldaga Melrakkanes frá 1521 segir eftirfarandi:

Melrakkanes á Landeign að Bragðavallar Gili, enn Beit að Jókulgili, Síónhendíng uppá Tumás øxl, og ofanad anni og útá Hilinn, og allar Fossbreckur, og af Fossbreckumm og útá Berghilinn, og af Berghil og í Língbólma, og úr Língbólma og útj Stein þann sem stendur ei órt í midiumm Leirumm.

Jtem, Sanda alla út frá sógdumm Steini og að Sands Enda, og sama Rif sem kastad er upp í milli Jskills eyar og Lands og út að Hvalskériumm, og Sanda alla vestur að Osi, þar sem hann hefur fallid að fornu lagi, og allar Víkur innad Stecká, og inn með óllumm Skudumm að fyrnefndri Tumás øxl, Síónhendíng upp frá Stecká, Enn Beit að Grásteini, og norður frá Tumás øxl þar til vótnumm hallar;

Jtem á Melrackanes Strángs Eyri í midium Fjirdi

Jtem Skóg í Háls Jórd er heitir Skialdar Endi, umm tvenna Læki uppá Fiallinu, enn norður umm nidri.

Jtem hálfá veidi í Hamarsá móts við Hálsmann;

<sup>493</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1919-1924, bls. 43-44.

<sup>494</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1919-1924, bls. 56.

<sup>495</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923-1926, bls. 114.

<sup>496</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923-1926, bls. 126-127.

<sup>497</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 113r-113v.

<sup>498</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 113r-113v.

Jtem Skóg í Geithellra Jórd upp með Þrándará, so langt upp í Fiall sem Skógur vegs útá Þrándarholt, og so ofanad Geithellraá.<sup>499</sup>

Við manntalsþing 22. júní 1830 var upplesinn máldagi fyrir jörðinni Melrakkanesi.<sup>500</sup>

Við manntalsþing 30. júní 1883 var þinglýst landamerkjaskrá fyrir Melrakkanesi.<sup>501</sup>

v. *Geithellar*

Við manntalsþing 30. júní 1883 var þinglýst landamerkjaskrá Geithellna með Kambseli.<sup>502</sup>

Við aukarétt 12. júlí 1935 var eftir beiðni Guðmundar Eiríkssonar í Berufirði, fyrrum bónda á Kambseli í Álftafirði, leidd þingsvitni um munnlegan gjörning á milli hans og Helgu Einarsdóttur frá Geithellnum, sem fram fór í júnímánuði 1928, þar sem nefnd Helga afsalaði Guðmundi eignarrétti á svokallaðri Illum Eyri, sem skyldi vera eign hans og fylgja jörðinni Kambseli en ekki Geithellnum. Vitnisburður var tekinn af Jóni Sigurðssyni, verslunarmanni á Djúpavogi.<sup>503</sup>

vi. *Kambasel*

Við manntalsþing 30. apríl 1833 var upplesið samþykki frá Ásmundi Arasyni og Þorvarði Björnssyni til Kristjáns Arasonar um að byggja Kambsel á Geithellnadal, dags. 25. apríl 1833.<sup>504</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 eru Geithellnar metnar með afbýlinu Kambseli og að jörðinni fylgi lítill varphólmi og rekaítak í Melrakkanesfjöru.<sup>505</sup>

Við manntalsþing 30. júní 1883 var þinglýst landamerkjaskrá Geithellna með Kambseli.<sup>506</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Kambsel að upprekstrarland sé gott en að landamerki séu óþinglesin og að landamerkjaskrá vanti.<sup>507</sup>

Við aukarétt 12. júlí 1935 var eftir beiðni Guðmundar Eiríkssonar í Berufirði, fyrrum bónda á Kambseli í Álftafirði, leidd þingsvitni um munnlegan gjörning á milli hans

---

<sup>499</sup> DI VIII, bls. 820–821.

<sup>500</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1827–1832, bls. 108–109.

<sup>501</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 113r–113v.

<sup>502</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 113r–113v.

<sup>503</sup> Sýsl. S-Múl., GA/14–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1934–1936, bls. 163–165.

<sup>504</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 46.

<sup>505</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 36v–37r.

<sup>506</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 113r–113v.

<sup>507</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 385–386.

og Helgu Einarsdóttur frá Geithellnum, sem fram fór í júnímánuði 1928, þar sem nefnd Helga afsalaði Guðmundi eignarrétti á svokallaðri Illum Eyri, sem skyldi vera eign hans og fylgja jörðinni Kambseli en ekki Geithellnum. Vitnisburður var tekinn af Jóni Sigurðssyni, verslunarmanni á Djúpavogi.<sup>508</sup>

*vii. Þingmúli*

Hinn 4. júní 1703 lögfesti sr. Eiríkur Sölvason eign Ólafskirkju að Þingmúla í Skriðdal. Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Erikur Saulvason lögfeste hier J dag Eign Olafs Kyrkiu, ad Þyngmúla J Skriddal lögfeste eg Heimaland allt, Greindrar Kyrkiu: Hálfann Jorunar dal allann fram ä Stafsheide til þess Vótnum Hallar: Eirnenn allann Oxarárdal fram ä Óxj til þess Vótnum hallar, ad frateknu Haugalande allann Halfann Geitdal og büdartungur Efre og ytre: Reka ä Olafs Sande þriu hundrud tÿræd, Skögarteig i Merke är kuÿslum: lx timburs i Hallorms Stada Skoogum hvort är: Skoog J Sandfells Land: Logfeste eg tódur og Eingiar hüs og haga, Reka og Skooga Vótn og Veide Stade og allt það Sem til gagn[s] ma hafa Jnnann greindra takmarka, med óllum landsnÿtjum Sem þui lande eiga ad filgja ad fornu og nÿu: Fyrerbÿd Eg hiedan af Huorium manne Sier ad nytia Brüka edur beita Jrkia edur J ad Vinna nema mitt Sie lof edur leife til, ad Vitne þÿnu Henrik Biarnason og þÿnu Einar Sueinsson og allra þeirra er Ord mÿn Heyra.<sup>509</sup>

Samskonar lögfesta var upplesin af sr. Eiríki að Þingmúla árið 1718, en viðbót við efni hennar sem ekki er í eldri lögfestunni er að þá lögfesti sr. Eiríkur hálfan reka á Kliftarsandi, sjö hundruð faðma langan, og landamerki Hallbjarnarstaða í Skriðdal og Flögu í Skriðdal. Landamerkjum þeirra jarða er ekki lýst í lögfestunni.<sup>510</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1755 var upplesin skrifleg umkvörtun sr. Halls Ólafssonar að Þingmúli hafi síðustu 20 ár á undan stórlega að heyskap, haga og torfristu forargast og af sér gengið. Lýst er hvernig landið hefur eyðilagst og hvernig sr. Hallur hafði þurft að senda gripi sína annað í vetrargöngu.<sup>511</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1783 var upplesið afrit af korti viðvíkjandi einum þrætu-skógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, útgefið af Högna Torfasyni og dagsett 28. maí 1783. Lögð voru inn skjöl varðandi téðan þrætupart.<sup>512</sup>

<sup>508</sup> Sýsl. S-Múl., GA/14-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1934-1936, bls. 163-165.

<sup>509</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397-1841.

<sup>510</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397-1841.

<sup>511</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1752-1758, bls. 195-196.

<sup>512</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1770-1783, bls. 384.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Þingmúla að jörðin hafi skóg til eigin nota og þá sé hún með afrétt.<sup>513</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Þingmúli metinn með afbýlinu Hátúnum en engin landamerki séu þar á milli. Einnig segir að staðnum tilheyri skógarhögg í Sandfells- og Hallormsstaðarskógi, hálfur reki á Ólafs- og Kliptarsöndum fyrir Héraðsflóa og hagaganga í Víðisgróf.<sup>514</sup>

Hinn 14. júní 1884 tók sáttanefnd fyrir ítakamál Páls Pálssonar, fyrir hönd Þingmúlakirkju, gegn eigendum Stóra-Sandfells, Einari Jónssyni og Birni Árnasyni. Eigi varð sáttum ákomið og málinu því vísað til landslaga og réttar.<sup>515</sup>

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Þingmúla með hjáleigu.<sup>516</sup>

Við aukarétt 24. september 1891 var samkvæmt kröfu skiptaráðandans í dánarbúi sr. Páls Pálssonar í Þingmúla útnefnt yfirúttektarmann að Þingmúla stað og kirkju.<sup>517</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Þingmúla að landamerki séu þinglesin 20. júní 1884 með tilheyrandi hjáleigum. Einnig eru færð inn landamerki heimajarðarinnar:

Að utan Múlaá, að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn í Múlanesi gengur lengst út og þaðan niður að Múlaá og sama bein lína ræður upp Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá mörkum og að framan norðanmegin Merkilækur skamt fyrir utan Kálfeyri.<sup>518</sup>

Um upprekstrarland segir að jörðin eigi ekkert og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Þá segir að ítak fylgi jörðinni, svonefndur „Lónatangi“ í Hallbjarnarstaðalandi. Loks er í fasteignamatinu skráð eftirfarandi athugasemd við mat Þingmúla:

Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00.

---

<sup>513</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 153.

<sup>514</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 24r–24v.

<sup>515</sup> Sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1880–1948, án bls., 14. júní 1884.

<sup>516</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 180v.

<sup>517</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 84v–84r.

<sup>518</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 17.

Þess skal einnig getið að Skriðuvatnshólmi heyrði áður til prestssetrinu að Þingmúla, og að nú hefir sóknarpresturinn í Vallanesi afnot hans, leigir hólmann til slæгна. Metinn kr. 400,00.<sup>519</sup>

Við aukarétt 23. maí 1923 voru dómkvaddir tveir menn til að meta til peningaverðs kirkjujörðina Þingmúla, sem ábúendur höfðu sótt um kaup á samkvæmt lögum frá 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða.<sup>520</sup>

Við aukarétt 4. júlí 1923 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Þingmúla staðfest.<sup>521</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1755 var upplesin skrifleg umkvörtun sr. Halls Ólafssonar að Þingmúli hafi síðustu 20 ár á undan stórlega að heyskap, haga og torfristu forargast og af sér gengið. Lýst er hvernig landið hefur eyðilagst og hvernig sr. Hallur hafði þurft að senda gripi sína annað í vetrargöngu.<sup>522</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1783 var upplesið afrit af korti viðvíkjandi einum þrætu-skógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, útgefið af Högna Torfasyni og dagsett 28. maí 1783. Lögð voru inn skjöl varðandi téðan þrætupart.<sup>523</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Þingmúla að jörðin hafi skóg til eigin nota og þá sé hún með afrétt.<sup>524</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Þingmúli metinn með afbýlinu Hátúnun en engin landamerki séu þar á milli. Einnig segir að staðnum tilheyri skógarhögg í Sandfells- og Hallormsstaðarskógi, hálfur reki á Ólafs- og Kliptarsöndum fyrir Héraðsflóa og hagaganga í Víðisgróf.<sup>525</sup>

Hinn 14. júní 1884 tók sáttanefnd fyrir ítakamál Páls Pálssonar, fyrir hönd Þingmúlakirkju, gegn eigendum Stóra-Sandfells, Einari Jónssyni og Birni Árnasyni. Eigi varð sáttum ákomið og málinu því vísað til landslaga og réttar.<sup>526</sup>

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Þingmúla með hjáleigu.<sup>527</sup>

---

<sup>519</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 18.

<sup>520</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1919–1924, bls. 335–336.

<sup>521</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923–1926, bls. 13.

<sup>522</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 195–196.

<sup>523</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1770–1783, bls. 384.

<sup>524</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 153.

<sup>525</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 24r–24v.

<sup>526</sup> Sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis, A/1–1, Sáttabók 1880–1948, án bls., 14. júní 1884.

<sup>527</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 180v.

Við aukarétt 24. september 1891 var samkvæmt kröfu skiptaráðandans í dánarbúi sr. Páls Pálssonar í Þingmúla útnefnt yfirúttektarmann að Þingmúla stað og kirkju.<sup>528</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Þingmúla að landamerki séu þinglesin 20. júní 1884 með tilheyrandi hjáleigum. Einnig eru færð inn landamerki heimajarðarinnar:

Að utan Múlaá, að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn í Múlanesi gengur lengst út og þaðan niður að Múlaá og sama bein lína ræður upp Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá mörkum og að framan norðanmegin Merkilækur skamt fyrir utan Kálfeyri.<sup>529</sup>

Um upprekstrarland segir að jörðin eigi ekkert og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Þá segir að ítak fylgi jörðinni, svonefndur „Lónatangi“ í Hallbjarnarstaðalandi. Loks er í fasteignamatinu skráð eftirfarandi athugasemd við mat Þingmúla:

Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00.

Þess skal einnig getið að Skriðuvatnshólmi heyrði áður til prestssetrinu að Þingmúla, og að nú hefir sóknarpresturinn í Vallanesi afnot hans, leigir hólmann til slægna. Metinn kr. 400,00.<sup>530</sup>

Við aukarétt 23. maí 1923 voru dómkvaddir tveir menn til að meta til peningaverðs kirkjujörðina Þingmúla, sem ábúendur höfðu sótt um kaup á samkvæmt lögum frá 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða.<sup>531</sup>

Við aukarétt 4. júlí 1923 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Þingmúla staðfest.<sup>532</sup>

#### *viii. Eiríksstaðir*

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að landamerki Eiríksstaða séu þinglesin með Víðinesi og Eyjólfstöðum 23. júní 1884. „Fossárdalur allur í einu lagi“, eins og segir í fasteignamatinu. Þá segir að ekki hafi verið búið á jörðinni í sjö ár en upprekstrarland sé nægilegt.<sup>533</sup>

<sup>528</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 84v–84r.

<sup>529</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 17.

<sup>530</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 18.

<sup>531</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1919–1924, bls. 335–336.

<sup>532</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923–1926, bls. 13.

<sup>533</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 360.

Við aukarétt 2. maí 1931 voru dómkvaddir tveir menn til að meta kirkjujörðina Eiríksstaði.<sup>534</sup>

Við aukarétt 23. júlí 1931 var matsgjörð á kirkjujörðinni Eiríksstöðum staðfest.<sup>535</sup>

#### 4.1.20. Afréttarland Geithellnads

##### *i. Geithellar*

Við manntalsþing 30. júní 1883 var þinglýst landamerkjaskrá Geithellna með Kambseli.<sup>536</sup>

Við aukarétt 12. júlí 1935 var eftir beiðni Guðmundar Eiríkssonar í Berufirði, fyrrum bónda á Kambseli í Álftafirði, leidd þingsvitni um munnlegan gjörning á milli hans og Helgu Einarsdóttur frá Geithellnum, sem fram fór í júnímánuði 1928, þar sem nefnd Helga afsalaði Guðmundi eignarrétti á svokallaðri Illum Eyri, sem skyldi vera eign hans og fylgja jörðinni Kambseli en ekki Geithellnum. Vitnisburður var tekinn af Jóni Sigurðssyni, verslunarmanni á Djúpavogi.<sup>537</sup>

##### *ii. Kambssel / Kambasel*

Við manntalsþing 30. apríl 1833 var uppleið samþykki frá Ásmundi Arasyni og Þorvarði Björnssyni til Kristjáns Arasonar um að byggja Kambsel á Geithellnadal, dags. 25. apríl 1833.<sup>538</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 eru Geithellnar metnar með afbýlinu Kambseli og að jörðinni fylgi lítill varphólmi og rekaítak í Melrakkanesfjöru.<sup>539</sup>

Við manntalsþing 30. júní 1883 var þinglýst landamerkjaskrá Geithellna með Kambseli.<sup>540</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Kambsel að upprekstrarland sé gott en að landamerki séu óþinglesin og að landamerkjaskrá vanti.<sup>541</sup>

Við aukarétt 12. júlí 1935 var eftir beiðni Guðmundar Eiríkssonar í Berufirði, fyrrum bónda á Kambseli í Álftafirði, leidd þingsvitni um munnlegan gjörning á milli hans

---

<sup>534</sup> Sýsl. S-Múl., GA/13–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1930–1934, bls. 159.

<sup>535</sup> Sýsl. S-Múl., GA/13–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1930–1934, bls. 191.

<sup>536</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 113r–113v.

<sup>537</sup> Sýsl. S-Múl., GA/14–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1934–1936, bls. 163–165.

<sup>538</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 46.

<sup>539</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 36v–37r.

<sup>540</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 113r–113v.

<sup>541</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 385–386.

og Helgu Einarsdóttur frá Geithellnum, sem fram fór í júnímánuði 1928, þar sem nefnd Helga afsalaði Guðmundi eignarrétti á svokallaðri Illum Eyri, sem skyldi vera eign hans og fylgja jörðinni Kambseli en ekki Geithellnum. Vitnisburður var tekinn af Jóni Sigurðssyni, verslunarmanni á Djúpavogi.<sup>542</sup>

*iii. Hamar (Hamarssel)*

Landamerkjabréf Hamra er dags. 25. júní 1885 og var þinglýst 11. júní 1886. Það hljóðar svo:

Jörðin Hamar í Vopnafjarðarhreppi á land innan þeirra landamerkja er nú skulu greind: að austan og sunnan liggur Selá, er fellur eftir endilöngum Selárdal, að innan eða vestan liggur Þverá, sem kölluð er Almenningsá hin innri, hefur hún upptök undir Kistufelli og fellur niður í Selá, að norðan liggja Kistufellsurðir, að utan eða austan er svo kölluð Merkigróf, er liggur frá Urðarufs niður að Selá.

*iv. Bragðavellir*

Við manntalsþing 30. júní 1883 var þinglýst landamerkjaskrá fyrir Bragðavöllum.<sup>543</sup>

*v. Melrakkanes*

Í máldaga Melrakkanes frá 1521 segir eftirfarandi:

Melrakkanes á Landeign að Bragðavallar Gili, enn Beit að Jókulgili, Síónhendíng uppá Tumás øxl, og ofanad anni og útá Hilinn, og allar Fossbreckur, og af Fossbreckumm og útá Berghilinn, og af Berghil og í Línghólma, og úr Línghólma og útj Stein þann sem stendur ei órt í midiumm Leirumm.

Jtem, Sanda alla út frá sógdumm Steini og að Sands Enda, og sama Rif sem kastad er upp í milli Jskills eyar og Lands og út að Hvalskériumm, og Sanda alla vestur að Osi, þar sem hann hefur fallid að fornu lagi, og allar Víkur innad Stecká, og inn með óllumm Skudumm að fyrrnefndri Tumás øxl, Síónhendíng upp frá Stecká, Enn Beit að Grásteini, og nordur frá Tumás øxl þar til vótnumm hallar;

Jtem á Melrakkanes Strángs Eyri í midiumm Fjirdi

Jtem Skóg í Háls Jórd er heitir Skialdar Endi, umm tvenna Læki uppá Fiallinu, enn nordur umm nidri.

Jtem hálfá veidi í Hamarsá móts við Hálsmann;

Jtem Skóg í Geithellra Jórd upp með Þrándará, so langt upp í Fiall sem Skógur vegs útá Þrándarholt, og so ofanad Geithellraá.<sup>544</sup>

<sup>542</sup> Sýsl. S-Múl., GA/14-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1934-1936, bls. 163-165.

<sup>543</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 113r-113v.

<sup>544</sup> DI VIII, bls. 820-821.



Við manntalsþing 22. júní 1830 var upplesinn máldagi fyrir jörðinni Melrakkanesi.<sup>545</sup>

Við manntalsþing 30. júní 1883 var þinglýst landamerkjaskrá fyrir Melrakkanesi.<sup>546</sup>

*vi. Múli*

#### **4.1.21. Hofsjökull og Staðarafrétt**

*i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Staðarafrétt:

Inn af Höfðanum sjálfum gengur nokkuð langt flatlendi, víða móótt. Innan fram við þetta flatlendi beygjast fjallshlíðarnar og Höfðabrýrnar yfir í dalinn þverlínis næstum að ánni, hvar fyrir þar myndast líkasem horn út úr fjallgarðinum er næstum samanlykur dalinn, kallast það Afréttarhnausar. Þar fyrir innan liggur svonefnd Staðarafrétt. Afrétt þessi liggur með hlíðum fram í Flugustaðadalnum, sunnan í Tungufjöllonum; upp af henni liggur Afréttarhjalli nefndur, sem liggur fyrir ofan alla afréttina og áðurnefnda Afréttarhnausa og Höfðabrýr. Hjalli þessi er víða grösugur. Upp af þessum hjalla liggja nokkur klettabelti og þar upp af blásker allt upp til Tungutinda. Sú nefnda Afrétt nær allt inn að stafni Flugustaðadals. Stafn þessi gengur með viðlíðandi bratta upp og nefnist Svíptungnavarp, við hvört að sunnanverðu sameinast áðurnefndar skriður af Jökulfellum.<sup>547</sup>

*i. Flugustaðir*

Hinn 17. júní 1694 lögfesti sr. Guðmundur Högnason jörðina Hof með Flugustöðum.

Lögfestan er til í afriti frá 1839 og er efni hennar svohljóðandi:

Logfesta

Prestsins S<sup>r</sup> Guðmundar Högnasonar af 17<sup>da</sup> Júnii 1694.

Jeg Guðmundur Hognason, tiltrúadr Prestr Hofskyrkiu í Alptafyrði, Lögfesti hér í Dag, undir Dánumanna heyrn þá Konungsins og Krónunnar Eign, Stadin Hof og alt hans heimaland, með Kyrkjujordinni Flugustöðum til þessara Ummerkja: a Nyrðri Síðu í Votabergid i midjum Múla Hálsi, og rettsínis ofani grástein, sem stendr fyrir ofan Hærukollsnes; á syðri Sidu alt ad Landamerkjum milli Starmýrar og Flugustada, hvar Vördum rædur klifbrúninn uppí háfiallsöxl, og réttsynis ofaná Lá, svosem hún tilvisar, Lögfesti jeg allann Reka utannfiardar, millum Markskérs og Melrackaness, item Fiordúng i ollum Reka vid Starmýringa, item Selveidi alla háfa innannfiardar vid Þvottá, utan þá, er Geithellar éga, og fiórdung í Útseladrápum, í einni Summa: Lögfesti jeg Stadarins Landeign réttsynis til fialls og fioru í öllum Hofs Kyrkju Eignum og Itokum, eptir frekasta Laganna Leifi, og Yfirvaldsins streingilegri befallingu, einkum Akra og Tödu, Eingiar og Skóga, Holt og haga, Votn og Veidistadi, og allar adrar Landsnýtjar, sem greindum Hofs stad ega ad fylgia og fylgt hafa ad fornu, ad

<sup>545</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1827-1832, bls. 108-109.

<sup>546</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 113r-113v.

<sup>547</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 527.

éngu undanþeknu, sem ej er med Logum, og fullum Rétti frákomid, enn annara Kyrkna Itolur, liggiandi innann ádurnefndra Hofs Landamerkia, eptir kyrkna Máldögum, hvörju Nafni sem heita, þá eru þær Itölur frátekna minni Lögfestu. Alt annat Kyrkjunn tilheyra til ytstu Ummerkja þeirra sem adrir menn egu í móte vid Kyrkjuna, Lögfesti jeg bædi ad ordfullu, og Lögmáli réttu, Legg eg hérvíð Lögdóm og Rétt minn, og mins Naduga Herra, Kóngsins og Kyrkjunnar.<sup>548</sup>

ii. Hof

Hinn 17. júní 1694 lögfesti sr. Guðmundur Högnason jörðina Hof með Flugustöðum. Lögfestan er til í afriti frá 1839 og er efni hennar svohljóðandi:

Logfesta

Prestsins S<sup>r</sup> Gudmundar Högnasonar af 17<sup>da</sup> Junii 1694.

Jeg Gudmundur Hognason, tiltruadr Prestr Hofskyrkiu í Alptafyrði, Lögfesti hér í Dag, undir Dánumanna heyrn þá Konungsins og Krónunnar Eign, Stadin Hof og alt hans heimaland, med Kyrkjujordinni Flugustöðum til þessara Ummerkja: a Nyrðri Síðu í Votabergid i midjum Múla Hálsi, og rettsínis ofani grástein, sem stendr fyrir ofan Hærुकollsnes; á syðri Sidu alt ad Landamerkjum milli Starmýrar og Flugustada, hvar Vördum rædur klifbrúninn uppí háfíallsöxl, og réttsynis ofaná Lá, svosem hún tilvisar, Lögfesti jeg allann Reka utannfiardar, millum Markskérs og Melrackaness, item Fiordúng i ollum Reka vid Starmýringa, item Selveidi alla hálfu innannfiardar vid Þvottá, utan þá, er Geithellar éga, og fiordung í Útseladrápum, í einni Summa: Lögfesti jeg Stadarins Landeign réttsýnis til fíalls og fíoru í öllum Hofs Kyrkju Eignum og Itokum, eptir frekasta Laganna Leifi, og Yfirvaldsins streingilegri befallingu, einkum Akra og Tödu, Eingiar og Skóga, Holt og haga, Votn og Veidistadi, og allar adrar Landsnýtjar, sem greindum Hofs stad éga ad fylgia og fylgt hafa ad fornu, ad éngu undanþeknu, sem ej er med Logum, og fullum Rétti frákomid, enn annara Kyrkna Itolur, liggiandi innann ádurnefndra Hofs Landamerkia, eptir kyrkna Máldögum, hvörju Nafni sem heita, þá eru þær Itölur frátekna minni Lögfestu. Alt annat Kyrkjunn tilheyra til ytstu Ummerkja þeirra sem adrir menn egu í móte vid Kyrkjuna, Lögfesti jeg bædi ad ordfullu, og Lögmáli réttu, Legg eg hérvíð Lögdóm og Rétt minn, og mins Naduga Herra, Kóngsins og Kyrkjunnar.<sup>549</sup>

Við manntalsþing að Djúpavogi 2. júní 1835 var upplesinn vitnisburður nokkurra manna um landamerki og engi jarðarinnar Starmýrar. Þessum vitnisburðum var mótmælt af sr. Jóni Bergssyni vegna Hofs- og Þvottáarkirkna.<sup>550</sup> Dagana 25. og 31. maí, 7. júní og 16. júlí 1836 var tekið fyrir rekaþrætumál sr. Jóns Bergssonar á Hofi gegn

<sup>548</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Hof í Álftafirði og Þvottá 1694–1883.

<sup>549</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Hof í Álftafirði og Þvottá 1694–1883.

<sup>550</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 87–88.

Stefáni Hjörleifssyni á Starfmýri. Dæmt var að helmur reka á Starmýrarfjöllum tilheyrði Hofskirkju.<sup>551</sup>

*iii. Múli*

Við manntalsþing að Berufjarðarverslunarstað á Djúpavogi 6. júní 1843 var upplesin lögfesta Sigurðar Brynjólfssonar vegna Múla.<sup>552</sup> Í afsals- og veðmálabók er efni lögfestunnar skráð þannig:

Eg undirskrifadur gjöri vitanlegt að eg í Dag, lögfesti hérmed abyllis- og að meira parte Eígnarjörd mina Múla liggjandi í hofssókn og Geithellna hrepp innan Sudur Mula Syslu, með öllu tilheirrande Lande, Tödu, Eíngum og Skóge, innan ummerkja þeirra er að fornu hafa verid, nefnil. að utan og eptir sem hofs Máldagi tilgreínir, og allt Land sunnan megin Geithellna Ar inná Vörp. Fyrir bíd eg hedan af hvörjum Manni, að brúka edur hagníta sér Land innan nefndra Ummerkja, utan mitt se Lof edur Leífi til, undir nærstodd undirskrifud vitni.<sup>553</sup>

Á sáttafundi hjá sáttanefnd Geithellnaumdæmis 3. desember 1883 var tekið fyrir mál vegna ágreinings um landamerki milli jarðanna Hofs og Múla. Sættir náðust og er eftirfarandi sátt bókuð í sáttabók nefndarinnar:

þannig að landamerki verði tekinn úr midju votabergi (í Arnarhömrum), beina línu í vördu þá er hlandinn er 65 födmum fyrir Nordaustan Stein þann er stendur hjerumbil í Nordaustur frá bænum, við eða í túninu á Hærुकollsnesi<sup>554</sup>

## 4.2. Fjarðabyggð

### 4.2.1. Fannardalur

*i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Fannardal að þar sé skógur til eigin nota.<sup>555</sup>

Við manntalsþing 14. júlí 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Fannardals.<sup>556</sup>

Við manntalsþing 14. júlí 1890 var þinglýst landamerkjum Fannardals.<sup>557</sup>

---

<sup>551</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832-1841, bls. 146-148, 150-154, 169-173.

<sup>552</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1841-1843, bls. 234.

<sup>553</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu 1839-1872, bls. 93.

<sup>554</sup> Sättanefnd Geithellnaumdæmis, A/1-1, Sättabók 1856-1935, bls. 17-19.

<sup>555</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 82.

<sup>556</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 194r-194v.

<sup>557</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888-1894, bls. 8r-8v.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um landamerki Fannardals að þau séu þinglesin 14. júlí 1884. Einnig segir að upprekstrarland sé gott og víðlent.<sup>558</sup>

*ii. Fannardalur (Norðfjörður)*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Fannardal að þar sé skógur til eigin nota.<sup>559</sup>

Við manntalsþing 14. júlí 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Fannardals.<sup>560</sup>

Við manntalsþing 14. júlí 1890 var þinglýst landamerkjum Fannardals.<sup>561</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um landamerki Fannardals að þau séu þinglesin 14. júlí 1884. Einnig segir að upprekstrarland sé gott og víðlent.<sup>562</sup>

*iii. Tandrastaðir*

Landamerkjabréfi Fannardals og Tandrastaða var þinglýst á Skorradalsmanntalsþingi 14. júlí 1884:

Við undirskrifaðir eigendur jarðanna Fannardals og Tandrastaða lýsum hjer með yfir að hafa gjört þessi landamerki millum nefndra jarða: Fyrir norðan Norðfjarðará ræður Fannardalsá, sem kemur ofan úr svo nefndum Gæsardal og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará. Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr Svartaskoti og beint niður í Norðfjarðará.

*iv. Seldalur*

Í Vilchins-máldaga um Skorrastað frá 1397 er Seldals getið. Í máldaganum segir meðal annars:

Kirkia a Skorrastodumm a heimaland allt med gognum oc giædum. Buland oc Grænanes oc Seliadal.

Rekstur i Fannardal firir framan Liosä og vidarteig firir nordann.

Vidarteig j Miofafirdi j Myrarskog.

fiordung j ollumm Sandvijkur rekumm firir nordann huad sem a rekur. enn þui minna firir sunnan ad þar eiga adrer settunginn adur af ad taka. Þann reka gaf Biorn Sigvatsson sier til salumessu.

<sup>558</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 110–111.

<sup>559</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 82.

<sup>560</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 194r–194v.

<sup>561</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 8r–8v.

<sup>562</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 110–111.

Hualreka allann a Monesi milli Valagils og Svartabiarga. Þann reka lagdi til Eyolfur Helgason vid margra manna vittni.

allt lingrif oc vidinn fyrer sunnann a vmm Hals oc Eyrar til Raudaskridu. enn það gaf Hilldibrandur prestur stadnumm.

fiskveide i Helluhyl til mots vi Kirkklækinga. Hana selldi Sorli af Skuggahlid og a stadurinn tuo hluti firir það land oc gaf Hilldibrandur stadnumm.<sup>563</sup>

Hinn 3. júní 1824 var sýslumaður Suður-Múlasýslu staddur í Seldal til að gera skoðun á því hvort þar gæti verið byggt nýbýli samkvæmt tilskipun frá 15. apríl 1776. Eftirfarandi fór fram við þinghaldið:

Anno 1824 þann 3<sup>ia</sup> Junii var Herra Kammer assessor tilstadar á Seldal Liggandi innann Nordfiardar Kyrkiusókn til þess i fylgi amtsins Skipunar af 20<sup>ia</sup> Novembr. f.a. ad fyrirtaka Skodunar og utvysunar Forréttingu á nefndum dal til þess ad þar giæti utvisast nybyli i fylgi af Forordningum 1776. –

Til þessarar Forréttingar var eftir Stefnu af 1<sup>ia</sup> Junii innkalladir til ad mæta Presturinn Sira Benidict Thorsteinsson undir hvörs Beneficium nefndur dalur liggur, og allir adrir sem þar kynnu ad eiga adliggjandi land.

Somuleidis voru innkalladir Biörn Skulason á Skuggahlid sem hefur umgéfið ansögning til amtsins umm ad bygga nefnda jörd.

Sömuleidis voru innkalladir proprietarius Hermann Jonsson á Fyrði og Hreppstiorinn Haldor Pálsson þar sama stadar, Sveinn Biarnarson a Vidfyrði og Stephan Sigurdsson á Fannardal til þess asamt Syslumanninum ad fyrirtaka þessa Forréttingu og ~~dæma~~ leisa úr þeim Spursmálum sem fyrir falla kynnu vid hana. allir þeir innstefndu mæta vid Forréttinguna var upplesid amtsins bréf af 20<sup>ia</sup> Nov. f.á. – Var þar næst fyrirtaki lagdur skodunar og aliktunar monnum fylgjandi Eidur.

Þar vér af Syslumanni Cammerassessor M. Tvede erum i Fylgi af amtsins Skrifi af 20<sup>ia</sup> Nov. 1823 samkvæmt med Forordningunni af 15<sup>da</sup> April 1776 útnefndir til ásamt hönum ad Fyrirtaka eina Skodunar og aliktunar giör á Seldal innann Skorastadar Kyrkiusóknar til þess þá eptir ad dæma umm hvört á nefndum Dal géti utvysast pláts til einar medalmáta Jardar, samt eptir því ad utvisa nefndt pláts og áqvarda þess Takmörk og landamérki: So sver og lofar jeg Hermann Jonsson jeg Haldor Pálsson jeg Sveinn Biarnarson jeg Stephan Sigurdsson gudi almáttugumm og þessum Rétti ad eg vil giöra það réttasta jeg hef vit og Skinbragd á i þessari Sök og gét forsvarad fyrir gudi og minni Samvitsku svo sannarlega hiálpi mér gud og hans heilaga ord. Þennann Eid aflögdu Skodunarmennirnir á Löglegann Hátt. Var so upplesinn For. af 15<sup>da</sup> April

<sup>563</sup> DI IV, bls. 225–226.

1776 fyrir þeim. Var þareptir ridid inná þann nefnda Seldal og þar næst frammlagt og upplesid innlegg frá Prestinum Síra Benidict Thorsteinssyni á Ormstödum Hvarmed hann protesterar ad jörd verdi utnefnd á nefndumm Seldal enn ef hans protest ecki verdi tekid fullkomid uppastendur hann ad sér sé géfinn réttur til ad bygga nefndann dal. innleggid var hér næst upplesid og noterad Littera B.

Sveinn Biarnason var adspurdur heldur þú ad Seldalurinn væri byggilegur ef til Skorastadar kémur svo mikid af Slægiueingi sem nefndri jörd med billegheitumm þarfnast, samt þar fyrir utann væri uthlutad afréttarplats Hrisrif og Hagbeit, hann svarar nei! Stephan Sigurdsson svarar uppá sama Spursmál nei! Sgr. Haldor Pálsson svarar henni sama. Proprietarius hermann jonsson svarar og svo sama.

Þar það svoleidis er upplýst ad nefndur Seldalur þegar Kyrkiujördinn Skorastadur nytur þeirra réttugheita sem hun hefur til nefnds dals og ecki án merkilegs Skada væri fyrir nefnda jörd og Prestakallsins inntektir gétur mist so mikid, ad bujörd verdi ásett <sup>væri</sup> svo gétum vid ecki álitid Seldalinn ad vera i því ásigkomulagi sem forordninginn af 15<sup>da</sup> April 1776 útkrefur til þess ad géta ordid sett nýbýli, hvarfyrir þessi Forrétting svar svoleidis Sluttud.<sup>564</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Skorrastaður metinn með afbýlinu Seldal, sem sé byggt um sinn en hafi ekki landamerki móts við staðinn. Einnig var Skorrastaður metinn með eyðihjáleigunum Stóragerði og Borgum.<sup>565</sup>

Við manntalsþing að Skorrastað 14. júlí 1890 voru þinglesin landamerki Seldals. Á sama þingi voru þinglesin landamerki Seldalsháls.<sup>566</sup> Landamerki Seldals voru einnig þinglesin við manntalsþing að Skorrastað 13. júlí 1891.<sup>567</sup>

Við aukarétt 16. febrúar 1909 voru útnefndir tveir menn til að meta og virða jörðina Seldal.<sup>568</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Seldal:

27. Seldalur

1. Eigandi landssjóður (kirkjueign). Ábúandi Friðrik Jónsson.
2. Landamerki þinglesin 13. júlí 1891.

<sup>564</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 163–165.

<sup>565</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 11v–12r.

<sup>566</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 8r–8v.

<sup>567</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 54r.

<sup>568</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896–1912, bls. 463.

[...]

4.

[...]

b. Engjarnar er nærtækar, grasgefnar, samfeldar, greiðfærar og þurrar – Engjavegur alt að því akfær yrði það með viðgerð. Í meðalári heyjast á engjunum 300 hestar af góðu heyi.

c. Beitolandið er kjarngott sauðland og í meðallagi fyrir naut og hesta. Það er talið skjóllítið og snjóþungt, í meðalvetrum snjólítt.

d. Upprekstrarland er gott fyrir heimafé en ekki aflögu.

5.a. Eldsneyti: Mótak er ekkert, skógarkjarr dálítið.

b. Byggingarefni: Grjót og sandur er langsótt, torfrista slæm.

c. Samgöngur: Ógreiður vegur að bænum; fara má í kaптún á dag.

d. Fossar eru allmiklir í landinu.<sup>569</sup>

Við aukarétt 28. ágúst 1919 voru útnefndir tveir menn til að meta og virða jörðina Seldal.<sup>570</sup>

v. *Skorrastaður*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 er Skorrastaður metinn með eyðihjáleigunni Stóragerði.<sup>571</sup>

Við manntalsþing 22. maí 1827 var upplesinn máldagi Skorrastaðakirkju.<sup>572</sup>

Við aukarétt 12. september 1828 var í tilefni skipunar frá Norður- og austuramtinu til sýslumanns Suður-Múlasýslu tekið fyrir að rannsaka þá pósta sem amtið hafði fundið áhrærandi meðferð á skoðunar- og virðingargjörð fyrir jörðina Skorrastað. Vitni voru yfirheyrd.<sup>573</sup>

<sup>569</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 111–112.

<sup>570</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dómsmálabók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 352–353.

<sup>571</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 76.

<sup>572</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 263.

<sup>573</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1827–1832, bls. 36–42.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Skorrastaður metinn með afbýlinu Seldal, sem sé byggt um sinn en hafi ekki landamerki móts við staðinn. Einnig var Skorrastaður metinn með eyðihjáleigunum Stóragerði og Borgum.<sup>574</sup>

Við manntalsþing 14. júlí 1890 var þinglýst landamerkjum milli Skorrastaðar og Skálateigs. Við sama þing var þinglýst landamerkjum Miðbæjar og Skorrastaðar og ítökum Skorrastaðarkirkju. Í dóma- og þingbók sýslumanns eru þau færð inn á eftirfarandi hátt:

Ítök Skorrastaðarkirkju

- a. 12 fóta gröf í Kirkjubólslandi til mótök
- b. Vervist og verstöð í Neslandi
- c. Hvalreki á Mónesi í Barðsneslandi.
- d. Lambrekstur í Fannardal fyrir framan Ljósá og viðarteig fyrir austan.
- e. ¼ úr öllum reka fyrir norðan á í Sandvík.<sup>575</sup>

Við manntalsþing 13. júlí 1891 var þinglesin landamerkjaskrá Seldals, Skuggahlíðar, Skorrastaðar, Ormsstaða og Naustahvamms.<sup>576</sup>

Við aukarétt 5. júní 1912 voru útnefndir menn til að meta kirkjujörðina Skorrastað í Norðfjarðarhreppi.<sup>577</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um landamerki Skorrastaðar að þau séu þinglesin 13. júlí 1891. Þá segir að svokallað Staðarhólsland sé gott sauðland og einnig 2/3 hlutar Búlandsins, sbr. lýsingu Búlandsborgar í matinu. Beitiland fyrir hesta og nautgripi sé í Norðfjarðarnesi og hinu megin árinna gagnvart Skorrastað. Um upprekstrarland segir eftirfarandi:

Afréttarland á Oddsdal, gott land, tekjulaust að öðru.<sup>578</sup>

Við aukarétt 28. febrúar 1919 voru á ný dómkvaddir tveir menn til að meta til peningaverðs kirkjujörðina Skorrastað í Norðfjarðarhreppi, samkv. lögum frá 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða og eftir beiðni ábúanda jarðarinnar Jóns

<sup>574</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 11v–12r.

<sup>575</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 8r–8v.

<sup>576</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 54r.

<sup>577</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896–1912, bls. 582–583.

<sup>578</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 106.



Bjarnasonar.<sup>579</sup> Við aukarétt 27. júní sama ár var matsgjörð fyrir jörðinni staðfest.<sup>580</sup> Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 er Skorrastaður metinn með eyðihjáleigunni Stóragerði.<sup>581</sup>

Við manntalsþing 22. maí 1827 var upplesinn máldagi Skorrastaðakirkju.<sup>582</sup>

Við aukarétt 12. september 1828 var í tilefni skipunar frá Norður- og austuramtinu til sýslumanns Suður-Múlasýslu tekið fyrir að rannsaka þá pósta sem amtið hafði fundið áhrærandi meðferð á skoðunar- og virðingargjörð fyrir jörðina Skorrastað. Vitni voru yfirheyrd.<sup>583</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Skorrastaður metinn með afbýlinu Seldal, sem sé byggt um sinn en hafi ekki landamerki móts við staðinn. Einnig var Skorrastaður metinn með eyðihjáleigunum Stóragerði og Borgum.<sup>584</sup>

Við manntalsþing 14. júlí 1890 var þinglýst landamerkjum milli Skorrastaðar og Skálateigs. Við sama þing var þinglýst landamerkjum Miðbæjar og Skorrastaðar og ítökum Skorrastaðarkirkju. Í dóma- og þingbók sýslumanns eru þau færð inn á eftirfarandi hátt:

Ítök Skorrastaðarkirkju

- a. 12 fóta gröf í Kirkjubólslandi til mótök
- b. Vervist og verstöð í Neslandi
- c. Hvalreki á Mónesi í Barðsneslandi.
- d. Lambrekstur í Fannardal fyrir framan Ljósá og viðarteig fyrir austan.
- e.  $\frac{1}{4}$  úr öllum reka fyrir norðan á í Sandvík.<sup>585</sup>

Við manntalsþing 13. júlí 1891 var þinglesin landamerkjaskrá Seldals, Skuggahlíðar, Skorrastaðar, Ormsstaða og Naustahvamms.<sup>586</sup>

---

<sup>579</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 315.

<sup>580</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 325–326.

<sup>581</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 76.

<sup>582</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 263.

<sup>583</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1827–1832, bls. 36–42.

<sup>584</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 11v–12r.

<sup>585</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 8r–8v.

<sup>586</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 54r.

Við aukarétt 5. júní 1912 voru útnefndir menn til að meta kirkjújörðina Skorrastað í Norðfjarðarhreppi.<sup>587</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um landamerki Skorrastaðar að þau séu þinglesin 13. júlí 1891. Þá segir að svokallað Staðarhólsland sé gott sauðland og einnig 2/3 hlutar Búlandsins, sbr. lýsingu Búlandsborgar í matinu. Beitiland fyrir hesta og nautgripi sé í Norðfjarðarnesi og hinu megin árinnað gagnvart Skorrastað. Um upprekstrarland segir eftirfarandi:

Afréttarland á Oddsdal, gott land, tekjulaust að öðru.<sup>588</sup>

Við aukarétt 28. febrúar 1919 voru á ný dómkvaddir tveir menn til að meta til peningaverðs kirkjújörðina Skorrastað í Norðfjarðarhreppi, samkv. lögum frá 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða og eftir beiðni ábúanda jarðarinnar Jóns Bjarnasonar.<sup>589</sup> Við aukarétt 27. júní sama ár var matsgjörð fyrir jörðinni staðfest.<sup>590</sup>

*vi. Fjörður, Fjarðarsel og Oddi*

Við manntalsþing. 23. júní 1818 var upplestin lögfesta Hermanns Jónssonar og H. Pálssonar, dags. 04. maí 1816, fyrir Firði og landareign Fjarðarkirkju.<sup>591</sup>

Hinn 20. maí 1845 lögfesti Einar Halldórsson eignarjörð sína Fjörð í Mjóafirði. Lögfestan var upplestin manntalsþingsrétt að Egilsstöðum 22. maí sama ár og efni hennar hljóðar svo:

Eg undirskrifadr lögfesti hermed Eygnarjörð mína Fiord í Mjóafirdi liggjandi í siálfrar sinnar kyrkjúsókn með öllum þeim gögnum og giædum Eygnum og Itökum og hlunnindum til Lands og Síóar sem greindri Jorðu Firdi fylgia og fylgia eiga eptir eldri og yngri Máldögum, samt odrum löglegum Adkomstalitlum, svo sem giöfum Sölum Makaskiptum edr hefd. Lögfesti eg greindt Stadarland í þessi takmörk nefnilega frá Kirkjuþúfu til Fialls og Fiöru á Slenjudals háls fyrir austan; en í ytri Grjótá fyrir nordan samt Slenjudal allan innan tedra takmarka; og í Borgara hid efra en í hinn Farveg ytsta hid nedra

Her ad auk lögfesti eg kirkjunnar 10 hndr. sem er 4<sup>di</sup> Partr úr ollu Fiardar heimalandi með gognum og giædum, 3 hndr. í Jordinni Reikjum innan sömu Sóknar Leigufær til húsa; Vervist í höfn í Krosslandi, Fiordung í Reka fyrir sama Landi Fiórdung í öllum Reka fyrir Steinsnes Landi, item Skipstödu og Skálagiörd á Steinsnesvogi, kú í Drangshvammi, Skipastödu og Skalagiörd í Dölum.

<sup>587</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896–1912, bls. 582–583.

<sup>588</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 106.

<sup>589</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 315.

<sup>590</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 325–326.

<sup>591</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810–1819, bls. 440–441.

Rekapat úr Afrettar á sydstu og allt í Stálid undir Blábiargi samt Afrett í Dalalandi

Fyrirbíd eg hvörjum manni ádrnefndt Fiardarland, sér ad hagnyta beita edr brúka edr yrkia án míns Leyfis edr vitundar. dyrfist nokkur her í móti ad giöra mætir hann þeim Fimtarstefnu dómi sem Lögin áskilia og Landnamssekt med.<sup>592</sup>

Við manntalsþing 11. júní 1858 var þinglýst lögfestu fyrir landi Þuríðarstaða. Eigendur jarðarinnar Fjarðar í Mjóafirði áskiluðu sér rétti til að mótmæla lögfestunni.<sup>593</sup>

Við aukarétt 31. mars 1875 voru útnefndir menn til að halda skoðunargjörð yfir spjöll þau, sem skriða er féll haustið 1874 á jörðina Fjörð í Mjóafirði gjörði á nefndri jörð.<sup>594</sup>

Við manntalsþing 14. júlí 1884 var þinglýst landamerkjaskrá jarðarinnar Fjarðar.<sup>595</sup>

Við syns- og lögskoðunarrétt 24. maí 1793 fór fram skoðun og virðingargjörð yfir skaða sem jörðin Fjörður í Seyðisfirði beið af skriðuhlaupum.<sup>596</sup>

Við manntalsþing 18. júní 1846 var þinglesin lögfesta fyrir jörðinni Firði og mótmælti henni enginn.<sup>597</sup>

Við manntalsþing 9. júlí 1851 var þinglýst kaupbréfi, dags. 19. apríl 1851, fyrir hólma þeim er liggur á landamerkjum Vestdals og Fjarðar, millum ósa þeirra er Vestdalsá rennur.<sup>598</sup>

### *vii. Eskifjörður*

Við aukarétt 24. ágúst 1799 var tekið fyrir mál O. Möllers kaupmanns gegn kaupmönnum N. Örum og J. Wulf. Möller stefndi Örum og Wulf til að taka burt byggingar þeirra af landi sínu og Kyhns kaupmanns. Þingmenn álitu að nýbyggingar Örum stæðu á grund kaupmannsins Kyhns sem eiganda hjáleigunnar Lambeyrar. Sýslumaður Sveinsson, sem eigandi heimagarðsins Eskifjarðar, tilkynnti að hann væri samþykkur því að Bleiksáin hér eftir yrði landamerki milli Eskifjarðar og Lambeyrar og að Lambeyri hefði sitt afmarkaða land á milli beggja vatnsfalla, Bleiksár og Lambeyrarár. Nokkur skjöl voru lögð fyrir réttinn og málinu frestað.<sup>599</sup>

<sup>592</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu 1839-1872, bls. 144-145.

<sup>593</sup> Sýsl. S-Múl., GA/5-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1858-1865, bls. 22.

<sup>594</sup> Sýsl. S-Múl., GA/6-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1869-1875, bls. 268.

<sup>595</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 194r-194v.

<sup>596</sup> Sýsl. N-Múl., GA/1-3, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1782-1804, bls. 237-240.

<sup>597</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 79r.

<sup>598</sup> Sýsl. N-Múl., GA/4-1, Dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842-1854, bls. 155v.

<sup>599</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1796-1800, bls. 45-46.

Framhald málsins var tekið fyrir 30. ágúst 1799 og dæmdi sýslumaður að Örum og Wulf fengju frest til að sækja um leyfi til konungs um að fá að hafa verslunarhús sín í landi Lambeyrar.<sup>600</sup>

Hinn 7. september 1821 var tekið fyrir að meta jörðina Eskifjörð eftir beiðni O. Christiansens kaupmanns. Fram kemur í texta dóma- og þingbókar að jörðin og selið voru metin saman á 20 hundruð.<sup>601</sup>

Við manntalsþing 23. júní 1879 var þinglýst lögfestu frá Tuliniusi kaupmanni, dagsett sama dag, fyrir land jarðarinnar Eskifjarðar.<sup>602</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1881 var þinglýst lögfestu, dagsettri 23. maí 1881, milli Eskifjarðar og Eskifjarðarsels og um ítök Eskifjarðarsels í landi Eskifjarðar. C.D. Tulinius kaupmaður mótmælti lögfestunni fyrir hönd eigenda Eskifjarðar.<sup>603</sup>

Við manntalsþing 1. júní 1882 var þinlesin lögfesta frá Kjartani Péturssyni á Eskifjarðarseli um friðun á sínu landi fyrir gripum frá Eskifirði. Tulinius kaupmaður mótmælti að því leyti Kjartan vildi hafa ítak í Eskifirði.<sup>604</sup>

Við aukarétt 23. ágúst 1884 var tekið fyrir landamerkjamáli um takmörk Eskifjarðarsels að austan og Eskifjarðar að innan.<sup>605</sup>

Við aukarétt 16. ágúst 1886 var dæmt í máli út af sölu á Eskifjarðarseli og ágreiningi um landamerki Eskifjarðar og Eskifjarðarsels samkvæmt afsalsbréfi frá 22. maí 1877.<sup>606</sup>

#### 4.2.2. Oddsdalur

##### *i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Oddsdal:

Út frá því [Oddskarði] að sunnan gengur sveifmyndaður fjallgarður að innanverðu nefndur Lakahnaus, utan undir honum liggur Helgustaðarskarð sem var alfaravegur þá kaupstaðurinn var út í Reyðarfirðinum. Eftir það er fjallið kallað Grænafell allt út að

<sup>600</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1796–1800, bls. 46–49.

<sup>601</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 39–40.

<sup>602</sup> Sýsl. S-Múl., GA/6–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1875–1882, bls. 113.

<sup>603</sup> Sýsl. S-Múl., GA/6–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1875–1882, bls. 183.

<sup>604</sup> Sýsl. S-Múl., GA/6–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1875–1882, bls. 253.

<sup>605</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 207r–208v.

<sup>606</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1885–1891, bls. 9r–10r.

Hnúkaskarði, yfir hvort að vegur liggur í innanverðan Hellisfjörð og mynda þessir strax nefndu fjallgarðar, frá Hátúnsenda allt að Hnúkaskarði, Oddsdalinn.<sup>607</sup>

ii. *Seldalur*

Í Vilchins-máldaga um Skorrastað frá 1397 er Seldals getið. Í máldaganum segir meðal annars:

Kirkia a Skorrastodumm a heimaland allt med gognum oc giædum. Buland oc Grænanes oc Seliadal.

Rekstur i Fannardal firir framan Liosä og vidarteig firir nordann.

Vidarteig j Miofafirdi j Myrarskog.

fiordung j ollumm Sandvijkur rekumm firir nordann huad sem a rekur. enn þui minna firir sunnan ad þar eiga adrer settunginn adur af ad taka. Þann reka gaf Biorn Sigvatsson sier til salumessu.

Hualreka allann a Monesi milli Valagils og Svartabiarga. Þann reka lagdi til Eyolfur Helgason vid margra manna vittnni.

allt lingrif oc vidinn fyrer sunnann a vmm Hals oc Eyrar til Raudaskridu. enn það gaf Hilldibrandur prestur stadnumm.

fiskveide i Helluhyl til mots vi Kirkklækinga. Hana selldi Sorli af Skuggahlid og a stadurinn tuo hluti firir það land oc gaf Hilldibrandur stadnumm.<sup>608</sup>

Hinn 3. júní 1824 var sýslumaður Suður-Múlasýslu staddur í Seldal til að gera skoðun á því hvort þar gæti verið byggt nýbýli samkvæmt tilskipun frá 15. apríl 1776. Eftirfarandi fór fram við þinghaldið:

Anno 1824 þann 3<sup>ia</sup> Junii var Herra Kammer assessor tilstadar á Seldal Liggandi innann Nordfiardar Kyrkiúsókn til þess i fylgi amtsins Skipunar af 20<sup>ia</sup> Novembr. f.a. ad fyrirtaka Skodunar og utvysunar Forréttingu á nefndumm dal til þess ad þar giæti utvisast nybyli i fylgi af Forordningum 1776. –

Til þessarar Forréttingar var eftir Stefnu af 1<sup>ia</sup> Junii innkalladir til ad mæta Presturinn Sira Benidict Thorsteinsson undir hvörs Beneficium nefndur dalur liggur, og allir adrir sem þar kynnu ad eiga adliggjandi land.

Somuleidis voru innkalladir Biörn Skulason á Skuggahlid sem hefur umgæfið ansögning til amtsins umm ad bygga nefnda jörd.

---

<sup>607</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 356.

<sup>608</sup> *DI IV*, bls. 225–226.

Sömuleidis voru innkalladir proprietarius Hermann Jonsson á Fyrði og Hreppstiorinn Haldor Pálsson þar sama stadar, Sveinn Biarnarson a Vidfyrði og Stephan Sigurdsson á Fannardal til þess ásamt Syslumanninum að fyrirtaka þessa Forréttingu og ~~dæma~~ leisa úr þeim Spursmálum sem fyrir falla kynnu við hana. allir þeir innstefndu mæta við Forréttinguna var upplesid amtsins bréf af 20<sup>ta</sup> Nov. f.á. – Var þar næst fyrirtekið<sup>Jagdur</sup> Skodunar og aliktunar<sup>monnum</sup> fylgjandi Eidur.

Þar vér af Syslumanni Cammerassessor M. Tvede erum í Fylgi af amtsins Skrifi af 20<sup>ta</sup> Nov. 1823 samkvæmt með Forordningunni af 15<sup>da</sup> April 1776 útnefndir til ásamt hönum að Fyrirtaka eina Skodunar og áliktunar giör á Seldal innann Skorastadar Kyrkiúsóknar til þess þá eptir að dæma umm hvört á nefndum Dal gæti utvysast pláts til einar medalmáta Jardar, samt eptir því að utvisa nefndt pláts og áqvarda þess Takmörk og landamérki: So sver og lofar jeg Hermann Jonsson jeg Haldor Pálsson jeg Sveinn Biarnarson jeg Stephan Sigurdsson gudi almáttugum og þessum Rétti að eg vil giöra það réttasta jeg hef vit og Skinbragd á í þessari Sök og gét forsvarad fyrir gudi og minni Samvitsku svo sannarlega hiálpi mér gud og hans heilaga ord. Þennann Eid aflögdu Skodunarmennirnir á Löglegann Hátt. Var so upplesinn For. af 15<sup>da</sup> April 1776 fyrir þeim. Var þareptir ridid inná þann nefnda Seldal og þar næst frammlagt og upplesid innlegg frá Prestinum Síra Benidict Thorsteinssyni á Ormstöðum Hvarmed hann protesterar að jörd verði utnefnd á nefndum Seldal enn ef hans protest ecki verði tekid fullkomid uppastendur hann að sér sé géfinn réttur til að bygga nefndann dal. innleggid var hér næst upplesid og noterad Littera B.

Sveinn Biarnason var adspurdur heldur þú að Seldalurinn væri byggilegur ef til Skorastadar kémur svo mikid af Slægiueingi sem nefndri jörd með billegheitum þarfnast, samt þar fyrir utann væri uthlutad afréttarplats Hrisrif og Hagbeit, hann svarar nei! Stephan Sigurdsson svarar uppá sama Spursmál nei! Sgr. Haldor Pálsson svarar henni sama. Proprietarius hermann jonsson svarar og svo sama.

Þar það svoleidis er upplýst að nefndur Seldalur þegar Kyrkiujördinn Skorastadur nytur þeirra réttugheita sem hun hefur til nefnds dals og ecki án merkilegs Skada væri fyrir nefnda jörd og Prestakallsins inntektir gétur mist so mikid, að bujörd verði ásett <sup>væri</sup> svo gétum við ecki álitid Seldalinn að vera í því ásigkomulagi sem forordninginn af 15<sup>da</sup> April 1776 útkrefur til þess að gæta ordid sett nýbýli, hvarfyrir þessi Forrétting svar svoleidis Sluttud.<sup>609</sup>

<sup>609</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 163–165.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Skorrastaður metinn með afbýlinu Seldal, sem sé byggt um sinn en hafi ekki landamerki móts við staðinn. Einnig var Skorrastaður metinn með eyðihjáleigunum Stóragerði og Borgum.<sup>610</sup>

Við manntalsþing að Skorrastað 14. júlí 1890 voru þinglesin landamerki Seldals. Á sama þingi voru þinglesin landamerki Seldalsháls.<sup>611</sup> Landamerki Seldals voru einnig þinglesin við manntalsþing að Skorrastað 13. júlí 1891.<sup>612</sup>

Við aukarétt 16. febrúar 1909 voru útnefndir tveir menn til að meta og virða jörðina Seldal.<sup>613</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Seldal:

27. Seldalur

1. Eigandi landssjóður (kirkjueign). Ábúandi Friðrik Jónsson.

2. Landamerki þinglesin 13. júlí 1891.

[...]

4.

[...]

b. Engjarnar er nærtækar, grasgefnar, samfeldar, greiðfærar og þurrar – Engjavegur alt að því akfær yrði það með viðgerð. Í meðalári heyjast á engjunum 300 hestar af góðu heyi.

c. Beitolandið er kjarngott sauðland og í meðallagi fyrir naut og hesta. Það er talið skjóllítið og snjóþungt, í meðalvetrum snjólítt.

d. Upprekstrarland er gott fyrir heimafé en ekki aflögu.

5.a. Eldsneyti: Mótak er ekkert, skógarkjarr dálítið.

b. Byggingarefni: Grjót og sandur er langsótt, torfrista slæm.

c. Samgöngur: Ógreiður vegur að bænum; fara má í kauptún á dag.

d. Fossar eru allmiklir í landinu.<sup>614</sup>

<sup>610</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 11v–12r.

<sup>611</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 8r–8v.

<sup>612</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 54r.

<sup>613</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896–1912, bls. 463.

<sup>614</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, bls. 111–112.

Við aukarétt 28. ágúst 1919 voru útnefndir tveir menn til að meta og virða jörðina Seldal.<sup>615</sup>

*iii. Skuggahlíð*

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Skuggahlíð:

Fyrir utan dalina undir Bjarginu stendur bær sá, er *Skuggahlíð* kallast, 6 hndr. að dýrleika, kirkjujörð, þar er heldur lítill heyskapur og verður því oftast að fá hann af Oddsdalnum [...]<sup>616</sup>

Við manntalsþing 13. júlí 1891 var þinglesin landamerkjaskrá Seldals, Skuggahlíðar, Skorrastaðar, Ormsstaða og Naustahvamms.<sup>617</sup>

*iv. Skorrastaðir*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 er Skorrastaður metinn með eyðihjáleigunni Stóragerði.<sup>618</sup>

Við manntalsþing 22. maí 1827 var upplesinn máldagi Skorrastaðarkirkju.<sup>619</sup>

Við aukarétt 12. september 1828 var í tilefni skipunar frá Norður- og austuramtinu til sýslumanns Suður-Múlasýslu tekið fyrir að rannsaka þá pósta sem amtið hafði fundið áhrærandi meðferð á skoðunar- og virðingargjörð fyrir jörðina Skorrastað. Vitni voru yfirheyrd.<sup>620</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Skorrastaður metinn með afbýlinu Seldal, sem sé byggt um sinn en hafi ekki landamerki móts við staðinn. Einnig var Skorrastaður metinn með eyðihjáleigunum Stóragerði og Borgum.<sup>621</sup>

Við manntalsþing 14. júlí 1890 var þinglýst landamerkjum milli Skorrastaðar og Skálateigs. Við sama þing var þinglýst landamerkjum Miðbæjar og Skorrastaðar og ítökum Skorrastaðarkirkju. Í dóma- og þingbók sýslumanns eru þau færð inn á eftirfarandi hátt:

Ítök Skorrastaðarkirkju

a. 12 fóta gröf í Kirkjubólslandi til mótök

b. Vervist og verstöð í Neslandi

<sup>615</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dómsmálabók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 352–353.

<sup>616</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 358.

<sup>617</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 54r.

<sup>618</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 76.

<sup>619</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 263.

<sup>620</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1827–1832, bls. 36–42.

<sup>621</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 11v–12r.



c. Hvalreki á Mónesi í Barðsneslandi.

d. Lambrekstur í Fannardal fyrir framan Ljósá og viðarteig fyrir austan.

e. ¼ úr öllum reka fyrir norðan á í Sandvík.<sup>622</sup>

Við manntalsþing 13. júlí 1891 var þinglesin landamerkjaskrá Seldals, Skuggahlíðar, Skorrastaðar, Ormsstaða og Naustahvamms.<sup>623</sup>

Við aukarétt 5. júní 1912 voru útnefndir menn til að meta kirkjujörðina Skorrastað í Norðfjarðarhreppi.<sup>624</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um landamerki Skorrastaðar að þau séu þinglesin 13. júlí 1891. Þá segir að svokallað Staðarhólsland sé gott sauðland og einnig 2/3 hlutar Búlandsins, sbr. lýsingu Búlandsborgar í matinu. Beitiland fyrir hesta og nautgripi sé í Norðfjarðarnesi og hinu megin árinnað gagnvart Skorrastað. Um upprekstrarland segir eftirfarandi:

Afréttarland á Oddsdal, gott land, tekjulaust að öðru.<sup>625</sup>

Við aukarétt 28. febrúar 1919 voru á ný dómkvaddir tveir menn til að meta til peningaverðs kirkjujörðina Skorrastað í Norðfjarðarhreppi, samkv. lögum frá 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða og eftir beiðni ábúanda jarðarinnar Jóns Bjarnasonar.<sup>626</sup> Við aukarétt 27. júní sama ár var matsgjörð fyrir jörðinni staðfest.<sup>627</sup>

v. *Sellátur*

Landamerkjalyýsingu Sellátra í Reyðarfirði var þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890:

Landamerki klausturjarðarinnar Sellátrar í Reiðarfirði: að utan: gagnvart landssjóðsjörðinni Helgustaðir ræður merkjum Goða í sínum forna farvegi, sem er rjett fyrir utan Goðaklif. Að innan: gagnvart umboðsjörðinni Högnastaðir ræður merkjum Merkilækur hinn fremri. Að ofan: ráða fjallseggjar að neðan Reiðarfjörður. Enginn á ítök í landi Sellátra, ekki á hún heldur neitt ítök í annarra landi.

vi. *Högnastaðir*

Landamerkjalyýsingu Högnastaða í Reyðarfirði var þinglýst á Eskifjarðarmanntalsþingi 31. maí 1890:

<sup>622</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 8r–8v.

<sup>623</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 54r.

<sup>624</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896–1912, bls. 582–583.

<sup>625</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 106.

<sup>626</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 315.

<sup>627</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 325–326.

Landamerki klausturjarðarinnar Högnastaðir í Reiðarfirði. Að utan: gagnvart umboðsjörðinni Sellátrar ræður merkjum Merkilækur hinn fremri. Að innan: gagnvart bændaeygninni Svínaskála ræður merkjum Merkgil hið fremra úr vörðu, sem er hlaðin í mynni þess miðju niður undir sjó á bakkanum fyrir ofan reiðgötu, úr vörðunni beina sjónhending fyrir innan Þurshöfða beint í Ljósárfoss, úr því ræður Ljósá uppí eggjar. Að ofan ráða fjallseggjar að neðan Reiðarfjörður. Enginn á ítak í landi Högnastaða, ekki á hún heldur neitt ítak í annarra jarða landi.

#### **4.2.3. Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. (norðurhluti Svínadals, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur)**

##### *i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Við manntalsþing 2. júlí 1816 var upplesin lögfesta fyrir ítökum Vallanesskirkju í Eyvindarárdalnum, dagsett 21. júlí 1799.<sup>628</sup>

Við manntalsþing 14. maí 1840 var upplesin lögfesta, dags. 14. maí 1840, fyrir landi Vallanesskirkju.<sup>629</sup> Sama lögfesta var þinglesin við manntals- og skattaþing 8. júlí 1844 hvar með prófasturinn sr. Guttormur Pálsson lögfesti heimaland Vallaness og kirkjuítök Vallaness í Egilsstaða- og Þingmúlasóknum. Þá lét hreppstjórinn Sigvaldi Magnússon þinglýsa skjali, dags. 08. júlí 1844, hvar með hann lýsir almenningseign að þeim umgetna Tungudal í lögfestu prófastsins.<sup>630</sup> Í lögfestu sr. Guttorms fyrir Vallanesi segir eftirfarandi:

Eg Guttormur Pálsson Profastr í Sudur Mula Sýslu og prestur til Vallaness lögfesti her i dag Vallanes heimaland með öllum Landsnyttjum milli Lagarflióts og Grímsár eptir sem hún að fornu hefir fallid inni Spena herum millum Vads og Saudhaga og rettsynis úr hrauninu austr í Grímsá og vestr í Torfvallarlæk, rædr svo Lækurinn allt utad Breidumyri sem nú kallast Votiteigur enn á milli Strandar og Stadarins inni Merkilá og þadan Síónhending í Lækinn utan til í Votiteig. Sömuleidis lögfesti eg þessi Itök kirkjunnar liggjandi í þessu og Þingmúla þinglagi: Afrett undir Skagafell báðu megin og á Fagradal fyrir ofan Afrettará Selfor á Tunguseli og þar tilheyrandi Land á Tungudal fyrir innan Slenju. Skógarteig milli Valagilsár og Eyrarár sem nú kallast Hrutá. Skógarteig í Ketilsstada Landi, Skógarteig í Höfða merki fyrir austan Lækinn er fellur út fyrir austan Síónarás. Skógarteig í Sandfell ed næsta. Fyrirbýd eg öllum monnum að nota her ted Land og talin Itök edr þarí að yrkia an míns Leyfis edr Vitundar, undir vidliggjandi málssókn og Lagasektir.<sup>631</sup>

<sup>628</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810-1819, bls. 406-407.

<sup>629</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832-1841, bls. 328.

<sup>630</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1843-1848, bls. 46.

<sup>631</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálábók Suður-Múlasýslu 1839-1872, bls. 115-117

Í skjali Sigvalda Magnússonar hreppstjóra, sem þinglesið var sama dag eða 8. júlí 1844, segir:

Jafnvel þó eg viti að Vallanesskirkju Forvaltari hafi fyrir nokkrum Arum Logfest Selfor á Tungudal undir Vallanesskirkju, þá var þeirri Logfestu samstundis motmælt af þáverandi Eydaþinghár hreppstjóra; og dalurinn sídan eins og áður brukadr atölulaust fyrir Afrett af Eyda þinghár Frambyggjurum. Því lýsi eg hermed almennings Eign og hefðar haldi vegna mín og Sveitarinnar á ofanefndum Tungudal og fyrirbíd því hvorjum manni að bruka edr Liá adurnefndt Landsplats til Afrettar odrum enn okkur Eydahreppsúum.<sup>632</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Vallanes metið með Vallaneshjáleigu og Hvammi. Þá segir að Vallanes hafi nokkur skógarítök og á ýmsum stöðum rekaítök fyrir Héraðsflóa og í Borgarfirði og einnig afrétt í Reyðarfjarðardölum.<sup>633</sup>

*ii. Vallanes*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 er Vallanes metið með eyðihjáleigunni Vallaneshjáleigu.<sup>634</sup>

Við manntalsþing 2. júlí 1816 var upplesin lögfesta fyrir ítökum Vallanesskirkju í Eyvindarárdalnum, dagsett 21. júlí 1799.<sup>635</sup>

Við manntalsþing 12. júlí 1824 var upplesin lögfesta fyrir prestagarði Vallaness og þar undirliggjandi jarðar, dags. 12. júlí 1824.<sup>636</sup>

Við manntalsþing 14. maí 1840 var upplesin lögfesta, dags. 14. maí 1840, fyrir landi Vallanesskirkju.<sup>637</sup> Sama lögfesta var þinglesin við manntals- og skattaþing 8. júlí 1844 hvar með prófasturinn sr. Guttormur Pálsson lögfesti heimaland Vallaness og kirkjuítök Vallaness í Egilsstaða- og Þingmúlasóknum. Þá lét hreppstjórinn Sigvaldi Magnússon þinglýsa skjali, dags. 08. júlí 1844, hvar með hann lýsir almenningsseign að þeim umgetna Tungudal í lögfestu prófastsins.<sup>638</sup> Í lögfestu sr. Guttorms fyrir Vallanesi segir eftirfarandi:

Eg Guttormur Pálsson Profastr í Sudur Mula Sýslu og prestr til Vallaness lögfesti her i dag Vallanes heimaland med öllum Landsnyttjum milli Lagarflióts og Grímsár eptir sem hún að fornu hefir fallid inní Spena herum millum Vads og

<sup>632</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1–1, Afsals- og veðmálábók Suður-Múlasýslu 1839–1872, bls. 117

<sup>633</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 21v–22r.

<sup>634</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 133.

<sup>635</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810–1819, bls. 406–407.

<sup>636</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 171.

<sup>637</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 328.

<sup>638</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1843–1848, bls. 46.

Saughaga og rettsynis úr hrauninu austr í Grímsá og vestr í Torfvallarlæg, rædr svo Lækrinn allt utad Breidumyri sem nú kallast Votiteigur enn á milli Strandar og Stadarins inní Merkilá og þaðan Síónhending í Lækninn utan til í Votateig. Sömuleidis lögfesti eg þessi Itök kirkjunnar liggiandi í þessu og Þingmúla þinglagi: Afrett undir Skagafell báðu megin og á Fagradal fyrir ofan Afrettará Selfor á Tunguseli og þar tilheyrandi Land á Tungudal fyrir innan Slenju. Skógarteig milli Valagilsár og Eyrarár sem nú kallast Hrutá. Skógarteig í Ketilsstada Landi, Skógarteig í Höfda merki fyrir austan Lækninn er fellur út fyrir austan Síónarás. Skógarteig í Sandfell ed næsta. Fyrirbýd eg öllum monnum ad nota her ted Land og talin Itök edr þarí ad yrkia an míns Leyfis edr Vitundar, undir vidliggjandi málssókn og Lagasektir.<sup>639</sup>

Í skjali Sigvalda Magnússonar hreppstjóra, sem þinglesið var sama dag eða 8. júlí 1844, segir:

Jafnvel þó eg viti ad Vallanesskirkiu Forvaltari hafi fyrir nokkrum Arum Logfest Selfor á Tungudal undir Vallanesskirkiu, þá var þeirri Logfestu samstundis motmælt af þáverandi Eydaþinghár hreppstjóra; og dalurinn sídan eins og ádur brukadr atölulaust fyrir Afrett af Eyda þinghár Frambyggjurum. Því lýsi eg hermed almennings Eign og hefðar haldi vegna mín og Sveitarinnar á ofanefndum Tungudal og fyrirbíd því hvorjum manni ad bruka edr Liá adurnefndt Landsplats til Afrettar odrum enn okkur Eydahreppsbum.<sup>640</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Vallanes metið með Vallaneshjáleigu og Hvammi. Þá segir að Vallanes hafi nokkur skógarítök og á ýmsum stöðum rekaítök fyrir Héraðsflóa og í Borgarfirði og einnig afrétt í Reyðarfjarðardölum.<sup>641</sup>

Við manntalsþing 22. maí 1854 var upplesin lögfesta fyrir landi Vallaness.<sup>642</sup>

Landamerkjalyýsingu jarðanna Strandar og Vallaness var þinglýst á Egilsstaðamanntalsþingi 18. júní 1884:

Landamerki milli kirkjujarðarinnar Strandar og Vallaness hafa verið haldnir að fornu og nýju þessi: lág sú, sem Merkilág er kölluð, og eptir sem láginn liggur sjónhending í hátt hraun, sem nefnt hefur verið Stekkahraun, og þaðan í stein sem stendur í Votateig utarlega vestan við lækninn.

<sup>639</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálalabók Suður-Múlasýslu 1839–1872, bls. 115–117

<sup>640</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálalabók Suður-Múlasýslu 1839–1872, bls. 117

<sup>641</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 21v–22r.

<sup>642</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4-3, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1848–1855, bls. 215.

Við manntalsþing 10. júní 1890 kom fram að Gunnar Pálsson hafði lagt fram landamerkjaskrá milli Ketilsstaða og Vallanes, sem annar eigandinn var samþykkuð en hinn neitaði að skrifa undir.<sup>643</sup>

Við aukarétt 1. október 1906 voru útnefndir tveir menn til að mæla og meta landspildu úr Vallanesi í Vallahreppi.<sup>644</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Vallanes að jörðin eigi upprekstrarland á Múlaafrétt. Einnig segir að landamerkjum hafi ekki verið þinglýst en þau eru svo tilgreind í fasteignamatinu:

Milli Vallaness hjáleiganna og hins selda nybýlislands: Að vestan og norðan ræður bein lína úr svonefndu Stekkjarholti yfir Vörðuholt og Dilksklett í Merkiklett vestur af Pálshúsi. Þaðan bein lína austur í Merkistein í mýrinni ut og austur af Kvíakletti, og frá Merkisteini bein lína í Stekkjarkílsenda fremri, norðan við starartoppinn í honum, þar sem hlaða skal merkivörðu. Þaðan Stekkjarkíll út að svonefndum Krókkíl. Þá Krókkíll bein lína frá austurenda hans í Grímsá, þar sem dýpst er við bakkann og merki er sett. Að austan ræður Grímsá og hinn gamli árfarvegur milli Vallaness og Prestshólma á aðra hlið og Eyjólfstaðanes, Vaðhólma og Kiðeyrar á hina. Að framan ræður bein lína milli Merkivörðu í Hvammsmóum – „Ólundarvörðu“ – og Einbúavörðu fremri, yst í Víkingstaðablá, framlengd í Grímsá og Stekkjarholt.<sup>645</sup>

Um landamerki Vallaness og Vallaneshjáleigu var eftirfarandi fært í landamerkjabók 17. nóvember 1938:

Miðvikudaginn 26. Október voru gjörð þannig löguð landskifti milli prestssetursins í Vallanesi og hjáleigunnar Vallaneshjáleiga, en fullnaðar skifti fóru fram á túni og engjum en ekki þótti fært að skifta beutilandi milli jarðanna að svo stöddu. Samkvæmt þessum skiftum verða tún og engjamörk milli téðra jarða sem hér segir: Vallaneshjáleiga fær fremsta hlutann af túninu samfelld út að gömlum grónum Vallargarði, skammt fyrir framan Lambhús. Merkin eru þvert vestur af garðinum um klettanibbu, sem er í áframhaldandi garðs og þaðan áfram vestur í Ormsmýri. Austur af fylgja mörkin fyrst garðinum, þangað til hann liggur út í [...], þaðan fylgja mörkin beinni línu, suður í ytraverða nátthagahorn. Engjarnar verða allar í einu lagi og liggja niður frá túninu. Að ofan ræður túnið mörk þau, er að framan eru skráð um ytri enda túnsins. Úr nátthagahorninu ytra fylgja mörkin börðunum út að Þrætugarði. Síðan fylgja þau honum um Grænútóft í vörðu við Uxalæk. Þá ræður lækurinn inni Tjörn og síðan tjörnin þar sem hún [..... og .....] úr framenda tjarnarinnar upp í Mela, fylgir síðan endanum út í Uxalæk og áfram úti innra og neðra túnhornið. Landamerki [.....]. Benedikt Blöndal Jón G. Kerulf. Sigurður Einarsson. Samþykkir ofanskráðum skiftum.

<sup>643</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1888–1894, bls. 4v.

<sup>644</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896–1912, bls. 393.

<sup>645</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, Undirmat I, bls. 35–36.

Fyrir Vallaneshjáleigu, Sigfús Jóhannesson. Innfært í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 17. Nóvember 1938. Magnús Gíslason.

Um landamerki Straumness annars vegar og Vallaness, Víkingsstaða og Sauðhaga hins vegar var eftirfarandi fært í landamerkjabók sama dag:

Samkvæmt árið er gjörð var miðvikudaginn 26. Október 1938 eru landamarki jarðarinnar Straumnes í Vallahreppi í Suðu-Múlasýslu ákveðin þannig: Að sunnan lína frá vörðu hjá Illlukeldu við Grímsá í Fremsta Stórhól, þaðan bein lína í Borgardalslæk við Fremstan ás í stefnunni Fremrihóll – Grásteinn (landamerki Víkingsstaða halda áfram eftir þessari línu). Að vestan Norgardalslækur í bláarkerin, þaðan bein lína í innri endann á Uxalæk, þaðan ræður Uxalækur að Einbúavörðu. Að norðan lína frá Einbúavörðu í innstu Þrívörðu, þaðan í Torfaselslæk á Straumnesmelum og beint í Grímsá hjá Úlfstaðavaði. Að austan ræður Grímsá.

Um landamerki Víkingsstaða annars vegar og Vallaness, Straumness og Sauðhaga hins vegar var eftirfarandi fært í landamerkjabók sama dag:

Samkvæmt áreið er gjörð var þriðjudaginn 23. Október 1938 eru landamerki jarðarinnar Víkingsstaða í Vallahreppi í Suðu-Múlasýslu ákveðin þannig: Að norðan: frá Einbúavörðu við Uxalæk bein lína yfir Stekkjarklett, við ytri endann á Ytri-Stekkjartjörninni, að vörðu við Lagarfljót, nokkuð fyriri utan Skjólkamb, svo Lagarfljótið að vörðu á utanverðum Skjólkambi. Að vestan: Bein lína frá vörðunni á Skjólkambi, um yfir Merkjalá að Illóðarsteini, þaðan yfir Stekkjarhraun að Grásteini. Að sunnan: Bein lína frá Grásteini að Borgardalslæk, austan við [.....] ós í stefnunni Grásteinn Fremsti-Stórhóll (Landamerki Hvamms halda áfram eftir þessari línu). Að austan: Borgardalslækur í bláarkerin, þaðan bein lína yfir kerin í innri enda Uxalækjar, þaðan ræður Uxalækur að Einbúavörðu.

iii. *Kollaleira (Reyðarfirði)*

Við manntalsþing 31. maí 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Kollaleiru.

Að austan verðu milli Bakkagerðis og tjeðar jarðar, aðskildu Búðará frá fjöru til fjalls á Svínadalsvörp, (en þar sem áin hefur breitt sjer við ósmynnið, þá hefur umráðamönnum jarðanna komið saman, að sinn árklofi falli til hvorrar jarðar í svo nefnt Langarif. Að norðanverðu, sem til hjerads veit, af Svínadalsvörpum yfir svo kallað Skagafell í Njörfadalsárdrög, þar sem Njörfadalsá hefur upptök sín og fellur beint suður í Sljettuárfarveg, þessi á aðskilur Sljettarfarvegur í sjó fram Sljettu- og Kollaleyruand. Faðmatal við ósmynnið í fjöru, er frá Sjávarhjalli í Sljettarfarveg suður 420 faðmar.

*iv. Eskifjarðarsel*

Við manntalsþing 30. maí 1881 var þinglýst lögfestu, dagsettri 23. maí 1881, milli Eskifjarðar og Eskifjarðarsels og um ítök Eskifjarðarsels í landi Eskifjarðar. C.D. Tulinius kaupmaður mótmælti lögfestunni fyrir hönd eigenda Eskifjarðar.<sup>646</sup>

Við manntalsþing 1. júní 1882 var þinglesin lögfesta frá Kjartani Péturssyni á Eskifjarðarseli um friðun á sínu landi fyrir gripum frá Eskifirði. Tulinius kaupmaður mótmælti að því leyti Kjartan vildi hafa ítak í Eskifirði.<sup>647</sup>

Við aukarétt 23. ágúst 1884 var tekið fyrir landamerkjumál um takmörk Eskifjarðarsels að austan og Eskifjarðar að innan.<sup>648</sup>

Landamerkjum Eskifjarðarsels dags. 18. maí 1885, var þinglýst sama dag á Eskifjarðarmanntalsþingi.

Eskifjarðará ræður merkjum gagnvart Eskifirði þar til Laugabarðslækr fellur í hana frá upptökum Eskifjarðarár í Hræfarskörðum út allar eyjar út að Nóntindi úr honum innanvert í Borgarskriðu í grænt dý, er Laugabarðsgrafningur kemur úr eptir honum og læknum (Laugabarðslæk) er úr honum rennur innanvert við garðinn, og svo úr mynni lækjarins beint í Eskifjarðará yfir aurana.

Við aukarétt 16. ágúst 1886 var dæmt í máli út af sölu á Eskifjarðarseli og ágreiningi um landamerki Eskifjarðar og Eskifjarðarsels samkvæmt afsalsbréfi frá 22. maí 1871.<sup>649</sup>

Við manntalsþing 26. júní 1918 var þinglesið leyfi eigenda Eskifjarðarsels til Guðmundar Jóhannessonar, kaupmanns á Eskifirði, til að vinna hvers konar kolategundir í landareign Eskifjarðarsels innan landamerkja jarðarinnar næstu 75 ár, dags. 20. apríl 1917.<sup>650</sup>

*v. Eskifjörður*

Landamerkjum Eskifjarðar dags. 24. maí 1886, var þinglýst 31. maí s.á. á Eskifjarðarmanntalsþingi:

Landamerkjalyýsing jarðarinnar Eskifjarðar. Bleiksá ræður landamerkjum milli Eskifjaðar og Lambeyrar (Bleiksár) ofan þangað, sem hlaðinn er við landamerkjavarða, síðan bein sjónhending niður í vörðu sem hlaðin er á Bleiksárnesinu hjá Eskifjarðar á og ræður þessi

<sup>646</sup> Sýsl. S-Múl., GA/6-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1875-1882, bls. 183.

<sup>647</sup> Sýsl. S-Múl., GA/6-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1875-1882, bls. 253.

<sup>648</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 207r-208v.

<sup>649</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1885-1891, bls. 9r-10r.

<sup>650</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915-1919, bls. 250.

á úr því og þangað til hún fellur út í Eskifjörð. Eptir samkomulagi hvílir sú skylda á eigendum Eskifjarðar og Bleiksár sameiginlega að halda farvegi árinna í sama standi og hann er nú milli efri vörðunnar og fossins, sem er rétt fyrir ofan, að áin þannig skiptist hér um bil til helminga í tvær kvíslar. Frá Eskifjarðarós með sjó fram í Borgarkvík að stöpli merktum D, þaðan beina stefnu ofan við ölduna í Jónsstein [.....] I, svo beint í Guðmundarstein [.....], þaðan beint í stöpul [.....], ennfremur beint yfir stöpul [.....], í stöpul [.....], sem stendur hjá Laugabarðslæk. Lækur þessi ræður yfir nesið í Laugarbarð, lækjarmynni og svo sjónhending yfir aurana í Eskifjarðará sem ræður landamerkjum upp há tind, þaðan út fjalleggjar að Bleiksá. Það skal tekið fram að þar sem talað er um Eskifjarðará sem landamerki er auðvitað meint farvegur hennar eins og hann rennur nú.

vi. *Áreyjar*

Við manntalsþing 1. júní 1883 var þinglýst forboði frá Jóhanni Péturssyni á Áreyjum um að ferðamenn ái ekki í engjum hans.<sup>651</sup>

Við manntalsþing 27. júní 1883 var þinglýst forboði Jóhanns Péturssonar á Áreyjum um beit utan Áreyjarklifs.<sup>652</sup> Þá var forboði hans einnig þinglýst við manntalsþing 7. júlí 1883.<sup>653</sup>

Landamerkjalyýsingu Áreyja dags. 5. september 1885, var þinglýst 31. maí 1886 á Eskifjarðarmanntalsþingi:

Að sunnan milli Áreyja og Stuðla liggur markið úr Flóalækjarós í sandskörð þaðan á Mirkimmel þaðan á mitt Kotfell. Að vestan milli Arnkvílsstaða, Eirartinga Litlasandfells og Stórasandfells liggja mörkin úr miðju Kistufelli á Kv[.....] þaðan á Hallsteinsdalsvarp þaðan á Hjálpleysuvarp eptir því sem vötnum hallar. Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. Að austan og utan skilur Fagradals á alla leið Selja [.....] og Áreyjalandsút í Flóa lækjarós. Innan þessara landamerkja liggja þau ítök er hér greinir: 1. Vallaneskirkja á afrétt í Fagradal frá Hvítá til Afréttará. 2. Gíslastaðir á Völlum eiga frétt á Fagradal milli Hvítár og Laumuár.

Landamerkjalyýsingin er samþykkt af hálfu Stuðla, Arnhólsstaða, þess hluta úr Tunghaga sem Skriðdalshrepp heyrir til, Eyrarþings, Litlasandfells og Stórasandfells. Þá segir:

Ennfremur eru hinsvegar rituðum landamörkum og ítökum samþykkir: Vér undirskrifaðir samþykkjum ofangreind landamerki, hvað Fagradal snertir, með svo felldu móti, að vér notum afréttarlandið á sama hátt frjálst og átökulaust, eins og hingað

<sup>651</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 102v.

<sup>652</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 109v.

<sup>653</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 124v-125r.



til hefur verið. Bergur Jónsson (fyrir hönd Vallaneshrepps) Jón Vilhjálmsson Vilhjálmur Jónsson (eigendur Gíslastaðar)

Við aukarétt 16. júlí 1910 voru dómkvaddir tveir menn til þess að virða og meta til peningaverðs kirkjujörðina Áreyjar í Reyðarfirði.<sup>654</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Áreyjar að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst 31. maí 1886. Einnig segir að upprekstrarland sé víðlent og gott og þá telji jarðareigandi sig eiga skógarítak í Seljateigsskógi.<sup>655</sup>

*vii. Fjörður (Mjóafirði)*

Við manntalsþing. 23. júní 1818 var upplestin lögfesta Hermanns Jónssonar og H. Pálssonar, dags. 4. maí 1816, fyrir Firði og landareign Fjarðarkirkju.<sup>656</sup>

Hinn 20. maí 1845 lögfesti Einar Halldórsson eignarjörð sína Fjörð í Mjóafirði. Lögfestan var upplestin manntalsþingsrétt að Egilsstöðum 22. maí sama ár og efni hennar hljóðar svo:

Eg undirskrifadr lögfesti hermed Eygnarjörð mína Fiord í Mjóafirdi liggjandi í síálfrar sinnar kyrkjusókn með öllum þeim gögnum og giædum Eygnum og Itökum og hlunnindum til Lands og Síóar sem greindri Jordu Firdi fylgia og fylgia eiga eptir eldri og yngri Máldögum, samt odrum löglegum Adkomstalitlum, svo sem giöfum Sölum Makaskiptum edr hefd. Lögfesti eg greindt Stadarland í þessi takmörk nefnilega frá Kirkjuþúfu til Fialls og Fiöru á Slenjudals háls fyrir austan; en í ytri Grjótá fyrir nordan samt Slenjudal allan innan tedra takmarka; og í Borgara hid efra en í hinn Farveg ytsta hid nedra

Her ad auk lögfesti eg kirkjunnar 10 hndr. sem er 4<sup>th</sup> Partr úr ollu Fiardar heimalandi með gognum og giædum, 3 hndr. i Jordinni Reikjum innan sömu Sóknar Leigufær til húsa; Vervist í höfn í Krosslandi, Fiordung í Reka fyrir sama Landi Fiórdung í öllum Reka fyrir Steinsnes Landi, item Skipstödu og Skálagiörd á Steinsnesvogi, kú í Drangshvammi, Skipastödu og Skalagiörd í Dölum. Rekapart úr Afrettar á sydstu og allt í Stálid undir Blábiargi samt Afrett í Dalalandi

Fyrirbíd eg hvörjum manni ádrnefndt Fiardarland, sér ad hagnyta beita edr brúka edr yrkia án míns Leyfis edr vitundar. dyrfist nokkur her í móti ad giöra mætir hann þeim Fimtarstefnu dómi sem Lögin áskilia og Landnamssekt með.<sup>657</sup>

<sup>654</sup> Sýsl. S-Múl., GA/9-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896–1912, bls. 524–525.

<sup>655</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirnat I, bls. 211–212.

<sup>656</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810–1819, bls. 440–441.

<sup>657</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálábók Suður-Múlasýslu 1839–1872, bls. 144–145.

Við Skorrastaðarmanntalsþing 14. júlí 1884 var þinglýst landamerkjaskrá jarðarinnar Fjarðar, dags. 8. júlí s.á.

Landamerki eignarjarðar okkar Fjarðar í Mjóafirði eru þessi: eptir sönnunum og samkomulagi við jarðeigendur þá, er eiga lönd að Firði: Að austan eru þau þessi, norðanfjarðar Borgará að ofan, ofan að Borgarárfossi, þar fyrir neðan ræður gil það, er liggur ofan fyrir utan ána ofan á Borgareyrarodda, eptir læknum í gilinu og eptir laut þeirri á eyrinni, er liggur frá borgartóptinni ofan á oddann og sem varða er hlaðin í. Sunnanfjarðar eru þau Arnarbólaklettur, þar sem merkt er stafnum F.A. (Fjörður, Asknes) og beint þaðan til fjalls á Grjótbrún, þar sem merkjavörður eru hlaðnar og þaðan beint í fjallaeggjar. Að vestan eru landamerkin á Slengjudalshálsi sunnan árinna Slengju eins og landamerkjavörður sýna og þaðan bein stefna eptir Merkjavörum út í Grjótá hina innri. Á aðra hliðar ráða fjalleggjar, og er allt það land er innan tjeðra takmarka liggur, eign jarðarinnar Fjarðar. Talið er að kirkjan í Firði eigi einn fjórða hluta af heimalandi Fjarðar, þar að auki á kirkjan í Firði hálfa jörðina Reyki í Mjóafirði. Hún (kirkjan) á rekvist í höfn á Krosslandi, fjarðapart í trjáreka fyrir sama landi, fjórðungspart í öllum reka fyrir Steinsneslandi, ennfremur skipsstöðu og skálagerð í Draugshvammi, ennfremur skipsstöðu og skálagerð í á Dölum. Rekapart á kirkjan frá Afrjettará og að Stálormi undir Blábjargi, 25 nauta afrjett í Dalalandi, samkvæmt Wilchins máldaga. Skorrastaðar kirkja á viðarteig í Mýrarskógi í Fjarðarlandi í Mjóafirði.

*viii. Þuríðarstaðir (Völlum / Eiðahreppi)*

Hinn 6. maí 1853 lögfesti Jónatan Pétursson jörðina Þuríðarstaði og lögfestan var þinglesin við manntalsþing 23. maí sama ár. Efni hennar er svo:

Eg Jónathan Petursson Lögfesti hér í dag eignarjörð mína eidijörðina Þuríðarstadi liggjandi í Eyda kirkju sókn sunnanverðri edur í svokölluðum Reyðarfjardardölum, tólf hundruð ad dýrleika. Lögfesti eg þessarar jarðar holt og haga skóg og allar landsnyttjar sem henni fylgir og fylgt hefir ad fornu og nýu og með réttu fylgja á til þeirra merkja á landinu er jeg nú tilgreini: að utanverðu í Valagilsá sem rennur af fjalli ofan í Eyvindará sem ræður landamerkjum að vestanverðu allt inn að Slengjudalsá og svo upp með téðri á á Slengjudals háls edur jadar þann sem sjest af almennings vegi og svo rétt upp í grjótárdrög. Fyrirbyð eg hverjum manni að yrkja edur nota téðrar jarðar land innan þessara ummerkja nema mitt sé leyfi til. Sömuleidis fyrirbyð eg nágrönnum beit og búendum geldfjárrekstur nær Þuríðarstada landi en til er greint í landsl.b. XLI og XLVI Capítulum nema mitt sé lof edur leyfi til.<sup>658</sup>

<sup>658</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu 1839-1872, bls. 268.

Við manntalsþing 11. júní 1858 var þinglýst lögfestu fyrir landi Þuríðarstaða. Eigendur jarðarinnar Fjarðar í Mjóafirði áskiluðu sér rétti til að mótmæla lögfestunni.<sup>659</sup>

*ix. Tunguhagi með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði (Völlum)*

Við manntalsþing þann 18. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Tunguhaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði, dags. 14. júní s.á.

Landamerkjalyking jarðarinnar Tunguhaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði: að utan ræður Stórilækur þar til hann fellur í Tunghagalæk, þá Tunghagalækur uns hann fellur í Grímsá. Að norðan og vestan Grímsá. Að framan Gilsá, að Hjalpleysuvatni, og síðan Lambavallaá inná Hjalpleysuvarp. Að austan og sunnan: fjallsbrún suður á Hjalpleysuvarps.

Við manntalsþing 3. júlí 1923 var þinglesin landskiptagjörð milli jarðanna Grófargerði, Arnkelsgerði og Tunguhagi.<sup>660</sup>

Við lögreglurétt 18. júní 1926 fór fram rannsókn á meintu broti á fjallskilareglugjörð sýslunnar. Vitnisburðir gefnir.<sup>661</sup>

*x. Stóra-Sandfell*

Við manntalsþing 30. maí 1783 var uppleið afrit af korti viðvíkjandi einum þrætu-skógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, útgefið af Högna Torfasyni og dagsett 28. maí 1783. Lögð voru inn skjöl varðandi téðan þrætupart.<sup>662</sup>

Landamerkjalyking Stóra-Sandfells dags. 9. júní 1884, var þinglýst 27. júní 1885. Þar segir:

Landamerkjalyking bænda eignarinnar Stórasandfells á Skriðdal. Að utan ræður Gilsá inná Hjalpleysuvarp, að norðan Grímsá að framan Hvína. Að ofan eggjar.

*xi. Útnyrðingsstaðir*

Við manntalsþing 25. júní 1831 var upplesin lögfesta, dags. 24. júní 1831, fyrir jörðinni Ketilsstöðum á Völum og Útnyrðingsstöðum.<sup>663</sup>

Við aukarétt 30. september 1845 komu fyrir réttinn Sigurður Jónsson á Höfða, Jón Sigfússon á Ketilsstöðum og Arngrímur Vilhjálmsson, ábúandi á Útnyrðingsstöðum,

<sup>659</sup> Sýsl. S-Múl., GA/5–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1858–1865, bls. 22.

<sup>660</sup> Sýsl. S-Múl. GA/11–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923–1926, bls. 9.

<sup>661</sup> Sýsl. S-Múl., GA/11–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1923–1926, bls. 419–422.

<sup>662</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1770–1783, bls. 384.

<sup>663</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1827–1832, bls. 292–293.

til að vitna til um landamerki milli jarðanna Höfða á aðra síðu og Ketilsstaða og Útnyrðingsstaða á hina.<sup>664</sup>

Við manntalsþing 15. júní 1880 voru útnefndir þrír menn til að skipta jörðunum Ketilsstöðum, Útnyrðingsstöðum og Kelduhólum.<sup>665</sup>

Við manntalsþing 18. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Útnyrðingsstaða, dags. 17. júní s.á.

Á milli Útnyrðingsstaða og Höfða ræður Höfða á frá ofanverðum Völusteinsás, upp að mel þeim sem er fyrir utan og ofan Útnyrðingsstaðatúnið fyrir innan ána, síðan upp holtin utan við bakkana á ytri Stekkjarlæk utanundir svonefndu Stekkjarholti, þaðan ræður nefndur lækur upp undi háubrekku, eptir það upp nefnda brekku framanverða upp utan að Háakletta upp hjallabryrnar þar sem þær eru hæstar, síðan samkvæmt nefndum mörkum sjónhending austur í Miðhnútu, þaðan í Eyvindará, sem ræður að austan inn á móts við læk þann sem fellur ofan af Hnútu næst fyrir utan Köldukvísl þaðan frá læknum norður í utanverða Aurbungu ytri og svo sjónhending ofan framan við há Þorleifarhraun niður á Fögrukinnarbelti og þaðan í bugtina í Timburlæknum utan undir Timburhöfðann í klett þann sem er fremstur neðan í neðsta hrauni eptir það sjónhending í Grænulagardý eptir þetta ofan á móts við Háahraun á Skarðás þaðan úti Völustein út ofnaverðan Völusteinsás í Höfðaá.

*xii. Kelduhólar*

Við manntalsþing 15. júní 1880 voru útnefndir þrír menn til að skipta jörðunum Ketilsstöðum, Útnyrðingsstöðum og Kelduhólum.<sup>666</sup>

Við manntalsþing 18. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Kelduhóla.<sup>667</sup>

*xiii. Gíslastaðir og Gíslastaðagerði*

Við manntalsþing 2. júlí 1816 var upplesin lögfesta Eyjólfssonar, dags. 16. maí 1816, fyrir Gíslastaðalandi.<sup>668</sup>

Við manntals- og skattþing 22. apríl 1826 var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Gíslastöðum, dags. 16. ágúst 1817.<sup>669</sup>

<sup>664</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1843–1848, bls. 179–183.

<sup>665</sup> Sýsl. S-Múl., GA/6-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1875–1882, bls. 149.

<sup>666</sup> Sýsl. S-Múl., GA/6-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1875–1882, bls. 149.

<sup>667</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 177r–177v.

<sup>668</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1810–1819, bls. 406–407.

<sup>669</sup> Sýsl. S-Múl., GA/2-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 236.

Við manntalsþing 22. maí 1845 og 15. maí 1851 var þinglýst lögfestu, dags. 22. maí 1845, með hverri Þórður Eyjólfsson lögfesti land Gíslastaðagerðis. Lögfestunni var mótmælt árið 1845 af Sig. Guðmundssyni og árið 1851 af ábúanda Úlfsstaða, Stefáni Jónssyni.<sup>670</sup> Í lögfestunni segir:

Eg Þórður Eyjólfsson bóndi í Gíslastaðagerdi lögfesti hér i dag þessa eignar og ábylissjörd mína til eptirnefndra ummerkja á þá síduna er veit til Ulfsstaða lands herna megin hálans edur Auranna nefnil. ad ofan úr Klofasteinum á Fjallsbrúninni uppyfir ytri Sandhaugum beina stefnu i vörðubrot á (midjum) Langa mel þadan sjónhendíng nidur utanverdt við Midás alt i Grástein, úr Grásteini i Merkikéldu og þadan i Grímsá. Fyrirbíd eg hvörjum manni að irkja beita edur brúka land þad er liggur medframm takmörkum þessum ad innanverdu, nema mitt sé lof edur leyfi til; skora eg og hérmed á hvörn þann er þessari minni lögfestu, hvört heldur i einu edur öllu mótmæla vildi ad framkoma med þau skjöl edur skiliríki er hann i höndum hefir, edur hafa kynni henni i móti og hun sömu gyldandi ad gjöra.<sup>671</sup>

Landamerkjabréf Gíslastaða á Völlum er dags. 4. júní 1884 og því þinglýst á Egilsstaða-manntalsþingi 5. júlí 1886. Það hljóðar svo:

Landamerkjaskýrsla fyrir Gíslastaði á Völlum í Suðurmúlasýslu eru að untanverðu samkvæmt Úlfaða og Ejólfstaða úr merki keldu, sem rennur í Tunguhagalæk upp um torfuhnös sem hlaðinn er í flóanum í Grástein ofan við flóann þaðan beint upp eprir í Sniðlæk og með honum upp fjallið í svokallaðan Klofastein á aurbrúninni svo austur aurana að efri Launá, sem rennur norður af aurinum og með honum í Fagradalsá, sem skiptir landi að austan. Að norðan skilur Tunguhagalækur Tunguland frá að framan eru landamerki milli Gíslastaðagerðis og Gíslastaða þannig merkin eru um garð sem hlaðinn er yfir þvert Kirkjusund og beint ofan í Tunguhagalæk en uppeptir úr fyr nefndum garði upp um klett sem er norðan við brekku milli bæanna og á vörðubrot sem er á holti sem er fyrir framan Gerðisás þaðan beint upp í svokallaða Grænulág, sem er Norðan í Berjaás þaðan beint upp fjallið í vörðubrot sunnar á aurbrúninni síðan austur aurana og ásamt Gíslastaðalandamerkjum að Fagradalsá sem rennur eptir Fagradal.

Landamerkjaskýrsla Gíslastaða. Að framan milli Gíslastaða og Arnkelsgerðis skilur Stórilækur úr Tunguhaga læk og upp um svokallaða grjótarbotna og suður um aurinn rétt fyrir utan Hött inn og suður í Hrutárdrög og niður Hrutá að sunnan sem fellur ofan um svokallaða Hrutárbotna ofan í Fagradalsá en á Fagradal aðskilur Fagradaglá, á millum Tunguhaga og Gíslastaða skilur Tunguhaga lækur, að utan skilur millum Gíslastaða og Gíslastaðagerðis varða við Tunguhagalæk og er bein stefna um Kirkjusand í klett fyrir framan og neðan Gerðistún og í vörðu fyrir framan Gerðisás og svo beint upp í vörðu á Aurbrún og um þverann Aurinn ofan um [...] hjalla í Fagradalsá millum

<sup>670</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4-3, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1848-1855, bls. 118; Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu 1839-1872, bls. 245.

<sup>671</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu 1839-1872, bls. 245.

Gíslastaða og Gerðis er óskiptarland á norðanverðum Fagradal millum efrilaunár og efri Hrutár.

*xiv. Eyjólfstaðir með Beinárgerði*

Við manntals- og skattaping 8. júlí 1844 var þinglesin lögfesta, dags. 08. júlí 1844, hvar með Sigurður Guðmundsson, administrator á Eyjólfstöðum, lögfesti land ábýlis- og eignarjarðar sinnar Eyjólfstaða.<sup>672</sup> Í lögfestunni segir eftirfarandi:

Undirskrifadur Sigurdur Gudmundsson Lögfesti her með Abýlis Eygnar og Odalsjord mína Eyólfsstadi liggjandi í Vallanes kirkiu Sokn og Egilsstada þinglagi, með öllu landi og landsnytið sem nefndri Jordu með rettu tilheyrta til þessara ummerkia: ad utan eins og verid hefur ad landamerkið Jarðarinnar Ketilsstada nl. frá Urridalæk, ad ós þar sem hann fellr í Grímsá, rædr svo lækrinn og Urridavatnid allt ad Beiná síðan Beináin allt ad Beinárfossi og svo beina Stefnu fra honum yfir Aura í Græfur, þar adurkollud Launá nú Fagradalsá ofanfellur ad innan líka eins og verid hefir ad landamerkjum Jarðarinnar Gíslastada nl. úr Tunguhagalæk á Merkiöldu framanundir svokolludu Merkiöldu þadan beina Síónhendíngu á Klofasteina á Fialli upp og þadan beina Stefnu ofaná Fagradal; lögfeste eg holt og haga Todur og Eingiar og Skog allann í greindu landi og hverjar adrar landsnytiar er vera kunna innan tedra ummerkia, fyrirbíd eg einum og öllum þær ad nota og ser ad eygna nema mitt leyfi þar til hafi, legg eg logsókn vid ef utaf er brugdid, og bíd eg öllum er í grend búa ad áfría lögfestu þessa ef þeir þikiast þurfa, hvorri til Stadfestu er undirskrifad Nafn mitt og hiá þrykt Signet.<sup>673</sup>

Deilur um landamerki Eyjólfstaða og Ketilsstaða fór fyrir sáttanefnd.

Hinn 28. maí 1886 var fyrir sáttanefnd tekið fyrir mál Einars Sigurðssonar á Eyjólfstöðum gegn ábúendum og eigendum jarðarinnar Ketilsstaða, Sigurði Hallgrímssyni hreppstjóra og Gunnari Pálssyni, báðum á Ketilsstöðum. Málið var risið út af landamerkjum milli Ketilsstaða og Eyjólfstaða, austur á Fagradal.<sup>674</sup> Sáttanefndin tók málið fyrir að nýju hinn 26. júní 1886.<sup>675</sup>

Landamerkjabréf Eyjólfstaða er dags. 29. júní 1886 og því þinglýst á Egilsstaðamantalsþingi 5. júlí 1886. Það hljóðar svo:

Landamerki, jarðarinnar Eyjólfstaða með Beinárgerði. 1. Að utan milli Ketilsstaða og Eyjólfstaða frá Urridalækjarás þar sem hann fellur í Grímsá ræður svo lækurinn og Urridavatnið allt að Beiná síðan Beiná alt að Beinárfossi og svo beina línu frá honum yfir aurinn og Kvíslárdal utan í Sauðahnúk þaðan sömu stefnu á Fagradalsá. 2. Að austan Fagradalsá. 3. Fyrir norðan og vestan Grímsá æður að utan kvísl (kvílsarfarvegur), sem aðskilur svokallaðan Vaðhólma og Kistueyri norður af og í útnorður frá

<sup>672</sup> Sýsl. S-Múl., GA/4-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1843-1848, bls. 46.

<sup>673</sup> Sýsl. S-Múl., DB/1-1, Afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu 1839-1872, bls. 115

<sup>674</sup> Sáttanefnd Vallanesumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1866-1913, án bls., 28. maí 1886.

<sup>675</sup> Sáttanefnd Vallanesumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1866-1913, án bls., 26. júní 1886.

Kvistalækarósnum og er hólmanum sleppir ræður sjónhending þvert norðu í hinn gamla farveg Grímsár austn undir Uxalækjarbökkum síðan ræður bakkin innert svonefndur Stokkholmsbakka inná móti við þar sem áin (Grímsá) áður hefir fallið norður að bakkanum rétt fyrir utan Hvammsenda. 4. Að innan (frman= að austan Grímsár milli Eyjólfsstaða og Úlfsstaða úr Múlþúfu á svonefndan Þúfuhyl (fyrir mitan Þjófarenni) beina stefnu eptir sjónhending í fremri Fögrukinnarlæk þar, er hann fellur ofan af Sauðarhalanum og ræður lækur þessi úr því og allt uppí [...]sem skipta landi að ofan allt inn að Gíslarlandsgerðislandi. En fyrir ofan þessa hamra eru landamörk milli Eyjólfsstaði og Gíslastaðagerðis landa bein lína úr Sniðlæk þar sem hann fellur ofan af hömrunum uppí svo nefnda Klofasteina á Aurbrún og suður yfir aurinn. En úr afréttinni Tagradalsmegin eiga Eyjólfsstaðir suður að efri Launá.

xv. *Eyrarteigur (Skriðdal)*

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Eyrarteigs.<sup>676</sup>

xvi. *Arnhólsstaðir*

Við manntalsþing 20. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Arnhólsstaða með Hryggstekki.<sup>677</sup>

xvii. *Ketilsstaðir*

Við manntalsþing 15. júní 1880 voru útnefndir þrír menn til að skipta jörðunum Ketilsstöðum, Útnyrðingsstöðum og Kelduhólum.<sup>678</sup>

#### 4.2.4. Ljósárland (Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels)

i. *Höskuldsstaðir*

Í landamerkjaréfi Höskuldsstaða dags. 26. júní 1885, er þinglýst var á manntalsþingi á Heydölum, segir:

Landamerkjaskrá Höskuldsstaða í Breiðdal. Landamerki milli Höskuldsstaða og Jórvíkur er bein sjónhending úr miðjum Áraurnum fyrir utan Höskuldsstaði uppúr árgilinu fyrir utan túnið, eptir merkivörðum í ytra Klofagil og í Breiðatindakoll. Eptir það ráða fjallseggjar landamerkjum innan Seldalastofni og Selá eptir því sem hún fellur úr Seldaladrögum, allt ofan í gljúfur, og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og Einbúa og út að ofan melhrygginn fyrir ofan Höskuldsstaðasels-túnið og allt í Langagrafning (nú Mjóagrafning) fyrir neðan reiðgötur, og þaðan beina sjónhending ofan í merkjaskurð, sem er á bakkanum við Breiðdalsá. Fyrir sunnan Breiðdalsá eiga báðar jarðirnar Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel óskipt land milli Járnhryggs sem er

<sup>676</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 180v.

<sup>677</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881-1887, bls. 180v.

<sup>678</sup> Sýsl. S-Múl., GA/6-2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1875-1882, bls. 149.

skamt fyrir utan Ánastaða og innri Ljósár, er þær nota sameiginlega og tiltölulega eptir jarðadýrleika jarðarinnar Höskulsstaða, og umráðamaður Flögu presturinn í Breiðafirði gjört samning um, og ákveðið landamerki, 23. Dag októbermánaðar 1884, og er sá samningur samþykktur af styptisyfirvaldanna 4. Marts. 1885. Samningur hljóðar þannig: Vjér undirskrifáðir höfum gjört svofeldan samning og orðið ásáttir um viðvíkjandi skiptum á hinu svokallaða Ljósalandi, milli jarðanna Höskuldstaða og Flögu í Breiðdal: að Höskuldsstaðir eigi land allt frá innri Ljósá fyrir sunnan Breiðdalsá og í vörðu, sem stendur utantil á hinum svokallaða Svartabakka fyrir utan svokallaðan Ljósalæk og þaðan skáhalt inn og upp í lækjarsýli það, er rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu, og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem vjér nefnum Merkgigontu uppi Ketilhnúk og þaðan beint uppi fjalleggjar; en sá partur; Ljósalsandsins sem liggur fyrir utan ofangreind merki, heyrir Flögu til.

ii. *Höskuldsstaðasel*

Í landamerkjarefi Höskuldsstaðasels dags. 26. júní 1885, er þinglýst var á manntalsþingi á Heydölum, segir:

Landamerki Höskuldsstaðasels eru þessi: Að utanverðu ræður Selá landamerkjum eptir því sem hún fellur frá Seldalsdrögum allt ofani gljúfur og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og Einbúa, og út ofan melhrygginn fyrir ofan Höskuldsstaðaseltúnið og allt í langagrafning nú Mórafring fyrir neðan reiðgötu, og þaðan beina sjónhending ofan í merkjaskurð, sem er á bakkanum við Breiðdalsá. Breitarlandsstykkið fyrir sunnan Breiðdalsá, milli innri Ljósár og Jónshryggs er Höskuldsstaðasel á í sameiningu við Höskuldsstaði, nota báðar jarðirnar sameiginlega og tiltölulega eptir jarðsdýrleika. Að innanverðu eru merki: Merkidalur og Merkgil, sem liggur niður úr Merkidalnum niður í Merkilág við Beiðdalaá, þaðan sjer maður í fossinn í Árnastaðagili. Að sunnanverðu milli Árnastaðalands og Höskuldsstaðasels ræður Breiðdalsá merkjum.

Við aukarétt 4. júní 1896 var eftir beiðni Björns Eiríkssonar, bónda á Höskuldsstöðum, útnefndir tveir menn til þess að virða jörðina Höskuldsstaðasel í Breiðdalshreppi með húsum.<sup>679</sup>

iii. *Ánastaðir*

Í landamerkjabréfi Ánastaða dags. 29. maí 1883, er þinglýst var á Eydalamanntalsþingi dags. 27. júní 1883, segir:

Milli Ánastaða og Þorgrímsstaða: Höskuldsstaðir að neðan en Rauðahryggur að ofan. Milli Ánastaða og lands þess, sem Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel eiga fyrir sunnan Breiðdalsá: Járnhryggur, sem liggur upp fjallið fyrir utan Álfhól.

<sup>679</sup> Sýsl. S-Múl., GA/8-3, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1896-1901, bls. 8-9.



iv. *Flaga*

## Í Sýslu- og sóknalýsingum segir m.a. um Flögu:

Hér er gott og grösugt málnytuland og engjar allgóðar, mestar deiglendir. Landið er með höllum og ennum í hálshlíðinni en holt og mýrar hið neðra. Það gengur eigi til muna af sér.<sup>680</sup>

v. *Ljósárland*

## Í lögfestu fyrir Ljósárlandi frá 1790 segir eftirfarandi:

Eg underskrifadur Lögfeste her i Dag Þann Hagbeitar- og Skógar-landspart sem liggur á millumm beggia Liósanna fyrir handann Änna sudur frá Höskuldsstöðum i Breiddal; hvör öðru Nafne Kallast Liosárland edur landid i millumm liosanna tilheirande sem Eiginndóm Berufiadar Kirkujörd Flögu i sömu Sveit; asamt med öllum gögnum og giædum, holltum og hædum, hriödrum og högumm, Skóge grasatekiu og öðrumm Landsnytiuum, sem greindu Liósárlande filgia, filgt hafa, og filgia eiga: Allt ofann ur Fiallatindum, sovídt og Lángt sem badar Liosárnar beggia meginn med sínu Rensle ráda, og það nidur i Breiddalsaa, sem eg meina víst ad heite Ä su, er fellur fyrir nedann Höskuldstade, ut og ofanneffter Breiddalnum; Og frammevegis allt til Ummerkia þeirra er adrar Jarde i móte eiga; Ad undanntekinne þeirre Jskyld, er Höskuldsstader eiga i ofangreint Liósárland, sem sidar mun sagt verda. Fyrirbyð eg öllum og Serhvoriumm Næst kríngliggiande Jarde äbuendum hertied Liósárland ad brúka og beita, edur under hvöriu Skyne vera kann á Nockurnhátt ad nytia til Skógarhöggs, hagbeitar edur grasatekiu; An Míns edur Míns Landseta Þordar Hildebrandssonar á Flögu Vitundar, Leifes edur Samþyckis: Ad undannteknum Einum Byrni Jónssyni á Höskuldsstöðum, hvöred þángad á nockra Jskyld til hagbeitar fyrir Fie sitt, og grasatekiu; allt undr Sekter þær, er Lög á hendur segia, þeim er her i móte brjóta frá Lögfestunnar Dato.

Sömuleidis fyrirbyð eg yður Velforstanduge heidurs Mann Biörn Jónsson äbuandi Höskuldstada i Breiddal, Skógarhögg i Liósárlande, edur adrar Landsnytiar Samastadar, þær er ey tilheyra ydar her ad ofann á minnstre Jskyld i Landed, under averka og landnámsbætur, sem Lög greina.

Serdeilis fyrirbyð eg yður Biörn Jónsson ofmikla Jnnsetning Saudfiár, edur annars Penings i Liósárland, Vetur og Sumar, uppfrá þessum Deige, Ad so miklu leiti sem su sama skadar edur skada kann kirkunnar Rett og Eiginndóm; Edur til Átrodnings og Underþrickingar þenar edr þena kann j nockurn Máta fyrir Landseta Mínn á Flögu Þord Hildebrandsson, hvörn eg Lýse hafa meire Rettugheit enn yður til Liósárlands brúkunar. Og þetta allt under Tvý- og Þrígyldis – samt Áverka – og landnáms-Bætur edur Uslagjöld, effter málavöxtum; Än þess, ad Önnur Skiöl edur Lögmæt Skilríke, herimóte kome, er kirkunnar Máldaga i Berufirde fyrir greindu Liósárlande, sem eldre edur gildrae hrinda

<sup>680</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 338.

kynne. Lögfeste eg bæde ad Ordfullu og Lögfullu, og fyrirbýd hvöríumm Manne hedann af j ad vinna, edur nytia greint Liósarland framur enn mitt er Lof edur leifa til, ad Vitna ydar Mons<sup>r</sup> Þordur Gislason á Fremre Kleif og Ydar Mons<sup>r</sup> Biörn Eyrikson á Snæhvamme, samt allra Annara er síá edur heyra þetta mitt Lögfestu bref, sem eg styrke med underskrifudu Nafne og hiáþricktu Signete.<sup>681</sup>

vi. *Berufjörður*

Hinn 30. maí 1791 var upplesin lögfesta fyrir Berufirði, dagsett 25. maí sama ár. Efni lögfestunnar er þannig:

Eg underskrifadur Lögfeste hermed Beneficium Berufiörd á Berufiardar Strönd, og Berufiardar kirkuland allt med Gögnum og Giædum, Holtt og Haga, Vötn og Veide stade, og allar Landsnytiar til fialls og fiöru sem Berufjardar Stad og kirku effter Eldre og Yngre Mældógum, Kaups og Giafa – edur Makaskiffita Brefum filgia, filgt hafa og filgia eigu ätölulaust. Eru Ummmerke þesse, efter Mældaga af 21<sup>ta</sup> Maii 1592. Sudur frá Berufyrde, allt Selnes, Fossaarvík, Eyvindarnes, og öll Urdarteigsströnd, sudur ad Nauststofft þeirri er stendur fyrer hedann [svo] Backa, fyrir hedann [svo] Bulandsaa; þaðann rædur Siónehending, af utannverdre Vallvallar Skridu, uppi efsta Skarded, i fiallenu, sem er gegnt Nauststofftenne. Á Berufiördur i festu Takmarke, allann Reka, og hvad sem á Land ber, og femætt er; Ad Vestann og Nordann rædur Fossaardalur – Fossárdals Øræfe- og Øxe, allt ad Beinsvördu; Á Berufiördur Land so Lángt sudur- og uppá Øræfenn; þartil Vötnum hallar, sud[ur] af ofann i Búlandsdal, og eins Nordur a [?<sup>682</sup>] uti Skriddal, allt ut ad Tunglaa. En ut frá Berufyrdi rædur Lækur sá, er fellur fyrir Heimann Borg þá er stendur i Kelduskógarmarke, og nú heiter Ytre Borgaraa, effter Utskýringu Visitatiunnar af 22<sup>m</sup> aug. 1752.

1° Fyrirbyd eg öllum og serhvöríumm, fyrrtied Berufiardar kyrku Land, ad bruka, beita edur, under hvöriu Skyne vera kann ad nytia, án mins leifes; ad undannteknum þeim kyrkunnar Jarda ábuendum; sem ur greindu kirku Lande hefur ádur verid – Edur enn er – Löglega biggt allt under Averka- Landnáms- og adrar Bætur effter Málavöxtum.

2° So fyrirbýd eg eirnig þeim er á kyrkunnar Jördum bua, Berufiardar heima Land, og tilliggande hiáleigna, framur ad bruka, beita, edur i ad yrkia enn Landslögenn leifa, edur mitt serdeiles Leife er til; Edur Biggingar bref þeirra, ádur utgefínn og af mer samþickt, edur hereffter utgefande og stadfestande, áqveda; vilie þeir ey sömu Sektum mæta, er fyrrsagdar voru, og þeim framur ad lögum á hendur seigiast, er her a móte brióta. Frá þessarar Lögfestu dato, sem Validerar umm næstu tölf mánude.

3° Hafa vil eg fulla Laga fulgu edur Undergift under alla þá gripe annara Manna, enn Nágranna minna er 1<sup>a</sup> Kvigylde svara, edur fleyre Virdast ad gánga á Minu

<sup>681</sup> Kirknaskjöl, II, Suður-Múlaþing, Berufjörður í Berufirði 1397-1856.

<sup>682</sup> Skemmd í handriti þannig að orð vantar.

Lande, hvört sem er Dilk- edur geld-fie og hestar; sem er i hid ríngasta 16 f [fjórðungar] á Sumar, enn 20 á Vetur fyrir hvört kvígyldde.

4° Þeim hiáleigu Mönnum Minum sem biggt er úr heima Lande, Leifest sina Jtölu ad fylla ad Lögum, og meiga hafa 1 kvígyldde ummfram í Landenu; Enn hvad þeir fleyra i setia, svari fyrir sem Fulgufie serhvört kvígyldde er fleyra er enn fyrr var sagt i filge landsl.B. 4 cap. coll. s. B. 51 Cap.

5° Þad er þessvegna i Anleidning heraf, sovel sem margra annara vigtugra orsaka vegna, streingelega fyrirboded, þeim er ey eiga Samgeingt vid mig edur granna mína; Effter Landsl.B. 47 cap. ad gánga Land mitt effter Fie sinu, og reka þad burt þadann, án Minnar edur Nágranna Minna Vitundar Vor edur haust, sem hingadtil hefur Vane verid; heldur á med slikar Fiallgöngur og fiárheimtur, soddann Regla ad haldast, sem Landsl.B. 46-49 og 50 Capitular fyrirskilia, og Lands vane er gamall til. Enn hvör sem ad þvj mætte verda kunnur, ad reka Fie Leifes Laust i Land mitt, láta þad sýdann gánga þar ordalaust ár effter ár, og reka þad Loksins burt mer óadspurt hann má vænta ad þvj ej tiltalslaust slept verde herefter, þar eg vejt ey betur, enn hinn same mætte áljtast, effter Nll. 6. B. 14. Cap. 19 art.

6° Serilage og med sama hætte Lögfeste eg kyrkunnar Landspart Skálahóla ut frá Berufyrde, ad utann og jnnannverdu, frá ytre Borgaraa, og innad Steckalæk, ofann ur Fialle, so lángt og vídt sem sagder Læker ráda, og ofann i Sió: hvöria Skálhólar, eg lýse, einsvel sem annad Berufiardar heimaland, kirkunne samastadar tilheyr, og hafa allatýd verid hennar Óäkiærd Eign sem siá er af Visitatiu Berufiardar kyrkiu af 22<sup>m</sup> aug<sup>t</sup> 1752.

Fyrirbýd eg þvi öllum og serhvörium uti frá, ad undannteknum minum hiáleigu Mönnum, fyrrted Skálhóla land, ad bruka beita, edur i ad yrkia án míns Leifes, og þad under Landnáms, áverka edur Ránsbætur effter Málavexte i Kraffte Nll. 1 B. 22. Cap. 17 art. og 2 B. 21. Cap. 22 art. samt Nll. 6 B. 15 Cap. 15 art. nema þvj ad eins nockr jnnann árs og dags gete framm výsad Lögmætumm Skiölum edr Skilríkum, er kyrkunnar Máld[ög]umm i Berufyrde liggande og Visitatiunni af 2[2<sup>m</sup>] aug<sup>t</sup> 1752, sem eldre edur gyldare hrind[a] kynne.

7° Lögfeste eg 18 Eyar Berufiardar kyrku, liggande fyrir Bulandsnesslande, og fyrirbýd öllum og serhvörium þær ad bruka, beita edur gánga; fugl edur Sel ad styggia edur Drepa, edur nockurn Skada ad giöra, under þær Sekter, sem þar vid serilage i henseende til fuglvarpsens, liggia effter Forordning. af 13 Jun. 1787. 3 Cap. 7. art. og Nll. 5. B. 12. Cap. 15 art. hvad áhrærir Selveidena.

Þetta mitt Lögfestu bref styrke eg frammar med underskrifudu nafne og hiáþricktu Signeti.

Berufyrde d. 25<sup>te</sup> Maii 1791.

Salomon Biörnsson<sup>683</sup>

Við manntalsþing 30. apríl 1839 var birt auglýsing hvar sr. Pétur Jónsson á Berufirði og Tómas Skúlason á Búlandsnesi friðlýstu nefndum jörðum og landi.<sup>684</sup> Berufjarðareyjum og öllu Berufjarðarprestakalli var einnig friðlýst við manntalsþing 30. júlí 1840.<sup>685</sup>

Við manntalsþing 23. júní 1884 var þinglýst landamerkjaskrá Berufjarðar.<sup>686</sup>

Við aukarétt 15. september 1916 voru útnefndir tveir menn til að meta þjóðjarðir og kirkjujarðir sem ábúendur höfðu beiðst kaupa á. Meðal þeirra var jörðin Berufjörður.<sup>687</sup>

Við aukarétt 2. júlí 1917 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Berufirði staðfest.<sup>688</sup>

Við manntalsþing 12. júlí 1919 var þinglesið samkomulag um landamerki jarðanna Berufjarðar og Kelduskóga, dags. sama dag.<sup>689</sup>

*i. Þingmúli*

Í Vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar, dags. 12. ágúst 1641, segir um Þingmúla í Skriðdal:

Olaffs kuirka J múla J Skriddal ä Heimaland allt med þeim vmmerkium er Sera Gissur Gýslason tilseiger Sig hallded og hafft hafdi. Halffann Jorunnardal fram ä stafnz Heyde til þess votnum Hallar eirnenn allar Øxarärdal fram ä øxe til þess votnum hallar / ad frateknu haugalande, Allann hallffann geitdal og Búdartüngur effre og ytre. Skryduland med Somu vmmerkium sem ädur eru sogd ad fylgie stadarlandenu og flogu. 6. Hundrud med þessum landamerkium, fram J marklæk og rettsyness offan J Geitdalz Ä og suo ä fiiall vpp. enn vtfrä vt J þüfu og offan J lækinn sem rennur fyrer framan flógu eyre offan J äna. tuo hlute J hualnese Reka a Olaffssande. Þriü hundrud týræd. Backaland. HallBiarnastade vndersomu landamerkium er ädur voru greind. Skögar teyg J merkeär kuysl-vmm Sextýu timburz J Hallormstada Skögum huert är. Heffur Sera Gysur Gyslason stadinn Hallded med þessum landamerkium atolulausum ä siounda og tuttugasta är [...].<sup>690</sup>

<sup>683</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Berufjörður í Berufirði 1397–1856.

<sup>684</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 286–287.

<sup>685</sup> Sýsl. S-Múl., GA/3–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1832–1841, bls. 334.

<sup>686</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 186r.

<sup>687</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 117–118.

<sup>688</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 196–197.

<sup>689</sup> Sýsl. S-Múl., GA/10–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1915–1919, bls. 340.

<sup>690</sup> Bps. A.II.8. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641–1672, bls. 88–89.

Hinn 4. júní 1703 lögfesti sr. Eiríkur Sölvason eign Ólafskirkju að Þingmúla í Skriðdal. Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Erikur Saulvason lögfeste hier J dag Eign Olafs Kyrkiu, að Þingmúla J Skriddal lögfeste eg Heimaland allt, Greindrar Kyrkiu: Hálfann Jorunar dal allann framm á Stafsheide til þess Vótnum Hallar: Eirnenn allann Oxarárdal framm á Óxj til þess Vótnum hallar, að frateknu Haugalande allann Halfann Geitdal og büdartungur Efre og ytre: Reka á Olafs Sande þriu hundrud týræd, Skögarteig i Merke är kuýslum: lx timburs i Hallorms Stada Skoogum hvort är: Skoog J Sandfells Land: Logfeste eg tódur og Eingiar hüs og haga, Reka og Skooga Vótn og Veide Stade og allt það Sem til gagn[s] ma hafa Jnnann greindra takmarka, með óllum landsnýtjum Sem þui lande eiga að filgja að fornu og nýu: Fyrerbýd Eg hiedan af Huorium manne Sier að nytia Brüka edur beita Jrkia edur J að Vinna nema mitt Sie lof edur leife til, að Vitne þýnu Henrik Biarnason og þýnu Einar Sueinsson og allra þeirra er Ord mýn Heyra.<sup>691</sup>

Samskonar lögfesta var upplesin af sr. Eiríki að Þingmúla árið 1718, en þá lögfesti sr. Eiríkur einnig m.a. landamerki Hallbjarnarstaða í Skriðdal og Flögu í Skriðdal. Landamerkjum þeirra jarða er hins vegar ekki lýst í lögfestunni.<sup>692</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1755 var upplesin skrifleg umkvörtun sr. Halls Ólafssonar að Þingmúli hafi síðustu 20 ár á undan stórlega að heyskap, haga og torfristu forargast og af sér gengið. Lýst er hvernig landið hefur eyðilagst og hvernig sr. Hallur hafði þurft að senda gripi sína annað í vetrargöngu.<sup>693</sup>

Við manntalsþing 30. maí 1783 var upplesið afrit af korti viðvíkjandi einum þrætuskógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, útgefið af Högna Torfasyni og dagsett 28. maí 1783. Lögð voru inn skjöl varðandi téðan þrætupart.<sup>694</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1804 segir um Þingmúla að jörðin hafi skóg til eigin nota og þá sé hún með afrétt.<sup>695</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Þingmúli metinn með afbýlinu Hátúnum en engin landamerki séu þar á milli. Einnig segir að staðnum tilheyri skógarhögg í Sandfells- og Hallormsstaðarskógi, hálfur reki á Ólafs- og Kliptarsöndum fyrir Héraðsflóa og hagaganga í Víðisgróf.<sup>696</sup>

<sup>691</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>692</sup> Kirknaskjöl, Suðurmúlaþing, K II, Þingmúli í Skriðdal 1397–1841.

<sup>693</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1752–1758, bls. 195–196.

<sup>694</sup> Sýsl. S-Múl., GA/1–1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1770–1783, bls. 384.

<sup>695</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1804, nr. 153.

<sup>696</sup> Jarðamat Suður-Múlasýslu 1849–1850, bls. 24r–24v.

Landamerkjabréf Þingmúla er dags. 7. júní 1883 og þinglýst 20. júní 1884.<sup>697</sup> Það hljóðar svo:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdals uppá Breiðdalsheiði svonefndur Tjarnarás, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur Prívarðnahóls, og heim áframhaldandi röðull af Prívarðnahálsi uppá hraunið allt að Beirvörðu eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Landamerkin voru samþykkt af hálfu Þorgrímsstaða, Berufjarðar, Arnhólsstaða, Þjóðjarðarinnar Hauga, kirkjujarðarinnar Flögu, Þorvaldsstaða, Geitdals og Tóarsels.

Hinn 14. júní 1884 tók sáttanefnd fyrir ítakamál Páls Pálssonar, fyrir hönd Þingmúlakirkju, gegn eigendum Stóra-Sandfells, Einari Jónssyni og Birni Árnasyni. Eigi varð sáttum ákomið og málinu því vísað til landslaga og réttar.<sup>698</sup>

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Þingmúla að landamerki séu þinglesin 20. júní 1884 með tilheyrandi hjáleigum. Einnig eru færð inn landamerki heimajarðarinnar:

Að utan Múlaá, að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn í Múlanesi gengur lengst út og þaðan niður að Múlaá og sama bein lína ræður upp Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá mörkum og að framan norðanmegin Merkilækur skamt fyrir utan Kálfeyri.<sup>699</sup>

Um upprekstrarland segir að jörðin eigi ekkert og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Þá segir að ítak fylgi jörðinni, svonefndur „Lónatangi“ í Hallbjarnarstaðalandi. Loks er í fasteignamatinu skráð eftirfarandi athugasemd við mat Þingmúla:

Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00.

Þess skal einnig getið að Skriðuvatnshólmi heyrði áður til prestssetrinu að Þingmúla, og að nú hefir sóknarpresturinn í Vallanesi afnot hans, leigir hólmann til slægna. Metinn kr. 400,00.<sup>700</sup>

<sup>697</sup> Sýsl. S-Múl., GA/7-1, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1881–1887, bls. 180v.

<sup>698</sup> Sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis, A/1-1, Sáttabók 1880–1948, án bls., 14. júní 1884.

<sup>699</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 17.

<sup>700</sup> Fasteignamat Suður-Múlasýslu, Undirmat I, bls. 18.

## 5. KRÖFULÍNUR OG RÖKSEMDIR

### 5.1. Almenn

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þau svæði sem hér fara á eftir teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum er litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæði 11 eru heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði sem greint verður frá hér á eftir. Í eftirfarandi umfjöllun um þjóðlendukröfulínur íslenska ríkisins er vikið stuttlega að helstu heimildum er styðja afmörkun þjóðlendukröfulína og sjónarmiðum er búa að baki þeirri afstöðu íslenska ríkisins að um svæði utan eignarlanda sé að ræða. Vísast hér að öðru leyti til fyrri umfjöllunar í kröfulýsingu þessari, þar sem frekari heimilda er getið, þ.á m. um landnám á svæðinu. Eftirfarandi umfjöllun byggir á þeim heimildum er liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

### 5.2. Ósafrétt og Grasdalur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Ósafrétt* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.1. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í miðri Knarrará, beint austan við Völsunga (1) og þaðan upp í Geldingaskörð (2). Úr Geldingaskörðum suður með fjallshryggnum umhverfis Njarðvíkurdal og Urðardal á Múla (3) og þaðan niður Innra-Hvannagil (4) í Njarðvíkurá (5) sem er fylgt þar til Seldalsá rennur í hana. Þaðan beint upp á Grjótfjallstind (6) og eftir fjallstindum út fjallshrygginn til norðausturs og niður á Brimnes (7) og þaðan í sjó (8). Meðfram ströndinni vestur fyrir Gripdeild og suður þar til komið er í Nautárós (9) og upp Nautá á Hádegisfjall (10) og þaðan í upphafspunkt.

Við afmörkun á þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfum Unaóss og Njarðvíkur. Þá er litið til staðarhátta, lýsingar á Ósafrétt í Sýslu- og sóknarlýsingum og heimilda um nýtingu aðliggjandi jarða.

### 5.3. Hrafnabjargafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hrafnabjargafrétt* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.2. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í miðri Knarrará, beint vestan við Völsunga (1) og þaðan upp í Geldingaskörð (2). Úr Geldingaskörðum suður með fjallshryggnum á Súlur (3) og þaðan í Ytra-Dyrfjall (4). Úr Ytra-Dyrfjalli í mið Dyrfjöll (5) og í upptök Urðardalsár (6) sem er fylgt niður í miðja Jökulsá við hlið Knarará (7) og þaðan í Knarará (8) og aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun á þjóðlendu­kröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Hrafnabjarga, þar sem merkjum Hrafnabjarga upp á fjallsbrún er lýst með eftirfarandi hætti:

Ræður Knarrará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan inn eggja til upptaka Urðardalsár, ræður þá nefnd á landamerkjum að egg ofan Urðardal [...] rennur Urðardalsá í svo nefnda Jökulá, sem ræður landamerkjum ofan fjallið þar til ofan á sléttlendi, [...]

Þá er litið til lýsingar í landamerkjabréfum Sandbrekku og Unaóss, sem eru aðliggjandi til suðurs og norðurs.

#### 5.4. Sandbrekkuafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Sandbrekkuafrétt* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.3. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendu­kröfulínu:

Upphafspunktur er á Hraundalsvarpi þar sem vötn falla til beggja hliða (1) og þaðan er Hraundalsá fylgt frá upptökum þar til hún rennur í Bjarglandsá (2) og þaðan eftir Bjarglandsá þar til Sellækur rennur í ána (3). Er læknum fylgt að upptökum (4). Þaðan til norðurs í Jökulsá (5) sem er fylgt að upptökum í Dyrfjalli (6) og þaðan eftir háeggjum aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendu­kröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Sandbrekku, en þar segir n.t.t.:

Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökulsá, er liggur undir Dyrfjalli, þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur út eptir.

Þá er litið til lýsingar á Sandbrekkuafrétt í *sýslu- og sóknarlýsingu Múlasýslu* og afmörunar á Sandbrekkuafrétt gagnvart Þórsnesi í *Árbók Ferðafélags Íslands 2008*, þar sem segir n.t.t.:



Austan Bjarlandsár er Sandbrekkuafrétt. Af Háubrun sem ber við loft austur af bæ kemur niður Sellækur og eru um hann mörk við Þórsnes og liggja þau upp í Álfasteina út af Háls múla gegnt Urðardal.<sup>701</sup>

Jafnframt er litið til afmörkunar á Hrafnabjörgum til norðurs og norðausturs, Dala til vesturs og Hraundals og Kirkjutungna til suðurs.

### 5.5. Hraundalur og Kirkjutungur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hraundalur og Kirkjutungur* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.4. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Hölná fellur í Bjarglandsá (Hraundalsá) **(1)** og er Bjarglandsá fylgt að upptökum að vatnaskilum **(2)**. Þaðan er fjallsbrún fylgt til suðurs og austurs í Botnsdalsfjallsröð **(3)**, frá Botnsdalsfjalli yfir Kollu að Hölná **(4)** og er Hölná fylgt aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar á landsvæðinu Hraundal að framan og Kirkjutungum í landamerkjabréfi Hjaltastaða í Hjaltastaðahreppi, en þar segir að Hjaltastaður eigi afréttarland Hraundal að framan og Kirkjutungur. Þar segir n.t.t.:

Hjaltastaður á ennfremur afréttarlandið Hraundal að framan og Kyrkjutungur. Ræður þar mörkum að utan Bjarglandsá, að ofan efstu fjallaeggjar, að framan bein stefna úr fa Botndalsfjallsröð yfir Kollu upp að Hölná, og að neðan Hölná.

Jafnframt er litið til afmörkunar á Hríótum, Hamragerði og Kóreksstöðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, sem eru aðliggjandi til austurs og norðausturs.

### 5.6. Gilsárdalsafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Gilsárdalsafrétt* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.5. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Strýtilækur rennur inn í Gilsá **(1)**. Er Gilsá fylgt suður til upptaka og þaðan eftir svæðismörkum á Hornbrynju **(2)**. Frá Hornbrynju norður að upptökum Innri-Sauðár **(3)** og þaðan norður á

---

<sup>701</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 2008, bls. 196.

Hraungarð eftir því sem vötnum hallar (4) að upptökum Strýtilækjar (5) sem er fylgt aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendu­kröfuf­lí­nu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Hallormsstaðar. Þar er merkjunum, sem jafnframt marka suður- og austurmerki staðarins, lýst með eftirfarandi hætti:

Að sunnan ræður Hraungarður, þar sem hann ber hæzt alla leið inní Hornbrynju [...] Að innan ræður Gilsá allt til upptaka hennar.

Þá er litið til lýsinga á Gilsárdals­afrétt í *Göngum og réttum* og *Sýslu- og sóknarlýsingu Múlasýslu*. Loks er litið til afmörkunar á Geitdals­afrétt, sem er að­liggjandi kröfusvæðinu til austurs.

### 5.7. Desjamýrarafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Desjamýrarafrétt* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.6. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendu­kröfuf­lí­nu:

Upphafspunktur er þar sem Skúmhattardalsá rennur í Þverá (1) og er Skúmhattardalsá fylgt alla leið inn og suður í fjöll á Skúmhattarraðir (2). Þaðan eftir fjallgarðinum á Náttmálafjall (3), síðan á Húsavíkurheiðarvarp (4) og þaðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn (5). Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnjúka (6). Úr Hvítahnjúk í Urðarhólavatn (7) og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk (8) og aftur eftir Krossá í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendu­kröfuf­lí­nu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Desjamýrar. Þar er merkjunum lýst með eftirfarandi hætti:

Að sunnanverðu til móts við Húsavík úr fjalli því, er Náttmálafjall heitir beint á Húsavíkurheiðarvarp og eptir því eins og vötnum deilir, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn. Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnjúka, og þaðan út öll vörp út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur og Borgarfjarðar. Þaðan skilur svonefndur Þrándarhryggur land Desjamýrar frá Brúnavík. Landamerki milli Desjamýrar og Hofstrandar eru úr mið strípum á svonefndum Grenishæðum, sjónhending ofan í miðja Folaldsgjót, og þaðan beint í Fjarðará. Að norðanverðu ræður Fjarðará, allt þangað til Þverá fellur í hana, en úr því ræður Þverá, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá alla leið inn og suður í fjöll. Kirkjan að Desjamýri á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, visitatíu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1645 þessi ítök: [...] Kirkjan á ennfremur 30 sauðabreit í

Háukinn í Snotrunesslandi og tveggja hrossagöngu í Bakkapýfi og taka ei undan folöld.  
[...]

Þá er litið til afmörkunar á aðliggjandi jörðinni Setbergi í byggingarbréfi 2. apríl 1855, þar sem segir n.t.t. um merki Setbergs gagnvart kröfusvæðinu:

Landamerki Setbergs tel eg Myrká að utan Þverá að neðan og innan og svo Krossá, en að ofan úr Hvítahnúk í Urðarhólavatn og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk.

Þá er litið til lýsinga á Húsavík, sem er aðliggjandi kröfusvæðinu til suðurs.

### 5.8. Afréttarlönd Hólalands og Hvannstóðar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Afréttarlönd Hólalands og Hvannstóðar* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.7. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Selá rennur í Fjarðará (1) og er Selá fylgt að upptökum (2) og upp á Tindfell (3). Þaðan vestur á Grjótfjall (4), síðan í Upsahorn (5) og hátind Beinageitarfjalls (6). Frá Beinageitarfjalli suður um Mýrnesskörð og upp á Hvannstóðseggar (7). Þaðan í upptök Lambadalsár og er ánni fylgt norður þar til hún sveigir til austurs í átt að Þverá (8) og þaðan sjónhending í læk þann, er rennur úr Hlaupbotni (9) og eftir honum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Hólalands, svo og til lýsinga á afréttarlandinu í *Sýslu- og sóknarlýsingu Múlasýslu*, en þar segir:

Inn af Borgarfirði, Hólalands- og Hvannstóðsdalur, þeirra afréttur, og Lambadalur hálfur tilheyrir Hvannstóði.<sup>702</sup>

Þá er litið til eftirfarandi lýsingar á afréttarlandi á Hólalandsfjalli í *Göngur og réttir*:

Afréttarlönd voru þá talin Hólalandsfjall innan Selár, Innfjöllin og Desjamýrarafreitt [...] Þó var nyrsti hluti Innfjallanna, Hvannstóðsfjall norðan „Tinds“ talið heimaland Hvannstóðs.<sup>703</sup>

<sup>702</sup> Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 209.

<sup>703</sup> Göngur og réttir, V. bindi, bls. 422.

Loks er litið til afmörkunar á afréttarlandi Gilsárvallda, sem er aðliggjandi kröfusvæðinu til austurs, og heimalandi Gilsárvallda, sem er aðliggjandi til norðurs.

### 5.9. Afréttarland Gilsárvallda

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Afréttarland Gilsárvallda* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.8. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Lambadalsá rennur í Þverá (1) og er Lambadalsá fylgt alla leið inn í Lambadal og upp á fjallsbrún á Kerlingardalsfjalli (2). Þaðan eftir vatnaskilum til austurs á Skúmhattarraðir (3). Síðan í upptök Skúmhattardalsár (4) og er ánni fylgt aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Gilsárvallda, þar sem kröfusvæðinu er lýst sérstaklega með eftirfarandi hætti:

Afréttarland á Gilsársvöllur milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörpu.

Þá er litið til lýsinga í landamerkjabréfum Hólalands, sem er vestan við kröfusvæðið, og Desjarmýrar að austan.

### 5.10. Hvalvík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hvalvík* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.9. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Æðarskerssandi móts við Æðarsker (1). Þaðan upp í fjallsbrún (2) og fjallaröðum fylgt til suðurs á Súlutind (3). Frá Súlutindi til austurs með fjallgarðinum eftir því sem vötnum hallar í Glettingsgjá (4).

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Brúnavíkur. Þar er merkjunum lýst með eftirfarandi hætti:

[A]f Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker. Hvalvík á allt sitt land ítökulaust fjallstinda á milli austur í Glettingsgjá.

### 5.11. Herjólfsvík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Herjólfsvík* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.10. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Blábjörgum (1) og þaðan upp á fjallshrygg (2). Eftir fjallshryggnum vestur á Herjólfsvíkurvarp (3) og þaðan á Leirufjall (4). Frá Leirufjalli til austurs eftir fjallshryggnum niður í Gusugil (5).

Við afmörkun á þjóðlendu­kröf­u­lí­nu er fyrst og fremst litið til staðarhátt­a þar sem nær engar heimildir hafa fundist um kröf­u­svæðið, svo og til lýsingar á landsvæðinu í *Árbók Ferðafélags Íslands 2008*.

### 5.12. Ytri-Álftavík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Ytri-Álftavík* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.12. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendu­kröf­u­lí­nu:

Upphafspunktur er í sjó við Höfðasand (1) og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll (2). Þaðan eftir fjallshryggnum norðaustur, yfir Hádegishnjúk (3) og niður á Hafnarnes (4) og þaðan í sjó og aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun á þjóðlendu­kröf­u­lí­nu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjadómi frá 29. ágúst 1890, þar sem merkjum Innri-Álftavíkur, sem er aðliggjandi er lýst með eftirfarandi hætti:

Því dæmist rjett að vera: Landamerki milli Álptavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr Stallkletti, sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álptavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallaða Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

Þá er einnig litið til staðarhátt­a þar sem nær engar heimildir hafa fundist um kröf­u­svæðið, svo og til lýsingar á landsvæðinu í *Árbók Ferðafélags Íslands 2008*.

### 5.13. Hjálmárströnd

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hjálmárströnd* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.13. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendu­kröf­u­lí­nu:

Upphafspunktur er þar sem Grímkelsgil rennur út í sjó (1) og er Grímkelsgili fylgt úr fjöru upp á fjallsbrún (2). Þaðan meðfram fjallsbrúninni eftir því sem vötnum hallar í upptök Hjálmár (3) og meðfram Hjálmá niður í sjó (4) og aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendu­kröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar á landsvæðinu Hjálmárströnd í landamerkjabréfi Dvergasteins, en þar segir n.t.t.:

Dvergasteins kyrkja á Hjálmárströnd alla í Loðmundarfirði milli Hjálmár og Grímkels­gils, og eru þessi landamerki skýrt mynduð af náttúrunni og geta því aldrei orðið vafa undirorpin.

Þá er litið til landamerkjabréfa Sævarenda og Brimness, sem eru aðliggjandi kröfusvæðinu til vesturs og austurs.

#### 5.14. Innri-Álftavík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Innri-Álftavík* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.11. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendu­kröfulínu:

Upphafspunktur er í sjó við svokallaðan Stigaklett (1) og þaðan upp klettinn og á Víðáttufjall (2). Þaðan eftir fjallshryggnum á Sandskeið (3) og fá Sandskeið til austurs eftir fjallshryggjum á Miðmundarfjallskoll (4) og niður fjallsröð á Höfðasand (5). Frá Höfðasandi í sjó og aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun á þjóðlendu­kröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjadómi frá 29. ágúst 1890, þar sem merkjum Innri-Álftavíkur gagnvart Nesi í Loðmundarfirði er lýst með eftirfarandi hætti:

Því dæmist rjett að vera: Landamerki milli Álptavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr Stallkletti, sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álptavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallaða Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

Þá er litið til lýsingar í landamerkjabréfi Húsavíkur, hvar er að finna sambærilega lýsingu á suðurmerkjum.

#### 5.15. Hjálpleysa

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hjálpleysa* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.14. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendu­kröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Kálfsvallar­á rennur í Gilsá (1). Þaðan er Gilsá fylgt að Hjálpleysuvatni (2) og síðan Lambavallaá inn á Hjálpleysuvarp (3).

Ræður Hjálpleysuvarp landamerkjum að austan og sunnan eftir fjallsbrúnum að upptökum Kálfsvallarár (4) og er Kálfsvallará fylgt aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun á þjóðlendukröfufinu er fyrst og fremst stuðst við sameiginlegs landamerkjabréfs fyrir Tunghaga og hjáleigurnar Arnkelsgerði og Grófargerði, þar sem merkjum jarðanna á Hjálpleysu er lýst með eftirfarandi hætti:

Að framan Gilsá, að Hjálpleysuvatni, og síðan Lambavallaá inná Hjálpleysuvatn. Að austan og sunnan: fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarps.

Þá er einnig litið til landskipta milli Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga, þar innri mörk landsvæðisins eru afmörkuð nánar:

[...] Fjallsbrúnirnar að Kálfs Vallará, þá ræður nefnd á þar til hún fellur í Gilsá [...] Grófargerði á tiltölulegan hlut af afréttu landi framangreindra jarða eftir núgildandi jarðamati. Eigendur og ábúendur Tunghaga og Arnkelsgerði hafa rétt til umferðar í gegnum land Grófargerðis til að nota afréttarland sitt.

Landsvæðinu á Hjálpleysu er þannig lýst sem sérstökum afrétti framangreindra jarða.

Við afmörkun á kröfufinu er jafnframt horft til landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Gíslastaði og Gerði á Völlum, sem er aðliggjandi til austurs, Stóra-Sandfell á Völlum, sem er aðliggjandi til vesturs, Eyrarteig í Skriðdal, sem er aðliggjandi til suðvesturs og Áreyja í Reyðarfirði, sem er aðliggjandi til suðurs og suðausturs.

#### 5.16. Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.15. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufinu:

Upphafspunktur er þar sem Efri-Launá rennur í Fagradal (1). Er Efri-Launá fylgt að upptökum (2) og þaðan er vatnaskilum fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár (3) og eftir Efri-Hrútá niður í Fagradalsá (4) og þaðan í upphafspunkt.

Við afmörkun á þjóðlendukröfufinu er stuðst við landamerkjaskýrslu Gíslastaða, þar sem fjallað er um óskiptarland Gíslastaða og Gerðis með eftirfarandi hætti:

[M]illum Gíslastaða og Gerðis er óskiptarland á norðanverðum Fagradal millum efrilaunár og efri Hrútár.

Þá er litið til þess að í sömu landamerkjaskýrslu Gíslastaða, þar sem fjallað er um merki milli Gíslastaða og Gíslastaðagerðis, er merkjum jarðanna lýst austur að Fagradalsá. Verður því ekki ráðið að merkin nái lengra til austurs en að Fagradalsá.

Afmörkun þjóðlendukröfulínu styðst einnig við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfi þeirra, en um er að ræða jarðirnar Gíslastaði, Tunguhaga, Arnkelsgerði og Grófargerði til vesturs, Eyjólsstaði til norðurs og Áreyja í Reyðarfirði til suðurs.

#### 5.17. Geitdalsafréttur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Geitdalsafréttur* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.16. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Fossá rennur í Geitdalsá (1) og er Fossá fylgt að upptökum í há Hraungarð (2). Frá Hraungarði suður eftir því sem vötnum hallar að upptökum Innri-Sauðár (3). Er Innri-Sauðá fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (4) og aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun á þjóðlendukröfulínu að norðanverðu er litið til afmörkunar Geitdals í fyrrgreindu afsali á Geitdal, að undanskildum Geitdalsafrétti, til Snæbjarnar Jónssonar, sem er svohljóðandi:

Marká að utan, Fossá að Framan, Geitdalsá annars vegar og háhryggur Hraungarðs að norðan.

Um afmörkun kröfulínunnar að öðru leyti er litið til landamerkjálýsingar fyrir jörðina Geitdal, þar sem merkjum Geitdals og Búðartungu, sem er sunnanvert við Geitdalsafrétt, er lýst:

Að ofan ræður Hraungarður allt innað innri Sauðá sem hefur upptök sín úr Hraungarðsslakka og fellur ofan í Geitdalsá og utan svokallaðar Búðartungu

[...]

Takmörkin á Búðartungum eru: að utan Sauðá norður á Hornbrynju, sem ræður svo að norðan [...] að austan ræður Geitdalsá.

Afmörkun á þjóðlendukröfulínu styðst einnig við afmörkun á Þingmúla með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum samkvæmt landamerkjabréfi, sem eru aðliggjandi til austurs.



### 5.18. Búðartungur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Búðartungur* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.17. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauða rennur í Geitdalsá (1) og er Innri-Sauða fylgt að upptökum (2). Þaðan í hápunkt Hornbrynju á svæðismörkum (3) og suður eftir svæðismörkum á Bratthálsvötn (4). Þaðan í há Brattháls (5) og frá Bratthálsi í Leirdalsá (6) sem er fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (7) og eftir Geitdalsá í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við lýsingar í landamerkjabréfum Geitdals og Þingmúla, en í landamerkjabréfi Geitdals segir n.t.t.:

Takmörkin á Búðartungum eru: að utan Sauða norður á Hornbrynju, sem ræður svo að norðan, að innan Hraun innað Vatnajökli, að austan ræður Geitdalsá.

Í landamerkjabréfi Þingmúla með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum segir að Þingmúli eigi allt land fram á öræfi þangað sem vötnum hallar. Auk þess er litið til svohljóðandi lýsingar á Geitdal í örnefnaskrá:

Suðurtakmörk Afréttar (1) (Geitdalsafréttar (2)) er háBrattháls (3). [...] Stykkið frá Leirdalsá út að Innri-Sauða heitir einu nafni Búðartungur (13) [...]

### 5.19. Múlaafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Múlaafrétt* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.18. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauða rennur í Geitdalsá (1). Þaðan er Geitdalsá fylgt þar til hún rennur í Leirdalsá (2) og þaðan í Brattháls (3). Frá Bratthálsi suðvestur á Bratthálsvötn (4), síðan í Líkárvatn (5), þaðan í Ódáðavötn (6) og þaðan á Smjörkolla (7). Frá Smjörkollum í Þrívörðuháls (8) og er Axará fylgt þar til Djúpagilsá rennur í hana (9). Þaðan vestur með Djúpagilsá að upptökum á Háups, þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axarár (10). Frá Háups í Geitdalsá og er henni fylgt aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu að sunnan er stuðst við lýsingu í landamerkjabréfi Þingmúla, þar sem suðurmerkjum er lýst með eftirfarandi hætti:

Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur Þrívarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af Þrívarðnahálsi uppá hraunið allt að Beinvörðu eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar.

Þá er um suðurmerki einnig litið til lýsingar í landamerkjabréfi Berufjarðar, sem hefur að geyma áþekka merkjalýsingu. Um norður og vesturmerki er litið til afmörkunar á Geitdalsafrétt og lýsingar á Múlaafrétt í lýsingu á Stefánsstöðum í Örnefnaskrá, sem var hjáleiga Þingmúla og liggur norðan við Múlaafrétt.

## 5.20. Hamarsbætur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hamarsbætur* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.19. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Hamarsá við Hraungil (1) og er gílinu fylgt upp á fjallseggjar (2). Er fjallseggjum fylgt til norðurs og vesturs á Bratthálsvötn (3) og þaðan vestur að svæðismörkum (4). Er svæðismörkum fylgt til suðurs, niður fyrir Hamarsárvötn og Hamarsdalinn upp á hæsta punkt á svæðismörkum beint vestan við Jökulhæð (5) og þaðan austur á Jökulhæð (6). Yfir Prándarjökul á Lambatungusker (7) að upptökum Gufugils (8) og er Gufugili fylgt niður að Hamarsá (9) og þaðan í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við lýsingar á Hamarsbótum í landamerkjabréfi fyrir Hamar og Hamarsel, en þar segir n.t.t.:

Þess ber að geta, að jörðin Hamar, á sem afrjettarland  $\frac{3}{4}$  úr svo kölluðum Hamarsbótum, sem eru innst í Hamarsdal, frá Veturhúsalandi og í Sker inn og upp.

Þá er litið til landamerkjabréfa fyrir Bragðavöllum og Melrakkanesi, þar sem segir:

Bragðavellir á í sameining við Melrakkanes fjórða part afréttarlands frá Gugugili (sic) og inn og uppá sker sunnanmegin Hamarsáar.

Afmörkun þjóðlendukröfulínu byggir þannig á því að landsvæðið sem er afmarkað í framangreindum landamerkjalyýsingum sé afréttarlandið Hamarsbætur. Styðst afmörkunin einnig við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, en um er að ræða Veturhús og Bragðavelli til austurs og Geithella til suðurs.

### 5.21. Afréttarland Geithellnadals

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Afréttarland Geithellnadals* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.20. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Þrándará **(1)** og er ánni fylgt upp á fjallseggjar, allt upp á Lambatungusker **(2)**. Þaðan eftir fjallseggjum yfir á Þrándarjökul og Jökulhæð, síðan beint vestur í hæsta punkt á svæðismörkum **(3)**. Frá svæðismörkum aftur austur að stöðuvatni því sem ræður upptökum Geithellaár **(4)** og þaðan eftir Geithellaá niður í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar á afréttarlandi Geithellnadals í landamerkjabréfi Geithella. Spássiur bréfsins hafa rifnað þó nokkuð í tímanna rás, en merkjum afréttarlandsins er lýst með eftirfarandi hætti:

Geithellrar eiga allt land í Geithellradal austan Geithellrarár, utan frá sjó og inná Öræfi þangað sem vötnum hallar til austurs.

[...] tilkall til afréttarlands Geithellnadals [vantar] frá Þrándará og allt á sker upp ef til þeim takmörkum [vantar] eru greind.

Afmörkun þjóðlendukröfulínu styðst einnig við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, s.s. jörðina Múla, sem eru aðliggjandi til suðurs og afmörkun Hamarsbóta í landamerkjabréfum Hamars og Hamarsels, Bragðavalla og Melrakkaness.

### 5.22. Hofsjökull og Staðarafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hofsjökull og Staðarafrétt* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.21. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á svæðismörkum í miðjum Hofsjökli **(1)**. Þaðan er svæðismörkum fylgt til norðurs og vesturs á vatnaskil vestan við upptök Geithellnaár **(2)**, síðan í upptök árinna og eftir Geithellnaá þar til Marklækur rennur í ána **(3)**. Þaðan er Marklæk fylgt að upptökum á Öxlum **(4)** og þaðan suður í Hofsdal eftir Bótarlæk **(4)** niður í Hofsa **(5)**. Úr Hofsa upp Hvannstóðshjalla **(6)** og á Stakk **(7)** og þaðan niður með Kolbrekkugili í Suðurá **(8)**. Er Suðurá fylgt til austurs þar til Partsgil rennur í hana, en þaðan er Partsgili fylgt upp að upptökum og á Partstind **(9)** á svæðismörkum. Er svæðismörkum fylgt aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun á þjóðlendukröfulínu er litið til lýsingar í landamerkjabréfum Geithellna, Múla, Hofs og Flugustaða. Jafnframt er litið til staðarháttar og afmörkunar á landsvæði norðan og austan Jökulsár á Lóni sem var úrskurðuð þjóðlenda samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 5/2001, en svæðið er aðliggjandi kröfusvæðinu til austurs og suðurs.

### 5.23. Fannardalur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Fannardalur* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.2.1. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á vatnaskilum við upptök Fannardalsár (1). Er ánni fylgt niður í Norðfjarðará (2) og úr Norðfjarðará suður í Svartaskot (3) og upp á fjallsbrún. Þaðan er fjallseggjum fylgt aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar á landsvæðinu Fannardal í landamerkjabréfi Fannardals. Þar er innri merkjum Fannardals lýst með eftirfarandi hætti:

Fyrir norðan Norðfjarðará ræður Fannardalsá, sem kemur ofan úr nefndum Gæsardal og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará. Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr Svartaskoti og beint niður í Norðfjarðará.

Þá er litið til lýsinga í máldögum Skorrastaðakirkju á lambarekstri kirkjunnar í Fannardal. Loks er litið til afmörkunar á Firði í Mjóafirði, sem eru aðliggjandi kröfusvæðinu til norðurs, á Þuríðarstöðum að vestanverðu og á Eskifirði og Eskifjarðarseli að sunnanverðu.

### 5.24. Oddsdalur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Oddsdalur* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.2.2. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Hengifossá (1), þaðan bein lína í veginn á Bröttubrekkubrún (2), svo umhverfis allan Oddsdalinn upp á fjallshrygg og að Geithúsaá (3) sem er fylgt niður í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfum Seldals, vestan við kröfusvæðið og Skuggahlíðar að austan.

### **5.25. Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. (norðurhluti Svínadals, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur)**

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. (norðurhluti Svínadals, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur)* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.2.3. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Slenjudalsá rennur í Eyvindará (1) og ræður Slenjudalsá merkjum austur að landamerkjavörðu Fjarðar í Mjóafirði á Slenjudalshálsi, sunnan árinna (2). Þaðan beina stefnu suður á fjallseggjar (3) og eftir vatnaskilum á Fönn (4), síðan er vatnaskilum fylgt til austurs á Tungufell (5) og þaðan suður á Hrævarskörð (6). Frá Hrævarskörðum er vatnaskilum fylgt á Svínadalsvörp (7), og austur á Skagafell í Njörvadalsárdrög (8). Frá þeim punkti er vatnaskilum fylgt austur í Fagradalsá (9), sem ræður vesturmerkjum. Er Fagradalsá fylgt norður þar til hún rennur í Eyvindará (10) og er Eyvindará fylgt þaðan aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst miðað við lýsingar í landamerkjabréfum jarðanna Þuríðarstaða í Eyvindarárdal, Fjarðar í Mjóafirði, Eskifjarðarsels, Kollaleiru og Áreyja í Reyðarfirði, Útnyrðingsstaða, Keldhóla, Eyjólfstaða og Beinárgerðis, Gíslastaða og Gíslastaðagerðis, Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði og Stóra-Sandfells á Völlum og Eyrarteigs og Arnhólsstaða í Skriðdal. Framangreindar jarðir eru umhverfis kröfusvæðið.

Jafnframt er litið til þess að í máldaga Vallaneskirkju er fjallað um að kirkjan eigi afréttarland í Fagradal og undir Skagafelli, sem og selför að Tunguseli í Eyvindardal. Sé þessi lýsing virt í samhengi við fyrrgreind landamerkjabréf, sem eru mörg hver árituð vegna Vallaness, má álykta að landsvæðið innan fyrrgreindrar kröfulínu sé afréttarland Vallaneskirkju.

### **5.26. Ljósárland (óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels)**

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Ljósárland* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.2.4. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Innri-Ljósá (1) og er ánni fylgt upp í fjallsbrún (2). Síðan er fjallsbrúninni fylgt alla leið á Dýrhundstind (3) og þaðan stefnu niður Járnhrygg fyrir utan Álfhól norður í Breiðdalsá (4) og er ánni fylgt þaðan aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlenduokröfulínu er fyrst og fremst litið til afmörkunar Ljósárlands í landamerkjálýsingu Höskuldsstaða, þar sem segir n.t.t.:

Fyrir sunnan Breiðdalsá eiga báðar jarðirnar Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel óskipt land milli Járnhryggs sem er skamt fyrir utan Ánastaða og innri Ljósár, er þær nota sameiginlega og tiltölulega eptir jarðadýrleika.

Sambærilega lýsingu er að finna í landamerkjabréfi Höskuldsstaðasels. Þá er litið til afmörkunar á Ánastöðum samkvæmt landamerkjabréfi, sem eru aðliggjandi til norðvesturs, og samnings milli Höskuldsstaða og Flögu um merki Ljósárlands, sem er aðliggjandi til austurs.

## 6. DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR

Af þeim dómsúrlausnum er varða kröfusvæðið er rétt að geta sérstaklega eftirfarandi dóma:

*Hrd. 299/2010: Kirkjumálasjóður gegn íslenska ríkinu (Valþjófsstaður)*

K, sem eigandi jarðarinnar Valþjófsstaðar í Fljótsdalshéraði, höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu og krafðist þess aðallega að fellt yrði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar 29. maí 2007 í máli nr. 1/2005 um að landsvæði innan nánar tilgreindra marka væri þjóðlenda. K krafðist þess jafnframt að viðurkennt yrði að svæðið heyrði til eignarlands Valþjófsstaðar. Þrír afréttir náðu yfir verulegan hluta landsins sem deilt var um. Í úrskurði óbyggðanefndar var talið að land innan landamerkjálýsingar jarðarinnar Valþjófsstaðar frá 6. júní 1885 hefði mismunandi eignarréttarlega stöðu, heimalandið væri eignarland en afréttarsvæðin þrjú þjóðlenda í afréttareign Valþjófsstaðar. Í málinu byggði K kröfur sínar einkum á landamerkjálýsingunni sem K taldi að færi ekki gegn eldri heimildum um jörðina. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess sem ítrekað hafi verið í fyrri dómum réttarins í málum um mörk eignarlanda og þjóðlendna að líta yrði til þess að ekki hafi verið á valdi þeirra sem gerðu landamerkjabréf að auka með því við land sitt eða annan rétt umfram það sem áður hafi verið. Landamerkjálýsingin gæti því ekki ein út af fyrir sig nægt gegn andmælum íslenska ríkisins til að sanna beinan eignarrétt K að því landi sem um var deilt í málinu, heldur yrðu önnur atriði að koma til sem stutt gætu þá niðurstöðu. Talið var að landamerkjálýsingin frá 6. júní 1885 ætti sér ekki stoð í eldri heimildum sem vísað var til í málinu um réttindi Valþjófsstaðarkirkju yfir hinu umdeilda landi. Íslenska ríkið var því sýknað af kröfum K í málinu.

*Hrd. 409/2009: Hallgrímur Þórhallsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir gegn íslenska ríkinu (Skriðuklaustur)*

H og A höfðuðu mál til að fá hnekktt niðurstöðu úrskurðar óbyggðanefndar um þjóðlendumörk gagnvart ábúðarjörð sinni. Með byggingarbréfi landbúnaðarráðherra 11. maí 1999 var H og A leigð ríkisjörðin Skriðuklaustur til lífstíðarábúðar. Í ábúðarsamningnum voru H og A ekki veitt nein réttindi til að fara sjálfstætt með hagsmuni Í sem eiganda jarðarinnar umfram það, sem leiddi af ákvæðum ábúðarlaga og jarðalaga. Talið var að hvorki væri að finna í ábúðarlögum né annars staðar í lögum neina stoð fyrir því að leiguliði gæti haft uppi kröfu fyrir dómi um ákvörðun merkja ábúðarjarðar í andstöðu við landsdrottin sinn. Engu gæti breytt um heimild H og A til að leita dóms að þeim hefði ranglega verið játuð aðild að ágreiningi um mörkin fyrir óbyggðarnefnd. Var Í sýknað af kröfu H og A um að fellt yrði úr gildi ákvæði úrskurðar óbyggðanefndar. H og A kröfðust þess einnig að viðurkenndur yrði réttur þeirra til að nýta land Skriðuklausturs í samræmi við ábúðarsamning eins og landsvæðið, sem óbyggðanefnd felldi undir þjóðlendu, væri háð beinum eignarrétti. Ekki höfðu verið færðar fram sjálfstæðar röksemdir fyrir þessari kröfu og var málið því að þessu leyti vanreifað af hendi H og A. Var málinu því vísað frá héraðsdómi að því er varðaði þessa dómkröfu.

*Hrd. 498/2005: Íslenska ríkið gegn Nonnu Sigurðardóttur og Olgu Friðjónsdóttur (Stafafell)*

Með úrskurði 14. nóvember 2003, þar sem fjallað var um mörk þjóðlendna og eignarlanda í Lóni í Sveitarfélaginu Hornafirði, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að land á syðsta og austasta hluta svæðisins væri eignarland. Hið sama gilti um allt svæðið sunnan og vestan Jökulsár, á milli hennar, Skyndidalsár og Vatnajökuls. Nefndin taldi hins vegar land norðan og austan Jökulsár, allt að norðurmörkum kröfusvæðisins, vera þjóðlendu og var réttur eigenda jarðarinnar Stafafells til afréttarnota þar viðurkenndur. Nefndin ákvað jafnframt að mörk eignarlands og þjóðlendu við Vatnajökul skyldu miðast við stöðu jökuljaðarsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998. Í krafðist ógildingar á úrskurði nefndarinnar varðandi landsvæðið sunnan og vestan Jökulsár að Skyndidalsá og viðurkenningar á að það teldist þjóðlenda. N og O höfðuðu gagnsök og kröfðust ógildingar á úrskurði nefndarinnar um landsvæðið norðan og austan Jökulsár og viðurkenningar á að það teldist eignarland. Með héraðsdómi voru kröfur N og O teknar til greina og jafnframt dæmt að mörk þjóðlendu og eignarlands Stafafells fylgi jökulbrún eins og hún er á hverjum tíma.

Fyrir Hæstarétti snerist ágreiningur aðila annars vegar um svæðið sunnan og vestan Jökulsár, sem til suðurs markast af Skyndidalsá, og hins vegar um svæðið norðan og austan Jökulsár. Hvað varðar fyrrgreint svæði var litið til þess að merkjalýsing í landamerkjabréfi Stafafells frá 1914 féll í stórum dráttum saman við eldri heimildarskjöl. Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka var ekki talið loku fyrir það skotið að land á hásléttunum sunnan Jökulsár eða hluti þess kynni að

hafa verið numinn þannig að samrýmdist landamerkjabréfinu og eldri heimildum. Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar voru þó ekki talin styðja að stofnað hefði verið til beins eignarréttar á fjallendinu milli hásléttanna og Vatnajökuls með námi. Hins vegar var ekki talið unnt að horfa framhjá því að Í hefði hvorki gert sérstaka kröfu um að landsvæðið yrði undanskilið eignarlandi Stafafells né fært nokkuð fram sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun lands sem þannig yrði farið með. Í ljósi þessa voru ekki talin skilyrði til að skilja þetta landsvæði undan beinum eignarrétti N og O. Var því lagt til grundvallar að umrætt svæði, sem landamerkjabréf Stafafells tók til, væri eignarland og fylgt fordæmi Hæstaréttar í máli nr. 345/2005 við ákvörðun marka eignarlands og þjóðlendu við Vatnajökul. Hvað varðar land norðan og austan Jökulsár var komist að þeirri niðurstöðu að ekki fengi stoð í eldri heimildum að það hefði verið innan landamerkja Stafafells fyrir gerð landamerkjabréfsins 1914. Var þannig ekki talið njóta við heimilda sem gætu bent til þess að landið hefði nokkurn tíma verið háð beinum eignarrétti. Þá voru staðhættir, einangrun landsvæðisins og fjarlægð frá byggð talin vera með þeim hætti að ólíklegt væri að nokkur hluti þess hefði verið numinn. N og O voru heldur ekki taldar hafa fært fram sönnun þess að skilyrðum eignarhefðar að landinu hefði verið fullnægt með þeim venjubundnu afréttarnotum, sem umráðamenn Stafafells hefðu ásamt fleirum haft af þeim hluta landsins, sem taldist gróinn. Þá var ekki talið að eigandi Stafafells árið 1914 þegar landamerkjabréfið var gert hefði getað stuðst við neina haldbæra eldri heimild um þau merki hennar norðan Jökulsár sem greint var frá í bréfinu. Að þessu virtu var ekki talið að N og O, sem leiddu rétt sinn frá þeim eiganda, gætu borið því við að þær hefðu haft réttmæta ástæðu til að vænta þess að eignarréttur hefði unnist að landi, sem ekki hefði átt undir Stafafell áður, með landamerkjabréfinu 1914, sem að auki var ekki samþykkt af hálfu þeirra sem kunna að hafa talið til réttinda yfir landi til austurs og norðurs við merkin eins og þeim var lýst fyrir norðan Jökulsá. Var samkvæmt því fallist á með Í að þrætulandið norðan Jökulsár væri innan marka þjóðlendu og voru mörk hennar dregin með nánar tilgreindum hætti. Í hafði ekki andmælt rétti eigenda Stafafells og Brekku til hefðbundinna afréttarnota á svæðinu og var það því jafnframt talin afréttareign N og O.

*Dómur Héraðsdóms Austurlands í máli nr. E-344/2007 (Múli vestan vatnaskila)*

Með úrskurði óbyggðanefndar 29. maí 2007 var fjallað um mörk þjóðlendna og eignarlanda í Fljótsdal og Jökuldal austan Jökulsár á Jökuldal og var komist að þeirri niðurstöðu að landsvæði, sem oft er nefnt Múli í skjallepum heimildum, væri þjóðlenda. Kröfðust stefnendur þess að úrskurður óbyggðanefndar að því er varðaði fyrrgreint landsvæði yrði felldur úr gildi og jafnframt að viðurkennt yrði að innan umræddra merkja væri engin þjóðlenda. Í niðurstöðu óáfrýjaðs héraðsdóms kom



fram að ekki yrði talið að lýsing Landnámu veitti nokkra leiðbeiningu um eignarréttarlega stöðu hins umþrætta lands, enda yrði ekki af henni ráðið með nokkurri vissu hversu langt inn til fjalla land hefði verið numið. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að engar heimildir greindu frá öðru en að hið umdeilda svæði hafi verið nýtt sem afréttarland og þá til sumarþeirra fyrir búfé. Þó veittu heimildir líkindi fyrir því að Glúmsstaðir og Glúmsstaðasel hafi átt afréttinn og hafi getað ráðið nýtingu hans að einhverju marki. Væri hins vegar ekki hægt að fallast á með stefnendum að þær heimildir veittu vísbendingu um að þeir hafi átt landið beinum eignarrétti. Hefði stefnendum að mati dómsins ekki tekist að sýna fram á að þeir ættu ríkari rétt til landsvæðisins en fælist í niðurstöðu óbyggðanefndar og var því ekki fallist á kröfur stefnenda.

*Dómur Héraðsdóms Austurlands í máli n.r E-351/2007 (Múli austan vatnaskila)*

Með úrskurði óbyggðanefndar 29. maí 2007 var fjallað um mörk þjóðlendna og eignarlanda í Fljótsdal og Jökuldal austan Jökulsár á Jökuldal og var komist að þeirri niðurstöðu að landsvæði, sem oft er nefnt Múli í skjallægum heimildum, væri þjóðlenda. Kröfðust stefnendur þess að úrskurður óbyggðanefndar að því er varðaði fyrrgreint landsvæði yrði felldur úr gildi og jafnframt að viðurkennt yrði að innan umræddra merkja væri engin þjóðlenda. Í niðurstöðu óáfrýjaðs héraðsdóms kom fram að ekki yrði talið að lýsing Landnámu veitti nokkra leiðbeiningu um eignarréttarlega stöðu hins umþrætta lands, enda yrði ekki af henni ráðið með nokkurri vissu hversu langt inn til fjalla land hefði verið numið. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að engar heimildir greindu frá öðru en að hið umdeilda svæði hafi verið nýtt sem afréttarland og þá til sumarþeirra fyrir búfé. Þó veittu heimildir líkindi fyrir því að Þorgerðarstaðir hafi átt afréttinn og hafi getað ráðið nýtingu hans að einhverju marki. Væri hins vegar ekki hægt að fallast á með stefnendum að þær heimildir veittu vísbendingu um að þeir hafi átt landið beinum eignarrétti. Hefði stefnendum að mati dómsins ekki tekist að sýna fram á að þeir ættu ríkari rétt til landsvæðisins en fælist í niðurstöðu óbyggðanefndar og var því ekki fallist á kröfur stefnenda.

*Dómur Héraðsdóms Austurlands í máli nr. E-352/2007 (Villingadalur)*

Með úrskurði óbyggðanefndar 29. maí 2007 var fjallað um mörk þjóðlendna og eignarlanda í Fljótsdal og Jökuldal austan Jökulsár á Jökuldal og var komist að þeirri niðurstöðu að landsvæði á svonefndum Villingadal væri þjóðlenda. Kröfðust stefnendur þess að úrskurður óbyggðanefndar að því er varðaði fyrrgreint landsvæði yrði felldur úr gildi og jafnframt að viðurkennt yrði að innan umræddra merkja væri engin þjóðlenda. Í niðurstöðu óáfrýjaðs héraðsdóms kom fram að landsvæðinu væri lýst sérstaklega í landamerkjabréfum Víðivalla fremri, enda liggur það ekki að heimalandi jarðarinnar. Var jafnframt ekki talið unnt að draga ályktanir

af landnámslýsingum sem gagnst myndu við úrlausn málsins. Taldi dómurinn að þótt vitað væri hvernig eigendur Víðivalla fremri væru komnir að rétti sínum til Villingadals, voru skjallegar heimildir um inntak þess réttar af skornum skammti. Lágu ekki heldur fyrir neinar heimildir sem lýstu öðrum og meiri rétti til umrædds landssvæðis en stefnendum var játaður með úrlausn óbyggðanefndar. Stóð því sú ályktun óbyggðanefndar að engin gögn væru fyrirbyggjandi sem lýstu öðrum notum umrædds landsvæðis en hefðbundnum afréttarnotum. Jafnframt studdi lega landsvæðisins þessa niðurstöðu og einnig það að afréttarlönd liggja að landinu á þrjár hliðar. Var það því niðurstaða héraðsdóms að stefnendum hefði ekki tekist að sýna fram á að niðurstaða úrskurðarins væri efnislega röng.

Að öðru leyti en að framan greinir hafa ekki fundist dómar eða aðrar úrlausnir er varða kröfusvæðið sem máli skipta.

## 7. KRÖFUGERÐ

### 7.1. Ósafrétt og Grasdalur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Ósafrétt* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í miðri Knarrará, beint austan við Völsunga (1) og þaðan upp í Geldingaskörð (2). Úr Geldingaskörðum suður með fjallshryggnum umhverfis Njarðvíkurdal og Urðardal á Múla (3) og þaðan niður Innra-Hvannagil (4) í Njarðvíkurá (5) sem er fylgt þar til Seldalsá rennur í hana. Þaðan beint upp á Grjóttfjallstind (6) og eftir fjallstindum út fjallshrygginn til norðausturs og niður á Brimnes (7) og þaðan í sjó (8). Meðfram ströndinni vestur fyrir Gripdeild og suður þar til komið er í Nautárós (9) og upp Nautá á Hádegisfjall (10) og þaðan í upphafspunkt.

### 7.2. Hrafnabjargafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hrafnabjargafrétt* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í miðri Knarrará, beint vestan við Völsunga (1) og þaðan upp í Geldingaskörð (2). Úr Geldingaskörðum suður með fjallshryggnum á Súlur (3) og þaðan í Ytra-Dyrfjall (4). Úr Ytra-Dyrfjalli í mið Dyrfjöll (5) og í upptök Urðardalsár (6) sem er fylgt niður í 156 metra punkt í miðri Jökulsá (7) og þaðan bein sjónhending aftur í upphafspunkt.

### 7.3. Sandbrekkuafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Sandbrekkuafrétt* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufalínu:

Upphafspunktur er á Hraundalsvarpi þar sem vötn falla til beggja hliða (1) og þaðan er Hraundalsá fylgt frá upptökum þar til hún rennur í Bjarglandsá (2) og þaðan eftir Bjarglandsá þar til Sellækur rennur í ána (3). Er læknum fylgt að upptökum (4). Þaðan til norðurs í Jökulsá (5) sem er fylgt að upptökum í Dyrfjalli (6) og þaðan eftir háeggjum aftur í upphafspunkt.

### 7.4. Hraundalur og Kirkjutungur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hraundalur og Kirkjutungur* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufalínu:

Upphafspunktur er þar sem Hölná fellur í Bjarglandsá (Hraundalsá) (1) og er Bjarglandsá fylgt að upptökum að vatnaskilum (2). Þaðan er fjallsbrún fylgt til suðurs og austurs í Botnsdalsfjallsröð (3), frá Botnsdalsfjalli yfir Kollu að Hölná (4) og er Hölná fylgt aftur í upphafspunkt.

### 7.5. Gilsárdalsafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Gilsárdalsafrétt* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufalínu:

Upphafspunktur er þar sem Strýtilækur rennur inn í Gilsá (1). Er Gilsá fylgt suður til upptaka og þaðan eftir svæðismörkum á Hornbrynju (2). Frá Hornbrynju norður að upptökum Innri-Sauðár (3) og þaðan norður á Hraungarð eftir því sem vötnum hallar (4) að upptökum Strýtilækjar (5) sem er fylgt aftur í upphafspunkt.

### 7.6. Desjarmýrarafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Desjarmýrarafrétt* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufalínu:

Upphafspunktur er þar sem Skúmhattardalsá rennur í Þverá (1) og er Skúmhattardalsá fylgt alla leið inn og suður í fjöll á Skúmhattarraðir (2). Þaðan eftir fjallgarðinum á Náttmálafjall (3), síðan á Húsavíkurheiðarvarp (4) og þaðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn (5). Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnjúka (6). Úr Hvítahnjúk í Urðarhólavatn

(7) og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk (8) og aftur eftir Krossá í upphafspunkt.

#### 7.7. Afréttarlönd Hólalands og Hvannstóðar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Afréttarland Hólalands og Hvannstóðar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Selá rennur í Fjarðará (1) og er Selá fylgt að upptökum (2) og upp á Tindfell (3). Þaðan vestur á Grjótfjall (4), síðan í Upsahorn (5) og hátind Beinageitarfjalls (6). Frá Beinageitarfjalli suður um Mýrnesskörð og upp á Hvannstóðseggar (7). Þaðan í upptök Lambadalsár og er ánni fylgt norður þar til hún sveigir til austurs í átt að Þverá (8) og þaðan sjónhending í læk þann, er rennur úr Hlaupbotni (9) og eftir honum í upphafspunkt.

#### 7.8. Afréttarland Gilsárvalla

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Afréttarland Gilsárvalla* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Lambadalsá rennur í Þverá (1) og er Lambadalsá fylgt alla leið inn í Lambadal og upp á fjallsbrún á Kerlingardalsfjalli (2). Þaðan eftir vatnaskilum til austurs á Skúmhattarraðir (3). Síðan í upptök Skúmhattardalsár (4) og er ánni fylgt aftur í upphafspunkt.

#### 7.9. Hvalvík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hvalvík* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Æðarskerssandi móts við Æðarsker (1). Þaðan upp í fjallsbrún (2) og fjallaröðum fylgt til suðurs á Súlutind (3). Frá Súlutindi til austurs með fjallgarðinum eftir því sem vötnum hallar í Glettingsgjá (4).

#### 7.10. Herjólfsvík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Herjólfsvík* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Blábjörgum (1) og þaðan upp á fjallshrygg (2). Eftir fjallshryggnum vestur á Herjólfsvíkurvarp (3) og þaðan á Leirufjall (4). Frá Leirufjalli til austurs eftir fjallshryggnum niður í Gusugil (5).

### 7.11. Ytri-Álftavík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Ytri-Álftavík* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í sjó við Höfðasand (1) og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll (2). Þaðan eftir fjallshryggnum norðaustur, yfir Hádegishnjúk (3) og niður á Hafnarnes (4) og þaðan í sjó og aftur í upphafspunkt.

### 7.12. Innri-Álftavík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Innri-Álftavík* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í sjó við svokallaðan Stigaklett (1) og þaðan upp klettinn og á Víðáttufjall (2). Þaðan eftir fjallshryggnum á Sandskeið (3) og fá Sandskeið til austurs eftir fjallshryggjum á Miðmundarfjallskoll (4) og niður fjallsröð á Höfðasand (5). Frá Höfðasandi í sjó og aftur í upphafspunkt.

### 7.13. Hjálmárströnd

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hjálmárströnd* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Grímkelsgil rennur út í sjó (1) og er Grímkelsgili fylgt úr fjöru upp á fjallsbrún (2). Þaðan meðfram fjallsbrúninni eftir því sem vötnum hallar í upptök Hjálmár (3) og meðfram Hjálmá niður í sjó (4) og aftur í upphafspunkt.

### 7.14. Hjálpleysa

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hjálpleysa* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Kálfsvallará rennur í Gilsá (1). Þaðan er Gilsá fylgt að Hjálpleysuvatni (2) og síðan Lambavallaá inn á Hjálpleysuvarp (3). Ræður Hjálpleysuvarp landamerkjum að austan og sunnan eftir fjallsbrúnum að upptökum Kálfsvallará (4) og er Kálfsvallará fylgt aftur í upphafspunkt.

### 7.15. Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er þar sem Efri-Launá rennur í Fagradal (1). Er Efri-Launá fylgt að upptökum (2) og þaðan er vatnaskilum fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár (3) og eftir Efri-Hrútá niður í Fagradalsá (4) og þaðan í upphafspunkt.

### 7.16. Geitdalsafréttur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Geitdalsafréttur* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er þar sem Fossá rennur í Geitdalsá (1) og er Fossá fylgt að upptökum í há Hraungarð (2). Frá Hraungarði suður eftir því sem vötnum hallar að upptökum Innri-Sauðár (3). Er Innri-Sauðá fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (4) og aftur í upphafspunkt.

### 7.17. Búðartungur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Búðartungur* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1) og er Innri-Sauðá fylgt að upptökum (2). Þaðan í hápunkt Hornbrynju á svæðismörkum (3) og suður eftir svæðismörkum á Bratthálsvötn (4). Þaðan í há Brattháls (5) og frá Bratthálsi í Leirdalsá (6) sem er fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (7) og eftir Geitdalsá í upphafspunkt.

### 7.18. Múlaafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Múlaafrétt* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1). Þaðan er Geitdalsá fylgt þar til hún rennur í Leirdalsá (2) og þaðan í Brattháls (3). Frá Bratthálsi suðvestur á Bratthálsvötn (4), síðan í Líkárvatn (5), þaðan í Ódáðavötn (6) og þaðan á Smjörkolla (7). Frá Smjörkollum í Þrívörðuháls (8) og er Axará fylgt þar til Djúpagilsá rennur í hana (9). Þaðan vestur með Djúpagilsá að upptökum á Háups, þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axarár (10). Frá Háups í Geitdalsá og er henni fylgt aftur í upphafspunkt.

### 7.19. Hamarsbætur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hamarsbætur* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er í Hamarsá við Hraungil (1) og er gílinu fylgt upp á fjallseggjar (2). Er fjallseggjum fylgt til norðurs og vesturs á Bratthálsvötn (3) og þaðan vestur að svæðismörkum (4). Er svæðismörkum fylgt til suðurs, niður fyrir Hamarsárvötn og Hamarsdalinn upp á hæsta punkt á svæðismörkum (5) og þaðan austur á Jökulhæð (6). Yfir Þrándarjökul á Lambatungusker (7) að upptökum Gufugils (8) og er Gufugili fylgt niður að Hamarsá (9) og þaðan í upphafspunkt.

### 7.20. Afréttarland Geithellnadal

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Afréttarland Geithellnadal* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er í Þrándará (1) og er ánni fylgt upp á fjallseggjar, allt upp á Lambatungusker (2). Þaðan eftir fjallseggjum yfir á Þrándarjökul og Jökulhæð vestur að svæðismörkum (3). Frá svæðismörkum aftur austur að stöðuvatni því sem ræður upptökum Geithellaár (4) og þaðan eftir Geithellaá niður í upphafspunkt.

### 7.21. Hofsjökull og Staðarafrétt

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hofsjökull og Staðarafrétt* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er á svæðismörkum í miðjum Hofsjökli (1). Þaðan er svæðismörkum fylgt til norðurs og vesturs á vatnaskil vestan við upptök Geithellnaár (2), síðan í upptök árinna og eftir Geithellnaá þar til Marklækur rennur í ána (3). Þaðan er Marklæk fylgt að upptökum á Öxlum (4) og þaðan suður í Hofsdal eftir Bótarlæk (4) niður í Hofsa (5). Úr Hofsa upp Hvannstóðshjalla (6) og á Stakk (7) og þaðan niður með Kolbrekkugili í Suðurá (8). Er Suðurá fylgt til austurs þar til Partsgil rennur í hana, en þaðan er Partsgili fylgt upp að upptökum og á Partstind (9) á svæðismörkum. Er svæðismörkum fylgt aftur í upphafspunkt.

### 7.22. Fannardalur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Fannardalur* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er á vatnaskilum við upptök Fannardalsár (1). Er ánni fylgt niður í Norðfjarðará (2) og úr Norðfjarðará suður í Svartaskot (3) og upp á fjallsbrún. Þaðan er fjallseggjum fylgt aftur í upphafspunkt.

### 7.23. Oddsdalur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Oddsdalur* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfúlínu:

Upphafspunktur er í Hengifossá (1), þaðan bein lína í veginn á Bröttubrekkubrún (2), svo umhverfis allan Oddsdalinn upp á fjallshrygg og að Geithúsaá (3) sem er fylgt niður í upphafspunkt.

### 7.24. Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. (norðurhluti Svínadals, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur)

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. (norðurhluti Svínadals, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur)* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfúlínu:

Upphafspunktur er þar sem Slenjudalsá rennur í Eyvindará (1) og ræður Slenjudalsá merkjum austur að landamerkjavörðu Fjarðar í Mjóafirði á Slenjudalshálsi, sunnan árinna (2). Þaðan beina stefnu suður á fjallseggjar (3) og eftir vatnaskilum á Fönn (4), síðan er vatnaskilum fylgt til austurs á Tungufell (5) og þaðan suður á Hrævarskörð (6). Frá Hrævarskörðum er vatnaskilum fylgt á Svínadalsvörp (7), og austur á Skagafell í Njörvadalsárdrög (8). Frá þeim punkti er vatnaskilum fylgt austur í Fagradalsá (9), sem ræður vesturmerkjum. Er Fagradalsá fylgt norður þar til hún rennur í Eyvindará (10) og er Eyvindará fylgt þaðan aftur í upphafspunkt.

### 7.25. Ljósárland (óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels)

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Ljósárland* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfúlínu:

Upphafspunktur er í Innri-Ljósá (1) og er ánni fylgt upp í fjallsbrún (2). Síðan er fjallsbrúninni fylgt alla leið á Dýrhundstind (3) og þaðan stefnu niður Járnhrygg fyrir utan Álfhól norður í Breiðdalsá (4) og er ánni fylgt þaðan aftur í upphafspunkt.



## 8. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfulínunum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa inn á kröfukort nýja punkta í samræmi við örnefni, svo og til að gera breytingar á kröfulínunum á einstökum svæðum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínur, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 25. janúar 2022,  
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

*Edda Andrad.*

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

## VIÐAUKI I

### LEIÐRÉTTINGAR Á KRÖFULÝSINGU

Þann 4. febrúar 2022 voru gerðar eftirfarandi leiðréttingar á villum í kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins:

#### **I. Hrafnabjörg**

Í fyrri kröfulýsingu var ranglega tekið upp landamerkjabréf fyrir Hrafnabjörg í Jökulsárhlíð, í staðinn fyrir Hrafnabjörg í Hjaltastaðapínghá. Var umrædda villu að finna á þremur stöðum í kröfulýsingunni, n.t.t. á bls. 25, 34-35 og 44. Hefur það verið leiðrétt og er nú vísað til landamerkjabréfs Hrafnabjarga í Hjaltastaðapínghá.

Nánar vísast til bls. 25, bls. 34-35 og bls. 44.

#### **II. Stóra-Breiðuvík**

Í fyrri kröfulýsingu var ranglega tekið upp landamerkjabréf fyrir Stóru-Breiðuvík í Reyðarfirði, í stað Stóru-Breiðuvíkur í Borgarfjarðarheppi, n.t.t. á bls. 103-104. Hefur það verið leiðrétt og er nú vísað til landamerkjabréfs Stóru-Breiðuvíkur í Borgarfjarðarheppi.

Nánar vísast til bls. 103-104.

#### **III. Ánastaðir**

Í fyrri kröfulýsingu var ranglega tekið upp landamerkjabréf Ánastaða í Hjalstaðaapínghá, í stað Ánastaða í Breiðdal. Er jafnframt í beinu framhaldi skrifað upp úr landamerkjabréfi Hreimsstaða og Hjaltastaða í samnefndri pínghá. Sjá bls. 184-185. Hefur það verið leiðrétt og er nú vísað til landamerkjabréfs Ánastaða í Breiðdal. Þá hafa tilvísanir í landamerkjabréf Hreimsstaða og Hjaltastaða verið fjarlægðar.

Nánar vísast til bls. 184-185.

#### **IV. Almennar innsláttarvillur**

Loks hafa eftirfarandi innsláttarvillur verið leiðréttar:

„Herjólfsvókurvarp“ á bls. 197 og 212 hefur verið leiðrétt í „Herjólfsvíkurvarp“.

„Geldingaskörðun“ á bls. 191, 192 og 210 (tvívegis) hefur verið leiðrétt í „Geldingaskörðum“.